Alþingi 1946.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1946, fimmtudaginn 10. október, var sextugasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fertugasta og níunda aðalþing í röðinni, en áttugasta og fyrsta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1,15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1,30. Séra Bjarni Jónsson vígslubiskup steig í stólinn og lagði út af Sálm. 118.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Áki Jakobsson, þm. Sigl.
2. Ásmundur Sigurðsson, 8. landsk. þm.
3. Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Bjarni Benediktsson, 10. landsk. þm.
7. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.
8. Brynjólfur Bjarnason, 4. landsk. þm.
9. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
10. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
11. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
12. Eysteinn Jónsson, 1. (vara)þm. S.-M.
13. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
14. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
15. Gísli Jónsson, þm. Barð.
16. Gísli Sveinsson, þm. V-Sk.
17. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
18. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
20. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N.-M.
21. Hallgrímur Benediktsson, 3. þm. Reykv.
22. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
23. Hermann Guðmundsson, 11. landsk. þm.
24. Hermann Jónasson, þm. Str.
25. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
26. Jóhann Hafstein, 7. þm. Reykv.
27. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
28. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
29. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
30. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
31. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
32. Katrín Thoroddsen, 2. landsk. þm.
33. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
34. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S.-M.
35. Ólafur Thors, þm. G.-K.
36. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
37. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
38. Pétur Magnússon, 1. þm. Reykv.
39. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
40. Sigfús Sigurhjartarson, 6. þm. Reykv.
41. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
42. Sigurður Guðnason, 8. þm. Reykv.
43. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
44. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
45. Sigurjón Á. Ólafsson, 1. landsk. þm.
46. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
47. Stefán Jóh. Stefánsson, 5. landsk. þm.
48. Steingrímur Aðalsteinsson, 6. landsk. þm.
49. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
50. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi.

Ókomnir voru til þings:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði í gær var gefið út svolátandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1946 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1946.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, og hefst hún kl. 13,30.

Ritað í Reykjavík 9. október 1946.

Sveinn Björnsson.

/Ólafur Thors.

Forseti setur þingið. — Kosning forseta. — Kosning skrifara. — Kjörbréfanefnd. — Kosning fastanefnda.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1946 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1946."

Samkvæmt bréfi því, er ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett. Frá endurreisn Alþingis fyrir rúmum 100 árum er þetta 81. samkoma þess, en frá því, er það fékk aftur í hendur löggjafarvald fyrir 72 árum, er þetta þing hið 66. í röðinni, en 49. aðalþing.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.

[Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra (ÓTh) mælti: „Lifi Ísland". — Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosinn hefur verið forseti sameinaðs Alþingis.

Gekk forseti Íslands síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Sigurð Kristjánsson, 5. þm. Reykv., og Skúla Guðmundsson, þm. V.-Húnv.

Aldursforseti (BK): Samkvæmt ósk hæstv. ríkisstj. verður þessum þingfundi frestað og mun framhaldsfundur verða boðaður með dagskrá. Önnur verkefni liggja ekki fyrir.

Sama dag kl. 6 síðdegis var fundinum fram haldið.

Páll Zóphóníasson: Hvernig er það með boðun þessa fundar eða framhaldsfundar? Hann hefur verið boðaður hygg ég með mjög litlum fyrirvara, og ég sé, að þingmenn vantar enn þá. Ég kann illa við þetta háttalag. Það hefur þrívegis komið fyrir að undanförnu, að láðst hefur að tilkynna mér fundi, og gæti nú ekki verið um þess háttar mistök að ræða?

Aldursforseti (BK): Út af þessari fyrirspurn vil ég skýra frá því, að enn þá hefur ekki reynzt unnt að láta tvo hv. þingmenn vita af þessum fundi. Ég gat þess í dag, er fundi var frestað, að næsti fundur yrði boðaður með dagskrá. En fyrir skammri stundu kom skyndilega fram ósk um, að þessi fundur yrði haldinn. Ég taldi rétt að verða við þeirri ósk, og þótt þessa hv. þingmenn vanti, tel ég ekki líkur til, að fjarvistir þeirra hafi áhrif á forsetakjörið, og ég held, að við svo búið verði að sitja. **(PO:** Hvað veit hæstv. forseti um undirbúning forsetakjörsins?) Ja, ég vil spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún leggi áherzlu á, að fundinum verði nú haldið áfram, ella tel ég rétt að fresta honum.

Forsrh. (Ólafur Thors): Út af fyrirspurn hæstv. forseta um það, hvort ríkisstj. legði áherzlu á, að fundi þessum væri nú haldið áfram, þá vil ég segja, að ég teldi það bezt farið. Réttast væri þó að bera þetta undir formann þingflokks framsóknarmanna, þar eð tveir framsóknarmenn munu vera ókomnir til fundar, og fresta þá fundi eitthvað, ef hann óskaði þess, til að reyna að ná í mennina.

Það er rétt, að forseta bárust tilmæli um að halda þennan fund með mjög stuttum fyrirvara, og þykir mér líklegt, að þm. hafi ekki allir enn þá athugað um fundinn. Ég vildi biðja hæstv. forseta að beina því til formanns framsóknarmanna, hvort hann óskaði eftir, að fundi yrði frestað eitthvað.

Eysteinn Jónsson: Það vantar tvo framsóknarflokksmenn á fundinn. Annar þeirra er nú á leiðinni hingað, en ekki hefur náðst til hins enn þá. Ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi nein áhrif á forsetakjörið, eins og allt mun vera í pottinn búið, og er bezt að láta auðnu ráða um það. — [Í sama bili gengu báðir hinir umræddu þm. inn í þingsalinn.]

Kosning forseta.

Var nú gengið til kosninga, fyrst um aðalforseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Jón Pálmason, þm. A-Húnv.,

með 25 atkv. — Bjarni Ásgeirsson fékk 12 atkv., Katrín Thoroddsen 10 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Stefán Jóh. Stefánsson, 5. landsk. þm.,

með 26 atkv. — Katrín Thoroddsen fékk 10 atkv., en 14 seðlar voru auðir.

Því næst var kosinn annar varaforseti

Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.,

með 25 atkv. — Katrín Thoroddsen fékk 9 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þá voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var Sigurður Kristjánsson og á B-lista Skúli Guðmundsson. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv., og
Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu fjórir listar. Á A-lista var ÁÁ, á B-lista HermJ, á C-lista SG, á D-lista ÞÞ og LJóh. — Þar sem til voru nefndir jafnmargir menn og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Þorsteinn Þorsteinsson,
Hermann Jónasson,
Sigurður Guðnason,
Lárus Jóhannesson,
Ásgeir Ásgeirsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar, A, B, C og D, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningarnar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Pétur Ottesen (D),
Helgi Jónasson (B),

Ásmundur Sigurðsson (C),
Gísli Jónsson (D),
Sigurjón Á. Ólafsson (A),
Sigurður Kristjánsson (D),
Halldór Ásgrímsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Ingólfur Jónsson (D).

Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:

Bjarni Benediktsson (D),
Bjarni Ásgeirsson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Jóhann Jósefsson (D),
Stefán Jóh. Stefánsson (A),
Garðar Þorsteinsson (D),
Hermann Jónasson (B).

Varamenn:

Ólafur Thors (D),
Eysteinn Jónsson (B),
Sigfús Sigurhjartarson (C),
Pétur Magnússon (D),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Gunnar Thoroddsen (D),
Páll Zóphóníasson (B).

3. Allsherjarnefnd.

Jóhann Jósefsson (D),
Bjarni Ásgeirsson (B),
Sigfús Sigurhjartarson (C),
Jón Sigurðsson (D),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Sigurður Bjarnason (D),
Jörundur Brynjólfsson (B).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu fjórir listar, A, B, C og D, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina:

Sigurður Kristjánsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Sigfús Sigurhjartarson (C),
Sigurður E. Hlíðar (D),
Hannibal Valdimarsson (A).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ásmundur Sigurðsson, 8. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Benediktsson, 10. landsk. þm.
4. Björn Kristjánsson, þm. N-Þ.
5. Brynjólfur Bjarnason, 4. landsk. þm.
6. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
7. Gísli Jónsson, þm. Barð.
8. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
9. Hannibal Valdimarsson, 3. landsk. þm.
10. Hermann Jónasson, þm. Str.
11. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
12. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
14. Pétur Magnússon, 1. þm. Reykv.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 1. landsk. þm.
16. Steingrímur Aðalsteinsson, 6. landsk. þm.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema 3. landsk. þm., sem var ókominn til þings.

Aldursforseti deildarinnar, Björn Kristjánsson, setti fundinn, og kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara Bernharð Stefánsson og Eirík Einarsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.,

með 8 atkv. — Hermann Jónasson fékk 3 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 2 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórninni. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri vara-forseta. Kosinn var

Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.,

með 8 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 2 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Gísli Jónsson, þm. Barð.,

með 7 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 2 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, með einu nafni á hvorum, á A-lista EE og á B-lista BSt. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., og
Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.

Sætaskipun.

Loks skyldi hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Var sætahlutuninni frestað til næsta fundar.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., kom fram till. um, að deildarmenn skyldu halda þeim sætum, er þeir hefðu þegar tekið sér. Afbrigði um þá till. leyfð og samþ. með 9:2 atkv., og till. sjálf samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, GÍG, HermJ, JJós, LJóh, SÁÓ, StgrA, ÁS, ÞÞ.

nei: GJ, PZ, BBen.

BrB, EE, PM, BSt greiddu ekki atkv.

1 þm. (HV) fjarstaddur.

Bjarni Benediktsson: Ég verð mjög að draga í efa, að þessi aðferð sé rétt, og vil ég spyrja hæstv. forseta, við hvað hann styðjist í þessum einkennilegu ráðstöfunum hér. Og ég mun halda fast við það að heimta, að dregið verði um sæti, þar til sönnur verða færðar fyrir því, að þetta sé lögleg aðferð.

Forseti (ÞÞ): Það voru leyfð afbrigði með meiri hl. atkv., og þar sem þau eru formlega leyfð, álít ég, að það ráði úrslitum í þessu efni.

Bjarni Benediktsson: Það stendur hér í 7. gr. þingskapa, að þegar kosning forseta og skrifara hefur farið fram, skuli hluta um sæti þm., nema þingflokkar hafi komið sér saman um að skipa sér í sæti eftir flokkum." Þetta er fortakslaust ákvæði og meira að segja mjög hæpið, að undantekning frá þingsköpum eigi þarna við, því að þarna er heimilað sérstakt leyfi til að víkja frá þeim. Það er annað mál, ef þm. koma sér saman um að skipta sér eftir flokkum, en nú er það ekki, eins og skipað er sætum í hv. d. Ég varð ekki var við að nein skrifl. ósk kæmi fram um það að leita afbrigða frá þingsköpum, eins og nauðsynlegt er, ef á að fara að breyta þessari aðferð. Og eftir 7. gr. þingskapa mun þetta vera ólöglegt, og vil ég því mótmæla þeirri vítaverðu aðferð, sem hér hefur verið beitt.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil ekki blanda mér inn í þær deilur, sem hér hafa átt sér stað, um það, hvort hér sé um löglega eða ekki löglega aðferð að ræða. En þess minnist ég á undanförnum árum í þessari hv. d., að forseti hefur leitað afbrigða fyrir því frá þingsköpum að falla frá því að hluta um sæti, og má heita, að allir þm. hafi verið ánægð-

ir með að skipta ekki um sæti. Nú hefur verið leitað slíkra afbrigða, að fallið skyldi frá þessari reglu, sem þingsköp mæla fyrir, og þar sem nú hefur verið leitað þeirra og þau samþykkt, enda verið sú venja hér í hv. deild... (**PZ**: Það er ekki rétt). Jú, það er rétt. Ég hef verið hér í hv. d. á fleiri þingum en hv. 1. þm. N-M.

Forseti (ÞÞ): Deildin getur veitt afbrigði frá hvers konar þingskapaákvæðum sem er, eftir því sem þingsköp segja fyrir, og með afbrigðum hefur hún leyft, að fallið skyldi frá því að draga um sæti. Og þar sem engin andmæli gegn þessum afbrigðum komu fram þá þegar, þá verð ég að lýsa yfir því, að hv. þm. halda þeim sætum sínum, sem þeir höfðu á síðasta þingi.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Till. um að skipa samgmn. 5 mönnum og iðnn. 5 mönnum samþ. með 10:1 atkv.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar, A, B, C og D, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Jóhann Jósefsson (D),
Bernharð Stefánsson (B),
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Eiríkur Einarsson (D),
Björn Kristjánsson (B),
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Þorsteinn Þorsteinsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Eiríkur Einarsson (D),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Gísli Jónsson (D),
Björn Kristjánsson (B),
Jóhann Jósefsson (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Sigurjón Á. Ólafsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Bjarni Benediktsson (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Gísli Jónsson (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Sigurjón Á. Ólafsson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Lárus Jóhannesson (D),
Hermann Jónasson (B),
Bjarni Benediktsson (D),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Eiríkur Einarsson (D),
Bernharð Stefánsson (B),
Lárus Jóhannesson (D),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Hannibal Valdimarsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Bjarni Benediktsson (D),
Hermann Jónasson (B),
Lárus Jóhannesson (D),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Guðmundur Í. Guðmundsson (A).

C.

Í neðri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur neðri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
6. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
7. Eysteinn Jónsson, 1. (vara)þm. S.-M.
8. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
9. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.
10. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
11. Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.
12. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
13. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N.-M.
14. Hallgrímur Benediktsson, 3. þm. Reykv.
15. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
16. Hermann Guðmundsson, 11. landsk. þm.
17. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
18. Jóhann Hafstein, 7. þm. Reykv.
19. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
20. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
21. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
22. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
23. Katrín Thoroddsen, 2. landsk. þm.
24. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S.-M.
25. Ólafur Thors, þm. G.-K.
26. Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.
27. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
28. Sigfús Sigurhjartarson, 6. þm. Reykv.
29. Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.
30. Sigurður Guðnason, 8. þm. Reykv.
31. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
32. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
33. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
34. Stefán Jóh. Stefánsson, 5. landsk. þm.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Voru deildarmenn allir á fundi nema Ásgeir Ásgeirsson, sem var ókominn til þings.

Aldursforseti deildarinnar, Gísli Sveinsson, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Pál Þorsteinsson og Ingólf Jónsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm.,

með 18 atkv. — Jörundur Brynjólfsson fékk 7 atkv. og Sigfús Sigurhjartarson 7 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fram fara kosning fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.,

með 18 atkv. — Sigfús Sigurhjartarson fékk 6 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.,

með 16 atkv. — Sigfús Sigurhjartarson fékk 6 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var IngJ og á B-lista PÞ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang., og
Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Sigfús Sigurhjartarson,
9. — — Sigurður E. Hlíðar,
10. — — Hermann Guðmundsson,
11. — — Hallgrímur Benediktsson,
12. — — Garðar Þorsteinsson,
13. — — Einar Olgeirsson,
14. — — Ásgeir Ásgeirsson,
15. — — Steingrímur Steinþórsson,
16. — — Sigurður Bjarnason,
17. — — Gísli Sveinsson,
18. — — Skúli Guðmundsson,
19. — — Jón Pálmason,
20. — — Sigurður Guðnason,
21. — — Bjarni Ásgeirsson,
22. — — Sigurður Kristjánsson,
23. — — Stefán Jóh. Stefánsson,
24. — — Eysteinn Jónsson,
25. — — Jóhann Hafstein,
26. — — Gylfi Þ. Gíslason,
27. — — Jón Sigurðsson,
28. — — Halldór Ásgrímsson,
29. — — Gunnar Thoroddsen,
30. — — Katrín Thoroddsen,
31. — — Jónas Jónsson,
32. — — Pétur Ottesen,
33. — — Lúðvík Jósefsson,
34. — — Helgi Jónasson,
35. — — Jörundur Brynjólfsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar, A, B, C og D, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Hallgrímur Benediktsson (B),
Skúli Guðmundsson (D),
Einar Olgeirsson (A),
Jóhann Hafstein (B),
Ásgeir Ásgeirsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Gísli Sveinsson (B),
Bjarni Ásgeirsson (D),
Lúðvík Jósefsson (A),
Sigurður Bjarnason (B),
Barði Guðmundsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Jón Pálmason (B),
Steingrímur Steinþórsson (D),
Sigurður Guðnason (A),
Jón Sigurðsson (B),
Stefán Jóh. Stefánsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sigurður Kristjánsson (B),
Eysteinn Jónsson (D),
Lúðvík Jósefsson (A),
Pétur Ottesen (B),
Ásgeir Ásgeirsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Ingólfur Jónsson (B),
Halldór Ásgrímsson (D),
Hermann Guðmundsson (A),
Sigurður E. Hlíðar (B),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Sigurður E. Hlíðar (B),
Helgi Jónasson (D),
Katrín Thoroddsen (A),
Garðar Þorsteinsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Thoroddsen (B),
Páll Þorsteinsson (D),
Sigfús Sigurhjartarson (A),
Sigurður Bjarnason (B),
Barði Guðmundsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Garðar Þorsteinsson (B),
Jörundur Brynjólfsson (D),
Hermann Guðmundsson (A),
Jóhann Hafstein (B),
Stefán Jóh. Stefánsson (C).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Skemmtanaskattur (viðauki 1947).

Á 5. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947 (stjfrv., A. 24).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 101).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., 21. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 161).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 : 1 atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Fjhn. hefur athugað þetta mál, og eins og nál. á þskj. 161 ber með sér, þá mælir n. með því, að það verði samþ. óbreytt. Frsm. n., hv. þm. Vestm. (JJós), er hér ekki viðstaddur, og kann að vera, að hann hefði gert frekari grein fyrir málinu, ef hann hefði verið hér, en ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mörgum orðum. — Frv. er samhljóða l., sem nú gilda, en falla úr gildi um næstu áramót, nema þau verði framlengd, og lítur fjhn. svo á, að ríkissjóði muni ekki veita af þeim tekjum, sem hér er gert ráð fyrir, einnig á næsta ári. — Annars skal ég segja það frá mínu brjósti, sem ég hef oft sagt hér í hv. d., þegar rætt hefur verið um mál svipuð þessu, sem framlengd hafa verið ár frá ári og eru orðin nokkurn veginn fastur liður í tekjum ríkissjóðs, að mér virðist það hreinn óþarfi að framlengja þess konar l. aðeins um eitt ár í einu, heldur finnst mér, að frekar ætti að ákveða nú, að þennan skatt skuli innheimta, og svo færi með þetta eins og um önnur l., að þau giltu þangað til öðruvísi yrði ákveðið. Ég hef oft áður látið þessa skoðun mína í ljós, en ekkert verið í þetta tekið, hvorki af hæstv. ríkisstj. eða öðrum, og get ég ekki verið að berjast sérstaklega fyrir þessu, en vildi aðeins benda á þetta.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Það er auðvitað ekki nema sjálfsagt, að rekstur kvikmyndahúsa borgi allháa skatta til hins opinbera, og það hefur löngum verið svo, að þessi rekstur hefur samkvæmt l. átt að borga allháa skatta. Ég held, að skemmtanaskattur kvikmyndahúsa hafi verið 18—20% af rekstrinum, og á þetta hefur svo bætzt 200% álagning á stríðsárunum. Það er vitað, að í Reykjavík og á öðrum stöðum úti um land, þar sem allt fylltist af erlendu herliði, þá margfaldaðist hagnaður kvikmyndahúsanna á þessum stöðum, og efast ég ekki um, að rekstur þeirra gat risið undir þessu 200% álagi þar, en mér er það jafnljóst, að á stöðum, þar sem kvikmyndarekstur var rekinn, en ekkert herlið var, þá gekk þetta mjög nærri þessum fyrirtækjum, þannig að þau gætu borið sig. Það er hins vegar enginn vafi á því, að á stöðum úti á landi, þar sem farið er mjög að draga úr fjárhagsgetu manna, sérstaklega á stöðum, þar sem sjávarútvegurinn er sem stendur stöðvaður og allt miðast við afkomu hans, þá verður 200% álag á skemmtanaskatt kvikmyndahúsanna á þessum stöðum til þess, að rekstur þeirra verður með halla, en það getur aldrei verið tilætlunin með skattaálagningu að ganga svo nærri neinum rekstri. Þetta segi ég ekki af því, að ég telji ekki sjálfsagt að ganga allnærri svona starfsemi í skattaálagningum, en hins vegar ber að taka tillit til þess, þar sem ástandið hefur breytzt og aðstæður eru ólíkar. Ég vil taka undir það með hv. frsm., að eðlilegra væri að ákveða með lagabreyt., hvað skattaálagningin á þennan rekstur ætti að vera, heldur en að framlengja frá ári til árs ákvæði, sem miðuð eru við sérstakt ástand. Ég mundi telja fulla ástæðu til að framlengja þennan skatt í þetta sinn með þeirri breyt., að af kvikmyndahúsum utan

Reykjavíkur verði innheimtur skemmtanaskattur með 100% álagi, en af kvikmyndahúsum í Reykjavík með 200% álagi, því að kvikmyndahúsrekstur í Reykjavík hefur sérstöðu fram yfir alla aðra staði landsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 24, 171).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 171 kom ekki til atkv.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 176).

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Hæstv. forseti var að byrja þennan fund með því að tilkynna brtt. við þetta mál, sem er hér á dagskrá og var afgreitt nú sem l. frá Alþ., enda þótt hæstv. forseti bæri ekki brtt. upp við atkvgr., og má honum þó vera ljóst, að brtt. var við frv., sem þá á þeirri stundu var óafgreitt frá d., enda þótt þskjnr. brtt. standi ekki á dagskránni. Skil ég því ekki, að hæstv. forseti skuli geta látið sér sjást yfir að bera brtt. upp til atkv., þegar hann hefur lýst frá forsetastóli, að brtt. sé útbýtt á fundinum.

Forseti (ÞÞ): Þetta getur verið að nokkru leyti athugaleysi af mér. En ég var búinn, áður en gengið var til atkv., að gefa orðið laust, og lá það þá opið fyrir að taka til máls og gera grein fyrir brtt. En af því að það var ekki gert, þá skal ég játa, að okkur hefur báðum, hv. flm. og mér, að vissu leyti orðið athugaleysi á í þessu. Og nú, þegar búið er að ganga frá málinu, þá verður það að kosta hvað, sem vill, úr þessu. Það er ekki hægt að taka málið upp til atkvgr. aftur. Ég hefði látið brtt. koma til atkv., hefði ég athugað það eða mér verið bent á það. En úr því að svo er komið, að búið er að lögfesta frv., er það ekki hægt úr þessu.

Hannibal Valdimarsson: Hæstv. forseti segir, að mér hafi orðið það á að kveðja mér ekki hljóðs. En ég gerði ráð fyrir, að hann mundi afgreiða málið svo, að brtt. við frv., sem borin hafði verið fram við það og útbýtt og tilkynnt um það á þessum sama fundi frá forsetastóli, mundi verða borin upp til atkv. Og um það gat ég ekki vitað, þegar ég kvaddi mér ekki hljóðs, að brtt. mundi ekki verða borin upp á undan frv.

---

2. Ráðstafanir vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Á 4. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (stjfrv., A. 37).

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 102).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. — Ég vil aðeins láta þess getið í sambandi við þetta mál, að fjhn. varð sammála um það á sínum tíma, og er þannig um að ræða framlengingu á ástandi, sem verið hefur. Þessi framlenging er um vissar tollatilslakanir og að vissu leyti tollahækkanir, fella niður tolla á vissum matvörutegundum, lækka um helming tolla á öðrum matvörutegundum og í þriðja lagi að hækka allt að 50% tolla af áfengi og tóbaki. — Ég vildi aðeins láta þessa getið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., 21. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 148).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — **Afbrigði** leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Fjhn. hefur athugað þetta mál og er sammála um að mæla með því, enda mun það vera svo, að engu síður er ástæða til þeirrar löggjafar, sem hér um ræðir, heldur en þegar l. voru sett í fyrstu. N. flytur eina brtt. um umorðun á 1. gr. frv., en það er engin efnisbreyting. Í frv. stendur, að l. nr. 98 9. júlí 1941, sbr. l. nr. 118 31. des. 1945, skuli koma í gildi af nýju frá 1. janúar 1947 að telja og gilda til loka þess árs. Þetta er auðvitað rangt orðalag, þar sem þessi l., sem þarna er vitnað til, eru í gildi nú í dag og gilda þar til í lok ársins. Þess vegna er ekki hægt að segja, að þau skuli koma í gildi af nýju, heldur er rétt að segja, að þau skuli gilda til ársloka 1947. Það mun standa svo á þessari villu — eða hvað maður ætti að kalla þetta —, að þegar

l. voru framlengd í fyrstu, var það eftir áramót, og l. hafa fallið úr gildi 1. janúar, og var því rétt að segja þá, að þau skyldu koma í gildi af nýju, og síðan hefur þetta orðalag verið látið haldast í frv. Ef hins vegar afgreiðsla frv. kynni að dragast fram yfir áramót, þá væri að sjálfsögðu rétt að taka þetta orðalag upp aftur.

ATKVGR.
Brtt. 148 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 165).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 31. fundi í Nd., 3. des., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 177).

---

3. Menntaskólar (stjfrv).

Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla (stjfrv., A. 71).

Á 11. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. — Sú breyt. á l. um menntaskóla, sem samþ. var á síðasta þingi og hér er farið fram á, er á þá leið, að kennslustundum kennara fækki úr 27 niður í 24 á viku, og enn fremur, að kennsluskylda núverandi kennara við menntaskólana skuli haldast óbreytt frá því, sem ákveðið er í reglugerð skólanna, sem enn er í gildi, að svo miklu leyti, sem hún fer ekki í bága við l. um menntaskóla.

Þessi aukning úr 24 st. í 27 varð í meðferð þingsins, en var ekki í till. mþn. Var þetta samþ. af nokkrum hv. þm., sem stóðu að samþykkt frv., í þeirri trú, að kennslustundin hefði stytzt, en svo er ekki, hún er jafnlöng, 45 mín. eins og áður.

Ástæðan fyrir því, að þessar breytingar hafa þótt nauðsynlegar eru greindar í aths. við frv.

Áður en kennsla skyldi hefjast í haust, tilkynntu kennarar, að þeir gætu ekki sætt sig við þessa breyt., og þótti farið aftan að sér, þar sem sú kjarabót, er þeir fengu með launalögunum, væri með samþykkt þessa ákvæðis að nokkru frá þeim tekin, því að laun þeirra lækkuðu um 12%.

Þeim ber ekki skylda til að kenna meir en ákveðið er í lögum, en með núverandi nemendafjölda er ekki hægt að halda uppi kennslu nema með því, að kennararnir taki að sér allmikla kennslu fram yfir það, sem l. ákveða, en þá aukakennslu neituðu þeir að taka að sér, nema breytt yrði í fyrra horf.

Nauðsynlegt var að komast að samkomulagi við kennarana, og því fór ríkisstj. fram á það við þá, að þeir tækju að sér aukakennsluna gegn því, að ríkisstj. lofaði að beita sér fyrir því á þingi, að l. yrði breytt, og því er þetta frv. fram komið, en kennararnir telja viðunandi að l. verði breytt, svo sem í frv. er ákveðið. En ætlazt er til, að kennslustundafjöldi smálækki eftir 15 ára kennslu ofan í 24 stundir. Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 146).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Menntmn. hefur haft þetta mál til athugunar og rætt um það við menntmrh., rektor menntaskólans og fræðslumálastjóra. Þetta mál er þannig til orðið, að í l. frá síðasta þingi var svo ákveðið, að fastakennarar við menntaskólana skyldu kenna 27 st. á viku, en áður voru ekki nema 24 st. Sú breyting varð því, að skyldustundum fjölgaði um 3 á viku. Nú var það svo, að þegar skólar hófust í haust, þóttust kennarar þeir, er hér um ræðir, sviptir kjarabótum þeim, er þeir höfðu hlotið með launalögunum, þar sem vinnustundum þeirra væri fjölgað. Neituðu þeir að taka að sér nokkra kennslu fram yfir lögákveðinn stundafjölda. Vegna þess, að brýn þörf var á, að kennarar kenndu meira en lögákveðinn tíma, hófu skólastjórar viðræður við menntmrh. og ríkisstj. í heild. Niðurstaðan af þessum umr. varð sú, að ríkisstj. lofaði að beita sér fyrir leiðréttingu á þessu. Það er þessi leiðrétting, sem lögð er fyrir Alþ. í þessu frv.

Aðalatriðið er, að menntaskólarnir hefðu komizt í þrot, ef ekki hefði fengizt það loforð frá ríkisstj., sem liggur að baki þessu frv. Það hefur verið skortur á menntaskólakennurum í landinu, og er þess vegna nauðsynlegt, að þeir menn, sem við skólana starfa, taki að sér verulega aukakennslu. Og þetta frv. er borið fram til þess að leysa verulegan vanda, sem skólarnir voru komnir í í þessu sambandi, og hefur fengizt samkomulag um lausn málsins. Það er tekið fram í þessu frv., að kennurum við menntaskólana skuli vera skylt að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka megi kennslustundum kennara við menntaskóla niður í 22 stundir á viku, er hann verður 55 ára, og í 17, er hann verður 60 ára. — Þetta var í frv. bundið við 27 skyldukennslustundir, en það er ætlazt til, að þetta verði í framkvæmdinni þannig, að kennslustundum á viku fækki um eina stund á fimm ára fresti, þannig að kennarar verði eftir 15 ára kennslustarf komnir niður í 24 skyldukennslustundir á viku. Þetta er dálítið þýðingarmikið atriði. — Ætla mætti, eins og þetta er orðað hér í frv., að það lægi á valdi skólastjóra eða ráðh. að kveða á um það, hversu margar kennslustundir hverjum kennara væri skylt

að kenna á viku. En það er samt ekki meiningin með þessu orðalagi, heldur hitt, að gert er ráð fyrir, að skyldukennslustundafjöldi hvers kennara lækki um eina stund á fimm ára fresti, eins og ég gat um. Þó er gert ráð fyrir því, að kennsluskylda núverandi kennara haldist óbreytt frá því, sem nú er ákveðið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið. Menntmn. hefur litið sömu augum á þetta mál eins og hæstv. ríkisstj., en hæstv. ríkisstj. var öll sammála um, að það yrði að leysa þetta mál. Við í menntmn. höfum ekki séð okkur annað fært en mæla með frv. í viðurkenningu þess, að það eru ekki nægir kennslukraftar við menntaskólana, ef kennarar þar vilja ekki kenna nema lögákveðinn tíma eftir þeim l., sem samþ. voru í fyrra. Þess vegna er það knýjandi nauðsyn að fá þessu breytt og fá samkomulag við kennarana um þetta atriði. — Menntmn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Það má gera ráð fyrir, að það muni ekki bera árangur, þótt maður láti í ljós aðra skoðun á þessu máli heldur en hv. menntmn., þar sem n. hefur orðið öll sammála um afgreiðslu málsins. En mér finnst þó ekki, að *þetta mál geti farið svo áfram hér á hæstv. Alþ.*, án þess ég lýsi minni skoðun á því, — einkum vegna þess, að mér finnast rökin fyrir þessari breyt. á l. vera sérkennileg og einkennandi fyrir þann hugsunarhátt, sem er að verða nokkuð ríkjandi í landinu. Það er farið hér fram á að fækka skyldukennslustundum menntaskólakennaranna vegna þess, að ef það er ekki gert, mundu þeir ekki fást til þess að kenna fyrir sérstaka borgun við sömu skóla. M. ö. o., það á að losa þessa kennara við skyldustörf, til þess að þeir í staðinn fyrir að rækja þau skyldustörf, sem þeim er nú samkv. l. ætlað að inna af hendi, geti selt sömu stofnun, sem þeir vinna fyrir, vinnu sína sérstaklega fyrir sérstaka greiðslu.

Það er vitaskuld rétt, að út af fyrir sig hefði verið rétt að líta á, hvort þessum mönnum er ætlað of mikið starf og hvort fækka bæri kennslustundafjölda þeirra vegna þess, að sá kennslustundafjöldi, sem þessum mönnum er ætlaður samkv. l., sé svo mikill, að með honum sé lögð of þung vinna á kennarana. Nú er það svo, að það eru 4½ sinnum 45 mínútur, sem þessum mönnum er samkv. l. ætlað að vinna í skólanum á dag. Að sjálfsögðu mundi engum þykja það mikil áreynsla, sem aðra vinnu stunda. En þá verður því að sjálfsögðu til svarað, að þessi vinna í skólanum kosti mikinn undirbúning eða aðra vinnu jafnhliða kennslunni í skólanum, einkum við að fara yfir skriflegar úrlausnir nemenda og taka saman athugasemdir og leiðbeiningar í sambandi við kennslustundirnar. En ég veit ekki betur en það sé borgað sérstaklega og reiknað sem tímavinna. Það telur mér enginn trú um það, að þeim manni, sem hefur menntun til þess að taka að sér kennslustarf á annað borð, sé það ofætlun að vinna 4½ sinnum 45 mínútur á dag. Slíkt er fjarstæða.

En að því alveg slepptu undrast ég það, að nokkur maður skuli leyfa sér að bera fram þann rökstuðning, að sami maður, sem ekki geti annað þessu fyrir einhverja stofnun sem skyldustarfi, geti unnið þetta fyrir sérstaka peninga frá þeirri sömu stofnun. Ég geri ráð fyrir, að um þetta sé samkomulag, en þetta er jafnmikil fjarstæða fyrir því. Og vel gæti farið svo, að einhverjir mannvinir og verndarar gegn því, að menn þyrftu að ofreyna sig á vinnu, kæmu og vildu losa þessa kennara alveg við skylduvinnu við kennslu, svo að þeir gætu selt skólunum nóga aukavinnu. Það er vandi að segja það fyrir, hvar numið verður staðar á þessari braut.

Ég mun greiða atkv. á móti þessu frv., vegna þess að ég álít það óþarfa breyt. á l. — og alveg sérstaklega illa og rangt rökstutt.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Ég vildi aðeins minnast á eitt atriði í málinu. Hv. 5. þm. Reykv. talaði um, að með þessari breyt. á l. væri farið fram á að fækka skyldukennslustundum menntaskólakennaranna. Það er rétt og ekki rétt. Það er rétt að því leyti til, að farið er fram á lækkun skyldukennslustundafjöldans miðað við það, sem hin nýja löggjöf frá síðasta vori gerir ráð fyrir. En hér er ekki farið fram á annað en að vinnutími menntaskólakennaranna verði styttur þannig, að hann verði eins og hann var, áður en sú löggjöf var sett.

Það er náttúrlega nokkuð til í því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um aukakennsluna. Þó vil ég benda á það, að aukakennsla við skólana verður að skoðast sem nokkurs konar yfirvinna. Kennurum er gert, bæði við menntaskóla og aðra skóla, að kenna ákveðinn kennslustundafjölda fyrir sín föstu laun, og það er þeirra vinnudagur, og ef þeir telja sér fært og hafa tíma til þess og vinnuþrek að gegna meiri kennslu, þá eru þeir að sjálfsögðu sjálfráðir um, hvort þeir gera það eða ekki. Ef þeir gera það, verða þau störf að sjálfsögðu að skoðast sem nokkurs konar yfirvinna. Þetta held ég, að sé kjarni málsins í sambandi við þetta mál. Það er ákveðin vinnuskylda á kennara í l. Það, sem þeir kenna fram yfir þann lögákveðna tíma, verða þeir að fá greitt sérstaklega sem aukavinnu eða yfirvinnu.

Hitt er annað mál, sem ég skal ekki ræða í sambandi við þetta mál, hvort þær launabætur, sem menntaskólakennarar og aðrir kennarar fengu með hinum nýju launal., hafi ekki verið það ríflegar, að krefjast mætti vegna þeirra nokkru meira starfs af þeim, eftir að þeir fengu þær. En það mál liggur að verulegu leyti fyrir utan þetta mál, sem hér liggur nú fyrir. En ég legg áherzlu á það, sem ég minntist á í frumræðu minni, að í hæstv. ríkisstj. var algert samkomulag um það milli allra hæstv. ráðh., að þessa leið, sem í frv. greinir, yrði að fara til þess að leysa þau vandkvæði, sem skólastjórar menntaskólanna beggja stóðu frammi fyrir í haust, *þegar kennsla skyldi hefjast.*

Ég vænti þess, að hv. þd. og hæstv. Alþ. standi við þetta samkomulag, sem varð innan ríkisstj. til þess að leysa þetta mál, ef til vill þannig, að allir fái ekki vel við unað og einhverjum finnist, að það hefði mátt leysa á annan hátt. En ég hygg, að frá þessu máli verði ekki gengið á miklu heppilegri hátt heldur en hæstv. ríkisstj. hefur orðið sammála um og menntmn. þessarar hv. d. hefur fallizt á.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Hv. þm. N-Ísf. sagði í upphafi máls síns nú síðast, að það væri rétt og ekki rétt, að með þessu frv. væri farið fram á að stytta vinnutíma kennara menntaskólanna, og það rökstuddi hann með því, að að sönnu

væri þetta stytting á vinnutíma þeim, sem kennurunum er ætlaður eftir l. frá 7. maí 1946, en hins vegar væri í frv. gert ráð fyrir sama vinnutíma þessara kennara eins og hann hefði verið samkv. eldri l. áður. — Nú hef ég ekki þessi l. fyrir mér. En í grg. þessa frv. segir, að vinnutíminn hafi þá verið 24 stundir á viku. En í þessu frv. er gert ráð fyrir, að hann lækki niður í 22 stundir á viku, og svo niður í 17 stundir á viku. Þetta er vissulega lækkun frá 24 stundum. Um þetta er náttúrlega ekki deila, því að þetta er skýrt. Enda reyndi hv. frsm. ekki að mótmæla því, því að aðalrökstuðningur hans fyrir þessari breyt. á l. er alls ekki sá, að ákveðinn hafi verið of langur vinnutími fyrir þessa starfsstétt, heldur hitt, að það verði að fækka skyldukennslustundum þessara manna, til þess að þeir geti unnið við sömu stofnun fyrir sérstaka borgun. Og þetta var það, sem ég leyfi mér að segja, að séu óframbærileg rök.

Ég vil nú auk þess taka það fram viðkomandi þeirri mótbáru, að það sé of lítið til af kennurum, að fyrir því er ekki nokkur sönnun færð hér. Og ég held, að það sé geysimikið af mönnum til, sem færir væru til þess að taka að sér stundakennslu í þeim námsgreinum yfirleitt, sem kenndar eru í menntaskólum, svo að ekki yrðu vandræði úr. En það er ekki mergur málsins, heldur hitt, að þegar samþ. voru ný launal. og bætt launakjör kennaranna, þá var eðlilegt, að það væri metið, hve mikla vinnu kennarar skyldu af hendi leysa fyrir þau laun, sem þeim væru ákveðin. Og það, að vinnutíminn var eitthvað lítils háttar lengdur frá því, sem áður hafði gilt, réttlættist af því, að launakjörin voru mikið bætt. Hitt verður aftur að metast, hvort með lengingu vinnutímans sé ofboðið starfsþreki manna.

Hitt er rétt hjá hv. þm. N-Ísf., að allir þeir, sem um þetta mál hafa rætt við hv. menntmn., hafa orðið sammála. En það voru allt menn, sem þetta snertir hagsmunalega. Það er því ekki undarlegt um þá menn. En mig undrar, að hv. menntmn. skyldi ágreiningslaust geta kingt þessu.

Skúli Guðmundsson: Mér skildist það á hv. þm. N-Ísf., að hann teldi það til meðmæla með þessu frv., að ríkisstj. hæstv. hefði öll verið sammála um að leggja til, að það yrði samþ. Það er nú síður en svo, að þetta séu nokkur meðmæli í mínum augum, því að það er deginum ljósara, að þessir hæstv. ráðh., sem enn sitja hér, hafa komið sér saman um ýmislegt, sem helzt hefði ekki átt að gera.

Það mun vera svo við þessar menntastofnanir, menntaskólana, nú, að þeir, sem þar eru fastráðnir til starfa, hafa mjög miklar fjárhæðir frá skólunum fyrir yfirvinnu. Ég man það a. m. k., að fyrr — þá átti ég sæti í fjvn. — þá fékk fjvn. upplýsingar um greiðslur til þessara kennara, og það voru mjög háar upphæðir, sem þeir höfðu fengið fyrir yfirvinnu. En því miður eru menntaskólarnir ekki þær einu stofnanir, sem þannig er ástatt um. Mér er tjáð, að það sé nú viðast þannig við ríkisstofnanir, að starfsfólk fái miklar greiðslur fyrir yfirvinnu, sem svo er nefnd.

Ég vil víkja að því í þessu sambandi, að þegar nýju launal. voru sett fyrir tæpum tveimur árum, þá var til þess ætlazt af Alþ., að greiðslur fyrir aukavinnu hjá ríkisstofnunum féllu niður. Það hafði verið nokkuð um þetta áður, og mun það hafa verið fyrir það, að launin, sem þessu starfsfólki voru ákveðin samkv. eldri l., voru á síðari tímum þannig, að tæplega var hægt fyrir menn að lifa af þeim. Minnist ég þess, að þegar launalagafrv. kom fyrir þingið, var í einu ákvæði frv. gert ráð fyrir að greiða laun fyrir yfirvinnu. Þetta var tekið út úr frv., af því að sú n., sem um málið fjallaði, vildi ekki, að það ætti sér stað, að ríkið greiddi laun fyrir yfirvinnu til fastlaunaðra manna, sem ætluð væru sómasamleg laun eftir frv., og hæstv. Alþ. féllst á þessa skoðun n. Ég tel ekki, að of sterkt sé að orði kveðið, þótt sagt sé, að ríkisstj. hafi vafasamar heimildir til þess að greiða laun fyrir yfirvinnu, svo sem hefur verið, síðan launal. gengu í gildi. Það er fyrirkomulag, sem alls ekki ætti að eiga sér stað. Og ég á nú bágt með að trúa því, hvað við kemur þessum menntaskólakennurum, að þeir mundu hafa neitað algerlega að vinna eitthvað við skólana í yfirvinnu, heldur hygg, að þeir mundu gera það, þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir, dagaði uppi eða væri fellt. Þeir hafa fengið það miklar tekjur fyrir yfirvinnu að undanförnu, að ég held, að þeir mundu hugsa sig um tvisvar, áður en þeir slepptu af því, jafnvel þó að vinnutími þeirra væri eins og hann er ákveðinn nú í l. og því ekki breytt. Hitt er annað mál, að þeim þykir náttúrlega betra, eins og skiljanlegt er, að fá skyldukennslustundum fækkað til þess að geta fengið meiri borgun fyrir aukavinnu.

Mér finnst sem sagt, að sá háttur, sem hér er í þessum efnum, bæði við þessar stofnanir, sem um er að ræða í frv., og fleiri, að greiða föstum launamönnum svo og svo mikið aukafé sem laun fyrir yfirvinnu, sé mjög óviðfelldinn og að það eigi að skera fyrir það. Og einkum þess vegna er ég á móti þessu frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Ég vil aðeins að gefnu tilefni upplýsa það, að í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, sem hann hefur starfað eftir hingað til, er kennslustundafjöldi kennara ákveðinn 24 stundir á viku, nema 22 stundir á viku fyrir yfirkennara. En yfirkennari er sá kennari, sem gegnt hefur kennslu við skólann í sextán ár. Þarna er þannig um tvö mörk að ræða í reglugerðinni fyrir þennan skóla, sem gilt hefur þangað til í haust.

Enn fremur vil ég upplýsa það, að venjulega hefur það verið svo við menntaskólann, að þegar kennari hefur verið kominn á gamals aldur, orðinn sextugur eða svo, þá hefur verið fækkað skyldukennslustundum hans, jafnvel niður fyrir 20 kennslustundir á viku. Þegar þessi hv. þd. fjallaði um frv. til l. um menntaskóla á síðasta vetri, afgr. hún það frá sér þannig, að í frv. var gert ráð fyrir, að kennslustundafjöldi kennara yrði ákveðinn í reglugerð, og það þá þannig hugsað, að það mundi verða sami tími og í gömlu reglugerðinni. Sú breyt. varð hins vegar á nefndu frv. í hv. Ed. við 3. umr., að sett var markið 27 stundir fyrir kennara að kenna á viku, miðað við 45 mínútna kennslutíma. Þeirri hv. d. var ljóst, að hún var að hækka kennslustundafjöldann á viku, sumpart úr 24 stundum og sumpart úr 22 stundum, upp í 27 stundir á viku. En það var annað, sem þeirri hv. Ed. var ekki ljóst þá. Hv. þm. stóðu þá þar í nokkrum misskilningi. Það kom þar fram við umr., að hv. d. hélt, að þegar ákveðið væri í l., að kennslustundin skyldi vera 45

mínútur, þá væri verið að stytta kennslustundina frá því, sem verið hefði. Því var þá haldið fram þar í hv. d., að kennslustundin hefði verið 50 mínútur og nú væri hún færð niður í 45 mínútur, og það yrði því stytting vinnudagsins, ef ákveðið væri, að kennslustundin skyldi vera 45 mínútur, ef skyldukennslan á viku væri ekki nema 24 stundir, eins og áður hefði verið. Þetta var byggt á misskilningi, því að lengi hafði kennslustundin við menntaskólana ekki verið nema 45 mínútur. Ég efast um, að hv. Ed. hefði gengið frá þessu atriði í frv. á þann hátt, sem gert var, ef henni hefði verið þetta ljóst.

Af þeim ástæðum, sem ég hef greint, tel ég ekki ástæðu til, að hæstv. Alþ. setji sig á móti því, að þetta sé fært til þess horfs, sem það hefur verið í hjá menntaskólunum. Og þannig ætlaðist þessi hv. þd. til, að þetta yrði, þegar hún skilaði frv. frá sér í fyrra, þó að hv. d. samþ. frv. hins vegar eins og það kom frá hv. Ed., eftir að því hafði verið breytt þar í þessu atriði.

Mér skildist á hv. 5. þm. Reykv., að hann teldi, að kennarar fengju sérstaklega borgað fyrir að leiðrétta stíla og aðra óhjákvæmilega heimavinnu vegna kennslunnar í skólanum. Þetta er misskilningur. Að sjálfsögðu fá kennarar enga aukaborgun fyrir þessa heimavinnu. En ég hygg, að þessi misskilningur sé kominn inn í huga þessa hv. þm. fyrir það, að í samningum við tímakennara hefur verið tekið tillit til þessa. En fastir kennarar verða að gegna öllum þeim skyldum, sem fylgja þeirra kennslustundafjölda, fyrir sín föstu laun.

Ég er í höfuðdráttum samþykkur hv. þm. V-Húnv. um yfirvinnu við opinberar stofnanir. Ég tel, að yfirvinna ætti helzt ekki að eiga sér stað hjá opinberum stofnunum og þá ekki hjá kennarastéttinni heldur. Það ætti að ákveða hverjum manni, sem vinnur fyrir það opinbera, þá vinnu, sem hæfilegt telst að leggja á hann, fyrir þau laun, sem honum eru ákveðin með l. Hitt er rétt að taka fram um kennarana, að það er sérstaklega auðvelt að mæla þeirra vinnu í stundum og mínútum, og það er öllum ljóst, að það megi leyfa kennurum aukavinnu. En ég tel ákaflega óæskilegt, að kennarar við opinbera skóla kenni meira en þeim er ætlað samkv. l. En það hefur verið mjög erfitt t. d. að fá kennara að Menntaskólanum á Akureyri, sem hefur aftur leitt til þess, að það hefur orðið að gera mikið að því að láta hina fáu kennara taka aukavinnu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Nd., 29. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, KTh, LJós, PÞ, SigfS, SB, SG, StJSt, ÁkJ, EOl, GÞG, HÁ, HermG, BG.

nei: JPálm, JS, JJ, JörB, PO, SEH, SK, StgrSt, GÞ, IngJ.

11 þm. (ÓTh, SkG, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GTh, HB, HelgJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KTh, LJós, PÞ, SigfS, SB, SG, SEH, StJSt, ÁkJ, EOl, EmJ, GÞG, HÁ, HB, HermG, JóhH, BG.

nei: PO, SK, StgrSt, GÞ, GSv, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JJ, JörB.

7 þm. (ÓTh, SkG, ÁÁ, BÁ, EystJ, FJ, GTh) fjarstaddir.

Á 30. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., 3. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 29. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þetta frv. fer fram á tvenns konar breyt. Aðra þá, að kennurum sé ekki skylt að kenna nema 24 stundir á viku í staðinn fyrir 27 stundir, sem ákveðið var í l., sem samþ. voru hér á síðasta þingi, og að þetta skuli ekki vera látið gilda fyrir kennara, sem nú kenna við skólana, heldur skuli þeir kenna það, sem ákveðið er í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, nr. 3 frá 8. febrúar 1937. En það mun vera 22 stundir hæst. — Ég vil benda á, að þetta á ekki heima í l. sjálfum um menntaskóla, en ætti að vera ákvæði, sem sett væri í væntanleg l. um skyldur og réttindi embættismanna. Mér finnst eðlilegra, að slík ákvæði sem þessi væru tekin þar upp í heild fyrir alla embættismenn, heldur en að slíkt sé verið að ákveða í öðrum sérstökum l., sem oft mundi skapa misræmi og framkallar ýmiss konar nauðsynlegar breyt. á l. síðar og einnig sumpart nokkurs konar kapphlaup í þessum efnum. Hefur það komið í ljós, að þessi áhrif hafa orðið af fyrirmælum l. um þessi efni, sem ég tel óheppilegt og óhollt. Ég vona, að hv. n., sem fær mál þetta til meðferðar, taki til athugunar, hvort ekki sé hægt að stöðva þetta mál, þar til hægt er að fá fram frv. um réttindi og skyldur embættismanna. Hæstv. Alþ. var lofað því, að þetta frv. skyldi verða lagt fram, nokkru eftir að launal. væru samþ. En það bólar ekki á efndum á því loforði, því miður, og þykir mér furðu gegna, að hv. þm. Snæf., sem skrifar undir nál., skuli mæla með því, að hæstv. Alþ. samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, óbreytt, m. a. af því, að hann veit, að það hvílir á hans herðum að uppfylla það loforð, sem Alþ. gaf á sínum tíma í sambandi við flutning frv. um réttindi og skyldur embættismanna.

Það hefur þegar komið mjög greinilega fram, að allar þær aðvaranir, sem fram voru settar í sambandi við setningu launal., hafa verið á rökum byggðar, og hefur það, sem varað var við, komið fram, og það róttækar heldur en þeir þm. gerðu sér hugmynd um, sem róttækastir voru í þessum efnum. Það er því ekki nema um tvennt fyrir ríkissjóð að gera, annaðhvort að binda sér stórkostlegan skuldabagga um mörg ókomin ár til þess að uppfylla þessi lagafyrirmæli, sem engin vissa er fyrir, að hann geti risið undir, eða að setja önnur l. um að fresta framkvæmd þessara l. Fjvn. hefur athugað þessi l. í sambandi við skólabyggingar og séð, hvert stefnir, og hefur hún orðið að fresta

störfum sínum vegna þess, hversu gersamlega hefur verið látið undir höfuð leggjast að afla nauðsynlegra tekna til þess að uppfylla þær kröfur um fjárframlög þess opinbera, sem gerðar eru með l., sem samþ. voru á síðasta ári.

Í þriðja lagi vil ég leyfa mér að benda á það, að ég tel það þjóðfélaginu óhollt að lögbinda, að menn skuli hafa aðeins 22 stunda vinnu á viku hverri. Það getur enginn maður, sem er heilbrigður, látið sér nægja svo stuttan vinnutíma, hvað þá 18 stundir á viku, og er þá tilgangur l. sýnilega eingöngu sá að hækka laun viðkomandi manna, og skal þá nokkuð farið inn á það, hvort það sé nauðsynlegt í þessu tilfelli.

Það lá mjög skýrt fyrir fjvn. á síðasta Alþ., að sumir kennarar, sem kenna við menntaskóla, höfðu allt að sextíu þús. kr. laun, að vísu ekki allt frá menntaskólanum sjálfum, en þeir höfðu það frá ríkisstofnunum. Þeir höfðu að vísu ekki nema takmarkaðan tíma að kenna, sem þeir fengu fyrir sín laun. En þeir höfðu svo margar aukakennslustundir í sjálfum skólanum, sem þeir voru launaðir kennarar við, að laun þeirra þutu svona upp. Það er einnig ljóst af landsreikningnum 1945, að laun kennara við Menntaskólann í Reykjavík eru 348 þús. kr., föstu launin, en 228 þús. kr. hafa verið greiddar fyrir stundakennslu í þeim skóla, og langmestur hluti af þessari stundakennslu er dreifður á þá kennara, sem hafa föst laun, og nú orðið góð laun, við skólana. Fjvn. hefur óskað, að rektor sendi sundurliðaða skýrslu yfir launagreiðslu fyrir stundakennslu. Þessi skýrsla hefur ekki borizt fjvn. enn. Vil ég mjög mælast til þess við hv. menntmn., að þetta mál verði ekki afgr. frá hv. þd., fyrr en þessi skýrsla liggur fyrir frá rektor. Þegar hún kemur, mun það koma í ljós, að margir kennarar, sem sitja með föst laun við skólann, hafa allrífleg laun við sama skóla og komast þannig upp í miklu hærri laun en þjóðinni er kunnugt um.

Ég skal viðurkenna, að það lítur kannske nokkuð einkennilega út, að það sé verið að lengja vinnutíma þeirra gömlu kennara, sem nú eru við skólana og hafa aldrei unnið lengri tíma heldur en reglugerðin frá 1937 ákveður. En það ber þá einnig að gæta þess, að þegar sú reglugerð var ákveðin, þá sátu þessir menn sem fastir embættismenn við skólana með mjög lágum launum, og einmitt ákvæðin um, að vinnutíminn skyldi ekki vera lengri, hafa áreiðanlega markazt af því, að það hefur átt að bæta þessum mönnum upp laun þeirra með því að stytta vinnutímann, þótt ekki þætti rétt að hækka laun þeirra beinlínis. En nú er þetta ástand ekki fyrir hendi, því að laun þessara manna hafa verið hækkuð, og það var talið hæfilegt, að þeir ynnu fullt verk fyrir þau laun. Ég sé því ekki, að ástæða sé til að stytta vinnutíma þessara manna frá því, sem ákveðið hefur verið með l. frá síðasta Alþ. Auk þess nær það ekki nokkurri átt að setja í l. heimild til þess að fækka kennslustundafjölda þessara kennara í 24 kennslustundir á viku úr 27 stundum, eins og í fyrra var ákveðið, að þeir hefðu, þar sem í fyrra var einnig ákveðið að stytta kennslustundirnar sjálfar úr 50 mínútum í 45 mínútur. Þessi kennslustundalengd er þess vegna nokkru minni heldur en ákveðið var í reglugerðinni frá 1937. Ég vil enn fremur benda á, að inn í lög var tekið viðkomandi launum þessara manna, að þeir hefðu frí frá störfum á fullum launum 10. hvert ár. Þetta eru vissulega mikil fríðindi, sem sjálfsagt hefðu getað haft einhver áhrif á upphæð launanna, ef þessar kröfur hefðu verið settar fram, þegar launal. var breytt. Þá má einnig benda á, að þessir kennarar, flestir eða allir, kenna ekki nema 9 mánuði af árinu og hafa því 3 mánaða frí, sem eru miklu meiri fríðindi heldur en hjá öðrum embættismönnum.

Ég held, að mönnum sé ljóst, að málum sé nú svo komið í okkar þjóðfélagi, að við verðum að gera annaðhvort að lækka laun almennt í landinu eða krefjast meiri vinnu fyrir sömu laun. (**PZ**: Eða hvort tveggja.) Ég hygg, að ekki væri óeðlilegt að krefjast ekki aðeins af kennurum, heldur öllum þjóðfélagsþegnum yfirleitt meiri vinnu og betri afkasta heldur en nú eiga sér stað í þjóðfélaginu. Og þess vegna er það röng stefna að fara nú enn á ný — ofan á allt annað — að stytta vinnutíma nokkurrar stéttar manna í þjóðfélaginu og þá sérstaklega öfugt að farið, þegar um þá stétt manna er að ræða, sem hefur fastákveðnari vinnutíma heldur en aðrar stéttir landsins, eins og hér á sér stað.

Ég mun því greiða atkv. á móti þessu frv. og vænti þess, að hv. menntmn. athugi allar þær atriðis., sem ég hef gert við málið á þessu stigi. Og sjái hún sér fært að mæla með nokkrum breyt. á l. frá síðasta Alþ., nr. 58 frá 1946, vænti ég þess, að þær breyt. fari í þá átt að gera meiri kröfur til þeirra manna, sem mestar hafa fengið kjarabætur á undanförnum árum í sambandi við launalögin.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég ætla fyrst að leiðrétta nokkurn misskilning, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Í fyrsta lagi fullyrti hann, að hámark vinnutíma kennara, samkv. þeirri reglugerð, sem gilt hefur, þar til l. um menntaskóla voru sett á síðasta Alþ., hafi verið 22 stundir á viku. Þetta er ekki rétt, heldur 24 stundir.

Þá vil ég einnig leiðrétta það, að hv. þm. Barð. sagði, að hámark vinnutíma þessara kennara á viku væri samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, 24 stundir. Það er ekki 24 stundir, heldur 27 stundir. Þetta er hugsað þannig í framkvæmdinni, að kennslustundafjöldinn smáminnki, þannig að kennarar kenni fyrst 27 stundir á viku, t. d. í 5 ár, en kennslustundafjöldi þeirra á viku lækki þá um eina stund á 5 ára fresti, þangað til komið er niður í 24 stundir á viku eftir 15 ára kennslustarfsemi. En nú er það svo, að eftir 15 ára starfstíma við slíka skóla sem menntaskóla er kennari orðinn yfirkennari og kennir 24 stundir eftir núgildandi reglugerð.

Þá er enn missögn, sem kom fram í ræðu hv. þm. Barð., að hver kennslustund hafi á síðasta ári við þessa skóla með l. verið stytt úr 50 mínútum niður í 45 mínútur. Þetta er ekki rétt. Kennslustundin hefur undanfarin ár verið 45 mínútur, eins og hún er nú.

Þegar koma fram hjá hv. þm. Barð. svona missagnir, þá verða hv. þm. að virða mér það til vorkunnar, þótt ég gleypi það ekki alveg hrátt, að kennari við menntaskólann hafi haft 60 þús. krónur í árslaun, meðan ekki hafa verið lögð fram gögn, sem sanna að svo sé. En sé svo, að einhver kennari við menntaskólann hafi haft þessi árslaun, þá verður að líta svo á, að hann hafi haft óforsvaran-

legan vinnutíma, og er óhugsandi, að sá kennari hafi getað innt starf sitt af hendi eins og vera ber.

Þetta frv. er flutt af ríkisstj. samkvæmt samkomulagi, sem náðist við kennara menntaskólanna, vegna þess að til vandræða horfði um kennslu í þeim skólum í vetur, þar sem kennslustundafjöldinn hefur verið aukinn um 3 stundir á viku með hinum nýju l. um menntaskóla, miðað við það, sem áður var. Álitu kennararnir, að með þeirri nýju löggjöf hefði verið komið aftan að þeim og kaup þeirra lækkað um 12%. Þeir höfðu reiknað með að fá bætt launakjör til frambúðar með þessari löggjöf, en svo þegar l. voru samþ., var sett inn í þau ákvæði, sem jafngilti 12% launalækkun fyrir þá. Kennarar vildu ekki una þessu og tilkynntu ríkisstj., að þeir sæju sér ekki fært að taka að sér aukakennslu fram yfir lögboðinn kennslustundafjölda, nema þessu yrði breytt. Taldi ég ekki neinn möguleika á því að stytta kennslustundafjöldann á viku með reglugerð eða fyrirmælum frá ráðuneytinu, þótt lagaákvæðin um þetta atriði séu að vísu ekki svo skýr, að ekki megi skilja þau nema á einn veg, því að þar stendur, að skyldustundir skólakennaranna skuli vera allt að 27 á viku hverri, en ég held, að meiningin með reglugerð hv. Alþ. á síðasta þ. hafi verið sú, að kennarar skuli kenna 27 stundir á viku hverri nema með sérstökum undantekningum, sem nánar er tekið fram um í l. Taldi ég því ekki fært að gera þarna á neina breyt., nema málið væri lagt fyrir hv. Alþ. og samþykkt þess kæmi til. Varð samkomulag um það, að kennarar tækju að sér aukastundakennslu, eins og þeir hafa áður gert, með því skilyrði, að ríkisstj. legði þetta mál fyrir hv. Alþ., eins og hér er gert, og að þetta skyldi verka aftur fyrir sig, þannig að kennarar fái þessi kjör í vetur. Ef ekki hefði náðst samkomulag við kennarana, hefði ekki verið hægt að halda uppi kennslu við menntaskólana með þeim nemendafjölda, sem þar er, þannig að þurft hefði að draga kennslu mjög saman við þessa skóla. Þetta tel ég alveg óviðunandi, en ef nú á að fara inn á þá braut, að hér verði stigið fyrsta skrefið til almennrar launalækkunar í landinu, eins og kom hér fram hjá síðasta ræðumanni, þá verður að fá annan embættismann í mitt starf.

Þetta mál hefur gengið gegnum hv. Nd. og var mjög rætt í hv. menntmn., þar sem menntaskólakennarar voru viðstaddir og við þá rætt um málið. Komu þá fram ýmsar till. um annað fyrirkomulag, en við nánari athugun kom í ljós, að ekki gat orðið samkomulag um neitt annað fyrirkomulag, sem heppilegra þótti heldur en það, sem hér er lagt til, þannig að hv. menntmn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að þetta frv. ríkisstj. nái fram að ganga sem allra fyrst.

Mun ég ekki deila við hv. þm. Barð. um það, hvort þetta ákvæði um kennsluskyldu kennara eigi heima í þessum l. eða í annarri löggjöf um skyldur embættismanna. Það kann að vera, að þegar sú löggjöf kemur, verði þessu ákvæði kippt út úr fræðslulöggjöfinni og flutt þangað, en meðan sú löggjöf er ekki komin, þá er eitt af tvennu nauðsynlegt: annaðhvort að hafa þessi ákvæði eins og nú er í fræðslulöggjöfinni eða að viðkomandi ráðh. séu gefnar frjálsar hendur um að ákveða kennslustundafjöldann í skólunum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki deila hér mikið frekar, en vil aðeins benda hæstv. menntmrh. á það, að það er ekki rétt, að ég hafi farið rangt með þau fyrirmæli 63. gr. reglugerðar um menntaskóla, því að þar stendur, að yfirkennari, sem kominn er yfir sextugt, skuli kenna 20 stundir á viku, og þótt kennari byrji með því að kenna 24 stundir á viku, þá kemst hann niður í 22 stundir, svo að það er alls ekki lengur hægt að deila um þetta, og er því engin ástæða fyrir hæstv. ráðh. að ásaka mig um missagnir í þessu atriði.

Það er einnig kunnugt, að þetta ákvæði var byggt á 50 mínútna kennslustund, en ekki 45 mínútna, og var það fyrst tekið upp í tíð þessa hæstv. ráðh. að breyta því niður í 45 mín. kennslustund. Var þetta sett inn í l. í fyrra, af því að hann fullyrti þá, að þannig hefði þetta verið um nokkurra ára skeið. Honum hlýtur líka að vera kunnugt um það, að í mörgum skólum er kennslustund miðuð við 50 mínútur, en eftir að búið er að setja í l. um menntaskóla ákvæði um 45 mín. kennslustund, eru miklar líkur til, að allir aðrir skólar landsins heimti það líka.

Um það atriði, að hæstv. ráðh. vilji ekki gleypa hráar aðrar upplýsingar frá mér, þá vil ég benda honum á, að ég benti n. á að bíða með afgreiðslu málsins, þar til gögn lægju fyrir um þau atriði, er ég hef minnzt á, til þess að menn gætu sannfærzt um þetta, og þessi gögn munu koma. Ég get sagt hæstv. ráðh. frá því, að frá ýmsum skólum hafa komið fram gögn, sem sýna, að kennarar hafa fengið töluverða launauppbót með því að kenna svo og svo margar kennslustundir aukreitis, af því reglugerðin kveður á um svo fáar lögboðnar kennslustundir. Og ef hæstv. ráðh. vildi athuga, að þessi yfirkennari, sem ég hef á minnzt, hefur m. a. kennt 38 stundir á viku hverri allt skólaárið, auk þess sem hann hefur haft stórar fúlgur fyrir að yfirfara stíla heima hjá sér, þá getur hæstv. ráðh. séð, að með þeim launum, sem nú eru greidd fyrir kennslu, er ekkert óeðlilegt, þótt þessi yfirkennari hafi haft nálægt 60 þúsund krónum í árslaun. Gögn varðandi þetta liggja hér í þ., og ætti hæstv. ráðh. því ekki að vera að væna mig um falskar upplýsingar.

Ég vil svo að síðustu aðeins víkja að því, er hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að ef þessi ákvæði menntaskólal. um kennslustundafjöldann ættu að vera öðruvísi en lagt er til í frv. því, sem hér er til umr., þá yrði annar embættismaður að taka við starfi hans. Skil ég ekki í því, að neinn yrði hissa á því, þótt annar maður tæki við starfi hæstv. ráðh. hér, en ég verð hins vegar að láta það álit í ljós, að ég er meira undrandi yfir því, að hæstv. menntmrh. skuli ekki enn vera farinn úr ráðherrastóli eftir öll þau stóru orð, er hann lét falla í sambandi við afsögn sína, og hefði hann sýnt meiri manndóm með því heldur en með því að sitja enn sem fastast og éta þannig ofan í sig öll stóryrði sín. Ætti hann því ekki að hafa í hótunum um, að hann muni fara úr ráðherrastóli, ef hann fái ekki málið afgr. á þann hátt, er hann leggur til. Ætti heldur að athuga það, hvílíkt böl það er fyrir þjóðfélagið, ef hæstv. ráðh. situr áfram og skiptir ekki um skoðun í þessum málum. Mundi ég ekki

harma það, þótt annar maður kæmi í hans stað, sem meiri skynsemi og réttlætiskennd hefði varðandi ýmis mál, sem deilt er um hér. Mun það því ekki breyta afstöðu minni um þetta mál, þótt hann hóti að fara úr starfi sínu, ef frv. nái ekki fram að ganga óbreytt. Síður en svo.

Sé ég svo ekki ástæðu til að halda uppi frekari deilum um mál þetta, en vil vænta þess, að hv. n. afgreiði það ekki, fyrr en þau gögn liggja fyrir hjá henni, sem ég hef áður á minnzt.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Hv. þm. Barð. hefur nú orðið ber að því að viðurkenna, að hann hafi farið með rangt mál. Hann sagði í fyrri ræðu sinni, að hámarkskennslustundafjöldi kennara væri 22 stundir. Nú hefur hann orðið að viðurkenna, að þetta er ekki rétt, heldur að þær hafi verið 24. Þýðir ekkert fyrir hv. þm. Barð. að þræta fyrir þetta með því að segja, að kennslustundafjöldi yfirkennara sé 22 stundir. Það er enn fremur rangt hjá hv. þm. Barð., að með samþ. þessara l. hafi kennslustundin verið stytt niður í 45 mínútur, því að um margra ára skeið hefur kennslustund verið miðuð við 45 mínútur og er enn við menntaskólana. Hv. þm. Barð. reyndi enn fremur að afsaka þessa missögn með því að segja, að þessi breyting muni hafa verið gerð í minni ráðherratíð. Þetta er einnig rangt hjá hv. þm. Hv. þm. Barð. hefur með öðrum orðum orðið ber að því í svo að segja öllum atriðum ræðu sinnar að hafa farið rangt með staðreyndir. Veit ég því, að hv. þm. munu virða mér það til vorkunnar, þótt ég gleypi ekki hráar upplýsingar hv. þm. Barð., og mun ég ekki deila frekar um þetta mál við hann, fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir, er hann talaði um. Hitt er annað mál, að undantekningar verða ekki teknar gildar sem regla, en ef væri farið að rannsaka undantekningar hjá ýmsum stéttum, væri hætt við, að ýmislegt kæmi upp úr kafinu. Það, sem hér skiptir máli, eru launakjör kennara við menntaskólana yfirleitt.

Hirði ég ekki að fara mörgum orðum um þau ummæli hv. þm. Barð., að það væri ekki nema gott, ef ég hætti að gegna starfi mínu, en þar er því til að svara, að undir eins og tilkynning berst frá hans flokki um stjórnarstarf, mun ég leggja niður embætti mitt hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 71, n. 230).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv. Að vísu var hún ekki öll á fundi. Þar voru hvorki hv. þm. Seyðf. né hv. 2. þm. Árn. viðstaddir, og þess vegna hafa þeir ekki skrifað undir nál., en sá hluti n., sem viðstaddur var, mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt. Það hefur áður verið gerð grein fyrir tildrögum þess, að þetta mál er á ferðinni, og sé ég ekki ástæðu til að fara að endurtaka það, en vil láta nægja, a. m. k. að svo stöddu, að skýra frá þessu áliti n.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki halda uppi löngum deilum um þetta atriði. Ég vil aðeins gera þá fyrirspurn til n., hvort hún hafi orðið við þeim tilmælum mínum við 1. umr. að grennslast eftir, hvaða laun kennarar menntaskólans hafi nú, bæði í föst laun og fyrir aukakennslu, stílavinnu og það, sem þeir fá fyrir próf. Ég hef beðið rektor um þessa sundurliðun, en hef ekki fengið hana enn. Ég vil gjarnan vita, hvort n. hafa verið látnar þessar upplýsingar í té.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Ég get gefið þær upplýsingar, að n. hefur ekki fengið neina nákvæma skýrslu um, hver séu heildarlaun einstakra kennara við hina ýmsu skóla, en hitt er kunnugt, að við þennan skóla hafa verið mjög mikil kennaravandræði nú síðustu ár. Það ástand hefur skapazt sérstaklega í stríðinu og einkum eftir að nemendum fjölgaði stórlega. Rektor hefur því neyðzt til að láta kennara skólans taka aukakennslu og hefur fengið til þess menn, sem eru fastir kennarar við skólann. Um sundurliðun á því er mér ekki kunnugt nákvæmlega. Hitt er líka ljóst, að það ástand, sem hér ríkir, er sennilega bráðabirgðaástand, vegna þess að vitanlega liggur það fyrir, eftir því sem möguleikar leyfa, að fengnir verði að skólanum nægilega margir menn með nauðsynlega menntun til að annast kennslu þar, því að það þyrfti að fjölga föstum kennurum við skólann í samræmi við þá þörf, sem þar er.

Gísli Jónsson: Það er upplýst, að n. hefur ekki lagt á sig það erfiði að fá þessar upplýsingar, ekki talið þess vert að fá þær.

Ég skil ekki þau rök, að það geti bætt úr þeim vandræðum, sem ríkja við skólann, að fækka stundum kennara, þegar allt of fáir kennarar fást. Mér skilst, að það hefði miklu fremur bætt úr að fjölga en fækka kennslustundum þeirra, en ég skal ekki ræða um það meira.

Ég óska þess, að áður en málið fer út úr d., fái n. þessar upplýsingar eða gefi þm. nægan tíma til að fá þær, því að það getur haft áhrif á afgreiðslu málsins.

Hannibal Valdimarsson: Mér heyrist á öllum ræðum hv. þm. Barð., að hann telji vinnutíma kennaranna 24 tíma á viku. Ef hann meinar þetta, þá vil ég segja honum. að þetta er argur misskilningur. Ég hygg, að flestir samvizkusamir kennarar vinni allt að 100% meira en stundaskráin segir til. Mér þykir líka furðulegt, ef hann ætlar að ákveða vinnutímann eftir upplýsingum um, hvað aukakennarar hafa á þessu skólaári, en aukakennslan byggist á því, að það fáist ekki nægilega margir kennarar að skólanum. Kennararnir hafa síður en svo óskað eftir að hafa þessa aukakennslu, því að þeim nægir fullkomlega það skyldustarf, sem þeir hafa, en þeir gera það fyrir bænarstað stjórnarvalda að taka á sig þessa aukakennslu, til þess að skólinn geti starfað.

Hv. þm. Barð. er alltaf að tala um hin óhóflega háu laun, sem kennararnir hafi fyrir þessa aukakennslu, og að föst laun og aukalaun þeirra geti

farið allt upp í 50 þús. kr. Mun hann þar eiga sérstaklega við einn kennara skólans, Kristin Ármannsson. Hann mun ekki aðeins hafa aukakennslu við þennan skóla, heldur líka við háskólann vegna skorts á kennurum þar. Mun hann kenna þar latínu eða grísku. Það er því ómögulegt að ákveða kennslustundafjölda kennaranna eftir kennslustundafjölda þeirra á þessu skólaári. Mér finnst því, að upplýsingar um þetta væru kannske fróðlegar fyrir hv. þm., en ekki vera neitt atriði til að ráða úrslitum um afgreiðslu þessa máls. Það er vitanlegt, að þegar skólinn byrjaði í haust, óskuðu fastir kennarar eftir að losna við alla aukakennslu og vildu fá að vinna svipaðan tíma og þeir gerðu áður 1. samkvæmt.

Ég hef hlýtt á þessar umr., og ég veit, að hv. þm. hefur farið þar með rangt mál, þegar hann ræðir um lengd kennslustundanna. Hann blandar þar saman lengd kennslustundanna. Hann blandar þar saman lengd kennslustunda á gagnfræðaskólastiginu og í menntaskólunum. Hann segir, að stundirnar hafi verið styttar úr 50 mín. niður í 45 mín. Þetta er rangt. Kennslustundin hefur verið í áratugi 45 mín., en í gagnfræðaskólunum er hún 50 mín. Auk þess er það upplýst mál, að þessar brtt., sem hér liggja fyrir, eru brot á samkomulagi, sem gert var í haust milli menntaskólans og hæstv. menntmrh. Það má vel vera, að hv. þm. Barð. virði það einskis, þó að hæstv. ráðh. hafi orðið að gera slíkt samkomulag, og vilji láta þingið koma og rjúfa það á miðju skólaári, en ég tel það ósæmilegt, hvort sem viðkomandi ráðh. er flokksmaður eða andstæðingur. Þetta hefur verið gert af nauðsyn fyrir menntaskólana í landinu, en ekki af neinni tilhneigingu til að hlaða óhóflega undir þessa stétt, enda stendur öll hæstv. stjórn að þessu máli, og mér hefur verið tjáð af öðrum hæstv. ráðh., að þeir séu jafnbundnir af þessu samkomulagi, og tel ég því, eins og fyrr segir, ósæmilegt að rjúfa það samkomulag á miðju skólaári.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég skal ekki tefja málið neitt um skör fram.

Það er ekki minn háttur að gera grein fyrir mínu atkv., en að gefnu tilefni vil ég segja nokkur orð til viðbótar þeim rökum, sem hafa verið færð fram fyrir þessu máli. Ég vil bæta því við, sem ég tel allþung rök í málinu, að með launal. hefur af einhverjum ástæðum verið breytt stundafjölda frá því, sem áður var, kennurunum í óhag, sennilega fyrir vangá. Ég veit ekki betur en hver stétt, sem fékk uppbót með launal., hafi verið bundin við þann starfstíma, sem þar var gert ráð fyrir, og því er ómaklegt að láta slík mistök bitna á þessari stétt með lengri vinnutíma og þar með rýra þá launauppbót, sem henni var veitt með launal. M. a. af þessum einum ástæðum tel ég sjálfsagt og rétt að leiðrétta þennan misgáning, og mun ég því greiða þessu frv. atkv.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins mótmæla því, sem hér hefur verið sagt um þetta mál. Í fyrsta lagi var þetta sett í l. á síðasta Alþ. í fullu samræmi og samkomulagi við þá aðila, sem mættu fyrir hönd þessara manna við samningu launal. Þess utan vil ég líka benda á, að þegar launal. voru samin, var ætlazt til þess, að afnumin yrðu öll sérstök friðindi, sem hefðu verið gefin til þess að bæta allt of lág laun, en þetta er ekki í fyrsta skiptið, sem það er svikið. Það hefur verið svikið svo að segja alls staðar, og þess vegna vilja þeir halda áfram þeirri svikakeðju, sem þessir flokkar hafa verið með. (**GÍG:** Eru þá ekki hinir ráðh. að svíkja líka?) Ég hef ekki ennþá heyrt þá samþ. þetta. Hv. 3. landsk. ber hér fram svo að segja í hvert einasta skipti, sem hann stendur upp, fullyrðingar, sem ekki standast svo lengi sem hann er að snúa sér við í stólnum. Hann segir, að kennararnir hafi 100% lengri vinnutíma en standi á stundaskrá. Nú er það í l., að ef kennarar hafa mikla heimavinnu í þágu skólans, þá eiga þeir að fá greiðslu fyrir það. Það er búið að ákveða með l., að þeir hafi 27 stundir, og það er svo lítill vinnutími, að ekkert þjóðfélag getur leyft sér að hafa styttri vinnutíma fyrir nokkurn þegna sinna. En með þeirri breyt., sem hér liggur fyrir, er ekki verið að hlífa kennurunum fyrir lengri vinnutíma, heldur er verið að veita þeim meira fé, meiri laun. Það á að stytta þeirra skyldustundafjölda, svo að þeir geti aftur lengt hann og fengið sérstaka borgun fyrir. Það þýðir því ekkert að koma með svona rökleysur, eins og þessir hv. þm. eru með.

Ég skal svo ekki deila um þetta meir. Ég er búinn að setja fram mín rök. En hv. 3. landsk. berst ef til vill fyrir þessu frv., til þess að hann njóti sjálfur þar góðs af, þegar þar að kemur.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Það eru fáein orð út af því, sem hv. þm. Barð. sagði síðast. Hann segir, að fullkomið samkomulag hafi verið á síðasta þingi um breyt., sem gerð var á þessu atriði, milli þeirra aðila, sem komið hefðu fram fyrir hönd kennaranna. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að frv. var samið af mþn. í skólamálum. Í því frv., eins og það kom til þingsins, voru engin ákvæði um stundafjölda, heldur gert ráð fyrir, að það yrði ákveðið með reglugerð, eins og gert hafði verið með reglugerðinni 1937. En við 3. umr. í Ed. var þetta ákvæði sett inn í frv., en þá var komið að þinglokum, og þess vegna fór það þannig óbreytt gegnum Nd. Þess vegna kom ekki til sérstakt samkomulag um þetta. Annars vil ég gefa þá nýju skýringu á, hvað hér er að gerast, að þótt þetta frv. verði samþ., þá er samt sem áður verið að lengja vinnutíma þessara kennara frá því, sem var, áður en l. um menntaskóla gengu í gildi á síðasta þingi. Það er aukning frá því, sem ákveðið var í reglugerðinni, sem farið var eftir frá 1937, en í henni er svo ákveðið, að kennarar, sem eru ekki yfirkennarar, skuli hafa 24 stundir á viku, en þegar þeir hafi starfað í 16 ár, skuli þeir verða yfirkennarar og kenna 22 stundir. Enn fremur var ákveðið, að þegar þeir væru orðnir sextugir, skyldi fækka stundafjölda niður í 20. En með breyt., sem gerð var á menntaskólal., var svo ákveðið, að allir kennarar, hvort sem þeir væru að byrja eða búnir að vera lengur, skyldu kenna 27 stundir á viku, en samkvæmt þeirri breyt., sem hér er gert ráð fyrir, þá eiga þeir að kenna fyrstu fimm árin 27 í staðinn fyrir 24, næstu fimm árin 26 og þriðju fimm árin 25 stundir, og eftir 15 ár eiga þeir að hafa 24 stundir, en voru áður 22, og á það að haldast upp í 55 ára aldur. Þess vegna liggur ljóst fyrir, að hér er verið að hækka kennslustundafjöldann frá því, sem áður hefur verið. Þetta hafa

kennararnir tjáð sig fúsa til að ganga til samkomulags um. Þess vegna vildi ég ákveðið mælast til þess, að hv. d. vildi samþ. þetta frv.

Þá var annað atriði, sem kom fram hjá hv. þm. Barð. Hann sagði, að þessi breyt. væri gerð til þess, að kennararnir hefðu minni vinnu og meiri laun. Nú er það upplýst og öllum fyllilega ljóst, að þessi breyt. er gerð vegna þess, að nemendum skólans hefur fjölgað mikið, en hins vegar er skortur á kennurum, og þess vegna hefur orðið að fá þessa menn til að taka að sér þessi störf og í mörgum tilfellum svo mikil störf, að líkur eru til, að það sé ofætlun hverjum manni til lengdar. Ég get líka bent á það, að það er engan veginn óalgengt, að kennarar kenni minna en 27 stundir á viku, og það er miðað við, hve mikla aukavinnu þeir hafa, en hún er oft mjög mikil. Kennarar við bændaskólana hafa kennt 20 stundir á viku, vegna þess að kennsla þeirra hefur farið fram í fyrirlestrum, sem verður að taka tillit til, og þar ber að taka til greina, að þeir verða að verja miklum tíma til undirbúnings fyrirlestranna.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Það er nú reyndar varla ástæða til þess að reka hv. þm. Barð. betur á gat en búið er að. Þeir hafa gert það svo rækilega, hv. menntmrh. og fleiri. Það er hreinasta vitleysa, að verið sé að stytta vinnutíma kennara, og veit ég ekki, hvaðan hv. þm. Barð. hefur það. Hvað viðkemur aukaþóknun þeirri, sem gert er ráð fyrir, að kennarar fái fyrir stúdentsréttindi, þá er aðeins átt við, að þeir kennarar njóti hennar, sem kenna íslenzkan stíl í efri bekkjum menntaskólanna, og hygg ég, að hún sé ekki það há, að hún ætti að vera nokkrum manni þyrnir í augum. Hv. þm. Barð. ætti að komast í það að leiðrétta fjöldamargar íslenzkar ritgerðir eftir misjafna nemendur og vita, hvernig honum fyndist það, einkanlega ef mikill hluti nemendanna væri nú hljóðvilltur eins og hann sjálfur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þetta er ekki rétt, sem hv. 8. landsk. sagði um menntaskólana. Það er ljóst, að þarna er heimild til þess að stytta kennslustundafjöldann niður í 24 st. á viku og eftir 60 ára aldur niður í 19 kennslustundir. Því er haldið fram af hv. 8. landsk. og líkt röksemdafærslu hv. 3. landsk., að 18 sé meira en 19.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. — Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. þm. Barð. sagði. Ég veit, að hv. þm. Barð. skilur það, að þegar lýst er yfir af ráðh. einhverju í þessu efni, þá er það tekið gilt. Og meira að segja honum er það einnig ljóst, að það er tekið gilt, ef frsm. máls gefur yfirlýsingu af hálfu n. um það, hvernig skilja beri eitthvert atriði málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, GÍG, HV, LJóh, SÁÓ, StgrA, ÁS, KJJ.

nei: GJ, JJós, PZ, ÞÞ.

5 þm. (EE, HermJ, PM, BSt, BK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jóhann Jósefsson: Þar sem það er yfirlýst við umr. þessa máls, að rektor menntaskólans hefur ekki látið í té nauðsynlegar upplýsingar viðvíkjandi launagreiðslum við skólann, og upplýst er, að n., sem fjallað hefur um málið, hefur látið undir höfuð leggjast að afla upplýsinga um málið, treysti ég mér ekki til að greiða atkv. með því og segi því nei.

2. gr. samþ. með 9 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 : 1 atkv.

Á 39. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 71, 239).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 239. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 239 borið fram brtt. við frv. til l. um breyt. á l. um menntaskóla. Hún hljóðar þannig með leyfi hæstv. forseta. Við 1. gr. Greinin orðist svo: „Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra og kennara.“ Þegar l. um menntaskóla voru til umr. á s. l. Alþ., þá áleit ég, að þetta væri eðlilegast að ákveða með reglugerð, en ekki ákveða það í l., hvernig kennsla skyldi ákveðin. Þetta ætti að heyra til lagabálksins um skyldur embættismanna. Það hefur upplýstst við þessar umr., að þetta frv. er borið fram til þess að koma á samkomulagi milli núverandi kennara og fræðslumálastjórnar. Það hefur verið gengið á rétt núverandi kennara með ákvæðum l. um menntaskóla. Mér skilst eftir þeim umr. að dæma, sem hér hafa farið fram, að fyrir hendi sé samkomulag um það, hvernig þetta skuli vera í framtíðinni. Þess vegna álít ég rétt, að þessi brtt. verði samþ. og fræðslumálastjórn verði látin ákveða kennslustundafjöldann. Það hefur komið í ljós, þótt ekki sé liðið nema eitt ár, síðan þessum l. var breytt, að þörf er á að breyta þeim aftur, og hætt er við, að enn þurfi að gera það. Þess vegna er eðlilegast, að þetta sé í höndum fræðslumálastjórnar, meðan þetta ástand ríkir í landinu. Ég held þetta geti orðið að samkomulagi milli mín og þeirra, sem halda því fram, að nauðsynlegt sé að breyta þessu. Ég vænti þess vegna, að mín brtt. verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar varðandi það, sem hv. 1. landsk. hefur sagt hér. Hv. þm. minntist á það í gær, að með launal. hefðu laun menntaskólakennara verið lækkuð óbeint. Nú skal ég ekkert um þetta segja, en hitt vil ég fullyrða, að með launal. voru laun nokkurra manna lækkuð beinlínis frá því, sem áður var. Í öðru lagi voru laun yfirleitt ákveðin lægri í launal. en Reykjavíkurbær borgaði sínu starfsfólki. Það er hins vegar upplýst mál eftir því, sem hæstv. ráðh. sagði í gær og 1. landsk., að þetta frv. er flutt til þess að færa laun menntaskólakennara í samræmi við það, sem áður var. Lenging vinnutíma þeirra var sama og kauplækkun. Persónulega er mér kunnugt um, að sumum þeirra manna, sem lækkaðir voru í launum með launal., er borgað hærra en l. heimila eða eins og áður. Mér er kunnugt um, að sumum embættismönnum er borgað hærra en launal. ákveða og launin miðuð við það, sem Reykjavíkurbær borgar hliðstæðum starfsmönnum sínum. Ég spyr því:

Hvað er mikið borgað af slíkum yfirgreiðslum? Hvað eru þeir launamenn margir, sem nú taka hærri laun en launal. gera ráð fyrir? Mér skilst, að þetta með menntaskólakennarana sé einn liðurinn hér í. Ég veit dæmi um, að mönnum við símann er borgað hærra en l. ákveða og fólki á skattstofunni er einnig borgað hærra. Hér getur verið að ræða um miklu stærri hóp, þótt ég viti ekki um það. En mig langar til að fá upplýsingar um það, hvað þessi hópur er orðinn stór.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Varðandi þessar fyrirspurnir hv. 1. þm. N-M. til mín, þá vil ég aðeins láta þess getið, að mér er ekki kunnugt um, að nokkrum embættismanni sé borgað hærra heldur en l. mæla fyrir um. Hins vegar er það opinbert mál, og hv. þm. þarf ekki að spyrja um það, að á s. l. vetri var sett reglugerð um yfirvinnukaup opinberra starfsmanna og samkv. henni ber að greiða mönnum upp að vissu launamarki kaup fyrir eftirvinnu. Ég man ekki fyrir víst, hvort hér er miðað við 7800 kr. eða 8400. Þetta hefur orðið til þess, að margir menn hafa hækkað í launum, einkum þeir, sem eru tiltölulega lágt launaðir, og er það, eins og áður er sagt, vegna eftirvinnu, sem væntaniega hefur verið óhjákvæmileg. Ég skal hins vegar láta þá skoðun mína í ljós, að ég álít, að þessi reglugerð þurfi miklu betri athugunar við. Þetta var eins konar samningur milli ríkisstj. og félags starfsmanna ríkisins, og stóð í miklu þjarki um þetta. Þetta yfirvinnukaup, sem greitt er nú, er mjög hátt og getur því valdið því, að menn í lægri launaflokkum geta komizt miklu hærra í launum en þeir, sem eru með hærri laun samkv. launal. Svo er mér kunnugt um, að orðið hefur að semja við nokkra starfsmenn, sérstaklega bílstjóra, um, að þeir hefðu yfirvinnu. Þetta er eðlilegt, þar sem þeir eiga samkv. launal. að hafa 500 kr. laun á mánuði í grunnlaun, en það hygg ég, að sé orðið óeðlilegt, að bílstjórar vinni fyrir slíkt kaup. Það er því eðlilegt, að erfitt hafi verið að fá bílstjóra til að vinna fyrir þau kjör, sem launal. buðu upp á. Þetta er það eina, sem mér er kunnugt um þessu viðvíkjandi. En mér er ekki kunnugt um, að starfsfólki sé borgað hærra kaup en launal. ákveða.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið, svo langt sem þær ná. En mig undrar það, að hann skuli ekki vita meira, að hann skuli ekki vita það, að síðan um mitt sumar hafa allir verkfræðingar landssímans fengið borgað sama grunnkaup og Reykjavíkurbær borgar sínum verkfræðingum, en það er hærra heldur en launal. ákveða. **(Fjmrh.:** Ég hef enga tilkynningu fengið um þetta.) Ég sé ekki ástæðu til að tína fram fleiri dæmi nú, en undrar, að hæstv. ráðh. skuli ekki vita, hvað borgað er úr ríkissjóði í laun, sérstaklega þegar það er utan við lög. Eftir hvers fyrirmælum er það gert?

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. — Ég gaf upplýsingar við 2. umr. þessa máls um það, að þegar þetta frv. var til meðferðar í þessari hv. d. á síðasta þingi, þá kom frv. þannig frá hv. Nd., að það var ekki ákvæði í því um vinnutíma kennara, heldur var gert ráð fyrir, að það yrði reglugerðarákvæði, eins og verið hafði fram að þeim tíma. Það fór þó svo, að þessi hv. d. vildi ekki á þetta fallast og setti í frv. ákvæði um, að menntaskólakennarar skyldu hafa lögákveðinn vinnutíma, og ég held það hafi verið gert með samþykki flm. þessarar brtt., hv. þm. Barð. Með þessari brtt. er aftur ætlazt til þess, að hætt sé við þetta og horfið að sama fyrirkomulagi og áður var. Þar sem þessi hv. þd. er öðruvísi skipuð nú en á s. l. þingi, má vera, að hér sé annar meiri hluti nú í þessu máli en var þá. Samt tel ég það ekki líklegt.

Það, sem ég vildi taka fram, er það, að þótt þessi till. færi í sama horf og áður var og þótt hún yrði samþ., þá býst ég ekki við, að hún mundi breyta á neinn hátt þessu máli í rauninni, vegna þess að það eru líkur til, að fræðslumálastjórnin mundi leysa þetta á svipaðan hátt og er í frv. Þess vegna álít ég það mjög þýðingarlaust og að það hafi ekki áhrif á framkvæmd málsins, hvort það er samþ., en hins vegar þarf löggjafinn að hafa ábyrgð á þessu og ákveða það í l. Þess vegna vil ég, til þess að forðast meiri glundroða um þetta mál, mælast til, að það verði samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil leiðrétta það, að l. um menntaskóla voru ekki afgr. úr þessari d. með mínu samþ. Ég var á móti l., var á móti því að ákveða í l., að kennslustundir skyldu ákveðnar. Hv. 8. landsk. getur kynnt sér það í skjölum frá fyrra þ. Það er heldur ekki alveg rétt hjá frsm., að þetta mál, eins og það liggur fyrir, sé víðtækara en það var. Kennslustundir eru færðar úr 27 stundum niður í 24 stundir, en nú eru ákveðnar 27 stundir líka fyrir nýju kennarana. Hins vegar er það margupplýst, að þetta samkomulag er gert vegna gömlu kennaranna. Þeir álíta sig misrétti beitta, vegna þess að kennslustundum hefur verið fjölgað. Ég get fallizt á þetta sjónarmið, en ég sé ekki ástæðu til að raska þessu hlutfalli fyrir þá kennara, sem koma á eftir.

Ég vil spyrja hæstv. menntmrh., hvort ekki sé hægt að fallast á þessa lausn málsins. Það stendur í frv., að kennslumálastjórnin ákveði kennslustundir skólastjóra. Þetta er í samræmi við það, sem mér skilst að geti verið í samningnum. Frsm. segir, að eðlilegt sé, að löggjafinn ákveði þetta. Það er ekki löggjafarvaldið, sem ákveður þetta nú. Það er hæstv. ráðh., sem hefur orðið að breyta út frá l. Það hefur verið gerður um þetta samningur, og svo er óskað, já, jafnvel heimtað, að þetta sé samþykkt. Hér er hv. 8. landsk. ekki frjáls sinna gerða, því að það er ekki hægt að neita að samþykkja þetta í d. nema með því að lýsa vantrausti á verkum ráðh., sem svo mjög leggur upp úr þessu, að hann lét þau orð falla við 1. umr., að hann mundi ekki gegna embættinu, ef þetta yrði ekki samþ. Ég hef viljað líta á málið frá sömu hlið til þess að gefa ráðh. vald til þess að standa við sín orð, til þess að ganga ekki á rétt hans í þessu máli og til þess að gefa þeim, sem stjórna þessum málum, tækifæri til þess að gera tilraun til að fá kennara að skólanum. Þeir telja það úrræðið til þess að fá nægilega marga kennara að fækka kennslustundunum, þótt einkennilegt megi virðast.

Ég hygg, að ekki sé hægt að mæla á móti þessari till. minni, og vænti þess, að hæstv. menntmrh. og allur hans flokkur ásamt öðrum þm. geti verið með henni.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég vil þakka hv. þm. Barð. fyrir það mikla traust, sem hann sýnir mér með því að bera þessa till. fram, þar sem það er lagt á vald ráðh., hvernig vinnutímar kennara séu. En samt vildi ég heldur kjósa, að vald mitt yrði takmarkaðra, af þeirri ástæðu, að ef till. yrði samþ., yrði mikið ósamræmi í skólalöggjöfinni. Í öllum öðrum skólalögum er ákveðið með l., hver kennslutími kennara skuli vera. Þetta yrði svo mikið ósamræmi, að ég mundi heldur kjósa, að ótvíræður þingvilji væri fyrir lagasetningu, sem sett væri um þetta atriði.

ATKVGR.
Brtt. 239 felld með 7 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KJJ, GJ, PZ.
nei: ÁS, BrB, GÍG, HV, LJóh, SÁÓ, ÞÞ.
JJós greiddi ekki atkv.
6 þm. (BSt, BK, EE, HermJ, PM, StgrA) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 7 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, KJJ, BrB, GÍG, HV, LJóh, SÁÓ.
nei: GJ, JJós, PZ, ÞÞ.
6 þm. (BSt, BK, EE, HermJ, PM, StgrA) fjarstaddir.
1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Með því að upplýstst hefur við umr. þessa máls, að þetta frv. er ekki borið fram til þess að leiðrétta hlut þeirra manna, sem nú starfa við skólana, segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 242).

---

4. Gjaldaviðauki 1947.

Á 4. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmis gjöld 1947 með viðauka (stjfrv., A. 35).

Á 5. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um framlengingu á l., sem giltu um þetta efni og sett voru á þinginu 1945 og framlengd á síðasta þingi, en falla úr gildi um næstu áramót. Það þarf ekki á það að benda, að ríkissjóði mun ekki síður verða þörf á þessum tekjum núna á næstunni en undanfarin ár, og ætti því ekki að þurfa að fara um þetta fleiri orðum. Frv. er óbreytt að öðru leyti en því, að í þeim l., sem gilt hafa hingað til, nær heimildin aðeins til I.—VI. kafla laganna, en í þessu frv. er gert ráð fyrir, að heimilt sé að innheimta með viðauka allar tekjur ríkissjóðs samkv. aukatekjulögunum frá 1921. — Vildi ég svo gera að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 48).

Gísli Jónsson: Ég óska, að umr. sé frestað, þar til frsm. eða ráðh. eru mættir, þar eð ég vildi gera til þeirra nokkrar fyrirspurnir.

Forseti (ÞÞ): Samkv. ósk hv. þm. Barð. verður umr. málsins frestað að sinni.

Síðar á fundinum var málið tekið til meðferðar.
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Með þessu frv. er farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld með viðauka fyrir árið 1947. Raunar er hér um endurframlengingu að ræða, og hefur þessi heimild áður verið framlengd, en með þessu frv. er gert ráð fyrir að innheimta fleiri gjöld en verið hefur.
Í núgildandi l. nær heimildin aðeins til 1.—6. kafla, en nú er ætlazt til, að bætt verði við 6.—8. kafla. Enn fremur sé heimilað að innheimta með 50% viðauka gjöld af innlendum tollvörutegundum. N. virtist ekki breytt út af þeirri venju, sem verið hefur, annað en það, að 6. og 7. kafla aukatekjulaganna er bætt í, ef ekki ber að skilja ákvæðið um 1.—6. kafla þannig, að 6. kafli felist í því. N. áleit rétt, þó að um þessa breyt. væri að ræða, að mæla með frv. óbreyttu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil ekki mæla á móti því, að frv. nái fram að ganga, og viðurkenni kosti frv., en ég vildi aðeins spyrja form. n., hvort n. hafi athugað, hve miklu munar inntaka hinna nýju kafla (6.—8.). Aukatekjurnar árið 1946 námu 1100000 kr., en eru áætlaðar 1947 1600000 kr., og vildi ég vita, hvort þessar 500000 kr. séu hækkun á þessum eina lið og hvort n. hafi athugað þetta. Ég hygg annars, að 6. kafli felist í núgildandi l. En hvað viðvíkur 8. kafla, þá fer hann inn á mjög viðtæk og margvísleg gjöld. T. d. munu felast í honum stimpilgjöld og gjöld af öllum farmskírteinum, skipagjöld o. fl. Ég vildi gjarnan vita, hversu miklar tekjur eru væntanlegar af þessu, og vænti upplýsinga um þetta frá n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, JJós, LJóh, PM, SÁÓ, ÁS, BSt, EE, ÞÞ.
PZ, StgrA, GJ greiddu ekki atkv.
5 þm. (HermJ, BBen, BK, BrB, GÍG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Ég bað um upplýsingar um þetta

mál í gær, og þar sem þetta er veigamikið mál og ég hef ekki fengið þær upplýsingar, er ég fór fram á, sé ég mér ekki fært að greiða atkv. og sit hjá.

Frv. afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., 1. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 232).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. — Hv. frsm. fjhn. og form. er ekki staddur hér í hv. d. Vil ég því segja nokkur orð um þetta mál, svo að það geti haldið áfram göngu sinni gegnum þingið. — Það er nú svo, að fjhn. þessarar hv. d. hefur ekki orðið alls kostar sammála um, að frv. þetta gangi fram óbreytt, eins og það er, en er þó sammála um framgang þess í meginatriðum. Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ., að svo miklu leyti sem það framlengir fyrri lagaákvæði í þessum efnum. En í frv. þessu, eins og það liggur fyrir, er tekinn til viðbótar því einn kafli l. um aukatekjur ríkisins frá 1921, sem ekki hefur verið áður í l. tilsvarandi þessum, en gert er nú ráð fyrir í þessu frv., að honum sé bætt inn í þessi l. En við athugun þessa máls í n. sýndist nm., að ástæðulaust væri að taka þennan kafla hér inn í þessi l. Þetta er VII. kafli l., um það, að hækka megi með 50% viðauka ýmis gjöld, sem nm. sýndist ekki þess eðlis, að ástæða væri til að breyta ákvæðum um frá því, sem áður hefur verið. Þessi gjöld eru ýmis skipagjöld, skipstjóraskírteini og fleiri gjöld, svo sem gjöld í sambandi við sjóferðapróf og slíkt. N. áleit ekki ástæðu til að gera breyt. á þessu frekar nú en áður og leggur því til, að frv. verði samþ. með þeim. breyt., að tekið verði út úr því, að hækkuð verði gjöld samkv. þessum VII. kafla l. nr. 27 frá 1921, um aukatekjur, en að öðru leyti verði frv. samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Brtt. 232 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 236).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Nd. hefur samkvæmt till. fjhn. þeirrar d. gert lítils háttar breyt. til skýringa, að mér virðist, á frv., eins og það fór frá þessari d. Eins og frv. var, þá var ríkisstj. heimilt að innheimta á árinu 1947 með 100% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs samkvæmt l. nr. 27 27. júní 1921 o. s. frv. Þessu orðalagi hefur verið breytt þannig, að nú stendur í frv. „þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla l. nr. 27 27. júní 1921", þ. e. a. s. að VII. kafli þessara l. fellur niður. Það var og tilætlunin, þegar málið var hér afgr., að þessi kafli félli niður, þó að orðalagið væri látið standa, eins og það var í frv. Ég sé ekki, að þessi breyt., sem Nd. hefur gert á frv., þurfi að valda neinum töfum, og tel ég rétt, að d. samþ. frv., eins og það er hingað komið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 247).

---

5. Aðflutningsgjöld o. fl.

Á 12. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um að ákvæði samnings frá 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi (stjfrv., A. 81).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Með þessu frv. er ætlazt til, að lögfest verði þau ákvæði Bandaríkjasamningsins, er þykir þurfa að setja sérstök lagaákvæði um. Þau ákvæði varða aðflutningsgjöld, útflutningsgjöld, skatta o. fl. slíkt, sem sérstaklega er rætt um í samningnum. Þetta mál er svo mjög rætt hér á hv. Alþingi, að ég tel óþarft að ræða það hér sérstaklega, en vísa til meðfylgjandi aths., sem eru prentaðar aftan við frv., og leyfi mér að óska eftir, að því verði vísað til hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Þegar samningurinn við Bandaríkin eða uppkast að honum var hér til umr., komst ég þannig að orði, að ég væri hræddur um, að lögfesta þyrfti þau atriði, er vörðuðu réttindi Bandaríkjaþegna hér til toll- og skattfrelsis, og spurði ég þá, hvort ríkisstj. þætti ekki rétt að leggja fram þá þegar frv. til l. um þetta, er fylgt gæti samningsuppkastinu gegnum þingið, og hefði þá þegar reynt á þingfylgi þessara réttindaveitinga. Ég áleit stjórnarfarslega rétt að undirbúa samninginn með slíkri lagaheimild, en það náði ekki samþykki þá, eins og ég gerði ráð fyrir. Hin leiðin var farin, að sam-

þykkja fyrst samninginn með þáltill., er forseti þarf ekki að staðfesta, eins og kunnugt er. Hins vegar er það stjórnarskráratriði, að forseti hefur heimild til að skjóta lagafrv. undir þjóðardóm, áður en hann staðfestir þau. En það mátti ekki, og því varð endilega að samþykkja þáltill. hér og láta hana taka gildi. Till. mínum var ekki sinnt, er hún var á döfinni. En nú liggur hér fyrir lagafrv., sem á að fyrirskipa, að fyrrgreind þál. skuli í raun-inni öðlast lagagildi. Ég mótmæli því í fyrsta lagi, að slíkt frv. skyldi ekki vera látið fylgja þáltill. í gegn-um þingið, og í öðru lagi aðferðinni, sem hér á nú að hafa. Fyrsta gr. þessa frv. er alveg óhæf. Þar er fyrirskipað, að ákvæði þessa samnings, „er varða aðflutningsgjöld, útflutningsgjöld, tekjuskatt, afnotarétt fasteigna og önnur atriði, sem sérstaklega er rætt um í samningnum og varða íslenzka löggjöf", skuli hafa lagagildi hér á landi. Það á með öðrum orðum að ákveða, að ákvæði í þessum gerða samningi, sem að vísu var flausturslega gerður, skuli öðlast gildi, án þess að tilgreint sé um leið, hvaða landslögum þarf að breyta í því sambandi.

Í aths., er fylgja frv., segir um 2. gr.: „Í 9. lið samningsins frá 7. okt. 1946 segir, að eigi skuli leggja neina tolla eða önnur gjöld á efni það, útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem inn er flutt til afnota fyrir stjórn Bandaríkjanna eða umboðsmenn hennar samkvæmt samningnum eða til afnota fyrir starfslið það, sem dvelur á Íslandi vegna starfa, sem leiðir af framkvæmd samningsins". Það eru aðallega þessi tvö atriði, sem ég hef hér bent á, sem ég tel athugaverð, og svo er í 1. gr. frv. talað um „önnur atriði", sem virðast standa opin. Ég álít, að Alþingi eigi ekki að samþykkja þetta frv. og búa þar með til gat í íslenzka löggjöf, og þá allra sízt, þegar við það vald er að eiga, sem sýnt er, að verður ágengt og reynir að smjúga gegn-um íslenzk lög. Mér dettur í hug í sambandi við þá áherzlu, sem lögð var á samþykkt samningsins, að sýslumaður Gullbringusýslu hefur þegar gefizt upp við löggæzluna á flugvellinum. Þannig var þá undirbúningur þess atriðis, og skyldi það ekki verða eitthvað svipað með tollgæzluna?

Í aths. með frv., er varða 1. gr., segir m. a.: „Til þess að þessi réttindi samrýmist íslenzkri löggjöf og fái hér lagagildi, þarf að breyta hlutaðeigandi íslenzkum l. í samræmi við þetta. Hefði ef til vill verið eðlilegast að breyta hverjum einstökum l., sem samningurinn snertir, í samræmi við hann, en þar eð sú aðferð yrði of umsvifamikil, er hér farin sú leið að breyta með einum l. þeim ákvæðum íslenzkra laga, sem samningurinn snertir." Þetta er m. ö. o. þannig, að með einni þáltill. er gerð svo mikil breyt. á íslenzkri löggjöf, að of viðamikið þykir að breyta hverjum einstökum l., sem skert eru við þetta, en einfaldara að breyta þeim öllum í einu. Þetta getur ekki gengið svo til. Hvaða einstökum l. á að breyta og hvernig? Ef þetta er of umsvifamikið fyrir þá, sem búið hafa þetta frv. út, þá þarf bara að setja fleiri menn í að vinna við undirbúning slíkrar löggjafar, til þess að hægt sé að leggja fyrir þingið frv. til sérstakra l. um hvert þessara atriða fyrir sig, svo að hv. þm. viti, hvað verið er að afgreiða. En ef við eigum hér að fara að samþykkja eitthvað, sem við vitum ekki, hvað er, þá er farið að gefa víðar heimildir fyrir lagatúlkun og lagabreyt. á Íslandi, því að þetta þýddi þá það, að öllum þessum l. yrði breytt með reglugerð. Þetta nær að mínu áliti ekki nokkurri átt. Það er viðurkennt í röksemdunum fyrir þessari 1. gr., að til þess að réttindi, sem samningurinn er um, samrýmist íslenzkri löggjöf og fái hér lagagildi, þurfi að breyta viðkomandi íslenzkum l. í samræmi við þetta. Og þetta, álít ég, að þurfi að gera með sérstakri breyt. á hverjum l. fyrir sig, sem breyta á. Þyrfti þá að flytja t. d. sérstakt frv. um breyt. á ísl. tollal., annað um breyt. á skattal. og enn annað um afnotarétt á fasteignum, þannig að við hefðum ákveðinn lagabókstaf að halla okkur að í þeim efnum, sem embættismenn ríkisins þurfa að framkvæma. Ef við ætlum embættismönnum okkar að halda uppi rétti Íslendinga í þessu sambandi, þá verða þeir að hafa ákveðinn lagabókstaf til að vitna í og dæma eftir. Þess vegna álít ég það að taka of létt á málinu að segja, að það sé „of umsvifamikil aðferð" að breyta þannig hinum viðkomandi íslenzku l., því að hér er sagt í aths. við frv. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Til þess að þessi réttindi samrýmist íslenzkri löggjöf og fái hér lagagildi, þarf að breyta hlutaðeigandi íslenzkum lögum í samræmi við þetta. Hefði ef til vill verið eðlilegast að breyta hverjum einstökum lögum, sem samningurinn snertir, í samræmi við hann, en þar eð sú aðferð yrði of umsvifamikil, er hér farin sú leið að breyta með einum l. þeim ákvæðum íslenzkra l., sem samningurinn snertir."

Það hefur áður komið fram frv. af þessu tagi hér í þinginu. Menn muna eftir því, en það var ekki vinsælt. Það var hinn svo kallaði „höggormur". En það þótti ófært annað en að gerbreyta því frv. Íslenzk löggjöf er sannarlega nógu flókin, þótt ekki sé verið að gera hana flóknari með svona aðferðum. — Ég álít þess vegna, að hæstv. utanrrh., sem hefur lagt þetta frv. fram, ætti að breyta þannig til að leggja fram sérstakt frv. til l. um breyt. á hverjum einstökum l., sem ætlað er að breyta með þessu frv. Annars finnst mér ekkert við þetta frv., sem hér liggur fyrir, eins og það er, annað að gera en að fella það.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Mér þykir varla taka því að svara þessari ræðu hv. 2. þm. Reykv. Ef þetta væri ungur þm., sem hefði nú verið að halda jómfrúræðuna og hefði gaman af að hlusta á sjálfan sig, þá hefði ég skilið þetta. En af eldri þm. er þetta undarlegt hjal, eins og það væri eitthvert nýmæli á Alþ., að það stæði í l., að það ætti að breyta einhverjum l., án þess að nákvæmlega sé til tekið í þeim l., sem samþ. eru, hvaða l. á að breyta. En slíkt er ekkert nýmæli. Því að í endi laga er oft á þá leið til tekið, að samkv. þessum l. — þ. e. sem samþ. eru í það og það skiptið — skuli þau l. breytast, sem komi í bága við þau nýju l., sem verið er að setja.

Það eru til þrjár leiðir, sem hægt er að fara í svona máli. Sú fyrsta er að breyta öllum l., sem þarna koma til greina. Önnur er sú að taka þennan samning og gefa honum einfaldlega lagagildi á Alþ., eins og gert var t. d. í l. nr. 33/1933, um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samkomulagi um viðskiptamál milli Íslands og Noregs, — og eru sjálfsagt mörg fleiri dæmi fyrir því. Og svo er þriðja aðferðin, sú sem hér er farin. Ég — þótt ég beri ábyrgð á þessu frv. — hef ekki tekið ákvörðun um það, hver leiðin af þessum væri

farin, heldur embættismennirnir, sem um þetta fjölluðu. Þeim þótti þessi leið eðlilegust, og ég get fallizt á það. (**EOI:** Hún er ekki eðlilegust.) A. m. k. heppilegust. Annars mundi hún ekki hafa verið lögð til. Hún er brotaminnst og nær sama tilgangi og hvor hinna sem er.

Annars virðist mér ekki ræða hv. 2. þm. Reykv. gefa tilefni til þrætu. Ég verð að líta á hana sem leifar af mótþróa gegn því máli, sem á sínum tíma var rætt hér og var undanfari þessa frv. Um það er ekkert að segja. En hvaða form er haft í þessum efnum, getur ekki verið neitt aðalatriði, hvorki fyrir þennan hv. þm. né neinn annan.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var af misskilningi sagt hjá hæstv. utanrrh., að þeim embættismönnum, sem hafa útbúið þetta frv., hafi þótt eðlilegast að hafa þetta svo, því að þeir segja hér í aths. við frv.: „Hefði ef til vill verið eðlilegast að breyta hverjum einstökum l., sem samningurinn snertir" o. s. frv. En þeir töldu það bara „of umsvifamikið", eins og stendur einnig í aths. við frv. Hér með er því að því stefnt að breyta öllum l., sem koma í bága við hagsmuni Bandaríkjanna við framkvæmd samningsins hér á landi. Ég hélt, að sá hluti ríkisstj., sem stóð að þessum samningi við Bandaríkin, ætlaði alls ekki að hafa þess háttar aðferðir í frammi, heldur vildi hann ganga svo vel sem hægt væri frá þessum málum að fominu til.

Ég veit ekki, hvernig hæstv. forsrh. hefur hugsað sér framkvæmd á þessum l., á t. d. tollafgreiðslunni. Er það meiningin, ef þetta frv. öðlast lagagildi eins og það er, að þegar vörur koma til setuliðsins, sem er nú kallað starfslið í samningnum, á flugvellinum, þá skrifi tollyfirvöldin hér þær upp? Eða á að vera hægt að fara með slíkar vörur í gegn, án þess að þær séu skoðaðar? Ég get varla hugsað mér, að það síðar nefnda gæti verið meiningin. Og hvað er þá meiningin um allar vörur, sem eru adresseraðar til starfsfólksins ameríska á flugvellinum? Er þá meiningin, að þegar búin er tollskoðunin, þá eigi Íslendingar að hafa rétt til að ráða yfir þessu öllu saman, þannig að þeir geti neitað þeim vörum, sem þeim þykir ekki heyra undir þennan samning? Ég álít, að um þetta eigi íslenzkir embættismenn að hafa skýr lagafyrirmæli, svo að þeir geti verið öruggir um að standa á sínum rétti, þegar þeir eiga að gæta réttar landsins. Þess vegna álít ég, að hér eigi að koma sú breyt. á, að frv. til breyt. í þessum efnum verði á þá lund, sem þeir embættismenn, sem samið hafa þetta frv., hafa talið eðlilegasta, enda þótt sá háttur sé nokkru umsvifameiri. Ef svo væri breytt til, mundi sparast málarekstur og árekstrar við starfslið Bandaríkjanna, ef vel væri gengið frá þessu. Þess vegna væri rétt af hæstv. ríkisstj. að segja þeim, sem samið hafa þetta frv., að þeir skuli gera þetta á þann hátt, sem þeim að eigin dómi þykir eðlilegast, semja frv. um að breyta viðkomandi l., til þess að hæstv. Alþ. viti, hverju það á að ganga.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Þetta er að mestu leyti á misskilningi byggt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Hann heldur fram, að hér muni vera einhver mismunur á öryggi viðkomandi ákvæðum þessa samnings eftir því, hvort ein leið er farin eða önnur í að lögfesta ákvæði hans. Ég hygg líka, að hv. 2. þm. Reykv. hafi ofmælt í fyrri ræðu sinni, er hann sagði, að sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði gefizt upp við löggæzlu á flugvellinum. *Ég veit ekki annað en að þar sé framkvæmd löggæzla og tollgæzla.* En hverjir það framkvæma — ég hef ekki skoðað eyrnamarkið á þeim svo nákvæmlega, *en þeir eiga að hafa gát á því*, að tollskrá allar vörur, sem til flugvallarins eru fluttar, líka þær, sem þessir menn, sem þarna vinna, eiga að *fá til sinna þarfa*. Það er sjálfsagt. En það er þessu máli óviðkomandi.

En það gildir sjálfsagt nákvæmlega það sama, hvað öryggi okkar Íslendinga snertir, hvort ein leið er farin eða önnur í því, sem hér er um að ræða, lögfestingu á því, sem frv. fjallar um. Og ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. gerir sér þetta ljóst nú, eftir þessar umr., ef honum hefur ekki verið það ljóst í öndverðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 : 4 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 26. og 29. fundi í Nd., 28. og 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 2. des., var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Nál. minni hl. er ekki komið fram, og tel ég ekki eðlilegt að taka málið fyrir, fyrr en það er komið.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 3. des., var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. — Það situr enn við það sama, að nál. minni hl. er ekki komið fram, en mér er tjáð, að það sé komið í prentun, og sýnist mér því eðlilegast að bíða þess.

Forseti (BG): Að gefnum þessum upplýsingum er umr. um málið frestað.

Síðar á fundinum var málið tekið af dagskrá, og svo fór enn á 32. og 33. fundi deildarinnar, 4. og 6. des.

Á 34. fundi í Nd., 9. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 81, n. 137 og 174).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. er afleiðing af samningnum, sem gerður var við Bandaríki Norður-Ameríku á s. l. hausti. Nokkur atriði í samningi þessum eru þannig, að þau tilskilja útlendingum nokkur sérréttindi, og þarf því að löggilda þau samningsatriði. Skoðanamunur hefur komið fram um þetta mál hér á Alþ., og skilar fjhn. áliti í tvennu lagi, og vil ég fara nokkrum orðum um sjónarmið meiri hlutans.

Það hafa áður verið gerðir samningar, þar sem sumum atriðum hefur þurft að veita lagagildi, og hafa þá sýnzt þrjár leiðir fyrir hendi. Venjulegasta leiðin er sú að heimila ríkisstj. að láta samningana öðlast lagagildi. Nú er hins vegar farin sú leið, að aðeins sé veitt lagagildi þeim ákvæðum, sem snerta ísl. löggjöf, og styður meiri hl. fjhn. þetta. Þriðja leiðin hefur svo komið fram í áliti minni hl. fjhn.,

sem vildi láta gera sérstaka grein fyrir því, hvaða íslenzk lög þessi atriði snertu. Meiri hl. fjhn. lítur hins vegar svo á, að hin leiðin sé öruggari, þar sem hún nær yfir allt, sem fram kann að koma, sbr. 1. gr., þar sem ýmisleg atriði eru upptalin, en síðast er svo „og önnur atriði". Ef upptalning er ekki tæmandi, þá kemur það, sem á skortir, undir „önnur atriði", og er þar með tryggt, að l. nái til allra atriða, sem fram kunna að koma, þau er snerta íslenzka löggjöf. Þótt það sé ekki alveg ljóst, hvaða l. koma undir þessi önnur atriði, má þegar sjá sum þeirra. Nefni ég sem dæmi l. um flugför frá 1929, þar sem sett eru þau ákvæði, er ekki samrýmast sumum atriðum í samningnum við Bandaríkin. Þá koma einnig þar undir l. um útlendingaeftirlit, því að það væri brot á samningnum, ef neita ætti öllum Bandaríkjamönnum um landvistarleyfi. En frv. getur ekki takmarkað samninginn neitt, án þess að um brot á samningnum væri að ræða. Aðalatriði frv. eru skýr og ljós. Meginákvæðin eru um tolla- og skattamál, og verða þar gildandi l. að víkja, og í 2. gr. eru sett ströng ákvæði um ólöglega varningsmeðferð, sem um gæti verið að ræða.

Læt ég svo útrætt um þetta, en lýsi yfir, að meiri hl. fjhn. er frv. samþykkur.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. — Ég gat þess í sambandi við afgreiðslu samningsins við Bandaríkin, að ég áliti, að ekki væri löglega frá honum gengið, þar sem hann var undirritaður, áður en þau atriði, er varða íslenzk l., höfðu fengið lagagildi. En samningurinn var samt sem áður undirritaður, án þess að atriðum þessum hefði verið veitt lagagildi af þinginu, og nú liggur hér fyrir að löggilda atriði þessi, og getur þingið auðvitað gert það, sem því sýnist, en vitanlega kemst ríkisstj. í vandræði, ef öllum atriðunum er ekki veitt lagagildi. Ég álít, að nauðsyn beri til þess, að skýrt og greinilega komi í ljós, hver réttur Íslendinga sé og hvaða vald við höfum viðvíkjandi þessum samningi, sem er bæði tvíræður og illa gerður og gefur því tilefni til árekstra og skoðanamunar. Það er tvennt ólíkt fyrir dómara, hvort hann stendur á ótvíræðri lagasetningu eða hann hefur við ekkert að styðjast nema eigin túlkun á vafasömu atriði, og Alþingi má ekki smokka fram af sér þessum vanda yfir á herðar dómaranna.

Það virðist hafa vakað fyrir þeim, er sömdu frv. þetta, að þeim þætti rétt að þetta væri skýrt og ótvírætt, en fannst það bara of umsvifamikið að ganga þannig frá því, að l. yrðu ótvíræð. En ef hver einstakur dómari eða ráðh. á að túlka samningsatriði eftir sínu höfði, getur það leitt til vandræða og árekstra, og því verður Alþingi að taka af allan vafa, og má ekki gæta við afgreiðslu þessa frv. sömu hroðvirkninnar og við afgreiðslu samningsins sjálfs. Það er augljóst, að heppilegra er að hafa sérstök lög um hvert einstakt atriði, sbr. 10. gr., en af henni virðist vera ótvírætt, að ekki megi leggja tekjuskatt á tekjur starfsmanna Bandaríkjanna hér, þ. e. a. s. þær tekjur, sem þeir hafa af störfum, er leiðir af framkvæmd samningsins. En þar af leiðir, að þeir hljóta að greiða tekjuskatt af tekjum, sem þeir fá af öðrum störfum, og enn fremur, að þeir séu útsvars- og framtalsskyldir, þar eð þeir samkvæmt túlkun samningsins heyra undir íslenzk l. En á þessu atriði hefur komið fram skoðanamunur í fjhn., þar sem jafnvel hefur verið talið, að þeir væru ekki eignarskatts-, framtals- og útsvarsskyldir. En ef slíkur skoðanamunur kemur fram innan sjálfs Alþ., hvað mun þá verða hjá dómurum úti um land og alls konar embættismönnum? Um „önnur atriði" urðu nokkrar umr., og hefur því verið haldið fram, að þar undir heyrðu l. um útlendingaeftirlit. Ég álít hins vegar, að þau geri það ekki, og heyrðist mér á hv. frsm., að dómsmrh. hefði vald til að neita öllum Bandaríkjamönnum um landvistarleyfi, en það væri bara brot á samningnum, en fá verður hans leyfi í hvert sinn, sem Bandaríkjaþegn vill fá landvist. Þetta atriði þarf því að koma greinilega fram. En eins og áður er sagt, þótti þeim, er þetta frv. sömdu, of umsvifamikið að setja l. um hvert einstakt atriði. Væri þá hægt að setja seinna nánari ákvæði með reglugerð. En þar sem víst má telja, að sömu aðilar og sömdu frv. munu einnig semja þá reglugerð, hlýtur sú spurning að koma fram, hvort þeim finnist ekki þá, er þeir eiga að semja reglugerðina, jafnumsvifamikið að taka skýrt fram um hvert einstakt atriði. Alþ. má því ekki skjóta sér undan þeirri ábyrgð að ganga vel og skilmerkilega frá þessu, og það verður að sjá til þess, að þau atriði, er undanskilin eru í íslenzkum l., séu tekin upp í l. á skýran og greinilegan hátt. Það mundi fást, ef mín rökst. dagskrá yrði samþ., því að þá gætum við síðar rætt um hvert einstakt atriði og gengið svo frá þessum l., að allir vissu, við hvað væri átt. Ég held, að það sé heppilegasta leiðin til að losna við hvers konar skoðanamun og árekstra. Ég vona því, að d. samþykki dagskrártill. mína.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem ég vildi fara um nokkrum orðum. Hann talaði um þessi „önnur atriði" og vék að því, hvort l. um eftirlit með útlendingum gætu fallið undir „önnur atriði" í upptalningu 1. gr. frv., og hér væri því um undanþágu frá ákvæðum þeirra l. að ræða. Til þess að svo væri, þyrftu ákvæði samningsins við Bandaríkin að varða efni þessara l., sbr. 1. gr. frv. Ég fæ ekki séð, að svo sé, og hv. frsm. minni hl. lagði áherzlu á, að utanrrh. hefði sérstaklega tekið fram við umr. um samningsuppkastið, að svo væri ekki. Ég vék aðeins að því í fyrri ræðu minni, að það mundi geta leitt til samningsrofa, ef ráðh., sem með þau mál fer, neitaði öllum þegnum Bandaríkjanna um dvalar- og atvinnuleyfi til þeirra starfa, sem samningurinn tekur til. Hitt er ótvírætt, að hér er ekki um að ræða samkv. þessu frv. neinar undanþágur frá efni l. um útlendingaeftirlitið.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. — Ég skildi ekki framsm. meiri hl., að þetta mál heyrði ekki undir né kæmi í bága við l. um útlendingaeftirlitið. Við getum komið í veg fyrir það, að íslenzk stjórn rjúfi samninga, en við getum ekki neitað þessum 600 mönnum um landvistarleyfi, þar sem þeir hafa það þegar samkv. íslenzkum l. Þetta vona ég, að geti verið skilningur okkar beggja.

Annað atriðið, tekjuskattinn, kom hv. þm. ekki inn á, né loftleiðasamninginn frá 1929. Þetta er annað vafaatriðið, og væri nær að láta embættismenn ríkisins fjalla um þetta og leggja till. fyrir

Alþ. Ég legg svo til, að mín rökst. dagskrá verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 35. og 36. fundi í Nd., 11. og 12. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 174 felld með 20:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, EOl, LJós, SG.
nei: SK, SkG, StJSt, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, PO, SB, SEH, BG.
GÞG, PÞ greiddu ekki atkv.
9 þm. (StgrSt, ÁÁ, FJ, GTh, HermG, JJ, KTh, ÓTh, SigfS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Þegar þessi samningur við Bandaríki Ameríku, sem hér er til umr., var til meðferðar hér á hæstv. Alþ., greiddi ég atkv. gegn honum, vegna þess að ég taldi hann óheppilegan í ýmsum atriðum. En þar sem samningurinn var gerður með samþykki meiri hluta Alþ., þá tel ég, að það verði vitanlega að framkvæma hann. Og þar sem ég tel það viðunandi aðferð, sem gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir, þá greiði ég atkv. gegn dagskrártill. og segi nei.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég var andvígur flugvallarsamningnum við Bandaríkin og þar á meðal þeim ákvæðum hans, sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta. Mér væri því skapi næst að segja nei við frv. Hins vegar á hér aðeins að vera um að ræða staðfestingu á ákvæðum í milliríkjasamningi, sem þegar hefur verið gerður og ekki verður breytt að svo komnu, og má því segja, að um formsatriði eitt sé að ræða, sem ekki verði hjá komizt. Ég tel heppilegra að lögfesta þau atriði samningsins, sem sérstakrar lögfestingar þurfa, með einum l., en setja ekki sérákvæði í mörg l. þann stutta tíma, sem ég vona, að samningurinn verði í gildi. Á hinn bóginn tel ég brýna nauðsyn bera til, að þessi einu l., sem lögfesta ákvæði samningsins, séu alveg sérstæð, þannig að enginn vafi sé á því, hvað séu l. hér á landi að þessu leyti og hvað ekki, og þannig ætti að vera hægt að hafa þau. Þess vegna get ég ekki fylgt dagskrártill. hv. minni hl. fjhn. — Frv. því, sem hér liggur fyrir, er þó ábótavant í þessu tilliti. Af þessum ástæðum get ég heldur ekki fylgt því. Ég mun því ekki greiða atkv., hvorki um dagskrártill. né um frv.

Helgi Jónasson: Með tilvísun til grg. hv. þm. V-Húnv. segi ég nei.

1. gr. samþ. með 19:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 : 3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 : 3 atkv.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, EmJ, GSv, GTh, HB, IngJ, JóhH, JörB, PO, SB, SEH, SK, StJSt, BG.
nei: EOl, KTh, SigfS, SG.
GÞG, HelgJ, PÞ, StgrSt greiddu ekki atkv.
13 þm. (BÁ, EystJ, FJ, GÞ, HÁ, HermG, JPálm, JS, JJ, LJós, ÓTh, SkG, ÁkJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Með tilvísun til grg. minnar við 2. umr. málsins greiði ég ekki atkv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 235 og 238).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, LJóh, SÁÓ, ÁS, KJJ, GJ, GÍG, ÞÞ.
nei: PZ, HV.
7 þm. (HermJ, PM, StgrA, BSt, BK, BrB, EE) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Þetta frv. er, eins og kunnugt er, í sambandi við samning þann um afnot af flugvellinum í Keflavík, sem gerður var við Bandaríkin á síðasta þingi. Þar var kveðið svo á, að þeir erlendir menn, sem hér eiga að dveljast til að vinna á flugvellinum, hafi sérlög hvað snertir skatta- og tollagreiðslur.
Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur farið í gegnum Nd. og að því er virðist verið samþ. þar án breyt. Því var vísað hér til fjhn., en hún er þannig skipuð, að í hana vantar einn af nm. Hann varð að fara af þingi, þegar málið kom til n., og því var ekki hægt að fá samþykki hans, en um hina fjóra nm. er það að segja, að þrír hafa fallizt á að leggja til, að málið verði afgr. óbreytt, en einn nm., 8. landsk., skilar sérstöku áliti og leggur til, að málinu sé vikið frá með rökst. dagskrá, eins og þar segir. Minni hl. álítur, eftir nál. að dæma, frv. ekki nógu greinilegt og álítur, að gera þyrfti breyt. á öllum þeim skatta- og tollal., sem hér koma til greina.
Ég get ekki verið sammála hv. þm. Í 1. gr. er getið, að nánari ákvæði megi setja í reglugerð, og leiðir það af sjálfu sér, að framkvæmd á hverju atriði yrði tekin fram í reglugerðinni, og er það

betra en að tína allt upp í lagaformi. Ég sé svo ekki ástæðu til frekari málflutnings, nema tilefni gefist til. Þetta er aðeins einn liður í stóru samkomulagi, sem meiri hl. Alþ. samþykkti, en þeim, sem voru á móti því, finnst ef til vill, að þeir þurfi að greiða atkv. gegn þessu líka. En úr því sem komið er, að sáttmáli þessi er gerður og það liggur fyrir að koma á löglegri samþykkt, og það er gert með þessu frv., þá leggur meiri hl. fjhn. til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. — Eins og hv. frsm. minntist á, hef ég ekki getað orðið sammála meiri hl. n. um afgreiðslu þessa máls, og hann gat að nokkru þeirra atriða, sem ósamkomulag varð um. Því verður ekki neitað, að í sambandi við ýmis ákvæði eru allveigamiklar breyt. á íslenzkum tolla- og skattal., og hvað sem því líður, hvort menn hafa verið á móti samningnum, þá kemur það ekki málinu við. Hinu verður ekki neitað, að bezt er að ganga sem skýrast frá því í íslenzkum l., sem ágreiningi gæti valdið. Það kemur fram í aths., að þeim, sem sömdu frv., var ljóst, að betra væri að breyta hverjum þeim íslenzkum l., er samninginn snerta, en þeir segja, að það sé of umsvifamikið, og er það einkennileg röksemdafærsla. Má vera, að það hefði kostað meiri undirbúning, en þar sem nauðsyn krefur, ber ekki að horfa í þá vinnu, sem því fylgir. Það var rétt hjá hv. þm. Vestm., að samningurinn hefur verið gerður, og getur þetta þing ekki breytt því. Annað mál er það, að það, sem þetta þing getur gert, er að tryggja, að sem minnstir árekstrar verði í framkvæmd samningsins, en það er ekki tryggt í þessu frumvarpi.

Í 9. lið samningsins frá 7. okt. 1946 segir, að ekki megi leggja neina tolla eða önnur gjöld á útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem flutt er inn til afnota fyrir Bandaríkjastjórn eða til afnota fyrir starfslið það, sem hér dvelur vegna starfa, sem leiðir af framkvæmd samningsins. Hér virðist vera smuga á tollalöggjöfinni, sem getur skapað smygl. Í Nd. var þetta rætt ýtarlega, og varð þar ágreiningur um þetta og sömuleiðis um skattfríðindin. Það kemur t. d. fram í 10. gr., að eigi skal leggja tekjuskatt á það starfslið, sem hefur störf á hendi fyrir Bandaríkjastjórn á flugvellinum, en vel má vera, að þetta lið vinni eitthvað utan síns starfa, þá ber að athuga það, að þeir eiga að vera skatt- og útsvarsskyldir fyrir þau störf. Um þetta eru mjög ófullnægjandi upplýsingar hjá þeim, sem sömdu þetta frv. Ef til árekstra kemur, þá á úrskurðarvaldið að vera hjá Íslendingum, og væri það rangt af Alþ. að sleppa að lögfesta þetta svo skýrt, að ekki þurfi að vera á valdi dómaranna, sem gætu túlkað málið hver á sinn veg. Enn fremur get ég ekki séð, að það séu frambærileg rök, að of umsvifamikið sé að breyta l. Þess vegna legg ég til, að mín rökst. dagskrá verði samþ.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. — Það var út af ummælum hv. síðasta ræðumanns um löggæzlu og í hvern vanda dómarar kæmust, ef þessi l. væru samþ., að ég vildi segja nokkur orð um þetta atriði, þar sem mér er málið skylt sem löggæzlumanni í því umdæmi, sem flugvöllurinn er í.

Ég hef orðið var við hjá þeim, sem voru á móti samningnum, að það mundi skapa mikinn vanda fyrir íslenzka löggæzlumenn, þegar þessi l. kæmu til framkvæmda, og margir árekstrar mundu verða vegna vafaatriða og ónákvæmni. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir, hver þessi vandi væri, og þótt ég hafi hlustað vandlega, hef ég ekki orðið var við, að sá ótti sé á rökum reistur á nokkurn hátt. Mér virðist nú, að þetta liggi svo ljóst fyrir sem frekast má verða. Það er greinilegt, að grundvöllurinn er sá, að Íslendingar hafa tekið við löggæzlu á flugvellinum á sama hátt og annars staðar á landinu. Þess vegna geta ekki orðið árekstrar á þeim grundvelli, að vafi sé á því, hvort starfssvið Íslendinga sé það sama þar og annars staðar á landinu, og einmitt á þessum grundvelli hefur löggæzlan og tollgæzlan verið byggð. Ég heyrði í Nd. og sá í blöðum, að löggæzla okkar og tollgæzla mundi verða ófullkomin og nafnið eitt. Mér er kunnugt um, af því að ég hef tekið þátt í undirbúningi varðandi þetta atriði, að löggæzlan og tollgæzlan verður einmitt „effektivari" þar en annars staðar. Þarna verður sérstök lögregla og tollgæzlumenn og útlendingaeftirlit. Síðar meir, þegar setuliðið fer, verður lögreglumönnum mjög fjölgað og verður fjölmennari löggæzla en annars staðar. Þess gerist líka þörf, þar sem búast má við, að þar verði á ferð margir útlendingar. Ég fullyrði, að einmitt frá þessu er mjög vel gengið. Einnig á að koma upp sérstöku útlendingaeftirliti og sérstakar ráðstafanir gerðar í sambandi við tollgæzlu. Og sá undirbúningur undir þá hlið málsins er á þá leið, að allar flugvélar, sem setjast á flugvöllinn og fara þaðan, eru háðar íslenzkri löggæzlu, og ef þær verða veðurtepptar, þá verður farið með þær líkt og skip, að farangurinn verður innsiglaður og ekki leystur fyrr en við brottför, og er þannig smygl útilokað. Hvað varðar allan varning, þá skal hann fara í gegnum hendur íslenzkra tollgæzlumanna. Verður nákvæmlega fylgzt með þessu og öflug tollgæzla höfð til að fyrirbyggja smygl. Í sambandi við þá undanþágu þurfa engir árekstrar að koma til greina, og Bandaríkjamenn fá ekki aðrar vörur tollfrjálsar en þær, sem heimilt er samkv. samningnum. Ég sé ekki að betra sé að breyta hverjum einum l., því að í frv. eru alveg skýrar línur og beinar línur fyrir tollgæzluna. Ef mætti láta vörur í ákveðnu augnamiði, yrði að setja nánari reglugerð um það.

Það er rétt, að fram komi, hvaða ráðagerðir eru í sambandi við toll- og réttargæzluna á flugvellinum, þar sem andstæðingar hafa haldið fram, að þetta væri ekki nema nafnið eitt. Ég vil undirstrika, að þetta fer fjarri sanni, og eru gerðar ráðstafanir um strangt eftirlit og fullkomnari gæzlu en annars staðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Ed., 20. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 238, frá minni hl. fjhn., felld með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: ÁS, PZ.

nei: KJJ, EE, GJ, GÍG, JJós, LJóh, PM, SÁÓ, ÞÞ.

HV greiddi ekki atkv.

5 þm. (BSt, BK, BrB, HermJ, StgrA) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Ég fellst á það, sem stendur í aths. við þetta frv., að það hefði verið eðlilegast að breyta hverjum einstökum l., sem samningurinn snertir, en hins vegar játa ég, að það væri óviðkunnanleg skreyting á íslenzkum l., ef það þyrfti að setja þá klásúlu við fjöldamörg íslenzk l., að ákvæði þeirra væru ekki látin gilda vegna þessa samnings. Í haust var svo látið heita, að þessar undanþágur og sérréttindi væru mjög smávægileg, en nú kemur í ljós, að þau eru mjög umfangsmikil. Ég fellst ekki á, að það beri að láta undir höfuð leggjast að breyta öllum l., en þar sem það þætti óviðkunnanleg skreyting að hafa slíka klásúlu á fjölda l., þá tel ég, að það eitt geti réttlætt þetta. Ég mun því, úr því að ekki hafa komið till. um ákveðnar breyt. á hverjum einstökum l. fyrir sig, sem ég hefði talið bezt viðeigandi, sitja hjá við atkvgr.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GJ, JJós, LJóh, PM, SÁÓ, KJJ, ÞÞ.
nei: PZ, ÁS.
HV greiddi ekki atkv.
6 þm. (BrB, GÍG, HermJ, StgrA, BSt, BK) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 259).

---

6. Heimilisfang.

Á 9. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang (stjfrv., A. 62).

Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 124).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Eyf. (GÞ), sem var kjörinn frsm. þessa máls, hefur tjáð mér, að hann geti ekki mætt hér í upphafi fundar, og bað hann mig fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum.

Hér er um að ræða stjfrv., þar sem lagt er til, að fulltrúum Íslands erlendis í íslenzkri þjónustu þar við sendiráð eða á ræðismannsskrifstofum sé lögfestur réttur til að hafa heimilisfang sitt á Íslandi þrátt fyrir vist sína erlendis. Hér er ekki um annað að ræða en að lögfesta þá reglu, sem viðtekin er í alþjóðarétti, að þeir fulltrúar ríkis, sem erlendis dvelja í þjónustu þess við sendiráð og ræðismannsskrifstofur, skuli halda búsetu sinni og heimilisfangi í heimalandinu. Það er talið, að sendiráð hvers ríkis sé hluti af jörð þess ríkis, þótt erlendis sé. Okkur í allshn. virðist sjálfsagt að fallast á þetta og skipa þessu í lagaform, þeirri reglu, sem annars er fylgt og framkvæmd er alls staðar, jafnvel þótt hún sé ekki lögbundin. — Að öðru leyti er ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál, en ég vænti þess, að það megi áfram ganga í þessari hv. d.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég bjóst við framsögu, en sé, að svo er ekki, og vil ég því beina nokkrum orðum til n.
Þau l., sem þessi breyt. á við, frá 1936 eru bæði óljós og ófullkomin og þurfa mikilla breyt. við. Þetta er vitanlegt öllum og fyrst og fremst þeim, sem fást við manntal. Þegar gert er reglulegt manntal á 10 ára fresti, koma alltaf fram nokkur hundruð manns, sem ekki fyrirfinnast í hinum árlegu sálnaregistrum prestanna.
Skattanefndirnar vita, að á hverju ári eru nokkrir tugir, sem sleppa við öll gjöld, af því að þeir eiga hvergi lögheimili. Mig undrar, að ríkisstj. skuli ekki koma því í kring að breyta þessum l. svo að gagn sé að.
Nú situr n., sem á að athuga útsvarslögin. Það var haft við orð í fyrra, að óhjákvæmilegt væri að breyta l. um heimilisfang, og bjóst ég því við, að hér væri eitthvað það á ferðinni, sem gagn væri að, og ég vil beina því til ríkisstj. og fá að vita, hvort ríkisstj. ætlar ekki að láta n., sem endurskoðar útsvarslögin, einnig endurskoða l. um heimilisfang, til þess að það sé tryggt, að allir eigi einhvers staðar heima og taki þátt í þeim byrðum, sem þjóðfélagið leggur þeim á herðar, og njóti þess réttar, sem það veitir. En ef n. fær ekki þetta verkefni, þá vil ég beina því til þeirrar þingnefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, að gera þær breyt. á þessum l., sem gera þarf og allir eru sammála um, að gera þurfi, til að tryggja það, að allir eigi einhvers staðar heimili. Ég vil, að

n. athugi þetta. En æskilegast væri, að mþn. fengi þessi mál til meðferðar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér fannst hv. þm. undrast, að ég skyldi ekki hafa framsögu með þessu frv., en efni þess er svo auðskilið, að ég taldi þess ekki þurfa.

Samkomulag var í Nd. að styðja að framgangi þessa máls.

Frv. fer fram á, að þeir starfsmenn ríkisins, sem dveljast erlendis, skuli eiga heimili hér á landi. Hitt er svo annað mál, hvort l. um heimilisfang eru gölluð, en um það er ekki sagt neitt hér. Og eins og ég sagði, vænti ég, að ekki þurfi að vera neinn ágreiningur um, að þessir starfsmenn ríkisins skuli vera skráðir í Reykjavík, nema þeir hafi tilkynnt sig heimilisfasta á öðrum stað. Viðvíkjandi hinu atriðinu, sem hv. þm. benti á, að l. um heimilisfang þyrftu að endurskoðast, hef ég hugmynd um, að sú endurskoðun hafi að einhverju leyti farið fram. Ég hef ekki haft ástæðu til að setja mig inn í það mál, en mun gera það, ef óskað er, og vona, að það þurfi ekki að hindra framgang þessa litla lagafrv., og vænti þess, að það gangi í gegnum d. og fari síðan til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 288).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forseti (ÞÞ): Hv. frsm. máls þessa, hv. 10. landsk. þm. (BBen) er enn ekki kominn, en ég hygg, að ekki sé nauðsynlegt að fresta afgreiðslu málsins af þeirri ástæðu, og ef einhver hv. allshnm. vildi reifa málið í hans stað, er honum að sjálfsögðu frjálst að taka til máls.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt að beiðni utanrrn., og er bréfið, var sem ráðuneytið fer fram á flutninginn, og rökin, sem færð eru fyrir honum, prentuð í aths. við lagafrv. á þskj. 62.

Allshn. hefur haft mál þetta til athugunar og var sammála um, að nauðsyn bæri til þess, að starfsmenn utanrrn., sem erlendis starfa á vegum þess, hafi ákveðna heimilisfestu hér á landi, og væri þá rétt, að hún væri í Reykjavík, nema þeir hefðu sjálfir tilkynnt og óskað heimilisfestu á öðrum stað. Þessa undantekningu hefur n. gert á frv. sem breyt. og kemur hún fram á þskj. 288. Ég vil benda á, að þetta er nauðsynlegt fyrir þessa starfsmenn, til þess að þeir geti verið teknir á kjörskrá og missi ekki að öðrum kosti kosningarétt og kjörgengi. Annars er það venja í viðskiptum þjóða á milli, að menn, sem falið er að gegna störfum erlendis við sendiráð og ræðismannsskrifstofur, teljist heimilisfastir í heimalandinu, en búseta þeirra í dvalarríkinu ekki skoðuð sem heimilisfesta.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að með þessari lagabreyt. er verið að lappa upp á lagasetningu, sem margar breyt. þarf að gera við. Ég tel, að á hverju ári séu a. m. k. 300 til 400 manns, sem ríkisskattan. veit ekkert um, hvar hafi heimilisfestu, og bera því engin opinber gjöld. Ég benti líka á það, að ákvæðin í lögunum eru svo óljós um heimilisfestu manna, að ekkert gagn er hægt að hafa af þeim, þegar á að skipta útsvörum eða ákveða, hvar útsvar skuli greiða. Þess vegna bað ég hv. allshn., þegar hún fékk þetta frv. til meðferðar, að gera gagngerða endurskoðun á þessari lagasetningu, og þar eð lítið er um þingstörf um þessar mundir, að leggja þá vinnu í þetta mál að gera frv. um þessi efni, sem gagn væri í. Hv. frsm. allshn. er hér enn ekki mættur, en í hans stað hefur hv. þm. Seyðf. (LJóh) hlaupið í skarðið, og minntist hann ekki einu orði á það, hvort hv. n. hefði tekið þessar óskir mínar til greina. Ef n. hefur ekki tekið þær til athugunar, vildi ég fá að vita, hvers vegna það hefur ekki verið gert og hvort henni finnst þessi lagasetning svo ágæt, að nú bæri aðeins að gera þennan viðauka við l., eða hvort hún hafi haft svo mikið að gera á þessu þingi, að hún hafi ekki séð sér fært að leggja vinnu í að gera frv. um breyt. á þessum l., sem ég tel nauðsynlegar.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki mikið um þetta mál að segja, þar eð það liggur ákaflega einfalt og augljóst fyrir. Það hefur hér verið borið fram lagafrv., sem allshn. mælir með, að samþ. sé með lítilfjörlegri orðabreyt., þar sem fært er til betra máls frá því, sem upphaflega var lagt til. Ég sé ekki, að inn í þetta þurfi að blanda ásökunum á n. fyrir það að hafa ekki tekið að sér það hlutverk að semja breyt. við þessi l., sem einhverjum manni hefur einhvern tíma dottið í hug, að æskilegt væri að semja. Þeim, sem hafa um þetta ákveðnar hugmyndir, er að sjálfsögðu heimilt að koma þeim á framfæri við n., og síðan er það hlutverk hennar að taka þær til athugunar, en einstakir þm. geta hins vegar ekki ætlazt til þess, að n. taki af þeim ómakið og semji fyrir þeirra hönd breyt. á nýju frv., sérstaklega þar sem hv. 1. þm. N-M. á hlut að máli, því að vitanlega erum við ekki menn til að fara í skóna hans, svo að það yrði hálfgert athlægi, sem frá okkur kæmi, miðað við það, að hann sjálfur tæki sér penna í hönd og setti á pappír sín hugarfóstur.

ATKVGR.

Brtt. 288 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 293).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér væri endursent frv., eftir 3. umr. í Ed.

Á 58. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 322).

7. *Tekjuskattsviðauki 1947.*

Á 4. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1947 (stjfrv., A. 36).

Á 5. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Það er allt hið sama að segja um þetta frv. og það, sem er næst á undan á dagskránni. Ríkissjóði mun ekki verða vanþörf á þessum tekjum, fremur en á undanförnu ári, og vænti ég því, að hv. þdm. fallist á að láta þetta ganga í gegn. Legg ég svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 49).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Fjhn. hefur athugað frv. og leggur til, að það sé samþ. óbreytt. Ég þarf ekki að gera ýtarlega grein fyrir þessu áliti, enda er málið þrautrætt áður. Með þessu frv. er verið að löggilda tekjuskattsviðauka, sem gilti á síðasta ári. Þegar þetta var upphaflega borið fram, þótti skattur þessi nauðsynlegur, og hefur engin sú breyt. orðið á afkomu ríkissjóðs, sem réttlæti, að úr þessum skatti sé dregið. Enginn vafi er því á, að ríkissjóður þarf á þessu gjaldi að halda, en þá er bara spurningin, hvort ekki megi afla þess á einhvern annan hátt. En fjhn. sá ekki ástæðu til þess að fara inn á aðra braut og leggur til, að frv. verði samþ.

Gísli Jónsson: Ég bendi aðeins á, að samkv. því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, þarf 10 millj. til að fá hallalaus fjárlög. Auk þess er gert ráð fyrir 22 millj. króna óhagstæðum greiðslujöfnuði. Nú geri ég þá fyrirspurn til ráðh. og form. fjhn., hvort ekki væri rétt að láta málið bíða, þar til séð er, hvort ríkissjóður þarf á þessu fé að halda. Enda verður það ef til vill eitt af verkefnum þessa þings að umsteypa öllum skattalögunum. Hér er nú starfandi ráðh., sem hefur fengið lausn, og vitum við ekki, hver eftirmaður hans verður, og vil ég því stöðva þetta mál, þar til fjáröflunarmál ríkisins yrðu tekin fyrir í heild, enda er frv. upphaflega aðeins til bráðabirgða.

Fjmrh. (Pétur Magnússon). Þetta mál hefur ekki verið mikið deiluatriði, og skal ég taka það fram, að ég legg enga áherzlu á að hraða þessu máli. L..gilda til áramóta, og þarf því ekki endilega að endurnýja þau strax. Það er rétt, að skattalögin þarf að taka fyrir, og eru þá ef til vill til fleiri fjáröflunarleiðir en þessi. En mér finnst alveg óhætt að afgreiða málið til Nd. og láta það þá bíða þar allt fram í desember, eða þar til séð verður um breyt. á skattalögunum.

Gísli Jónsson: Ég þakka undirtektir ráðh., en jafnvel þótt frv. yrði ekki samþ. fyrr en í marz, vil ég fresta því, af því að það verkar á tekjur ársins 1946. Ég vil ekki, að málið gangi til Nd., og bendi á, að ef það er ekkert deiluatriði, þá er hægt að fá það samþ. á 2—3 dögum. Þetta frv. hefur ekki verið vinsælt og hefur komið mjög ranglátlega niður, enda hafa menn aðeins sætt sig við það til bráðabirgða. Tel ég, að fresta beri þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Ed., 27. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þegar þetta mál var hér síðast til umr., var því frestað af þeim orsökum, að óskað var eftir yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um það, hvort væntanlegar væru breyt. á tekju- og eignarskattslögunum almennt. Ég vildi því óska eftir, að hæstv. forseti vildi nú fresta þessu máli, unz ráðh. hefur gefið d. upplýsingar um, hvað fyrirhugað er í þessum efnum. Ég sé nú raunar, að hæstv. ráðh. er að koma hér inn í d. Ef hugsað er sem svo, að þetta sé eina breyt., sem fyrirhuguð er að sinni á skattalögunum, þá gera hv. dm. að sjálfsögðu upp við sig, hvaða afstöðu þeir taka til málsins. En verði skattalögin almennt tekin fyrir á þessu þingi og þeim breytt, þá væri eðlilegra að fella þennan hækkandi tekjuskattstiga inn í það frumvarp.
Nú er verið að ráðgera innköllun vegna skattsvika, sem eru þá bein afleiðing af því, að hert hefur verið um of að skattgreiðendum, svo að þeir hafa fremur tekið á sig áhættuna af þeirri vanvirðu að svíkja undan skatti en lúta þeim lögum, sem þeir hafa aldrei viðurkennt. Og það er vafasamt að ríkið haldi uppi lögum, sem leiða til þessara miður heiðarlegu aðferða. Ég mælist til þess, að þetta frv. verði tekið út af dagskrá, ef ekki kemur yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. varðandi breyt. á skattalögunum almennt og hvað sé fyrirhugað í þeim efnum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég get verið hv. þm. Barð. sammála um það, að skattaálögur eru háar, og sjálfsagt meðfram af því, hve sköttum er hlíðarlaust beitt, grípa menn til óyndisúrræða. Viðvíkjandi því, að ég gefi yfirlýs-

ingu um það, sem verði gert eða ekki gert í þessum efnum, vil ég taka fram, að þetta frv. er lagt fram af fyrrv. ríkisstj., og mér er tjáð í ráðuneytinu, að skattayfirvöldin hafi lagt sínar línur þannig, að reiknað væri með samþykkt þessa frv. Af þeirri ástæðu er þegar nauðsynlegt, að það nái fram að ganga, og um hitt, að ríkið megi ekki missa þessar tekjur, er hv. form. fjvn. mér eflaust sammála. Nú er þetta frv. hér til 3. umr. Hver úrræði kunna að verða til tekjuöflunar yfirleitt, um það vil ég ekkert fullyrða að svo komnu máli. En hver sem þau kunna að verða, er í sjálfu sér hættulaust að láta málið ganga til Nd. Þar þarf það að fara í gegnum þrjár umr., áður en það verður að l., og ég vildi mælast til þess, að hv. þm. Barð. félli frá kröfu sinni um að stöðva málið, þótt ég gefi ekki yfirlýsingu um stefnuna almennt. En að því slepptu, vildi ég fara fram á það við hv. dm., að þeir létu málið nú ganga til Nd., því að það er trúa mín, að bæði af skattteknískum ástæðum og vegna þarfar ríkissjóðs sé full þörf á, að málið verði samþ. í þessu formi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með þessu frv., en mun greiða atkv. á móti því. Með því vil ég undirstrika þá skoðun mína, sem ég hef látið hér í ljós við tvær umr. málsins. Hæstv. fjmrh. talaði um, að ekki væri hættulegt að afgreiða málið héðan, þar sem hægt væri að stöðva það í Nd., ef réttara þætti. En ef það hefði nú ekki áður verið stöðvað hér, væri það orðið að l. Við þessu væri ekkert að segja, ef nægilegra tekna væri aflað fyrir ríkið. En það er nú ekki, og því þarf hér að breyta skattalögunum meira og á margvíslegan hátt, og ég er á móti þessu frv., eins og það er. Samkv. þessu fær t. d. maður, sem hefur 30 þús. kr. tekjur, mjög lítinn skatt, því að hann fær sínar tekjur umreiknaðar, svo að hann borgar raunverulega ekki skatt nema af 8—9 þús. kr. En sá, sem hefur 31 þús. kr. í tekjur, fær sínar tekjur ekki umreiknaðar, en verður að greiða skatt af allri upphæðinni, en þetta er ranglæti. Ef menn hér eru hins vegar búnir að koma sér saman um að afgreiða þetta mál, þá má eflaust gera það á einum eða tveimur dögum. En ég greiði atkv. gegn því á þessum fundi, ef á að afgreiða það út úr d.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. — Ég vil aðeins lýsa yfir því, að þótt ég væri einn þeirra manna í fjhn., sem fyrr á þinginu lagði til, að frv. þetta yrði samþ., tel ég viðhorfið nú vera annað, þar sem þörf er meiri breyt. á skattamálunum. Fyrir mér er því eðlilegra að láta málið bíða þeirra heildarbreytinga.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég er sammála hv. þm. Barð. um, að það er nauðsynlegt að endurskoða skattalögin, en ég held, að sú endurskoðun geti ekki farið fram á þessu þingi, svo að í lagi sé, úr því að ekki var byrjað á henni af fyrrv. ríkisstj. Ég held, að þingið endist ekki til að afgreiða almennilega endurskoðun þessara laga, t. d. tekju- og eignarskattslaganna, þannig að það komi að gagni fyrir þessi fjárlög, og því er ég á þeirri skoðun, að ekki megi stöðva þetta mál að svo stöddu. Hvað við kemur afstöðu hv. 8. landsk., virðist mér, að hann telji ekki eins mikla þörf á að afgreiða þetta mál og áður en stjórnarskiptin urðu. Ég held, að það sé nú misskilningur. En það verður að ráðast um það, hverjir fylgja málinu og hverjir ekki. Ég álít, að ekki megi tefja það.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Það er nú svo skrítið, að ég er eiginlega sammála öllum, sem hér hafa talað. Ég er sammála þeim, sem vilja láta endurskoða skattalögin. Mér hefur lengi verið ljóst, að það er óhjákvæmilegt. Hins vegar verðum við að gá að, að nú eru komin febrúarlok og í öllum minni skattaumdæmum er búið að skila skattaskýrslum og skattanefndir eru byrjaðar að reikna út skattinn. Það er því útilokað að breyta því, sem skattanefndirnar eru farnar að gera. Ég vil því benda hv. ráðh. á það, að ef nú á að fara að breyta l. um tekju- og eignarskatt, verður að gefa út bráðabirgðalög og stöðva störf skattanefndanna eða fresta þeim, þar til samræmdur grundvöllur liggur fyrir, og þá hæfu n. störf sín aftur síðar á árinu. Annars eru öll þessi mál komin í eindaga, eins og raunar allt, sem fyrrv. ríkisstj. átti að sjá um. Þetta sé ég ekki að hægt sé að framkvæma nú.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Ég ætla nú fátt að segja, en mig satt að segja stórfurðar á þessum umr., eins og ástatt er. Ég held við gleymum því, að við erum hér á þingi, sem átti að halda 1946. En nú er komið að lokum febrúar 1947, og fjárlög þurfa að fara að afgreiðast, og afgreiðslu þeirra hefði átt að vera lokið fyrir löngu, ef stjórnarkreppan hefði ekki komið í veg fyrir það. Og svo halda menn hér, að hægt sé í einu vetfangi að undirbúa gerbreytingu á skattakerfi landsins. Ég skil ekki í öðru en að hv. form. fjvn. sjái, að þær tekjur ríkissjóðs mega ekki missast, sem hér er um að ræða, og hann veit, að skattalögin verða ekki endurskoðuð á þessu þingi.

Aðrar ástæður vaka fyrir hv. 8. landsk. en hann nefndi, er hann telur nú ekki þörf á þessum skatti og snýst frá afstöðu sinni í haust, og þessar ástæður eru pólitískar.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. — Það er aðeins örstutt aths. út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. um meininguna í yfirlýsingu minni áðan, að ég teldi nú ekki lengur ástæðu til að leggja þennan skatt á. Það sagði ég aldrei, og gæti fremur verið ástæða til að bæta við skatta á sumum sviðum, en ég vil aðeins, að þessi mál verði samræmd í heild.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil segja hv. 1. þm. Eyf. það, að afstaða mín til þessa máls er nákvæmlega hin sama nú og 31. okt. í haust, er því var frestað vegna fyrirspurnar frá mér á þeim grundvelli, að tekin yrði til athugunar breyt. á skattalögunum almennt. Hæstv. fjmrh. lýsti yfir því áðan, að skaðlaust væri með öllu að vísa málinu til Nd., því að þar mætti þá stöðva það. En nú er á hinn bóginn upplýst, að nauðsynlegt sé að gera út um það þegar, og þess vegna er heldur ekki hægt að stöðva það í Nd., unz komið hafi verið í kring samræmdum breyt. á skattalögunum almennt. Og þegar málið er rökstutt með því, að nauðsynlegt sé að afla þessara tekna í ríkissjóð, þá er því til að svara, að þær tekjur þurfa að vera meiri, og ég er á móti þeirri stefnu, að frv. þetta verði framlengt aðeins sem einn liður í tekjuöflun ríkisins. Það þarf heildarendurskoðun tekjuöflunarmálanna.

En þetta hér er beint áframhald af stefnunni í október, og því greiði ég atkv. gegn þessu frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, GÍG, HermJ, JJós, LJóh, PZ, PM, SÁÓ, BSt, ÞÞ.
nei: BrB, GJ, HV, StgrA, ÁS.
2 þm. (BBen, EE) fjarstaddir.
Grein fyrir atkv. gerðu:

Brynjólfur Bjarnason: Þar sem ekki hefur verið orðið við þeim tilmælum að fresta málinu, þangað til eitthvað nánara lægi fyrir um frekari tekjuöflun, segi ég nei.

Gísli Jónsson: Þegar þessi l. voru sett, var beinlínis gert ráð fyrir því, að þau stæðu ekki nema eitt ár. Og með því að ég sé ekki, að þetta afli nægilegra tekna í ríkissjóðinn á þessu ári, heldur álít, að gera þurfi ýmsar aðrar ráðstafanir til þess, og ég tel, að það eigi að fara saman, segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Enda þótt ég telji, að það sé brýn nauðsyn og hafi verið lengi á því að endurskoða skattal. öll, og þá um leið og það væri gert að fella ákvæði þessa frv. þar inn í, þá hefur það verið vanrækt af fyrrv. hæstv. ríkisstj., sem hefur ekkert látið gera í þessu máli og flotið sofandi að feigðarósi, sem hefur svo leitt það af sér, að nú í lok febrúar 1947 er það ógert í þessum efnum, sem átti að vera lokið á árinu 1946, þá er ómögulegt að framkvæma þessa breyt. á skattal. tekniskt, til þess að hægt sé að leggja á skatta eftir þeirri skattalagabreyt. nú, og þess vegna verðum við að sitja með þetta frv. sem sérstakt frv., segi ég já.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég segi nei með tilvísun til grg. hv. 4. landsk. þm.

Ásmundur Sigurðsson: Með tilvísun til þess, sem ég hef áður sagt, og til grg. hv. 4. landsk. segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Þessi l. hafa verið framlengd ár eftir ár, og það er engu minni ástæða til að framlengja þau nú, og þar af leiðandi er það ekkert nema viðbárur, sem haft er á móti því, og segi ég því já.

Frv. afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 83. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 485).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Nd., 10. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Það er nánast til þess að lýsa atkv. mínu, ef svo fer, að þetta mál verður hér til atkvgr. endanlega á þessum fundi, sem ég vil segja nokkur orð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni afgreiða fjárl. tekjuhallalaus a. m. k. Og það er einnig kunnara en frá þurfi að segja, að til þess að svo megi verða, vantar verulega upphæð, sem afla verður með nýrri tekjuöflun, og varla getur verið langt þess að bíða, að það verði lagt fyrir þingið.

Nú vil ég segja, að út af fyrir sig er ég ekki mótfallinn þessu frv. En vel gæti svo farið, að önnur tekjuöflunarfrv., sem hér væru lögð fram, gengju í þá átt, að þetta frv. yrði að teljast óþarft eða óheppilegt. Mér hefði því fundizt ákaflega eðlilegt, að afgreiðsla þessa máls hefði beðið þess, að séð hefði verið, hvaða leiðir aðrar hæstv. ríkisstj. hyggst að fara til tekjuöflunar. Og ég vildi leyfa mér að bera fram þá ósk, að frv. þetta, sem hér liggur fyrir, mætti bíða, þangað til þessar væntanlegu till. hæstv. ríkisstj. liggja fyrir. Fari svo, að ekki þyki fært að verða við því, mun ég á þessu stigi málsins greiða atkv. gegn þessu frv. Ég get í sambandi við þetta getið þess, að í hv. Ed. var haldið fram svipuðu sjónarmiði eins og ég hér hef nefnt og það ekki aðeins af stjórnarandstæðingum, heldur einmitt af einum stuðningsmanni hæstv. ríkisstj., sem mun hafa greitt atkv. gegn frv., einmitt með þeim forsendum, að hann væri ekki búinn að fá heildaryfirlit yfir þær leiðir, sem hæstv. ríkisstj. hyggst að fara til þess að skila tekjuhallalausum fjárl., og meðan svo væri, sæi hann sér ekki fært að greiða atkv. með svona máli.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég sé, að hæstv. fjmrh. er ekki hér viðstaddur. Ég vil þess vegna aðeins segja nokkur orð um þetta frv., sérstaklega vegna orða þess hv. þm., sem nú talaði síðast. Hann lét þau orð falla, að það liggi ekki fyrir enn neitt endanlegt um það, hvaða tekjuaukafrv. verði lögð fram af hálfu ríkisstj. Þau frv. hafa nokkuð verið rædd, eða réttara sagt till. um þau, sem fram hafa komið. Á þessu stigi get ég ekki um það sagt, hvað úr verður endanlega í þeim efnum. En út af fyrir sig sé ég ekki, að neitt væri því til fyrirstöðu, að ganga mætti frá þessu máli, sem hér liggur fyrir, þó að þessi tekjuaukafrv. hafi ekki komið fram. Þau l., sem þetta tekjuaukafrv. er um að framlengja, hafa nú verið framlengd á mörgum undanförnum þingum, og aldrei hefur ver-

ið talið fært að láta það niður falla. Og það er óhætt að segja það, enda á vitorði allra hv. þm., að það er þörf á, ekki aðeins þeim tekjum fyrir ríkissjóð, sem hafa verið, heldur einnig miklu meiri, vegna vaxandi útgjalda hjá ríkissjóði, svo að hvað, sem gert verður annað í því máli, þá tel ég, að ekki verði hjá því komizt að samþ. einnig þetta frv., eins og svo oft áður. Ég vil því eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti mál þetta nú ganga sinn gang á þessum fundi, því að ég sé ekki ástæðu til þess að láta þetta frv. bíða, þótt önnur frv. til viðbótartekjuöflunar séu ekki fram komin.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Ég geri mér það fyllilega ljóst, að þörf er fyrir þær tekjur í ríkissjóð, sem gert er ráð fyrir að ná með þessu frv. Ég geri mér það líka ljóst, að þetta frv. er búið að samþykkja oftar en einu sinni á hæstv. Alþ. áður og að þessi l. hafa verið framlengd frá ári til árs. En hitt held ég, að hv. þm. geri sér einnig allir ljóst, að vel mætti svo fara, að tekjuöflunarfrv. hæstv. ríkisstj. þyngdu svo kosti þeirra manna, sem fyrst og fremst eiga að bera skatt af þessu frv., í einni eða annarri mynd, að of langt þætti gengið. Þess vegna er það næsta eðlileg ósk, að það fáist heildaryfirlit yfir þær leiðir, sem hæstv. ríkisstj. hyggst að fara til meiri tekjuöflunar en eftir gildandi l., áður en tekin er afstaða til einstakra till. um tekjuöflunarleiðir hæstv. ríkisstj. — Eins og ég hef lýst yfir áður, fyndist mér eðlilegt og æskilegt, að þetta mál væri látið bíða nú, af þessum ástæðum, sem ég hef greint. En verði meðferð málsins ekki hagað svo, sé ég mér ekki annað fært en að greiða atkv. á móti frv., þó að vel mætti svo skipast, þegar ég fengi að sjá allar till. hæstv. ríkisstj. til tekjuöflunar, að ég gæti orðið með þessu frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 : 2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 503).

8. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 110. fundi í Ed., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum (stjfrv., A. 608).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 : 1 atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. er fyrra af tveimur, sem ríkisstj. leggur hér fram til þess að auka tekjur ríkissjóðs, svo að þær vegi upp á móti þeim gjöldum, sem Alþingi er í þann veginn að leggja blessun sína á. Frv. ber ótvírætt með sér, hvað við er átt. Það er ekki ætlazt til, að þessi tollahækkun gildi nema til ársloka 1947.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta á þessu stigi, en vænti, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vil aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna ég greiddi atkv. gegn afbrigðunum. Þegar leitað var afbrigða, var ekki búið að útbýta frv. í d. Hér eru þó á ferðinni miklar skattahækkanir, og er það alveg óviðunandi að leggja slíkt stórmál fyrir, án þess að þm. fái tækifæri til að athuga efni þess. Þar sem þetta frv. er svo aðeins einn liður í miklum lagabálki, þá verður hér um að ræða þá mestu skatta á almenning, sem dæmi eru til. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta meira nú, því að það mun verða tækifæri til þess við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 : 3 atkv.

Pétur Magnússon: Herra forseti. — Fjhn. hefur notað fundarhléð til þess að athuga frv. og bera það saman við gildandi lög. Fjhnm. eru ekki sammála um þetta frv., og skiptist n. í tvennt, meiri og minni hluta. Í meiri hlutanum eru 4 nm., en aðeins 1 nm. (BrB) er á móti því, að umr. fari nú fram, og mun hann að líkindum gera grein fyrir áliti sínu í þeim efnum hér á eftir. Þess má geta, að afgreiðslu máls þessa er mjög flýtt, og hefur ekki unnizt tími til að skila prentuðu nál. Ég þarf ekki að fjölyrða um efni þessa frv. nú. Það er gert í grg., og hæstv. fjmrh. gerði nokkra grein fyrir því við 1. umr. málsins. Eins og hv. þm. er ljóst við athugun á frv., þá eru tvær efnisbreyt. í frv., sem sagt að einn vöruflokkur, lakkrísvörur, er færður í sama flokk og marzipan, brjóstsykur, karamellur o. fl. sælgæti. Áður var tollurinn á lakkrísvörum 70 aurar á hvert kg., en ætlazt er til, að hann verði 2,10 kr. eins og af öðrum sælgætisvörum. Að öðru leyti er gert ráð fyrir í frv., að gjaldið af innlendum tollvörutegundum skuli samkv. l. um gjald af innlendum tollvörutegundum hækkað um 100% frá því, sem nú er. En nú er þess að gæta, að búið var að hækka þetta um 50% með l. frá 1946, þannig að gjaldið er þrefalt miðað við það, sem var í l. frá 1939. Ég veit ekki, hvort mönnum er ljóst, hvaða vörutegundir er hér um að ræða, og af því að það tekur skamman tíma, ætla ég að telja þær lauslega upp.

1. kafli l. fjallar um, eins og fyrr getur, marzipan, brjóstsykur, tyggigúmmí, karamellur o. fl. sætindi.

2. kafli er um kakaóvörur ýmiss konar, svo sem suðusúkkulaði, átsúkkulaði, hreint súkkulaði o. fl.

3. kafli fjallar um kaffibæti og kaffilíki alls konar, en á því var 60% tollur. Kaffibætir er í frv. undanþeginn hækkuninni.

4. kafli er um drykkjarvörur og ýmislega vökva, svo sem öl og gosdrykki alls konar, litað sykurvatn o. fl.

5. kafli fjallar um tóbaksvörur.

Hér hef ég talið upp þær vörur, sem hækka á tollinn á samkv. frv., og er sú hækkun, eins og ég drap á hér áðan, í raun og veru þreföld miðað við þetta gjald 1939, en sú hækkun svarar alveg til hækkunar vísitölunnar. Það er því vafasamt, hvort þetta getur kallazt hækkun.

Menn verða að gera sér ljóst, að tollar, sem miðaðir eru við þunga, hafa yfirleitt lækkað síðan fyrir stríð, sem svarar til verðfalls peninganna síðan. Þess vegna er hér um að ræða að færa tollinn nokkuð í samræmi við það, sem áður var. Meiri hl. n. er sem sagt þeirrar skoðunar, að eins og á stendur og með tilliti til þeirra þarfa, sem ríkissjóður hefur fyrir auknar tekjur, þá sé þessi breyting á löggjöfinni í alla staði eðlileg, og vill n. því mæla með því, að frv. nái fram að ganga. Þess má geta, að n. telur því meiri ástæðu til að færa tollana á þessum vörum til samræmis við það, sem áður var, þar sem yfirleitt er um vörur að ræða, sem ekki er hægt að segja, að séu nauðsynjavörur. Ég hygg, að allar þær vörur, sem falla undir þessa löggjöf, séu þess eðlis, að mönnum sé nokkurn veginn í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja nota þær eður eigi. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál frekar, en fyrir hönd n. vil ég mæla með því, að frv. nái fram að ganga.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. — Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að ég teldi með öllu óviðunandi og óeðlilega málsmeðferð, sem hér á að beita, sem sagt að mál sem þessi skuli lögð fram og tekin fyrir, án þess að Alþ. fái tækifæri til þess að taka þau til íhugunar. Þegar við þm. komum hér inn í deildina, voru frv. lögð fram og tekin fyrir, án þess að búið væri að útbýta þeim til þm., og mér er kunnugt um, að sumir þm. hafa ekki séð þau, a. m. k. er svo um suma þm. Sósfl., sem eru í stjórnarandstöðu, og ég býst við, að svo sé um fleiri þm.

Þetta frv., sem hér um ræðir, er um hækkun á gjaldi af innlendum tollvörutegundum. Aðalefni 2. gr. frv. er það, að hækka megi gjaldið af þessum tollvörutegundum um 100% frá því, sem nú er. Áður var heimild til að innheimta gjöld þessi með 50% álagningu, en hún hefur verið framkvæmd, svo að hækkunin nemur nú 200% miðað við ákvæði l., þó með þeirri undantekningu, að það nær ekki til gjalds af kaffibæti. Hér er þannig um gífurlega hækkun að ræða í samræmi við aðrar tollhækkanir, sem fyrirhugaðar eru af hæstv. ríkisstj. og hún hefur nú lagt fram frv. um í báðum deildum. Hv. frsm. meiri hl. n. hefur talið upp þær vörutegundir, sem um ræðir. Sumt af þessu er sælgæti, sem gæti komið til greina að hækka toll á, því að það eru vörur, sem ekki væri skaði skeður, þótt neyzla minnkaði á, hins vegar ef þeim tilgangi væri náð, þá mundu tekjur ríkissjóðs af þessum vörum minnka. En auk þess er um að ræða vörur, sem eru svo að segja daglegur póstur í neyzlu flestra heimila, svo að þetta kæmi til með að hækka útgjöld heimilanna verulega.

Það er ekki tekið fram í þessu frv., hvort leyfilegt sé að leggja verzlunarálagningu á þessa tollhækkun eða ekki. Hins vegar er það tekið fram í frv. um hækkun á aðflutningsgjöldum, sem lagt er fram í Nd. Mér skilst þess vegna, að það sé ætlunin, að leyft sé að hækka álagningu samkv. þessu frv., þ. e. a. s. að halda henni í sömu hundraðshlutaálagningu, þannig að sú álagning, sem gilt hefur, komi á allt innkaupsverðið að meðtalinni þeirri tollahækkun, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þetta mundi þýða það, að um leið og þessar nýju álögur yrðu lagðar á almenning í landinu, þá mundu þær þýða beinlínis gróða fyrir framleiðendur þessara vara. Hér er um að ræða vörur, sem ekki ætti að vera mikil rýrnun á, né heldur ætti að vera um að ræða vaxtahækkun, sem máli skiptir. Ég vildi í sambandi við álagninguna beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. — en því miður er enginn ráðherra staddur hér í deildinni —, hvað hún muni hugsa sér í þessu efni og hverju það sætir, að ekki eru í þessu frv., eins og frv. í Nd., ákvæði um álagningu.

Aðalatriði þessa frv. er það, — en það er aðeins lítill póstur í stórum lagabálki —, að stórkostlegar tollahækkanir verða á svo að segja öllum nauðsynjavörum í landinu, bæði innfluttum vörum og íslenzkum framleiðsluvörum, þ. e. iðnaðarvörum, sem tollaðar eru. Samkv. frv. í Nd. er gert ráð fyrir því, að vörumagnstollur hækki um 200%, sem sé verði þrefaldur við það, sem áður var. Verðtollur hækki einnig mjög mikið eða verði innheimtur með 65% álagi. Þetta hefur verið rökstutt með því, að því er þetta frv. snertir, gjald af innlendum tollvörutegundum, að þetta sé í raun og veru ekki annað en vísitöluhækkun, í raun og veru hækki tollarnir ekki, eins og hv. frsm. meiri hl. n. gat um í ræðu sinni, heldur væri þetta aðeins hækkun samkv. vísitölu. Hvað verðtoll snertir, kemur sú röksemd vitanlega ekki til greina, og hún gildir heldur ekki um vörumagnstollinn. Tollskráin í núverandi formi er frá árinu 1942, og þegar stofn hennar var saminn árið 1939, var um að ræða mjög mikla hækkun á tollum frá því, sem áður var. En þetta er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er, að vöruverð í landinu er ofsahátt fyrir og hér er verið að gera ráðstafanir til að hækka það stórkostlega, og það er til þessa, sem alþm. ber að taka afstöðu. Það er ekki getið um það í frv. þessu, hvernig verði farið að, að því er verzlunarálagningu snertir. Í hinu frv. er gert ráð fyrir, að ekki verði leyfð verzlunarálagning á þá tollhækkun, sem þar um ræðir af innfluttum vörum. Að sjálfsögðu er hægt að gera þetta ákvæði einskis virði með því að leyfa hærri álagningu á þeim hluta vöruverðsins, sem fram kemur að frádreginni þessari tollahækkun, sem frv. gerir ráð fyrir. Væri mjög æskilegt að hæstv. ríkisstj. gæfi yfirlýsingu um, hvað fyrir henni vakir í þessum efnum. Allar þær hækkanir, sem hér um ræðir, hækkun á tollum af aðfluttum vörum, hækkun á gjaldi af innlendum tollvörutegundum og hækkunin á bifreiðaskattinum, sem kemur til umr. hér á eftir, eru allt mjög furðulegar ráðstafanir, þegar þess er gætt, að eitt af meginatriðum í hinni opinberu stefnuskrá núv. hæstv. ríkisstj. er að lækka dýrtíðina í landinu. En nú er það svo, að flestar þær till., sem koma frá þessari hæstv. ríkisstj. og komið hafa fyrir Alþ., hækka stórkostlega vöruverð í landinu og auka dýrtíðina.

Hvað vinnst með þessu? Ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún ætli að halda vísitölunni kyrri með niðurgreiðslu úr ríkissjóði. Hæstv. ríkisstj. ætlar að gera tvennt, hækka vöruverðið, en halda vísitölunni kyrri.

Nú er það svo, að sú hækkun á vöruverði í landinu, sem af þessum frv. leiðir, verður til þess að hækka vísitöluna allverulega, og hefði verið æskilegt, að af hálfu hv. frsm. meiri hl. fjhn. hefði verið gerð grein fyrir því, hvað megi áætla, að þessi hækkun á vöruverði, sem af samþ. þessa frv. leiðir, muni hækka vísitöluna mikið. En þetta verður

aftur greitt niður, og hvað vinnst þá? Það, sem vinnst, er það, að dýrtíð í landinu eykst og vísitala stendur í stað. Það þýðir í raun og veru lækkun á kaupi allra launþega í landinu. Þetta er það sem vinnst, og þetta er tilgangurinn. Auk þess lækka tekjur allra annarra landsmanna, sem lifa á vinnu sinni, svo sem bænda og útvegsmanna, en aftur á móti sleppa þeir, sem stunda kaupskap, þ. e. a. s. mesta gróðastétt landsins.

Í frv. um hækkun aðflutningsgjalda er að vísu ákvæði, að ekki megi leggja á tollhækkunina, en heildarálagningin þarf ekki að minnka við það, eins og sýnt hefur verið fram á, og er því ákvæðið einskis nýtt. Með þessu frv. er það nú að byrja að koma fram, sem Sósfl. spáði, þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum. Höfuðtilgangurinn er sá að gera kerfisbundna áætlun um að lækka lífskjör alþýðunnar. Þetta er aðeins byrjunin, og með þessu frv. er hanzkanum kastað. Þetta er fyrsta kauplækkunin, sem framkvæmd er af þessari stjórn, og þykir líklegt, eins og nú horfir, að fleiri komi á eftir. Verkalýðssamtökin hljóta því að svara þessum aðgerðum með kröfu um grunnkaupshækkun. Hér er hanzkanum kastað og barátta hafin í landinu, sem ekki er séð fyrir endann á.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. 4. landsk., að ég tali fyrir hönd ríkisstj. í þessu máli, heldur tala ég sem frsm. fjhn., og ætla ég ekki að rökræða við hv. 4. landsk., hvort stefna ríkisstj. í dýrtíðarmálunum sé heppileg eða ekki. Hv. þm. er kunnugt um, að ég er á annarri skoðun en þeirri, sem nú hefur orðið ofan á. Ég hef ekki trúað á niðurgreiðsluaðferðina, og hélt ég, að flestum hv. þm. væri það kunnugt. En ég vildi drepa stuttlega á nokkur af rökum hv. 4. landsk. gegn þessu frv. Ég verð að segja, að mér fannst hann mæla meira af vilja en mætti. Hann sagði, að samþykkt frv. mundi snerta mjög hag almennings, og telur að vörur þær, er um ræðir, séu daglegar neyzluvörur, en ef hann lítur yfir flokk neyzluvaranna, þá er þetta fjarri lagi. Þær vörur, sem erfiðast er að komast hjá að nota alls ekki, eru sumar súkkulaðivörur, sem eru notaðar aðeins örfáa daga á árinu, og svo ölföng, en ég vil segja, að ef heimili nota þessar vörur daglega, þá munu þau varla telja eftir sér hækkunina. Ég hygg, að fyrir þá, sem á annað borð horfa í nokkur fjárútlát, þá skipti þessi tollahækkun litlu máli, því að vörurnar, sem um ræðir, geta menn komizt hjá að nota. Þess vegna þykir mér undarlegt, að hv. 4. landsk. skuli nota svo sterk orð, því að mér hefur skilizt, að stefna hans flokks hafi verið að tolla ónauðsynlegar vörutegundir. Það er því síður en svo réttmætt hjá hv. þm., að þetta frv. bendi til þess, að byrjað sé á kerfisbundnum áætlunum um að lækka lífskjör almennings. Það lægi nær með það frv., sem er til umr. í Nd. nú, þar sem ætlazt er til, að tollur sé lagður á neyzluvörur. Þá gerði hv. 4. landsk. aths. við það, að ekki væri tekið fram um verzlunarálagningu á þessar vörur. Það er ekki tekið neitt fram um það, og tel ég, að það skipti ekki máli. Þegar verðlagsráð ákveður álagningu á vörur, gerir það sér grein fyrir, hvaða álagningu kaupmaðurinn þarf að fá til að geta dreift vörunni. Ef álagning er miðuð við prósent, þarf hún að vera hærri en ef hún er miðuð við heildarverð. Ef t. d. heildarverð er 8 kr. pr. kg., þá hlýtur hundraðshlutinn að vera lægri, ef miðað er við 8 kr. en ef miðað er við 6 kr. Þá maldaði hv. 4. landsk. í móinn og sagði, að hér væri um annað að ræða en hækkun frá því fyrir stríð, er næmi verðlagsvísitölu. Hann vitnaði til tollskrár frá 1942 og sagði, að um allmikla verðhækkun hefði verið þá að ræða. En hvað um það, þá getur það ekki átt við þetta frv. Lögin um gjald af innlendum tollvörutegundum eru frá 30. des 1939, eða fyrir þann tíma, að teljandi verðhækkun varð. Þess vegna stenzt það, sem ég sagði, að sú hækkun, sem hér er gert ráð fyrir, er ekki meiri en sem svarar verðlagsvísitölunni. Þessi tollur er raunverulega ekki hærri en árið 1939, og það hygg ég, að hv. þm. treysti sér ekki til að halda fram, að geta manna til að greiða sé minni en hún var árið 1939.

Hv. þm. spurði, hversu mikil vísitöluhækkun yrði af þessu frv. og þeim öðrum frv., er nú liggja fyrir. Ég veit ekki, hve hækkunin verður mikil, en af þessu frv. verður hún mjög lítil, því að hér er um þær vörur að ræða, sem fáar ganga inn á vísitölureikning, en af öllum frv., er fyrir liggja nú, mun vísitöluhækkunin nema sem næst 6 vísitölustigum. Það má segja, að það sé ekki svo óveruleg hækkun, og hagnaður ríkissjóðs rýrnar, ef halda á vísitölunni óbreyttri, en í sjálfu sér er ekki ástæða til að ræða það í sambandi við þetta frv., því að það hækkar ekki vísitöluna neitt að ráði. Það er svo ekki fleira hjá hv. 4. landsk., sem gefur tilefni til andsvara. En ég endurtek það, að þegar litið er til þarfa ríkissjóðs fyrir auknar tekjur, þá er erfitt að benda á eðlilegri leið en að færa tollinn til þess, sem hann var fyrir stríð og sem menn sætta sig við að greiða.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða svo mjög einstök atriði þessa frv., en rétt er að fara örfáum orðum um þessi mál, enda gildir það sama um þetta frv. og önnur frv., sem hér verða sennilega afgreidd bráðlega. Ég var einn af þeim, sem hafði takmarkaða trú á að mynda núverandi ríkisstj. án þess að breytt væri meira um fjármálastefnu. Aðrir, sem fúsir voru til samstarfsins, hafa gert það í þeirri trú, að þrátt fyrir það að ekki væri meiri breyting gerð, þá mundi samstarfið leiða til þess, að ríkisstj. mundi sjá ástæðu til að breyta um fjármálastefnu, og ég verð að óska þess, þrátt fyrir það að þessi frv. spái ekki góðu um það, að þessum mönnum, er höfðu þessa trú, verði að ósk sinni, en hins vegar vildi ég fá meiri tryggingu fyrirfram. Hitt er vitað, að ég trúi ekki, að hægt sé að halda fjármálakerfinu í horfinu með þeim leiðum, sem farnar hafa verið undanfarið, og auðséð er, að þó að dýrtíðin sé stöðvuð í bili, er engin lækning fólgin í því. En sú breyting hefur þó orðið, að núverandi ríkisstj. er eins og sjúklingur á biðstofu, og er það vitanlega spor í rétta átt, en þó vita allir, að það er ekki nóg. Viðkomandi þessum dýrtíðarmálum þarf ekki margt að segja. Við munum eftir því, er samþ. var ábyrgð fyrir fiskframleiðsluna í landinu. Þá var sett inn ein gr. um, að flokkarnir skipuðu nefndir til að ráða fram úr dýrtíðarvandanum fyrir 1. febr. Þá voru ýmsir, sem ekki vildu samþykkja að síldarkúfurinn væri tekinn til að verðbæta fiskinn vegna dráttar á lausn dýrtíðarmálanna, svo að síldarkúfurinn yrði þannig sem svæfill fyrir Alþingi. Var þá skot-

ið inn þessari lagagr. um skipun þessarar n. til að finna leið til úrbóta. Ég veit ekki einu sinni, hvort flokkarnir hafa skipað menn í þessa n., hvað þá meira, og þetta m. a. gerði ýmsa vondaufari um lausn málanna, þegar núverandi ríkisstj. var mynduð. Þessi frv., sem hér liggja fyrir, eru afleiðing af fyrrverandi stjórnarstefnu, eins og hæstv. fjmrh. er að sýna fram á í Nd., enda er ljóst, að ekkert af verkum núverandi ríkisstj. hefur leitt til þess, að þetta þurfi að koma fram. Þetta er því afleiðing af stefnu, en ekki undanfari. Ég álít, og það er í samræmi við skoðanir mínar á undanförnum árum, að þessi frv. um tekjuöflun séu ekki hin minnsta lausn á vandanum, heldur eru þau aðeins sjúkdómseinkenni á stefnu, sem búin er að sigla fjárhagnum í hið mesta óefni. Það er með þetta eins og aðra sjúkdóma, að þeir batna ekki, þótt kuklað sé við sjúkdómseinkennin, en það er það, sem gert er með þessum frv., því að ekki bólar á því enn þá, að taka eigi fjármálin þeim tökum, sem þörf er á. Ætti okkur þó að vera ljóst, að ekki er hægt að halda þessari stefnu áfram. Við þurfum sem sagt að miða kerfi okkar eftir þeim öðrum þjóðum, sem hafa viðskipti við okkur eða eru keppinautar okkar. Ekki er sjáanlegt, að enn sé vilji til að breyta um stefnu, og geri ég þá ráð fyrir, að ég geti ekki setið hér til loka án þess að reyna vilja fyrir öðrum stefnum. Afstaða mín til þessara frv. mótast af því, að á meðan ekki er vilji að breyta um stefnu, þá er það eins og með fiskframleiðsluna að fljóta áfram. Afstaða mín mótast af þessu, og sé ég ekki ástæðu til að setja fót fyrir þessa ríkisstj., þar sem von er til, að hún sjái að sér, og mun ég því láta þessi frv. afskiptalaus eða ef til vill greiða atkv. með þeim. En hitt, að þó að þetta sé gert til bráðabirgða, svo að ekki hlaðist yfirdráttur í landsbankanum, þá vil ég prófa, hvort ekki sé vilji til að breyta fjármálapólitíkinni.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. er nú ekki viðstaddur, en ég vildi aðeins gera örstutta aths. við ræðu hans. Ég get haft þessi orð mjög fá, því að hann ræddi aðeins um þetta frv. sem slíkt, en ekki sem einn þátt í þeim mikla lagabálki um hækkun tolla, sem ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþ., en samt er það erfitt að ræða þetta mál sér.

Hv. frsm. hélt því fram, að þetta frv. kæmi lítið við hag almennings sem slíkt. Ef þetta er aths. við það, sem ég sagði hér, þá missir það marks. Ég sagði, að nokkur hluti þeirra vara, sem hér um ræðir, væru allverulegur þáttur í daglegri neyzlu almennings. Ég tek sem dæmi ávaxtasafa, saft, malt, öl, súkkulaði o. fl. Aths. sú, er hv. þm. gerði um hlutfallið á milli vísitöluhækkunarinnar og þessarar hækkunar, er óviðkomandi því, sem ég sagði. Ég talaði um tollana í heild, og þótt þetta frv. sé við lög frá 1939, er það í samræmi við tollskrána frá 1942. Auk þess hafa þessi gjöld verið hækkuð um 50% síðan. Nú leggur stjórnin til, að tollurinn hækki enn um 100%, og vöruverðið hækkar sem því nemur, og það er þetta, sem máli skiptir, en ekkert vísitöluhlutfall. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að frv. þetta benti ekki til neinna árása á lífskjör almennings. Það má nú kannske segja um frv. út af fyrir sig, en það er aðeins lítill þáttur í lagabálki, sem miðar í þá átt. Hv. þm. sagði, að það skipti ekki máli, hvort það sé tekið fram, hvort leyfð sé álagning á þá hækkun, sem felst í frv., eins og er varðandi frv. í Nd., um hækkun á aðflutningsgjöldum. Hann sagði, að þetta skipti ekki miklu máli vegna þess, að ef ekki yrði lagt á hækkunina, yrði hundraðstalan þeim mun hærri á þeim hluta vöruverðsins, sem lagt væri á. Með öðrum orðum, hv. frsm. er þeirrar skoðunar, að ekki megi lækka hundraðshluta álagningarinnar á heildarverðið frá því, sem nú er, og hans skoðun er sú, að 6. gr. frv. í Nd., sem er um verðlagseftirlitið eða hlutverk þess, að það sé óleyfilegt að leggja á tollahækkunina, sé blekking, því að eftirlitið geti að sama skapi hækkað álagningu á verð vöru, að frádreginni þeirri hækkun. Þá hefur þessi gr. ekkert gildi og er því aðeins blekking. Það væri fróðlegt að fá þetta staðfest af ríkisstj.

Ég held nú, að ég þurfi ekki að svara fleiru í ræðu hv. frsm., en hann sagði, að frv. þessi mundu hækka vísitöluna um 6 stig, en ég vil nú spyrja um það, hvort hækkun sú á flutningsgjöldum bifreiða, sem leiðir af benzínskattinum, sé hér reiknuð með. Hv. þm. Str. hélt því fram, að frv. þau, sem borin eru hér fram í dag, væru afleiðing af stefnu fyrrv. ríkisstj. Ég veit nú ekki, hvað hann á við með þessu eða hvort hann á við fjárlögin með þeim framkvæmdum, sem þar er gert ráð fyrir. Það er ekki það, sem deilt er hér um, að afla þurfi tekna til þess að mæta útgjöldum á fjárlögum, heldur hvort þetta sé hin rétta leið.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Það er misskilningur, sem hv. 4. landsk. hefur látið í ljós um hækkun á vörutegundum. Ég segi sem er, að ég man ekki eftir því, hvort álagning á umræddar vörur er miðuð við verð eða vörumagn. Það má vera, að það sé hvort tveggja, og það má vera, að af öli, gosdrykkjum og sælgæti sé miðað við ákveðið magn vörunnar, en það breytir engu um ákveðna „prósion" til kaupmannsins, hvaða hundraðshluta hann fær af dreifingu súkkulaðis, öls eða brjóstsykurs o. s. frv., og ef álagningin er ákveðinn hundraðshluti, þá skiptir ekki máli, hvort hundraðstalan er reiknuð af öllu verði vörunnar eða hluta vöruverðsins, og það er skýrt ákveðið í frv., að ekki megi leggja á tollálagninguna. Og hér er einnig haft í huga að spara verðlagsráði að þurfa að athuga og endurskoða alla þessa vöruflokka upp að nýju.

Hv. þm. spurði, hvort hin 6 vísitölustig næðu til allrar vísitöluhækkunarinnar. Ég geri ráð fyrir, að allar vöruhækkanir séu hér innifaldar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla mér ekki að blanda mér inn í umr. um þessi frv. og heldur ekki varðandi þær stórpólitísku yfirlýsingar hv. 4. landsk. eða hv. þm. Str., að hann mundi reyna að mynda aðra stjórn, áður en árið liði. En það voru ummæli hv. þm. Str. um annað atriði, sem ég vildi víkja að. Hann gat þess, að í l. um ábyrgð ríkisins vegna bátaútvegsins hefði verið ákveðið að skipa 4 manna n. til þess að gera till. varðandi þessi mál og að n. hefði átt að skila áliti fyrir 1. febrúar. Og hv. þm. spurði, hvort þessi n. hefði skilað störfum. Ég get upplýst, að þrír flokkarnir skipuðu menn í þessa n., en við myndun hinnar nýju ríkisstj. var þetta verkefni falið ríkisstj. sjálfri, og Alþfl.

á að hafa forystuna um þessi mál. Þetta vildi ég, að kæmi fram að gefnu tilefni.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. — Þetta frv. er eitt hinna þriggja frv., sem ríkisstj. hefur borið fram til þess að fá tekjur til að mæta útgjöldum ríkissjóðs. Það er ekki ánægjuefni fyrir nýja ríkisstj. að þurfa að bera fram frv. til hækkunar tollum og mundi hún í lengstu lög hafa sneitt hjá því. En það er staðreynd, að halli verður á fjárlögum, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til hækkunar tekna ríkissjóðs. Fyrir þessu hefur ríkisstj. haft opin augu og borið fram frv. til tekna.

Hv. 4. landsk. hefur snúizt gegn þessu frv. ríkisstj. í þessum tilgangi, en það, sem á skortir hjá hv. þm., um leið og hann snýst í móti þessum tekjuöflunarleiðum, er, að hann segi til, hvaða leiðir hann vill fara í þessum efnum, og bendi á aðrar leiðir til tekjuöflunar. En hv. þm. hliðrar sér hjá því, og er nú ekki úr vegi að gera sér grein fyrir því, hvaða leiðir helztar eru í þessu efni, og heyra eitthvað frá hv. 4. landsk. um þetta.

Eins og málið liggur fyrir mér, er hér um þrjár leiðir að velja:

1. Niðurskurð á útgjöldum ríkisins.
2. Tekjuöflun með hækkun skatta á almenningi.
3. Leiðina, sem ríkisstj. hefur valið.

Frá mínu sjónarmiði er naumast um aðrar en þessar þrjár leiðir að ræða, en ef hv. 4. landsk. sér einhverjar aðrar leiðir, væri rétt, að hann benti á þær.

Mér finnst nú rétt að víkja nánar að þessum þremur leiðum, sem ég hef hér minnzt á. Ég býst fastlega við, að hv. þm. og flokkur hans hafi ekki viljað fara fyrstu leiðina, niðurskurðarleiðina. Afstaða hans og flokks hans hefur verið sú, að við því er ekki að búast, að frá honum og hans flokki komi mikil sparnaðarviðleitni varðandi útgjöld á fjárl. Ég býst ekki við, að hv. þm. taki undir það, ef farið væri fram á, að Alþ. lækkaði t. d. útgjöld til verklegra framkvæmda. Ég býst ekki við, að hv. þm. tæki undir það að lækka útgjöld til vega, hafnargerða, brúargerða og þess háttar, sem kannske er varla von. Ég býst ekki við, að hv. þm. hefði tekið undir það, ef farið hefði verið fram á það hér á Alþ. að draga eitthvað úr þeim stórkostlegu útgjöldum, sem lögð hafa verið á ríkissjóð, t. d. í sambandi við skólafrv. þau, sem þm. bar fram á s. l. þingi, og yfirleitt þá sé nokkurn veginn sama, hvar drepið er niður til sparnaðar á fjárl., þá sé ekki að búast við neinni undantekningu frá sósíalistum í þessu efni. Hvað snertir aðra leiðina, hækkun skatta á almenningi, held ég megi sama segja. Skattar eru orðnir svo háir, að skattþegnarnir eiga fullt í fangi með að greiða þá. Og mér er nær að halda, að sú skattabyrði, sem á almenningi hvílir, hafi orðið til þess að auka þann undandrátt, sem átt hefur sér stað í landinu varðandi skattaframtöl manna, a. m. k. verður ekki sagt, að hv. 4. landsk. og hans flokkur hafi ymprað á því með einu orði, að farin skyldi þessi leið. Þá er ekki eftir nema ein leið til að afla tekna í ríkissjóðinn, og á þá leið hefur ríkisstj. bent. Ég get ekki komið auga á aðra leið. Ég skora á hv. 4. landsk., fyrst hann beitir sér gegn þessum tekjuöflunarfrv., sem hér eru á ferðinni, að benda á leiðir til tekjuöflunar, er nægi til þess að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem skortir nú, til þess að hann geti staðið undir útgjöldunum. Það má ekki ætlast til minna af hv. þm. en hann verði við þessum tilmælum og láti hér ekki sitja við það eitt að segja nei og beita sér á móti þeim leiðum, sem á hefur verið bent. Um þetta frv., er hér liggur fyrir, verð ég að segja það, að mér finnst það sjálfsagðast af öllum þeim frv., er hér hafa verið flutt af hæstv. ríkisstj. Sú framleiðsla, sem hér á að fara að auka toll á, er þess eðlis, að almenningur getur neitað sér um hana sér að skaðlausu, ef hann vill. Hér er ekki um neinar lífsnauðsynjar að ræða, sem almenningur þarf á að halda. Mér finnst það því hljóma sem öfugmæli, þegar hv. 4. landsk. talar um, að með frv. þessu sé verið að gera árás á lífskjör almennings í landinu. Mér finnst það undarleg árás, þar sem hér er verið að hækka toll á spýtubrjóstsykri, negrakossum og öðru líku. Mér finnst þetta undarleg árás á lífsafkomu almennings. Enda býst ég við, að hv. 4. landsk. hafi ekki meint það alvarlega, sem hann sagði um þetta frv., heldur hafi tilgangurinn verið að vera á móti málinu vegna þess, að það kom frá hæstv. ríkisstj., og vegna þess, að hann virðist ekki hafa sérstaklega mikinn áhuga á því, að ríkisstj. takist að afla tekna móti útgjöldum þeim, sem búið er að leggja á ríkissjóðinn. Þá virtist hv. 4. landsk. boða í ræðu sinni allróttækar aðgerðir af hálfu hins vinnandi fólks í landinu, ef frv. ríkisstj. yrðu samþ. Með flutningi þessara frv., sagði hann, hefði ríkisstj. kastað hanzkanum framan í hið vinnandi fólk, og væri því ekki um annað að gera fyrir verkalýðinn en hefjast handa um kröfu um stórfelldar kauphækkanir. Ég held þetta sé ofmælt hjá hv. þm. og hafi ekki við rök að styðjast, eins og hann setti það fram. En ég vil leyfa mér í þessu sambandi að benda á, að ef það er rétt, að frv. hæstv. ríkisstj. um hækkun á tekjum ríkissjóðs séu árás á vinnandi fólk í landinu, og ef það að krefja þjóðina um hækkuð gjöld til ríkissjóðs er árás á vinnandi fólk í landinu, þá hlýtur einnig sá verknaður, sem orðið hefur þess valdandi, að ríkisstj. gerir þessar kröfur, að vera árás á vinnandi fólk í landinu. Og þá hljóta þeir, sem þátt hafa tekið í því að binda ríkissjóði bagga, sem hér eru á ferðinni, þá hljóta þeir að hafa kastað hanzkanum framan í alþýðuna og hafið þessa árás. En hvernig er svo afstaða hv. 4. landsk. og flokks hans til þessa máls? Hefur hann hvatt til sparnaðar, þegar fjárl. eru á ferðinni? Mér er ekki kunnugt um það. Ég veit ekki betur en þessi flokkur hafi fylgt hverri einustu hækkunartill., sem á ferðinni hefur verið í sambandi við fjárl., og gott betur, hann hefur líka borið fram heilan sand af hækkunartill., sem talið er að muni nema um 20 millj. kr. umfram það, sem á fjárl. er. Ef þessar till. hefðu verið samþ., hefði ríkisstj. orðið að afla mun meiri tekna. En það tókst að afstýra því, að till. þessar næðu fram að ganga. Það tókst sem sé að afstýra því, að Sósfl. fengi að gera þessa árás á alþýðu landsins samkv. orðum þessa hv. þm. Ég get ekki skilið þessar aðgerðir flokksins á annan hátt. Ég vil leyfa mér að gefnu tilefni frá hv. 4. landsk. að skora á hann að gefa okkur hér í þessari hv. d. upplýsingar um, hvaða leiðir hann vill fara í því að afla ríkissjóði nægra tekna til að standast núverandi áætluð útgjöld. Og einnig vil ég spyrja hv. þm., hvaða leið hann vill fara til að afla þeirra 20 millj., sem hann vill einnig leggja á ríkissjóð. Sú skylda hvílir á

hv. þm. að skýra frá þessu, um leið og hann berst á móti tekjuöflunarleiðum þeim, sem hæstv. ríkisstj. vill fara. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að mér finnst tekjuöflunarleiðir þær, er ríkisstj. hefur horfið inn á, þær einu, sem færar eru, eins og sakir standa. Og af þeim þrem frv., sem hér liggja fyrir nú, þá finnst mér það, er hér er til meðferðar, sjálfsagðast.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Hv. 7. landsk. hefur tekið ýmislegt fram af því, sem ég hefði viljað segja, og get ég þá sleppt því. Sérstaklega vildi ég þó taka undir áskorun hans um það, að hv. 4. landsk. og hans flokkur geri grein fyrir því, hvernig hann telji, að eigi að komast út af fjárlagaafgreiðslu á þessu þingi, ekki með slagorðum, heldur með skynsamlegum rökum um það, hvernig slíkt hefði mátt verða mögulegt og það með tilliti til þeirra tillagna, er hann og flokkur hans höfðu borið fram um hækkun útgjalda fjárl. Það er vitanlega meiri ástæða til þess að gera þessa kröfu til þessa flokks sökum þess, að fjárlagaafgreiðslan nú og hin miklu gjöld, sem ríkissjóður verður að krefjast af þjóðinni, er að miklu leyti arfur frá valdatímum þessa flokks. Hv. 4. landsk. sagði í ræðu sinni áðan, að þessi frv., sem stjórnin hefur lagt fyrir Alþ., væru ráðstafanir til að hækka vöruverð, og var það á hv. þm. að heyra sem það væri höfuðtilgangurinn að hækka vöruverðið, en ekki að afla ríkissjóði tekna. Nú má segja, að þegar tollar eru lagðir á vöru, þá hækki hún sem því svarar í verði. En hækkað vöruverð þarf ekki undir öllum kringumstæðum að verða til þess að rýra lífskjör almennings, þeirra, sem skynsamlega lifa. Ef tollur er lagður á ónauðsynlega vöru og hún hækkuð í verði, þá fæ ég ekki séð, að það verki á nokkurn hátt í þá átt að rýra lífskjör almennings. Fyrir skömmu var hækkað verð á áfengi og tóbaki. A. m. k. hvað áfengið snertir, þá geri ég ekki ráð fyrir því, að talið sé, að verið sé að rýra lífskjör almennings eða þeirra manna, sem skynsamlega haga sér, því að vitanlega þarf enginn maður að kaupa áfengi frekar en hann vill. Það er ekki sama að segja um tóbakið, því að mörgum, er vanið hafa sig á tóbak, er það eins konar nauðsyn. En samt má svipað um það segja og áfengið. Í byrjun þarf enginn að venja sig á tóbak. Það geta því verið beinlínis heppilegar ráðstafanir vegna almennings í sumum tilfellum að hækka verð á vissum vörum, sem eru óþarfar og skaðlegar fyrir fólk, eftir því sem talið er. En eins og hv. 7. landsk. tók fram hér, varð til einhverra ráðstafana að grípa, eins og ástatt var. Og menn skulu minnast þess, að það er fyrrv. stjórn, sem hv. 4. landsk. átti sæti í, er bjó svona í haginn um fjárlagaafgreiðslu fyrir núv. stjórn. Nú mun svo hafa verið, er fjárl. voru afgr. til 3. umr., að þá var tekjuhalli þeirra um 30 millj. kr. Talið hefur verið að Sósfl. hafi borið fram hækkunartill., er numið hafa 20 millj. kr. Ekki væri ólíklegt, að aðrir þm. hafi borið fram hækkunartill., er áttu rétt á sér, er næmu 10 millj. kr. Það vantaði því 60 millj. kr. í raun og veru, ef fylgt væri stefnu 4. landsk. og hans flokks í fjárlagaafgreiðslu. Ég verð að taka undir það með hv. 7. landsk., að það væri ákaflega fróðlegt að fá að heyra, hvernig 4. landsk. hefði viljað afla þessara 60 millj. kr. á einu ári umfram þau gjöld, er nú hvíla á þjóðinni. Það þýðir vitanlega ekki neitt að segja sem svo, að þetta megi taka af þeim ríku eða þess háttar. Það verður að sýna fram á það með rökum, að þetta fé hafi verið hægt að fá á annan hátt en hér er lagt til.

Síðasti ræðumaður talaði um 3 leiðir, sem hægt hefði verið að fara við fjárlagaafgreiðslu á þessu þingi: Skera niður gjöldin, auka beina skatta eða fara þá leið, sem lagt er til í stjfrv. Mér finnst í raun og veru ekki sé nema um tvær meginleiðir að ræða. Önnur er sú að skera niður útgjöld, hin að afla tekna í ríkissjóð. Það er svo annað mál, hvernig þessu er jafnað niður á þjóðina, þótt það sé að vísu mikils vert atriði. Ég vil láta þá skoðun í ljós, að rétta leiðin og áreiðanlega eina færa leiðin, eins og komið var, hafi verið að skera niður útgjöld ríkissjóðs með ýmsum ráðstöfunum. Ég hef enga trú á því, að þessi þjóð, sem telur ekki nema rúmlega 100 þús. manns, muni standast það til lengdar að hafa fjárl. upp í 200 millj. kr. þrátt fyrir það lága peningagengi, sem nú er hér á landi. Ég hef enga trú á því, að þetta verði framkvæmanlegt til lengdar. Ég er ekki viss um, eins og hér var orðað áðan, að það eina, sem ætti að skera niður, væri framlag til verklegra framkvæmda. Það er vitanlegt, að ríkisrekstur hér á Íslandi er orðinn miklu dýrari og stórkostlegri að tiltölu en hjá nokkurri annarri þjóð. Og það er þar, sem fyrst og fremst þyrfti að gera ráðstafanir til að spara og koma á skynsamlegri vinnubrögðum en verið hefur. En sú stjórn, sem hv. 4. landsk. tók sæti í, á ekki svo lítinn þátt í því, að ríkisrekstur inn er orðinn svona dýr. Hann mun ekki hafa aukizt svo lítið á þeim rúmu 2 árum, er sú stjórn sat við völd. En það er vitað mál, að það, sem kannske var nauðsynlegast af öllu, verður ekki gert að neinu ráði á þessu þingi, sem nú fer senn að ljúka störfum. Og eftir því sem verið hefur undanfarið, má búast við, að slíkt verði ekki gert, fyrr en *neyðin kallar á slíkar ráðstafanir*. Og með tilliti til þess, þá held ég, að hver og einn hv. þm. sé skyldugur til, ef hann vill bera ábyrgð á sínum gerðum frammi fyrir þjóðinni, annað hvort að fallast á þær till., sem ríkisstj. hefur fram borið, eða benda á aðrar leiðir jafnáhrifaríkar, til þess að ríkið fái staðizt. Í þriðja lagi væri það, ef einhver væri til þess búinn á stundinni að benda á örugga leið til þess að færa gjöld ríkisins niður. Það getur vel verið, að hv. 4. landsk. geti komið af stað verkföllum út af þessum frv. Það kann að vera, að hann geti það. Og um það skal ég ekkert segja, hversu mikið tjón þjóðfélagið kann af því að bíða. En því ætla ég að spá honum, að þótt hann geti komið hér öllu í öngþveiti og svo geti skipazt, að hann eigi sjálfur og hans flokkur að eiga þátt í að taka við stjórn landsins, þá verða þeir að samþykkja gjöld á þjóðina, sem á einhvern hátt koma niður á almenning alveg eins og frv. þau, sem hér liggja fyrir, slíkt verður þá óframkvæmanlegt. En ég álít það muni vera nokkuð erfitt að sannfæra fólk um það, þótt undarlegt sé, hvað hægt er að segja fólki nú til dags, að í það óendanlega sé hægt að krefja ríkissjóð fjárframlaga, en þegar ríkissjóður þarf á tekjum að halda, þá sé verið að pína þjóðina um aukin gjöld. Það er að vísu eins og sumir menn haldi, að ríkissjóður sé uppi í himninum og að úr honum renni peningar yfir landið, án þess að nokkur þurfi í hann að greiða, þegar á sömu fundunum er verið að skora

á þingið að lækka tolla og skatta og auka fjárframlög til einhvers, sem þeim kemur vel, sem fyrir þessu standa. En að mikill hluti fólks sé þannig orðinn í hugsunarhætti, að þetta fái til lengdar fylgi, því á ég bágt með að trúa. Sé svo komið, mun ekki langt eftir fyrir okkur Íslendinga sem sjálfstæð þjóð.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hygg, að hv. 4. landsk. hafi réttilega vítt það, þegar hann tók fyrst til máls við 1. umr. málsins, að máli eins og þessu og þeim frv., er því fylgja, skuli kastað inn í þingið fyrirvaralaust, án þess að þm. hafi getað kynnt sér þau að nokkru. Það er ástæða til að víta þessi vinnubrögð. En það væri kannske ekki mikið um að sakast, ef þetta væri í fyrsta skiptið, sem þetta kæmi fyrir, og ætla mætti, að það henti ekki aftur. En síðan ég kom hingað á Alþ., hefur naumast borið svo að stórmál, að því hafi ekki verið kastað inn í þingið. Og þetta átti sér líka stað, þegar hv. 4. landsk. var ráðh. og húsbóndi þessarar virðulegu stofnunar. Hverju stórmálinu á fætur öðru hefur verið kastað hér inn í þingið eins og launungarmáli og þm. ætlað að taka afstöðu til þess. Einkum hefur verið ætlazt til þess, að þm. tækju afstöðu til slíkra stórmála á næturfundum. Það er því hér verið að víta hluti, sem eru vítaverðir og um leið lítilsvirðing á þm. sjálfum, sem ekki ætti að eiga sér stað.

Það er annað, sem ég ætla líka að víta, og það er það, að þegar stjórnin leggur fyrir þingið frv., skattafrv. og tollafrv., þá eru vinnubrögðin þannig, að fundir eru í báðum d., og fjmrh. á þess ekki kost að vera viðstaddur, og þm. eiga þess ekki kost að beina umr. til ráðh. Sérstaklega væri nauðsynlegt, að þessi skattafrv. væru ekki samtímis fyrir báðum d., því að mér þykir eðlilegt, að einhverju væri beint til ráðh., sem hann þyrfti að svara.

Ég vil segja það í sambandi við þetta mál, að ég er andvígur því stjórnarsamstarfi, sem fyrir nokkru var hafið, og ég var líka andvígur því, að Alþfl. ætti samstarf við Sjálfstfl. á árunum 1944—1946. Ég er á hverjum tíma andvígur því, að Alþfl. sé í samvinnu við höfuðandstæðing sinn í aðalmálunum. Það er ekki hægt að samræma það jafnaðarstefnunni. Það var heldur ekki hægt að samræma það, þegar þm. Sósfl. voru í samstarfi með Sjálfstfl. og Alþfl. Það virðist því vera sá munur á mér og þm. Sósfl., að þeir undu sér vil í stjórnarsamstarfinu, en ég taldi það, jafnt þá sem nú, alger svik við jafnaðarstefnuna. Ég er því sjálfum mér samkvæmur um þetta, en þeir naumast.

Ég var andvígur þeirri stjórnarsamvinnu, sem hafin var upp úr áramótunum, og vænti mér lítils góðs af henni fyrir Alþfl. Af þessu leiðir, að ég verð fyrir minni vonbrigðum en aðrir og teldi það alveg sérstakt, ef nokkuð gott leiddi af slíku samstarfi.

Á árunum 1944—1946 áttu sér vissulega stað tolla- og skattahækkanir. Á þeim sama tíma óx líka dýrtíðin. Meðan þm. Sósfl. voru í því samstarfi, höfðu þeir ekki hátt um þessa hluti. Þá var ekki talað um, að verið væri að þröngva sköttum á almenning. Þá var dregin fjöður yfir allt slíkt með einu lausnarorði: „nýsköpun".

Nú á að hækka skattana með þeim frv., sem hér hafa verið lögð fram. Eitt leiðir af sér skattahækkun, sem nemur 1.5 millj. kr., annað skattahækkanir, sem nema 2 millj. kr., og hið þriðja, sem nemur 31,6 millj. kr., eða samtals 35,1 millj. kr. fyrir ¾ hluta ársins, en næðu þau yfir allt árið, ættu þau að hafa verið eitthvað á fimmta tug milljóna. Ég þykist vita, að ef þm. Sósfl. hefðu enn verið í stjórn, hefðu þeir yfirgnæft óþægindin af þessum frv. með „nýsköpun", og ef ekki hefði dugað að segja það, þá með því að hrópa það og feitletra, en óþægindin hefðu skollið á þjóðinni þrátt fyrir það.

Alla haustmánuðina sátu fulltrúar þjóðarinnar við að koma saman fjárlagafrv. Það þótti sýnt, að erfiðlega gengi að ná endunum saman, útgjöldin mundu verða nokkru hærri en tekjurnar, og menn töluðu snemma á haustmánuðum um 30—40 millj. kr. halla á fjárl. Þá heyrðist enginn benda á leið til að jafna þennan halla og um þetta hefur verið þagað þangað til nú, einum 9—10 vikum eftir að ný stjórn hefur tekið við völdum. Nú fáum við skattafrv. dembt yfir okkur, og við eigum að afgreiða þau, áður en sól er af lofti. Það var gat á sokknum hjá hinni nýju stjórn þegar fjárlagafrv. var hér til annarrar umr., gat, sem þurfti 30—40 millj. kr. til að stoppa í, og það var byrjað að stoppa með því að hækka álagningu á brennivíni og tóbaki og fá 15 milljónir kr. af vesalingum þjóðfélagsins í viðbót við það, sem áður var, og var það þó ekkert smáræðis fé, eða um 39 milljónir, sem ríkissjóður hafði af þessari sölu sinni áður. Ég hefði glaðzt yfir þessu, ef það gæti orðið til þess, að menn hættu að drekka, en það verður ekki til þess. Það verður eingöngu til þess, að ríkissjóður sölsar undir sig 1½ tug milljóna í viðbót við það, sem áður var. Enginn flokkur beitti sér gegn þessu, þegar það var keyrt hér í gegn á einum sólarhring.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er smáræði eitt. Það á ekki að gefa nema 1½ milljón kr. Samkvæmt því á að hækka gjald af sælgæti, kakaó, kaffi, gosdrykkjum og tóbaksvörum.

Ég get ekki tekið undir það með hv. 4. landsk., að samþykkt þessa frv. þröngvi svo mjög kosti almennings. Það getur hver maður í alþýðustétt algerlega hætt að nota þessar vörur og gæti hætt að láta ríkissjóð auðgast á kaffi og gosdrykkjum. Hver maður í alþýðustétt getur látið þetta eins og vind um eyrun þjóta, en ef almenningur gerði það, yrði ríkissjóði enginn tekjuauki að þessu, og því miður bregzt þjóðin ekki þannig við þessu máli, og það er að nokkru leyti hennar eigin sök, ef þessi skattur leggst þungt á herðar hennar.

Það er eitt af meginstefnumálum Alþfl. og allra sósíalistiskra flokka að ganga ekki inn á að skattleggja nauðsynjavörur með tollum, hvorki með vörumagns- eða verðtollum. Hins vegar hafa slíkir flokkar staðið að fjáröflun í ríkissjóð með tollum af munaðarvörum og óþarfa. Þetta fyrsta frv. brýtur því í raun og veru ekki í bága við „prinsip" jafnaðarmanna í skattamálum. Hér er um óþarfa vöru að ræða, og jafnaðarmenn geta samþykkt, að á þær séu lagðir tollar. Kaup slíkrar vöru þurfa ekki að lenda á öðrum en efnamönnum, sem vilja leyfa sér að kaupa hana. En jafnaðarmenn geta ekki verið með milljóna álagningu á vörur, sem ekki er hægt fyrir almenning að neita sér um að kaupa. Það er vissulega auðsætt mál, að þegar kemur að frv., sem nú er verið að ræða í Nd., þegar á að hækka vörumagns- og verðtolla yfirleitt, þá er komið inn á svið þeirra vara, sem

almenningur kemst ekki hjá að kaupa, en það má láta bíða að ræða, þangað til það kemur hingað.

Ég get sagt það, að í sjálfu sér tel ég mér það fært að greiða atkv. með frv. eins og þessu, um aukna skattlagningu á ýmiss konar munaðarvörur, og ég viðurkenni líka þörfina hjá stjórninni að fá nýjar tekjur, sem nema 35—40 milljónum kr. Þannig er í pottinn búið, að sannast að segja er ástandið þannig hjá okkur núna, að menn segja, að bogi hinna óbeinu skatta mun vera spenntur undir það, að hann bresti. Það er búið að auka álagningu á brennivín og tóbak. Við verðum að hækka vörumagnstollinn um 200% og verðtollana um 65% yfirleitt. Það er búið að taka ábyrgð á kjöti af því fé, sem slátrað verður, og það er búið að taka ábyrgð á þeim fiski, sem aflað verður. Ég verð því að segja: guð hjálpi þessari stjórn, ef hún verður langlíf, og guð má hjálpa næstu stjórn til þess að standa við það, sem búið er að taka ábyrgð á. Og þetta er afleiðingin af stjórn sósíalista og afleiðingin af því, þegar Sósfl. og Alþfl. gengu í hjónasæng með íhaldinu á árunum 1944—1946.

Brynjólfur Bjarnason: Hv. 3. landsk. (HV) hélt því fram, að það hefði komið fyrir hjá fráfarandi stjórn, að mál væru lögð fyrir, eins og hér var gert í dag. Það kom aldrei fyrir, að mál, sem ætlazt var til, að afgr. væru á sama degi, væru lögð fyrir, án þess að þm. fengju að athuga þau (**HV:** En inntakan í sameinuðu þjóðirnar, og sama átti að gera með flugvallarsamninginn. Það átti að keyra hann í gegn.) Flugvallarsamninginn get ég ekki varið, þar sem ég vissi ekki um hann.

Þá sagðist hann vera á móti því, að sósíalistiskir flokkar hefðu samstarf við íhaldið. Ég veit ekki, hvort hann meinti, að sósíalistiskir flokkar ættu ekki að hafa samstarf við borgaralega flokka. Ég er ekki á sama máli og hv. þm. um þetta atriði. Ég álít, að samstarf við borgaralega flokka fari eftir því, hvað samið er um og hvað framkvæmt er.

Þá hélt hv. þm. því fram, að ef Sósfl. hefði verið í stjórn, þá hefði hann verið samþykkur frv. svipuðum þessum og bara hrópað „nýsköpun". Ég get upplýst hv. þm. um það, að margsinnis í tíð fyrrverandi stjórnar var um það rætt að afla tekna á svipaðan hátt og hér er gert ráð fyrir, en Sósfl. var á móti því, og það hefði aldrei komið til mála, að hann hefði verið með neinum slíkum till. Þær till., sem minnzt var á í ríkisstj. í þessa átt, voru að vísu ekki nema smámál hjá þessu, en ráðh. Sósfl. komu í veg fyrir, að þær væru lagðar fyrir Alþ. Það er önnur samsteypa, sem ber ábyrgð á þessu.

Enn fremur vil ég benda hv. þm. á það, að á meðan fyrrv. stjórn sat við völd, fór fram nýsköpun í landinu og allur almenningur hafði atvinnu og miklar framkvæmdir áttu sér stað, en nú er komin stöðvun, og ef svona heldur áfram, er ekki annað sýnna en að um mikið atvinnuleysi verði að ræða. Mun ég koma nánar að því síðar.

Hv. 7. landsk. (GÍG) hélt því fram, að aðeins væru til 3 leiðir til þess að mæta þeim tekjuhalla, sem nú er á fjárl.: 1. að draga úr útgjöldunum, skera niður fjárveitingar til ýmissa framkvæmda, til menningarmála eða hvers þess, sem fært er að skera niður; 2. að hækka skatta, tekju- og eignarskatt. 3. sú leið, sem lögð er til í þessum frv. frá stjórninni. Aðrar leiðir sá hv. þm. ekki, og hann taldi síðustu leiðina langsamlega bezta.

Hv. þm. sagði, að skattana, tekju- og eignarskatt væri ekki hægt að hækka, vegna þess að mönnum væri svo íþyngt, að ekki væri á það bætandi. En hvað heldur hann um verkamanninn, sem hefur kr. 2.65 í grunnkaup um tímann og býst ekki við að hafa vinnu nema nokkurn tíma úr árinu? Hvernig heldur hann, að verkamanninum gangi að framfleyta fjölskyldu sinni, ef kaup hans á enn að lækka? Hér er um að ræða stórfellda fölsun á vísitölunni, og þetta er lagt á þá, sem verst hafa efnin. Það er vegna þessa, sem alþýðusamtökin hljóta að gera gagnráðstafanir. Hv. þm. sér ekki neina aðra leið en að láta þetta fyrst og fremst koma niður á þeim, sem fátækastir eru, þeim, sem minnst efnin hafa. Ef þetta eru árásir á alþýðuna, sagði hann, eru það þá ekki árásir, sem fráfarandi stjórn stofnaði til með framkvæmdum sínum og nýmælum í félagsmálum og menningarmálum, sem kosta mikið fé? Hann spurði, hvort þetta væri ekki árás á alþýðuna. Þetta er skemmtileg röksemd. M. ö. o., það er ekki hægt að stofna til nýrra framkvæmda, ekki hægt að gera neinar umbætur í félagsmálum og menningarmálum, nema með nefskatti, sem komi niður á þeim fátækustu.

Hv. þm. Eyf. (BSt) hafði sama sjónarmið. Hann sagði: Það þýðir ekkert að tala um, að það eigi að taka af þeim ríku. M. ö. o., það er engin önnur leið til, sem þm. geta komið auga á, en að taka af þeim fátæku. Á öllum sínum stjórnmálaferli hafa þeir hv. þm. Eyf. (BSt) og hv. 7. landsk. (GÍG) ekki komið auga á neina leið til þess að taka af þeim, sem efni hafa.

Mér heyrðist á hv. 7. landsk., að honum þætti vænt um, ef hægt væri að finna slíka leið. Hann spurði mig, hvaða leið við sósíalistar hefðum. Ég vil benda honum á að lesa þær till., sem við höfum komið með. Það má nefna allsherjar ráðstafanir til þess að hagnýta verzlunargróðann í þágu almennings, þennan stórkostlegasta gróða, sem safnazt hefur í landinu í stríðinu og eftir stríðið. Koma þá fyrst til greina ríkiseinkasölur á vörum, sem skila óeðlilega miklum gróða, svo sem sósíalistar hafa oft bent á. Sömuleiðis eignakönnun, sem eitthvert hald væri að, og eru víst allir sammála um, að ef slík eignakönnun væri framkvæmd, þá mundu tugir milljóna koma fram. Enn fremur getur komið til greina að hækka tolla á lúxusvörum, og eru sósíalistar vel til viðræðna um það. Raunar þyrfti að endurskoða alla tollskrána um leið og hækka þar toll á sumum vörum, því að það er beinlínis hagkvæmt fyrir ríkissjóð. Þegar utanþingsstjórnin var við völd, var skipuð nefnd til að athuga möguleika á að lækka dýrtíðina. Sérfræðingar þessarar n. litu svo á, að lækka mætti vísitöluna um 13—15 stig með því að lækka tolla á sumum vörum. Þeir töldu, að sú lækkun mundi ekki kosta nema 8 milljónir og væri því beinlínis gróði fyrir ríkissjóð, borið saman við niðurgreiðsluaðferðina. En hér er ekki um að ræða framlög til framfara- og menningarmála, heldur er fjáröflunin í þeim tilgangi að greiða niður vísitöluna, sem enn hækkar og kostar ríkissjóð enn meira í niðurgreiðslum, ef þetta frv. nær fram að ganga. Spurningin er, hvort þetta sé rétta leiðin í dýr-

tíðarmálunum. Þetta er stefna núverandi ríkisstj. að falsa þannig vísitöluna, og við þetta næst ekkert nema að lækka kaup allra launþega í landinu. Ég vil nú spyrja hv. þm. (7. landsk.) hvort það sé í samræmi við stefnuskrá Alþfl. Mig minnir, að það standi í stefnuskrá eða starfsskrá, sem samþykkt var á þingi Alþfl. í haust, að Alþfl. muni berjast gegn öllu því, sem rýrir kjör almennings í landinu. Það er ekki gott að vita, hvað svona samþykktir eiga að þýða, eða ætlast hv. þm. til þess, að mark sé tekið á þeim? Það er alltaf til eitthvert fólk, sem að óreyndu trúir fallegum yfirlýsingum, en þeim mun sárari verða vonbrigðin, þegar fólkið sér, hvaða fleipur yfirlýsingarnar eru.

Í málefnasamningi núverandi ríkisstj. segir, að eitt höfuðmarkmið stjórnarinnar sé að vinna gegn verðbólgu og dýrtíð í landinu og finna leiðir til lækkunar. Eina leiðin, sem ríkisstj. hefur fundið, er niðurgreiðslur, og til þess að mæta kostnaðinum við niðurgreiðslurnar er svo lagt fram frv., sem gerir ráð fyrir svo háum nefsköttum, að ekki eru dæmi annars eins í þingsögunni. Hefur um þetta verið leitað samþykkis verkalýðsins í landinu, eins og lofað er í málefnasamningnum? Áreiðanlega ekki, og það veit hv. þm. Stefnuskrá Alþfl. og yfirlýsingar hans verða því skoðaðar sem fleipur eitt, og sömuleiðis verður ekki mikið mark tekið á málefnasamningi núverandi ríkisstj.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Þetta verða aðeins fá orð og út af því, að mér finnst hv. 4. landsk. leggja nokkuð frítt út það, sem ég og hv. 7. landsk. höfum sagt, er hann segir, að við höfum enga leið séð til tekjuöflunar nema að taka af þeim fátæku. Það er rétt, að ég sagði, að ekki væri nóg að tala með almennum orðum um að taka af þeim ríku. Ég tók fram, að það þyrfti að benda á leiðir og koma með tillögur. Almenn slagorð hafa þar ekkert gildi. Við 7. landsk. vorum að lýsa eftir einhverjum leiðum hjá honum, en þær hefur hann enn ekki bent á, og er undarlegt, að hv. þm. stekkur á dyr, þegar verið er að tala við hann. Hann nefndi þó nokkur atriði um það, hvernig tekjurnar skyldu teknar af þeim ríku. Hann nefndi til dæmis, að fjölga mætti einkasölum. Það er hægt. Ríkið gæti meira að segja sett upp einkasölu á öllum innflutningi og hagað svo til með allsherjareinkasölu, að enga tolla eða skatta þyrfti að greiða. En ef allsherjar einkasala ætti að gefa allar ríkistekjurnar, þá yrði þjóðin eftir sem áður að borga ágóða ríkissjóðs. Gróðinn af einkasölunni hlyti alltaf að vera tekinn af almenningi. En að því leyti mundi verða tekið af þeim ríku, að nú rennur mikill hluti ágóðans í vasa einstaklinga, en vitanlega yrðu starfsmenn við einkasöluna, sem kaup þyrfti að greiða. Það er áreiðanlegt, að hvort sem einkasalan yrði meiri eða minni, þá gæti ágóðinn ekki komið annars staðar frá en frá almenningi. Þá nefndi hv. 4. landsk. eignakönnun. Eignakönnunin er nú eitt af atriðunum í málefnasamningi hæstv. ríkisstj., og þótt ekki sé komið fram frv. um það efni enn þá, þá verður það vafalaust, áður en þessu þingi lýkur. Með eignakönnun geta fengizt peningar eða grundvöllur til hærri skatta á ríku mennina. En þetta er ekkert nýmæli hjá hv. þm., heldur leið, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að fara. Loks bendir svo hv. þm. á þriðju leiðina, sem er að leggja hækkaða tolla á lúxusvörur, en það er einmitt það, sem þetta frv. fer fram á, og svo eyðir hann heilum degi í að mæla gegn þessu frv. Ég held því, að ef hann ætlar að gera þingmannsskyldu sína og benda á leiðir til að afla þeirra 35 milljóna, sem ríkissjóður nú þarfnast, þá verði hann að gera betur og benda á eitthvað annað en t. d. allsherjareinkasölu, því að sá gróði, er ríkið hlýtur af henni, fæst aðeins frá almenningi. Ríkissjóður getur ekki grætt 200 milljónir á innflutningsverzluninni, nema með því að selja vöruna til almennings þeim mun dýrara en hann kaupir hana.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur nú að mestu tekið af mér ómakið. Þó vildi ég fara nokkrum orðum um ræðu hv. 4. landsk. Eins og vænta mátti, var honum næsta ógreitt um svör, þegar hann var krafinn um það, hvernig hann vildi afla tekna til að fá þær 35 milljónir, er ríkissjóður nú þarf, hvað þá ef þurft hefði að afla tekna til að mæta þeirri 20 milljóna hækkun, sem sósíalistar vildu gera á fjárlögunum. Hann svaraði aðeins út í hött og með slagorðum, og er það vel í samræmi við aðstöðu hans og hans flokks til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Þótt leitað væri gegnum alla hans ræðu, fannst ekki örla á raunhæfum leiðum til að mæta vandanum, sem nú þarf að leysa. Hann minntist þó á ríkisrekstur, einkasölu og eignakönnun. Það verður áreiðanlega lítill hagnaður fyrir ríkið af einkasölum, ef þær verða reknar eins og það ríkisfyrirtæki, sem fyrrv. hæstv. atvmrh. stjórnaði, og á ég þar við landssmiðjuna. Ég býst við, að harla lítillar tekjuöflunar sé að vænta af rekstri eins og atvmrh. stýrði s. l. 2 ár því ríkisfyrirtæki, er undir hann heyrði. Hv. 1. þm. Eyf. benti á, að tekjur af allsherjar ríkiseinkasölu yrðu fyrst og fremst teknar af almenningi. Annars þarf það mál meiri og ýtarlegri undirbúnings en hægt er að koma við nú, er fjárþörf ríkissjóðs er svo aðkallandi. Ég og minn flokkur er að sjálfsögðu fylgjandi ríkisrekstri á vissum sviðum og einkasölum, en því aðeins, að þær miði að því að sjá landsmönnum fyrir nauðsynjum sínum með hagstæðum kjörum. Þá minntist hv. þm. á eignakönnun. Eignakönnun er nú í undirbúningi hjá ríkisstj., og mun ríkissjóði ekki veita af þeim tekjum, sem með henni fást. Þá drap hann einnig á skarpara eftirlit með skattaframtölum. Þegar ríkisstj. var mynduð 1944, þá var það eitt af áformum stjórnarinnar að skerpa þetta eftirlit. Þessi hv. þm. var ráðh. í þessari ríkisstj. í 2 ár og hafði aðstöðu til að vinna að því að skerpa eftirlitið. Ég efast ekki um, að þáverandi stjórn hafi gert það, sem hún gat í þessu efni, en allir sjá árangurinn. Því held ég, að lítið frv. um enn aukið eftirlit með skattaframtölunum mundi gefa ríkissjóði litlar tekjur. En það er svo með hv. 4. landsk., að þegar gengið er eftir því, hvaða leiðir hann vilji fara aðrar en nú eru lagðar til, þá ýmist skýtur hann sér undan eða svarar út í hött, eða ymprar á gagnslausum leiðum. Enn á ný skora ég á hv. 4. landsk., ef hann á annað borð hugsar sér nokkrar tekjuöflunarleiðir fyrir ríkissjóð, að hann skýri áform sín fyrir hv. þd.

Hv. 3. landsk. minntist á það í sinni ræðu, að sósíalistar mundu hafa stutt þessi frv., ef þeir sjálfir hefðu verið í ríkisstj. Þessu mótmælti hv. 4. landsk. En ég tek undir þessi ummæli hv. 3.

landsk. og tel ekkert vafamál, að sósíalistar hefðu verið með þessum leiðum, ef þeir hefðu ekki verið í stjórnarandstöðu. Það voru ekki þessi atriði, sem ullu því, að sósíalistar fengust ekki til að taka þátt í stjórnarmyndun í vetur, og það voru ekki þessi mál, er á strandaði, þegar stjórnarsamvinnan rofnaði á síðasta hausti (**BrB:** Var farið fram á þetta í samningaumleitunum um stjórnarmyndun í vetur?) Það kom greinilega í ljós í tilraununum til stjórnarmyndunar, að sósíalistar settu allt annað fyrir sig, og þessi atriði urðu ekki til þess að sósíalistar vildu ekki taka þátt í stjórnarmyndun. (**BrB:** Ég lýsi hv. þm. hreinan ósannindamann.) Það þýðir ekki neitt fyrir hv. þm. að mótmæla þessu. Ég fylgdist vel með aðdragandanum að stjórnarmyndun, og mér er fyllilega kunnugt um, að sósíalistar settu þessi mál alls ekki fyrir sig. Þeir eru nú mótfallnir þessum frv., af því að þeir vilja ekki, að stjórninni takist að leysa vandann, og er það vel í samræmi við afstöðu þeirra, er þeir gera miklar kröfur um hækkun á fjárlögunum, en vilja svo engar tekjuöflunarleiðir sjá, ekki einu sinni þær, er þeir sjálfir hefðu stutt, ef þeir hefðu verið í ríkisstjórn.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru nokkur atriði hjá þeim hv. 1. þm. Eyf. og hv. 7. landsk., sem ég vildi gera að umtalsefni. Ég skal þá byrja á því að svara þeim glósum, sem hv. 7. landsk. sendi hæstv. fyrrv. atvmrh. út af landssmiðjunni, en rekstur hennar undanfarið vildi hann taka sem dæmi um það, að ríkisfyrirtæki bæru sig ekki, og hefði maður haldið, að einhver annar hefði orðið til þess. En sannleikurinn er sá, að þegar fyrrv. atvmrh. tók við, þá var fyrirrennari hans búinn að skipa landssmiðjunni stjórn og forstjóra. Það ólag, sem var á rekstri smiðjunnar, var fyrst og fremst því að kenna, að forstjórinn var óreglumaður. Þótt leiðinlegt sé að þurfa að lýsa því yfir hér, þá verður svo að vera, þegar fyrrv. atvmrh. er ásakaður. Það, sem fyrrv. ráðh. svo gerði, var aðeins það að víkja forstjóranum frá embætti, og það eina, sem hægt er að ásaka hann fyrir, er, að hann skyldi ekki gera það fyrr. Þær röksemdir 7. landsk. að taka rekstur landssmiðjunnar sem dæmi um, að ríkisfyrirtæki beri sig ekki, geta því ekki staðizt, og ég verð að segja, að eðlilegra hefði verið, að slíkt álit kæmi frá öðrum flokki.

Hv. 1. þm. Eyf. talaði hér um skattaþörf ríkissjóðs og ásakaði sósíalista fyrir að vilja hækka fjárlögin. Ég man ekki betur en tvo s. l. vetur kæmu fram hækkunartill. við fjárlögin frá hans flokki, án þess að bent væri á nokkrar leiðir til tekjuöflunar. Það er annars undarlegt, að það er eins og forsvarsmenn þessa frv. ætlist til, að hv. 4. landsk. hafi helzt tilbúin frv. við þessa umr. um öflun nýrra tekna í ríkissjóð. Ég held nú, að andstöðumenn fyrrv. stjórnar hafi yfirleitt talið, að það væri verk stjórnarinnar. Ég vil leyfa mér að benda á, að það er ekki hægt á þessu stigi, þegar stjórnin kastar frv. sínum inn í þingið og ætlast til þess, að þau séu barin í gegn á einum degi. Ef nefnd hefði verið gert kleift að fjalla rækilega um þessi mál, þá hefðu sósíalistar getað komið fram með sínar till. Það er sannarlega einkennilegt, þegar fyrrv. stjórnarandstæðingar fjargviðrast út af því, að við sósíalistar skulum ekki leggja fram till. til tekjuöflunar. Það gerðu framsóknarmenn aldrei í sinni stjórnarandstöðu. Auk þess gefst stjórnarandstæðingum nú enginn tími til að koma fram með slíkar till., eins og þessi mál ber að frá hendi hæstv. ríkisstj.

Haustið 1945 var gerð tilraun til að koma í veg fyrir, að verðbólgan yxi mikið, með því að samkomulag var gert um það, að þau 9,8%, sem landbúnaðarafurðir hefðu átt að hækka í verði eftir sexmannanefndar-samkomulaginu, skyldu ekki ganga inn í landbúnaðarvísitöluna. Og á þessum forsendum var gefið eftir af neytenda hálfu, þannig að nokkur hluti af verðhækkun á neyzluvörum var tekinn út úr vísitölunni. En ég man ekki betur en að heimtað væri, að landbúnaðarafurðirnar væru verðlagðar upp í topp og líka heimtuð þau 9,8%, sem gefin voru eftir áður, þó að það hlyti að hafa í för með sér stórkostlega hækkun á vísitölunni og stórkostlega hækkun á niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Þetta, sem gert var í fyrra, þegar íslenzka smjörið var tekið út úr vísitölunni og neitað að taka upp þessi 9,8%, gerði það að verkum, að niðurgreiðslur urðu 10 millj. kr. minni en ef farið hefði verið eftir fyllstu kröfum í þessum efnum. Þetta, að leggja þetta til, var tilraun til þess að lækka niðurgreiðslur úr ríkissjóði, og ég hafði von um, að það væri þá hægt að færa lengra út þessa aðferð og halda áfram með hana til lækkunar á dýrtíðinni. En sú von mín hefur brugðizt, að þetta yrði reynt. Og nú er ekki aðeins svo komið, að við greiðum þetta niður úr ríkissjóði, heldur hafa verið greiddar niður aðrar vöruhækkanir úr ríkissjóði. Og þegar svo er komið, sjá allir, hvert stefnir með afkomu ríkissjóðs.

Þá vil ég enn þá leyfa mér að minna á þær fullyrðingar hv. 1. þm. Eyf., að ef allsherjareinkasala ætti að gefa ríkistekjur, þá mundi sá gróði koma niður á almenningi sem álögur, og vildi hann nota þetta sem röksemd fyrir því, að ekki væri eðlilegt að nota einkasölu til þess að afla ríkissjóði tekna. Telur hann þá, að vörutegundir þær, sem líklegastar eru til að gefa einstaklingum gróða, mundu ekki gefa ríkinu sama gróða, ef það verzlaði með þær? Telur hann, að ríkið mundi ekki geta grætt á verzlun með vissar vörutegundir, þar sem verzlunarstéttin græðir nú eins mikið og hún gerir? Ég tel ekki vafa á því, að það mundi vera hægt að láta ríkið reka einkasölu á ýmsum vörum til tekna fyrir ríkissjóð, án þess að það kæmi á neinn hátt niður á almenningi í vöruverðinu. Almenningur verður nú þegar að borga verzlunarálagninguna á þeim vörum, sem hér kæmu til greina. (**BSt:** Ég tók það fram, en ég hélt, að almenningur þyrfti að borga þetta samt sem áður, þótt um ríkiseinkasölu væri að ræða.) Almenningur þarf að borga álagninguna nú, og hann verður líka að borga hana, þó að hún sé tekin eftir öðrum leiðum. En það væri sá munur á því, að ef um ríkiseinkasölu væri að ræða, þá mundi verzlunarágóðinn renna til ríkissjóðs sem tekjur fyrir hann. Í sambandi við þetta vil ég benda á þær tekjur, sem ríkissjóður hefur af áfengisverzlun og tóbaksverzlun, og ég held, að það megi fullyrða, að þannig mætti taka ýmsar fleiri vörur.

Þá var hv. 7. landsk. þm. með fyrirvara um það, að það væru ekki þessi mál, sem samkomulagið um stjórnarmyndun hefði strandað á. Því hefur raunar verið yfir lýst, að þarna hafi þessi hv. þm. farið með ósannindi. Og það liggur svo ljóst fyrir,

að hann er svo rakalaus í þessu máli, að hann verður að grípa þarna til algerðra ósanninda. Ég get lýst yfir, að í fyrrv. stjórnarsamvinnu, sem hv. 7. landsk. þm. var ekki síður kunnugur en ég, þá var Alþfl. oftar en einu sinni búinn að leggja að Sósfl. um að fara þessar leiðir, eins og t. d. að leggja á benzínskatt, þó að Sósfl. fengist aldrei til þess að samþykkja það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 112. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 110. fundi í Nd., 11. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. um gjald af innlendum tollvörutegundum er einn liður í því að afla ríkissjóði þeirra nauðsynlegu tekna, sem hann þarf til að mæta útgjöldum fjárl. Er farið fram á, að ríkisstj. fái heimild til að innheimta til ársloka 1947 með 100% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkvæmt l. nr. 94 1946, um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt l. lið 3. kafla greindra l.
Í aths., sem fylgja þessu frv., eru teknar fram þær ástæður, sem fyrir því liggja, að frv. er fram komið, svo og væntanlegur tekjuauki af frv., ef það nær samþykki Alþingis. Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál. Það er í sjálfu sér einfalt, og læt ég því máli mínu lokið að sinni með þeirri ósk, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjhn.

Einar Olgeirsson: Það er viðvíkjandi þessu frv., sem hér liggur fyrir.
Mér sýnist þetta frv. vera dæmi um, hversu skynsamlega reynt er að haga sér á þeim sviðum, þar sem ríkið gæti haft stóran ágóða af að framleiða slíkar vörur. Við skulum taka þessar sælgætisgerðir, sem eru stórgróðafyrirtæki. Hins vegar er þessu þannig háttað — ég man ekki, hvað þær eru margar í bænum — en framleiðslan getur verið það vélræn í þessum fyrirtækjum, að það er hægt með því að láta svo að segja eina verksmiðju annast þetta að framleiða allt sælgæti í bænum fyrir hluta af þeim kostnaði, sem er á að framleiða þetta nú. Ef ríkið sjálft hefði nú eina slíka verksmiðju og byggði aðra til, þá mundi koma í ríkisins hlut, ef sælgætið væri selt með því verði, sem hér er ætlazt til, miklu meira en nú kemur til ríkisins með þeim tollum, sem nú eru af því greiddir, ásamt þeim sköttum, sem nú eru á þessum fyrirtækjum, því að það vita allir, að þessi fyrirtæki eru breyzk eins og fleiri að reyna að koma sér undan að greiða skatta eins og þeim ber. Það er erfitt að „kontrollera" slíkt, og eina aðferðin, sem ríkið getur haft, er áð taka svona framleiðslu sjálft að sér. Það er engin skynsamleg ástæða, sem mælir með að hafa það öðruvísi. Þetta eru upplagðar tekjuvörur fyrir ríkissjóð. Því í ósköpunum á ríkið ekki að reka þetta? Því á ríkið ekki t. d. að reka myndarlega brjóstsykurverksmiðju? Í þessum verksmiðjum eru nú t. d. karamelluvélar, sem vinna kannske ekki nema lítinn part af almennum vinnutíma. Svona vélar eru til í hinum mismunandi verksmiðjum úti um allt í Reykjavík og framleiða þetta margfalt dýrara en þörf er á. Það er laglegt að láta þetta viðgangast! Hvað eftir annað hefur verið stungið upp á í umr., sem fram hafa farið um tekjuöflun fyrir ríkissjóð, af hálfu Sósfl., að ríkið tæki að sér að reka svona verksmiðjur og hafa einkasölu á þessum vörum. Það hafa ekki komið neinar skynsamlegar mótbárur móti þessu, en aldrei hefur verið hægt að fá breyt. á þessu. (**Forsrh.:** Það hefur aldrei komið fram frv. um það.) Vill hæstv. forsrh. vera með, ef ég kem fram með frv. um það á morgun? (**Forsrh.:** Það er sjálfsagt að taka það til athugunar.) Þá er bezt að umskapa eitthvað af stjfrv. á morgun og sjá, hvað okkur tekst, þá mundum við fá dálítið skynsamlega breyt. á þessu. Þetta er svo mikil vitleysa, að manni blöskrar það. Meðan farið er svona vitlaust í þetta, þá er óhugsandi að vera með þessu. Þess vegna vil ég, af því að ég hugsa, að stjórnarliðið hafi styrk til að koma þessu til 2. umr., gera brtt. við frv. og sjá, hvort hægt er að koma viti fyrir hv. þm. í þessu máli.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 608, n. 621 og 622).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JörB, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, BG.
17 þm. (GÞG, HermG, JPálm, JS, JJ, KTh, AJ, ÓTh, PÞ, PO, SigfS, SB, SG, ÁkJ, EOl, GÞ, GSv) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Fjhn. hefur ekki orðið sammála um þetta frv. Minni hl. hefur þegar skilað áliti á þskj. 621, en álit meiri hl. er ekki enn þá komið úr prentun, en það er aðeins örfá orð, þar sem lagt er til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.
Þetta frv. er, eins og menn sjá, 2 gr. Samkv. 1. gr. er ákveðið að hækka gjöld til ríkissjóðs af lakkrís og lakkrísvörum, þannig að það verði kr. 2.10 pr. kg, í stað þess að það hafði verið kr. 0.70. Samkv. 2. gr. er ríkisstj. heimilað að innheimta til ársloka 1947 með 100% álagi gjald samkv. l. nr. 60 1939,

um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkv. l. nr. 94 1946, um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Ef þetta frv. verður samþ., verða þessi gjöld þrefalt hærri en þau voru upphaflega í l. 1939, eða kr. 6.30 pr. kg af þeirri vöru, sem þarna er um að ræða, sem eru aðallega sælgætisvörur, en engar nauðsynjavörur. Hefði því mátt gera ráð fyrir því, að um þetta frv. hefði ekki orðið neinn ágreiningur, þar sem viðurkennt er, að ríkissjóð vantar auknar tekjur, og virðist mér því ekki óeðlilegt að leggja þó nokkuð aukin gjöld á slíkar framleiðsluvörur, sem hér er um að ræða. — Eins og ég gat um áður, varð hins vegar ekki samkomulag um frv. í fjhn. Hv. minni hl. leggur til, að frv. verði fellt, og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir sínu máli, ef honum finnst ástæða til. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Mig hefði langað til að koma með brtt. við þetta frv., um, að farið yrði inn á þá braut, að ríkið tæki að einhverju leyti að sér þann rekstur, sem kæmi til greina í þessu sambandi, en sá, að mér mundi ekki vinnast tími til að undirbúa slíkar till. Þetta frv. gengur í sömu átt og hin önnur frv. hæstv. ríkisstj., sem hér liggja fyrir, um hækkun gjalda án tillits til þess, hvort um er að ræða almenna nauðsynjavöru eða ekki, og koma því þessar hækkanir jafnt niður á ríkum sem snauðum. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki gefið sér tíma til að gera upp þarna á milli, og þar sem ég sé, að mér vinnst ekki tími til að tína sundur þær innlendu tollvörutegundir, sem ég gæti fallizt á hækkun á, og hinar, sem ég væri á móti hækkun á, en slík athugun á tollskrárl. er mikið verk og tekur sinn tíma, þá hef ég ekki komið fram með brtt. við frv. Ég hef því tekið þann kostinn að vera á móti frv. í heild. Viðvíkjandi róttækum aðgerðum í þessum efnum, sem sé að ríkið tæki að sér rekstur í þessu sambandi, mundi slíkt ekki samrýmast því formi, sem hér er á haft, og þær till. mundu ekki komast hér að. Ég verð því að láta mér nægja að vera andvígur því, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 : 4 atkv.
2. gr. samþ. með 18 : 5 atkv.
3. gr. samþ. með 18 : 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 4 atkv.

Á 112. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 : 2 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 : 5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 638).

---

9. Bifreiðaskattur (stjfrv.).

Á 110. fundi í Ed., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 frá 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (stjfrv., A. 609).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 : 1 atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það gegnir sama um þetta frv. eins og hitt, að það er fram komið í því augnamiði að afla ríkissjóði tekna. Hér er um aukinn bifreiðaskatt að ræða, en hann er nú fremur lágur, enda lögin um hann frá 1932. Það er ekki þægileg skylda að þurfa að gera till. um aukna skatta á þegnana, en nauðsyn brýtur lög. Hins vegar mun það flestra manna mál, að bifreiðaskatturinn sé óþarflega lágur og ekki muni rétt að ganga fram hjá því, þegar um aukna tekjuöflun sé að ræða. Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta að þessu sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Pétur Magnússon: Það er sama um þetta frv. að segja og það, sem hér var síðast til umræðu (frumvarp um gjald af innlendum tollvörutegundum). Fjárhagsnefnd hefur athugað það, og fjórir af fimm nm. leggja til, að það verði samþ. Frv. er borið fram í sama tilgangi og hitt frv., eða til þess að auka tekjur ríkissjóðs. Í frv. er lagt til, að ýmsir tekjuliðir verði hækkaðir. Þeir tekjuliðir eru í fyrsta lagi tekjur af hjólbörðum og gúmmíslöngum, tollur af þeim vörum var 1 kr. af hverju kg, en hér er lagt til, að hann verði hækkaður í 3 kr. af kg. Þá er gert ráð fyrir, að skattur af fólksbifreiðum hækki í 36 kr. af hverjum 100 kg af þunga bifreiðarinnar. Þessi skattur var áður 6 kr. af leigubílum, en 12 kr. af einkabílum af hverjum 100 kg. Þetta gjald er ráðgert hér, að verði jafnt bæði af leigubílum og einkabílum, og sýnist mér það eðlilegt. Því hefur að vísu verið hreyft, að einkabílar væru meira notaðir í lúxus en aðrir bílar, en hins vegar mun hið sanna vera, að flestir bílar munu mest notaðir til þarfa, en hvorir tveggja nokkuð til skemmtunar. Þá er í þriðja lagi sú tegund bíla, sem ekki notar benzín, skatturinn á þeim er ákveðinn 90 kr. af hverjum 100 kg af þunga þeirra. Þessi skattur er svo miklu hærri vegna þess, að benzínhækkunin nær ekki til þeirra. Þá er loks lagt til, að skattur á bifhjólum verði hækkaður í 60 kr. Þar er fylgt sömu reglu og í tollunum yfirleitt, að upphæðin er yfirleitt þrefölduð. Loks er lagt til, að 8. gr. l. frá 1932 verði felld úr gildi, þar sem það ákvæði hefur hvort sem er ekki verið framkvæmt undanfarið. Að öðru leyti vísa ég til þeirra aths., sem fram hafa komið. Ég endurtek það, að 4 af 5 nm. mæla með frumvarpinu.

Brynjólfur Bjarnason: Það er ekki ástæða til þess að fjölyrða um þetta frv. út af fyrir sig, þar sem það hefur verið rætt í sambandi við hitt frv., sem hér liggur fyrir. Hér er um að ræða gífurlega hækkun á sköttum, er varða bifreiðar og bifreiðarekstur. Ég skal ekki fara út í hvern þessara skatta út af fyrir sig, en hins vegar hlýtur þetta að hafa í för með sér hækkun á fargjöldum, sem óhjákvæmilega koma niður á almenning. Ég hef áður gert grein fyrir því, hvers vegna ég og minn flokkur er á móti hækkun skatta og tolla á nauðsynjum, og þarf því ekki að endurtaka það hér. En fyrst og fremst vegna þess, að þetta frv. hækkar beinlínis framfærslukostnaðinn í landinu, legg ég eindregið til, að það verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 : 3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 : 3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 3 atkv.

Á 112. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Áður en mál þetta verður afgr. frá þessari hv. d. vil ég gera þá fyrirspurn til ráðh. varðandi c-lið, um 36 kr. skatt á 100 kg, hvort hann hugsi sér, að jeppabifreiðar falli undir þennan lið. Eftir grg. virðist mér sem jeppabifreiðar eigi að falla undir þennan lið og sömuleiðis, að sami tollur verði af jeppabifreiðum og öðrum bílum, en ég vildi þó gjarnan fá umsögn ráðh. um þessi atriði.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að jeppabifreiðarnar eru í grg. taldar með þeim bifreiðum, sem eru ætlaðar til fólksflutninga, og mér virðist, að reynslan sýni það og sanni, að jepparnir séu ekki sízt notaðir til þeirra hluta. Hitt kann að vera, að sérstaklega í sveitum séu jepparnir að einhverju leyti notaðir til annars. Að hvað miklu leyti er mér ekki unnt að dæma um, en ég skal lýsa yfir því, að þegar þetta frv. var samið og undirbúið til þess að leggja það hér fram fyrir hæstv. Alþ., var gengið út frá því, að þessir jeppar væru skoðaðir sem fólksbifreiðar.

Páll Zóphóníasson: Ég hef aflað mér þeirra upplýsinga hjá bifreiðaeftirlitinu, að það muni láta nærri, að annar hver jeppi muni vera skráður sem fólksflutningabifreið, en hinir sem vörubifreiðar, og eftir því sem ég hef litið á þá skrá, sé ég, að það er hending, hverjir eru skráðir sem fólksbifreiðar og hverjir sem vörubifreiðar. Það fer alls ekki eftir notkuninni, því að ég sé, að hjá eigendum sumra bifreiðanna, sem nota þær ekkert til fólksflutninga, eru þær skráðar sem fólksbifreiðar, en aftur eru aðrir menn í bænum, sem nota þær sem fólksbifreiðar, en þar eru þær skráðar sem vörubifreiðar. Þess vegna held ég, að ef farið verður eftir skránni, sem liggur beinast við, þ. e. eftir því, til hvers konar nota bifreiðarnar eru skráðar, þá verði það mikið tilviljun og komi ekki rétt niður, hverjir borga gjaldið og hverjir ekki, og þurfi því að athuga, hvort ekki þurfi að taka fram í frv., að allir jeppar heyri þarna undir, hvernig sem þeir eru skráðir, eða koma þurfi til sérstakt vottorð, þegar borgað er af þeim, um, hvernig þeir séu notaðir, því að þeir eru notaðir sitt á hvað. Vil ég benda á, að ef innheimta á gjaldið af jeppunum eftir því, hvernig þeir eru skráðir, þá kemur það ekki rétt niður.

Bernharð Stefánsson: Þetta atriði, sem hér hefur borizt í tal, um jeppana, er athyglisvert, en ég fæ ekki betur séð en þeir geti ekki heyrt undir c-lið 1. gr. Þar stendur „bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga", en ekki talað um, hvort þær eru notaðar til fólksflutninga. Nú er það vitanlegt, að jepparnir eru ekki gerðir til fólksflutninga nema að nokkru leyti. Það er á þeim útbúnaður til dráttar, og pláss fyrir farþega er lítið, aðeins fyrir einn farþega, og ég held, að ómögulegt sé að halda því fram, að jepparnir séu gerðir til fólksflutninga aðallega. Vildi ég leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort hann hafi athugað þennan lið málsins og hvernig hann hyggst að framkvæma þetta. Ég held, að það hlyti að vera löglegt, þó að jepparnir væru þarna undanþegnir, nema þeir, sem sannanlega eingöngu eru notaðir til fólksflutninga.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það gæti kannske verið um það að ræða, að hér ætti að standa í staðinn fyrir „gerðar": notaðar til fólksflutninga. Mér virðist, að öllum, sem til þekkja, hljóti að vera ljóst, að þessar bifreiðar eru aðallega notaðar til fólksflutninga, til þess að skjótast á þeim. Rúmast í þeim, að ég held, fjórir menn. Ég hygg, að þegar maður lítur annars vegar á þessa litlu bíla, sem eru fluttir til landsins og kannske geta heyrt undir svo kallaða lúxusbíla, og svo aftur á jeppabifreiðarnar eins og þær eru notaðar, þá sé það broslegt að ætla að láta aðra tegundina falla undir bifreiðaskattinn, en hafa hina undanþegna. Þm. minntist á, að jepparnir væru skráðir sem vörubifreiðar í sumum tilfellum, en þeir eru ekki vörubifreiðar. Þeir eru þannig útbúnir, að tengja má við þá bæði dráttarkerru og viss landbúnaðaráhöld, en aðallega virðist mér, að þeir muni vera notaðir á sama hátt og menn nota yfirleitt bifreiðar og eigi þess vegna, hvort sem þeir eru skráðir sem vörubifreiðar eða ekki, að vera háðir sams konar skatti og bifreiðar, sem eru notaðar eins og þeir, aðallega til fólksflutninga. Nú vita menn, að menn geta átt bifreiðar, sem eru öðruvísi gerðar en jeppabifreiðar og þó ekki beinlínis vörubifreiðar, sem líka má nota til þess að flytja varning. En þessar bifreiðar eru aftur í eðli sínu aðallega fyrir fólk, og sama er að segja um jeppana. Það hefði ef til vill verið rétt að setja hér „notaðar til fólksflutninga". Þó efast ég um það, því að jeppavagnarnir eru upphaflega búnir til til flutninga, eins og menn vita, hafa fæðzt í þennan heim sem litlir vagnar fyrir hermenn, og reynslan af þeim þar hefur sýnt, að þeir koma einnig í góðar þarfir í þágu friðarins, ekki síður en stríðsins. Sem sagt, ég hef litið svo á, að þessir bílar ættu að flokkast í sama flokk og aðrir bílar, sem aðallega eru notaðir til fólksflutninga. Ef Alþ. lítur öðruvísi á þetta, er náttúrlega ekkert við því að segja, en mér virðist, að framkvæmdin á innheimtu skattsins af þessum bifreiðum geti orðið æði erfið, ef á sumar þeirra er litið

sem vörubifreiðar, en á aðrar sem fólksbifreiðar, eftir því hvaða nafn þeim er gefið við skráninguna. En á hitt verður að líta, sem reynslan sýnir og allir vita, að þessir vagnar eru notaðir aðallega til fólksflutninga í skemmri og lengri ferðir og þykja mjög þægilegir til þeirra hluta, ekki síst fyrir það, að þeir komast oft hæglega eftir lítt færum vegum, þar sem öðrum bifreiðum er ófært, og hafa þeir reynzt vel í okkar landi, þar sem vegirnir eru sums staðar þannig, að venjulegar bifreiðar eiga þar erfitt yfirferðar.

Gísli Jónsson: Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið í sambandi við þetta mál og eru mér nægilegar, að þessar bifreiðar komi undir sama lið tollskrár og aðrar bifreiðar. Enda mætti segja, að annað væri einkennilegt, þegar tekinn er skattur af bifhjólum, sem geta ekki verið nein farþegaflutningatæki, og tel ég því, að það liggi fyrir í þskj., að einnig megi reikna toll af þessum bifreiðum eins og öðrum fólksbifreiðum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það, sem mér finnst leiðast við þetta frv., er það, að hér er ráðgert að leggja þennan háa skatt jafnt á lúxusbifreiðar og þær fólksbifreiðar, sem eru í góðri og gildri atvinnunotkun. Einhver hefur flutt hér á Alþ. frv. um lúxusbílaskatt, og hlýtur því að mega draga mörk milli lúxusbifreiða og hinna, sem eru notaðar í þágu atvinnulífsins. Ég er því óánægður með það, að hér skuli ekki vera gert upp á milli bifreiða atvinnulífsins og hinna, sem sannanlega eru lúxusbifreiðar. Ég hefði talið betra, að hér hefðu verið mörk á milli í þessu skattafrv., en það er ekki.

Viðvíkjandi c-lið, sem hér hefur verið gerður að umræðuefni, að því er snertir jeppana, er upplýst, að ætlunin er að skattleggja þá eins og fólksflutningabifreiðar almennt, hvernig sem notkun þeirra er háttað. Því er þó ekki að neita, að þessar bifreiðar voru fyrst og fremst fluttar hingað til lands sem vinnutæki í sambandi við landbúnaðinn, og þær eru víða notaðar til þess að flytja afurðir frá framleiðslustað til sölustaðar, notaðar í sambandi við plóg og herfi, og mælir engin sanngirni með því, að þær séu skattlagðar á sama hátt og lúxusflakkið í landinu. Hvað sem því líður, að jeppabifreiðarnar séu upphaflega gerðar sem fólksflutningavagnar, sem er vafasamt, því að þær voru ekki síður notaðar til þess að flytja vörur í stríðinu, þá er það staðreynd, að þessir vagnar eru víða notaðir til alls konar landbúnaðarstarfa, og mér finnst, að þegar þeir eru notaðir á þennan hátt, eigi ekki að skattleggja þá eins og fólksbifreiðarnar, heldur eigi þeir að vera utan við þetta frv. og gera eigi mun á því, hvort þeir eru fólksflutningsvagnar í kaupstöðum eða slík vinnutæki í sveitum. Það er t. d. hægt að fá þetta alveg fram með breyt. á c-lið á þann hátt að skjóta inn í, að af þeim bifreiðum, sem aðallega eru gerðar og notaðar til fólksflutninga, skuli greiða þennan skatt, en af hinum, sem notaðar eru í þágu landbúnaðarins, skuli gjaldið ekki innheimt.

Annars held ég, að skemmtilegra hefði verið en þetta skattafrv. viðvíkjandi bifreiðunum, að ríkisstj. hefði tekið í sínar hendur einkasölu á bifreiðum og fylgt slíkri löggjöf að vísu með meiri myndarskap en dæmi eru til, að slíkri löggjöf hafi verið fylgt hér áður, og stórfelldara tekjuöflunarfrv. hefði það sennilega orðið en það frv., sem hér liggur fyrir og áætlað er, að muni skila ríkissjóði um 2 millj. kr. tekjum. — Það er ástæða til að taka fram, að það er full þörf á að koma í veg fyrir það prang með bifreiðar, sem á sér stað í þjóðfélaginu og er svo viðurstyggilegt, að þeir, sem njóta þeirrar náðar að fá innflutningsleyfi fyrir bifreiðum, geta tekið 15—20 þús. kr. gróða af slíkum tækjum, og virðist öllum lögreglustjórum landsins um megn að sjá svo um, að slíkt eigi sér ekki stað. Með þessu einfalda móti er hægt fyrir mann t. d. hér í Reykjavík að afla sér á einu bretti, með því að fá innflutningsleyfi fyrir bifreið og selja hana, margfaldrar fjárfúlgu á við það, sem hægt er að vinna sér inn í sveita síns andlitis með eins árs striti. Vafalaust mætti koma í veg fyrir slíkt, og ég hygg, að það væri auðveldara, ef ríkið hefði allt innflutningsvald bifreiða með höndum heldur en ef þetta væri í höndum fjölda margra innflytjenda, eins og nú er. Þetta er vissulega hlutur, sem þyrfti að laga og er blettur á þjóðfélaginu eins og nú er, en eins og ég drap á áðan, er það meginagnúinn á þessu máli, að ekki er gert upp á milli þeirra fólksflutningabifreiða, sem eru í þjónustu atvinnulífsins, og hinna, sem eingöngu eru notaðar sem lúxustæki, þar sem kannske 4—5 bifreiðar eru í eigu einnar og sömu fjölskyldu, eingöngu notaðar í lúxusflakk. Þarna teldi ég líka ástæðu til þess að gera upp á milli fyrir löggjafann, en það vottar ekki fyrir því í þessu frv.

Ég býst við, að þar sem ekki er hægt að komast hjá því að viðurkenna hina miklu þörf ríkissjóðs fyrir auknar tekjur og ekkert tóm gefst til þess að bera fram brtt., sem væru gagnhugsaðar, þar sem málið ber svona fljótt að, sé ég ekki, að um annað sé að gera en gefa ríkisstj. þess kost að afla tekna í ríkissjóð með þeim leiðum, sem hún leggur til. Annars væri henni meinað að leggja forsvaranlegan, fjárhagslegan grundvöll að rekstri ríkisins nú síðar á þessu ári. — Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta hina skriflegu brtt., sem ég hef gert við c-lið 1. gr. frv.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt brtt. við frv., frá hv. 3. landsk. þm. (HV), svo hljóðandi: „Við c-lið 1. gr. Á eftir orðinu „fólksflutninga" komi: enda skráðar sem fólksflutningabifreiðar — og síðan liðurinn óbreyttur til loka. — Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og verður því að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (Sjá þskj. 612) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég tók eftir því í ræðu hv. 3. landsk., að hann sagðist telja það eðlilegt, að ríkisstj. yrði að bera fram frv. til tekjuöflunar til þess að freista þess að fá sæmilegan fjárhagsgrundvöll fyrir yfirstandandi ár, og met ég mikils þá viðurkenningu. Hitt er svo í hans augum aukaatriði, þó að einhverju kunni að hans dómi að vera áfátt um till. eins og þá, sem hér liggur fyrir, og er eðlilegt, að meiningamunur geti orðið þar, menn líta svo misjöfnum augum á þessa hluti.

Hv. þm. hóf ræðu sína á því að láta í ljós þá skoðun sína, að kastað hafi verið höndunum til undirbúnings þessa frv. og gæti tæpast kallað á því vera íslenzkt mál. Vitnaði hann þar í upphaf 1. gr. frv. Ég ætla mér ekki þá dul að bera brigður á þá fræðimennsku, sem hv. þm. kann að vilja láta d. í té í þessum efnum, til þess skortir mig lærdóm til að fella um úrskurð, hvort rétt íslenzkt mál sé á þessari 1. gr. frv. eða ekki, en svo mikið sem ég met það — og geri enda ráð fyrir, að hið sama megi segja um fleiri hv. dm. — að fá tilsögn í málinu, þá verð ég samt sem áður að benda hv. þm. á það, að aðfinnslur hans í þessu efni koma helzt til seint og hann sjálfur heldur of seint á Alþ., því að hér er notað sama orðalag og er í þeim l., þ. e. l. nr. 84 frá 1932 um bifreiðaskatt o. fl., sem breyt. sú, sem frv. fer fram á, er miðuð við. Í l. frá 1932 hefst 1. gr. með nákvæmlega sama orðalaginu og er í þessu frv., sem hv. þm. telur nú vera á svo slæmri íslenzku, að hann lét á sér skilja, að frv. þyrfti að prenta upp til þess að lagfæra á því málið. Ég bendi aðeins á þetta til þess að sýna, að þótt núverandi ríkisstj. eða þeir, sem hafa undirbúið þetta frv., kunni að vera illa að sér í málinu, þá er þetta engin ný bóla og virðist hér vera um að ræða áhrif frá fyrri tímum.

Viðvíkjandi skilgreiningu hv. þm. á c-lið vil ég segja þetta: Mönnum verður oft tíðrætt um lúxusflakk og lúxusbifreiðar, og ég held stundum, að menn líti á það sem lúxusflakk hjá öðrum, sem þeir gjarnan vildu taka þátt í sjálfir, en kalla þá ferðalög. Það er og miklum vafa undirorpið, hvort rétt sé að kalla það óhóf eða „lúxus“ að eiga bifreið, því að einkabifreiðar eru oftast notaðar til nauðsynlegra hluta, einmitt hér í höfuðstaðnum, þar sem vegalengdirnar innan bæjar eru orðnar svo miklar milli vinnustaðar og heimilanna o. s. frv. Það eru því ekki annað en sleggjudómar að kalla allar einkabifreiðar lúxusbifreiðar og ferðalög manna í einkabifreiðum sínum lúxusflakk. Hv. þm. talaði svo hins vegar um atvinnubifreiðar, sem menn stunda löglega atvinnu á, og áleit, að greina ætti þær frá einkabifreiðum. Það er líka að mínum dómi nokkrum vafa undirorpið, hvort þetta sé að öllu leyti rétt skoðun. Það hefur tíðkazt mjög nú í seinni tíð, að menn hafa eignazt bifreiðar, oft litlar bifreiðar, og eigendur þeirra alls engir ríkismenn, sem kljúfa þrítugan hamarinn til þess að geta skroppið út úr bænum og verið sinn eiginn herra og til þess að þurfa ekki að vera háðir „rútum“ og rándýrum leigubílstjórum, ef þá langar til að njóta sveitaloftsins. Ég held, að í mörgum tilfellum sé langt frá því, að þessir menn séu færari um að inna af hendi hækkaða skatta af bifreiðum en stöðvarbílstjórar, sem eru í stöðugri atvinnu, sem nú um langt skeið er í almæli, að sé gróðavænleg atvinna. Þeirra atvinna er að sjálfsögðu nauðsynleg, og leigubifreiðarnar eru nauðsynlegar fyrir fólk, sem þarf að nota þær, en hinu verður ekki neitað, að þær eru ákaflega dýrar, ef þær eru teknar á leigu í lengri ferðalög. Ég hygg því, að telja megi það ofvaxið flestum heimilum að taka á leigu bifreiðar, t. d. til sunnudagaferðalaga, sem menn langar til að takast á hendur til þess að lyfta sér upp á frídögum sínum. Stöðvarbílstjórarnir standa sig áreiðanlega eins vel við það að greiða þennan skatt eins og mikill fjöldi þeirra manna, sem eiga einkabifreiðar og nota þær sér til gagns og skemmtunar.

Um jeppabifreiðarnar er það að segja, að það er rétt hjá hv. þm., að þær voru upphaflega fluttar til landsins aðallega með það fyrir augum að hafa gagn af þeim við landbúnaðarstörf, en þróun þessara hluta varð sú, að ýmsir, þ. á m. margir í bæjunum, hafa séð, að hér var um mjög hentugar bifreiðar að ræða til fólksflutninga og ferðalaga, en það verður mjög erfitt að draga línuna milli þess, hverjir eigi að greiða bifreiðaskatt af jeppum og hverjir ekki. Skrásetningu í þessum efnum, álít ég, að verði mjög lítið að marka, og þess vegna held ég, að brtt. hv. 3. landsk. þm. muni ekki koma að gagni, þegar ætti að fara að starfa eftir slíkri löggjöf. Við höfum oft rekið okkur á það hér, að jeppabifreiðar, sem seldar hafa verið út í sveitirnar, hafa eftir skamma stund verið komnar til Reykjavíkur með alls konar bókstöfum, sem sýna, að þær eiga alls ekki heima hér, heldur skráðar annars staðar, en eru svo hér sífellt í gangi, eftir því sem þeir, sem með þær fara, þurfa á þeim að halda, og þær þannig notaðar til annarra hluta en landbúnaðarstarfa. Þess vegna býst ég við, að það verði ákaflega erfitt að gera upp á milli þess, hvaða jeppabifreiðar séu skattkræfar og hverjar ekki. Ég skal samt sem áður við það kannast, að í mörgum tilfellum eru þessar jeppabifreiðar notaðar til mikils gagns á sveitaheimilum — að sjálfsögðu í og með til fólksflutninga. Ég hef talað við fjölda marga bændur um þessar jeppabifreiðar, og hefur mér skilizt, að það, sem þeim þykir mestur kosturinn við að eignast þær, sé að verða óháðir því að þurfa að bíða eftir rútubifreiðunum — oft á vegum úti — og oft er allt í óvissu um, hvenær þær koma, heldur eiga eigið farartæki, sem þeir geta notað, þegar þeir þurfa að skreppa frá bænum. Það er því mjög ánægjulegt, að þessar jeppabifreiðar, sem fluttar hafa verið til landsins í allstórum stíl, virðast reynast mjög vel og verða til gagns fyrir þá, sem hafa keypt þær. Ég ímynda mér líka, að eftir þeirri aðsókn, sem hefur verið og er enn hjá bændum í að eignast þessa jeppabíla, muni þeir ekki telja eftir sér að greiða af þeim léttivagnaskatt, því að skatturinn af þeim yrði aldrei mjög hár, þótt þær væru flokkaðar með öðrum bifreiðum undir c-lið.

Ég held því, að hv. þm. ætti að athuga vel afstöðu sína, að því er snertir það, hvort rétt sé að skattleggja hærra bifreiðar í einkaeign en stöðvarbifreiðar, því að mér er nær að halda, að stöðvarbifreiðar séu í mörgum tilfellum engu síður notaðar í óþarfakeyrslu en einkabifreiðar. Þótt brtt. hv. þm. yrði samþ., mundi það tæplega bæta úr skák, því að slíkt gæfi tilefni til þess, að menn færu að skrá jeppabifreiðar almennt sem eitthvað annað en fólksbifreiðar til þess að losna við skattinn, en þær yrðu notaðar eftir sem áður á sama hátt og venjulegar fólksbifreiðar, en slyppu við þann skatt, sem af fólksbifreiðum er tekinn. Af slíku mundi skapast misrétti milli eigenda lítilla fólksbifreiða, t. d. litlu Fordbílanna, og eigenda jeppabifreiða, þannig að maður, sem á lítinn fólksbíl, getur ekki skráð hann annað en fólksbíl, en hinum yrði það í sjálfsvald sett að skrá sína jeppabifreið þannig, að hann slyppi við skattinn. Hins vegar geri ég þetta ekki að neinu sérstöku kappsmáli, en vil benda hv.

d. á, að það er mikið vafamál, hvort það hefði nokkra þýðingu eða mundi vekja annað en öfund, ef farið verður að breyta þessu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er nú upplýst í þessum umr., að ætlazt er til þess, að lögreglustjórar, sem eiga að innheimta þennan skatt, fari ekkert eftir því, hvernig bifreiðarnar eru skráðar, hvort heldur þær eru skráðar sem vörubifreiðar eða fólksbifreiðar, heldur eigi þeir aðeins að líta á bifreiðarnar til þess að ganga úr skugga um, hvort eigi að borga af þeim skatt, og ef um jeppabifreiðar er að ræða, eru þær skoðaðar sem fólksbifreiðar, hvað skattálagningu snertir, þótt þær hafi aldrei verið notaðar til annars en til landbúnaðarstarfa. Hér eru inni tveir sýslumenn, sem eiga að innheimta þennan skatt, og vildi ég spyrja þá, hvort þeir taki ekkert tillit til þess, hvernig bílarnir eru skráðir. Ég er ekki einu sinni viss um, að þeir hafi séð þá bíla, sem þeir innheimta skatt af. Er mér nær að halda, að þeir fái skýrslu frá bifreiðaeftirlitinu um, að bifreiðin hafi verið skoðuð, og síðan eigi þeir að innheimta skattinn af henni, og þar stendur, að bifreiðin sé kannske skráð sem fólksbifreið og kannske vörubifreið. Langar mig til þess að fá að vita það, hvernig hæstv. fjmrh. ætlast til, að þetta sé framkvæmt, hvað jeppabifreiðarnar snertir.

Það eru margir hálfkassabílar úti um landbyggðina, sem taka 8—12 menn, en hafa vörupall aftan á. Hafa þeir upphaflega verið gerðir sem vörubílar, og eru sumir þeirra notaðir á ákveðnum áætlunarferðum til fólksflutninga, en hafa rúm fyrir farangur aftan á. Svo eru aðrir bílar í sams konar áætlunarferðum, sem aka aðeins með farþega, taka oft 14 farþega, en hafa engan vörupall aftan á. Eru þetta vörubílar eða fólksbifreiðar, hvað skattinnheimtuna snertir? Á bíll, sem tekur allt að 12 farþega og með vörupalli aftan á, að losna við þennan skatt, en annar bíll á sams konar áætlunarleið, sem tekur 14 farþega, en er palllaus, að greiða skattinn? Mig langar til að fá upplýsingar um þetta frá hæstv. fjmrh., hvernig hann hugsar sér að skilgreina þessa bíla.

Ég geri svo ráð fyrir, að sýslumennirnir upplýsi, hvernig þeir fara að sundurliða það, hvaða jeppabifreiðar flytja fólk og hverjar eru notaðar til landbúnaðarstarfa.

Þá kem ég að þriðju bílategundinni, sem ég vildi fá útskýringu á í þessu sambandi. Hvernig á að fara með sendiferðabílana, sem notaðir eru alla virka daga til að flytja í vörur, en um allar helgar í skemmtiferðir? Geta sumir þessara yfirbyggðu bíla, sem notaðir eru mikið hér í bænum til þess að flytja út vörur í verzlanir, tekið yfir 10 manns. Á að skattleggja þá sem vörubíla eða fólksbíla?

Það eru m. ö. o. þrjár bílategundir, sem vafi leikur á, hvort eigi að koma undir c-lið 1. gr. frv. eða ekki og hvort eigi að leggja þennan skatt á eða ekki.

Sá skattur, sem þetta frv. fjallar um, er sá af þessum sköttum hæstv. ríkisstj., sem ég get verið með, því að þessi skattur er réttlátur, en vil aðeins, að frá þessu sé betur gengið og skýrari línur dregnar, og af þeirri ástæðu eru þessar aths. mínar fram bornar.

Hæstv. fjmrh. var að tala um það, að það hefðu orðið straumhvörf í notkun jeppabifreiðanna. Þau eru sem sé fólgin í því, að þeir menn, sem fyrst fengu þessar bifreiðar og notuðu þær til þess að draga plóga, kerrur og herfi með þeim, þeir hættu að fá þær, og það fóru aðrir menn að fá þær til þess að aka í þeim með sig og sína. Nýbyggingarráð hætti nefnilega að láta úthlutun jeppabifreiðanna fara fram eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og tók sjálft að sér úthlutunina. Það var ekki þjóðin, sem orsakaði straumhvörfin, heldur nýbyggingarráð. Og ég held þau hafi ekki verið hyggileg, og bændurnir blessa þau ekki.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég hreyfði því aðeins í umr. í dag, að í fljótu bragði áliti ég, að jepparnir ættu ekki að falla undir þetta. Ég útskýrði það ekkert nánar, og um það urðu nokkrar umræður. En ég verð að segja það, að ég áleit vafasamt, hvort jepparnir heyrðu undir þennan lið þrátt fyrir skýringu hæstv. ráðh., því að það er svo, að vafasamt er, hvort þeir eru aðallega gerðir til fólksflutninga, en hér er talað um, til hvers bifreiðin sé gerð. Á hinn bóginn fannst mér þetta ekki svo mikils vert atriði, að ég hugsaði mér að bera fram brtt. út af því. Ég gæti hugsað mér, að það yrði úrskurðarmál eða dómsmál á sínum tíma og dómarinn skæri þá úr, hvort jepparnir heyrðu undir þetta eða ekki, og sé ekki annað en óhætt sé að láta orðalag frv. skera úr um þetta að áliti dómara. Ég verð að vera ráðh. sammála um það, að erfitt mun að flokka bifreiðarnar eftir því, hvernig þær eru skráðar. Mér skilst, að þær séu skráðar eftir því, hvernig eigandi óskar sjálfur, að þær séu skráðar, og það er vafasamt, hvort þægilegra væri að framkvæma lögin með brtt. hv. 3. landsk. Ef brtt. þessi ætti að undanskilja jeppana, þá væri betra að hafa orðalagið eins og hv. 3. landsk. lagði til í fyrstu, að á eftir orðinu „gerðar" komi: og notaðar til fólksflutninga. Það yrði að vísu matsatriði, sem sýslumenn yrðu að ákveða um hverja jeppabifreið, en það er þó frambærilegra en láta skráninguna ráða, því að bifreið, sem skráð er til fólksflutninga í ár, er kannske seld öðrum, sem notar hana til alls annar. Ég býst því ekki við að geta greitt atkv. með brtt. hv. 3. landsk., eins og hún liggur nú fyrir, en væri hún hins vegar svo sem í fyrstu, þá væri nær, að ég væri með henni, því að það er einfaldara í framkvæmd. Hins vegar er þetta ekki stórmál. En það er nú svo, að ýmsar jeppabifreiðir eru lítið notaðar til annars en sem landbúnaðarverkfæri. Ég þekki ýmsa bændur, sem hafa fengið jeppa sér til hægðarauka við alls konar landbúnaðarstörf, en nota þá lítið til fólksflutninga, þó að þeir bregði sér á þeim bæjarleið og lofi þá kunningjum sínum að sitja í með sér.

Ég vil nú beina því til hv. 3. landsk. hvort hann vildi ekki breyta till. sinni, eins og hún var fyrst, og býst ég þá við að greiða till. hans atkv.

Hér hefur verið rætt um það, að rangt sé að skattleggja ekki lúxusbifreiðar meir en aðrar. Ég er því sammála, ef einhver gæti skilgreint fyrir mér, hvað væru lúxusbifreiðar og hvað ekki, þá mundi ég samþykkja slíka till. Fyrir nokkrum árum hafði Sósfl. á stefnuskrá sinni slíkan skatt, en ég skildi aldrei, við hvað væri átt með því. Mér finnst það ætti þá að ráða, hvort bifreiðin væri fínt útbúin, en um það hygg ég sé enginn munur á einkabifreið eða leigubifreið. Ég fæ heldur ekki séð, að það sé meiri „lúxus" að eiga bíl en leigja

hann. Ég sé ekki, hvort er meiri „lúxus" að fara í ferðalag í einkabíl eða leigubíl. Ég hef nú aldrei getað eignazt bíl, en ég hef farið í lúxusferðalag í leigubíl, og lúxusferðalag kalla ég það að fara í skemmtiferðalag, og ég sé nú ekki, að það sé meiri „lúxus" að eiga bifreiðina sjálfur, og spursmál, hvort er dýrara, og það er nú talinn mesti „lúxusinn", sem dýrast er. En ef hægt væri að gefa mér fullnaðarskýringu á því, hvað lúxusbifreið er, mundi ég greiða atkv. með því að skattleggja þær meira, en þær skýringar hef ég ekki fengið enn þá.

Mér datt nú í hug að flytja brtt. við brtt. hv. 3. landsk. og kvaddi mér hljóðs, meðan ég var að hugsa um það. En við nánari athugun fannst mér það ekki þess vert að tefja frv. með því, en mundi taka undir við hann, ef hann breytti sinni brtt.

Eiríkur Einarsson: Ég tel það liggja alveg ljóst fyrir, að sá skilningur, sem hafður er á orðalagi þessarar greinar, geti orkað tvímælis, hvort bifreið er aðallega notuð til fólksflutninga eða ekki, fer eftir skilningi og sanngirni þeirra, sem með fara. Ég tel samt sem áður, að brtt. hv. 3. landsk., sem gerð er í góðu skyni, komi ekki að tilætluðum notum, því að ég held, að það atriði, hvort bifreiðin er skrásett sem fólksflutningabifreið eða ekki, sé hið mesta hálmstrá til að binda sig við. Mér voru mest í hug jepparnir, þegar um þetta var rætt, og það orkar tvímælis, hvort á að skoða þá sem fólksflutningabifreiðar eða ekki. Fjöldi þeirra er í sveitum og þá notaðir til hvors tveggja. Ég veit um marga bændur, sem sótzt hafa eftir þeim, að þeir nota þá bæði til starfa á heimilinu, til að draga herfi og vagna, og til að skjótast á þeim í smáferðir í kaupstað, fara þá á þeim sjálfir og taka svo kannske með sér einn og einn mann. Þegar þessi gögn koma öll saman, er það mjög af handahófi, hvort þeir eru skráðir til fólksflutninga eða ekki, svo að óvíst er, að það létti neitt skattaálögurnar, en ekki er það nema mannlegt að vilja hafa sem léttastar byrðar að bera. Annars liggur næst að ganga á það lagið, sem frv. gefur, að þær séu aðallega notaðar til fólksflutninga. Mætti þá þannig að fara, að í sveitum, þar sem jeppar eru, væri skráð, til hvers þeir eru notaðir, t. d. af búnaðarfélagi sveitarinnar, og það sýni með rökum, að þeir séu aðallega notaðir til þarfa bóndans, og það leggi þau gögn í hendur ráðherrans og lögskýringin á þessu ákvæði verði mildileg. Þannig síðferðilegt vottorð að heiman álít ég langtum tryggara en lögskráninguna á jeppunum, og með því að tekið sé á þessu lempilega og sem næst sanni um not þessara hluta, þá sé tekið mjúklega á því, sem sönnunargögnin segja til vegar. Það hefur verið minnzt á þann farveg, sem þetta hefur runnið í, og að þeir hafi farið til fleiri en bænda. Er og ekki því að neita, að þeir hafa farið í brask, en ekki fæ ég séð, að nein ástæða sé til að kasta steini að ákveðinni stofnun fyrir það. Er það líka vitað, að sumir bændur hafa braskað með þá. Verður að haga skráningu á þann veg, að yfirfærslan verði sönnuð, svo að komið verði í veg fyrir brask, og þarf að fylgja því vel eftir, svo að ekki séu svik í tafli.

En það, sem fyrir mér vakti með því að taka til máls, var að taka það fram, að þó að brtt. hv. 3. landsk. sé flutt í góðum tilgangi, þá mun þó betra að hafa hina frjálsu skýringu, en taka á þessu mjúklega og eftir kunnugleika. Og bæði hvað snertir jeppana og hina stærri bíla, hálfkassabíla, sem eru rútubílar og eru líka notaðir til vöruflutninga, bílar, sem hafa stóran vörupall og svo 6 sæti og eru aðdráttartæki heilla sveita, þá dettur mér ekki í hug annað en tekið verði mjúklega á þessu. Að þessu athuguðu og með þetta fyrir augum mun ég greiða atkv.

Pétur Magnússon: Af því að hæstv. fjmrh. er bundinn við umr. í Nd., skal ég leitast við að svara ýmsum fyrirspurnum, sem til hans hefur verið beint, einkum frá hv. 1. þm. N-M. Ég vil samt fyrst láta þess getið, að það virðist hafa ruglað ýmsa hv. þm., að upplýsingar hafa komið um það, að jepparnir séu skráðir ýmist sem vöru- eða fólksflutningabifreiðar, og svo hafa þeir fengið það í höfuðið, að skatturinn færi eftir því. En það er með öllu óhugsandi, að skatturinn fari eftir því, hvernig bifreiðin er skrásett, því að sannleikurinn er sá, að ef þetta er rétt, þá yrðu skrásetningarstjórar að leiðrétta skrásetninguna og samræma hana, því að það nær vitanlega engri átt, að sama bifreið sé t. d. skráð vörubifreið í Rangárvallasýslu, en fólksbifreið í Árnessýslu. Það er því ekki hægt að láta skattinn fara eftir skrásetningu. Og þá verða efasemdirnar um skilning á orðalagi frv. ekki miklar. Það er lögð áherzla á gerð bifreiðarinnar, en ekki notkun. Það breytir t. d. ekki gerð fólksflutningabifreiðar, þótt aftursætið sé tekið úr og pallur settur í staðinn, eins og sést á blómaflutningabifreiðum, því að engum dettur í hug að kalla þær vörubifreiðar, þegar ekki þarf nema að setja aftursætið í aftur. Sama er að segja um vörubíla, sem notaðir eru til fólksflutninga við og við, einkum um helgar, en vitanlega kæmi engum til hugar að skattleggja þá sem fólksflutningabifreiðar. Hins vegar benti hv. 1. þm. N-M. á bifreiðar, sem orka tvímælis, þ. e. hálfkassabílana. Það getur vel hugsazt, að vörubifreiðum sé breytt þannig og eftir breytinguna sé aðalnotkunin fólksflutningar. En ég hygg, að hér sé ekki um svo margar bifreiðar að ræða, að valdi erfiðleikum í framkvæmd, en þetta er spursmál, sem ráðuneytið yrði að skera úr í hvert skipti. Um sendisveinabifreiðar gildir vitanlega það sama og vörubifreiðar. Um þær er það sama að segja og „boddíbílana", að gerð þeirra er til vöruflutninga, og orkar það ekki tvímælis. Og þó að settir séu í þá bekkir við og við til mannflutninga, breytir það engu um hið upprunalega sjónarmið með gerð bifreiðarinnar.

Ég skal nú ekki blanda mér inn í þær deilur, sem orðið hafa um það, hvort rétt sé að greiða skatt af jeppabifreiðum sem fólksflutningabifreiðum eða ekki. Það má færa ýmis rök fyrir hvorri tveggja skoðuninni. Gerð þessara bifreiða mun þó vera miðuð við fólksflutninga. Hin mikla framleiðsla þeirra hófst í styrjöldinni, og munu þær þá aðallega hafa verið notaðar til mannflutninga, en ekki til vöruflutninga eða dráttar. (**BSt:** Maður hefur nú séð á kvikmyndum, að þeir eru notaðir til að draga fallbyssur. — **HV:** Aðallega til dráttar.) Nei, mikil ósköp. Það sér hver maður, sem lítur inn í jeppabifreið, að hún er fyrst og fremst gerð til fólksflutninga. Þar eru sæti fyrir 3—4 og jafnvel 5 manns, og hef ég vissulega farið í jeppa við 5. mann þó nokkra leið (**BSt:** Það er nú ekki leyfi-

legt.) Þetta er nú samt gert. Þetta gjald er nú ekki svo hátt, mundi verða um 400 kr. á ári, ja, það er nú reyndar þó nokkuð gjald, en eftirspurnin hefur verið mjög mikil, og vissulega er gjaldið ekki það hátt, að menn finni mjög tilfinnanlega til þess.

En mér sýnist, að eins og frv. er nú, mundu þær áreiðanlega lenda undir sköttun.

Þá vildi ég að endingu minnast á það, sem fram hefur komið hér og þá sérstaklega frá einum hv. þm., að sama gjald væri lagt á bifreiðar, sem notaðar eru til nauðsynlegra ferðalaga, og hinar, sem almennt eru kallaðar lúxusbifreiðar. En þegar menn tala um lúxusbifreiðar, þá er átt nær eingöngu við einkabifreiðar. En það er alveg misskilningur að álíta einkabifreiðar fremur lúxusbifreiðar en leiguvagna. Og ég vil segja, að leiguvagnarnir séu engu að síður notaðir sem lúxusvagnar.

Nú á síðustu árum tíðkast það mjög, að flestir menn í bæjum fari í eitthvert sumarferðalag um landið í 10—14 daga. Ef maður á lítinn Austinbíl (4 manna), sem kostar 10 þús. kr. í innkaupi, og í það minnsta fyrstu árin þarf ekki að greiða mikinn rekstrarkostnað, þá getur hann notað þennan vagn til þess að fara með fjölskyldu sína, ef hún er ekki því stærri, í 10—14 daga sumarferðalag, og kostar hann þá ekki meira en nokkur hundruð kr., náttúrlega mismunandi eftir því, hve langt yrði farið. Ef þessi maður á að taka leiguvagn í 10—14 daga, mundi hann, eftir því, sem ég bezt veit, kosta hann nú um 10 þús. kr., en hinn, sem ætti bílinn, líklega 400—600 kr.

Hvor vagninn er í þessu tilfelli lúxusvagn, einkabifreiðin eða leiguvagninn? Það er eitt víst, að það geta ekki aðrir leyft sér að taka leiguvagn með þeim taxta, sem nú er, en þeir einir, sem ekki þurfa að horfa í peninga við að skemmta sér. Og þegar þess er gætt, þá held ég, að það væri *ákaflega varhugavert að torvelda mönnum mjög* að geta átt sinn bíl, því að sannleikurinn er sá, að bifreiðar eru að verða nauðsynleg tæki hér á landi. Við höfum til síðustu tíma notað hestinn til ferðalaga og fyrir 20—25 árum var ekki sá maður talinn með mönnum, sem ekki gat eignazt hest. Og nú er bifreiðin að verða nákvæmlega sams konar samgöngutæki sem hesturinn var í okkar ungdæmi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. — Ég vil fyrst spyrja um það, af því að það hefur sýnt sig, að það gæti orðið vafaatriði, eins og frv. nú er, hvaða bifreiðar það eru, sem falla undir skattinn. Eru það bílar, sem fluttir eru inn til þess að byggja yfir og gera þá með þeirri yfirbyggingu að langferðabílum fyrir 18—20 manns? Eru þær samkvæmt frv. óbreyttu skattskyldar eða ekki? Frv. er orðað þannig, að þær bifreiðar, sem aðallega eru gerðar sem fólksbifreiðar, skulu skattskyldar, hinar ekki.

Langflestar 18 manna bifreiðarnar, sem hér eru á langferðaleiðum, eru byggðar hvað vél og undirbyggingu snertir sem vöruflutningabifreiðar. Ég held, að það sé aðalgerð þeirra. Og ef á að miða við gerðina, þá mundi sá bílakostur, sem að vísu hefur verið byggt þannig yfir, fara langt með að *sanna*, að þetta væru vagnar, sem gerðir væru til vöruflutninga. En það væri undir mati hlutaðeigandi skráningarstjóra, hvort ætti að telja þá bifreið sem slíka eða ekki.

Hv. 1. þm. Eyf. lýsti yfir, að hann mundi vilja vinna að því, að settur væri á lúxusbílaskattur, ef hægt væri að skilgreina hugtakið lúxusbílar frá bílum, sem notaðir eru í þjónustu atvinnulífsins. Ég held, að þetta sé áreiðanlega hægt. Ég geri þar mikinn mun á, að t. d. bifreið, sem notuð er sem aðalatvinnutæki fyrir bifreiðastjóra, hvernig sem gerðin er, er engin lúxusbifreið, heldur atvinnutæki til bjargræðis, og græði hann mikið á sinni bifreið, er hann skattlagður samkv. l., sem gilda þar um, í sambandi við sína atvinnu. En ef maður kaupir sér bíl og fær innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bíl til sinna persónulegu nota, en ekki sem sitt aðalatvinnutæki, það er vitanlega lúxusbifreið. Þar með er ekki sagt, að bifreiðin sé óþörf, en það er mikill „lúxus", sem sá maður getur veitt sér, sem kaupir slíkar bifreiðar sér til þæginda, en ekki til þess að afla sér lífsviðurværis með. (**BSt:** En læknarnir?). Já, t. d. læknarnir, þeir hafa ekki sín embættislaun eftir því, hvort þeir hafa bíl eða ekki. Þeir hafa laun hjá ríkinu og geta þess vegna öllum mönnum fremur verið bifreiðaeigendur. Læknarnir eru betur fjárhagslega settir en borgararnir yfirleitt, og eru þeir ekkert of góðir til þess að borga þennan skatt.

Hv. 1. þm. Reykv. kom einmitt með sönnun fyrir því, að það er réttlátara, að hver maður, sem er svo efnum búinn og hefur slíka aðstöðu, að hann getur keypt sér einkabifreið og hefur fengið slíkan gjaldeyri til umráða, er ekki of góður að greiða slíkan skatt. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að sá maður, sem þyrfti að taka leiguvagn, yrði að borga fyrir hann til þess að geta farið með fjölskyldu sína í sumarferðalag um 10 þús. kr. og það hefðu færri efni á slíkum „lúxus". En ef hann á sinn Austinbíl, þarf hann ekki að kosta til þessa ferðalags nema nokkrum hundruðum. En er sá maður, sem hefur efni á því að kaupa bíl, of góður til þess að borga af honum skatt? Ég held ekki. Það eru engin rök *hjá hv. 1. þm. Reykv.* að halda því fram, að þeir, sem ekki hafa efni né tækifæri til þess að kaupa sér bifreið, eigi að sæta verri kjörum en hinir eða sitja heima, en það verða þeir vissulega að gera.

Nú, þegar dæmin eru orðin þannig, að ein og sama fjölskyldan á kannske 4—5 Austinbifreiðar, strákarnir hafa eina til þess að fara á í skólann og til þess að fara í ferðalög um helgar allan ársins hring o. fl. o. fl., — er sú fjölskylda of góð til þess að borga skatt af slíkum bifreiðum? Ég held ekki.

Í raun og veru ætti ekki að leyfa 6—7 manna bifreiðar inn í landið nema fyrir atvinnubílstjóra. Einstaklingar, sem vilja eiga bifreiðar, mega vel láta sér nægja minni bíla, sem minni gjaldeyrir er bundinn í, og jafnvel þó að þeir þyrftu að borga af þeim hærri skatt en atvinnubílstjórar, þá tel ég það ekki ósanngjarnt. Og það er vel hægt að greina þarna á milli, og ég held, að það sé sjálfsagt og réttlátt, en það er ekki gert með þessu frv.

Þá skal ég aðeins víkja að því, sem ég gerði að umræðuefni áðan, en það er 1. gr. frv. Hæstv. fjmrh. hefur nú ekki tíma til að vera hér. Það er nú svo, að ríkið hefur efni á því að eiga 5 ráðherrastóla hér í hv. Ed., en hæstv. ráðh. eiga svo annríkt, að þeir hafa ekki stundir til þess að setjast í *þessa stóla*, jafnvel þó að verið sé að ræða stórkostleg tekjuöflunarfrv., sem ríkisstj. stendur að. Þetta frv., sem ríkisstj. stendur að, er svo úr garði gert, að það verður varla hægt að telja það á góðri íslenzku. Á upphafsgr. þessa frv. getur málið varla

talizt góð íslenzka, en hæstv. fjmrh. sagði það sér til afsökunar, að nákvæmlega sama orðalag væri á gildandi l. um þetta efni. Það er þó engin afsökun, því að vitanlega varð ambagan ekki að íslenzku máli, þó að hún væri prentuð þarna upp aftur. Einn fyrrverandi þm. sagði: „Lygi er lygi, þó að hún sé ljósmynduð.“ Og ambaga er ambaga, þó að hún hafi staðið í eldri l., og ekkert réttlætir það, að hún sé látin standa.

Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. lagaði málið á frv., svo að það væri á íslenzku máli, en ekki ambögumáli, en það bólar ekki á því. Þess vegna hef ég leyft mér að umorða þessa 1. gr. frv., svo að hún sé á íslenzku máli. Og getur þá hv. d. gert það upp við sig við atkvgr., hvort hún vill hafa gr. á íslenzku máli eða ekki. Inn í gr. svo umorðaða, að hún lítur sæmilega út á íslenzku máli, hef ég fært þá efnisbreytingu, sem ég gerði grein fyrir í minni fyrri ræðu, og þá í þeim búningi, sem ég flutti hana fyrst. Eftir umorðun minni hljóðar 1. gr. frv. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald:

a. af benzíni 4 aura innflutningsgjald af hverjum lítra;
b. af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg.

Einnig skal til viðhalds og umbóta akvegum greiða skatt af bifreiðum sem hér segir:

1. af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar og notaðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum 100 kg af þunga þeirra;
2. af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra;
3. af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjmrh. úr.“

Þetta síðasta atriði er í frv. inni á milli skattlagaákvæðanna, en á auðvitað að vera lokaatriðið. Þá á auðvitað að taka sér það, sem er innflutningsgjald, og sér það, sem á að greiða í skatt.

Nú má náttúrlega segja, að það sé aukaatriði, á hvernig máli frv. og lög séu, sem Alþ. lætur frá sér fara, en algert aukaatriði er það ekki, en hæstv. ríkisstj. ætti að gera sér far um, að þau frv., sem hún býr út, séu á íslenzku máli.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 613) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 612 tekin aftur.

— 613 felld með 9 : 5 atkv.

Frv. samþ. með 11 : 3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 110. fundi í Nd., 11. apríl skýrði forseti frá, að frv. hefði borizt frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Eins og frv., sem var til umr. hér næst á undan (frv. um gjald af innlendum tollvörutegundum), er þetta frv. líka borið fram til þess að afla ríkissjóði auk-inna tekna af bifreiðaskatti, hjólbörðum og gúmmíslöngum. Það benzíngjald, sem er nefnt í frv., er óbreytt frá því, sem er í núgildandi l. Benzíngjaldshækkunin kemur fram í till. um hækkun á vörumagnstollinum, sem var hér á ferð. Gúmmítollurinn og bifreiðaskatturinn hafa haldizt óbreyttir síðan 1932 þrátt fyrir stórmikla lækkun á verðmæti peninga, þannig að ef miðað er við þær verðlagsbreyt., sem orðið hafa síðan, er hér um raunverulega lækkun að ræða. Um bifreiðaskattinn er það að segja, að hann er hækkaður, og eins og frv. ber með sér, þá er ekki gerður munur á því, ef bifreiðar eru fólksflutningabifreiðar, hvort það eru einkabifreiðar eða stöðvarbifreiðar. Samkvæmt skýrslum lögreglustjóra voru skrásettar hér á landi um miðjan febrúar s. l. 712 leigubifreiðar til mannflutninga og 3022 einkafólksflutningabifreiðar, þar með taldar jeppabifreiðar. Tekjuauki samkvæmt þessu frv. ætti því að verða 1566 þús. kr., en öll tekjuaukningin samkvæmt frv. mundi verða um 2 millj. króna. Ég vil ekki fullyrða um það að svo komnu, en grg. er næg ábending um það. Um þörfina fyrir því að fá auknar tekjur, líka á þennan hátt, þarf ég ekki að ræða, það hefur komið nægilega fram undir umr. um önnur tekjuaukafrv.

Ég vil mælast til þess, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni og til fjhn.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Ég get fúslega viðurkennt, að það er alls ekki óeðlilegur gjaldstofn fyrir ríkissjóð að leggja nokkurn skatt á bifreiðar og það, sem þeim tilheyrir, og að því leyti er allt öðru máli að gegna um þetta frv. en það, sem við ræddum hér sérstaklega s. l. dag og fram á nótt. En ég get ekki látið þetta frv. ganga svo gegnum þessa umr., að ekki sé vakin athygli á, að hér er sérstakt tækifæri til að skattleggja eyðsluna. Beini ég því einkum til hæstv. menntmrh., sem svo mjög undirstrikaði þörfina á að skattleggja eyðsluna. Samkvæmt þessu frv. verða allir bílar að borga sama gjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum, og samkvæmt þessu frv. verða enn fremur allir fólksbílar, þar með taldir jeppar, að borga sams konar þungaskatt. Hvers vegna á nú að vera að velta allverulegum skatti yfir á rútubifreiðar og aðrar þær bifreiðar, sem notaðar eru í almenningsþágu, og þar með vinna beint að því að hækka dýrtíðina í landinu, en láta allan þann fjölda, sem til er af einkabifreiðum, sitja við sama borð? Ég vil sérstaklega heyra, hvað hæstv. menntmrh. segir um þetta. Hví vill hann ekki skattleggja eyðsluna og hafa skattinn á einkabifreiðum margfaldan á við það, sem lagt er á þá, sem notaðir eru í almenningsþágu? Ég vil líka benda á í þessu sambandi, að þetta kemur verulega niður á stórum hóp bifreiða, sem fluttar eru til landsins og notaðar eru að mestu leyti sem vinnuvélar í þarfir landbúnaðarins, en það eru jeppabifreiðarnar. Hvað segir hæstv. landbrh. um þetta? Er það eðlilegt, að bændur, sem hafa fengið sér jeppa til að draga sláttuvél, herfi eða plóg eða önnur vinnutæki eða flytja nauðsynjavörur úr næsta kaupstað til búa sinna, séu skattlagðir þannig um 300—400 kr.? Er þar verið að nýta eðlilegan skattstofn? Er eðlilegt, að bændur sitji þarna við sama borð og þeir, sem eiga bíla án alls þarfa, sem eru að framkvæma virkilega eyðslu með sinni bílanotkun? Það er sjálfsagt svo með þetta frv., að hæstv. stjórn getur auðveldlega

komið því til n. á þessari nóttu en ég vænti þess, að í þeirri n. verði þetta mál tekið upp og athugað, hvort ekki eigi að afnema þennan ágalla, að leggja sama skatt á einkabifreiðar og þær, sem notaðar eru í þjónustu landbúnaðarins.

Ég drap á það í dag, að ég hefði fengið upplýsingar um, að Norðmenn hefðu lagt mjög háan skatt á einkabifreiðar, og er þar skatturinn miðaður við aldur bifreiða. Hann er hár fyrstu árin, en fer lækkandi, eftir því sem þær eldast. Ég held, að það væri ráð fyrir hv. n. að kynna sér þessa tilhögun, og ef þeir geta fengið tæmandi upplýsingar, að vita, hvort ekki er rétt að hverfa inn á þessa braut hér.

Ég hef svo ekki lengri umr. um þetta, en vænti, að þetta verði tekið til athugunar í n.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil vekja athygli á því, hver grundvöllurinn er fyrir því, að allar bifreiðar, sem nefnast fólksbifreiðar, eru hér settar við sama borð. Hann er sá, að þessar einkabifreiðar, sem nefndar eru lúxusbifreiðar, eru í mörgum, ef ekki flestum tilfellum alls ekki réttnefndar lúxusbifreiðar. Það kann að vera, að þær séu eins og aðrar bifreiðar notaðar á tímabili til eyðslu, sem kallað er, eða óhófs, en það má þá segja alveg það sama um leigubifreiðarnar, að það er ekki alltaf þörf keyrsla, sem framkvæmd er með leigubifreiðum. Nú er það svo, að fjöldi manna hér á landi hefur eignazt bifreiðar á síðasta ári og það, sem af er þessu ári, sjálfsagt miklu meira en nokkurn tíma á jafnlöngum tíma áður. Það er að minni hyggju alveg rangt að telja það óhófseyðslu í öllum tilfellum, þó að menn hafi eignazt bíl til sinna eigin afnota. Fjöldinn allur er litlir bílar, sem ýmsir menn hafa keypt, sem engan veginn verða kallaðir efnamenn, því síður stórefnamenn, en hafa hins vegar þörf fyrir að hafa farartæki, engu síður en þeir, sem kaupa undir sig leigubifreiðar. Það er ekki hvað sízt með tilliti til þessa fjölda manna í öllum stéttum og starfandi við ýmiss konar verk í þjóðfélaginu, sem ég hef ekki talið rétt að stimpla þá alla sem óhófseyðslu- eða lúxuskeyrslumenn eða bíla þeirra sem óhófstæki. Og að kalla einkabifreiðar „lúxus" er í flestum tilfellum rangnefni. Á hinn bóginn er vitað, að leigubifreiðar eru atvinnutæki, sem gefa af sér ákaflega mikinn gróða. Sést það á því, hversu mjög menn sækjast eftir að fá slíkar bifreiðar, jafnvel þótt þær séu notaðar og verði að kaupa þær háu verði. Það sannar bezt, að þær gefa góðan arð. Þessar bifreiðar eru allt of dýrar til að taka á leigu fyrir fjölskyldur, sem vilja nota tækifærið til að komast úr bænum, sem kallað er. Fyrir slíkar fjölskyldur er miklu hentugra, ef þær geta klifið það, að eignast lítinn bíl, sem þær geta ráðið yfir sjálfar. Ég held, að það megi fyllilega, um leið og sjónarmið hv. þm., sem talaði hér síðast, verður tekið til athugunar í n., sem ég skal á engan hátt mæla á móti, líta á það sjónarmið, sem ég hef hér fært fram, sem sé að fjölda mörgum mönnum og fjölskyldum er beinlínis brýn þörf að hafa bifreið til sinna eigin þarfa, og það er rangnefni að stimpla þær allar sem „lúxus". Ég tel, að afrakstur leigubifreiða sé það mikill, eins og er á allra vitorði, að það er engin ástæða til, að á þeim sé lægri skattur en bifreiðum einstakra manna. Um það má deila, hvað sé lúxusakstur og hvað sé óþarfaakstur og hvað ekki, en ég held, að það sé auðvelt að sannfæra sig um það hér í Reykjavík, að stöðvarbifreiðar eru ekki síður notaðar til slíks aksturs en einkabifreiðar. Ég vil aðeins taka þetta fram, til þess að þessi sjónarmið, sem tekin eru fram í frv., séu rökstudd að einhverju leyti varðandi skattlagninguna á bifreiðum.

Um jeppabílana er það að segja, að reynslan sýnir, að þeir eru ákaflega mikið notaðir á svipaðan hátt og aðrir fólksbílar. Það er að vísu rétt, að með þeim má vinna sum landbúnaðarstörf og er sjálfsagt sums staðar gert, en ég tel, að þeir séu yfirgnæfandi notaðir á þann hátt, jafnvel í sveitunum líka, til að skreppa milli bæja og til ýmissar aðstoðar við heimilisstörf, í mörgum tilfellum á svipaðan hátt og þeir litlu bílar eru notaðir, sem eru nú í margra eigu. Um notkun jeppanna í bæjunum þarf ekki að ræða, þeir eru þar ekki notaðir til landbúnaðarstarfa, heldur blátt áfram sem hverjar aðrar bifreiðar, og gefur auga leið daglega að sjá það.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta meira, af því að það er áliðið nætur. Ég veit, að þetta verður tekið til athugunar í fjhn. En þar sem þessi hv. þm. fór að hreyfa þessum aths., þá vildi ég koma þessum rökstuðningi á framfæri.

Sigfús Sigurhjartarson: Það er rétt athugað hjá hæstv. ráðh., að það virðist allarðvænlegur atvinnuvegur að eiga bifreið til fólksflutninga, en ég hygg, að hæstv. ráðh. geti ekki hugsað það í alvöru, að verði lagður nýr skattur á þessar bifreiðar, þá muni aðrir borga það en þeir, sem nota bílana, því að bifreiðarstjórar munu vitanlega hækka sín flutningsgjöld, og þannig verður þessum skatti, að svo miklu leyti sem hann hvílir á leigubifreiðum, velt á þá, sem bifreiðarnar nota, en ekki tekinn af þeim gróða, sem þessir bílstjórar kynnu að hafa af sinni atvinnu.

Hæstv. ráðh. vill ekki fallast á, að einkabifreiðarnar séu að jafnaði „lúxus". Það getur vel verið til, að menn hafi einkabifreiðar, sem þeim séu nauðsynlegar vegna síns starfs eða atvinnu, en allur fjöldi einkabifreiða er „lúxus", sem menn leggja sér til, af því að þeir hafa á því góð efni. Það er meginreglan. Mér kemur hins vegar ekki á óvart þetta álit hæstv. ráðh. Ég veit vel, að ef við færum að tala við hann og hæstv. ríkisstj. um að skattleggja eyðslu, svo að notað sé orðalag hæstv. menntmrh., þá mundi svarið alltaf verða það sama: Þetta er enginn „lúxus". Ef ég benti á það, að tveir menn búa í sex herbergja íbúð, þá er það enginn „lúxus". Það er að vísu æskilegt, að menn geti búið rúmt, en það er ekki samrýmanlegt þörfum almennings, þegar húsnæði vantar, og þess vegna á að skattleggja slíkar íbúðir, en svarið er það sama og með bifreiðarnar: Þetta er enginn „lúxus", og því er rétt, að allir séu settir við sama borð. Ég býst við, að því verði haldið fram yfir höfuð, að engir menn séu með lúxuseyðslu og þess vegna eigi enginn að vera skattlagður öðrum fremur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég skal vera stuttorður.

Ég ætla ekki að eltast við útúrsnúninga hv. þm., sem síðast talaði, heldur aðeins benda á þá staðreynd, að bifreiðataxtar eru að sjálfsögðu háðir verðlagseftirliti eins og önnur þjónusta, sem seld

er. Þess vegna er ekki ástæða til að ætla, að þeir geti velt kostnaðinum vegna skattaukans yfir á þá, sem leigja bifreiðarnar, ef verðlagseftirlitið gerir, eins og vænta má, skyldu sína.

Ég held líka, að það hljóti að vera sprottið af ákaflega mikilli vanþekkingu á högum manna hér, ég vil segja hundruðum manna eða þúsundum, sem nota bifreiðar, ef á að halda fram, að þar sé um óhófsnotkun að ræða eða óhófseyðslu.

Að öðru leyti skal ég ekki lengja þetta tal að svo komnu máli.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Mér kemur einkennilega fyrir það atriði hjá hæstv. fjmrh., þegar hann segir, að bifreiðaskattinum verði ekki velt yfir á alþýðuna í landinu eða neytendurna. Nú er gert ráð fyrir því, að hinum sköttunum eða tollunum verði velt á neytendurna. Heildsalarnir eiga engu að tapa og ekkert að leggja fram, en svo þegar kemur að þeim mönnum, sem hafa það fyrir atvinnu að aka bifreiðum, þá á ekki að velta skattinum á neytendur, heldur á hann víst að leggjast á herðar bifreiðarstjóranna eingöngu.

Þetta getur ekki gengið, það verður úr því að skera, hvort ríkisstj. ætlar sér að láta bifreiðaskattinn og benzínskattinn stöðvast á bifreiðastjórunum, en veita heildsölunum rétt til að velta öllum tollunum yfir á neytendurna. Þetta verður að koma greinilega fram frá hæstv. ríkisstj., og ef þetta reynist vera ætlunin, þá verður að fyrirbyggja slíkt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 609, n. 619 og 624).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JörB, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, BG.

17 þm. (GÞG, HermG, JPálm, JS, JJ, KTh, AJ, ÓTh, PÞ, PO, SigfS, SB, SG, ÁkJ, EOl, GÞ, GSv) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forseti (BG): Að gefnu tilefni vil ég minna á ákvæðið í 44. gr. þingskapa, er hljóðar svo: „Skylt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi.“ Vil ég vísa þessu sérstaklega til formanns Sósfl., sem ég sé, að nú er kominn á fundinn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Það liggja hér fyrir mál, sem eru undirbúin þannig, að þm. fengu þau á borðin hjá sér kl. 1,30 í gær. Þetta eru frv., sem þýða álögur á þjóðina, sem nema yfir 30 millj. kr. Það lá svo mikið á að koma þessu í gegn í gær, að þm. gátu ekki fengið að athuga það. Það voru ekki gerðar neinar sérstakar tilraunir til að tefja fyrir því, að málin kæmu fyrir, og urðu umr. um þau. Síðan, þegar fundur hafði staðið til kl. 3½ í nótt, var kallaður saman fjhn.-fundur kl. 11 í morgun. Á þeim fundi voru á einu korteri afgreidd þessi 3 mál, án þess að þau væru athuguð. N. klofnaði. Ég er einn í minni hl. Mér bar að skila þrem nál. og brtt.

Það er rekið svo skarpt eftir þessu, að það er boðaður fundur kl. 1½ og tekið fyrir annað mál. Enn er boðaður fundur kl. 3,45, og þá eru auðvitað ekki til brtt., sem ég þó hraðaði mér með eins og unnt var eftir nefndarfundinn. Það er svo mikið þrýst á málin, að þegar forseti setti fund, lá eitt nál., þrjár línur, fyrir frá meiri hl. Önnur voru ekki komin. Hvaða ástæða var til að byrja að ræða þessi mál, áður en nál. voru komin og brtt. komnar? Ég skil það, að hæstv. forseti vilji gera það, sem stjórnin skipar honum, en honum ber þó að sjá um, að við fáum að fylgjast með þeim hlutum, sem við eigum að bera ábyrgð á, og það minnsta er, að við fáum að skila brtt. Og ég held ekki, að forseti geti borið mér það á brýn, að ég hafi ekki sem minni hl. unnið eins fljótt og mögulegt var.

Þegar stjórnin ýtir svo fast á málin sem hér er gert, þá er ekki nema sanngjart að hún fái að sýna fylgi sitt til þess að koma þeim fram. Stjórnarandstaðan hefur ekki sýnt svo mikinn mótþróa, og þess vegna er ekki undarlegt, þótt stjórnarliðið þurfi að sýna, að það eigi meiri hluta til þess að þvinga í gegn aðrar eins álögur og hér er verið með.

Viðvíkjandi því, að forseti finnur ástæðu til þess að koma með áminningu, vil ég aðeins benda honum á, að ekki er langt síðan beðið var rúmlega hálftíma eftir að setja þingfund, þar sem m. a. einn ráðh. var á mælendaskrá og þm. mættu ekki, og veit ég ekki til, að forseti hafi fundið ástæðu til að ávíta, hvorki þá menn, sem mættu, né þá, sem voru á mælendaskrá. Ég vil þess vegna benda forseta á, af því að ég velt, að hann vill vera réttlátur, að ef hann hugsar um allar aðstæður, mun hann sjá, að það er sízt ástæða til að finna að því, þótt stjórnarliðið þurfi að sýna, hvað það á af atkvæðum hér í deildinni.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fjhn. tók þetta frv. til meðferðar á fundi sínum í morgun, og niðurstöðurnar af þeirri athugun urðu þær, að meiri hl. n., 4 nm. tjáðu sig meðmælta frv. og leggja til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. (EOl) er frv. andvígur.

Frv. var reifað við 1. umr. í gærkvöldi af hæstv. fjmrh., og þarf ég ekki miklu við það að bæta, en vil aðeins geta einstakra atriða, sem komu til athugunar og meðferðar hjá n.

Það er lagt til í c-lið frv., að af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, séu greiddar 36 kr. á ári af hverjum 100 kg af þunga þeirra. Má segja, að það geti kannske verið nokkurt matsatriði, hvaða tegundir bifreiða skuli falla undir þetta, og sérstaklega var í því sambandi vikið að svokölluðum jeppabifreiðum. Ég vil láta þess getið, að það mun hafa vakað fyrir stjórninni að þessar bifreiðar falli hér undir, því að þær eru aðallega gerðar til fólksflutninga og aðallega notaðar til þeirra hluta hér. Ég átti í þessu sambandi tal við bifreiðaeftirlitið, sem tjáði, að þessar bifreiðar væru flestar skráðar sem fólksflutningabifreiðar og bifreiðaeftirlitið hefði litið svo á, að það bæri svo að gera, enda er það svo, að þessar bifreiðar eru mest notaðar til slíkra þarfa hér á landi, þó að hins vegar

sé hægt að nota þær til landbúnaðarstarfa og, þegar á þarf að halda, til flutninga.

Það er að vísu svo, að það bar nokkuð á því í upphafi, að sumir menn óskuðu eftir að þessar bifreiðar væru skráðar sem vöruflutningabifreiðar, og hefur það sennilega verið vegna þess, að af þeim tegundum bifreiða bar ekki að greiða þungaskatt. En það kom í ljós, að þetta kom nokkuð út á eitt, þar sem iðgjaldagreiðslur af vörubifreiðum eru nokkru hærri en af fólksflutningabifreiðum, og munar það þess vegna ekki nema 5 kr., hvort bifreið er skráð sem vöruflutningabifreið eða fólksbifreið, og þess vegna hafa þessar bifreiðar yfirleitt verið skráðar sem fólksbifreiðar. Ég vil láta þess getið, að n. barst á fundinum bréf frá bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, þar sem óskað er eftir því, að þessi skattur sé ekki á lagður, og rök færð fyrir því, að það leggi mikinn aukinn kostnað á herðar bifreiðastjóra í sambandi við rekstur bifreiðanna. Ég skal ekki segja, hvernig þetta kemur við hvern einstakan bifreiðaeiganda í sambandi við rekstur bifreiða, það fer aðallega eftir því, hvernig á þetta verður litið af verðlagsyfirvöldum og hvaða áhrif þetta gjald hefur á gjaldskrá bifreiða, en um það er að eiga við þá aðila, þegar að því kemur.

Í öðru lagi er á það að líta, að það er um þetta gjald eins og önnur gjöld, að það eru fáir, sem komast hjá því að verða á einhvern hátt við þau varir, og ég held nú kannske, að það sé ekki meiri ástæða fyrir þessa stétt manna að kveinka sér undan því en aðrar stéttir, og sannleikurinn er sá, að það hefur þótt arðvænlegur atvinnuvegur að stunda fólksflutninga einnig á bifreiðum. Það kemur þarna til greina annað atriði. Hér er ekki aðeins um að ræða hækkun hjá leigubifreiðum, heldur eru þær settar við sama borð og aðrar bifreiðar, en þungaskatturinn var áður lægri á þeim en einkabifreiðum. En á það var bent af hæstv. fjmrh. í gærkvöldi, að það er svo með margar fólksbifreiðar, sem eru í einkaeign, að þær eru að verulegu leyti notaðar í þarfir einstaklinga í sambandi við atvinnurekstur og atvinnu þeirra, en ekki eingöngu sem lúxusbifreiðar, og er því ekki óeðlilegt, þó að gjöld af þessum bifreiðum séu ekki hærri en af bifreiðum, sem stunda atvinnu.

Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, þó að mönnum, eins og í þessu tilfelli, þyki nóg um útgjöldin, en þess er að gæta, að þarna er eitt látið yfir alla ganga — þarna eru engar undantekningar gerðar. Það er svo ekki meira í þessu sambandi, sem ég sé ástæðu til að taka fram.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 620, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. — Það vannst ekki langur tími til að athuga þetta frv. í n., og þær brtt., sem ég ásamt hv. 6. þm. Reykv. flyt hér, hefðu þess vegna orðið miklu ýtarlegri, ef tími hefði unnizt til að athuga frv. Eins og minnzt var á hér í gær í umr., þá hefur í Noregi verið sett gjald á bíla, þar sem því er svo fyrir komið, að það er hæst á bílum meðan þeir eru nýir, en fer síðan lækkandi, þegar þeir eldast, og það hefði verið mjög æskilegt að koma einhverjum slíkum breyt. að hér, en því miður hefur ekki unnizt tími til að fá þessi norsku l. til athugunar. En það liggur í augum uppi, að það er óréttlátt, að maður, sem á gamla bifreið, sem hann alltaf er að gera við og er honum mjög dýr, eigi að greiða sama gjald af sinni bifreið og greitt er af nýrri bifreið. Þess vegna er það mjög æskilegt, að það væri athugað fyrir 3. umr., hvort ekki væri hægt að gera slíka breyt., ef tími ynnist til. En það, sem ég legg til á þskj. 620 ásamt öðrum þm., eru þær breyt. við 1. gr., að undanþegnar því gjaldi, sem þar um ræðir, séu eftirfarandi bifreiðar:

Í fyrsta lagi eru atvinnubifreiðar, sem eigandinn ekur sjálfur. Það þýðir, að maður, sem á sjálfur bifreið og hefur atvinnu af að aka, sé undanþeginn þessum skatti. Þó mundi þetta að vísu lenda á mönnum, sem eiga bifreiðar og hafa aðra í þjónustu sinni til þess að aka þeim. Það hefur verið sagt hér, að atvinnubifreiðastjórar væru stétt, sem græddi mjög mikið. Ég hef fengið þær upplýsingar hjá „Hreyfli" að af 10 nýjum bílum, sem komið hafa inn á stöðina, þá hefur aðeins einn bíll verið keyptur þangað með venjulegu innkaupsverði, allir hinir bílarnir hafa verið keyptir á svörtum markaði á 55—60 þús. kr. Bílstjórarnir verða að kaupa sína bíla á svörtum markaði á 50—60 þús. kr. og eiga síðan að greiða 6000 kr. í skatt af þeim. Þeir munu eiga mjög erfitt með að aka inn í fyrsta lagi skatta af þessum bílum, og síðan eiga þeir að standa undir rekstrarkostnaði. Það þarf því enginn að segja mér, að þetta hljóti að vera gífurlega mikill gróðavegur. Ég vil þó ekki segja, að jafnvel þótt einhverjir bílstjórar kynnu að græða á því að eiga bíl, þá væri það forkastanlegt, meðan þjóðfélagið er þannig, að það þykir sjálfsagt, að maður græði, ef hann er stóratvinnurekandi eða stórkaupmaður. Það þykir ónormalt að reikna með því, að slíkir menn séu fátækir — það þykir sjálfsagt, að þeir séu auðugir. Ég sé ekki, að það geti verið ákveðið fyrir fram út frá almennu mannlegu siðferði, að þeir menn, sem eru heildsalar og stóratvinnurekendur, eigi að hafa aðstöðu til að græða, en menn, sem stunda almenna vinnu, megi ekki græða og það verði að leggja sérstaka skatta á þá. Ég held þess vegna, að þetta út af fyrir sig sé ekki nein röksemd þarna á móti. Það kann að vera, að einhverjir af atvinnubílstjórum hafi haft allgóðar tekjur, en mér líst ekki þannig á, að þeir muni hafa það á næstunni með þeirri stefnu, sem tekin er af þeim meiri hl., sem hér ræður, og ég held það sé mjög fjarri lagi að fara að skella sérstökum sköttum á þá. Ég held þess vegna, að atvinnubílstjórar komi til með að verða mjög hart úti vegna þessara l., og tel því rétt að undanþiggja þá þessum skatti. Ég vil benda á, að atvinnubílstjórar verða eins og aðrir að borga alla venjulega skatta og skyldur, sem tollahækkunin hefur í för með sér. Í öðru lagi verða þeir að borga hækkunina, sem stafar af benzínskattinum, sem er á öðru þskj. og engan veginn er vitað um, hvort þeim verður leyft að velta á neytendur, eins og ætlazt er til, að heildsalarnir geri með tollana. Í þriðja lagi eiga atvinnubílstjórar að borga þennan sérstaka skatt, sem hér er á lagður samkvæmt c-lið 1. gr., og verða þeir því harðar úti en aðrir vinnandi menn. — Ég held þess vegna að atvinnubifreiðastjórar ættu að fá að sleppa við þennan skatt.

Í öðru lagi eru okkar till. um jeppabifreiðar, sem

skráðar eru utan kaupstaða. Það er vitanlegt, að bændur hafa undanfarið og eru nú að fá allmikið af slíkum jeppabifreiðum. Það er að vísu nokkuð af þessum bílum í kaupstöðum, og álít ég ekkert á móti því að koma skatti á þá, en hins vegar hvað snertir þessa bíla í sveitum, þá álít ég, að þeir eigi að vera undanþegnir þessum skatti. Bændur hafa notað þá að mjög miklu leyti sem vinnutæki við heyskap og enn fremur sem flutningatæki, bæði fyrir þær vörur, sem þeir kaupa í kaupstað, og ýmislegt annað, sem þeir þurfa að flytja, og þótt þeir séu kannske um helgar notaðir til skemmtiferðalaga eða til að ferðast á milli bæja, þá sé ég enga ástæðu til að skattleggja þær ferðir. Ég held, að í dreifbýlinu á Íslandi hafi þessum jeppabifreiðum verið fagnað, og mig minnir, að þegar hafi verið um það rætt á síðasta þingi, og einn þm. kom með till. um það að undanþiggja þær tolli, og ég held þess vegna, að það væri ekki rétt nú að taka upp þá stefnu að skattleggja sérstaklega þessa bíla. Þess vegna leggjum við til að jeppabifreiðar, sem skráðar eru utan kaupstaða, verði undanþegnar þessum skatti.

Í þriðja lagi eru áætlunarbifreiðar á langleiðum. Nokkuð af þeim mun vera rekið af ríkinu, og er það auðvitað að taka úr einum vasanum og láta í annan að vera að skattleggja þær, og enn fremur hefur það verið þannig, að fargjöld hafa verið reiknuð mjög nákvæmlega eftir kostnaði, og þegar fargjöld hafa hækkað, þá hefur það verið látið koma fram í vísitölunni. Mönnum hefur þótt rétt að stuðla að því, að það gæti orðið mikið af þessum bifreiðum í landinu, og þær eru orðnar nauðsynleg samgöngutæki fyrir fólkið. Höfum við því lagt til, að þær bifreiðar væru undanþegnar þessum skatti.

Sömuleiðis höfum við lagt til að strætisvagnar væru undanþegnir skattinum. Ég man ekki betur en að hækkun á strætisvagnagjöldum hafi áhrif á vísitöluna til hækkunar, og þar sem þetta snertir aðallega Reykjavík og það er bæjarfélagið, sem rekur þessa strætisvagna, þá er það nú sú undarlega sama aðferð, sem kemur fram í þessum till., sem liggja fyrir d., að taka úr einum vasanum og láta í hinn, ef ríkið fer að skattleggja bæjarfélagið.

Í fimmta lagi eru skólabifreiðar. Það hefur verið af hálfu hins opinbera að því stutt, að þessum bifreiðum yrði komið upp, og því virðist ekki ástæða til að skattleggja þær.

Með þessu móti mundi vera undanþegið skatti það allra nauðsynlegasta og eðlilegasta í þessum efnum, og ekki fyndist mér óeðlilegt, þó að hv. d. yrði við því að samþykkja þessar undanþágur, þó að stjórnin komi með till. um að hækka gjald af hinum bifreiðunum, sem eftir væru.

Ég ætla svo ekki að orðlengja frekar um þetta. Það er ekki enn þá búið að útbýta nál. minni hl., en ég held, að í því nál. sé prentað upp það bréf, sem stjórn „Hreyfils" sendi fundi fjhn. í morgun. En í því bréfi er gerð grein fyrir þeirri álagningu, sem sérstaklega kemur við þessa bílstjóra í sambandi við bifreiðaskattinn, benzínhækkunina og annað. Þar sést, að þetta mundi nema á hvern bíl um 3000 kr., og það er mjög drjúg álagning á eina stétt manna, sem er að vinna fyrir sér og rekur þessa atvinnu í þeirri áhættu að geta staðið uppi atvinnulausir, ef eitthvað ber út af. Vil ég eindregið skora á hv. d. að verða við þeim tilmælum „Hreyfils" að undanþiggja þessar bifreiðar þessum skatti. — En ef ekki kemst neitt fram af þessum brtt., þá mun ég greiða atkv. á móti frv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi skattafrv., sem hér liggja fyrir, eru vitanlega fyrst og fremst til komin vegna þess, að útgjöld ríkissjóðs síðustu ár hafa vaxið mjög frá því, sem áður var, og þó hefur ekki verið hægt að uppfylla allar þær óskir og till., sem komið hafa fram á hendur ríkissjóði. Ein tegund útgjalda, sem hefur vaxið einna mest síðustu ár, er vegaviðhald og vegagerð ríkissjóðs. Þessi kostnaður var orðinn 1939 tæplega 1 millj. kr. eða nákvæmlega 836 þús. kr. Þessi kostnaður er 1946 kominn upp í 11 millj. kr., eða hafði á þessu tímabili þrettánfaldazt. Það hefur oft verið talað um það, að það væri ekki ósanngjarnt, að þeir, sem vegina notuðu, þ. e. a. s. bifreiðarnar og eigendur þeirra, greiddu að mestu leyti vegaviðhaldið. En þar fyrir utan kemur svo nýbygging þjóðvega, sem á fjárl. er áætluð 7 millj. kr. fyrir utan brtt., sem eiga eftir að koma fram við 3. umr. Hygg ég, að það sé ekki fjarri sanni, að útgjöld ríkissjóðs til vegamála séu nú orðin yfir 20 millj. kr., og kröfurnar til vegakerfisins fara stöðugt vaxandi. Það eru gerðar auknar kröfur um það, að vegum sé haldið við, og þykir mikið á skorta, að vegir séu í því lagi, sem ætti og þyrfti að vera. En það hefur ekki verið hugsað hærra í þeim málum en það, að bifreiðarnar eigi að greiða að mestu leyti vegaviðhaldið, sem er í kringum helmingur kostnaðar við vegagerð ríkissjóðs. Þessar tekjur fær ríkissjóður nú með þrennum sköttum: benzínskatti, þungaskatti af bifreiðum og tolltekjum af hjólbörðum og slöngum, sem bifreiðarnar nota. Þessir skattar munu hafa numið á s. l. árum í kringum 2 millj. kr., og hefur þó heldur vaxið vegna þess aukna fjölda bifreiða, sem nú er kominn hingað til landsins. En 2 millj. kr. tekjur af þessu er þó ekki nema kringum sjötti partur af því, sem þarf að nota til vegaviðhaldsins eins. Hér er lagt til í þessu frv., að hækkaðir verði skattar af hjólbörðum og slöngum, þannig að þar sem áður var greidd 1 króna þá verði nú greiddar 3 krónur, og þungaskatti af bifreiðum verði breytt eða hann aukinn mjög verulega. Auk þess kemur svo hækkun á benzíni samkvæmt frv. um hækkun á aðflutningsgjöldum, sem fyrir liggur. Þessar hækkanir nema samkvæmt frv. í kringum 2 millj. kr., og hækkunin á benzínskattinum nemur samkvæmt grg. þess frv. í kringum 5 millj. kr., þannig að þessir skattar í heild með því, sem fyrir er, eru ekki komnir upp í meira en ca. 9 millj. kr., þ. e. a. s. þeir nægja ekki nærri fyrir því, sem fer til viðhaldsins eins. Mér virðist þess vegna ekki, að í heildinni sé hér óhóflega að farið. Það orkar náttúrlega alltaf tvímælis, hvernig skipta eigi niður skattinum, og kemur það fram í brtt. hv. 2. þm. Reykv., sem vill undanþiggja atvinnubifreiðar, sem eigandinn ekur sjálfur. Ég hygg, að það verði erfitt að gera þá undanþágu og skera úr því, hvort eigandinn keyrir bílinn sjálfur eða hann lætur einhvern annan gera það. Enn fremur verður mjög erfitt í framkvæmd að undanþiggja jeppabifreiðir, sem skrásettar eru utan kaupstaðanna. Skrásetning bifreiðarinnar sker ekki úr um, hvar og hvernig hún er notuð. Því

hygg ég, að þær undanþágur, sem hv. 2. þm. Reykv. stingur upp á, verði erfiðar í framkvæmd, án þess að óréttur sé gerður á annan hvorn veginn, að annaðhvort sé tekið af þeim, sem undanþegnir eiga að vera, eða þá að þeir sleppi, sem skattinn eiga að greiða. Ég vildi undirstrika hina miklu þörf ríkissjóðs á tekjum til að mæta þeim kostnaði, er fer til vegaviðhalds, og þeirri þörf er hvergi nærri fullnægt með þessum tollum. Enn eru gerðar kröfur um meiri framlög ríkissjóðs til vegamála, en það gengur ekki til lengdar að gera auknar kröfur, ef ekki er jafnframt bent á leiðir til að afla þeirra tekna, er með þarf til að mæta þeim kostnaði, sem uppfylling kröfunnar hefur í för með sér. Alls staðar úti um heim eru bifreiðar skattlagðar í þessu skyni. Hér á landi munu nú vera ca. 8000 bifreiðar, eða 1 bifreið á hverja 16 íbúa, svo að bifreiðatalan er hér hlutfallslega mjög há og aðeins fá lönd, þar sem bílar eru hlutfallslega fleiri. Allur þessi bifreiðafjöldi gerir kröfur um aukið vegakerfi og kröfur um viðhald á þeim vegum, sem þegar eru. Það er því ekki óeðlilegt, að skattur sé lagður á bifreiðarnar til að mæta einhverjum hluta kostnaðarins. Víða erlendis eru þessir skattar meiri, t. d. er sums staðar lagður þungaskattur á vörubifreiðar vegna slits á vegunum. Þetta hefur þó ekki komið hér til umræðu, en hins vegar er þetta sjónarmið athugandi, hvort ekki mætti leggja þungaskatt á að nokkru leyti. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þessir auknu skattar mundu nema um 3000 kr. á hverja bifreið árlega, og virtist mér þetta væri eitthvert meðallag. En ég held, að þetta geti alls ekki verið meðaltal, þó að skatturinn gæti numið þessu af þeim bifreiðum, sem mikið benzín nota, því að skatturinn er áætlaður 7—8 milljónir og 8000 skrásett ökutæki eru í landinu, og ætti því skatturinn að vera að meðaltali um 1000 kr. Þessi skattur skiptist svo náttúrlega misjafnt niður eftir benzínnotkun, stærð og þunga. Úr því að það sjónarmið að láta bifreiðarnar borga vegaviðhaldskostnaðinn hefur ekki komið hér fram, taldi ég rétt að láta þessi orð fylgja með við þessa umr.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Mig langaði aðeins til að skjóta þeirri fyrirspurn til hv. 2. þm. Reykv., hvort það sé rétt tekið eftir hjá mér, að hann hafi sagt, að „Hreyfill" hafi á þessu ári aðeins fengið einn bíl með verksmiðjuverði, en orðið að kaupa hina á svörtum markaði (**EOI:** Einn af 9 síðustu bílum.) Ég tel þá rétt að koma fram með þær upplýsingar, sem ég tel fyllilega réttar, um leið og ég tek það fram, að ég er fyllilega sammála hv. 2. þm. Reykv. um það, að þessi stétt, bílstjórarnir, eigi að geta notið sín eins og hver önnur og bera ekki minna úr býtum en aðrir. En þær upplýsingar vildi ég mega gefa, að frá áramótum mun „Hreyfill" hafa fengið 10 nýja bíla, 4 frá Ræsi h/f, 4 frá Fordumboðinu, einn frá S.Í.S. og einn frá G. H. Þetta eru 10 bílar, og auðvitað eiga stöðvar sem „Hreyfill" að sitja fyrir til þess að geta uppfyllt þá skyldu sína að aka almenningi. Þá hafa verið pantaðar 7 Crysler-bifreiðar, sem fara eiga til „Hreyfils", og vona ég, að þær séu nú á leiðinni, enn fremur ein til Akureyrar og ein til Hafnarfjarðar. Afgreiðslan verður náttúrlega með verksmiðjuverði. Ég held því, að rétt sé að ræða, hvað komið hefur inn af nýjum bifreiðum, þó að „Hreyfill" verði kannske að sæta afarkostum um bifreiðakaup, en þess ber að gæta, að þegar stöðin endurnýjar bílakost sinn, selur hún sína gömlu bíla út af stöðinni aftur. Þessar upplýsingar vildi ég gefa varðandi bílainnflutning, þegar því er haldið fram, að frá áramótum hafi Hreyfill aðeins getað fengið einn bíl með verksmiðjuverði.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hæstv. samgmrh. benti réttilega á, hvað háa upphæð ríkissjóður veitti til vegaframkvæmda og hvernig verður að leita tekna til að standa straum af þeim kostnaði. Ég vildi nú benda á, að það eru fleiri aðilar en ríkið, sem annast vegagerðir. Það eru þrír aðilar, ríki, sýslufélög og sveitarfélög, og ég vil benda á, að þáttur sveitarfélaga er á engan hátt smávægilegur. Sem dæmi má nefna, að Reykjavík ein hefur s. l. ár varið 7 milljónum króna til viðhalds og vegagerðar, og ætla ég, að framlag annarra sveitarfélaga sé hlutfallslega svipað. Nú gætu þessir aðilar sagt eins og ríkið, að einhverja tekjustofna þurfi til að mæta þessum kostnaði, og efa ég ekki, að hæstv. samgmrh. er mér sammála um það. En hvernig er viðhorfið gagnvart sveitarfélögunum í þessu frv., sem hér liggur fyrir? Það er lagður þungur skattur á bifreiðar yfirleitt og því lýst yfir, að þeim skatti skuli ekki velt yfir á almenning. Ef sú verður raunin á, þá minnkar gjaldgeta bifreiðaeigenda og skattar þeirra til sveitarfélaganna réna um leið. Um leið og þessi skattur er lagður á og sagt, að hann eigi að mæta kostnaði ríkisins við vegaviðhald og vegagerðir, er því gleymt, að sveitarfélögin leggja fram álíka háa upphæð í sama skyni. Ef farið er inn á þá leið að hækka bifreiðaskattinn, þá á að skattleggja eyðsluna og skattleggja þá, sem eiga bíla sér til gamans og hafa efni á því. Brtt. okkar hv. 2. þm. Reykv. miða að því að létta skattinum af þeim, sem lifa af bifreiðunum, og þær miða einnig að því að gera hlut sveitar- og bæjarfélaga betri. En ef byrðunum af hinum hækkaða skatti verður velt yfir á almenning, þá leiðir af því vaxandi dýrtíð og minnkandi velmegun almennings. **Ég bendi** á, að hv. Alþ. má gæta sín varðandi þetta skattafrv. og fleiri skattafrv., sem það kemur til með að fjalla um, að það sé ekki gengið svo hart að gjaldþoli manna af hálfu ríkisins, að ekkert sé eftir handa sveitarfélögunum, því að þau hafa vissulega margar skyldur að rækja. Ef peningarnir til vegaviðhalds eiga að koma frá notendum bílanna, þá á það eins við um ríkið og sveitarfélögin. Ég ætla, að gatnakerfi Reykjavíkur sé nú um 60 km og langmestur hluti þeirra bíla, sem hér á að skattleggja, slítur mest götum Reykjavíkur.

Þá vildi ég aðeins minnast á 5. liðinn í brtt. okkar hv. 2. þm. Reykv. Í l. frá 29. apríl 1946, 13. gr. er kveðið svo á, að í skólahverfum, þar sem börn geta ekki gengið til skólans, sé ríkinu heimilt að veita styrk til að kaupa bíl, sem flytji börnin til og frá skólanum. Styrkur þessi nemi allt að ¾ kostnaðar, og er það í samræmi við styrkveitingar hins opinbera til byggingar heimavistarskóla, og er það eðlilegt, því að víða hagar svo til, að velja má milli þess að reisa heimavistarskóla og kaupa skólabíl. Ég geri ráð fyrir, að þessir skólabílar séu 3—4 tonn og geti þá tollurinn af þeim orðið um 2000 krónur á ári, og er það ekki

alllítill baggi fyrir fátæk sveitarfélög, en notkun skólabíla fer nú ört vaxandi. Legg ég því til, að þungagjaldinu verði létt af þessum bílum.

Ég get svo aðeins minnzt á strætisvagnana. Ég hef áður talað um, hversu gengið sé á gjaldstofna sveitarfélaganna og þeim gert erfitt að viðhalda vegunum, og í framhaldi af því vildi ég benda á, hve ósanngjarnt er að leggja stóra skatta á samgöngutæki bæjanna, sem eingöngu slíta vegum bæjanna sjálfra. Strætisvagnarnir eru mjög þung farartæki, líklega 4—5 tonn, og yrði þá þungagjaldið af þeim vel hálf önnur milljón króna, og sé ég ekkert réttlæti í því, að ríkið skattleggi þannig ökutæki bæjarfélags, sem slíta eingöngu vegum, sem bærinn sjálfur byggir og viðheldur.

Brtt. á þskj. 620 miða að því að létta af óeðlilegum álögum. Þær eru réttlætismál gagnvart bifreiðastjórum, bændum, sveitarfélögum og fátækum skólahverfum.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þegar verið er að ræða um útgjaldaleiðir, þá eru undantekningarnar alltaf freistandi, og hafa hv. þm. sósíalista flutt hér nokkrar till. til undantekninga. Ég held nú, að þar sé heldur langt gengið, svo að segja má, að aðalreglan yrði að undantekningu, ef samþykktar yrðu. Ýmis sjónarmið þeirra eiga þó fullan rétt á sér og væri freistandi að taka tillit til þeirra, en það er erfitt að ræða þessi mál hér vegna tilhneigingar sumra hv. þm. til að gera manni upp bæði orð og hugsanir, eins og hv. 2. þm. Reykv. vildi gera, er hann taldi, að mér þætti eitthvað forkastanlegt, að bifreiðarstjórar græddu. Þetta er náttúrlega hreinasta fjarstæða. Um leigubifreiðarstjórana er það að segja, að bezt er, að tollurinn gangi sem almennast yfir, annars virðist atvinna þeirra hafa verið sæmileg, a. m. k. upplýsti hv. 2. þm. Reykv., að bílarnir séu keyptir á svörtum markaði fyrir 55—60 þús. kr. Það virðist því vera um sæmilega auðugan garð að gresja. Um þá till. að undanþiggja jeppabifreiðar, skrásettar utan bæjanna, skatti, þá finnst meiri hl. n. að minni hl. vilji ganga of langt. Það kom fram hjá hv. þm. V-Húnv., að undanþiggja bæri þær jeppabifreiðar, sem eingöngu væru notaðar til landbúnaðarstarfa, og er þetta mjög freistandi sjónarmið, ef hægt er að skera úr um notkun þeirra, svo að víst sé. En skrásetning bifreiðanna segir vitanlega ekki til um notkun þeirra. En nú hefur meiri hl. fjhn. komið sér saman um að flytja eftirfarandi skrifl. brtt.: „Aftan við 1. gr. bætist ný málsgr. svo látandi: Undanþegnar gjaldi samkv. c- og d-liðum eru skólabifreiðar. Á eftir 1. gr. komi ný málsgrein, er verður 2. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkv. því: Við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., svo látandi: Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu samkv. c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf."

Ég vil láta þess getið, að þessar brtt. hafa verið bornar undir fjmrh. og sumar bornar fram eftir ábendingum hans, t. d. brtt. um, að skólabifreiðar séu undanskildar, því að það hafði af vangá fallið niður. Þessar bifreiðar eru fáar og mundu þar af leiðandi ekki skipta neinu máli þær tekjur, sem af þeim yrðu. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, en legg hér með brtt. fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 630) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Það er mjög ánægjulegt, að nú skuli hafa komið fram brtt. frá fjhn., sem miða í rétta átt, og ríkisstj. sjá, að henni hefur yfirsézt. Af þessu sést, að það getur verið nokkurs virði að athuga mál í n., einkum ef til þess væri gefinn betri tími en hér er nú gert. Þessar till., sem hér hafa komið fram, standa til bóta, enda sýnist það sjálfsagt, að skólabifreiðar séu undanþegnar sköttum. Sama er að segja um jeppabíla, sem notaðir eru til jarðyrkju. Með endurgreiðsluna er ég ekki eins ánægður, og geri ég ráð fyrir, að ég tali þar fyrir hönd þeirra, sem hlut eiga að máli, því að sannleikurinn er sá, að það getur tekið nokkuð langan tíma fyrir bónda uppi í sveit að ná á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, nokkur hundruð krónum úr ríkissjóði. Ég held því, að heppilegra væri, að þessum aðilum væri alveg sleppt við skattinn.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á atvinnubílstjórana. 7. þm. Reykv. vildi meina, að þeir hefðu ástæður til þess að bera þennan aukaskatt, vegna þess að verðið væri svo hátt á bílum og þarafleiðandi munaði þetta svo litlu. Nú er það þannig með bílana, að þar ríkir frjáls samkeppni, en framboðið er takmarkað. Hins vegar er atvinnubílstjórunum nauðsynlegt að hafa góða bíla til þess að verða ekki undir í samkeppninni, en nú er búizt við, að erfitt verði að fá nýja bíla í framtíðinni, og þess vegna keppast atvinnubílstjórar við að ná sér í nýja bíla, þó að þeir þurfi að kaupa þá á margföldu verði. Engum getur dulizt, að mikil áhætta er að kaupa nú bíla fyrir kannske 50 til 60 þúsund, eins og gangverð þeirra mun nú vera manna á milli, þegar allt er óvíst um það, hvað atvinnan verður lengi eins mikil og hún nú er með þessi tæki, en það er annaðhvort að duga eða drepast. Þó að einstakir menn hafi fengið bíla á réttu verði, þá munu þeir vera hreinar undantekningar.

Þessi aukaskattur, sem með þessu frv. er ætlaður, verður ekki minni en það, að hann nemur um 3 þús. kr. kostnaðarauka á stöðvarbíl, ef allt er talið. Hvar á að taka þetta fé? Hugsar ríkisstj. sér, að gjöld með leigubílum verði hækkuð, eða ætlast hún til þess, að bílstjórarnir taki þetta á sitt bak? Ef svo er, þá nær þessi ráðstöfun ekki nokkurri átt. Það eru til aðrar leiðir, t. d. eru til hér í bæ allmargir bílainnflytjendur, sem grætt hafa hundruð þúsunda á bílainnflutningnum, fyrir utan það, sem þeir hafa grætt á svarta markaðnum. Ef ríkið notaði sjálft þennan gróða, þá þyrfti ekki að grípa til þessa vandræða úrræðis. Sömuleiðis ef ríkið notfærði sér eitthvað af þeim gegndarlausa gróða, sem eigendur viðgerðarverkstæðanna fá í sinn hlut nú, þá mætti með því móti afla mikils fjár. Þá gæti ríkið líka haft stórar tekjur af því að taka í sínar hendur rekstur bifreiða, bæði á sérleyfisleiðum og í bæjarakstri, en þær tekjur renna nú í vasa einstaklinga. Ég held, að þetta yrðu heppilegri leiðir til fjáröflunar fyrir

ríkissjóð en sú vandræðaleið, sem ríkisstj. hyggst nú að grípa til.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. hefur nú látið í ljós, að til séu aðrar leiðir til fjáröflunar í ríkissjóð en þær, sem ríkisstj. hefur lagt til, að teknar yrðu. Ég vil nú ræða nokkuð þær leiðir, sem hv. 2. þm. Reykv. benti á. Ég get vel fallizt á, að t. d. sú leið, að ríkið taki að sér rekstur langleiða, geti gefið nokkrar tekjur og sé að mörgu leyti æskileg, en sú leið bjargar bara ekki ástandinu nú, því að hún gæfi alls engar tekjur í ríkissjóð á þessu ári, þvert á móti hefði hún í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, til þess að hægt væri að hefja þennan rekstur. Um þá leið, að ríkið reki viðgerðarverkstæði, vil ég segja það, að ég hef enga trú á, að hún gefi ríkissjóði nokkrar tekjur og það allra sízt nú, þar sem stofnkostnaðurinn við slíkan rekstur mundi verða mjög mikill.

En sú leiðin, sem virðist í fljótu bragði vera aðgengilegust og geta gefið ríkissjóði tekjur nú þegar, er að sjálfsögðu bílainnflutningurinn, en sá galli er bara á þeirri gjöf, að á s. l. ári hefur verið flutt svo mikið inn af bílum, að lítið útlit er fyrir, að nokkurt verulegt magn verði flutt inn af þeim á þessu ári. Og það er dálítið einkennilegt, að hv. 2. þm. Reykv. skuli fyrst vera að minnast á þetta nú, eftir að hans flokkur hefur verið í ríkisstj., meðan þessi leið gat gefið tekjur, en þá var ekkert á hana minnzt. En vegna þessa, sem áður er getið í sambandi við þessa leið, held ég, að hún verði ekkert bjargráð nú. Ég tel þess vegna, að engin þessara leiða, sem hv. 2. þm. Reykv. benti á, komi til greina í staðinn fyrir þær till., sem ríkisstj. leggur fram, auk þess sem hann veit, að ekki er meiri hl. á Alþingi fyrir þeim.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Hæstv. samgmrh. minntist á það, að ég hefði meint, að ríkið ætti að setja upp viðgerðarstöðvar. Slíkt var ekki mín meining. Ég meinti aðeins, að ríkið tæki þær viðgerðarstöðvar, sem fyrir eru.

Í sambandi við það, sem ráðh. minntist á, að *þessi till. hefði ekki komið fram*, áður en þessi mikli bílainnflutningur hófst, þá ætti hann nú að ræða við fyrrv. samstarfsmann sinn, fyrrv. fjmrh., hvort honum hafi aldrei verið bent á þessar tekjuöflunarleiðir. En þótt bent sé á þessar tekjuöflunarleiðir, *er sá mikli galli á þeim*, að þær rekast á hagsmuni fárra voldugra manna í þjóðfélaginu, og eftir reynslunni að dæma eru þeirra hagsmunir svo miklu sterkari á þingi en fjöldinn og hans hagsmunir. — Hvað hitt snertir, sem hæstv. samgmrh. *minntist á, að þessi möguleiki væri þó fyrir hendi*, held ég, að væri rétt af honum, ef honum lízt svona vel á þessa leið, að taka undir það að prófa hana.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það voru aðeins örfá orð. Út af prófun þessarar leiðar, sem þm. benti á, vil ég segja, að hún gæti jafnvel komið til athugunar, en tel, að ef það væri í alvöru fram sett af honum, yrði það að vera betur undirbúið en svona og koma fram á venjulegan, þinglegan hátt. Það yrði þá hægt að ganga úr skugga um það. En að flytja mætti inn mikið af bifreiðum til landsins, það er misskilningur. Ég hygg, að búið sé að flytja svo mikið inn af bifreiðum, að ekki sé hægt að bæta miklu við það. Þar sem komin er ein bifreið á hverja 16 íbúa í landinu, er það svo há tala, að ég hygg, að allir muni vera sammála um, að með tilliti til þeirra gjaldeyristekna, sem þjóðin nú hefur, og öflunar nýrra framleiðslutækja, sem óumdeilt verða að ganga fyrir, að þá séu ekki möguleikar til þess að flytja inn mikið af bílum umfram það, sem þegar hefur verið gert. — En aðrar leiðir, sem hann hefur bent á, koma ekki að notum, fyrst og fremst vegna þess, að þær tekjur, sem við öflum nú, verða að koma inn á árinu 1947 og á þess árs reikningi, en þessi tekjuöflunarleið, sem hann er með, er miðuð við framtíðina og kemur því ekki hér til álita.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég gat um það áður lítils háttar, hvert hlutverk sveitarfélaganna væri að leggja vegi og halda vegum við, og minntist sérstaklega á vegina í Reykjavík. Kom ég þá með ágizkun um það, hvað vegirnir kynnu að vera langir, en nú hef ég fengið réttar upplýsingar, og reyndust vegirnir vera miklu lengri en ég hafði haldið, því að eftir því sem bæjarverkfræðingur upplýsir, eru þessir vegir 118 km. Það eru því engar smáræðisupphæðir, sem þetta eina bæjarfélag þarf að inna af hendi í vegalagningu og vegaviðhald. Nú stendur svo á, að allir þeir þm., sem sérstaklega hafa rætt þetta mál, eru þm. Reykjavíkurbæjar, og tveir þm., sem hafa rætt málið, hv. 3. og 7. þm. Reykv., eru báðir fulltrúar í stjórn þessa bæjarfélags. Ég vildi nú spyrja þá að því, með hvaða rökum þeir vildu verja, að bæjarfélagið yrði þannig skattlagt í stórum stíl til þess að viðhalda vegum, jafnt fyrir bíla úti um landsbyggðina sem þá bíla, sem eingöngu slíta vegum Reykjavíkur. Slíkt hlyti óhjákvæmilega, ef samþ. yrði, að verða til þess að soga til sín mikið fjármagn, og mundi með því stigið spor á þeirri braut að gera afkomu almennings hér í bænum slæma og dýrtíðina meiri. Er ástæða til þess að gera þetta? Ég vil sérstaklega beina því til þessara bæjarfulltrúa, hvort þeir geti ekki fallizt á það, sem ég hef bent á, að ef allir atvinnubifreiðastjórar, sem aka eigin bifreiðum, verða skattlagðir á þennan hátt, sem hér er lagt til, muni svo fara, að möguleikar bæjarins til skattlagningar á þessa stétt hljóta að rýrna allverulega, og er það ábyrgðarhluti fyrir þm. Reykjavíkur og bæjarfulltrúa að stuðla að því með orði og atkv. að taka þann gjaldstofn frá bænum. Er ekki þörfinærin? Og er ekki réttmætt, að bærinn geti skattlagt þá menn, sem hafa sitt lífsuppihald af því að aka bílum, þannig að hann fái gegnum það nokkurt fé til síns vegaviðhalds, eins og ríkið *vill fá fé til sinna vega* með því að skattleggja þá menn, sem eiga bifreiðir og aka bifreiðum? Ég vil segja, að mér þótti ánægjulegt að sjá það, að stuðningsmenn ríkisstj. geta þó hugsað sig um þetta, og það er vissulega gott, að þeir hafa efnislega *fallizt á efnið í till. mínum* og aðferðum. En starfsaðferðin er skrýtin, mjög skrýtin. Það er einkennilegt, að ekki skuli vera ætlaður tími til að ræða í n. tvö stór frv. Það er bannað að ræða málið vel. Minni hl. er enginn tími gefinn til þess að koma með brtt., eins og ástæða hefði verið til. Ég þekki þessi vinnubrögð úr bæjarstjórn Reykjavíkur, og þeir þekkja þau líka, hv. 3. og 7. þm. Reykv. Það sýnir sig, að þessir fulltrúar eru samir

við sig á þingi og í bæjarstjórn, vinnubrögðin þau sömu. Ekki satt? En það væri sæmilegra fyrir meiri hl. að læra af því, sem þegar er orðið, láta sér þetta að kenningu verða og láta þetta stóra mál bíða, sem átti að hespa í gegn á einni nóttu, þannig að meiri hl. og minni hl. gæti gefizt fullkomið tóm til að athuga málið til hlítar. En það þarf að athuga málið. Þetta eru engin vinnubrögð eins og hér hefur verið unnið í dag.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Mig langaði að gera nokkrar aths. Hv. 2. þm. Reykv. kom fram með þá uppástungu, sem hann þó eiginlega ekki virtist hafa hugsað sér að rökstyðja, hvað ynnist við það að þjóðnýta bæði bifreiðaviðgerðarverkstæði og taka upp aftur bifreiðaeinkasölu af ríkisins hálfu. En ég get fullvissað hv. 2. þm. Reykv. um það, að þeir munu vera fáir af þeim reyndu bifreiðastjórum í Reykjavík, sem mundu óska þess, að bifreiðaeinkasalan kæmist aftur á, eins og verðið og afgreiðslan var frá þeirri ríkisstofnun. Nú, þetta er það, sem ég vildi benda þeim hv. þm. á, sem aðhyllast þjóðnýtingu, því að það er eins og þeir átti sig aldrei þótt þeir brenni sig á fótum, því að það grær fljótt til þess að hlaupa út í ófæruna aftur.

Þá er það samverkamaður minn í bæjarstjórn, hv. 6. þm. Reykv. Þar er heilög vandlæting að öðru leytinu, en hræsnin uppmáluð að hinu. Við hlustuðum á þennan þm. mikið af nóttinni í nótt, og hann hefur ekki batnað við vökurnar. Í sambandi við ummæli hans um vinnubrögð mín eða annarra bæjarfulltrúa, sem eru ekki sama sinnis og hann í bæjarstjórn, vil ég láta hann vita, að ég er reiðubúinn að ræða við hann á þeim vettvangi og kjósendur okkar hér í þessum bæ, og mun ég líklega geta komið þar fram eins hnarreistur og hann þykist geta, þegar hann er aftur og aftur til málamynda að koma með uppástungur, sem eiga að túlka tilfinningar fólksins, en hv. þm. meinar ekki alltaf svo mikið með þeim, að manni finnst.

Ég skal svo ekki lengja umr. að þessu sinni. Hv. 6. þm. Reykv. talaði hér um málefni, sem kom þessu máli, sem hér liggur fyrir, ekkert við, þar sem hann talaði um vinnubrögðin í bæjarstjórn Reykjavíkur, og fannst mér þá skylt að tilkynna honum, að ég væri reiðubúinn að tala við hann þannig.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Það er örstutt aths. Hv. 3. þm. Reykv. minntist á það, að einu sinni enn væri ég með einkasölu, en þess mundu bifreiðastjórar í Reykjavík ekki vera fýsandi eins og til hefði tekizt síðast, og mun þetta vera rétt hjá honum. Hitt er annað mál, hvort bifreiðastjórar og reyndar þjóðin öll mundi ekki vilja fá bifreiðasölu, sem betur væri stjórnað. Og það eru náttúrlega engin rök, þótt illa gangi með einn hlut í eitt skipti, að þá beri ekki að reyna aftur.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að ég væri að öðru leytinu hræsnin uppmáluð, en að hinu leytinu fullur heilagrar vandlætingar. Þá hélt hann því einnig fram, að ég flytti till. mínar til þess að sýnast og meinti ekkert með þeim. Ég vildi biðja þennan hv. þm. að telja upp till., sem ég hef flutt hér á þingi og ekki meint neitt með. Þessi mikli röksemdamaður, sem hann telur sig vera, vildi ekki ræða við mig út af minni ræðu, sem ég flutti áðan, því að hún kæmi ekki þessu máli við. Einmitt það, hv. 3. þm. Reykv. Kemur það ekki málinu við, hvort Reykjavíkurbær borgar þennan skatt af strætisvögnunum, sem lagt er til, að borgaður verði? Ég hef lagt til, að bærinn borgi það ekki. Kemur það ekki málinu við? Ég dró einnig í efa í ræðu minni, hvort réttmætt væri að ganga svo að gjaldþoli kaupstaðanna, t. d. atvinnubílstjóra, eins og lagt er til í frv. Ég sýndi fram á, hversu mjög það svipti bæjarfélög möguleikum til að leggja skatta á þessa menn og sýndi fram á, hve mikil útgjöld bæjarfélögum væru bökuð vegna vegaviðhalds og hve nauðsynlegt væri, að bærinn hafi tekjuöflun, og hvernig þetta frv. gengi í þá átt að rýra þessa möguleika. Kemur það ekki málinu við?

ATKVGR.

Brtt. 620,1 felld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

nei: GSv, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JörB, PÞ, SB, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, BG.

10 þm. (GTh, GÞG, JPálm, JS, JJ, ÓTh, PO, SK, ÁÁ, GÞ) fjarstaddir.

Brtt. 620,2 felld með 16:7 atkv.

— 620,3 felld með 17:7 atkv.

— 620,4 felld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

nei: GSv, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JörB, PÞ, SB, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, BG.

10 þm. (GTh, GÞG, JPálm, JS, JJ, ÓTh, PO, SK, ÁÁ, GÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Það er að vísu æskilegt fyrir Reykjavíkurbæ að losna við, að þetta gjald yrði lagt á strætisvagnana, og einnig nokkur sanngirni í því, sem fram kemur hjá flm. till., að þetta gjald skuli ekki lagt á þessa tegund bíla, af því að þessir bílar annast svo að segja eingöngu ferðir innanbæjar, en eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, verða fleiri að bera þessi útgjöld en þeir, sem gott þykir, og þótt við höfum fullan hug á því að standa vörð um hagsmuni Reykjavíkurbæjar, þá ber okkur að setja hagsmuni þjóðfélagsins ofar kjördæmunum. Þetta frv. er borið fram af brýnni nauðsyn, eins og greinilega hefur komið fram hjá hæstv. ríkisstj. Ég verð þess vegna að vera á móti þessari brtt. og segi nei.

Brtt. 630,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 620,5 kom ekki til akv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18:7 atkv.

Brtt. 630,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18:1 atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 18:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:7 atkv.

Á 112. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 631).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:2 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:7 atkv. og endursent Ed.

Á 114. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þessu frv., sem var fyrir skömmu afgr. frá þessari hv. d., hefur verið breytt lítils háttar í hv. Nd., og er þess vegna nauðsynlegt að bera þá breyt. undir þessa d. til samþykktar eða synjunar. Breyt. er í því fólgin, að hv. Nd. hefur fallizt á að setja svohljóðandi gr. inn í frv.: „Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf." — Ég lét tilleiðast eftir atvikum að fallast á þessa breyt., því að í raun réttri fellur þetta algerlega saman við þann upphaflega tilgang, sem ég og aðrir, er sæti eigum í nýbyggingarráði, höfðum í huga, þegar byrjað var á að flytja jeppabifreiðar til landsins, sem sé að þær yrðu sérstaklega notaðar við jarðyrkjustörf, og það var á þeim grundvelli, að horfið var að því ráði að greiða fyrir því, að bændur fengju þessar bifreiðar. Hins vegar er það vitað, eins og ég tók fram við 1. umr. málsins hér í þessari d., að þróunin í þessum hlutum hefur orðið sú, að þessar bifreiðar hafa miklu frekar verið notaðar á annan hátt, þ. e. a. s. til ferðalaga bæði í sveitum og í bæjum og hafa reynzt mjög þægilegar og bændastéttinni mjög nothæfar líka í því skyni. Vegna þeirrar þróunar var það, að ég vildi telja þær með fólksbifreiðum — og geri raunar enn — hvað skattaálagningu snertir. Aftur á móti er það að vissu leyti rétt, að séu þessar bifreiðar að öllu eða jafnmiklu leyti notaðar við hin ýmislegu jarðyrkjustörf, draga plóga og nota við heyvinnu á ýmsan hátt, þá er talsvert til í því, að þær beri að skoða að því leyti sem jarðyrkjuverkfæri. Á þessum grundvelli hef ég fallizt á þessa breyt., sem Nd. hefur gert á frv., er opnar þar leið til endurgreiðslu með vissum skilyrðum. Ég veit jafnframt, að allar slíkar undanþágur opna um leið veginn fyrir misnotkun, en ég vil treysta svo skattan. í hinum ýmsu byggðarlögum landsins, að þær gefi ekki vottorð út í bláinn, hvað þetta snertir. Eins er leið til að fylgjast með því, hvað bifreiðarnar eru notaðar mikið við heyvinnu, jarðrækt og því um líkt, með því að hafa eftirlit með hraða- og vegmælinum, sem í þeim er.
Ég þarf svo ekki að fjölyrða frekar um þetta og vil vona, að hv. d. geti fallizt á þessa breyt. og á frv. í heild, eins og það er nú.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 639).

---

10. Hækkun á aðflutningsgjöldum 1947.

Á 109. fundi í Nd., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947 (stjfrv., A. 607).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. um hækkun á innflutningsgjöldum árin 1947 er fram borið, eins og það ber með sér, til að auka tekjur ríkissjóðs og þá m. a. til að inna af hendi nauðsynlegar fjárgreiðslur til að halda niðri verðlagi í landinu. Það er að sjálfsögðu aldrei ánægjulegt verkefni að bera fram eða flytja mál um auknar álögur eða skatta. En eins og fjárl. sýna, eins og þau voru afgr. við aðra umr., og þar sem að því er stefnt að afgr. þau rekstrarhallalaus, þá er nauðsynlegt að leita eftir leiðum til þess að jafna þann halla, ef unnt væri. Hér hefur verið hnigið að því að hækka vörumagnstoll og verðtoll, og í öðrum tveimur frv., sem lögð voru fram í Ed., var um að ræða hækkun á bifreiðaskatti og gjaldi af innlendum tollvörutegundum.
1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, ákveður sem till. að innheimta vörumagnstoll af benzíni samkvæmt 27. kafla tollskrárl. 15. lið með 20 aurum af kg, en það hefur, eins og kunnugt er, verið 9 aurar.
Um þetta sérstaka gjald er það að segja, að það gegnir furðu, hvað lengi benzíntollurinn hefur verið svo lágur samanborið við þau gífurlegu útgjöld, sem því eru samfara að viðhalda vegunum, og samanborið við það, sem benzínskattur er í öðrum löndum, og það í nágrannalöndum okkar, Norðurlöndum og Englandi. Í Danmörku eru teknir 34 aurar af lítra, í Noregi 18 aurar, í Englandi 22 aurar, en við höfum látið okkur nægja þá 9 aura, sem síðan 1932 a. m. k. hafa verið lögfestir sem benzínskattur hér.
Það hefði náttúrlega að sumu leyti mátt teljast gott að þurfa ekki að hækka benzínskattinn, ég segi að sumu leyti, vegna þess að það er ekki allur akstur, sem benzín þarf til, sem telst nauðsynlegur hlutur. Ég ætla, að flestir muni á það fallast, að okkur Íslendingum er ekki fært, sérstaklega með tilliti til útgjalda til vega, að hafa afgjald af benzíni svo lágt. Það mætti kannske segja, að hér væri fremur helzti skammt gengið en of langt hvað þetta snertir.
Í öðru lagi er lagt til hvað þennan vörumagnstoll snertir að innheimta hann framvegis með 200% álagi, en þegar ég segi framvegis, þá er þetta ekki nema fyrir árið, sem stendur, því að l. er ekki ætlað að gilda lengur en til ársloka 1947, þó með þeim undantekningum, sem um er að ræða í 3. gr. og hv. þdm. munu hafa séð, en þar eru undan teknar nokkrar nauðsynjavörur auk þess sem undan teknar eru drykkjarvörur, þar með talið áfengi, vegna þess að um tekjuöflun á áfengi umfram það, sem var, hefur ríkisstj. gert aðrar ráðstafanir, eins og kunnugt er.
Vörumagnstollurinn er, ef svo mætti að orði kveða, nokkuð á eftir tímanum, hvað upphæð snertir, samanborið við ýmis önnur gjöld, því að það

er sýnilegt, að þegar vörumagnstollurinn var lagður á, þá hefur það verið haft fyrir augum, að eitthvað svipað fengist inn fyrir hann og verðtollinn. Hlutfallið 1940 er nálægt 1/1. M. ö. o. tollurinn hefur gefið sömu fjárhæð og verðtollurinn, fyrst eftir að tollskrárl. komu til framkvæmda. En stórhækkandi verðlag á erlendum vörum og mjög hækkandi flutningsgjöld hafa raskað þessu hlutfalli, unz svo var komið, eins og segir í grg., að verðtollurinn var orðinn meira en ferfaldur vörumagnstollurinn. Í langflestum löndum er þungatollurinn 2—7 aurar á kg, þannig að miðað við það háa verðlag, sem nú er á erlendum varningi, má segja, að þessi tollur sé nú orðinn alveg hverfandi og að sú hækkun, sem hér er gert ráð fyrir, muni hafa tiltölulega litla verðhækkun í för með sér.

Vörumagnstollurinn nam s. l. ár alls 14.6 millj. kr., þar af tóbakstollur 5861 þúsund kr. og áfengistollur 2387 þúsund kr., eða samtals kr. 8248 þúsund kr. Af öðrum vörum hefur því vörumagnstollur orðið 6,4 milljónir kr. Innflutningur hefur aldrei orðið meiri en í fyrra og alveg víst, að hann verður mun minni á þessu ári, og er það út af fyrir sig alvarlegt íhugunarefni fyrir þá fjárhagsáætlun, sem byggir jafnmiklar tekjur á innfluttum vörum og gert er í okkar áætlun um fjárl.

Ég hef látið athuga það í stjórnarráðinu, hvað þessi hækkun ætti að geta numið, og er frá því skýrt í grg. við þetta frv. að því er snertir þessa hækkun á vörumagnstollinum út af fyrir sig.

Þá er enn fremur lagt til, að verðtollurinn verði innheimtur með 65% álagi, líka með undantekningum þeim hinum sömu, sem um ræðir í 3. gr., sem gildir fyrir hvorttveggja tollálagninguna. Verðtollurinn nam á síðasta ári rúmum 62 millj. kr., 13½ millj. hærri en árið áður, og hefur hann aldrei verið svo hár fyrri. Stafar það auðvitað af því sama, að innflutningurinn var óvenjulega mikill s. l. ár. Nú er það víst, að tregða á gjaldeyrissviðinu og sparnaður á gjaldeyri hlýtur að verða til þess, að um stund dragi mikið úr innflutningi á vörum. Má því vel vera, að þótt hér sé gerð áætlun og gert nokkuð fyrir minnkun eða samdrætti á þessum tekjugreinum hvorri fyrir sig, að það sé ekki nógu mikið litið til þeirrar minnkunar og þar af leiðandi rýrni sá tekjuauki, sem hér er hafður fyrir augum. Þá þykir ekki ósennilegt, að heildarinnflutningsverðmætin verði ¼ minni en í fyrra og verðtollurinn þá álíka lægri, og ættu því 65% að hafa í för með sér allmikla tekjuhækkun, þegar miðað er við allt árið. Nú er frv. fyrst að koma fram, þegar nærri ½ ársins er liðinn, og verður því að gera fyrir því í útreikningnum, og hefur það verið gert. Að kunnugra manna áliti ætti hækkunin samkv. frv. miðað við allt árið, þegar tekið er tillit til hækkunar á benzíntolli, vörumagnstolli og verðtolli, að nema 42 millj. kr. En nú er sýnt, að ekki þarf að gera ráð fyrir, að þessi hækkun snerti annan innflutning en þann, sem nær yfir 9 mánuði ársins, svo að hér verður að draga ¼ frá, eða 11½ millj., þannig að þess er ekki að vænta, að tekjuhækkun á árinu nemi meiru en 31,6 millj. kr. af þessum þremur tollum, sem ég minntist á, en þeir eru benzíntollur, vörumagnstollur og verðtollur.

Það er náttúrlega ekki hægt að sigla fyrir það, eins og vísitalan er reiknuð út nú, að svona tollhækkanir hafi verðhækkun í för með sér, sem líka snertir vísitöluna. En meðan þeirri stefnu er haldið að reyna að stöðva áframhaldandi verðbólgu með niðurgreiðslu úr ríkissjóði, verður ekki hjá því komizt að auka tekjur ríkissjóðs í þessu skyni, og er mjög erfitt að stýra því svo, að það snerti hvergi vísitöluna. En þess ber að geta og gæta, að einmitt sú hækkun, sem kynni að verða á vísitölunni, að henni er ætlað að mæta m. a. með tekjum af þessum skatthækkunum eða tollhækkunum, og höfuðmarkmiðið með því öllu er að stemma stigu við því, að hækkunin á vísitölunni verði atvinnuvegum landsmanna ofjarl.

Ég vil sérstaklega benda á varðandi þessa tekjuöflunarleið, sem hér er farið inn á lengra en áður hefur verið, að í þessu frv., 6. gr., er ákveðið, að verðlagseftirlitinu sé óheimilt að leyfa álagningu á tollhækkun samkv. þessum l. Að því leyti til er því fram hjá því stefnt, að verðhækkun á nauðsynjavörum verði frekar en orðið er fyrir atbeina þessarar löggjafar, ef að l. verður í því formi, að álagningin hækkar. Hún á ekki að gera það á sjálfan tollinn, en auðvitað verður hins vegar hin beina tollgreiðsla, sem innt er af hendi í þessu skyni til að fullnægja þessum l., að bætast við söluverð varanna. En að verzlanir megi leggja á sérálagningu á þá tollgreiðslu, til þess er ekki ætlazt.

Ég held, að ég hafi ekki frekar við þetta að bæta. Eins og kunnugt er, hafa verið hér til athugunar ýmsar leiðir, síðan þetta þing kom saman, til þess að ráða bót á ýmsum vandræðum, sem stafa af dýrtíðinni, og það er fjarri því, að ég sé að halda því fram, að hér sé verið með aðgerðir, sem komi að haldi til frambúðar, því að til þeirra aðgerða þarf miklu meiri átök innan þings og utan, sem vonandi verða gerð, áður en dýrtíðin og verðbólgan verður áviðráðanleg. En gagnvart þeirri e. t. v. eðlilegu gagnrýni, sem fram kynni að koma um það, í hvaða knérunn væri hér vegið, er þess að gæta, að álagning á verð vörunnar ýtir undir sparnað og góða meðferð vörunnar, og er sú nauðsyn undirstrikuð eða áherzla á hana lögð í hinu svo nefnda hagfræðingaáliti, á bls. 66. En þótt það væri ekki fyrir hendi, er hér um svo brýna nauðsyn að ræða, meðan ekki eru önnur úrræði fyrir hendi til að setja nokkrar tálmanir í veg fyrir óhæfilegan vöxt verðbólgunnar en þau að mæta henni með niðurgreiðslu fjár úr ríkissjóði, þá ber að þeim brunni, að fjár þarf að afla til þessara hluta eins og til annarra, og vænti ég, að hv. þdm. sjái það og skilji eins vel og ég, sem nú mæli hér fyrir þessu máli, og sjálfsagt margir miklu betur.

Ég vil svo mælast til þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef fram að þessu ekki rætt mikið um þau tekjuöflunarfrv., sem ríkisstj. hefur lagt hér fram, því að mér hefur þótt rétt að bíða eftir því, að stefna hennar yrði ljós, hvað hún ætlaði sér í sambandi við tekjuöflun, hvar hún ætlaði að ráðast á garðinn, hvaða heildarráðstafanir hún ætlaði að gera, og ég hef beðið þess með óþreyju að sjá, hvað þessi fyrsta ríkisstj. Alþfl. á Íslandi mundi leggja til, að gert yrði til þess að ráða fram úr þeim fjárhagsmálum, sem liggur fyrir okkur að leysa. Og með þessu

frv., sem við ræðum hér, virðist það skýrt komið í ljós, hver þessi stefna er. Það er gerð grein fyrir því í grg. og í ræðu hæstv. ráðh., sem talaði fyrir hönd ríkisstj., og býst ég við, að stjórnarflokkarnir séu sammála um þetta og að þetta 30 millj. álag, sem lagt er til, sé framkvæmd á þeirri stefnu, sem Alþfl. hafi beðið eftir að geta tekið upp með forustu í ríkisstj. á Íslandi, til þess að sýna, hvaða blessun þjóðin mundi af því hljóta. Mér þykir því rétt að athuga, hvert stefnt er með þessari till.

Í fyrsta lagi er sagt, að hér vaki fyrir að halda vísitölunni niðri í landinu, en hins vegar er það svo talin eðlileg afleiðing, að vísitalan hækki. Sem sagt, með þessum ráðstöfunum er beinlínis verið að vinna á móti sjálfum tilgangi l., sem ríkisstj. lýsir yfir, að hún hafi fyrir augum. Það er gefið, að með þessari álagningu er verið að hækka vísitöluna í landinu, og þá koma nýjar álögur, eins og t. d. um daginn, er tóbakið var hækkað, sem þýðir vísitöluhækkun um 2 stig, og þá verður að leggja á nýja skatta, og hvar endar svo þetta? Þetta eru því engin úrræði. — Hvað þýðir þetta þá að því leyti, sem það verður til þess að hækka verð á afurðum almennt, að svo miklu leyti sem almenningur fær þetta ekki upp bætt? Að svo miklu leyti sem þetta er hækkun á vörum, sem kemur ekki fram í vísitölunni, er þetta skipulagning á hækkun á dýrtíðinni í landinu, sem fólkið án nokkurra uppbóta verður að borga. Það er því bein árás á þau lífskjör, sem almenningur á við að búa í landinu. Og ef reikna á með, að þessar 30 millj. komi t. d. að 1/10 eða 1/15 fram í vísitölunni, en að hinu leytinu í rýrnun á lífskjörum almennings, þýðir þetta árás á þau lífskjör, sem almenningur hefur átt við að búa. Nú er rétt að athuga, hvernig lífskjörum nú er háttað með hliðsjón af vísitöluútreikningi frá 1939. Vísitalan byggist á útreikningi á launum svo að segja eingöngu manna, sem höfðu þurftartekjur eins og þær voru áætlaðar 1939. Nú vitum við, að það, sem ein verkamannafjölskylda getur haft hér 1939, er ekki sérstaklega mikið af þeim lífsnauðsynjum, sem fjölda manns í þjóðfélaginu nú finnst sjálfsagt að geta notið. Lífskjörin eru þá mjög slæm. Ég veit, að margur verkamaðurinn gat ekki veitt sér það að kaupa ver utan um sængurfötin sín, fyrr en atvinnuleysið var afnumið. Þá vita allir, hvernig ástandið hefur verið með húsbúnað hjá verkamönnum 1939, fatnað o. s. frv. Lífskjörin hafa breytzt á þessum tíma. Kröfurnar, sem þjóðin gerir til lífsins, eru meiri, en vísitölunni er haldið þennan tíma niður við þessi lágu lífskjör, sem þá voru. Það þýðir, að ef t. d. verkamaðurinn gerir meiri kröfur til þess að kaupa betri kjól handa konu sinni, sem nú mundi kosta fjór- til fimmfalt á við það, sem áður var, kemur þessi hækkun ekki fram í vísitölunni, því að vísitalan er reiknuð út frá allra brýnustu lífsnauðsynjum. Þetta þýðir þess vegna það, að fyrir bóndann eða verkamanninn, sem nú búa við betri kjör og gera meiri kröfur til lífsins en áður, fyrir þá alla er hækkun á þeim vörum, sem koma ekki inn í vísitöluna nú, beinlínis skipulagning á því að lækka þeirra lífsstandard. Þetta veit ég, að öllum þm. er ljóst. — En við þetta bætist þar að auki, að mikill fjöldi viðkomandi aðila býr við húsaleigu, sem er margfalt hærri en 1939. Allir þekkja, hvað menn verða að borga mikinn hluta af launum sínum til þess að komast í nýjar íbúðir í Reykjavík. Þetta hefur ekki komið fram í vísitölunni. Mikill fjöldi hefur orðið að sætta sig við að greiða aukalega af launum sínum án þess að fá það upp bætt með vísitölu. Vísitalan hefur því hvað þetta snertir beinlínis verið fölsuð. Þegar því það sýnir sig, að vísitalan tekur ekki til þeirra krafna til lífsins, sem nú eru gerðar á Íslandi, og hefur þar að auki beinlínis verið fölsuð, þá er greinilegt, að hin nýja tollahækkun þýðir beina lækkun á lífskjörum almennings, beina lækkun á gildi hverrar krónu, sem verkamaðurinn fær greidda. Ráðstafanir í svona stórum stíl þýða raunverulega lækkun hjá launþegum í landinu, og ekki aðeins launþegum, heldur líka lækkun á lífskjörum þeirra, sem taka ekki laun sín í peningum, bændum og fleiri, sem þurfa að kaupa vörur til sinna nauðsynja.

Hvert verður eðlilegt svar, þegar til lengdar lætur, við svona ráðstjórn? Búast menn almennt við því, að launþegar og aðrir aðilar í landinu láti bjóða sér það að rýra þannig lífskjör þeirra með ráðstöfunum þess opinbera, án þess að þeir reyni að knýja fram uppbætur fyrir þetta, og þær uppbætur mundu vera í því fólgnar að krefjast hækkunar? Mér sýnist því, að með till. eins og þessari sé beinlínis verið að skora á verkalýðsfélögin að athuga sinn gang og hækka grunnkaupið í landinu. Hvernig félögin taka undir slíka áskorun, veit ég ekki, en samkv. eðli málsins er þetta áskorun um að hækka grunnkaupið, og þessi áskorun er borin fram af því meiri þunga af ríkisstj. sem engar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að skerða þann gróða, sem auðmannastéttin í landinu hefur haft, og ekkert hefur komið fram frá hæstv. ríkisstj., sem bendir til, að hún ráðist á garðinn þar, sem hann er hæstur. Hér er því um það að ræða að höggva í sama knérunn og tíðum hefur verið reynt að höggva áður fyrr, á kostnað launastéttanna og alþýðunnar, en auðmannastétt landsins hlíft. Þetta kemur greinilega í ljós, því að ríkisstj. leggur þessi frv. hér fyrir, eftir áður að hafa hækkað tóbak og brennivín án þess að hafa sýnt lit á því að koma með nokkur lagafrv., sem að nokkru leyti beinist gegn gróða auðmannastéttarinnar á Íslandi.

Það er skaðlegt að hafa of mikið af vinnuaflinu bundið í verzluninni, og slíkt verður alltaf baggi á framleiðslunni og þjóðfélaginu. En eins og nú er, hefði því verið heppilegra fyrir ríkissjóð að taka tekjur sínar með því að hagnýta sér verzlunargróðann. Það er nauðsynlegt til þess að skapa rétta stefnu í þjóðfélaginu að beina vinnuaflinu og fjármagninu frá verzluninni til framleiðslunnar og hinna ýmsu atvinnugreina, og þess vegna hefði verið hægt að búast við því, að þetta hefði verið eitt af fyrstu verkefnum hæstv. ríkisstj. Hins vegar er stefnt að því með þeim frv., sem fram koma nú frá hæstv. ríkisstj., að hlífa heildsalagróðanum og verzlunargróðanum, en tekna ríkissjóðs á að afla með beinum nefsköttum á almenning. Enn fremur hefði það getað komið til mála í tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs, að lagður væri skattur á ýmsa þá óhófsneyzlu og munað, sem hér á sér stað. Það er lýðum kunnugt, að sú hin nýríka stétt, sem hér hefur skapazt á undanförnum árum, hefur m. a. byggt sér heilar hallir, þar sem hver einstök fjölskylda hefur frá 6 upp í 12 herbergja íbúðir. Það mætti því leggja skatt á hinn háa lífs-

standard þessarar stéttar, þannig að hann kæmi niður á því, sem þessi stétt veitir sér fram yfir það, sem almenningur hefur tök á. Væri t. d. hægt að skattleggja þær íbúðir, sem væru stærri en 4 til 5 herbergja, eða miðað væri við stærð hverrar fjölskyldu. Enn fremur mætti skattleggja sérstaklega þá lúxusbíla, sem eru í eign þessarar stéttar, og yfirleitt allt það, sem hún veitir sér, er gerir líf hennar frábrugðið lífi annarra stétta samanborið við það, sem þær hafa tök á að veita sér. Það er að sjálfsögðu ekkert við því að segja, að þeir, sem eru ríkir, leyfi sér að hafa það gott, en það er ekki nema réttmætt, að þeir greiði hlutfallslega hærri skatta en almenningur, og meðan þetta er ekki gert, á ekki að skattleggja almenning. — Enn fremur er hér fjöldi af fyrirtækjum, sem vitað er að hafa einokunaraðstöðu hvað gróða snertir, bæði fyrirtæki, er reka innlendan iðnað, svo og kvikmyndahúsin, en það er vel hugsanlegur tekjustofn fyrir ríkið að taka þess háttar fyrirtæki til þjóðnýtingar og láta þann gróða renna beint til *þjóðfélagsins, sem nú rennur í vasa einstaklingsins.* Þetta eru allt hlutir, sem hefði átt að gera áður en hæstv. ríkisstj. hefði lagt fram frv. um að afla ríkissjóði um 30 millj. kr. tekna af tollum, er teknar væru af almenningi.

Það væri enn fremur ekkert undarlegt, þótt spurzt væri upplýsinga um það í sambandi við þessi mál, um leið og þessar 30 millj. kr. skattálögur á að leggja á almenning, hvað líði eignakönnuninni, sem hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir á stefnuskrá sinni, að hún ætli að láta fara fram, sem gera ætti í því skyni, að ríkissjóður gæti náð þeim óhóflega gróða af þeim mönnum, sem mestum auð hafa safnað á undanförnum árum og hægast hafa átt með að koma honum undan skatti. Eða er kannske útlit fyrir, að svo geysiháir skattar verði lagðir á auðmannastéttina og svo miskunnarlaust frá henni gengið, að engin smuga verði eftir fyrir gróðamennina og húsabraskarana, að ekki sé til of mikils mælzt, þótt alþýðan verði látin borga þessar 30 millj.? Það væri því ekki nema eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. gæfi hér nokkrar upplýsingar um, hvað undirbúningi þessa máls liði, til þess að alþýðan fengi einhverja vitneskju um það um leið og þessi baggi er lagður á hana, hvort svo miklu stærri baggi væri í vændum fyrir auðmannastéttina. — *Það hefði einhvern tíma verið hægt að búast við* því, að ríkisstj. undir forsæti Alþfl. hefði látið slíka eignakönnun koma fram á undan tollálögum, sem lagðar eru á herðar almenningi, eins og hér er gert.

Ég held, að í þessu frv. felist tveir þættir; annars vegar sá, sem hækkar vísitöluna; hins vegar sá, sem eykur dýrtíðina, án þess að vísitalan hækki. Þetta frv. boðar því auðsjáanlega ekki sérstaklega mikið um réttláta úrlausn á þeim dýrtíðarvandamálum, sem fyrir liggja. Hækkunin á þeim vörum, sem almenningur kaupir, og hækkunin á t. d. benzíni, getur hæglega leitt til þess, að kaupgjaldið í landinu hækki, sem kemur niður á atvinnulífinu; þessi frv. hæstv. ríkisstj. setja m. ö. o. þann spíral af stað, sem einmitt hefur verið talað um í sambandi við dýrtíðarmálin, að reyna beri að stöðva. Hins vegar hefði mátt koma í veg fyrir þetta með því að leggja auknar skattálögur á auðmannastéttina og taka gróðann af henni, en með því að leggja þær á almenning er stefnt að beinni hækkun á kaupgjaldi launþega innanlands, sem þýðir eyðileggingu þeirra áhrifa, sem hæstv. ríkisstj. segist stefna að. — Ég held því, að þessar till., sem hér liggja fyrir, séu ýmist þýðingarlausar hvað dýrtíðina snertir eða bein árás á launakjör alþýðunnar í landinu.

Hæstv. fjmrh. minntist á hagfræðingaálitið í þessum umr., þar sem þeir koma inn á hækkanir á tollum. En ef ég man rétt, minnast hagfræðingarnir á tollhækkun aðeins sem einn lið í stóru samfelldu kerfi af ráðstöfunum, sem gera beri, þar sem þeir samtímis ganga út frá allróttækum ráðstöfunum gagnvart auðmannastéttinni og að öðru leyti til þess að minnka þann raunverulega kostnað, sem verið hefur á framleiðslunni í landinu, og skal ég ekki fara nánar út í það atriði.

Hins vegar verð ég að segja það, að mig furðar sérstaklega á framkomu Alþfl. í þessum málum og þætti vænt um að fá yfirlýsingu um það við þessa umr. af hans hálfu, að hverju hann stefnir með þessum tollhækkunum. Hann hefur fram að *þessu haldið því fram í yfirlýsingum sínum og* stefnuskrám, að fyrst og fremst bæri að taka gróðann með því að svipta auðmannastéttina mjög miklu af þeim tekjum, sem hún hefur. Það væri því fróðlegt að fá vitneskju um það, hvernig á því stendur, ef Alþfl. hefur sett slíkt skilyrði, sem hann segist hafa verið svo duglegur að setja, þegar ríkisstj. var mynduð, að fram skuli koma hér á Alþ. með hans samþykki aðrar eins till. og þær, sem nú liggja hér fyrir. Enn fremur þætti mér vænt um að fá upplýsingar um það á þessu stigi málsins frá hæstv. ríkisstj., hvað hún sér framundan á þeirri braut, sem hún er komin inn á með þessu frv.

Mér heyrðist það á ræðu hæstv. fjmrh., að hann væri alls ekkert trúaður á það, að það, sem ríkisstj. legði til í þessum málum, væri nein lausn á þessu máli. Hann lagði sérstaka áherzlu á það í framsöguræðu sinni, að á meðan vísitalan væri borguð niður, væri ekki hægt að gera aðrar ráðstafanir en þær, sem ríkisstj. legði nú fram. Er ríkisstj. búin að koma vísitölunni svo hátt, og er hún nú að búa sig undir að hætta að borga vísitöluna niður og sleppa svo öllu lausu? Hvert einasta spor, sem stigið er í þá átt, sem gert er með þessum frv., þýðir það, að eftir 1 eða 2 mánuði verður helmingi erfiðara að bæta úr því ástandi, sem nú ríkir, og að búið verður að festa dýrtíðina miklu meir en nú er. Ég skil ekki í öðru en að hæstv. ríkisstj. hafi hugsað um þetta, þegar hún ákvað að leggja þessi frv. fyrir þ., og að hún hafi hlotið sjálf að sjá, að hún væri með þessu að hækka vísitöluna, að framkalla ráðstafanir til enn meir aukinnar dýrtíðar og að með þessu er gert stórum erfiðara að beita nokkrum ráðstöfunum til þess að lækka *vísitöluna aftur. Ég álít það vera nauðsynlegt þjóð*arinnar vegna, að það komi fram af hálfu hæstv. ríkisstj. í sambandi við þær umr., sem nú fara hér fram, hvað hún sér fyrir í þessum efnum, og hvort það er stefnt vitandi vits út í þá ófæru, sem allar líkur benda til, að þessi mál lendi í.

Það er vitanlegt, að þær ráðstafanir, sem hér er ætlazt til að gera, bjarga ekki íslenzkum sjávarútvegi; þær koma til með að skella á honum að lokum, — þær verða til þess að hækka alla dýrtíð og hafa í för með sér kauphækkanir launþega hér. Hins vegar er leiðin, sem fara hefði átt

í þessum efnum, fyrst og fremst sú að skera niður þann gróða í einstaklingseign, sem til er á Íslandi. En það er ekki hægt við því að búast, að alþýðan sætti sig við það að sjá launakjör sín skorin niður, áður en nokkur tilraun er gerð til þess að reka íslenzkan atvinnurekstur á meir skipulagðan hátt en gert er og meðan ekki er skorið af þeim gífurlega gróða, sem auðmannastéttin á Íslandi hefur enn þá. Þess vegna verðum við að gera okkur það ljóst, að till. um að taka 30 millj. kr. í tollum af almenningi eru hnefahögg framan í hann, sem hann hlýtur að svara. Ég hygg, að alþýðan væri reiðubúin að taka á sig að einhverju leyti byrðar þjóðfélagsins, þegar hún sér, að allt er gert sem hægt er til þess að skipuleggja atvinnureksturinn og reka hann með gróða, og að skorið væri ofan af gróða auðmannastéttarinnar, en það er ekki von, að alþýðan taki því með þökkum, þegar byrjað er á að þyngja hennar byrðar, án þess að talað sé neitt um, hvernig eigi að fara að með hinar stéttirnar, sem betur eru settar.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur reynt að gera sér ljóst, hvert stefnir í þessum málum, en mér sýnist þetta stefna út í beina stöðvun, ef svona verður haldið áfram, og að eftir svo og svo langan tíma verði sagt: Nú getur sjávarútvegurinn ekki borið þessa hluti lengur, nú getur þjóðin ekki lengur staðið undir öllum þessum álögum — og nú verður að stöðva allan atvinnurekstur, ef verkamenn vilja ekki sætta sig við laun sín.

Ég held því, að tími sé kominn til fyrir hv. Alþ., að það fari að athuga sinn gang og að það geri sér ljóst, að þýðingarlaust er að halda áfram á þessari braut og hvert eigi að stefna í þessum málum. Það þýðir ekki að halda svona áfram ár eftir ár og segja: Við getum ekki gert annað í dag, við sjáum ekki önnur ráð.

Í þessu frv. felst tvenns konar yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj., annars vegar, að hún sjái engin úrræði fram úr þeim vandamálum, sem hún á við að glíma, og hins vegar, að hér sé um einhverjar tilraunir að ræða, sem lenda einvörðungu á alþýðunni. Hvorugt vil ég sætta mig við.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vil gera hér stutta aths., þar eð hv. 2. þm. Reykv. (EOl) vék að Alþfl. í sambandi við þetta frv. og vildi halda því fram, að með því væri Alþfl. að marka stefnu sína í fjáröflunarleiðum. Mér skildist, að ekkert slíkt, sem þetta frv. kveður á um, gæti hans heilagi flokkur hugsað sér með alla sína alúðarumhyggju, eins og vel hefur heyrzt á ræðum hv. þm. Sósfl.

Nú vill hins vegar svo vel til, að þetta frv. er að verulegu leyti sniðið eftir till., sem 4 hagfræðingar báru fram á sínum tíma í 12 manna n. Einn þessara hagfræðinga er einn af trúnaðarmönnum Sósfl., frambjóðandi hans við síðustu kosningar og einn af merkisberum flokksins meðal yngri kynslóðarinnar. Hygg ég, að hv. 2. þm. Reykv. hafi haft mjög náið samstarf við hann og fylgzt vel með því, sem hann vildi leggja til málanna ásamt kollegum sínum. Í hagfræðingaálitinu á bls. 66 eru taldar upp fjórar höfuðráðstafanir, sem þeir leggja til, að gerðar verði til að koma á jafnvægi í greiðsluviðskiptum við útlönd. Fyrsta þessara ráðstafana telja þeir vera hækkun á innflutningstollum. Síðan eru þessar ráðstafanir nánar skýrðar og ekki sízt þessi fyrsti liður, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin telur, að heppilegasta ráðið til að koma á jafnvægi í greiðsluviðskiptum út á við sé það að hækka til mikilla muna tolla á innfluttum vörum.“ Síðan er talað um, að undanþiggja þurfi nokkrar vörur, m. a. þær, sem undanskildar eru í frv. því, sem hér liggur fyrir, og eftir þeirri upptalningu segir svo: „Æskilegt væri að undanskilja fleiri brýnar nauðsynjar til neyzlu, svo sem vissar vefnaðarvörur, en það er ekki hægt af tæknilegum ástæðum.“ — Síðar stendur: „Samhliða tollhækkuninni ætti að hækka *til samræmis gjaldið af innlendum tollvörum*, að svo miklu leyti sem sykur er notaður til framleiðslu þeirra.“ — Það liggur annað frv. hér fyrir frá ríkisstj. um hækkun á innlendum tollvörutegundum. — Enn segir í álitinu: „Einsætt er, að tollarnir yrðu að vera háir til þess að gagn yrði að. Nefndin gerir ekki ákveðnar tillögur í þessu efni, en hún hefur gert ráð fyrir því, að núgildandi tollar (bæði vörumagnstollur og verðtollur) á þeim vörum, sem yrðu ekki sérstaklega undanskildar, yrðu að minnsta kosti tvöfaldaðir til jafnaðar.“ — Enn segir á sömu bls.: „Auk þess þarf að afla ríkissjóði nýrra tekna, til þess að hann geti greitt nauðsynlegar verðuppbætur með útfluttum afurðum og haldið áfram að greiða niður verðlagið innanlands.“

Eins og hæstv. fjmrh. hefur skýrt frá, er þetta frv. flutt til þess að jafna þann greiðsluhalla, sem sýnilega var í vændum á fjárl. eftir afgreiðslu þeirra við 2. umr. og gert var ráð fyrir, að mundi nema um 30 millj. kr. Þá má og alltaf búast við því, að gjaldabálkurinn hækki við 3. umr., og ef till. hv. 2. þm. Reykv. og annarra flokksbræðra hans hefðu verið teknar til greina við 2. umr., hefði greiðsluhallinn orðið 20 millj. kr. hærri. Hefði þá þurft að afla fjár með auknum tekjum ríkissjóðs, lántökum eða öðru líku, en þar sem þessar till. náðu ekki fram að ganga, var greiðsluhallinn áætlaður um 30 millj. kr.

Ég tel, að eins og nú er komið málum, sé óhjákvæmilegt að fara inn á þessar fjáröflunarleiðir, sem hér er lagt til, enda á þær bent af hagfræðingunum. Það hefur gengið svo til, að ríkisbúið hefur orðið æ dýrara í rekstri, og valda því meðfram ýmis lög, sem sett hafa verið og ég skal síðar lasta. *Af þessum lögum má nefna launalögin*, alþýðutryggingalögin og skólalöggjöfina. Þessi löggjöf hefur í för með sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóðinn, og til þess að mæta þeim, þarf að afla nýrra tekna og fjár.

Það er gert ráð fyrir, að þessi frv. séu miðuð við árið 1947, og verður það þeirra, sem þá fara með völdin, að ákveða, hvort þau verða framlengd. En ég get ekki séð, að hægt sé að setja af stað neina slíka öldu gegn þessum málum, sem hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, og ég vil minna á það, að fulltrúi Sósfl. í hagfræðinganefndinni, Jónaz Haralz, hefur í samráði við hv. 2. þm. Reykv. bent á þessa leið, sem ríkisstj. er nú að fara til bráðabirgða.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson). Það er ekki rétt útlagt hjá hv. 2. þm. Reykv., að hér sé verið að stefna að því að koma álögunum yfir á neina sérstaka stétt í landinu. Þær vörur, sem um er að ræða, eru vörur, sem allir landsmenn brúka, og það er

hlægilegt, þegar þessi hv. þm. telur það líklegt til þess að koma fram æsingaöldu í landinu, þótt gripið sé til þess að hækka tolla á aðfluttum vörum, að það sé eins konar áskorun til æsinga. Vill hv. þm. ekki íhuga, hvernig ástatt er hjá almenningi í öðrum löndum, ýmsum nágrannalöndum okkar? Tökum t. d. Stóra Bretland og þá eymdaraðstöðu, sem almenningur á þar við að búa. Eða Danmörku, að ég nú tali ekki um hin óhamingjusömu lönd í Mið-Evrópu, þar sem fólkið næstum því berst við dauðann. Og svo talar hv. þm. um þessar ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að koma í veg fyrir vandræði af verðbólgu þann tíma, sem þær ná, telur þær svo mikla hringavitleysu og rangsleitni, að nægjanlegt sé til að koma af stað verkföllum. Ja, öllu má nú nafn gefa. Ég er sammála hv. þm. um það, að hér er ekki um frambúðarlausn að ræða, en í öðrum skilningi. Hann sagði, að allt annað og meira þyrfti að gera. Hann byrjaði á verzlunarstéttinni, heildsölunum og endaði í allsherjar organisation og skipulagningu. En ég segi, að þó að heildsalarnir yrðu skornir niður við trog, eins og einn flokksbróðir hv. þm. komst einu sinni að orði, og byrjað á skipulagningu á öllu í jörðu og á, þá læknaði það ekki fjárl. Þau eru með stórum halla, og þetta eru ráð til að reyna að koma á jöfnuði á fjárlagafrv., sem þetta þing á að afgreiða. Og það er byrjað á þeirri ráðstöfun, sem hagfræðingarnir og þar á meðal fulltrúi kommúnista telja ráðstöfun nr. 1, svo að ekki eru nú stór efni til að berja á stóru trumbuna. Ég get verið hv. þm. sammála um það, að það þarf að gera allt aðrar og meiri ráðstafanir til að koma verðbólgunni niður og lækna það ástand, sem er í atvinnumálunum, því að það verður ekki gert með þeirri stefnu, sem hefur verið fylgt hingað til, og ég veit ekki til, að hv. 2. þm. Reykv. hafi komið með neinar raunhæfar till., þó að hv. þm. kyrji um verzlunarálagningu og verzlunargróða, því að hvað sem kaupmönnum líður, hafa mjög margir uppeldi sitt af verzlunarstörfum, svo að það yrðu æði margir, sem kæmust á vonarvöl, ef till. hv. þm. kæmust í framkvæmd. Ég er hræddur um, að svo gæti farið, að jafnvel ýmsir flokksbræður hv. þm. þættust grátt leiknir, ef verzlunarstéttinni yrði útrýmt, þó að eitthvert landssölubákn kæmi í staðinn. Það er meira en að skera niður þann gróða, sem verzlunin hefur skapað, og hann er vissulega skorinn niður með skattalögunum, og hvergi á byggðu bóli hér í nágrannalöndum ganga skattaálögur jafnlangt og hér hjá okkur. Þær ganga svo langt, að atorkumenn, t. d. í sjómannastétt, leggja árar í bát, þegar þeir hafa náð vissu launahámarki. Þannig er nú ástandið. En svo vil ég benda á það, að það er ekki viturleg ráðstöfun að eyða öllum gróða og leyfa engum að safna fé, því að það hlýtur hver heilvita maður að sjá, að það gengur brjálæði næst og yrði ekki til lækningar á verðbólgunni, ef enginn yrði öðrum höfði hærri og engum leyfðist að safna fjármunum til að geta stofnað til atvinnurekstrar og geta tekið menn í þjónustu sína, en allir yrðu launaþrælar ríkisins og einhvers landssölubákns. Það skipulag yrði ekki betra en það, sem nú er, þótt því sé ábótavant. Ef dýrtíðin á að haldast við þannig, að aldrei sé gripið til neinna ráðstafana nema þeirra, sem ekki koma nálægt neinum manni eða stétt, og að allar aðferðir séu óhæfar af því, að þær snerta hagsmuni þessarar stéttar eða hinnar, þá er ég hræddur um, að langt sé í land til lækningar á því ófremdarástandi, sem við eigum nú við að búa.

Hann sagði, hv. þm., að það væri ekki hægt að halda svona áfram, og verð ég að taka undir það með honum, að það er ekki hægt að rísa upp við hvað sem gert er og dæma það hringavitleysu, af því að það kemur við vasa þessarar stéttar eða hinnar, sem þessi eða hinn þm. stendur nálægt eða telur sig umbjóðanda fyrir.

Við vitum allir, að dýrtíðin er orðin það böl, sem ekki verður læknað nema almenningur skilji það og vilji ráða bót á því sjálfur. Það er fánýtt að tala um raunverulega bót fyrr en allir viðurkenna að þetta sé óhæft ástand, en fram að þessu hefur flokkur hv. þm. lagt sig fram um og lagt áherzlu á að telja launþegum eða verkamönnum trú um, að aldrei megi ganga á þeirra rétt. Hv. þm. veit, að það er ekki hægt að gera neinar ráðstafanir, sem eru meira en hálfverk, án þess að koma við buddu bæði launþega og annarra. Það er því málfærsla annars flokks, að allt sé hringavitleysa, ef það kemur við vasa einnar stéttar, en álíta skaðlaust, þó að önnur stétt sé afnumin. En ég vil líka benda á það, að allar þrengingar, sem þeirri stétt eru búnar, snerta líka allt það fólk, sem hún veitir atvinnu. Um daginn, þegar bannað var að hækka kaffið, ætluðu kaupmenn að loka verzlunum sínum og hætta að selja. Ég er ekki að segja þetta þeim til hróss, en bendi bara á, að þeim þótti svo nærri sér gengið. Það er fjarri því, að ég álíti þetta réttar aðfarir, en bendi á fyrirbærið.

Það er fjarri því, að verið sé að skora á verkalýðinn að fara að keppa að launahækkun, eins og hv. þm. sagði. En það hefur sjaldan verið unnið meira óþurftarverk en þegar gerðardómslögin frá 1942 voru drepin með skæruhernaði, sem skipulagður var af Sósfl. á sínum tíma, og eyðileggja með því þá ágætu reglu að setja mál yfirleitt í gerð. Ef það hefði ekki verið gert, væri sannarlega öðruvísi umhorfs nú í dýrtíðarmálunum.

Já, hv. þm. sagði, að það yrði að fara aðrar leiðir og gera aðrar ráðstafanir. Ég sagði við 2. umr. fjárl., að við þyrftum að jafna metin, hætta að gera kröfur hvor til annars og reyna að klifra niður dýrtíðarstigann. En hverju væri nú verkalýðurinn bættari, ef þetta frv. væri ekki samþ. og þá um leið engir peningar tiltækir til þess að greiða niður dýrtíðina næstu mánuði? Hverju væri hann bættari, þó að dýrtíðin yxi svo, að engin leið væri að halda uppi atvinnuvegum landsins nema af þeim fáu auðkýfingum, sem til eru? Ég ber ekki á móti því, að örfáir slíkir menn séu til. En við getum ekki byggt allan þjóðarbúskapinn á þeim mönnum, sem hafa grætt á stríðsárunum, auk þess sem erfitt yrði, jafnvel fyrir hv. 2. þm. Reykv., að ná þeim gróða. Nei, hér verður að reyna að þrauka við, halda í horfinu, þangað til við erum búnir að öðlast þann skilning, að allir eru reiðubúnir að fórna einhverju til þess að leiðrétta þessi mál, öðlast þann skilning, að menn fjúki ekki upp við fyrsta spor og segja: Nei, þetta er ótækt, þetta er til skaða fyrir þennan eða hinn.

Það er svo sem ekkert skemmtiverk eða neitt, sem maður ætlast til að fá hrós fyrir, að leggja til að hækka álögurnar á þjóðinni. En hjá þessu verður ekki komizt, nema Alþ. vilji færa útgjöld fjárl. niður, og er þó hvimleitt, þegar svo langt er liðið á þetta ár. En afstaða hv. 2. þm. Reykv. lýsir sér

bezt í því, að hann hefur viljað fara þveröfugt að. Hann hefur viljað hækka þau meir en nokkur annar þm. En hvað þýðir það? Það kallar á fé, það veit hv. þm. eins vel og ég, og miklu betur, og það vita allir.

Ég held því, að ekki verði hjá því komizt að gera annaðhvort, að samþ. þessar hækkanir, sem hér um ræðir, eða gera eitthvað annað, sem verkar eins vel, svo að vísitalan haldist niðri, en ég held, að erfitt verði að finna það svo, að gerlegt yrði og reyndist ekki fullerfitt að koma því í framkvæmd. En ég vildi stuðla að því með hv. 2. þm. Reykv. að finna hentugri leiðir á þann hátt, að ýmsir aðilar, t. d. stéttarsamtökin, beri ráð sín saman og fáist til að skilja það, að vaxandi dýrtíð er öllum til skaða, og fallast á leiðir, sem ofþyngdu ekki neinni stétt, en allir slökuðu til, verkalýðurinn og launþegar á launakröfum og framleiðendur á verðkröfum. Það er sú leið, sem færust verður út úr því ófremdarástandi, sem verið er að reyna að hamla gegn. Þetta frv. er einn þátturinn gegn því, að dýrtíðin vaxi mönnum yfir höfuð, og ekki fram borið til þess að ásækja neina stétt eða egna neina stétt til æsinga. Menn eru farnir að sjá það, að það er ekki alveg sama, hvað hluturinn kostar, ef menn hafa þetta margar krónur í kaup. Skilningur á verðbólgunni er að ryðja sér til rúms. Menn hafa of lengi litið á krónutöluna, en menn eru að skilja það, að vaxandi krónutala er lítils virði, ef henni fylgir vaxandi verð á nauðsynjum.

Nú er það svo, að í þessu frv. er ekki farið eins langt og flokksbróðir hv. þm. í hagfræðinganefndinni hefur lagt til. Flokkur hv. þm. stendur sig illa við að senda á vettvang einn af sínum lærðustu hagfræðingum og láta hann gera tillögur, og svo þegar ríkisstj. ber þetta fram, er það sá flokkurinn, sem leggst fastast á móti, enda veit ég, að svo vel gefinn maður og hv. 2. þm. Reykv. sér, að á þessu er nokkur brotalöm.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil segja hér örfá orð um þetta tekjuöflunarfrv., áður en það fer til n., og þá einnig í tilefni af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði í sínum ræðum.

Það hefur gengið mjög erfiðlega á þinginu að afgr. fjárl. Einnig þekkja allir, sem fylgzt hafa með málum, að það hlaut að fara svo, að erfiðlega gengi að ganga frá fjárl. og jafnvel óviðráðanlegt og eins og hér hefur áður verið tekið fram, meðal annars af hæstv. fjmrh. í sambandi við 2. umr. fjárl., að það væri í raun og veru ekki nema um 2 kosti að velja. Annar kosturinn var sá að gerbreyta þeirri löggjöf, sem sett var á síðasta sumri og hækkað hefur fjárl. um milljónatugi, og jafnframt að gera ráðstafanir til þess að lækka verðbólguna, og þannig með þessu tvennu móti var um gerbreytingu á þessari löggjöf að ræða, þ. e. lækkun á verðbólgunni til þess að fjárl. yrðu viðráðanleg án nýrrar tekjuöflunar. Um þessa leið hafa ekki orðið samtök í þinginu. En mér er óhætt að segja, að Framsfl. hefði viljað fara þessa leið, en um það fékkst ekki samkomulag.

Hin leiðin, sem þá lá næst að fara, var að afla tekna til viðhalds þeirri löggjöf, sem sett hafði verið, og til þess að stöðva dýrtíðina þannig, að dýrtíðin eða vísitalan hækkaði ekki frá því, sem hún var orðin. Það er þessi leið, sem valin hefur verið, af því að ekki fékkst samkomulag um hina leiðina.

Þriðja leiðin var að sjálfsögðu til, hún var að láta allt dankast um vísitöluna, en afleiðingarnar hefðu orðið þær, að vísitalan hefði komizt upp í 320 eða 330 stig. Framundan hefði þá ekki verið annað en að framleiðslan hefði stöðvazt, ef hún hefði þá ekki verið það áður, þrátt fyrir ríkisábyrgð frá Alþ. Og mér þykir líklegt, að ef núverandi stjórnarmyndun hefði ekki tekizt, þá hefði það orðið hlutskipti manna að fara þessa þriðju og verstu leið.

En miðleiðina erum við að reyna að þræða til þess að afla tekna til þess að standa undir löggjöf síðustu missira til viðbótar þeim styrkjum, sem áður voru á fjárl., og til þess að halda vísitölunni fastri. Hitt er svo augljóst mál og verður að undirstrika í hvert skipti, sem um þetta er fjallað, að þessi leið, að afla ríkissjóði tekna til þess að halda vísitölunni fastri og til þess að komast hjá alvarlegri ráðstöfunum. Og það ætti hverju mannsbarni að vera ljóst, þó að enn þá skorti samtök um að viðurkenna það, að það verður að gera miklu meiri breytingar á fyrri stefnu en nú hefur verið gert frá því, sem verið hefur. Og því fyrr sem breytingarnar eru gerðar, því betra.

Það þarf ekki annað en að líta á, hvað hér er að gerast, til þess að sjá, að þetta eru aðeins bráðabirgðaráðstafanir og grípa verður til annarra ráðstafana heldur fyrr en seinna. Og það má benda á, að sú tekjuöflun, sem núv. ríkisstj. beitir sér fyrir til þess að koma jafnvægi á fjárl. og festa vísitöluna til bráðabirgða, nemur hvorki meira né minna en 55 millj. kr. aðeins fyrir eitt ár, og það viðbótartekjur. Það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi. Og þessum 55 millj. kr. er reynt að ná til þess að halda ríkisrekstrinum gangandi eins og hann var þegar þessi ríkisstj. tók við, og til þess að geta haldið uppi þeirri löggjöf, sem búið var að setja þegar þessi ríkisstj. tók við, og til þess að halda niðri þeim dýrtíðarkúf, sem búið var að setja áður en stj. tók við. Og gert er ráð fyrir, að reksturshallinn verði á 3. hundrað millj. kr.

Ég ætla svo ekki að fara meira út í það hér, hvernig ástatt er í öðrum efnum en fjárlagaafgreiðslunni og afkomu ríkissjóðs.

Nú er búið að ráðstafa gersamlega öllum gjaldeyrisinneignum landsmanna og bankarnir hafa neyðzt til þess að stöðva verulega yfirfærslu, svo að nú má heita, að engin innflutningsleyfi séu gefin út nema fyrir matvælum og til þess nauðsynlegasta, til þess að framleiðslan stöðvist ekki. Og þegar litið er á peningamarkaðinn og hvernig útlitið er með fjáröflun til framkvæmda, þá er það ekki gott.

Þetta sýnir allt, að þetta eru bráðabirgðaráðstafanir til þess að koma í veg fyrir enn þá stórkostlegri öfugþróun en þá, sem þegar hefur orðið, ef þess væri kostur.

Og ástæðan til þess, að Framsfl. hefur tekið þátt í þessari ríkisstj., er ekki sú, að stefna stj. í þessu máli sé fullnægjandi, heldur vegna þess, að hann að yfirveguðu ráði komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri það skásta, sem hægt væri að gera, og í það minnsta væri gerandi tilraun til þess með þátttöku í ríkisstj., að ríkisstj. kæmi í veg fyrir frekari öfugþróun en hafði átt sér stað.

Um leiðir, sem valdar eru til tekjuöflunar, þá er það að segja, að þær bera vott um það, að þar er um leiðir að ræða, sem enginn flokkur, sem að ríkisstj. stendur hefur ráðið einn um. Það eru þrír flokkar, sem standa að stj., og ég get sagt fyrir hönd

Framsfl., sem hver ráðh. getur líklega sagt fyrir sinn flokk, að ef hann einn hefði ráðið, þá hefðu þessar till. ekki komið svona fyrir. Það hefðu þá verið lagðar fyrir kannske ekki eins till., en ýmsar aðrar till. En ég skal ekki fara út í það, heldur það, sem hv. 2. þm. Reykv. kom með í sinni ræðu.

Hv. þm. dvaldi mjög við það, að þessum till., sem í frv. felast, væri beint gegn alþýðu manna í landinu og til hefðu verið aðrar og heppilegri leiðir til þess að afla þeirra tekna, sem ætlað er að afla með þessu frv., þ. e. að taka fjármunina frá þeim, sem betur gætu borgað. Út frá þessu og því, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um verzlun, vil ég segja frá mínu sjónarmiði þetta: Hér liggur fyrir frv. um fjárhagsráð. Það er ætlazt til þess, að þetta nýja ráð taki að sér eins konar yfirstjórn í viðskipta- og verzlunarmálum og yfirstjórn á verðlagseftirliti. Og ég hef skilið stjórnarsáttmálann þannig, að með komu fjárhagsráðs ætti að verða stefnubreyting í þeim efnum frá því, sem verið hefur, og má í þessu efni vísa til, að í stjórnarsáttmálanum er það orðað svo hvað verzlunarmálin snertir, að stuðla skuli að því, að vörur séu keyptar á sem haganlegastan hátt. Og ég skal ekki vefengja, að það geti ekki orðið eðlileg samkeppni í verzlunarmálunum og af því geti leitt betri verzlun fyrir menn en verið hefur áður og að menn muni njóta þess í framkvæmdinni. Og af þessu leiði svo aftur það, að ef þetta rættist, mundi ekki verða um jafnmikinn gróða verzlunarinnar að ræða og nú hefur verið undanfarið. Og ef þetta rættist, mundi þetta líka verða svo, að verulegur hluti af þeim aukatollum, sem nú eru lagðir á, þyrfti ekki að koma fram sem hækkað verðlag til neytenda og verzlunin gæti því batnað fyrir framkvæmdir fjárhagsráðs frá því, sem verið hefur, þá er nokkuð unnið.

Þegar þess vegna deilt er um þessar leiðir, sem nú er verið að fara, þá verður að dæma eftir þeim sjónarmiðum, sem skapast með frv. um fjárhagsráð, ef það verður að l., og það, sem liggur fyrir í stjórnarsáttmálanum í sambandi við þetta frv.

Viðvíkjandi því, sem snertir tekjuskattinn, er þess að gæta — og ég hygg, að flestir séu sammála um það, — að tekjuskattstiginn, þegar útsvörin koma til viðbótar, sé nokkurn veginn eins hár og mögulegt er að setja hann og það þyrfti að breyta og bæta framkvæmd skattal. hvað snertir beinu skattana til þess að tryggja þessar tekjuöflunarleiðir, frekar en að hækka skattstigann. Og ég hygg, að þessi skoðun sé alveg rétt. Enda er það meiningin að láta endurskoða gildandi skattal., og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess og til þess að tryggja framkvæmd þeirra betur en verið hefur. Og þetta ber þá líka að hafa í huga þegar dæmt er um þessar leiðir, sem ríkisstj. stingur upp á til tekjuöflunar.

Þá er þriðja aðalleiðin, sem er tvímælalaust mjög skynsamleg leið. Og ég get sagt fyrir mitt leyti, að þó að gengið sé inn á þessa leið í frv., sem ríkisstj. leggur nú fram hér, taldi ég, að æskilegt hefði verið að fara lengra í því efni.

Ég vil benda hv. 2. þm. Reykv. á það, að eins og þessir tollar eru upp byggðir, verða þeir að mjög verulegu leyti skattar á eyðslu, og í því sambandi má nefna hækkun á aðflutningsgjöldum, sem mest kemur á vörur, sem menn geta verið án eða þeir kaupa, sem mest peningaráðin hafa. Og hér er um mestan verðtoll að ræða á þeim vörum, sem þeir veita sér, sem mest peningaráðin hafa, en eru ekki nauðsynlegar. Þetta kemur því að verulegu leyti sem skattur á eyðslu, enda þótt þetta komi einnig á hinar. Það mun líka varla vera hægt að hugsa sér að afla 50—60 millj. kr. viðbótartekna á einu einasta ári, og ekki einu sinni það án þess að það komi að einhverju leyti almennt yfir.

Ég held að það megi þess vegna segja, að meginstefnan í þessari tekjuöflunarleið stj. sé einmitt sú að skattleggja eyðslu, þótt hitt sé þá um leið rétt, að það er ekki hægt að kalla það allt óþarfa eyðslu. Og það er víst, að þetta kemur mjög mikið fram á þeim, sem veita sér meira en almennt gerist.

En vegna þess að hv. 2. þm. Reykv. — sem gerði það ekki sízt að verkum, að ég stóð upp — talaði svo mjög um nauðsyn þess að taka nú allan gróðann frá þeim ríku, sem er í raun og veru ákaflega skynsamlegt, og leggja á stóríbúðaskatt og þjóðnýta kvikmyndagróðann og fleira, sem hv. þm. tók fram, en þá get ég ekki stillt mig um að benda hv. 2. þm. Reykv. á það, að á meðan hans flokkur sat í ríkisstj. undanfarin rúmlega 2 ár, hefur aldrei verið meiri verzlunargróði en einmitt á þeim 2 árum, og aldrei hefur tekjuskipting á Íslandi verið ójafnari en á þessum 2 árum og aldrei hefur óhófseyðsla átt sér stað í sögu landsins eins og á þessum rúmum 2 árum, sem flokkur hv. 2. þm. Reykv. hefur verið í ríkisstj. Og hvernig var með stóríbúðaskattinn og skattinn á þá ríku og á þá miklu eyðslu? Slíkir skattar voru ekki nefndir þá. En í þess stað beitti hv. 2. þm. Reykv. og hans flokkur sér fyrir því, að lagður væri á skattur, sem nefndur var veltuskattur. Og það er öllum kunnugt, að hæstv. fyrrv. atvmrh. (ÁkJ) hafði vikið að því hvað eftir annað, að veltuskatturinn væri mjög líkleg tekjuöflunarleið og enginn nauðungarkostur að grípa til hans. Það var því búið að gefa í skyn, á hverju mætti vera von, ef hans flokkur tæki þátt í ríkisstj., en það var veltuskatturinn, og þarf ekki að lýsa honum nánar.

Þessi eru heilindin í afstöðu hv. 2. þm. Reykv. og hans flokks. Það vantaði ekki í sambandi við undirbúning fyrrv. ríkisstj., að þeir lýstu yfir og lofuðu að leggja skatt á bæði bióin og stóríbúðirnar og ef á þyrfti að halda, yrði farið inn á róttækari leiðir til þess að afla tekna frá þeim ríku. En hvað var gert í þessu efni? Ekki neitt. Og það hefur ekki heyrzt meira um það frá þeim flokki í þá átt. Þeir létu sér aðeins nægja að tala um það og lofa því, en sviku það svo.

Nú er hins vegar óhætt að koma, þegar þeir eru búnir að eiga mestan þátt í þessari eyðslu og hafa hlaupið frá þessu örþrotaástandi, sem blasir við, og hrópa að þeim mönnum, sem nú verða að glíma við að finna leiðir til þess að leysa úr því. Nú þykir þeim gott að standa utan við og segja, að það sé hægt að gera þetta eða hitt, sem tínt er til.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en ég vildi aðeins draga fram þessi atriði: Í fyrsta lagi, af hverju og hvað er farið fram á í ákvæðum þessa frv., sem hér liggur fyrir, og enn fremur benda á, að hér er um að ræða samkomulagsleiðir, en ekki þær leiðir, sem Framsfl. hefði farið, ef hann hefði ráðið einn. Og loks gat ég ekki stillt mig um að benda á þann tvískinnung, sem kemur fram hjá hv. 2. þm. Reykv. og hans flokki, að vera að tala um að skattleggja þá ríku, en leggja jafnframt á skatta eins og veltuskattinn, halda því svo fram, að þeir, sem

standa að þessu frv., séu með því að leggja þunga skatta og tollabyrðar á almenning.

Ég skal að endingu taka fram, — sem ég hygg, að hæstv. fjmrh. hafi tekið fram, — að samkomulag er um það í ríkisstj., að verja verði fé því, sem aflast með þessum tollum, til þess að hafa áhrif á visitöluhækkunina, er af þeirri hækkun leiðir, þar til aðrar leiðir eru upp teknar í dýrtíðarmálunum en nú hafa verið farnar og eru meir til frambúðar.

Sigfús Sigurhjartarson: Það er vissulega mikið gleðiefni, að nú skuli vera ljóst, hvaða leiðir hæstv. ríkisstj. virðist ætla að fara til þess að afla fjár til þess að efna þá yfirlýsingu sína að skila fjárl. í það minnsta hallalausum. Og það er enn fremur mikið ánægjuefni, þar sem svo má líta á, að með því að leggja fram þetta fjáraflafrv., þá hefur stj. gert mönnum ljóst, hvaða leið hún vilji fara í höfuðdráttum til þess að uppfylla þann stjórnarsamning, sem gerður var þegar hún brauzt til valda.

En ég verð að segja, að mér er það dálítið undrunarefni, að það hefur komið fram hjá 2 hæstv. ráðh., að þeir vilja, að því er virðist, koma ábyrgðinni af sér á þessu frv., af sínum breiðu herðum og yfir á annarra manna herðar. Þeir hafa sem sé staðhæft það þessir tveir hæstv. ráðh., að hér væri í einu og öllu farið eftir till. hinnar svo kölluðu hagfræðingan. Og þá hafa þeir ekki gleymt að geta þess, að einn maður í þeirri n. hafi verið fulltrúi Sósfl., og hefur mér næstum skilizt á hæstv. forsrh. og reyndar líka hæstv. fjmrh., að þessar till. mundi mega rekja fyrst og fremst til þessa fulltrúa Sósfl. og þá flokksins sem slíks. Og verður þá niðurstaðan eiginlega sú, eftir röksemdum hæstv. ráðh., að þetta frv. væri fengið að láni hjá Sósfl. Mér þykir ástæða til þess að ræða þessar röksemdir nánar.

Fyrst og fremst vildi ég benda á, að hagfræðingaálitið svo kallaða er álit fjögurra manna úr 4 mismunandi stjórnmálafl., sem fengu það verkefni að athuga möguleika á því, hvort hægt væri að koma saman till., sem gæti orðið grundvöllur að 4 flokka ríkisstj. Og það er svo, eins og hæstv. ráðh. tók fram áðan, að sú stefna, sem kemur fram í frv., er ekki stefna eins flokks út af fyrir sig, heldur árangur af samstarfi 3 flokka, en þá er hagfræðingaálitið líka vissulega árangur fjögurra hagfræðinga úr 4 ólíkum stjórnmálaflokkum, en ekki skoðun eins flokks, eins og greinilega er tekið fram í formála ritsins. En látum þetta allt vera gott og blessað, segjum, að þessi staðreynd væri staðfest af ríkisstj. En þá kemur í ljós, að þessi staðhæfing ríkisstj. um það, að frv. sé byggt á till. hagfræðingan., er miklu meira en vafasöm. Hvað er það, sem hagfræðingarnir leggja til í sinu áliti varðandi hækkun innflutningstolla? Og á hvern leggja þeir til, að þessir tollar séu lagðir? Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér nokkur orð, sem skýra málið að nokkru.

Það, sem hagfræðingarnir komu sér saman um í sínu áliti og það, sem þessir fjórir hagfræðingar komu sér saman um að leggja til, var að draga úr gjaldeyrisnotkun, og þeir vilja leggja tolla á vissa vöruflokka til þess að draga úr gjaldeyriseyðslu. Og það kemur greinilega fram, að það er verið af þeim að undanskilja tolli þá vöruflokkana, sem nauðsynlegastir eru til lífsframfæris þjóðarinnar og til þess að standa undir eðlilegri þróun atvinnulífsins. Og hagfræðingarnir telja upp vörur, sem undanþegnar ættu að vera tollahækkuninni, svo sem „tæki og vörur, sem notaðar eru til uppbyggingar á framleiðsluatvinnuvegunum“ (bls. 67 í álitinu). Engar slíkar undanþágur eru í þessu frv. hæstv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir. Tollhækkun ríkisstj. kemur á öll slík tæki og allar slíkar vörur, sem til landsins eru fluttar. Það er þess vegna svo fjarri því, að ríkisstj. sé þarna að byggja á till. hagfræðinganna fjögurra, sem skipaðir voru í þessa n., því að hún sleppir hinu fyrsta og stærsta atriði í þessari upptalningu á því, hvaða vörur skuli að till. hagfræðinganna undanþiggja tollhækkun. Í öðru lagi segja hagfræðingarnir, að undanþegnar tollhækkun ættu að vera „allar þýðingarmeiri rekstrarvörur til sjávarútvegs og landbúnaðar.“ Þessu er að nokkru leyti fylgt í frv., því að þar eru ýmsar vörur til sjávarútvegsins undanþegnar, svo sem salt og kol og olía. En engin undanþága er þar gerð vegna landbúnaðarins. Svo að að þessu leyti er till. hagfræðinganefndarinnar heldur ekki fylgt. Í þriðja lagi vilja hagfræðingarnir undanþiggja byggingarefni tolli, sem er ákaflega stór og þýðingarmikill flokkur af innflutningsvörum þjóðarinnar og mjög þýðingarmikið fyrir þjóðina, að fáist keyptur við hagkvæmu verði. En þessar vörur eru ekki undanþegnar tolli eftir frv. ríkisstj. Loks er síðasti liðurinn, sem hagfræðingarnir vilja láta undanþiggja tolli, kornvara, kaffi, sykur og e. t. v. nokkrar aðrar nauðsynjavörur. Niðurstaðan er þá sú, að í því frv., sem tveir hæstv. ráðh. leyfa sér að halda fram, að byggt sé á till. hagfræðinganefndarinnar, er tekið tillit til eins liðar af fjórum, sem hagfræðingarnir telja, að beri að undanskilja frá hækkun á tolli, og að nokkru leyti tillit til annars liðar. Það er tekið tillit til 4. liðarins og að vísu nokkuð til 2. liðarins. Þegar svo athugað er nánar, hvað hagfræðingarnir leggja til, þá sýnist þeim rétt að tvöfalda tolla á vörum, sem yfirleitt rétt þykir að taka tolla af. Hér í frv. er lagt til, að vörumagnstollurinn verði innheimtur með 200% álagi og verðtollurinn verði hækkaður um 65%. — Loks segja hagfræðingarnir: „Ekki er hægt að gera sér neina hugmynd um tekjuaukningu ríkissjóðs vegna tollahækkunarinnar, m. a. vegna þess, að hún mundi hafa í för með sér ófyrirsjáanlegan samdrátt á innflutningsmagninu.“ Hins vegar getur hæstv. ríkisstj. mjög ljóslega gert sér grein fyrir því, hvað muni leiða af hennar hækkun, sem sé, að árshækkun á tollinum mundi nema um það bil 42 millj. kr.

Ég undirstrika það, að það, sem hagfræðingarnir leggja til annars vegar, og það, sem hæstv. ríkisstj. leggur til í þessu frv., er alveg sitt hvað. Hagfræðingarnir leggja til að hækka tolla á vissum vöruflokkum, sem ekki teljast til brýnustu nauðsynja atvinnulífsins né til hinna brýnustu lífsnauðsynja, til þess að draga úr innflutningnum, en ekki fyrst og fremst til þess að auka tekjur ríkissjóðs. Og þeir vita, hvað skapast vegna minnkaðs innflutnings og hvað vinnst með hækkandi tollum. Og þjóðarbúið telja þeir betur statt vegna þessa hemils á gjaldeyrisnotkuninni. En það er ekki þetta, sem ríkisstj. fer fram á, heldur blátt áfram að leggja 42 millj. kr. tolla ofan á aðra tolla á innflutning, sem nemur á fjórða hundrað millj. kr. Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta. En mér finnst það ákaflega táknrænt, að ríkisstj.

skuli velja sér þessa bardagaaðferð til þess að verja frv. sitt, að hún segir, að þetta séu tillögur hagfræðinganna gagnvart þessum tekjuöflunarmálum, sem snerta atvinnulífið, þar sem hafi verið einn af beztu mönnum Sósfl. og megi því líta á þetta frv. sem till. sósíalista. En álit hagfræðinganna er samkomulag fjögurra manna með ólíkar skoðanir, og till. ríkisstj. og till. hagfræðinganna eru sitt hvað, því að stj. hefur algerlega láðst að fella niður tollhækkunina á þeim vörum, sem hagfræðingarnir töldu í fyrsta flokki þeirra vara, sem þeir vildu ekki láta hana koma niður á, og stj. hefur að verulegu leyti láðst að taka tillit til tillagna þeirrar n. varðandi annan flokkinn og algerlega láðst að taka tillit til álits þeirra um þriðja flokkinn, sem þeir til taka. Tilgangur hagfræðinganna er og fyrst og fremst sá að setja hemil á gjaldeyrisnotkun þjóðarinnar.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að hæstv. fjmrh. Hann dregur ekki dul á það, að með þessari tekjuöflunarleið sé verið að velta byrðum á herðar alls almennings í landinu. En hann segir jafnframt blátt áfram þetta: Vilja ekki hv. þm. athuga, hvernig ástandið er í Englandi o. fl. o. fl. löndum? Jú, vissulega, hæstv. fjmrh. Það er erfitt ástand í Englandi. Það er enn erfiðara í Þýzkalandi. Það er yfirleitt erfitt í öllum þeim löndum, þar sem styrjöldin geisaði og þar sem eyðileggingarmáttur nútímatækninnar kom verulega til greina. En hvers vegna á að bera okkar kjör saman við þetta? Það var okkar mikla lán, að við komumst að mjög verulegu leyti hjá hörmungum styrjaldarinnar. Við færðum að vísu verulegar fórnir. Við misstum mörg mannslíf, og kannske hlutfallslega jafnmörg og sumar ófriðarþjóðirnar. En húseignir og önnur slík verðmæti voru ekki eyðilögð hjá okkur eins og hjá ófriðarþjóðunum. En annað var það, sem stríðið færði þjóðinni, sem hún hafði ekki átt við að búa lengi, yfirdrifna atvinnu, mikinn erlendan gjaldeyri og mikinn fjárhagslegan hagnað. Og það er vissa fyrir því, að fyrst á þessum tímum varð það, að íslenzk alþýða, bæði til sjávar og sveita, fékk lífskjör, sem sambærileg eru við það, sem var hjá nágrannaþjóðum okkar þeim, sem lengst voru komnar á efnahagsþróunarbrautinni. Og hvers vegna skyldi okkar fyrsta viðvik eiga að vera nú að rýra kjör þessarar alþýðu og réttlæta það með því, að það sé slæmt ástand úti í Englandi og Þýzkalandi, þar sem stórar borgir og borgarhlutar voru lagðir í rústir og margháttuð vandræði steðjuðu að vegna ófriðarins? Ætli okkur væri ekki sæmra og eðlilegra að vera sammála um að segja: Hér skal allt gert, sem auðið er, til þess að halda við þeim lífskjörum, sem verkamaðurinn, sjómaðurinn og bóndinn hafa getað fengið nú á stríðsárunum, og ef einhvers staðar þarf að kreppa að, þá skal í síðasta lagi að því snúið að rýra þessi lífskjör? En það er, því miður, ekki þessi stefna, sem kemur fram í tekjuöflunarfrv. ríkisstj., sem ég skal koma nokkru nánar að síðar.

Þá segir hæstv. fjmrh., að það megi náttúrlega klifa hátt á því, að verzlunargróði sé mikill. Og svo bætir hæstv. fjmrh. við, að það sé nú ekki um mikið að ræða í því sambandi, því að löglega gróðanum séu sæmilega skorður settar með skattal. Það er svo, hæstv. fjmrh. Löglega gróðanum kunna að vera sæmilega skorður settar með skattal. En það mátti á þessum orðum hæstv. ráðh. heyra, að honum væri ljóst, að ekki væri allt sagt með því að tala um löglega gróðann. Þessi hæstv. ráðh. veit vel, eins og ég og reyndar hvert mannsbarn í þessu landi, að það er ekki fyrst og fremst hinn löglegi gróði verzlunarstéttarinnar, — og þá fyrst og fremst heildsalanna, — sem er stórfelldur, heldur er það hinn ólöglegi gróði. Og ef hæstv. fjmrh. vantar dæmi, skal ég nefna honum eitt. Það spurðist, rétt áður en hann komst til valda í þennan stól, að eitt firma í þessum bæ, S. Árnason & Co, var að því staðið að hafa gefið fyrirmæli til viðskiptavina sinna erlendis um það að láta ekki afslátt af vöruverði, sem félagið fékk, koma fram á réttum reikningi, heldur leggja hann inn á reikning fyrirtækisins erlendis. Allir vita, að þetta er margfalt brot á íslenzkum l., að hér var um að ræða brot á verðlagsákvæðum og einnig brot á gjaldeyrisl. og að stela gjaldeyri. Ég skal bæta því við, að ég veit vel, að þetta firma er ekki eitt um þennan leik. Hitt er staðreynd, að meginþorri íslenzkra heildsala hefur leikið þennan leik og leikur hann vafalaust enn og hefur þannig komið fyrir erlendis ólöglegum gróða, svo að milljónum kr. nemur. Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á þeirri staðreynd viðkomandi þessu firma, S. Árnason & Co, sem að þessu ólöglega atferli stóð, rétt áður en núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, að hæstv. fjmrh. er einn af aðilum í því firma. Ég vil ekki halda fram, að honum hafi verið persónulega kunnugt um þann pappír, sem þarna lá fyrir til sönnunar um sekt þessa firma. En hitt ætla ég þó, að nokkur skil hafi hann þó vitað á þeim rekstri, og það hafi því ekki verið alveg út í loftið sagt, þegar hann sagði það, sem ég vitnaði til, að gróði verzlunarstéttarinnar væri ekki aðeins löglegur, heldur einnig ólöglegur. — Ég get vissulega margt gott sagt um þennan hæstv. ráðh. En ég læt þó ekki hjá líða að benda á þessa staðreynd og benda á það, að það virðast firn og fádæmi, að maður sé hafinn upp í ráðherrastól tveim eða þrem dögum eftir að fyrirtæki, sem hann er eigandi í, er staðið að mjög svo freklegu broti á landslögum.

Í sambandi við þetta talaði svo hæstv. fjmrh. um það, að það sé einnig vert að gefa því nokkurn gaum, að ef snúizt væri að því ráði að taka verzlunina meira eða minna úr höndum þeirra aðila, sem nú hafa hana með höndum, og taka hana í hendur ríkisins, þá væri verið að svipta margar fjölskyldur atvinnu og koma þeim á vonarvöl, eins og hann orðaði það. Ég skil ekki, hvernig hæstv. ráðh. hugsar. Ég held, að það geti engum dulizt, að þjóðhagslega er bezt, að eins fáir starfi að því að afla vara til landsins og dreifa þeim innanlands eins og mögulegt er til þess, að hlutverkið sé rækt. Og þó að við komum á landsverzlun og þótt meira væri keypt inn í heildsölu í einu en nú er gert, þá er augljóst, að eftir sem áður þarf menn til þessara starfa. Hitt er ég sannfærður um, að það þarf færri menn og minni peninga og minna húsnæði til verzlunarinnar í heild með því að hafa landsverzlun en með því að láta heildsalana hafa með innflutninginn að gera eins og þeir nú gera og það með þeim hætti, sem ég hef nú að nokkru lýst. Og ég verð að segja, að mér finnst það nokkurt undrunarefni, að hæstv. fjmrh. skuli ekki geta verið mér samdóma um það, að ef fleira fólk vinnur að verzluninni en þarf til þess að flytja inn vör-

una og dreifa henni, þá er það fólk ómagar á þjóðarbúinu. Og ég tel, að rannsaka beri það til hlítar, hvort ekki megi draga þar saman og koma þar við verulegum sparnaði. En það var ekki þetta, sem hæstv. fjmrh. var inni á. Hann talaði um það fjálglega, að ekkert gaman væri til þess að vita, ef verzlunarstéttin ætti að verða launaþrælar hjá einhverju ríkisbákni. Það er nú svo. Það er munur að taka laun hjá S. Árnason & Co og öðrum slíkum fyrirtækjum, sem leggja fyrir á ólöglegan hátt gjaldeyri erlendis, eða taka laun hjá ríkisfyrirtæki. Ætli þeir séu ekki dálitlu minni þrælar, sem vinna hjá S. Árnason & Co.? Að heyra svona fleipur úr ráðherrastóli, það er furðulegt. Hér er vissulega ekki um það að ræða, að ég eða nokkur annar vilji leggja það til, að verzlunarfólkið sé launaþrælar. Það fólk á vissulega rétt á góðum og sómasamlegum launum, eins og hvert annað fólk, sem rækir vel störf sín. En það á hins vegar ekki rétt á því, að í þessa stétt flykkist fleira fólk en nauðsynlegt er til þjónustu fyrir þjóðfélagið.

Ég hafði þá ánægju að vera kvaddur á fund með kaupmönnum í vetur sem formaður í stjórn Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, þar sem kaupmenn fóru fram á það við mig, að ég færi fram á það við stjórn félagsins og beitti mér fyrir því, að við lokuðum búðum og hættum að höndla, ef þeir þyrftu að lækka álagningu á kaffi. Ég varð að segja þeim, að ég væri í stjórn félagsins sem þjónn félagsmanna og að það hlutverk, sem félagið hefði falið mér og stjórn félagsins fyrst og fremst, væri að halda vöruverði niðri og gera dreifingarkostnaðinn eins lítinn og auðið væri, og nú værum við þeirrar skoðunar, að við gætum lækkað álagningu á kaffi, og að við vildum því vinna með verðlagseftirlitinu að því að lækka kaffiverðið. Þetta sögðust kaupmenn skilja og létu sér lynda, og varð ekki meira af þeim viðræðum. En svo gerist ákaflega einkennilegur þáttur í málinu. Kaffið hafði sem sé fyrir þessa breyt. verið selt á kr. 2,10 pakkinn og eftir breyt. á að selja pakkann á kr. 2,20. Kaffið átti þannig að hækka, sem selt væri í pökkum, af því að hráefnið hafði hækkað. Þá sagði kaupmannastéttin: Við ætlum að berjast á móti þessu ákvæði Verðlagsráðs. Og þeir ætluðu að selja kaffipakkann á kr. 2,10, til þess að mótmæla því, að lækkuð yrði álagningin á kaffið. Þetta er táknrænt fyrir verzlunarstéttina, sem mér finnst hæstv. fjmrh. alveg sérstaklega vera fulltrúi fyrir. Þarna var hugsunin hjá kaupmönnunum þessi: Við ætlum að vera á móti því að lækka álagninguna, bara vegna þess, að gróðinn minnkar við það, en við erum ekki að hugsa um, hvort við getum það eða ekki. Og svo sanna þeir, að þeir hugsa svona, með því að selja vöruna á eftir við lægra verði en þeim er heimilt. Og ég býst við, að ef neytendur hér í Rvík hefðu ekki haft þessi samtök, þá hefði kaupmannastéttin komið því fram, að álagning á kaffið hefði ekki lækkað, heldur hefði gilt sama álagning, sem áður var. — Það getur komið til greina síðar að lækka álagninguna á fleiri vörutegundir. Og ég verð að segja það, að það kaupfélag, sem ég hef með að gera, og önnur kaupfélög landsins munu hafa samtök með verðlagseftirlitinu í þessum efnum, því að það er sama hlutverk hjá báðum aðilum, að gera dreifingarkostnaðinn sem minnstan.

Og þá er ég kominn að háa C-inu hjá hæstv. fjmrh. Hann sagði sem sé, að flokkur minn hefði komið því til leiðar, að launastéttirnar hefðu krafizt launahækkunar í tíma og ótíma og oftast í ótíma. Og hann bætti því við, að sjaldan hefði verið gert meira óhappaverk hér á landi en að fella gerðardómsl. með smáskæruhernaði. Og að sjálfsögðu mundi það þá vera óguðlegur og hættulegur flokkur, sem vann þetta hið mesta óhappaverk að fella gerðardómslögin! Hér þarf ekki frekar vitnanna við, því að hér sjá allir anda hinnar sáluðu þjóðstjórnar risinn upp af gröf sinni. Í sambandi við orð, sem féllu hér hjá öðrum hv. þm. um gerðardóminn í sambandi við annað mál, að hann hefði verið á þá leið, að deilumál launþeganna og vinnuveitendanna hefðu verið lögð undir ómildan dómstól, þá vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, minna á, hvað gerðardómurinn raunverulega var, með því að lesa upp ákvæði úr þeim l., sem hæstv. fjmrh. harmar nú mest. Í 3. gr. þessara l., frá 8. jan. 1942, segir svo: „Allar breytingar á kaupi, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum, sem greitt var eða gilti á árinu 1941, skal leggja undir úrskurð gerðardómsins. Í úrskurðum sínum skal gerðardómurinn fylgja þeirri meginreglu, að eigi má greiða hærra grunnkaup fyrir sams konar verk en greitt var á árinu 1941, en þó má úrskurða breytingar til samræmingar og lagfæringar, ef sérstaklega stendur á.“ Þetta var gerðardómurinn, bann við kauphækkunum. Þeir, sem gerðardóminn skipuðu, höfðu ákveðin fyrirmæli. Þeir áttu að halda kaupinu óbreyttu að kalla frá 1941. Gerðardómurinn var þrælalög. Hann svipti verkalýðinn samningsrétti. Hann upphóf gerða samninga, sem verkalýðsfélög höfðu gert, og hann svipti þau verkfallsrétti. Árið 1941 mun grunnkaup Dagsbrúnarmanna hafa verið kr. 1,45, og það er þá þetta óhappaverkið mikla, sem unnið hefur verið að dómi hæstv. ráðh., að Dagsbrúnarverkamenn munu hafa fengið hækkuð sín grunnlaun úr 1,45 upp í 2,65. Hið mikla óhappaverk er það, að síðan þá hafa verkamenn yfirleitt búið við betri lífskjör en nokkurn tíma áður. Hins vegar er rétt að taka það fram, að í gerðardómsl. voru engin ákvæði um það, hvernig snúizt skyldi við heildsölunum, því að þótt S. Árnason & Co. hafi verið bannað með l. að brjóta verðlagsákvæðin, þá hefur það fyrirtæki samt gert það, og slíkt hefur heildsalastéttin yfirleitt gert, og nú kemur þessi hæstv. ráðh. fram sem málsvari þessarar stéttar. Það vantaði ekki, að ríkisstj. gerði ráð fyrir því, er hún samdi um sína eigin tilveru, að snúizt skyldi að eignauppgerð. Það átti svo sem að koma við hjá þeim auðugu. En hvað líður eignauppgjörsfrv.? Ég veit, hvað er á ferðinni. Það er heildsalagróðinn, það er stj., þar sem hæstv. forsrh. er hlut hafi í stóru heildsölufyrirtæki, og af því að hann er ekki hér viðstaddur, þá skal ég ekki rekja það að sinni, hvernig hann varð hluthafi. Það er saga, sem svo margir þekkja — og það er ríkisstj., þar sem fjmrh. er heildsali og gengur beint í ráðherrastólinn daginn eftir að fyrirtæki hans er staðið að ólöglegri álagningu. Hér er verið að verja hagsmuni hans. Það er ekki sýndur neinn litur á því að leita að auðnum þar, sem hann er, en það eru gerðar ráðstafanir til að velta á herðar almennings í landinu 42 millj. kr., ef miðað er við ár, og að þetta sé meiningin, kemur að mínum dómi eins glögglega fram og hægt er í því mikla harma-

kveini hæstv. fjmrh., sem hann laust upp út af því, að laun Dagsbrúnarmanna skyldu hafa hækkað úr 1,45 upp í 2,65 síðan 1944. Það kom fram í því, að hann kallar það mesta óhappaverk, að gerðardómsl. var hrint á sínum tíma. Hæstv. ráðh. endaði ræðu sína á því að segja, að fram til þessa hefði ástandið í landinu verið þannig, að allir hefðu í raun og veru grætt, og það mjög mikið. Launþegar hefðu búið við betri lífskjör en áður, bændur hefðu efnazt, margir væru bjargálna og sumir efnaðir menn frá því að eiga ekkert og minna en ekkert. Nú er það rétt, að að því þarf að hverfa að stöðva dýrtíðina og stöðva hana raunverulega. Og hvað þarf að gera til þess? Liggur nokkuð það fyrir, sem sannar okkur, að lífskjör almennings þurfi að versna? Það liggur fyrir, að tæknin fer mjög vaxandi hjá þjóðinni. Það liggur fyrir, að afköst hvers manns munu geta aukizt stórlega og munu aukast á næstu tímum. Er það meðal annars fyrir starf hæstv. fjmrh., og skal ekkert úr því dregið, sem hann hefur vel unnið með starfi sínu sem form. nýbyggingarráðs. Það liggur einnig fyrir, að stórgróði hefur safnazt fyrir hjá vissum stéttum þjóðfélagsins, og það liggur fyrir, að vissar stéttir, og heildsalastéttin fyrst og fremst, hafa brotið landslög í stórum stíl til þess að koma erlendum gjaldeyri undan og þannig svikið þjóð sína. Er nú ekki líklegt, ef horfið yrði að því ráði að stöðva þennan straum fjármagnsins og fækka þar með afætustéttum þjóðfélagsins jafnhliða því, að tæknin eykst í landinu, að þá væri hægt að halda lífskjörunum hjá almenningi þeim sömu og verið hafa? Að sjálfsögðu þurftum við svo að hafa hyggna utanríkisþjónustu, sem vinnur dyggilega að því að afla markaða og leita samninga við erlend ríki, en á því ætla ég, að hafi orðið verulegur misbrestur hjá núv. ríkisstj.

Hæstv. menntmrh. hafði hér nokkur orð að segja. Hann kvað vera tvær leiðir fyrir hendi í hinu svo kallaða dýrtíðarmáli, og raunar þrjár. Og leiðirnar voru að hans dómi: Þessi, sem ríkisstjórnin hefur farið, nefnilega að borga dýrtíðina niður. Önnur leiðin var að láta allt reka á reiðanum og láta vísitöluna hækka, og svo loks sú leið að stöðva dýrtíðina raunverulega, og hæstv. ráðh. bar sig illa og sagði, að það væru þrír flokkar í ríkisstj. og þess vegna hefði orðið að fara millileiðina. En hvað er þessi millileið? Hér er verið að stöðva vöxt vísitölunnar með því að borga meira fé úr ríkissjóði, og ég veit ekki, hvaða lýsing er rétt á þessu tiltæki, ef ekki sú lýsing, sem hv. 2. þm. Reykv. gaf, að þetta væri hringavitleysa. Að leggja nýja og nýja skatta á þjóðina til þess að borga niður vísitöluna og láta svo hverja álagningu verða til þess að hækka vísitöluna raunverulega, — ef þetta er ekki hringavitleysa, þá veit ég ekki hvað hringavitleysa er. Hæstv. menntmrh. taldi ýmsar ráðstafanir ríkisstj., sem miðuðu að því að koma þessu í ögn betra horf, svo sem fjárhagsráð o. fl. o. fl. En hæstv. menntmrh. taldi, að það hefði verið æskilegt í þessu sambandi að skattleggja eyðsluna, og ég er alveg sammála honum um það, að það er æskilegt og rétt leið að skattleggja eyðsluna, og hann taldi stj. hér vera að fara inn á þessa leið. Jú, einhverjar af þeim vörum, sem tollar eru hækkaðir á, munu teljast til eyðslu, en byggingaefni og margar fleiri vörur, t. d. vörur til landbúnaðarins, það getur ekki talizt undir eyðslu.

En ég vil benda á annað frv. frá ríkisstj. sem hér er einnig fyrir Alþ., en það er frv. um benzín-, bíla- og gúmmískatt. Þar vænti ég, að hæstv. menntmrh. þykist vera að skattleggja eyðsluna, og það er gert þannig, að sami skatturinn skal yfir alla bíla ganga, vörubíla, fólksbíla, rútubíla, og yfirleitt er þar ekkert tillit tekið til þess, til hvers bílarnir eru notaðir. Hér er horfið frá því ráði að skattleggja í stórum stíl þá raunverulegu eyðslu, sem þarna er á ferðinni. En ég get sagt hæstv. ráðh. það, að í grannlandi okkar, Noregi, þar hefur verið horfið að því ráði að skattleggja eyðsluna í sambandi við bíla. Þar er settur stór skattur á sérhvern lúxusbíl, að ég ætla ekki minni en 2000 kr. á ári á nýja bíla. Síðan lækkar skatturinn eftir því, sem bíllinn eldist. Hvernig væri nú fyrir hæstv. menntmrh. að athuga að breyta bílaskattinum í þetta horf og fara raunverulega að skattleggja eyðsluna?

Svo taldi hann upp nokkur atriði eyðslu, sem mætti skattleggja. Mér dettur í hug í sambandi við húsnæðismálin, hvort ekki væri hægt að skattleggja eyðsluna. Ég ætla að segja hv. þm. frá litlu dæmi, sem mér er ákaflega ríkt í huga og mér finnst glæsilegur vottur um það, að rétt væri að skattleggja eyðsluna. — Það var fyrir nokkru síðan, að ég kom hér inn í kjallara í bænum. Þar var fyrst gengið inn í húsið eins og gengur og gerist, og var þar lágt undir loft, og er ekkert sérstakt við því að segja. Þegar inn var komið, var þarna þiljað innan með panel. Á einum stað gat að líta hurð úr sams konar efni, sem féll inn í vegginn, svo að aðgæzlu þurfti til að sjá, að þarna væri hurð, en slíkur umbúnaður mun hafa verið hafður í fjárhúsum í sveitum í gamla daga. Ég hafði hugmynd um, að þarna væri mannabústaður, svo að ég ráeddi að knýja á þessa panelhurð, sem var á stærð við skáphurð. Jú, það var anzað. Ég kom þarna inn. Þarna inni var eitt herbergi. Lofthæðin var slík, að ég gat gengið þar uppréttur, en ég er ekki hár. Gluggi var þarna grafinn í jörð, og betrekk, sem þar var á veggjum, hékk alveg niður vegna raka. Fyrir skömmu síðan bjuggu í þessu herbergi hjón með 3 börn, og þau elduðu í þvottahúsinu. Þessi hjón fóru burt og fluttu í bragga. Það er betri íbúð en kjallarinn, en þó er hann lekur, ekkert vatn og ekkert klósett er í honum, og svo er hann kaldur, að það verður að kynda daga og nætur, til þess að börnunum sé viðvært. En ekki skuluð þið halda, að íbúðin sé auð, það kom inn í hana ungur, einhleypur maður.

En nú víkur sögunni á annan vettvang. Sama dag leit ég inn í aðra íbúð, það var í nýju húsi. Sú íbúð var 165 fermetrar, 5 herbergi og eldhús. Þar var allt með ágætum útbúið og ánægjulegt, eins og er víðast í nýju húsunum. Í þessari íbúð bjuggu 4 manneskjur. Ekki harma ég það, að þessar manneskjur búa við svo góð kjör. Það er æskilegt, að sem flestir gætu gert það, en ég vildi benda hæstv. menntmrh. á það, að þarna er ástæða til að skattleggja eyðsluna, því að á meðan fjöldi manna býr í íbúðum eins og þeim, sem ég lýsti hið fyrra sinn, þá er okkur ekki leyfilegt að leggja okkur til svona eyðslu. Það er óumflýjanlegt að þrengja að þeim, sem rýmra búa, m. a. knýja þá til þess með sköttum á eyðsluna, svo að hægt sé að bæta

úr vandræðum þeirra, sem verst búa, með það fyrir augum að fá fjármagn til þess að byggja sómasamlegar íbúðir fyrir þá, sem búa illa. — Ég held, að hæstv. ríkisstj. væri nær að reyna að snúa sér að einhverjum svona úrræðum en að velta 42 millj. kr. ef miðað er við ár, yfir á herðar almennings með auknum tollum.

Hæstv. menntmrh. sagði, að minn flokkur hefði tekið þátt í ríkisstj. um tveggja ára skeið og engar slíkar ráðstafanir hefðu verið gerðar, sem ég hef nú nefnt. Þetta er rétt hjá hæstv. ráðh., þessar ráðstafanir voru ekki gerðar. En vafalaust gæti runnið upp eitthvert skilningsljós fyrir hæstv. ráðh. um það, að þetta hefði ekki verið gert af líkum ástæðum og hann talaði um áðan: Hann sagði, að stefna stj. og þetta frv. væri samkomulag þriggja flokka. Stefna fyrrv. stj. var líka samkomulag þriggja flokka. En einn er munur á því, sem þá gerðist, og því, sem nú gerist. Það voru þeir tímar í landinu þessi 2 ár, eins og ég lýsti áðan, að allir högnuðust og gátu hagnazt, hagur þjóðarbúsins var slíkur. Það hefur aldrei nokkur maður úr mínum flokki farið dult með þá skoðun sína, að hvenær sem breyt. yrði á þessu, þá yrði hver heiðarleg ríkisstj. að ganga inn á þær brautir — og þær brautir fyrst og fremst — að taka gróðann þar, sem hann er mestur, til þess að spyrna við vaxandi verðþenslu í landinu og koma því til leiðar að stöðva hana, eins og ber að gera. Og þessum hæstv. ráðh. er fullkunnugt um það, að það mun ekki standa á mínum flokki að gera samkomulag við hann eða annan aðila um það að snúast gegn verðþenslunni með þeim hætti að taka verzlunina úr höndum heildsalanna og með þeim hætti að skattleggja eyðsluna, eins og hann orðaði það. En hitt veit hann líka, að við höfum ekki verið til samstarfs við hann eða aðra um það að velta byrðunum yfir á herðar alls almennings í landinu, rýra lífskjör vinnandi manna, hvorki við sjó né í sveit. Og ég skal segja það við þennan hæstv. ráðh., að ég og minn flokkur er tilbúinn strax í dag til þess að gera við hann samkomulag um það að skattleggja eyðsluna og taka verzlunargróðann af heildsalastéttinni, og ég vona, að það standi þá ekki á honum. En kannske er honum kærara samstarfið við heildsalana, sem sitja við hans hlið, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.

Ég þarf svo ekki að fjölyrða meira um þetta. Ég hef í ræðu minni sýnt fram á það, í fyrsta lagi, að það eru falsrök, þegar ríkisstj. segist flytja þetta frv. í samræmi við álit hagfræðinganna. Það þarf ekki að taka það fram, að þó að þeir leggi til, að lagðir séu háir tollar á vissar vörutegundir, þá vilja þeir undanskilja mjög veigamikla vöruflokka, svo sem byggingarefni og vörur, sem notaðar eru í húsbyggingar, vörur til framleiðslu atvinnuveganna, svo sem landbúnaðar o. s. frv. Enn fremur hef ég sýnt fram á, að hér er tekinn upp í einu og öllu þráðurinn frá þjóðstjórnartímanum, ef marka má ræðu hæstv. fjmrh., sem ég hygg, að megi í alla staði taka mark á, því að ég hygg, að hann hafi gert grein fyrir stefnu stj., og þá er þessi þráður fyrir hendi. Kom það greinilega fram í orðum hans, þegar hann nefndi það óhappaverk, að gerðardómsl. voru rofin. Ég hef sýnt fram á það, að sú fjármálastefna, sem kemur fram í frv. þessarar stj., er öll við það miðuð að vernda hagsmuni stórgróðamannanna, en velta byrðunum yfir á bök alls almennings til þess að halda áfram þeirri hringavitleysu að borga niður vísitöluna úr ríkissjóði í stað þess að grípa til annarra skynsamlegri ráðstafana.

Ég vil svo að lokum segja það út af ummælum hæstv. menntmrh., að hvenær sem raunverulega verður vikið af þessari braut og farið að skattleggja gróðann og eyðsluna, þá skal ekki standa á mínum flokki til að standa að slíkum málum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég þykist vita, að hv. þm. sá, sem síðast settist niður, sé ánægður með það að hafa komið að þeim persónulegu meiðingum, sem hann hafði í fórum sínum, og hafi því viljað fá mig hingað til að hlusta á sig. Ég harma það ekkert, þó að hv. þm. fengi þetta tækifæri til að koma að einu af klámhöggum sínum, hann er þekktur að því að vinna hér klækiverk. Þar á meðal hefur hæstv. forseti d. orðið fyrir slíku, svo að ég er ekki svo mikill fyrir mér, að ég gæti vænzt þess að sleppa algerlega við innræti þessa hv. þm.

Þegar maður hlustar á þær fordæmingar á þessum tekjuöflunarleiðum, sem þessi hv. þm. hefur hér í frammi og heitstrengingar um það, hvað vitlaust sé að halda áfram að borga niður dýrtíðina, þá er það undarlegt, að þessi hv. þm. skuli hafa fylgt fyrrv. stj. allan þann tíma, sem hún sat, þar sem hún hafði sömu stefnuna hvað þetta snertir. Það getur verið, að hann hafi tölt á eftir henni með hnífinn í hendinni, en hann taldist ekki opinber andstæðingur þeirrar ríkisstj. eða þessarar aðferðar, sem þá var viðhöfð. Annars verður það sjálfsagt alltaf matsatriði, og fæst að minni hyggju seint niðurstaða á því, sem öllum þætti rétt, á hvern hátt eigi að berjast við dýrtíðina og verðbólguna. Ef einn stingur upp á þessu, þá fordæmir annar það. Þó að hver ríkisstj. eftir aðra hafi þrætt þessa leið, sem ég er ekki að lofa á neinn veg, þá er hún nú farin og hefur verið farin síðan utanþingsstjórnin tók við völdum hér. Sú stj., sem hv. þm. taldi sig fylgjandi, gerði þetta sama, og meðan ekki eru önnur úrræði fyrir hendi, þá virðist verða að koma í veg fyrir ofsalega hækkun á vísitölunni á þennan hátt. Ég man það, að á þeim tíma, sem utanþingsstj. sat að völdum, þá vitnaði þáv. fjmrh. í það, að stórþjóð eins og t. d. Bretar reyndu að vinna á móti dýrtíðinni á þennan hátt. Nú hef ég ekki lýst yfir, að þetta væri annað en bráðabirgða- og örþrifaráð, en þetta örþrifaráð hafa aðrir notað á undan þessari stj. Það er því ástæðulaust að hella úr skálum reiði sinnar, þó að hún grípi til þess, eins og yfir er lýst, til þess að forða bráðum vandræðum.

Og í tilefni af ummælum hv. 6. þm. Reykv. vildi ég segja, að hann talaði eins og vita mátti. Það er ekki von, að svoleiðis sakleysingja og honum, sem hvorki er á blettur né hrukka, né þeim, er þeir umgangast mest, — það er ekki von, að honum eða hans líkum líði vel í félagsskap eins og mínum. Það sæmir ekki prestlærðum manni eins og þessum hv. þm. að umgangast syndara, og ég get vorkennt honum að vera kenndur við svarta sauði eins og mig, og það hlýtur að vera áreynsla fyrir hans hvítu, hreinu sál að hafa mig svo nálægt sér. En af því að hann blandaði hér inn í umr. firma, sem ég á lítinn hlut í, en starfa þó ekki við, þá get ég sagt honum, að hann, eins og fleiri, leggst lágt,

þegar hann baknagar þetta firma fyrir hluti, sem vitað er, að framkvæmdir hafa verið af öðrum og liðnir af yfirvöldunum, er réttir menn hafa átt í hlut. Það er engin nýlunda að safna umboðslaunum þannig til að brúka þau til kaupa, og ef það væri svartasta syndin, þá væri líklega margt öðruvísi hjá okkur en það er. Hv. 6. þm. Reykv. má vel slá því á mig, sem hann hefur nú gert, ég ber það vel. Í fyrsta lagi hef ég ekki haft persónuleg afskipti af því fyrirtæki, sem hann nefndi og um er að ræða, og í öðru lagi get ég þess til samanburðar, að það atferli, sem hv. þm. var að víta, er ekki talið brot á lögum eða talið brjóta í bága við almennt velsæmi í öðrum löndum, en hér er gerður úlfaþytur út af því, ef eitthvert firma safnar saman umboðslaunum sínum erlendis, og talað er um það eins og það sé hið eina brot, sem til er.

Annars, varðandi ummæli hv. 6. þm. Reykv. um firmað S. Árnason & Co., þá er það svo, að í máli þess er enn þá enginn dómur fallinn, og það er heldur löðurmannlegt af hv. þm., þótt einhver sé settur undir rannsókn, að hlaupa upp með það hér á Alþ. eins og sökin væri sönnuð, og hefði hann vel getað beðið með slík ummæli, unz dómur er fallinn í málinu. Ég veit, að í þessu tilfelli er um mjög lága fjárhæð að ræða, sem útlendingur í þjónustu firmans átti að nokkru leyti, en fékk að hafa í banka á firmans nafni.

Þá kem ég að ummælum hv. 6. þm. Reykv. varðandi gróðann af svarta markaðinum. Hann áleit, að ríkið ætti að hagnýta sér þann gróða. En ef svartur markaður er ljótur verknaður af einstaklingum, vínsala og þess háttar á svörtum markaði, þá get ég ekki séð, að rétt sé af ríkinu að afla sér tekna þannig. Ég veit, að það eru ekki bara einstök tilfelli með svona hluti, þeir eru víða til í þjóðfélaginu, eða það, sem kalla má, að heyri undir ólöglegan gróða eða svartan markað. A. m. k. virðist almennur ótti við seðlainnköllun benda á, að það sé ekki aðeins ein stétt eða einn flokkur manna, sem hafi á samvizkunni að hafa eignazt það, sem ekki er löglega fram talið.

Hv. þm. var að lýsa eftir eignakönnuninni, hvað henni liði. Ég get frætt hann um, að það mál er í undirbúningi, og þó að það fylgi ekki hér með, er gert ráð fyrir, að það komi fram, en ekki er nauðsynlegt að láta bráðnauðsynlega tekjuöflun fyrir ríkið bíða eftir því. Hv. 6. þm. Reykv. er formaður í stóru kaupfélagi, sem engum dettur í hug að setja á bekk með venjulegum bröskurum, eins og hann kallar aðra verzlunarmenn, en ég þykist vita, að hann skilji, að þótt ekki væri nema af tæknilegum ástæðum, verður að hraða slíku máli gegnum þingið.

Heitið, sem þessi hv. þm. velur verzlunarstéttinni, er afætur. Það er orðið, sem hann notar, það eru mannréttinda- og samtakapostularnir, sem þannig tala. Ég þykist ekki vera neinn sérstakur talsmaður verzlunarstéttarinnar, en hún hefur verið nídd svo utan þings og innan, að ég álít komið út í öfgar, og ég er ekki viss um nema sumir níði hana vitandi vits í því skyni að villa um almenning með því að kenna heildsölunum og verzlunarstéttinni um allt, sem aflaga fer í verðlagsmálum. Það er svo fjarri því, að sú stétt eigi sök á dýrtíðinni öðrum fremur, að menn hljóta að segja slíkt í annarlegum tilgangi. Vel má vera, að hér vinni allt of margir að verzlunarstörfum, en það er atvinnufrelsi í landinu og ríkisvaldið selur réttindi til að verzla. Ég veit ekki betur en hver maður, sem hefur óflekkað mannorð, geti keypt verzlunarleyfi, og meðan ekki er hætt að selja slík réttindi og veita mönnum aðgang að þeirri starfsemi, þá standa þeir höllum fæti, sem fordæma það, hve margir séu í verzlunarstéttinni. Ég hef áður sagt það — og segi það enn, að dýrtíðarvandamálið verður ekki leyst nema með fórnum, sem allir taka þátt í. Í ýmsum tilfellum eru þær fórnir ekki raunverulegar (þó að við teljum, að svo sé), þegar um fleiri aðila er að ræða, því að ef báðir eða allir slaka til, þá fórnar enginn raunverulega neinu. Það er stefnan út úr vandræðaástandinu. Það verður að slaka til frá mörgum hliðum í senn til að komast á skynsamlegan grundvöll í atvinnumálunum.

Hv. þm. hneykslaðist mjög á því, að ég skyldi tala um launaþræla hjá ríkisbáknum. Það má e. t. v. segja það öðruvísi. Tökum t. d. vínverzlunina eða einhverja aðra ríkisstofnun. Er honum ekki kunnugt um, að menn hafa jafnvel staðið upp frá búum sínum og gerzt launamenn þar? Það vill gjarnan verða svo, að menn sækjast eftir að komast að slíkum stofnunum og fleygja meira að segja frá sér sjálfstæðri atvinnu í því skyni.

Varðandi ummæli mín um gerðardómslögin er það að segja, að ég talaði þar ekki fyrir aðra, en ég er ekki myrkfælinn við að játa, að ég álít heppilegra, að vinnudeilur séu leystar með gerð en skæruhernaði, eins og gert var á sínum tíma, sérstaklega af hálfu sósíalista. Ef gerð, og samkomulag byggt á henni, væri leiðarstjarna þjóðarinnar í deilumálum yfir höfuð, ekki neitt sérstaklega í vinnudeilum, heldur yfirleitt, og gert væri út um málin að yfirsýn beztu manna, þá værum við staddir betur á brautu nú en við erum í ýmsum málum, sem valda okkur vandkvæðum og torvelt er að ráða fram úr. Ég er því ekkert hræddur við það, þó að hv. þm. hendi á lofti, að ég aðhyllist gerðardóm, gerðin er einmitt rétti vegurinn á milli þess, er menn halda fram, er þeir deila.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara út í ræðu hv. 6. þm. Reykv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vildi mælast undan því að tala í d. svo fáskipaðri, og allir hæstv. ráðh. nema einn fjarstaddir. Þar sem ég mundi snúa máli mínu til hæstv. fjmrh., þá óska ég, að ræðutíma mínum verði frestað, þar til hæstv. ráðh. heiðrar d. með nærveru sinni. (**Forseti:** Ósk hv. þm. verður tekin til greina og dokað við um hríð, ef á þarf að halda, og reynt að ná sambandi við hæstv. fjmrh.) Það er aðeins stutt aths., sem ég vildi gera, einkanlega við ræðu hæstv. fjmrh.

Í frumræðu sinni sagði hæstv. ráðh., að með frv. þessu væri verið að framkvæma þýðingarmikið atriði í áliti hagfræðingan., þar sem hún legði til fyrst og fremst, að tollar yrðu hækkaðir mjög verulega. Ef ókunnugur maður hefði hlýtt á ræðu hæstv. fjmrh., þá hefði hann varla getað skilið hann öðruvísi en svo, að við hefðum fyrst og fremst bent á það sem úrræði, að tollar væru hækkaðir verulega. Hér er mjög málum blandað og hallað réttu máli, svo að ég sé mér ekki annað fært en að gera það fyrir n. hönd að leiðrétta þessi ummæli.

Álit hagfræðingan. greinist í tvo meginþætti, annars vegar að rannsaka ástandið á tilteknu sviði

fjármálanna og atvinnumála, sérstaklega gjaldeyrismálin og fjárfestingarmálin annars vegar, en hins vegar till. til úrbóta á þessum tveim sviðum.

Þær till., sem snerta gjaldeyris- og fjárfestingarmálin, eru margar, og það er skýrt tekið fram á fleiri stöðum en einum, að þessar till. verði að skoða í heild, en ekki megi líta á hverja einstaka nema í sambandi við aðrar. Þetta er skýrt tekið fram í formála álitsins, sem flestir hv. þdm. munu hafa lesið, þar sem álitinu mun hafa verið útbýtt í d. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa viðkomandi setningu úr formála álitsins. Hún hljóðar svo:

„Sérstaka áherzlu verður að leggja á það, að skoða verður tillögurnar sem eina heild, þ. e. a. s., líta verður á hvern einstakan lið tillagnanna í sambandi við alla aðra liði þeirra. T. d. má geta þess, að þær tillagnanna, sem leggja mundu einhverjar byrðar á hinar efnaminni stéttir, verður að skoða algerlega í ljósi þeirra tillagna annarra, sem gera ráð fyrir því, að þungar byrðar verði að leggja á herðar þeirra, sem breiðust hafa bökin fjárhagslega."

Þetta er svo skýrt af hálfu n., að óþarft er að árétta það. Þær till., sem við gerum ráð fyrir, að grípa yrði til, ef bæta ætti úr hinu mikla jafnvægisleysi, sem nú er í gjaldeyrismálunum, eru margar og margvíslegar. Við töldum, að ekki yrði hjá því komizt að leggja talsverðar byrðar á allar stéttir, og við gerðum okkur fulla grein fyrir, að nokkuð af þeim mundi koma við hag launastéttanna. En við gerðum líka till., sem mjög verulega mundu skerða hag eignastéttanna, ef framkvæmdar yrðu. Um tollahækkanirnar er það skýrt tekið fram, að n. mælir því aðeins með þeim, að um leið verði framkvæmdar aðrar till., sem snerta meira hag efnastéttanna í landinu. Það eru einkum þrjár till. okkar, sem segja má, að snerti hag launastéttanna. Við gerum ráð fyrir, að allsherjarsamningar verði um óbreytt grunnkaup, vísitalan ekki hærri en 300 og afurðaverð fest eins og það er nú. Við gerum ráð fyrir verulegri tollahækkun, ekki fyrst og fremst til að afla ríkissjóði tekna, heldur til að draga úr eftirspurninni eftir gjaldeyri. Þessar þrennar ráðstafanir má gera ráð fyrir, að komi verulega við pyngju launastéttanna, en eins og ég tók fram, verður að líta í sambandi við þær á till., sem fyrst og fremst snerta efnameiri stéttirnar. Þá eru einnig þarna fleiri till. nefndar: allsherjarstjórn á fjárfestingu, eignakönnun, sérstakur stighækkandi skattur á skattsvik, sérstakur skattur á alla eign, sem fer upp úr 70 þús. kr., skyldulán á allar eignir umfram 20 þús. kr. og stighækkandi skatt á verðhækkun fasteigna. Allt eru þetta aðgerðir, sem fyrst og fremst snerta hag efnameiri stétta þjóðfélagsins, og við teljum hinar ráðstafanirnar því aðeins réttlætismál, að slíkar ráðstafanir séu jafnframt gerðar. M. ö. o., á till. verður að líta sem heild, og ef viss atriði eru framkvæmd, en önnur ekki, þá er ekki hægt að gera n. ábyrga fyrir því eða telja, að hún sem heild standi þar á bak við. Þetta vildi ég taka fram f. h. n. allrar. Ég tel ósanngjarnt, ef n. sem heild er gerð ábyrg fyrir vissum hlutum till., þegar skýrt er tekið fram, að hún telji nauðsynlegt að líta á till. allar sem heild. Annað mál er það, hvort það sé meining hæstv. ríkisstj. að framkvæma svo mikinn hluta af till. okkar, að n. sem heild geti ekki haft við það að athuga, að tollhækkanirnar verði gerðar, en um það skal ég ekki fjölyrða að sinni. Hæstv. stj. hefur lagt frv. fram um ýmsar ráðstafanir, sem gera ráð fyrir að leggja byrðar fyrst og fremst á hinar efnaminni stéttir. Hún ætlar sér sérstaklega að stjórna fjárfestingunni, og það er von á frv. um eignakönnun samkv. yfirlýsingu hæstv. fjmrh., og er allt hið bezta um það að segja. Hins vegar er of snemmt að kveða upp dóm um það, hvort hæstv. ríkisstj. hyggst að framkvæma svo mikið af till. okkar, að hægt sé að segja, að farið sé eftir þeim till., sem við höfum gert. Það er m. ö. o. of snemmt að dæma um það, hvort hægt sé að segja, að þetta frv. sé liður í að framkvæma þær till., sem við í n. töldum æskilegar og réttmætar. Ef svo er, að svo mikið kemur fram í frumvarpsformi frá hæstv. ríkisstj., að hægt er að líta svo á, að verið sé að framkvæma till. n., þá geri ég ráð fyrir, að enginn okkar í n., ekki heldur fulltrúi Sósfl., geti haft nokkuð við tollhækkanirnar að athuga án þess að ganga frá sinni fyrri skoðun, en sem sagt, um þetta er enn of snemmt að segja, því að mikið af þeim stjfrv., sem væntanlega er von á, eru enn ókomin fram, og ég held, að allar deilur á þessu stigi málsins um það séu ekki tímabærar.

Þetta vil ég eingöngu segja viðvíkjandi hagfræðinganefndarálitinu, sem svo mjög hefur verið blandað inn í þessar umr., og leiðrétta að þessu leyti ummæli hæstv. fjmrh.

Annars var það annað atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem kom mér mjög á óvart og ég get ekki látið hjá líða að minnast á, og mér þykir mjög miður, að hæstv. ráðh. skuli enn hafa horfið úr d., en um það er ekki að sakast. Hæstv. ráðh. sagði, þegar hann var að svara hv. 6. þm. Reykv., sem hafði rætt nokkuð um mál S. Árnason & Co., þó að það snerti ekki þetta mál, þá svaraði hæstv. ráðh. því allrækilega og viðhafði við það tækifæri ummæli, sem mér komu mjög á óvart, og ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin eyrum, þegar ég heyrði þessi ummæli af munni hæstv. ráðh. Eins og hv. 6. þm. Reykv. gat um, hefur þetta fyrirtæki fyrir nokkru verið kært til sakadómara fyrir að hafa haldið eftir umboðslaunum og látið leggja á sérstakan banka í Bretlandi. Í svari sínu viðhafði hæstv. ráðh. þessi ummæli, sem ég skrifaði orðrétt upp eftir honum: „Það er engin nýlunda, að fyrirtæki leggi svona umboðslaun erlendis á banka til varðveizlu, og það hefur verið liðið, þegar réttir menn hafa átt í hlut." Mig rak í rogastanz að heyra þessi ummæli úr ráðherrastóli. Hæstv. ráðh. er kunnugt, að það hefur verið brot á landslögum um fjöldamörg ár, eða m. ö. o., það hefur verið skylt lögum samkvæmt, að allir, sem eignast erlendan gjaldeyri, skili honum til bankanna. Það hefur enginn heimild til að eiga erlendan gjaldeyri. Það er skýrt tekið fram í l., að skylt sé að skila umboðslaunum, sem íslenzk fyrirtæki fá. Þetta veit hæstv. ráðh. eða ætti að vita. Þess vegna þótti mér það stórfurðulegt, að hæstv. ráðh. skyldi viðhafa þau ummæli, að það væri engin nýlunda, að umboðslaun væru lögð inn á erlenda banka til varðveizlu og þetta væri liðið, þegar réttir aðilar ættu í hlut. Ég vil beina til hæstv. ráðh. þeirri fyrirspurn, þó að hann sé fjarverandi: Er honum kunnugt um einhver önnur dæmi en þetta, að fyrirtæki hafi lagt gjaldeyri inn á banka erlendis, og hvað meinar hæstv. ráðh., þegar hann segir, að það hafi verið liðið, þegar réttir menn hafi átt í hlut? Hverjir eru þessir réttu menn að dómi

hæstv. ráðh.? Þeir eru fleiri en ég, sem óska að fá þessu svarað. Ef hæstv. ráðh. er kunnugt um, að lögbrot hafi átt sér stað gegn jafnþýðingarmiklum l., þá er það ekki fyrst og fremst skylda hans að upplýsa það hér á þingi, heldur gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart dómstólunum og gefa þeim upplýsingar. Það kom mér á óvart að heyra frá þessu skýrt, en ég spyr eftir þessu, af því að ég átti sæti í viðskiptaráði, þegar það fjallaði um verðlagsmálin. Mér kom á óvart að heyra, og það meira að segja af munni hæstv. fjmrh. landsins, að það sé á allra vitorði, að brot á gjaldeyrisl. hafi verið liðin, þegar réttir menn hafi átt í hlut. Það er óhjákvæmilegt að vekja sérstaka athygli á þessu, og verður það kannske til þess, að aðrar ráðstafanir verða gerðar til að sannprófa, hvort þessi ummæli hafi við sérstök rök að styðjast, eða hvort þau séu sögð út í loftið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Mér kemur ekki á óvart, þó að ég verði fyrir persónulegum árásum í sambandi við þessar umr., því að ég hef orðið þess var og hef átt von á því úr þeirri átt, sem síðast var talað, að um þau fyrirtæki, sem ég hef verið riðinn við, væri ekki farið neinum móðurhöndum.

Ég ætla, að það sé nokkuð almenn skoðun, að viðskiptaráð, en þessi hv. þm. mun ekki vera meðlimur í því, hafi viðhaft nokkuð breytilegar aðferðir gagnvart verzlunarfyrirtækjum varðandi meðferð þeirra á því fé, sem þeim hefur áskotnazt sem umboðslaun. Hv. þm. tók sérstaklega mjög óstinnt upp, að ég hefði talað um, að það væri kannske eitthvað öðruvísi, ef réttir menn ættu í hlut. En ég held, að það sé nokkuð ákveðinn almannarómur, að framkoma viðskiptaráðs og kannske líka verðlagsráðs hafi í ýmsum atriðum verið sínu sinni hvern veg, eftir því hvernig þeim bauð við að horfa og hverjir í hlut áttu. Hann getur svo rakið þessi mál, hvernig sem honum lízt, en ég geri ráð fyrir, að hann eigi erfitt með að fá almenningsálitið með sér um það, að fullkomin óhlutdrægni hafi ríkt í ýmsum ráðstöfunum, sem gengu út frá þessari stofnun.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 6. þm. Reykv. Hann minntist á það, að mér þætti furðuleg gagnrýnin frá talsmönnum Sósfl. um þá tekjuöflun, sem hér er til umr., en hún er aðallega fólgin í að benda á, að hægt hefði verið að fá miklu meiri fjármuni en þá, sem hér ætti að draga saman, eftir öðrum leiðum en hér er stungið upp á. Mér er það ljóst, að hægt hefði verið að fara aðrar leiðir og að sumu leyti, sem mér hefðu verið geðfelldari en þær, sem hér er stungið upp á, en þetta er samningsmál. Sósfl. hefur nú haft valdaaðstöðu í tvö ár, sem hafa verið mestu góðæri, en samt hefur ekki bólað á neinum till. hjá honum í þá átt, sem hann telur rétta leið. Út af þessu sagði hv. 6. þm. Reykv., að hann gæti skilið, að menn yrðu að láta nokkuð af skoðun sinni, eins og hann orðaði það, í samningum, og sama væri til að dreifa nú hvað snerti ýmsa flokka og menn, sem að þessari stj. standa. En hitt bæri að athuga, að á þeim árum, sem þeir stjórnuðu, þá hefði verið hægt að leyfa sér að láta undan falla að skattleggja stórgróðaeyðslu. Þetta eru furðuleg rök. Það er furðulegt, að jafngreindur maður og hv. 6. þm. Reykv. skuli leyfa sér að bjóða mönnum upp á svona röksemdir eins og þá að skattleggja nú þá eyðslu, sem búið er að framkvæma undanfarin tvö ár. Hvernig ætlar hann sér að skattleggja hana? Hvernig ætlar hann sér að skattleggja þá fjármuni, sem menn undanfarin tvö ár eru búnir að eyða vegna þeirrar fjármálastefnu, sem hann og flokkur hans hafa haft og studd var af Sjálfstfl. og Alþfl.? Ætli það sé ekki nokkuð seint að iðrast eftir dauðann og hugsa sér, að nú væri hægt að skattleggja þessa eyðslu? Eins er með gróðann á þessum árum. Ætli það sé ekki óþægilegt að skattleggja gróða frá þessum árum, sem að verulegu leyti er búið að eyða? Það er kannske gott að segja nú, að það hafi ekki verið ástæða til að skattleggja þennan gróða þá. Og hvernig var afkoma ríkissjóðs eftir stjórnartíð þessara hv. þm.? Hafði ríkissjóður þá alls ekki þörf fyrir þetta fé, þannig að þess vegna hafi þá verið óhætt að láta undir höfuð leggjast að skattleggja gróðann? Nei, því er ekki til að dreifa, því að eftir þetta góðæristímabil í peningamálunum hefur ríkissjóður stórkostlegar skuldir að bera, í stað þess að hann hefði átt að eiga stórkostlega sjóði, ef á þessum málum hefði verið haldið með ráðdeild. Yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Landsbankanum nemur milljónatugum kr. um áramót s. l. Það er því ekki af því, að ekki hafi verið þörf að gera þetta áður, sem hv. sósíalistar uppgötva nú, þegar þeir eru komnir úr stjórnaraðstöðu, að það þurfi að skattleggja verzlunina, heldur er hitt það sanna, að þeir hafa ekki munað eftir að byrja á því.

Þá sagði hv. 6. þm. Reykv., að það væri sönnu næst, að það hefði aldrei staðið á þeim sósialistum, þegar hefði átt að berjast gegn verðþenslu á réttan hátt, sem mér skildist vera að taka gróða heildsalanna. Nú stóðu sósíalistar í miklum samningaumleitunum við aðra flokka í vetur, m. a. Sjálfstfl. og Alþfl., um það að mynda ráðuneyti undir forustu form. Sjálfstfl. Og ég hef fyrir satt og hygg, að því hafi ekki verið mótmælt, að sú stjórnarmyndun hafi ekki strandað á því, að Sósfl. hafi gert það að algeru skilyrði fyrir stjórnarsamvinnunni, að verzlunin yrði þjóðnýtt, þannig að þeir gætu ekki tekið þátt í stjórn, nema verzlunin væri þjóðnýtt og hún yrði tekin þeim tökum, sem hv. þm. þess flokks nú tala mikið um. Stjórnarmyndunin strandaði vitanlega á allt öðrum efnum en því. Það er því þýðingarlaust nú að reyna að láta líta svo út, að þeir hafi verið ófáanlegir til að taka þátt í ríkisstj. öðruvísi en með því móti, að verzlunin yrði þjóðnýtt og hagnaðurinn af henni notaður til dýrtíðarráðstafana. Þess vegna er þetta í raun og veru marklaust hjal af þeirra hendi. Reynslan sýnir, að Sósfl. hefur verið allra flokka tækifærissinnaðastur í afstöðu sinni til einstakra mála. Það er aðferð, sem þessir menn hafa, að rökræða um málin fram og aftur. En á undanförnum missirum hefur Sósfl. ekki lagt fram neinar till. um það að skattleggja stórgróðann umfram það, sem gert hefur verið, né till. um að þjóðnýta verzlunina. Og það er fyrst nú, þegar þessir menn eru utan við það að styðja stjórnina, að þeir muna eftir þessum efnum.

Annars er rétt að taka það fram, sem hefur verið undirstrikað hér áður, að þær till., sem hér liggja fyrir, eru ekki nema einn liður í þeim till.,

sem koma munu frá ríkisstj. varðandi skattamál og fjárhagsmál.

Ég stóð aðeins upp til þess að gera þessa stuttu aths. út af því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, en skal annars ekki lengja umr. umfram það.

Forseti (BG): Þess skal getið, að ef umr. um málið verður ekki lokið kl. 11, þá verður ræðutími takmarkaður.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Mér finnst, að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafi fallið í dálítið einkennilegan farveg hjá þeim, sem aðallega hafa talað á móti frv. Hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir, að þetta frv. sé eitt af þeim frv., sem fram munu koma af brýnni nauðsyn, en ekki, að það sé nein veruleg lausn á dýrtíðarmálinu, þó að það verði samþ.

Þar sem þessar umr. hafa mjög snúizt um verzlunarstéttina sem slíka, get ég ekki komizt hjá því að koma nokkru gerr að því, ef á að taka þessi ummæli á þann veg, sem þau hafa sögð verið. Vil ég aðeins með nokkrum orðum benda á, að ég tel ákveðið, að kaupsýslustéttin í þessu landi hafi innt mikið verk af höndum og fullkomlega sambærilegt við verk verzlunarstétta hverra annarra þjóða. Mér þykir það því koma einkennilega fyrir nú, þegar ófriðnum er lokið, að þá er, eins og oft er gert jafnvel við góðan verkamann, að við hann er sagt: Ja, nú hef ég ekki lengur not af þér, — þá er nú talað um þessa stétt rétt eins og einhverja óþarfa stétt í þjóðfélaginu. Allir muna, að í byrjun ófriðarins var það eitthvert allra alvarlegasta málefni allra þjóða, hvernig þær næðu nauðsynjavörum til lands síns. Þá var undir eins í stríðsbyrjun verzlunarstétt þessa lands boðin og búin til þess að leggja krafta sína fram og vann að því öll ófriðarárin, hvernig sem á stóð, að afla nauðsynja til landsins, m. a. með því að fara í hættusöm ferðalög, til þess að leysa þessa þjónustu af hendi, sem henni bar skylda til. — Enn fremur er það einkennilegt í sambandi við þetta, að það skuli vera sumum mönnum sérstakt kappsmál nú, árið 1947, að útrýma þeirri verzlunarstétt, sem eftir aldamótin síðustu náði fyrir alveg ákveðin átök flestum og beztum verzlunarsamböndum í hverju viðskiptalandi, eftir því sem bezt hentaði á hverjum tíma. Þetta er náttúrlega lífsins gangur, að maður sleppur ekki við vanþakklæti, og að margur hyggur auð í annars garði. Og svo er nú komið, að sumum mönnum finnst eiginlega ekkert ríkidæmi vera í þessu landi nema hjá einni stétt, engin stétt hafi eiginlega komizt vel af nema kaupsýslustéttin. En það merkilega skeður, að þessari stétt er þó skipt í tvo flokka, og þetta á aðeins að vera hjá heildsalastéttinni, þetta ríkidæmi. En ef við tökum heildsalana sem slíka, sem jöfnum höndum bjóða vörur sínar til kaupfélaga og neytendafélaga og til kaupmanna, þá finnst mér hér vera gerð tilraun til að rugla saman og villa mönnum sýn. Og mig furðar á því, að það skuli koma fram hjá reyndum þm., sem raun hefur borið vitni við umr. hér í dag. Það var sérstaklega ræða hv. 6. þm. Reykv., sem kom illa við mig í þessu efni, hvernig hann talaði um þessi mál. Það virtist ganga eins og rauður þráður gegnum ræður þessa hv. þm., og reyndar annarra hv. þm. Sósfl., sem hafa talað, að frv., sem hér liggur fyrir, sé ranglátt og þýðingarlaust, þar sem ekkert væri með því tekið af þeim ríku. Og það var eingöngu sett í samband við það, hvar ætti að grafa upp þá ríku í þjóðfélaginu. Það er eins og það sé einhver þjóðarógæfa, að til skuli vera enn bjargálna menn hér á þessu landi. En þetta er svo sem engin ný bóla hjá þessum hv. þm., 6. þm. Reykv., eða þm. sósíalista yfirleitt. Viðkvæðið er alltaf hið sama: Það þarf að taka af þeim ríku. (SigfS: Þetta er alveg hárrétt). En það hefur allt of mikið verið farið eftir þessum orðum, og vil ég færa þeim orðum mínum stað. Skattálögur eru nú þegar orðnar allt of miklar. Og í þessu sambandi vil ég spyrja hv. sósíalista: Hvað eru ríkir menn? Er sjómaðurinn ríkur, sem minnzt var á hér í ræðu í dag, að teldi þýðingarlaust að vinna stöðugt allt árið, vegna þess að allt, sem hann mundi vinna sér inn fram yfir visst hámark, færi í skatta? Hvað þurfa menn að hafa í tekjur eða eiga til þess að teljast ríkir á máli hv. 6. þm. Reykv.? Hvar á að draga mörkin á milli ríkra og fátækra? Ég er alveg á öndverðum meiði við hv. þm. Sósfl. um skattálagninguna. Ég tel, að þegar hafi verið of langt gengið í skattálagningu. Skattstiginn á ekki að vera þannig úr garði gerður, að hann verki á menn þannig, að menn auki ekki tekjur sínar með því að nýta starfskraftana til fullnustu. Það álít ég vera mjög hættulegt, ef það ástand skapast. Og í raun og veru ber hæstv. Alþ. í náinni framtíð að taka skattal. til ýtarlegrar endurskoðunar með það fyrir augum að lækka skattálögur hjá landsmönnum til muna. Lækkaðar skattálögur mundu hafa víðtæk og mjög margvísleg áhrif á allt athafnalíf landsmanna. Og lækkandi álögur mundu verða sterkasti liðurinn til þess að tryggja nýsköpun þá, sem sósíalistar hafa lýst sig hingað til mjög fylgjandi. En með áróðri sínum um hækkaða skatta er hv. 6. þm. Reykv. að reyna að hindra eðlilega nýsköpun á sviði atvinnuveganna og þar með — svo að maður noti orð hv. 6. þm. Reykv. sjálfs — að stela brauðmolum úr munni íslenzkra barna. Mér fannst þetta orðalag ákaflega óþinglegt, og ég tek nærri mér að nota það. En af því að þessi reyndi og fágaði ræðumaður, eins og hv. 6. þm. Reykv. telur sig nú vera, gat notað þetta orðalag, þá hafði ég þetta gullkorn eftir honum. — Nei, það er ekki vináttunni eða hollustunni í garð nýsköpunarinnar fyrir að fara hjá þessum hv. þm. En þrátt fyrir það má sjá, hvert þeir ætla sér. Þeir ætla að þrautpína íslenzku þjóðina og atvinnulífið með auknum sköttum, þannig að íslenzkir atvinnurekendur séu ekki þess megnugir að halda uppi atvinnulífi í landinu. Þá vilja þeir koma helzt öllu í ríkisrekstur. En er það nokkur furða, þótt einstaklingsfyrirtæki séu ómegnug að halda uppi atvinnulífi í landinu, eftir síhækkaðar álögur ríkisvaldsins? Sósíalistar ætla að svíkjast aftan að atvinnulífinu í landinu og koma því á vonarvöl. En er þetta að berjast fyrir alþýðuna í landinu og hagsmunum almennings? Mér er spurn. Nei og aftur nei. Sósíalistar sýna með þessari framkomu sinni, hvern óvin íslenzkur almenningur í raun og veru á þar, sem þeir fara.

Nú mun einhver segja, að það sé eðlilegt, að þeir vilji útrýma öllum atvinnurekstri einstaklinga, slíkt sé í samræmi við stefnu þeirra, sósíalistanna. En þetta er í raun og veru engin afsökun, þar sem það mundi kosta íslenzku þjóðina neyð,

smán og þjáningu. Og leið þeirra til þess að koma sósíalismanum á er sú að koma atvinnulífinu í kaldakol.

Gífuryrði þeirra sósíalista um verzlunarstéttina eru nú hætt að hitta markið — ef gífuryrði þá yfirleitt nokkurn tíma hitta nokkurt mark. — Kommúnistar eru þannig gerðir, að þeir þurfa alltaf einhvern aðila, sem þeir reyna að skella allri skuld á — eins og aðferð nazista var í Þýzkalandi. — En hvers vegna á að prédika ofsókn ríkisvaldsins gegn heildsalastéttinni? Mér er spurn. Á ríkisvaldið að taka ákvörðunarvaldið af þjóðinni um það, hvar þjóðfélagsmeðlimirnir hafa sína verzlun? Nei. Ríkisvaldið á að setja almennar reglur, reglur um viðskiptalífið, þ. á m. um innflutningsverzlunina, og gefa öllum tækifæri til þess að reyna sig um að gera sem hagkvæmust innkaup. En það er von, að hv. þm. Sósfl. þori ekki að fara þessa leið, því að með því móti geta þeir aldrei hnekkt einstaklingsframtakinu. Það er ekki frjáls þróun, sem mundi koma sósíalismanum á, heldur valdboð ofan frá. Og þetta virðist sósíalistum fullkomlega vera ljóst.

Mér hefði ekki dottið í hug að fara að ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir, á þessum grundvelli, ef öll ræða hv. 6. þm. Reykv. hefði ekki gengið út á ofsókn og rógburð um heila stétt hér í þessu landi og ummæli, sem óhugnanlegt hefur verið að heyra í þingræðu, þessar margupptuggnu svívirðingar um verzlunarstéttina í þessu landi sem heild. Og ég vil í eitt skipti fyrir öll mótmæla því, vegna þess að ég hef talið mig hafa lagt áherzlu á, síðan ég fór að starfa hér á þessari samkomu, að starfa heldur að því að sameina kraftana. Og mér er engin launung á því, að ég var einn af þeim mönnum, sem vildu, að allir flokkar sameinuðust um átökin til að leysa vandamálin í þjóðfélaginu. Ég hef lýst því enn fremur hér yfir áður í þinginu, að ég tel enga raunverulega bót ráðna á vandamálunum nema með því að lækka dýrtíðina í landinu. Hvort við ættum að stíga skrefið það langt að færa hana niður um helming, skal ég ekki segja. Það er hagfræðinganna að segja til um, hvort það eigi að gera, en að líkindum mundi það vera nauðsynlegt, til þess að við stæðum jafnhliða erlendum þjóðum um að keppa um markaði fyrir okkar framleiðsluvörur. Hvort við ættum að stíga þetta skref í einu eða taka það stig af stigi, skal ég ekki heldur um segja. Ég hef líka tekið fram, að það stendur ekki á verzlunarstéttinni um að færa sínar fórnir í þessu efni. En það er engin sérstök stétt í landinu, sem fær sé um að leysa þetta ein út af fyrir sig. En það hefur verið von mín, að allir flokkar þingsins litu svo á atvinnulífið, að við værum lánsmenn, ef við gætum leyst þetta vandamál fyrir atvinnulífið í landinu. Það er engin lækning gagnvart framleiðslunni að ráðast gegn verzlunarstéttinni sem slíkri, sem í öðrum löndum er jafnan talin ein af þremur þýðingarmestu stéttum þjóðfélagsins. En þær stéttir, sem reka atvinnugreinar, sem taldar eru öruggastar til að veita tekjuliði bæði til bæja og ríkis, eru þær þrjár stéttir, sem stunda verzlun, iðnað og siglingar. Það væri mín heitasta ósk, að við gætum verið þeir lánsmenn að geta tekið hér höndum saman til þess að geta farið að feta niður dýrtíðarstigann aftur.

Hv. 2. þm. Reykv. vitnaði í frv. og skýrslugerð, sem prentuð er á þskj. 376, sem er frv. um skipun innflutningsmála, flutt af hv. 4. þm. Reykv., prófessor Gylfa Þ. Gíslasyni. Mér fannst hv. 2. þm. Reykv. reikna nokkuð bókstaflega hér eftir þessum tölum í þessari skýrslu. Og mér fannst það í raun og veru alveg óþarfi, vegna þess að aftan á þessu þskj. standa „skýringar verðlagseftirlitsins við skýrsluna.“ Ég vil benda á það, sem ég hef út á þessar tölur að setja, sem komu hér í dag fram svona bókstaflega. Ég tel það ákaflega skaðlegt, þegar reyndir menn kasta svona fram, menn, sem ætlazt er til um, að orð þeirra séu tekin alveg bókstaflega. Hér er t. d. ekkert gert ráð fyrir rýrnun, sem getur verið ekki óverulegur þáttur. Þessa er ekki tekið tillit til í skýrslu hv. þm., þegar um það er að ræða, hvað álagning geti orðið mest. En það er áreiðanlegt, að ef þessi liður væri talinn hér með, mundi hann nema milljónum kr. á þeirri umsetningu, sem um er að ræða í skýrslunni. Í skýrslunni er einnig gengið út frá því t. d. um matvöru, að allt sé keypt af heildsölum og selt svo áfram með smásöluálagningu. Þetta er reginmisskilningur, vegna þess að mikill hluti af þessum kornvörum er alls ekki seldur í smásölu. Má benda t. d. á, að öll kornvara, sem flutt er til Rvíkur og fer í brauð og kex o. fl. þess háttar, er alls ekki seld í smásölu. Annað dæmi vil ég taka. Það er í sambandi við skófatnað. Gert er í skýrslunni ráð fyrir heildsöluálagningu á þær vörur og smásöluálagningu í ofanálag. Nú vitum við allir, sem hér erum, ef við viljum hugsa um það, að mjög mikið af skófatnaði er flutt inn af smásölunum sjálfum, og þar er því ekki um neina heildsöluálagningu að ræða, þótt skýrslan reikni með því. Hér eru aðeins tvö dæmi. Þá má benda á það, að um allflestar iðnaðarvörur, sem fluttar eru til landsins, er sama aðferð notuð við útreikninginn í skýrslunni. Þar er fyrst gert ráð fyrir heildsöluálagningu og síðan smásöluálagningu, enda þótt í sumum tilfellum sé um hvorugt að ræða. (**GÞG**: Þetta er misskilningur hjá hv. þm.) En villandi er, að þeir, sem ekki til þekkja, fái þessar lágu tölur, en ég veit, að hv. 4. þm. Reykv. er svo sanngjarn, að hann getur rætt málin í bróðerni. En það á ekki að telja nema það, sem rétt er, og í flestum tilfellum er um aðra álagningu að ræða en heildsöluálagningu. Í skýrslunni er gert ráð fyrir, að álagningin sé nægileg, en þeir, sem til þekkja, vita, að í mörgum tilfellum er ekki um slíkt að ræða, því að þegar stærri kaup eru gerð, þá er ekki um smásölu að ræða, en skýrslan tekur ekkert tillit til þess. Ég vil benda á, að í skýrslunni er gert ráð fyrir bæði heildsölu- og smásöluálagningu á byggingarefni, en til frekari skýringar vil ég taka það fram, því að mér er kunnugt um það, að þegar um stóra sölu er að ræða, kemur ekki til greina, að þessi álagning sé notuð að fullu, og er þá fremur um umboðssölu að ræða. Ég vildi skjóta þessu fram, vegna þess að hv. 2. þm. Reykv. lagði of mikið upp úr þessum tölum, og fannst mér því rétt að koma með þessa skýringu. En eins og ég tók fram í upphafi, þá er skýrslan í rauninni aðallega form og skema.

Og svo að lokum þetta til hv. 6. þm. Reykv., því að okkur þykir oft gaman að tala saman, og vil ég þá spyrja hann út af atriðinu um kaffið, hvort framkvæmdastjórinn í Kron telur þá álagningu nægilega. (**SigfS**: já). Mér þykir það ekki

sennilegt, en hv. stjórnarnefndarmaður veit sjálfsagt betur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi segja nokkur orð út af því, hvernig hv. 3. þm. Reykv. sagði, að við ætluðum að drepa atvinnuvegina. En er það að drepa atvinnuvegina að styðja sérstaklega sjávarútveginn og búa að þeirri atvinnugrein með svo hagkvæmum lánakjörum, að þeir, sem fá nýja báta, fá ⅔—¾ hluta af verðinu að láni? En þó að hv. 3. þm. Reykv. segði, að við vildum drepa atvinnuvegina, svo sem sjávarútveg og iðnað, þá hafa þessar atvinnugreinar blómgazt, enda þótt verzlunarstéttin hafi legið á þessum greinum sem á öðrum eins og mara, og má með tölum sýna fram á þetta, því að þegar sjávarútvegurinn tapaði 2 millj. kr., þá græddi verzlunarstéttin 5 millj. Það er auðvitað gott að efla framleiðslu atvinnuveganna, en það sem vantar, er það, að fjármagnið og vinnuaflið streymi þangað, og verður því að beina því inn á þá braut. Þess vegna verður núverandi ástand að hætta, ef sjávarútvegurinn á að geta lifað. Hér hafa talað þrír ráðh., og var hæstv. forsrh. heldur stuttorður. Hann reyndi að verja, að 35 millj. kr. álag væri lagt á alþýðu manna, með því að „citera" í hagfræðinganefndina. En hagfræðingarnir segja sjálfir í sínu áliti, með leyfi hæstv. forseta: „Að endingu skal það tekið fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að í álitinu koma fram skoðanir okkar sem einstaklinga, og bera stjórnmálaflokkarnir, sem tilnefndu okkur í nefndina, enga ábyrgð á því, sem þar er látið í ljós." Það er hart af hæstv. forsrh. að lesa upp úr þessu áliti og halda svo ræðu og segja, að einn hagfræðingur í n. túlki skoðun Sósfl. En það er einmitt skýrt tekið fram, að hann hefur starfað án ábyrgðar flokksins, og á það einnig við um hina hagfræðingana og hina flokkana. Og þar sem hagfræðingarnir hafa búizt við misnotkun á áliti sínu, hefur þeim þótt rétt að undirstrika þetta fyrir fram. Þegar svo hæstv. forsrh. er spurður um eignakönnunina, þá steinþegir hann og treystir sér ekki til að gefa neinar upplýsingar. Þetta er vægast sagt óheiðarleg málafærsla. Hæstv. forsrh. misnotar freklega álit þeirra manna, sem vinna vísindalega fyrir ríkið að lausn vandamálanna. Og svo að ég minnist á hagfræðingaálitið, þá segir í því á bls. 68 um tollahækkun: „Framkvæmd tollahækkunarinnar mundi að ýmsu leyti verða vandkvæðum bundin. Er gert ráð fyrir því, að tollahækkunin og eignakönnunin yrðu ákveðnar samtímis og komi síðarnefnda ráðstöfunin til framkvæmda strax eftir samþykkt laganna." Þetta varast hæstv. forsrh. að lesa um leið og hann les hinum megin á bls., til þess að falsa álitið.

Þá sagði hann, að við sósialistar hefðum komið fram með till., sem mundu hækka fjárl. um 20 millj. kr. En ég vil geta þess, að stærstu till. voru til að fullnægja l., sem búið er að samþykkja um byggingu sjúkrahúsa, skóla og íbúðarhúsa. Og ég skal standa við það, að svo framarlega sem þessar till. verða samþ., þá skuli lagðir fram liðir til tekjuöflunar á móti.

Þá var það hæstv. fjmrh. Hann sagði m. a., að slæmt ástand væri í löndunum í kringum okkur og þyrftum við ekki að kvarta. Ég vil benda þessum hæstv. ráðh. á, að það þýðir ekki fyrir auðmenn að hræða alþýðu hér með því, að alþýða úti um heim lifi við lág lífskjör, meðan ástandið er þannig hér, að öllum ætti að geta liðið vel. Við sósíalistar höfum lagt til við Sjálfstfl. að taka upp skömmtun á vörum og minna fólk á að lifa sparlega, en daufheyrzt var við þessu og ætti því hæstv. fjmrh. að tala við fyrirrennara sinn.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að raunhæfar till. vantaði, en ef gróði verzlunarstéttarinnar heldur áfram að aukast, munu margar fjölskyldur verða atvinnulausar. Nú hefur hæstv. ráðh. og ég starfað saman að sjávarútvegsmálum í samráði við fyrrv. ríkisstj., og við vitum að það er hægt að skapa þannig ástand, að þörf sé á öllum vinnukrafti Íslendinga. Við sýnum fram á, að hægt er að bæta 2000 manns á flotann, og mætti taka þann fjölda úr öðrum greinum, t. d. úr verzlunarstéttinni, og yrði þá vinna þeirra til meiri hagnaðar fyrir þjóðina. Það er því augljóst mál, að hér þarf ekki að vera atvinnuleysi. Hæstv. ráðh. veit, að hér ríkir ekkert atvinnufrelsi og allra sízt hjá verzlunarstéttinni, því að þar er nýjum mönnum bægt frá og þeim synjað um leyfi.

Þá talaði hann um það, að skattar væru svo háir, að varla væri hægt að hækka þá. En vitað er, að eins og nú háttar, þá svíkur fjöldi fyrirtækja til skatts og lifa margir lögfræðingar á því að falsa skattskýrslur, og er þá ekki önnur leið en að taka verzlunina sjálfa, enda er hitt miður heppilegt fyrir siðferði manna. Hér ríkir ekkert verzlunarfrelsi og getur ríkið tekið hvaða grein sem er í sínar hendur. Okkur þykir rétt, að bæir reki hafnir og rafstöðvar og ríkið póst og síma. Í Bandaríkjunum er þetta allt rekið af einkafyrirtækjum. Einnig þykir okkur rétt, að ríkið hafi einkasölu með tóbak og brennivín, en það er ekkert sjálfsagðara en að ríkið hefði t. d. bílasölu. Við getum jafnt tekið gróðann af bílaeinkasölu, án þess að brjóta meira í bága við verzlunarstéttina en með öðrum einkasölum, en samt yrði vafalaust kvartað, ef t. d. eitt firma ætti höfnina hér. Auðvitað væri eðlilegt, að ríkið tæki öll hin stærri athafnasvið að sér, og er þess ekki síst þörf þegar skattafyrirkomulagið er eins og það er, því að við náum ekki gróðanum með sköttum. Það hefur oft verið minnzt á skattamálin, en þó aldrei mátt snerta við þeim.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að við vildum eyða öllum gróða, en hitt má frekar segja, að við vildum styðja að því, að einhver gróði yrði hjá sjávarútveginum, en hins vegar höfum við barizt á móti gróða þar, sem alltaf er gróði og einokunaraðstaða. Allir vita, að gjaldeyris- og innflutningsleyfin ganga kaupum og sölum og að heildsalastéttin hefur selt landið á leigu. Ég verð að hryggja hæstv. fjmrh. með því, að það bezta fyrir þjóðfélagið væri, ef enginn einstakur aðili græddi. En viðvíkjandi því, að með þessu væri verið að eyðileggja einstaklingsframtakið, það þarf ekki nú í verzlunarmálunum, því að þar er ekkert svigrúm, heldur einokunaraðstaða. Það að gerast foringi er hægt á sviði sjávarútvegs og iðnaðar, en á öllu slíku er verzlunargróðinn eins og farg. Það er því tækifæri til að sýna einstaklingsframtakið í þeim atvinnugreinum, en ekki í verzluninni.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að við kipptum okkur upp við það, ef hróflað væri hið minnsta við verkamönnum, en nú þyrfti allra stétta við til að leysa vandann. En hvað kemur nú á verzlunarstéttina?

Í 6. gr. er sagt, að ekki skuli koma sérstök álagning á þessa tollhækkun, en við umr. í Ed. lýsti hv. frsm. fjhn. yfir því, að þetta væri vitleysa og fengi ekki staðizt. Verðlagsnefnd mundi ákveða álagninguna á hverjum tíma og gæti hún þá hækkað hana á öðrum sviðum. Nei, það er ekki hinn minnsti vandi að fara í kringum þetta. Þeir fá hér spesíalálagningu, og hvernig hefur þetta nú gengið til? Það var sagt frá því í blöðum út af viðtali við verðlagsstjórann, að lækkuð yrði álagning á ýmsum vöruflokkum. Ég hef nú ekki orðið var við, að það hafi verið framkvæmt enn sem komið er. Og hvers vegna hefur þetta tafizt svo lengi? Það er vegna hinnar skörpu mótstöðu kaupsýslustéttarinnar. Það væri vel, ef hæstv. fjmrh. upplýsti, hvernig gengið hefur að lækka álagninguna yfirleitt.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, að verkalýðurinn hefði orðið að bera meiri þunga í sambandi við þær till. til tekjuöflunar í ríkissjóð, sem við sósíalistar hefðum borið fram, og nefndi hann þar sem dæmi, að við hefðum mælt með álagi veltuskattsins. Hann sagði, að meginið af veltuskattinum hefði lagzt á samvinnufélögin. Ég skal ganga inn á það, að þessi skattur kom nokkuð við samvinnufélögin, en meginið lagðist þó á stóriðjuna og lagt var á veltu, sem búin var að vera, og sá skattur jók ekki dýrtíðina í landinu, þótt hann annars væri ekki alveg gallalaus. En með þessari tekjuöflunarleið fannst aðferð til þess að afla tekna á heppilegri hátt en nú er gert ráð fyrir, en Framsókn lagðist í mót þessari aðferð, en þessi flokkur vill nú ólmur hrifsa 30 millj. kr. af alþýðunni með tollum, og með því er öllum álögum svipt af heildsölunum og kippt yfir á launastéttirnar. Og nú ræður Framsfl. sér ekki yfir því að hafa nú til leiðar komið, að veltuskatturinn er afnuminn um leið og þeir bjóða upp á stóraukna tolla á herðar almenningi.

Hæstv. fjmrh. sagði, að við sósíalistar hefðum drepið gerðardómslögin. Ég er hissa á hæstv. ráðh. að mæla svo. Þjóðhagslega séð var það hin mesta gæfa, hve kaupið var spennt hátt, því að það knúði atvinnurekendur til þess að ráðast í aukna tækni við framleiðsluna, en það hefðu þeir ekki gert í svo ríkum mæli sem nú er orðið, ef þeir hefðu getað keypt vinnuna fyrir lítið, og er þar ástæðan fyrir því, að það er afleiðing hins háa kaupgjalds, að tæknin hefur aukizt svo mjög hér á landi. Og ég vil fullyrða, að það er hægt að borga hæsta kaup og framleiða þó vöru með lægsta verði. Hv. 3. þm. Reykv. ætti að líta til Bandaríkja Norður-Ameríku, sem hann dáist hvað mest að, en í Bandaríkjunum hefur venjulegur kolanámumaður þriðjungi hærri laun fyrir vinnu sína en enskur kolanámumaður, en Ameríkumenn geta þó framleitt vöruna með miklu lægra verði. Og af hverju stafar þetta nú? Það stafar af því, að Bandaríkjamenn hafa tekið upp fullkomna tækni við framleiðsluna.

Hæstv. fjmrh. var að tala um, að fikra þyrfti sig niður vísitölustigann. Já, það er lítið gagn í því að vera að tala um slíkt nú, að fikra sig niður, ef nú á að fara að stökkva upp með vísitöluna um alltaf 10 stig með þessari tollalöggjöf. Það er lítið gagn í því að vera að praktisera það með slíkum aðferðum. Hæstv. fjmrh. var að tala um það, að þjóðin þyrfti að leggja á sig fórnir og skera niður dýrtíðina. Ég lýsti því í fyrri ræðu minni í dag, hve mikill baggi það yrði á alþýðu manna, næðu þessi frv. hæstv. ríkisstj. samþykki, þótt alþýðan mundi annars ef til vill ekki sligast undir þessum álögum, því að hún getur lagt hart að sér. Hæstv. ráðh. sagði, að launastéttirnar yrðu að vinna mikið afrek. En hví var þessu máli þá ekki vísað til félagssamtaka verkalýðsins og leitað umsagnar þeirra varðandi þessi mál og þeim gefið tækifæri til að endurskoða og láta álit sitt í ljós í málinu? Ég gæti tekið undir brtt. varðandi þetta.

Hæstv. menntmrh. talaði hér um stöðvun atvinnulífsins og um þá miklu öfugþróun, sem hér ætti sér stað. Nú, nú, er það ekki öfugþróun, sem hér er verið að framkvæma, að verið er að gera skeleggar ráðstafanir til þess að hækka dýrtíðina í landinu? Og nú er flýtt fyrir þessu allt hvað má af hæstv. menntmrh. sjálfum. Hann talaði einnig um þá stöðvun, sem nú væri, en lætur nú uppi, að með hinu nýja frv. um fjárhagsráð, þá verði nú kýlið læknað varðandi verzlunarmálin. Hann segir, að þá verði tryggð hagkvæm innkaup fyrir landið. Ég hef nú ekki orðið var við, að frv. þetta hafi komið úr nefnd enn þá, og skal ég bíða með að ræða það mál, þar til það kemur úr nefnd. Hæstv. ráðh. minntist einnig á hina óhóflegu eyðslu á erlendum gjaldeyri síðasta ár, er sósíalistar sátu í ríkisstj., og að þá hefði lítið verið gert til þess að skerða hlut stórgróðans. Ég get minnt hv. ráðh. á það, að við sósíalistar vildum koma á vöruskömmtun og takmarka eyðsluna, og það var af okkar hálfu, að till. kom fram um að leggja 300 millj. kr. af útflutningnum á nýbyggingarreikning til þess að spara gjaldeyri. Við þessum till. var yfirleitt daufheyrzt og Framsfl. var hvorki með till. um þetta né niðurskurð fjárl. Hitt er ekkert spursmál, að með þessum ráðstöfunum, að leggja hluta gjaldeyrisins á lokaðan reikning, sem nota skyldi til kaupa á framleiðslutækjum, þá hafa sparazt hundruð milljóna króna í gjaldeyri, sem annars hefðu farið til lítils gagns, en hæstv. menntmrh. var einn þeirra, sem skarst úr leik með flokk sinn, og ætti hann því að tala rólega um þessi mál. — Hann minntist einnig á veltuskattinn, en hann var framför. En það, sem hæstv. ríkisstj. leggur nú hér fram, er afturför. Með veltuskattinum var lagt á heildsalana, en nú er verið að velta 30 millj. kr. af heildsölunum yfir á alþýðuna.

Hæstv. menntmrh. var svo að reyna að gera gys að okkur sósíalistum, að okkur gengi illa í baráttunni við auðvaldið. Er við sósíalistar sátum í ríkisstj., tókst okkur að ná glæsilegri kjarabótum handa alþýðunni en nokkru sinni áður og að fá óréttlætið leiðrétt. Það var ekki þægilegt, því að andstaðan var hörð, og er nú sízt að lá okkur, þótt við berjumst harðvítuglega gegn 30 millj. kr. álagi, sem nú er verið að skella á alþýðuna, en á sama tíma á að láta heildsalana sleppa, og það mun alls ekki tryggja framkvæmd laganna um almannatryggingar, skólalöggjafarinnar og skólabyggingalaganna og þeirra stórmerku frv., sem fyrrv. ríkisstj. barði í gegn. Er það vilji Framsfl. að hefta framgang þessara laga? Ef svo, þá má hann passa sig.

Tímabil okkar sósíalista í ríkisstj. þolir fullkomlega samanburð við tímabil hvaða ríkisstj. sem er, og við fengum líka út úr þessu samstarfi það að skapa þau framleiðslutæki, að þjóðin þarf aldrei að óttast atvinnuleysi, ef vel er haldið á málum, en nú ætlar Framsfl. með einu tollafrv. að reyna að skapa og skipuleggja atvinnuleysi í land-

inu, bölið, sem við sósíalistar höfum barizt gegn með öllum okkar mætti. Ég get því sagt hæstv. menntmrh. það, að ég þori að leggja spilin á borðið í þessu sambandi.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ekki væri til neins að vera að leggja skatt á fé, sem þegar væri búið að eyða, en einhvern tíma heyrði ég nú framsóknarmenn leggja það til, að lagður yrði sérstakur skattur á lúxusíbúðir; einhvern tíma las ég um þetta í Tímanum, og var þar ekki ritað af litlum fjálgleik. Ég held þess vegna, að hæstv. menntmrh. sé rétt að fara rólega í þetta. Svo fór hæstv. menntmrh. að tala um kreppu. Já, kreppu. Nú er verið að reyna að skapa kreppu vitandi vits. Það er hægt að selja allar framleiðsluvörur okkar fyrir gott verð og miklu hærra verð en í fyrra. Og þrátt fyrir þetta, að vitað er, að hægt er að fá 50% hærra verð fyrir þorsk og síldarafurðir en í fyrra, þá á nú að fara að skapa hér kreppu vitandi vits. Ef einhver þorir að mæla þessu í mót, þá skora ég á hann að gera það strax. Og hvernig er annars útlitið, þegar von er á 450 millj. kr. tekjum í utanríkisverzluninni og reynt er á sama tíma að stöðva atvinnulífið í landinu? Það er bókstaflega ekki hægt að stöðva atvinnulífið nema það sé gert vitandi vits af ríkisvaldinu. Það er hægt að skrúfa fyrir allt rafmagn til Rvíkur af einum manni í einni svipan frá Sogstöðinni í Grafningnum, og á sama hátt er hægt að stöðva allar byggingarframkvæmdir og atvinnulíf í heild af einni ríkisstj. Já, hæstv. atvmrh. mætti athuga þetta, að öll þessi atvinnukreppa kemur ofan frá. Ekki eru það sjómennirnir, sem hætta að draga fiskinn úr auðugum fiskimiðum, og ekki þorna auðlindir sjávarins — ekki er aflabresturinn. Nei, það eru aðrir menn og önnur öfl hér að verki, og sú ríkisstj., sem nú situr, er á góðum vegi með að breyta þeirri velmegun, sem sköpuð hefur verið fyrir allan landslýð, í atvinnuleysi og hrun. Og sú ríkisstj., sem það gerir, mun fá sinn dóm áður en lýkur.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði í ræðu sinni, að með þessum frv. væri verið að leggja stórkostlegar byrðar á alþýðuna. Nú, ef þessi hækkun kæmi inn í vísitöluna, þá yrði hækkun hennar um 6 stig og væri það sama og við bættust 3% við kostnaðinn að lifa. Nú er meiningin að eyða þessari hækkun, að hún komi ekki fram í vísitölu, svo að hv. þm. fer hér vitanlega alls fjarri með skeyti sín. Þau hitta ekki mark.

Hv. þm. sagði, að veltuskatturinn hefði ekki komið neitt við alþýðuna, en þm. virðist ekki vita það, að sá skattur fellur yfir á dreifinguna og er því mjög óheppilegur. — Hv. 2. þm. Reykv. sagði einnig, að hann og flokkur hans hefði lagt til að minnka eyðsluna, t. d. með því að festa ákveðinn hluta útflutningsverðmætisins á nýbyggingarreikning. Sú ráðstöfun var aldrei nema til málamynda, og sést það til að mynda á því, að ákveðið var að leggja til hliðar 15% útflutningsins 1946. En hvar er þetta fé nú? Hvar er þessi gjaldeyrir? Honum hefur öllum verið eytt til venjulegrar gjaldeyriseyðslu, enda er sannleikurinn sá, að þessi hv. þm. hefur manna mest átt þátt í því, að eitt þúsund milljónum í gjaldeyri hefur verið eytt síðustu tvö árin. Og svo segir hann, að nú sé verið að setja grundvöllinn fyrir atvinnuleysi í landinu. Svo vill hv. 2. þm. Reykv. bera þetta saman við aðstöðu núv. stj., sem hefur ekki upp á neitt að hlaupa nema útflutninginn.

Hv. 2. þm. Reykv. gerði mikið úr því, að Sósfl. hefði knúð fram miklar kjarabætur í sambandi við veru sína í ríkisstj. í 2 ár, og að það væri ólíkt með Framsfl. og þá ríkisstj., sem hann ætti sæti í. M. ö. o., það hefðu verið samþ. almannatryggingar, nýsköpunarlöggjöf og fleiri og fleiri l. En ég vil spyrja: Hvernig skildi Sósfl. við þessi l. og þessi stóru mál? Hann gerði það þannig, að hann var með í að samþ. hin og þessi l., en hann lét öðrum eftir að afla fjár til þess að greiða kostnaðinn, sem leiddi af samþykkt þessara l. Þegar að því kom, að fara þurfti að afla fjárins, þá sá í iljar Sósfl., vegna þess að það var ekki ætlan hans að vera með í að taka á sig óvinsældir til að afla fjár til að greiða kostnaðinn með. Og það virðist heldur óskemmtilegt hlutskipti til að velja sér að samþ. þessi l., en hlaupa síðan upp frá öllu og standa álengdar eins og strákur og benda á þá, sem eru að draga saman fjármagn til þess að halda þessari löggjöf uppi.

Ég skal ekki ræða um kjarabæturnar, sem alþýðan hefur fengið, í þessu sambandi. Það er of langt mál til að fara inn á það nú. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri enginn vandi á höndum fyrir ríkisstj. nú. Hún gæti, ef hún vildi, selt allar afurðir landsins fyrir miklu hærra verð en í fyrra, o. s. frv. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvað hv. þm. meinar með þessu tali og hvar hægt er að fá þessa sölu. En ég vil minna hv. 2. þm. Reykv. á, að það þarf meira en litla hækkun á verði afurðanna þegar þurft hefur að hækka afurðaverðið innanlands um 30%, svo að útgerðin gæti komizt af stað. Og það sanna er, að það veit enginn, hvort auðið verður að ná því verði á erlendum markaði. En ef hv. 2. þm. Reykv. veit miklu betur en allir aðrir, hvers vegna upplýsir hann það ekki, svo að hægt sé að hafa nytsemd af fróðleik hans í þessu efni.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég þarf að mæla nokkur orð til að svara ræðum tveggja hæstv. ráðh., fjmrh. og menntmrh. Í raun og veru má segja, að hæstv. fjmrh. hafi tekið af mér mikið ómak í deilum við hann út af þessu frv., er hér liggur fyrir, þar sem hann lýsir því sjálfur þannig, að þetta væri bráðabirgðaúrræði, vandræðaúrræði og örþrifaráð. Ég ætla, að hæstv. fjmrh. hafi þarna lýst þeirri hringavitleysu, sem hér er um að ræða, á tæmandi hátt, svo að litlu þarf við að bæta. Með eigin orðum kallaði hann þetta bráðabirgðaúrræði, vandræðaúrræði og örþrifaráð. Ég skal nú víkja beint að ræðu hæstv. ráðh.

Hann hóf mál sitt á því að víkja að mér með nokkrum orðum persónulega á þá lund, að ég væri þekktur að illu innræti, klámhöggum, að því að ganga með rýtinginn í erminni og öðru slíku. Nú mun ég ekki leggja mig niður við að deila við hæstv. ráðh. um mitt innræti eða hans. Hans innræti er ekki til umr. hér. Aftur á móti eru hér til umr. verk hans, skoðanir og till. Og það er ekki einasta réttur minn, heldur skylda sem þm. að gagnrýna þau verk, er hann fremur og þær till., sem hann flytur, og þær skoðanir, er hann túlkar. Tilefni þess, að hæstv. ráðh. færðist svo mjög úr

jafnvægi, er hann hóf ræðu sína, var það, að ég hafði lýst því í ræðu, að hent hefði ákveðið fyrirtæki hér í bæ að vera staðið að því að brjóta gjaldeyrisl. S. Árnason og Co. er sem sé að því staðið að hafa farið fram á það við viðskiptavini sína erlendis, að þeir legðu umboðsþóknun, er firmað fékk, inn á reikning firmans erlendis. En allir vita, að það er brot á gjaldeyrisl. Slíkt er að draga sér gjaldeyri gegn lögum. Slíkt er auðgunartilraun, sem varðar við l. Það var af gefnu tilefni frá hæstv. ráðh., að á þetta var minnzt. Nú kemur að því, sem vert er að veita mikla athygli. Hvernig svaraði hæstv. ráðh. þessu? Hann svaraði orðrétt svona: „Það er ekki nýlunda, að verzlanir leggi umboðslaun, sem þær fá, á sérstakan reikning erlendis. Þetta hefur verið liðið, þegar réttir menn hafa átt í hlut.“ Og svo bætir hann við: „Ég ber því létta byrði út af þessu máli. Það, sem framið hefur verið, brýtur hvorki í bága við l. né velsæmi erlendis.“ Hæstv. fjmrh. verður að virða mér það til vorkunnar, þótt ég telji það til fádæma, að maður í hans stöðu skuli standa upp og lýsa yfir hér, að ekkert sé að athuga við brot á landsl., og það í þeim tilgangi að auðgast persónulega, og lýsa rólega yfir því, að þetta hafi viðgengizt og hafi verið liðið, þegar réttir aðilar hafi átt í hlut og ekkert sé við þetta að athuga, vegna þess að þetta brjóti ekki í bága við l. annarra ríkja. Hér er ég að lýsa verknaði, skoðunum og till. hæstv. ráðh. Skoðanir hans eru þær, að ekkert sé við það að athuga, þótt heil stétt manna sé sumpart að því staðin og sumpart um hana vitað, að hún brjóti landsl. til persónulegs framdráttar. Og hæstv. ráðh. segir meira að segja, að þetta sé liðið, ef réttir menn eigi í hlut. Nú hefur hæstv. ráðh. verið spurður að því af öðrum hv. þm. en mér, hverjir þessir réttu aðilar séu og hverjir það séu, sem á þennan hátt líði lögbrot. Svar hæstv. ráðh. við þessum spurningum var ekki sérstaklega skorinort. Það var eitthvað á þá leið, að það væri almenn skoðun, að Viðskiptaráð hefði nokkuð breytilegar aðferðir gegn innflytjendum eftir því, hverjir í hlut ættu. Og ráðh. bætti því við, að það væri nokkuð almennt álitið, að Viðskiptaráð mismunaði mönnum á ýmsan hátt. Og hann tók sérstaklega fram, að hans eigið firma, S. Árnason & Co., væri ekki innundir hjá þessu ráði. Ég geri ráð fyrir því, að Viðskiptaráð muni á einhverjum vettvangi svara fyrir sig, og ég geri ráð fyrir, að það sé óvenjulegt fyrir opinbera stofnun eins og Viðskiptaráð að mega búast við því, að sá ráðh., sem það þjónar undir, standi upp á Alþ. og fari með dylgjur án rökstuðnings um starf þessarar stofnunar. (**Fjmrh.**: Stofnunin heyrir ekki undir fjmrh.) Ég bið hæstv. ráðh. afsökunar. Það mun rétt vera, að Viðskiptaráð heyri ekki undir hann. En það ber þá víst að skilja það svo, að þess vegna sé honum leyfilegt að fara með þessar getsakir. Sérhver ríkisstofnun, sem heyrir undir aðra ráðh., má þá sennilega eiga þess von frá hæstv. ráðh., að hann drótti því að henni, að hún líði, að landsl. séu brotin og mismuni mönnum eftir því, hver í hlut eigi. Mér er spurn: Hvar stöndum við, þegar við heyrum því mælt bót úr ráðherrastól, þegar landsl. eru brotin? Ég skal ekki tala um innræti hæstv. ráðh. Hann um sitt innræti og um sína skoðun á minu innræti. Ég lýsi aðeins skoðunum hans og sumpart verkum. En það verð ég að segja, að væri persónulega á hann ráðizt, þá væri hann af engum barinn nema af sínum eigin verkum og skoðunum.

Þá gat hæstv. fjmrh. þess, að sér fyndist það löðurmannlegt að hlaupa upp hér á Alþ. og ræða um mál fyrirtækis, sem að vísu hefði verið kært, en ekki enn fengið dóm. Ég vil geta þess, að hér liggur fyrir meira en dómur, hér liggur fyrir játning frá hæstv. ráðh. Hann hefur ekki aðeins játað, að þessu fé hafi verið skotið undan, eins og kært hefur verið, heldur sé vitað um sama verknað hjá öðrum fyrirtækjum í landinu. Þetta er meira en lítill dómur. Og ég verð að segja, að þegar við ræðum verzlunarmál á Alþ. og skattamál, hvernig má það þá vera, að slíkar reginmisfellur séu ekki ræddar? Misfellur eins og þær, að gjaldeyrisl. séu fótum troðin og einstaklingar fái til þess aðstoð að safna erlendum gjaldeyri svo að milljónatugum skipti.

Ráðh. talaði um svartan markað og kvaðst ekki skilja það, að ef svarti markaðurinn væri ljótur verknaður, þá væri það eðlilegt, að ríkið færi inn á þá braut. Ekki veit ég, hvað svona tal á að þýða hjá vitibornum manni og það hæstv. ráðh. Hver hefur talað um, að ríkið færi inn á þá braut? (**Fjmrh.**: Flokksmaður hv. þm. talaði um það í ræðu). Mætti ég heyra, hvaða ummæli það voru. Ég skal bíða á meðan. (**Fjmrh.**: Ég endurtek það, að hv. 2. þm. Reykv. sagði skýrum orðum, að það væri rétt, að ríkið sæti að þessum svarta markaði. — **Forseti**: Þess er óskað, að samtal fari ekki fram). Það er ekki um það að ræða, að ríkið eigi að fara inn á þennan svarta markað. En hitt er það, sem um er að ræða, að ríkið á að taka verzlunina í sínar hendur og útiloka svarta markaðinn á þeim sviðum, sem hann fer fram.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um, að ekki væri allt svo tandurhreint í kringum mig eða annars staðar, sem ég kæmi nálægt, og mætti sjá það á því, hversu almennur ótti væri við seðlainnköllun. Það má vel vera, að almennur ótti sé við slíkt. Og það má hver sem er bera þann ótta í brjósti mín vegna, í hvaða flokki sem hann er. Þeir, sem hafa svikið skatt, mega gjarnan vera staðnir að því. En þetta afsakar ekkert þá, sem staðnir eru að því að hafa farið með fé út úr landinu. Ég er ekki að halda fram hreinleika neins sérstaks flokks eða fullyrða, að vissir flokkar manna séu sérstaklega syndugir. Ég vil aðeins segja það, að hver sá, sem hefur framið ólöglegt athæfi, á að fá refsingu, en ekki ráðherrastól, eins og hæstv. fjmrh. fékk. Hæstv. ráðh. vék að því, að vel mætti vera, að of margt fólk væri komið í verzlunina. En hann spurði: „Hvað á að gera við því? Hér er atvinnufrelsi. Við getum ekki fordæmt þessa stétt, þótt hún sé of fjölmenn.“ Það er misskilningur, ef menn álíta, að við sósíalistar séum að fordæma fólk, sem vinnur að verzlun. Hitt tók ég skýrt fram í minni fyrstu ræðu, að ég teldi þjóðinni ekki gagn að því, að fleiri menn önnuðust vörudreifingu en frekast væri unnt að komast af með. Ég tók það fram, að þessir menn ættu að njóta góðra kjara eins og aðrir, en það ætti að koma í veg fyrir, að of mikill fjöldi safnaðist í þessa stétt. Og svo er það nú athafna- og verzlunarfrelsið. Hv. 2. þm. Reykv. hefur gert því allgóð skil. En ég veit ekki betur en í raun og veru sé allur innflutningur og gjaldeyrir í höndum fámenns hóps, Innflytjendasambandsins annars vegar og S. Í. S.

hins vegar. Og sannleikurinn er sá, að ekki er um að ræða atvinnufrelsi í þessari atvinnugrein. Svo vil ég benda á, að hæstv. ráðh. hefur verið með í að flytja í Alþ. frv. til l., þar sem gert er ráð fyrir því, að það þurfi sérstakt leyfi til þess að fara inn í nýja atvinnugrein. En jafnhliða þessu öllu segir svo hæstv. ráðh., að hér sé atvinnufrelsi og ekkert sé við því að segja, þótt of margt fólk hrúgist inn í verzlunarstéttina. Þetta er allt í góðu *samræmi, eða hitt þó heldur.*

Þá er það atriði í ræðu hæstv. ráðh., að þegar báðir aðilar fórni, þá fórni hvorugur neinu. Það er búið að gera skil þessu fórnarmáli ráðh. Það á sem sé að hækka tolla á vörum, sem allur almenningur notar. En það hefur verið spurt, og ég spyr enn: Hverju hefur eigna- og gróðastéttin fórnað? Hún hefur engu fórnað. Það er eins og ég hef sagt áður, að stj. ver hagsmuni ákveðinnar stéttar, auðstéttarinnar í þjóðfélaginu. Og stefna hennar er að láta þá, sem minnstan auðinn eiga, fórna.

Ég kem svo að mjög mikilsverðu atriði í ræðu ráðh. Hæstv. ráðh. sagði *fullum fetum í sinni* fyrstu ræðu, að hann teldi það eitt mesta óhappaverk í íslenzkum stjórnmálum, að gerðardómsl. frá 1942 hefðu verið felld með skæruhernaði. Þegar ég las ummæli gerðardómsl., sem kveða skýrt á um það, að dóminum beri að fylgja þeirri reglu, að kaupgjald haldist óbreytt frá því, sem það var 1941, en þá væri það kr. 1,45 hjá Dagsbrúnarverkamanni í stað kr. 2,65, — þegar ég var búinn að gera ráðh. það ljóst, að þessu var hann að halda fram, sem sagt því, að stærsta óhappaverkið væri, að launastéttirnar hefðu fengið launahækkun, þá fór hæstv. ráðh. að tala um gerðardóm á þá lund, að vinnudeilur ætti að leysa með gerð, en ekki skæruhernaði. Og hann bætti því við, að ef gerðin væri leiðarljós þjóðarinnar, þá væri betur. En með þessu er ráðh. kominn inn á allt annað, sem sé þá almennu reglu, að það ætti að útkljá deilur vinnuveitenda og verkamanna með gerðardómi, en er um leið fallinn frá því, er hann sagði, að hefði verið ónýtt með miklu óhappaverki, gerðardómnum frá 1942, er tók samningsréttinn af verkalýðsfélögunum og bannaði allar kauphækkanir. En hvers vegna í ósköpunum er verið að kalla á þessa gerð nú? Hvar er nú hinn mikli boðberi frjálsræðisins, athafnafrelsisins o. s. frv.? Er hann ekki ásáttur um, að vinnuveitendur og verkamenn semji um sín eigin mál án gerðar? Nei, hann er ekki ásáttur um það. Hann vill gerð, en vill hins vegar klóra yfir fyrri ummæli sín með því að tala um gerð almennt. Hæstv. ráðh. vill nú ekki vera staðinn að því að hafa sagt, að hið mikla óhappaverk hafi verið að fella gerðardómsl. frá 1942.

Ég æski svo ekki að eyða fleiri orðum við þennan hæstv. ráðh. Ég hef rætt um verk hans, skoðanir og till., og ég mun tala um þau framvegis, hvað svo sem hann álítur um innræti mitt.

Ég þarf að koma nokkrum orðum til hæstv. menntmrh. Hæstv. ráðh. hóf um það alllöng ræðuhöld, hvernig afstaða mín hefði verið til fyrrv. ríkisstj. og hvað það væri, sem hún hefði gert og látið ógert. Það er nú svo, að tveir hv. þm. hafa svarað þessari ræðu hæstv. ráðh. En þó eru í henni nokkur atriði, sem ég vil drepa á. Hann talaði um það, að Sósfl. hefði ekki komið fram þeirri stefnu í samvinnu sinni um fyrrv. ríkisstj. að leggja byrðarnar á þá auðugu eða skattleggja eyðsluna. Þetta er rétt. Þeirri stefnu kom Sósfl. ekki fram í því samstarfi. Og ég skal aldrei draga dul á það, að hann kom því ekki fram, illu heilli. En hitt er rétt, að í samstarfinu um þá ríkisstj. var hægt að koma fram svo stórfelldum framkvæmdamálum, að engin dæmi eru til slíks áður á Íslandi. En svo var það, að þeir tímar komu, að augljóst var, að það þurfti að því að snúa að taka spón úr aski þeirra efnuðu. Þá kom til verulegra árekstra milli þeirra flokka, sem að stj. stóðu. Og það var ljóst af hálfu Sósfl., að hann gat ekki staðið að neinni stj. nema tryggt væri framhald nýsköpunarinnar. Og það var ljóst, að það framhald var ekki tryggt, nema tekin væru föstum tökum verzlunarmálin í heild, skattamálin og ýmis fleiri mál, sem hæstv. menntmrh. drap hér á. En það kom bara í ljós, að Sjálfstfl. var ekki á flæðiskeri staddur. Þegar það var ljóst, að samstarfið við okkur gat ekki haldið áfram nema inn á þessa braut væri farið, þá stóð hæstv. menntmrh. (EystJ) með faðminn útbreiddan og bauð þessum mönnum að koma til sín. Hann væri *fús til að velta þessari byrði á herðar alþýðu*mannanna og gerði engar kröfur á móti.

Þá drap hæstv. menntmrh. (EystJ) á það, að það væri of seint að iðrast eftir dauðann. Það væri of seint að fara að tala um það núna að skattleggja eyðsluna. Það er mesti misskilningur. Hér hefur enginn dauði farið fram. Ég veit ekki, hvernig það er með hæstv. menntmrh. (EystJ), hvort hann hefur dáið pólitískum og andlegum dauða, en hitt er ljóst, að á þessu hausti og þessum vetri hefur alltaf verið tækifæri til þess að taka verzlunarmálin þeim tökum, sem þarf, og höfum við sósíalistar alltaf verið tilbúnir til þess að skattleggja þá eyðslu og einnig þá eyðslu, sem nú er mest af í óþarflega stórum einkaíbúðum, bílum og þess háttar, og endurtek ég það, að ekki skal standa á mér og mínum flokki í fjármálapólitík, sem færi í þessa átt, ef hæstv. menntmrh. er eins reiðubúinn og ætla mætti af ræðu hans.

Hv. 3. þm. Reykv. ætla ég ekki að svara. Mér fannst ekki ræða hans gefa tilefni til þess. Hann segir, að það sé gaman að tala við sig. Það er nú svo. Ræða hans er of ómerkileg til þess, að hægt sé að tala við hann.

En aftur kvaddi sér hljóðs hæstv. menntmrh. (EystJ) og fór að tala um veltuskatt. Hann vísaði í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og sagði, að skatturinn hefði komið hart niður á öllum almenningi. Einmitt þetta tók hv. 2. þm. Reykv. (EOl) fram. Það var alveg ljóst, að veltuskatturinn fór beint á herðar almennings að svo miklu leyti, sem hann var lagður á atvinnufyrirtækin. Þetta hefur ætíð verið mín skoðun og ég hef aldrei dregið dul á hana. En hitt er víst, að verulegur hluti af skattinum fór á bak heildsalastéttarinnar, og henni átti ekki að vera auðvelt að velta honum af sér. Auðvitað var það hægt með lögbrotum, og kæmi mér ekki á óvart, þótt það hefði verið gert þannig, eftir því sem hæstv. menntmrh. (EystJ) segir, að sú stétt stundi lögbrot.

Nú hefur hæstv. menntmrh. (EystJ) talað um, að auðvelt væri að slá um sig með l. eins og þeim að leggja 15% á nýbyggingarreikning. Sósfl. taldi þessi l. nauðsynleg og hann lýsti yfir því, að hann væri reiðubúinn að taka upp skömmtun og draga úr eyðslunni, en þetta fékkst ekki framkvæmt,

vegna þess að Sjálfstfl. stóð á móti því. Hann vildi ekki skammta gjaldeyrinn, sem heildsalastéttin fengi til að leika sér með, og sama sinnis eru þessir menn enn í dag. Það má kannske virða hæstv. menntmrh. (EystJ) það til vorkunnar, að hann situr við hlið þessara manna og verður að horfa upp á gagnleg l. verða að pappírsgagni. En hvers vegna situr hann þar? Það er ekki af því, að hann eigi ekki kost á að reka aðra pólitík, heldur af því, að honum líkar það, að nýtileg l. verði að pappírsgögnum og heildsalarnir fái að fara með allt eins og þeir vilja.

Ég skal svo ekki reyna meira á þolinmæði hæstv. forseta og læt máli mínu lokið.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það hefur ýmislegt komið fram í þessum umr., og ýmsu af því, sem ég hafði skrifað hjá mér, hefur nú þegar verið svarað, sumu að nokkru leyti og sumu fyllilega, og ég mun því sleppa ýmsu, sem annars hefði verið ástæða til að segja. En ég vil þó alveg sérstaklega taka einn þátt í þessu máli og sögu þessa máls, en það er hlutverk Alþfl. í þessu mikla máli. Hlutverkið, sem Alþfl. hugsar sér að hafa í þessum umr., er það, að hann ætlar ekki að taka þátt í þeim. Það má segja, að það hafi verið fyrir tilviljun, að hæstv. forsrh. sá sig tilneyddan að segja hér nokkur orð, þó að það væri svo herfilega úr lagi fært, að flokksbróðir hans stóð upp og veitti ráðh. ofanígjöf fyrir það, sem hann hafði fullyrt, og ég held líka, að það sæmi sér bezt fyrir hann að tala sem minnst í þessu máli.

Hæstv. forsrh. lagði höfuðáherzlu á það og nefndi það sem rök fyrir þessum tollahækkunum, að Jónas Haralz hefði í hagfræðingaálitinu lagt til, að tollar yrðu hækkaðir á einhverjum vörum. Ég verð nú að segja, að illa hefði staðið fyrir Alþfl., ef Jónas Haralz hefði ekki látið þetta álit í ljós, og það var helzt að skilja á hæstv. forsrh., að Alþfl. hefði ekki séð sér fært að vera með þessu góða máli, ef Jónas Haralz hefði ekki verið búinn að láta þetta álit í ljós. Og það verður að segja það eins og það er, að það er næsta furðulegt að koma fram með þetta mál hér í þinginu og koma svo með þetta sem rök fyrir þessum tollahækkunum, eins og næstum allir hafa gert, sem fyrir því hafa talað. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta mál varðandi hagfræðingaálitið, en vil þó aðeins segja það í fyrsta lagi, að það er ekki stefna Sósfl., sem fram kemur í frv., og í öðru lagi er allt úr lagi fært og slitið úr tengslum við það álit og þær till., sem hagfræðingarnir lögðu til. Svo fer ég ekki nánar út í það. En ef maður horfir yfir sögu Alþfl. í sambandi við tollamál, þá sannar hún, að enginn flokkur hefur glamrað meira á móti tollum en hann — og það frá fyrstu byrjun sinni. Og í rauninni er það ekkert óeðlilegt, vegna þess að tollarnir — sú tekjuöflunarleið — er ein af þeim aðferðum, sem eyðslustéttirnar — eignamennirnir — hafa notað til þess að velta byrðunum yfir á almenning. Þetta er gamla aðferðin, og þess vegna er ekki óeðlilegt, þó að Alþfl. hafi gert það að einu sínu mesta áhugamáli að berjast á móti tollahækkunum. En það hefur a. m. k. á seinni árum elt Alþfl., að hann hefur alltaf verið fús til þess að ganga inn á hvaða tollatill., sem fram hafa komið. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem Alþfl. gengur inn á stórfellda tollahækkun. Í því að afgreiða tollskrána frægu í tíð þjóðstj. fólst stórfelld tollahækkun. Ég býst við, að það séu fá þing, sem Alþfl. hefur haldið svo, að hann hafi ekki einhverja yfirlýsingu gefið í tollamálum, og í mjög mörgum af stefnuskrám sínum hefur hann gert það að aðalatriði eða verulegu atriði og seinast á flokksþinginu, sem haldið var í nóv. s. l. Þá var komið inn á þetta mál, og í áliti, sem samþ. var á því þingi, var svo hljóðandi setning:

„Alþfl. vill enn á ný leggja áherzlu á þá stefnu sína, að tekna í ríkissjóð sé fyrst og fremst aflað með beinum, mjög stighækkandi sköttum."

Það er ekki hægt að taka það greinilegar fram, að hann vill ekki fara tollaleiðina í yfirlýsingum sínum. En þó er hann ekki fyrr kominn í stj. en ríkisstj. leggur fram sem sína fyrstu aðferð til tekjuöflunar stórkostlega aukna tolla, tollhækkanir, sem nema um 35 millj. kr. Ég veit það ósköp vel og hef reynslu fyrir því, að frá hendi fulltrúa auðmanna er alltaf sýknt og heilagt klifað á því að leysa þetta vandamál með því að útvega tekjur með tollum — alltaf stöðugt. Það var sami söngurinn frá hendi þessara afla í þeirri ríkisstj., sem ég átti sæti í, en það komst ekki lengra en það, að frv. var samið um bensínskatt svipað því frv., sem hér liggur fyrir. Þó var ekki gengið eins langt, en þetta strandaði á því, að Sósfl. sagði þvert nei. Þar með voru allar umr. um tolla búnar að vera. En það var einmitt þessi tekjuöflunarleið, sem Sjálfstfl. og auðmannaflokkar allra landa hafa alltaf á reiðum höndum og vilja stöðugt grípa til á móti till. undirstéttanna, sem vilja hafa stighækkandi skatta. Það, að ríkisstj., þegar hún er að byrja að afla sér nýrra tekna, sem vitað var, að þurfti að afla, — skuli þá taka það ráð að koma með tollhækkanir og láta það koma á undan öllu öðru, það sýnir hvaða öfl það eru, sem hér ráða. Það sýnir það, að Sjálfstfl. er þarna algerlega látinn ráða fyrir verkum, hlutverk hinna flokkanna tveggja er ekkert annað en að segja já og amen. Ég held, að maður sjái þarna, hvað Alþfl. eða vinir forustumanna hans leggja mikið kapp á það að hafa forustuna. Þeir ganga skilyrðislaust inn á allar kröfur verzlunarstéttarinnar — auðmannanna.

Það væri rétt fyrir þm. að rifja upp fyrir sér allt það mikla orðagjálfur, sem heyrðist hér í útvarpi og blöðum frá hendi Alþfl. fyrir síðustu kosningar um það, að taka þyrfti peningana þar, sem þeirra væri að leita, — hjá bröskurunum, hjá auðmannastéttinni, verzlunarstéttinni.

Það er rétt að rifja þetta upp og bera það saman við það frv., sem hér er komið fram. Verzlunarstéttin hefur þarna algerlega sagt fyrir verkum og neitar að taka á nokkurn hátt þátt í þeim byrðum, sem verið er að leggja á íslenzku þjóðina, og það er einmitt sú stéttin, sem hefur grætt mest undanfarin ár, og það var búið að búa þannig í haginn fyrir hana fyrir stríð, að hún hafði meiri gróðamöguleika en nokkur auðmannastétt í nokkru landi hefur haft. Ég verð að játa það, að ég var vonsvikinn yfir ræðu hv. 4. þm. Reykv., að hann skyldi ekki koma neitt inn á þetta mál, af því að þessi aðferð, sem hér er viðhöfð, er í fyllsta ósamræmi við allt, sem þessi þm. bar fram meðan hann leitaði til kjósenda, og ég held, að margir af þeim mönnum, sem treystu honum til skeleggrar baráttu við auðstéttirnar, — ég býst við, að

þeir menn verði vonsviknir yfir því, að svo illa skuli til takast, að hrein tilviljun neyddi hann til að taka hér til máls. — Það er verið að tala um það, og þeir ráðh., sem hér hafa talað, hafa lagt áherzlu á það, að það verði einhverjir að fórna, ef það eigi að vera hægt að vinna bug á dýrtíðinni. Það er rétt, að það þarf einhver að fórna, en með þessum tollahækkunum er verið að láta almenning, þá, sem sízt hafa beinin til þess, fórna, en hinir, þeir græða á þessu. Þeir, sem verst eru settir af eignamönnunum og í verzlunarstéttinni, þeir eru skaðlausir, en langflestir græða. Það eru engir tímar eins æskilegir fyrir verzlunarstéttina og þeir tímar, þegar verið er í skyndi að hækka vörur í verði.

Það er búið að vera umtal um það í marga mánuði, að það eigi að fara fram eignakönnun, og núv. ríkisstj. lýsti yfir því, þegar hún settist á laggirnar, að hún mundi framkvæma eignakönnun án þess frekar að gera grein fyrir því, með hverjum hætti hún skyldi fram fara. Og nú, þegar liðnir eru 2 mánuðir frá því að hún settist á laggirnar, þá hefur enn þá ekkert heyrzt um eignakönnunina annað en það, að hún muni vera til meðferðar og athugunar hjá ríkisstj. Þar að auki er búið að liggja í loftinu um alllangan tíma, að ríkisstj. hafi í hyggju að koma með þessi tollafrv.

Það er vitað, að bæði þetta umtal um eignakönnunina og eins vitneskja, sem hefur síazt út úr herbergjum ríkisstj. um tollhækkanir, það hefur valdið því, að vörur hafa verið keyptar upp í stórum stíl, og þær vörur verða svo geymdar af verzlunarmönnum, þangað til búið er að tollafgreiða ný vörupartí með hærri tollinum, og þá verða allar vörurnar settar á markaðinn, og það mun sýna sig, að ótal milljónir munu lenda í vasa verzlunarstéttarinnar fyrir þessar aðgerðir. Ég býst við, að slíkar tollahækkanir og þessar muni beinlínis verða hvalreki á fjörur verzlunarstéttarinnar og heildsalanna, og það er ekkert ólíklegt, að ríkisstj. hafi einmitt haft þetta í huga, vegna þess að það sýnir sig, að hún vill ekki láta skerða hár á höfði þeirra manna.

Því er haldið fram, að tollhækkanirnar fari fram til þess að halda niðri dýrtíðinni. Þetta er svo herfileg fjarstæða, að það er alveg furðulegt, að þetta skuli borið á borð fyrir nokkurn mann. Hvað fela þessar tollahækkanir í sér? Þær fela það í sér að rýra gildi krónunnar og því á að passa það eitt að láta ekki þessa hækkun tollanna hafa áhrif til hækkunar á vísitöluna. Allar þær vörur, sem ekki ganga inn í vísitöluna, hækka við tollinn og það verður þeim mun verra fyrir almenning að afla sér þeirra sem almennur kaupmáttur þeirrar krónu, sem launþegarnir fá fyrir vinnu sína, lækkar. Það er enginn vafi á því, að afleiðingarnar af svona starfsemi verða ekki aðrar en þær að hækka vísitöluna enn þá meir. Það getur verið, að það verði hægt í nokkra mánuði að borga niður með þessari aðferð, en þegar komið er að leiðarlokum og ekki verður lengur hægt að borga niður með þessu móti, sem ekki er gott að segja, hvað verður eftir skamman tíma, þá er alveg áreiðanlega víst, að aðstaðan til þess að kippa í liðinn og koma jafnvægi á verður margfalt örðugri.

Það hefur verið sérstaklega skýrt tekið fram af hendi þeirra ráðh., sem hér hafa talað, að þetta sé aðeins bráðabirgðaráðstöfun, og ég get vel trúað því, að þeir hafi það bak við eyrað, að það geri ekki svo mikið til, þó að vísitalan hækki, vegna þess að þá sé léttara að bera það fram síðar að frysta vísitöluna, eins og það hefur verið kallað, og slíta vísitöluna úr sambandi og ákveða, að hún skuli ekki hækka fram yfir ákveðið stig. Þetta veit ég, að er ofarlega í huga margra manna, sem standa að núv. ríkisstj., og þeir hafa það sennilega bak við eyrað, þegar þeir telja aðstöðu til þess að koma því fram, án þess að almenningur rísi mjög kröftuglega á móti því, og þegar aðstaðan er orðin verri en þeir þó telja nú. Það er þetta, sem þeir hafa á bak við eyrað, þessu er stefnt að með svona fáránlegri afstöðu. Ef þess vegna valin er sú leið að taka peningana hjá þeim, sem mest hafa grætt undanfarin ár, verzlunarstéttinni, sem á mjög óverðskuldaðan hátt hefur grætt fé undanfarin ár, þá hefði verið hægt með niðurgreiðslum að ná miklu meiri árangri, hefði ekki verið sköpuð sú hætta, sem nú er sköpuð um það, að allt verðlag og verðgildi peninga haldi áfram að fara stórlækkandi, heldur þvert á móti hefði um leið unnizt það, að sá óeðlilegi peningaaustur, sem verzlunarstéttin stendur fyrir, hefði minnkað og komizt á meira jafnvægi í þjóðfélaginu. — Nei, heldur þvert á móti eru tollarnir auknir og það eykur peningaveltuna hjá verzlunarstéttinni.

Það segir sig sjálft, að afstaða launastéttanna getur ekki verið nema á einn veg, og það er að hækka kaupið sem svarar þessari hækkun. Og það sýnir sig, að ekki hefur náðst samkomulag í ríkisstj. um annað en það að láta launamenn borga brúsann. Aðrir eiga að vera stikkfríir. Það hefur verið talað um, að væntanleg séu fleiri frv. til tekjuöflunar og sagt, að allir ættu eitthvað að láta af mörkum. Meðal annars hefur verið talað um eignakönnun. En hana átti að gera fyrst, því að með henni eru peningar fljótfengnastir og þá væri afnumin sú óvissa, sem drátturinn á framkvæmd eignakönnunarinnar hefur skapað. Með þessum drætti er líka hreint og beint verið að gefa mönnum tækifæri til að búa sig undir gagnráðstafanir gegn eignakönnuninni. Það væri ef til vill hægt að taka alvarlega rök þeirra, sem mæltir eru þessu frv., ef fyrst væri tekið af þeim, sem breiðust hafa bökin, en þegar svona er byrjað, þá er ekki hægt annað en mótmæla, þegar ekkert annað hefur verið reynt.

Í þessum umr. hefur verzlunarstéttin dálítið borizt í tal, enda er það eðlilegt, því að engin önnur stétt á meiri sök á þeirri verðbólgu og því slæma fjárhagsástandi, sem nú er. Og það er rétt, að hv. þm. geri sér ljóst, hvernig háttað er hinum óhóflega gróða verzlunarstéttarinnar og hvernig þessi ríkistryggða stétt fer að því að féfletta framleiðslustéttir landsins. Saga þess máls nær allt fram til ársins 1932, þegar gripið var til þess í kreppunni þá að takmarka innflutninginn. Áður höfðu þeir, sem vildu annast innflutning, sjálfir orðið að annast framleiðslu þess gjaldeyris, sem innflutnings var aflað fyrir. En þá er tekið upp það kerfi, að þeir, sem flytja vilja inn, eru leystir undan allri áhættu við framleiðslu gjaldeyris. Sá gjaldeyrir, sem atvinnuvegirnir sköpuðu með miklli áhættu, var settur í sameiginlegan sjóð og úthlutað til þeirra, sem fluttu inn. Þannig

var tekinn allur sá gjaldeyrir, sem sjávarútvegurinn skapaði við mikla áhættu. Sjávarháskar eru tíðir, aflabrestur algengur og markaðsvandi oft mikill. Þegar svo skipt er þannig milli stéttanna, að sumar eru látnar framleiða gjaldeyri, en aðrar eyða honum, þá er raskað öllu eðlilegu samræmi í þjóðfélaginu. Með þessu var öll áhætta tekin af verzluninni. Hún varð öruggasti atvinnuvegurinn, en sjávarútvegurinn aumastur. Með þessu var komið á einokun, þegar ríkið tekur allan gjaldeyrinn og úthlutar svo gjaldeyris- og innflutningsleyfum til sinna útvöldu, sem eru öruggir með að græða, hversu ill innkaup sem þeir gera, og því meira sem vitlausara er keypt, þar sem öll verzlunin er kvótaverzlun. Gjaldeyrisbirgðir þjóðarinnar voru alltaf svo litlar, að alltaf var öruggt, að allt, sem inn var keypt, seldist. Það var því sama, hve hörmuleg innkaup menn gerðu, þeir voru alltaf öruggir með að græða og sá, sem keypti verst, græddi mest. Þetta er höfuðástæðan til þess, að sjávarútveginum hnignaði, en verzlunargróðinn óx dag frá degi. Og nú veltir íslenzka verzlunarstéttin sér í peningum og er á góðri leið með að sliga atvinnustéttirnar. Og þetta er ekki frjáls verzlun. Þetta er einokunarverzlun, þar sem fáum útvöldum auðmönnum er gefinn allur innflutningurinn og um leið eru þeir leystir undan allri áhættu. Þetta kerfi hefur leitt til hins ömurlegasta öngþveitis og gert verzlunarstéttina að langsterkustu stétt þessarar þjóðar. Og þegar þessa stétt grunaði, að hún þyrfti að leggja eitthvað af mörkum, þá kom hún á fót þeirri stjórn, er nú situr, til þess að tryggja það, að álögurnar yrðu fyrst og fremst lagðar á almenning, en hún sjálf gæti haldið sérréttindum sínum óskertum. Og það er í framhaldi af þessari viðleitni heildsalaklíkunnar, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er komið fram. Það er svo næsta hlálegt, þegar hæstv. menntmrh. er að fjargviðrast út af því öngþveiti, sem nú er, og kennir fyrrv. ríkisstj. um. Orsakanna er að leita til þess tíma, er hann hóf afskipti sín af íslenzkri fjármálapólitík. Það var flokkur hæstv. menntmrh., Framsfl., með öflugum stuðningi Alþfl., sem skapaði það kerfi, er leitt hefur til öngþveitis, og þær lítilfjörlegu tilraunir, sem þessir flokkar gerðu til að hjálpa sjávarútveginum, nægðu ekki svipað því til að mæta því tjóni, sem þetta vitlausa kerfi hefur valdið íslenzkum sjávarútvegi.

Síðastliðin 2 ár sameinuðust íslenzkir útvegsmenn og íslenzk alþýða í baráttunni gegn heildsalavaldinu. Því miður hefur sú barátta endað með ósigri í bili, og því situr þessi ríkisstj., en það er auðsætt, að þessi stj. finnur, að þetta kerfi er veikara en svo, að á því verði stætt til lengdar. Nú eiga allir launþegar og framleiðendur í landinu samleið gegn verzlunarfarganinu, og baráttan gegn því mun halda áfram og hamingja íslenzku þjóðarinnar er undir því komin, að takast megi að vinna bug á því öngþveiti, sem sérréttindi heildsalanna hafa leitt yfir landið. Heildsalarnir halda því fram, að óheppilegt sé að koma á landsverzlun með innflutning. En þessi stétt er ekki á móti landsverzlun með útfluttar vörur. Og hvers vegna? Vegna þess, að öllum gjaldeyri, er útflutningsverðmætin skapa, er safnað í sérstakan sjóð, sem heildsalarnir eru svo mataðir úr. Ég vil leyfa mér að spyrja málsvara heildsalanna, háttv. 3. þm. Reykv., hvað það sé, þegar allur gjaldeyririnn er tekinn í opinberan sjóð. Hvað er það annað en landsverzlun? Heildsalarnir eru með landsverzlun þegar þeir græða á henni og geta hagnazt óhóflega á þeim gjaldeyri, sem sjávarútvegurinn skapar oft á tíðum með tapi. Það er staðreynd, að eftir vertíðir, sem kostað hafa sjávarútveginn milljónatap, hefur skapazt gjaldeyrir, sem fært hefur heildsölunum milljónagróða. Það er sjávarútvegurinn, sem skapar gróðamöguleika verzlunarstéttarinnar, og útgerðarmenn gera sér ljóst, að þeir gætu hagnazt, ef þeir fengju sjálfir að ráðstafa gjaldeyrinum, jafnvel þótt lítið veiddist. En gjaldeyririnn er tekinn af þeim og fenginn í hendur hinum ríkistryggðu heildsölum, sem aldrei leggja neitt í hættu. Það er því alveg furðulegt, þegar heildsalarnir halda því fram, að þeir hafi sýnt þegnskap. Af öllum stéttum þjóðfélagsins hafa þeir áreiðanlega minnstan þegnskap sýnt. En að það skuli vera mögulegt, að fáir menn fleyti rjómann af starfi allra landsmanna, byggist á því, að heildsalarnir hafa gert samband við Framsfl. og S. Í. S. Framsfl. telur S. Í. S. sér lífsnauðsyn, og því hefur hann gert svo náið samband við heildsalana, að þar gengur nú ekki hnífurinn á milli. Og því miður verður að játa, að þetta samband stóð óhaggað alla tíð síðustu ríkisstj., enda stóð ekki á Jóni Árnasyni, Vilhjálmi Þór og hæstv. menntmrh., sem nú orðið er naumast annað en vikapiltur þeirra, að hjálpa verzlunarstéttinni til að halda sérréttindum sínum.

Það var eitt af skemmdarverkum heildsalanna að svíkjast um að leggja til hliðar 15% af gjaldeyrinum, svo sem lög mæla fyrir. Gjaldeyririnn var allur notaður þvert ofan í tillögur okkar sósíalista, bara til þess að heildsalarnir gætu grætt enn þá meira. Það var eitt af skilyrðum sósíalista fyrir stjórnarsamvinnu að halda fast við þessi lög, en það þótti óhæfa að skerða sjóð heildsalanna og gjaldeyrinum var eytt óhóflega í fánýta hluti. Sjálfstæðismenn vissu, að sósíalistar mundu aldrei samþykkja tollhækkanir, og því eyddu þeir gjaldeyrinum til þess að auka gróða heildsalanna. En heildsalavaldið lét sér það ekki nægja, heldur kemur á nýrri ríkisstj. til þess að þurfa ekkert af mörkum að láta. Og Framsfl. og Alþfl. styðja heildsalana dyggilega í því að hækka tolla á almenningi, svo að ekki þurfi á þá að leita, er ríkissjóður þarf á fé að halda. Þetta ættu menn að gera sér vel ljóst, og það er eðlilegt, að þetta beri á góma, þegar fjárhagur landsins er ræddur, því að þetta veldi heildsalanna er höfuðátumein þjóðfélagsins, og í samvinnu síðustu ríkisstj. voru gerð drög að því að sameina þau öfl, sem ein eru fær um að vinna bug á þessum braskaralýð. Útvegsmenn gera sér ljóst, hvernig verzlunarstéttin fer að því að fléfletta þá og hvernig þessi stétt gerir út Sjálfstfl. og á nægilega sterk tök í Alþfl. og Framsfl. og hvernig heildsalarnir gefa hér út 2 dagblöð, sem kölluð eru blöð Sjálfstfl. og eru nú skrifuð gegn hagsmunum útvegsmanna, enda þótt flestir útvegsmenn hafi hingað til fylgt Sjálfstfl. að málum. Áhrifin af þeim tollhækkunum, sem nú eru lagðar til, verða óhjákvæmilega til þess, að dýrtíðin hækkar. Mótbragð launþeganna hlýtur því að vera krafa um kauphækkun, því að þeir láta ekki verzlunarstéttina komast upp með það að keyra þjóðina enn þá fastar í viðjar öngþveitis og vandræða.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að vera fjölorður um þetta frv., því að sumir þeir ræðumenn, sem þegar hafa talað, hafa tekið það fram, er ég vildi sagt hafa. Ég vildi þó aðeins sem fulltrúi verkamanna lýsa yfir því, að ég tel þetta frv. árás á verkalýðinn, en ég spái engu um það, hvernig hann snýst við, en það má fullyrða, að verkamenn geta ekki annað en skoðað þetta frv. sem óvinarbragð, hvaða ráðstafanir sem þeir kunna að gera.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Að dæma eftir mörgum þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar og þá ekki síst ræðu hv. þm. Siglf., þá mætti ætla, að sumum hv. þm. væri betur gefið að skrifa skáldsögur en flytja rökræður. Það er vitað, að þörf ríkissjóðs er nú aðkallandi og brýn, og þó að sú leið, sem hér er valin, hafi einhver áhrif til að hækka vísitöluna, miðar hún að því að gera ríkissjóði kleift að halda dýrtíðinni í skefjum. Og það er undarlegt, að þeir, sem voru í broddi fylkingar um að hækka fjárl. og framkalla þar með þessa þörf ríkissjóðs, skuli nú berjast gegn því, að ríkissjóði verði aflað tekna. Og manni verður á að spyrja, þegar hv. þm. sósíalista fárast yfir aðgerðum núv. ríkisstj.: Hvers vegna hlupu þeir þá að ástæðulausu burt úr fyrrv. ríkisstj. og slepptu þar með aðstöðu sinni til að gera dýrtíðarráðstafanir, er þeim væru geðfelldari? Þessar spurningar vakna í huga manns, er maður heyrir hinar háværu ræður og skáldlegu hugleiðingar út af þessu frv. Er þetta kannske í fyrsta sinn, sem tollaleiðin er farin til að afla ríkinu tekna, eða báru kommúnistar, sem áttu sæti í fyrrv. ríkisstj., fram till. um lækkun tolla? Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að stjórnarandstaðan geri eftir megni veður út af aðgerðum þeirrar stj., sem hún er á móti, en andstaðan verður þá að beita meiri rökum og skynsemi en hér hefur komið fram. Meinsemdin, sem er verðbólgan, verður ekki læknuð með ástæðulausum ásökunum í garð einnar stéttar landsins. Það er víðar pottur brotinn en hjá einni stétt. Allir eiga þar á nokkra sameiginlega sök, og vegurinn til baka út úr vandræðunum er sá einn fyrir hendi, að menn taki höndum saman um að ganga réttu leiðina til baka.

Ég hef bæði starfað í útgerð og verzlunarstéttinni í tugi ára og miklu lengur en þeir, sem hampa útgerðinni eins og hér hefur verið gert í umr. Ég hef aldrei verið sérstakur talsmaður þess, að óeðlileg höft væru lögð á innflutninginn og því um líkt, en ég hef þolað það eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins og viðurkennt það sem nauðsyn að sumu leyti. Og það er heldur ekkert óeðlileg verkaskipting, að til sé útgerðarmannastétt og verzlunarstétt, eins og víss hluti þjóðarinnar stundar landbúnað og annar hluti sjávarútveg. En hatrammar árásir í garð einnar stéttar hafa nú lengi kveðið við hér á Alþ., og nú síðast höfum við heyrt því haldið fram í skáldlegri ræðu hv. þm. Siglf., að verzlunarstéttin væri eiginlega ein völd að dýrtíðinni og bæri ábyrgð á henni. Þetta er hin mesta fásinna, enda reyndi hv. þm. ekki að sanna þessi ummæli, en hélt þessu aðeins fram með þeirri fullyrðingaákefð, sem vön er að einkenna hann. Þetta getur verið svo frá hans bæjardyrum séð, en þá sér hann líka ofsjónir. Lengi átti þessi þjóð við verzlunarkúgun að búa, og selstöðuverzlanirnar voru illa þokkaðar. En nú fyrir nokkrum áratugum eignaðist þjóðin innlenda verzlunarstétt, og hvað sem um hana má segja, jafnvel að hún brjóti lög, þá er sennilegt, að svipað hendi einhvern tíma alla menn úr öllum stéttum. Ég vona, að sá, sem einu sinni ætlaði að verða kirkjunnar þjónn, hneykslist ekki, þó að ég haldi því fram, og það meira að segja úr ráðherrastóli, að syndin sé víðar en á einum stað, þó að þessi hv. þm. teldi nú mikil firn að hlusta á mig í dag. Sannleikurinn er sá, að eftir að þessi stétt varð til í landinu, hafa einkum þó á síðari árum komið fram raddir, er beinlínis ofsækja þessa stétt sem stétt, og það eru til ríkisstofnanir, sem gengið hafa fram hjá innlendum verzlunarmönnum í viðskiptum sínum og hafa gert sig berar að því að vilja heldur skipta við útlenda agenta.

Þegar talað er hér um árás á verkalýðinn með þessu frv., þá mótmæli ég því, og ég mótmæli líka þeim ummælum hv. þm. Siglf., að verið sé að gefa verzlunarmönnum tækifæri til að sanka nú að sér vörum til að selja síðar með meiri gróða. Og hvaðan ættu þeir að fá vörur? Á hv. þm. við, að smásalar hafi herjað á heildsala í því skyni? Ef hann veit slíks nokkurt dæmi, þá ætti hann að nefna það, ég veit ekki til slíks. Frá útlöndum geta menn ekki hafa sankað að sér vörum, þar hefur strikkað á í þessum efnum að undanförnu, og síðan fyrir nýár hefur leyfisveiting öll verið hér með tregasta móti. Þetta fær því engan veginn staðizt, og þegar hv. þm. segir, að þetta frv. sé flutt til þess að gefa mönnum tækifæri til að haga sér þannig, þá er það hinn fáránlegasti uppspuni. Og það er betra fyrir þessa menn, sérstaklega guðfræðinginn, sem mest beitti sér fyrir því að sprengja fyrrv. ríkisstj., að vera ekki að gera þessari ríkisstj. tilefnislausar getsakir. Ég harma ekki, að þessir skaðræðismenn skuli ekki vera í ríkisstj., þessir menn, er komu því til leiðar, að þingið var aðgerðalaust í 117 daga. Nú hamast þeir gegn þeirri viðleitni núv. ríkisstj. að reyna að afla tekna til að geta afgreitt hallalaus fjárlög. Annað er ekki verið að glíma við. Það getur vel farið svo, að það mistakist algerlega að ná því marki, en fari svo, þá eiga kommúnistar sinn þátt í því, því að þeir hafa spanað fjárl. mest upp.

Það var verið hér að lýsa eftir frv., sem ríkisstj. ætlaði að flytja. Það er búið að segja, að sumpart eru þau komin fram og sumpart á leiðinni, en það er eins og þessir menn vilji véfengja það, en það er alveg ástæðulaust.

Þessir tollar hitta ekki einn hóp manna fremur en annan, allir verða fyrir barðinu á þeim, og það hefur alltaf verið svo. Sósíalistar vilja reyna að gera sér sérstakan mat úr þessu með því að telja, að hér sé um árás á verkalýðinn að ræða. En allir vita, að það er ekki verkalýðurinn einn, sem notar hinar aðfluttu vörur, það eru bara allir, sem gera það.

Ég álít þarflaust að fara hér út í einstök ummæli, og sízt út í þá dyngju misskilnings og hártogana, sem hv. 6. þm. Reykv. hrúgaði hér upp. Hann hefur sungið hér með sínu lagi og talaði eins og hann er vanur, og geta þm. ekki verið að eltast við slíkt. En hafi þessir menn önnur og betri úrræði á takteinum til að koma á jöfnuði í afgreiðslu fjárl., þá ættu þeir að sýna það með öðru en staðleysum.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja við hv. þm. Siglf. Hann hefur löngum verið nokkuð einsýnn í málflutningi, og hefði ég vænzt þess, að hann leitaðist við að byggja rökstuðning sinn á sterkari stoðum en raun bar vitni um. Ég býst við, að í flestum menningarlöndum sé viðurkennt, að kaupsýslumannastéttin sé ein af hinum nauðsynlegri stéttum þjóðfélagsins. Þessi stétt hefur hér verið undir opinberri umsjá ríkisins um verðlagningu og verðlagseftirlit síðan 1932, og það má vera mikið vald og dugnaður, sem kemur fram hjá henni, ef ekki væri með því eftirliti unnt að sjá, hvernig hún stendur í sínu starfi. Og öll stríðsárin var sú kvöð sett á hana að liggja með birgðir af nauðsynlegum vörum til 6—8 mánaða. Ég veit, að það var gert með sameiginlegu átaki kaupmanna og samvinnufélaga, og ég held, að landið væri illa statt, ef það hefði ekki notið hinna mörgu verzlunarsambanda erlendis, sem mega sín mikils þar, sem verzlunarstéttin nýtur meiri skilnings en hér. Við skulum því ganga hreint til verks, það er hreinna að koma beint að kjarna málsins. Þið sósíalistar viljið allt annað fyrirkomulag í verzlunarmálum en frjálsa verzlunarstefnu eins og t. d. í Vesturálfu. Það hefur bersýnilega komið fram í ræðum sósíalista hér. Þeir hafa sagt, að eina ráðið væri að taka á svartan markað þær vörur, sem ekki er hægt að flytja svo mikið inn af, að þær njóti sín sem frjálsar vörur. Við vitum, að í Rússlandi er þessu skipt í tvennt af ríkisvaldinu. Á svörtum markaði er hægt að fá allt, sem maður vill, ef nægir peningar eru til að kaupa fyrir. En að öðru leyti er þar skammtað. Það er miklu réttara að ganga þannig hreint til verks en að ráðast persónulega á eina stétt, og ég staðhæfi, að ef tekjur verzlunarmanna eða verzlunarstéttarinnar frá 1929 væru prósentvís bornar saman við tekjur annarra stétta, þá mundi koma í ljós, að þetta héldist nokkurn veginn í hendur. Verzlunarstéttin hefur jafnan skyldum að gegna er verðfall kemur. Eftir fyrri heimsstyrjöldina varð hún t. d. að bera þúsunda og jafnvel milljóna halla, og margir verzlunarmenn voru skuldugir í marga áratugi á eftir. Þetta þarf reyndar ekki að segja mönnum, þeir vita það, en það er hörmulegt að vita til þess, að fyrrv. atvmrh. skuli bera verzlunarstéttina þeim óhróðri, sem hann hefur gert, og væri slíkum manni trúandi til að taka aðra stétt þannig fyrir næsta dag. Eltingarleikur sósíalista er sá að taka eitthvað fyrir og endurtaka það nógu oft með fullyrðingum og án nokkurra raka. Ég leyfði mér hér að vitna í skýrslu nefndar þeirrar, sem hefur reiknað út dreifingarkostnað vara, og því hefur ekki verið kollvarpað. Nei, stóru orðin duga ekki. Það má alveg segja það, sem játað hefur verið, að verzlunarstéttin sé of fjölmenn, en það er hins vegar ekki hægt að taka alla óvita í útgerð, það er engin trygging fyrir því, að þeir sæju þeim atvinnurekstri farborða eins og vera bæri.

Hv. þm. Siglf. fór að blanda blaðakostinum inn í þessi mál. Við höfum heyrt, að flokkur hans hafi stofnað hlutafélag, sem e. t. v. styðst við útgerð, til að gefa út blað.

Ég vil halda því fram, að við leysum ekki þessi mál með svona fullyrðingum út í loftið. Það þarf að taka þeim fastara tak. Og þó að hv. þm. Siglf. segi, að verzlunin hafi féflett útgerðina, þá er það helber ósannindi. Ég bendi t. d. á árið 1939, er styrjöldin brauzt út. Þá var ástandið einmitt orðið þannig, að svo langt var frá því, að verzlunin væri að taka rekstrarfé frá útgerðinni, að hún var beinlínis milliliður milli hennar og bankanna til að reyna að bjarga framleiðslunni af veikum mætti. Og þannig hindraði verzlunin tap einstakra fyrirtækja með því að vera bundin við hreina útgerðarvíxla. Það kemur því úr hörðustu átt, er hv. þm. Siglf. segir. Hann vill ekki sjá þær staðreyndir, að verzlun er stóráhættusamur atvinnuvegur, að að því rekur alltaf öðru hverju, sérstaklega hér, þar sem verzlun er ekki jafntrygg og í öðrum löndum. Upp úr fyrri heimsstyrjöldinni gáfu t. d. kaupmenn og kaupfélög of hátt verð fyrir vörur, og upp úr því sköpuðust erfiðleikar. Hvað bindur annað, og allar atvinnugreinar verða að haldast í hendur. En hv. þm. Siglf. er hér beinlínis að reka skemmdarstarfsemi í ræðum sínum. Alls staðar skín í gegn, hvað þar er af lítilli þekkingu mælt, og um velvild er nú ekki að ræða úr því horni. Hið eina markmið þessara manna er að koma verzluninni í það horf, sem fyrirheitna landið hefur boðið, að allt sé rekið af ríkinu og planökonomi. Og ekkert gerir til, þó að þar sé bæði svartur markaður og skömmtun. Hér fer ekki mikið fyrir umhyggjunni fyrir öðrum, og metorðagirnd og margendurtekin ósannindi þessara manna leiða fólkið í villutrúarkenningu.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Mér þykir ánægjulegt að heyra, að hæstv. fjmrh. virðist nokkuð hafa lært á þessum fundi og er nú farinn að draga í land og reyna að breiða yfir það, sem hann sagði í dag um gerðardómslögin og heildsalana. En það eru staðreyndir, að hann sagði annað og meira í dag. Í fyrsta lagi er það staðreynd, að hann hefur hér lýst yfir því, að mesta óhappaverkið í íslenzkum stjórnmálum á seinni árum hafi verið afnám prælalaganna 1942, þ. e. a. s. gerðardómslaganna, sem gerðu að engu rétt verkalýðsfélaga til launahækkunar. Óhappaverkið, sem hann talar um, er það, að Dagsbrúnarverkamenn hafa síðan fengið grunnkaup sitt hækkað úr kr. 1.45 í kr. 2.65. — Í öðru lagi er það staðreynd, þó að hæstv. fjmrh. hafi einnig í því efni dregið í land, að hann sagði í dag og játaði á sína eigin stétt, heildsalana, að það væri algeng regla hjá mörgum þeirra að láta umboðslaun, er þeir fengju hjá leverandörum erlendis, á sérstakan reikning, og þar með brjóta landslög, gjaldeyrislögin, og draga sér erlendan gjaldeyri á ólöglegan hátt. Og það er staðreynd, að hann hefur þannig játað, að ef réttir menn ættu í hlut, væri þjóðin svikin á þennan hátt, og að hann hefur varið þessi lögbrot, sem miða að persónulegri auðgun.

Áki Jakobsson: Það er oft talað um það, og m. a. skildist það á ræðu hv. 3. þm. Reykv., að við sósíalistar viljum sliga þetta þjóðfélag og koma því á kné. En það hafa engir unnið eins mikið að þessu eins og heildsalarnir, sem eru komnir vel á veg með það. En það hefur komið í hlut okkar sósíalista að berjast á móti því, að þeir sligi okkar atvinnuvegi, og vinna á móti þeim skemmdaröflum, sem leiðir af þeim áhrifum og sérstöðu, sem heildsalastéttin hefur. Hæstv. fjmrh. taldi, að það væri ákaflega mikið unnið við það, að við ættum ís-

ekki fjármuni til þess að liggja með afurðir sínar. Og það er það, sem hefur átt verulegan þátt í því, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar. Og einkaframtakið hefur svo alltaf verið að fara meir og meir úr sjávarútveginum og í verzlunina. Þannig að ef ekki væri haft þetta ágæta kerfi, sem haft hefur verið, þá væri heildsalastéttin komin í strand með allt saman.

Hv. 3. þm. Reykv. fannst mótsetning vera í því hjá mér, er ég sagði, að heildsalarnir hefðu einokunaraðstöðu og hins vegar, að þeim hefði fjölgað. Einokunaraðstaða þessara manna er í því fólgin, að ein stofnun er sett á stofn til þess að afhenda gjaldeyri til þeirra manna, sem löggiltir eru til að vera heildsalar. Og það eru nokkrir útvaldir menn, sem fá meginið af þessum gjaldeyri. En það er ekki aðeins það, sem gerzt hefur, að heildsölum hafi fjölgað, heldur hafa þeir dregið of mikið vinnuafl í sína þjónustu, frá nauðsynlegum framleiðslustörfum til fánýtra hluta, vegna þess hve óeðlilega gróðamöguleika þeir hafa haft vegna þessa viðskiptakerfis, sem stofnað hefur verið í landinu.

Þá sagði þessi hv. þm., að útgerðin hefði alltaf fengið nógan gjaldeyri fyrir nauðsynjum sínum. Þetta er hrein fjarstæða, ég vil nefna í því sambandi eitt dæmi. Landssamband íslenzkra útvegsmanna, sem langflestir útvegsmenn á landinu eru í, hefur innkaupadeild til þess að kaupa inn nauðsynjar sjávarútvegsins og verzla með þær fyrir meðlimi sína á innkaupsverði, til þess að þeir losni við verðhækkun á þeim vegna heildsalagróðans. L. Í. Ú. var búið að fá ágætt tilboð um að geta fengið fiskilínur. En vegna skömmtunar í Englandi var ekki hægt að fá að kaupa þessar línur, af því að annað fyrirtæki í Englandi sagði við þá, sem umboðsmenn voru fyrir það hér: Þið fáið ekki öngultauma hjá mér, nema þið kaupið línur hjá mér líka — enda þótt þessar línur væru dýrari en þær, sem L. Í. Ú. átti kost á að hafa til sölu, samkv. því sem ég tók fram. Þetta er það, sem hv. 3. þm. Reykv. kallar frjálsa verzlun, en einokunaraðstaða er það samt sem áður, sem heildsalarnir hafa þannig. Og framkvæmd þessa kerfis, sem áratugum saman hefur verið hér, er skipulögð af hæstv. núv. menntmrh., Eysteini Jónssyni, og var fært í fast kerfi 1934, en var komið á að nokkru leyti fyrir þann tíma. En í gegnum þann langa feril í þessu kerfi hefur heildsalastéttin fengið þá aðstöðu að geta skákað útgerðinni, þegar samtök útgerðarmanna ætla að kaupa inn sjálf. Það er þannig verið að borga skatt til heildsalanna. Mun slík „frjáls verzlun" vera til þjóðþrifa? Nei, svona „frjáls verzlun" er eingöngu til þess að græða á henni. Og heildsalarnir eru með „frjálsri verzlun", ef þeir geta grætt á henni. En svo eru þeir hins vegar með einokun, ef þeir geta grætt á henni.

Hv. 3. þm. Reykv. neitaði líka, að heildsalarnir ættu Morgunblaðið og Vísi, en sagði, að miðstjórn Sjálfstfl. réði þar. En hverjir eru í miðstjórn Sjálfstfl.? A. m. k. þegar stillt er upp í Rvík fyrir kosningar, er þeirri uppstillingu hagað mjög heildsölunum í vil. Og það var miðstjórnin, sem eitthvað fjallaði um það. — Nei, þegar heildsalarnir halda því fram, að þeir á þegnlegan hátt taki þátt í opinberum útgjöldum, þá er sannleikurinn hins vegar sá, að þeir hafa fengið þá sérstöðu að mega fleyta rjómann ofan af okkar atvinnulífi — og eru komnir langt með að kaffæra það. Öruggasta ráðið til þess að vinna bug á verðbólgunni er að stöðva heildsalagróðann. Og það er ekki hægt öðruvísi. En heildsalarnir vilja halda við verðbólgunni, af því að þeir sem stendur græða mest á henni.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það er sennilega ekki gustuk að þjarma meir að hæstv. fjmrh., eftir það, sem að honum hefur verið saumað í dag. En það má hann eiga, að eftir því sem meir hefur að honum þrengt, því auðmýkri og kurteisari hefur hann orðið. En hann er ekki enn búinn að átta sig á því, að hann sé á lítt sæmandi hátt orðinn ráðh., þar sem hann hefur orðið að viðurkenna þá staðreynd, að fyrirtæki, sem hann á að verulegu leyti, hefur brotið landslögin rétt áður en hann sté upp í ráðherrastólinn, og þannig hefur hann í raun og veru sem sekur maður við landslög stigið í sinn ráðherrastól. Hæstv. fjmrh. hefur enn ekki lært að skammast sín fyrir þetta. En ég veit, að þjóðin mun læra að skammast sín fyrir tilkomu hans í ráðherrastólinn.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta hv. þm. Siglf. Það er ekki í fyrsta skipti, að hann hleypur svona gönuhlaup. Hann hefur gert það áður í sambandi við Landssamband íslenzkra útvegsmanna, eins og þegar hann lýsti yfir því, að þeir væru með því, að komið væri á landsverzlun hér á landi. En svo kom þá á eftir skrifleg yfirlýsing frá þeim félagssamtökum, þar sem því var lýst yfir, að L. Í. Ú. væri andvígt landsverzlun.

Út af öngultaumunum, sem þessi hv. þm. talaði um, er það að segja, að það eru alveg fáránleg ósannindi að bera þetta fram, vegna þess að öngultaumar eru auðvitað seldir með því verði, sem verksmiðjan ákveður til alls útflutningsins. Og þetta er bara sagt út í loftið, sem hv. þm. Siglf. sagði, og þetta er hægt að sanna, og það get ég vissulega fengið líka skriflegt, — og það virðist þurfa að koma með skrifleg gögn, til þess að þessi hv. þm. megi verða heiðarlegri í málfærslu en hann hefur reynzt. Og í sambandi við Landssamband íslenzkra útvegsmanna sem slíkt veit ég ekki annað en að L. Í. Ú. hafi fengið hin hagkvæmustu kaup nú upp á síðkastið, einmitt gegnum heildsölufirmu hér á staðnum, í öllum greinum, til stórútgerðarinnar. Þannig er þetta, sem hv. þm. Siglf. sagði, bara sagt út í loftið.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. misskildi mig algerlega. Ég sagði það, að umboðsmaður hér heima hefði neitað að selja samtökum útvegsmanna öngultauma, nema þeir keyptu af honum fiskilínur. Mér er kunnugt um þetta. Það var löng barátta út af þessu hjá L. Í. Ú., sem endaði þannig, að útvegsmenn þar urðu að hætta við að fá línurnar með hagstæðara verðinu. Og það er ekki nema sáralítið, sem menn í þessum félagsskap hafa getað keypt inn sjálfir, vegna þess, hvernig verzlunin með þær vörur, sem þeir nota, er bundin og einokuð hér í Rvík, þ. e. a. s. útgerðarvörurnar.

Ég hef ekki borið það fram, að Landsamband íslenzkra útvegsmanna væri sérstaklega með landsverzlun. (**HB:** Það er í þingræðu hér frá því í

lenzka verzlunarstétt. Það er kannske út af fyrir sig gott. Við búum nú við það að hafa verzlunarstétt, sem flytur mjög mikið af gróða sínum út úr landinu. Einmitt vegna verzlunarkúgunar, sem var hér á landi, fórum við fram á, að hin erlenda áþján færi frá hér á Íslandi, en enginn óskar eftir því, að hún komi aftur. Sú verzlunarstétt flutti arðinn af verzluninni út úr landinu. En sú íslenzka verzlunarstétt, sem við höfum fengið í staðinn, sýnist hafa haft vaxandi tilhneigingu í þessa sömu átt á síðustu árum. Og að því leyti er hún að verða dálítið svipuð og gamla einokunarverzlunarstéttin var. Og það verður að játa það, að það er ákaflega margt orðið líkt með núverandi verzlunarstétt, með því fyrirkomulagi, sem nú ríkir hjá okkur, eins og hjá gömlu selstöðuverzluninni. Og vitanlega láta þá áhrifin af því á atvinnulíf okkar ekki á sér standa um að koma fram. Og þess vegna hefur nú sjávarútvegur okkar orðið fyrir þeim búsifjum, sem ég hef nú lýst. — Ég benti á, að ríkisstj. hefði með framkomu sinni í sambandi við eignakönnunina og með yfirlýsingum í því efni, án þess að gera nokkuð, heldur láta þessa hluti fréttast út löngu áður en það mál er lagt fyrir þingið, gefið einstökum mönnum tækifæri til þess að hagnýta sér þennan fyrirvara. Hversu sjálfrátt þetta er ríkisstj., skal ég ekkert um fullyrða. En í sambandi við þetta er verzlunarstéttinni gefið tækifæri til þess að hagnast á gömlum vörubirgðum.

Þá kom gamli söngurinn fram hjá hæstv. fjmrh., að tollarnir lentu jafnt á öllum, og þess vegna væru þeir sanngjarnir. En það er einmitt þetta, að þeir lenda jafnt á öllum, sem gerir þá ósanngjarna. Og þetta er alveg óhæft fyrirkomulag frá sjónarmiði almennings, af því að menn eiga að bera skyldur sínar í hlutfalli við tekjur sínar. Og þessi nefskattaleið er alveg ófær, ofan á það, að þessar aðferðir, sem nú er lagt út í, verða til þess að auka verðbólgu og skapa enn meiri óánægju út af henni en þó enn þá er komin.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins í nokkrum atriðum koma að ræðu hv. þm. Siglf. Hann kemur hér með endurteknar staðhæfingar um það, að verzlunarstéttin sérstaklega leitist við að koma peningum út úr landinu. En ég býst nú við, að þegar farið er að athuga þessar fullyrðingar þessa hv. þm., þá komi í ljós, að það eru vissir taktar, sem hann og flokksmenn hans temja sér í sambandi við þessar fullyrðingar. Fyrir nokkrum árum var það útgerðin, sem var hundelt á svipaðan hátt. Þá átti hún að áliti þessara manna að hafa fengið of mikinn hagnað af atvinnu. Og allt er þetta málróf í þessum efnum nokkuð yfirborðslegt.

Þá minntist þessi hv. þm. á, að við í verzlunarstéttinni værum lausir við þá áhættu að annast sölu á íslenzkum afurðum. Ég hef oft tekið fram, og ég hygg, að hv. 2. þm. Reykv. sé mér sammála um það, að það eigi ekki að meina innflytjendum að reyna að finna markað fyrir útflutningsvörur. Því að þess má vænta, að þessir aðilar gætu fengið miklu hærra verð fyrir útflutningsvörurnar gegnum sína innflutningsstarfsemi. Þessu mætti haga þannig, eins og ég sagði nýlega hér, að setja mætti lágmarksverð á útflutningsvörurnar, sem fyrir minnst mætti selja þær út úr landinu, og leyfa svo innflytjendum að selja útflutningsvörur skv. þeim verðákvörðunum, og láta menn spreyta sig á því að ná því verði fyrir vörurnar. Það er því út í hött, sem hv. þm. Siglf. sagði í þessu efni hér.

Mér finnst það annars skjóta nokkuð skökku við, sem hv. Sósflþm. segja hér um þessi mál, að það þurfi t. d. að afnema einhverja einokun, sem þeir tala um í sambandi við verzlunina hér á landi. Um einokun er venjulega talað, að ég held, í þeim skilningi, að verzlunin sé á einni hendi eða því sem næst. En þó er því haldið jafnframt fram af þessum sömu mönnum, sem tala hér um þessa einokun, að það séu allt of margir menn, sem hafi á hendi heildsöluverzlun. Aukning á tölu heildsalanna og einokun getur aldrei farið saman. Þarna kemur því fram ein af rökvillum þessa hv. þm.

Þessum hv. þm. má líka vera ljóst, að útgerðin situr sérstaklega fyrir um allan þann gjaldeyri, sem hún þarf til innkaupa til síns atvinnurekstrar. Þetta má honum sem fyrrv. atvmrh. vera fullkunnugt, að svona hefur þetta verið. En þessi hv. þm. vill í þessu snilldarganga það, sem er satt og rétt, en halda fram afbökunum og afvegaleiddri málsmeðferð.

Þá vildi þessi hv. þm. snúa út úr orðum mínum í sambandi við það eftirlit, sem ég minntist á. Fyrst minntist ég á, að sú gamla gjaldeyris- og verðlagsn. frá 1939 var áður en viðskiptaráð tók til starfa og var á skömmtunartímabilinu frá 1932 til 1939. Og hafi þá komið hagnaður fram hjá kaupsýslustéttinni, þá var skattafyrirkomulagið þannig í þessu landi, að einmitt fyrir þá háu skatta, sem greiddir voru, heldur kannske hv. þm. Siglf., að ágóðinn hafi verið óeðlilega mikill þá af verzluninni. En ef hann kynnir sér það skattafyrirkomulag, sem nú er, þá mun hann komast að raun um, að meginið er tekið af tekjunum í skatta.

Þá vildi hv. þm. Siglf. halda fram, að Sjálfstfl. væri útgerð heildsalanna og að þeir ættu blöðin. Ég vil í eitt skipti fyrir öll taka fram, að þó að þetta sé vel mælt í garð stéttarinnar, þannig að hún sé álitin dugmikill kraftur í þjóðfélaginu, þá held ég nú, að Sjálfstfl. sé það fjölmennur í landinu, að heildsalastéttin sem slík ráði þar litlu. Og það er vitað, að a. m. k. Morgunblaðið hefur algerlega fylgt stefnu miðstjórnar Sjálfstfl. í einu og öllu. — Ég veit hins vegar ekki, hvernig samkomulagið er á milli útgefenda Þjóðviljans, og það er mál, sem mig langar ekkert til að vita um. En það virðist mér einkennilegt að blanda þessum atriðum inn í þessar umr. Ég held, sem betur fer, að það hafi komið fram, að yfirleitt allar stéttir hafi búið við góðæri undanfarið í þessu landi. Og við megum allir fagna því, að svo er, og það ætla ég að vona, að megi haldast. En þó að hv. þm. Siglf. haldi því fram, að verzlunarstéttin eigi höfuðsök á dýrtíðinni, þá læt ég mér það í léttu rúmi liggja, þótt hann kasti fram órökstuddum staðhæfingum í því sambandi.

Áki Jakobsson: Hv. 3. þm. Reykv. segist vera á móti því að einoka útflutningsverzlunina. Hann hefur þó, ásamt fleiri stéttarbræðrum sínum, ákaflega mikið grætt á því, að það verzlunarfyrirkomulag er haft í útflutningsverzluninni, sem nú er. En þetta, hversu útflutningsverzlunin hefur dregizt á fáar hendur og hvað ríkið hefur blandað sér þar í, er ein af afleiðingum þess, að útgerðin hefur verið féflett, þannig að útgerðarmenn hafa bókstaflega

fyrra). En ég hef sagt, að útvegsmenn sæju, að það gæti ekki gengið lengur að hafa verzlunarfyrirkomulagið með útgerðarvörur eins og það væri nú, að heildsalar notuðu verzlun með þær vörur til að græða á henni. Og ég sagði, að þess vegna yrði að grípa til einhverra úrræða annarra, t. d. landsverzlunar. Og ef fyrirkomulagið verður áfram eins og það hefur verið á undanförnum árum, eins og líkur út fyrir, að ætli að verða undir stjórn núv. hæstv. ríkisstj., þá getur verið, að það fari svo, að útvegsmenn verði allir fylgjandi landsverzlun með þessar vörur. Og það eru kannske heildsalarnir sjálfir, sem bezt eru til þess fallnir að skapa þeirri landsverzlun fylgi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:5 atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 607, n. 617 og 623).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JörB, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, BG.

17 þm. (ÁkJ, EOl, GÞ, GSv, GÞG, HermG, JPálm, JS, JJ, KTh, AJ, ÓTh, PÞ, PO, SigfS, SB, SG) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, var þetta frv. rætt ýtarlega í gær og nótt. Því var að lokinni umr. vísað til fjhn., og hefur n. afgr. málið þannig, að meiri hl. fellst á, að frv. fái afgreiðslu og að það verði samþ. að mestu óbreytt. Þó skal ég taka það fram, að varðandi 5. gr. frv. hafa nm. óbundnar hendur við atkvgr., og munu sumir vilja fella gr.

Ég vék að því við 1. umr., og það kom líka greinilega fram við umr. og rökstuðning hv. fjmrh., að ríkissjóðurinn hefði mikla þörf fyrir þennan tekjuauka. Það var líka tekið fram við umr., að þetta væri mjög veik leið, að auka tolla og skatta, en aðra leið hefði ekki verið hægt að finna, sem samkomulag hefði orðið um.

Eins og tekið er fram í aths. við frv. og fram kom í umr. og í skýringum hæstv. fjmrh., þá kom þar fram sá grundvöllur, sem meiri hl. n. ákvað að fylgja frv. til samþykktar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að teygja umr. nú við framsögu. Minni hl. n. mun gera ýtarlegar brtt. við frv., sem hann skýrði n. frá og nú eru fram komnar á þskj. 626. Ég læt svo staðar numið með þessi orð frá meiri hl. fjhn. varðandi afgreiðslu meiri hl. n. á frv. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Mér hefur skilizt, að forseti muni ekki ætla að leita afbrigða varðandi brtt. á þskj. 626, þótt of skammt sé liðið síðan hún kom fram. **(Forseti:** Það verður gert að aflokinni ræðu hv. þm., og er það leyfilegt í þingsköpum). Já, forseti, ég tek þessa skýringu til greina.

Ég hef ekki orðið sammála meðnm. mínum með afgreiðslu þessa máls. Það er mikil vinna að gera brtt. við frv., en ég mun þó reyna að bera brtt. fram, þótt tíminn til athugana á frv. sé mjög naumur. Ég hafði ætlað mér að ræða við nokkra aðila varðandi málið og sendi því Alþýðusambandinu, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi útvegsmanna og Landssambandi iðnaðarmanna brtt., og óskaði ég þess, að þessi félagasamtök létu álit sitt í ljós varðandi þetta mál. Það er eins og gefur að skilja, að þegar leggja á 30 millj. kr. á landsmenn með nýjum tollum, að þá er ekki nema eðlilegt, að þessir menn séu að spurðir og tilkynni skoðun sína. Mér hefur nú borizt bréf frá Alþýðusambandi Íslands varðandi þetta, og með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa það bréf hér upp. Það hljóðar svo:

„Samkvæmt ósk minni hluta fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis um umsögn vora varðandi frv. til laga um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947, sem borið er fram af ríkisstj., skal því hér með lýst yfir, að Alþýðusamband Íslands lítur svo á, að nefnt frv. sé óskammfeilin árás á launastéttir landsins og hafi raunverulega í för með sér, ef samþ. verður, stórlega aukningu dýrtíðarinnar.

Um leið og sambandið skorar á Alþingi að fella þetta frv., lýsir það því jafnframt yfir, að það muni beita sér fyrir viðeigandi gagnráðstöfunum af hálfu launþegasamtakanna, verði frv. að lögum.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Íslands

Jón Rafnsson."

Þetta var bréf Alþýðusambandsins, og frá Landssambandi útvegsmanna hefur mér borizt bréf, þar sem segir, að Landssambandið hafi ekki tök á því að boða til fundar nú þegar, en að það muni reyna að kalla saman fund næstkomandi mánudag. Frá öðrum aðilum, sem ég hef beðið um álit, hefur mér enn ekki borizt svar, og er það nú varla von, því að mjög stutt er liðið síðan þetta frv. kom fram og er ég fór þess á leit við þessi félagssamtök að senda álit, og það er nú svo, að ekki er hægt að boða til funda í stjórn þessara félaga með nokkurra klukkustunda fyrirvara, og það er mjög slæmt að þurfa þetta mál með slíkum hraða í gegn á Alþingi. Ég hef áður skýrt afstöðu mína varðandi stefnu mína í þessu máli, og mun ég nú halda mig við hin smærri atriði, og þótt ég sé algerlega á móti þessu frv., þá mun ég samt freista að gera brtt. við frv. við þessa umr., og mun ég nú gera hér grein fyrir grundvelli brtt.

Hæstv. ríkisstj. hefur haldið því fram, að hún hafi byggt till. sínar á áliti hagfræðinganna, og hæstv. forsrh. var að reyna að lesa upp kafla hér úr þessu áliti, en forðaðist þó að lesa of langt í álitinu. Ég vil nú leyfa mér að lesa hér kafla í sömu opnu og hæstv. ráðh. las. Þeir segja:

„Nefndin telur, að heppilegasta ráðið til að koma á jafnvægi í greiðsluviðskiptum út á við sé það að hækka til mikilla muna tolla á innfluttum vörum. Sé það gert, án þess að peningatekjurnar hækki, hlýtur afleiðingin að verða takmörkun á eftirspurninni eftir aðkeyptum vörum og væri með því hægt að draga mikið úr gjaldeyrisnotkuninni." Og enn fremur segir: „Undanþegið tollahækkuninni ætti að vera: 1) Tæki og vörur, sem notaðar eru til uppbyggingar á framleiðsluatvinnutækjum. 2) Allar þýðingarmeiri rekstrarvörur til sjávarútvegsins og landbúnaðar. 3) Byggingarefni. 4) Kornvara, kaffi, sykur og e. t. v. nokkrar aðrar nauð-

synlegar matvörur. Enn fremur eldsneyti til hitunar og ljósa.“

Þetta var nú úr þeim kafla, sem hæstv. forsrh. var að vitna í. Hagfræðingarnir vilja koma á jafnvægi í greiðsluviðskiptum, en fyrst stj. segist halda sig við þetta álit hagfræðinganna, þá ætti hún að halda sig við það. Ríkisstj. segist ætla að tryggja sjávarútveginn, en það liggur í augum uppi, að ef þar fylgdi hugur máli, ætti stj. ekki að leggja stórkostlega tolla á sjávarútveginn og þess vegna ætti sjávarútvegurinn að vera undanþeginn tollum, svo og nauðsynjavörur sem matvörur.

Ég hef farið í gegnum tollskrána og hef reynt að undirbúa brtt. eftir getu og eru brtt. mínar prentaðar á þskj. 626 og eru þær varðandi 3. gr. frv., eða undanþágugr. Við tollskrárkafla 7 nr. 1—8 legg ég til, að grænmeti, nýtt og þurrkað, verði undanþegið. Það er almennt viðurkennt, að hér á landi sé nýtt grænmeti alveg nauðsynlegt í daglegri neyzlu fólks. Er því alls fjarri að tvöfalda toll af því og sama gildir um ávexti, að ekki er ástæða til þess að tolla þá og ekki fremur vegna þess, að erfitt er að fá óskemmda ávexti hingað til landsins og oft hafa afföll orðið mikil, og er ekki nema eðlilegt, að varan verði ekki svo tolluð, að almenningi sé ekki kleift að kaupa þessa vöru með skaplegu verði.

Þá er það 11. kafli nr. 13—15, það er mjöl úr baunum og ertum o. s. frv., kartöflumjöl o. fl., og er þó ekki hér talið allt, heldur aðeins það allra sjálfsagðasta. Enn fremur við 15. kafla nr. 9—19, sem er feiti og feitar olíur úr jurtaríkinu og er það m. a. olíur, sem notaðar eru til smjörlíkisgerðar, að ekki er ástæða til þess að bæta þar á tollhækkunum. — Þá er kafli nr. 1—13, sem er skepnufóður. Það er öllum kunnugt, að fóðurmjöl er stór liður hjá bændum sem fóður, og er sérstaklega tekið fram í áliti hagfræðinganna, að undanþiggja skuli þessa vöru, og legg ég því til, að hér verði undanþága veitt. — Við 25. kafla nr. 17 er einn liður, en það er sement. Mér finnst ófært að hækka toll á nauðsynlegu byggingarefni. Ríkisstj. fyrrv. hefur reynt að gefa mönnum möguleika á því að byggja sér viðunandi húsakynni og útrýma heilsuspillandi íbúðum og hefur lækkað hundraðshluta lánsvaxta, og ef ríkið á nú að fara að koma því til leiðar, að byggingarefni hækki, þá er verið að taka úr einni hendi og gefa hinni og er það vítaverð pólitík. Þess vegna legg ég til, að sement verði undanþegið.

Þá kem ég að tollskrárkafla nr. 35, og hef ég hlaupið hér yfir mjög mikið úr tollskránni. Þarna er ekki nema einn liður, eftir því sem ég hef komizt næst, þó að hér standi 1—10. Ég hef ekki alveg getað gengið úr skugga um það með samanburði við l., sem hafa verið sett síðan 1942. Ef þetta er eitthvað rangt hjá mér, vona ég, að hæstv. forseti leyfi mér að leiðrétta það.

Því næst tek ég upp úr 40. kaflanum, sem fjallar um trjávið, 1—19. Það er óunninn trjáviður eða sagaður, sem ég legg til, að verði undanþeginn. Það sama gildir einnig með þetta og sementið, í það minnsta að því leyti, sem þessar vörur eru notaðar til bygginga, og einnig trjáviður, sem notaður er til húsgagnasmíði.

Það er alveg fjarstæða að vera að hækka tolla á þessum vörum á meðan ríkið er að — eða í það minnsta hefur lýst yfir, að það vilji — hjálpa mönnum til þess að byggja yfir sig. Og það er alveg sérstaklega einkennilegt af ríkinu að gera þetta þegar auðséð er, að það er að verða erfiðara fyrir menn en verið hefur að byggja yfir sig. Það er erfiðara að fá lán þrátt fyrir öll l., sem samþ. hafa verið um slíkt. Og ef á að fara að halda áfram þeirri pólitík, sem hér liggur fyrir að gert verði, og þess vegna verður erfiðara að afla tekna, sem þarf til þess að standa straum af því að geta byggt fyrir sig, þá vil ég leggja til að undanþiggja þarna efni til íbúðarbygginga.

Það virðist koma nokkuð úr hörðustu átt að fara í sambandi við l., sem sagt er, að gerð séu til þess, að atvinnuvegirnir geti borið sig, að leggja skatta á það efni, sem notað er til húsbygginga, eins og timbrið og sementið.

Það hefur verið rætt um það og á síðasta þingi gerðar nokkrar ráðstafanir til þess, að hægt væri að koma upp tunnuverksmiðju í landinu til þess að auka atvinnu, og þá sér hver maður, að það nær þá ekki nokkurri átt á slíkum tímum að fara að tvöfalda þessa tolla á tunnuefni og tunnustöfum. Það liggur alveg í augum uppi, að slíkt er alveg fjarstæða.

Í þessum sama 40. kafla hef ég líka lagt til að undanþiggja svo sem hurðir og glugga og þess háttar. Það er vitanlegt, að menn hafa reynt að kaupa þetta inn undanfarið til þess á þann hátt líka að koma sér upp ódýrum húsum. Og þótt fyrirheit hafi áður verið gefin mönnum um það, að þeir yrðu undanþegnir tollum af þessu, en það var á síðasta þingi samþ. heimild til fjmrh. um það að mega fella niður toll á sænsku húsunum, þá á nú ekki aðeins að hætta við að nota þessa heimild, heldur líka að hækka tollana á þeim frá því, sem þeir mundu hafa verið, ef þeir hefðu verið lagðir á.

Þetta öngþveiti og öryggisleysi fyrir borgarana, sem ætla að reyna að byggja fyrir sig, er alveg óþolandi. Nú hafa þeir, í trausti þess, að þessi heimild var samþ. á Alþ. í fyrra, reynt að afla sér þessa byggingarefnis og hafa reiknað með því, að sú heimild yrði notuð um að undanþiggja þetta efni tolli. Þeir fá nú allt í einu að vita, ef þetta frv. verður samþ. eins og það er, að hækkaður verði tollur á þessum hluta húsanna í staðinn fyrir að fá hann lækkaðan. Á hvað geta borgararnir reitt sig, þegar svona er farið að?

Ég vona, að þessi brtt. megi finna náð fyrir augum hv. dm. og mæti skilningi þeirra sömu hv. þm., sem samþ. hafa áður þessa heimild, sem ég minntist á.

Þá kem ég að 41. kaflanum. Þar hef ég lagt til, að korkvörur væru undanþegnar sérstaklega að því er snertir einangrunarvörur fyrir frystihúsin. Ríkið hefur tekið að sér ábyrgðina fyrir verði á hraðfrystum fiski, og ekki þá síst af þeim ástæðum, sem haldið hefur verið fram, að ástæðan fyrir þessari tekjuöflun sé að halda niðri dýrtíðinni vegna sjávarútvegsins. Og þá liggur það alveg í augum uppi, ef það er meiningin með þessu frv., að það er alveg valin skökk leið að leggja toll á vörur, sem hraðfrystihúsin þurfa.

Þá hef ég tekið hér úr 48. kaflanum og 49. kaflanum nokkrar vörur, sem sérstaklega miðar að því að undanþiggja vinnuföt. Það er ekki ástæða til þess að láta þessa vinnugalla, sem verkamenn nota, fara að hækka í verði vegna þess að ríkið þurfi á tollunum að halda. Þetta kemur alveg beint yfir

á vinnandi menn í landinu og heyrir náttúrlega til atvinnurekstrar.

Þá hef ég hlaupið yfir allan kaflann að 63. kaflanum. Ég hljóp yfirleitt yfir allan fatnað, en auðvitað má segja, að þeir tollar séu háir og getur verið, að fram komi brtt. við 3. umr. um þann lið. Ég hef reynt í þessum brtt. að fá sem flest inn í, sem helzt snertir atvinnuvegina, og þá til þess að sjá, hvernig þeim yrði tekið. Hins vegar hef ég ekki lagt til að lækka toll á almennum fatnaði handa fólki, en það verður þá kannske tekið við 3. umr., eftir því hvernig fer um þessar brtt.

Ég hef ekki tekið skófatnað eða þess háttar, og er þá 63. kaflinn næst, sem er um járn og stál. Járn og stál er alveg óhjákvæmilegur liður í framleiðslu okkar og atvinnuvegum. Að fara að hækka tollana á þessu, það er að leggja beina skatta á alla atvinnuvegi, sem menn þykjast vera að borga niður. Þessi kafli er mjög stór og mér hefur ekki unnizt tími til þess að fara í gegnum hann allan á þeim tíma, sem ég hef haft til þess að athuga þetta.

Þá kem ég að 72. kaflanum, þeim kafla, sem fjallar um vélar og annað slíkt, sem ég álít, að nauðsynlegt sé að taka þarna inn í 3. gr. frv. Það er fyrst og fremst 10.—21. gr., sem eru um vélar til landbúnaðarins, svo sem dráttarvélar og aðrar vélar, sem vissulega eru notaðar við landbúnaðarframleiðsluna. Það er vitanlegt, að við verðum að reyna að gera stórkostlega breytingu á landbúnaðinum til þess að hægt sé að hafa sem mest upp úr honum.

Undanfarið hefur sérstaklega verið lögð áherzla á það, að bændur reyndu að fá sér slíkar vélar, svo sem dráttarvélar, sem eru dýrar, og fleiri vélar, sem verðtollurinn er þarna hæstur á. Það hefur verið gert mikið að því að hvetja bændur til þess að kaupa sér landbúnaðarvélar, og hafa bændur tekið öllum þeim áskorunum frábærlega vel. Þeir hafa skilið það vel, að til þess að íslenzkur landbúnaður verði rekinn sómasamlega hér á landi, þarf fyrst og fremst nýtízku vélar til þeirra starfa. Þeim hefur líka verið lofað styrkjum til þessara vélakaupa og hafa þeir því pantað meira af vélum en hægt hefur verið að láta þeim í té. En hvað er svo gert? Einmitt þegar bændur eru búnir að gera þessar miklu pantanir, í trausti þess, að þeir fái styrk til þeirra kaupa, þá á að tvöfalda tollana á þessum landbúnaðarvélum. Þetta eru hreinar mótsetningar — svona geta menn ekki farið að.

Í 72. kafla eru fleiri vélar, sem ég vil að fylgi þarna með, en það eru vélar til mannvirkjagerðar og túrbínur til rafmagnsframleiðslu, og virðist það ekki óeðlilegt, að svo sé, þegar ríkið sjálft byggir mestan hlutann af þessum fyrirtækjum, t. d. rafvirkjanir. Það virðist undarlegt, að ríkið ætli að græða á því að leggja skatt á vörur, sem það ætlar sjálft að kaupa.

Þá hef ég enn fremur lagt til, að tollur falli niður á vélum til þess að vinna með úr íslenzkum hráefnum. Það hefur verið af hálfu hins opinbera verið gert nokkuð af því síðustu tvö undanfarin ár að hvetja menn og gera ráðstafanir til þess að þeir keyptu þessar vélar, og að fara að hækka toll á þessu, væri í raun og veru það sama og kippa þessu öllu til baka.

73. kafli fjallar um rafmagnstæki, og hef ég tekið þar 37.—45. liðinn. Þær gr. fjalla um rafmagnstæki, svo sem þvottavélar, strauvélar og annað slíkt. Og ég held áreiðanlega, að hér liggi fyrir framan mig á borðinu frv., sem við fluttum, með óbundnar hendur þó, að beiðni hæstv. fjmrh., þar sem beinlínis er verið að lækka tollana á þessum heimilisvélum. Ég held endilega, að ég muni þetta rétt, að það sé þar um að ræða beinlínis þær ráðstafanir til þess beinlínis að lækka tollana á þessum vélum. En af því að umr. um þetta mál hefur gengið svo fljótt, hefur mér ekki unnizt tími til þess að bera þetta saman. Það liggur fyrir frv. frá fjmrh., þar sem gengið er út frá, að tollar á búsáhöldum lækki. Og fyrir nokkru síðan var samþ. þáltill. um, að hjálpað væri til þess að fá meira af slíkum innflutningi inn í landið. Og mjög mikið var upp úr því lagt af hálfu kvenfélaganna, sem hafa látið til sín taka í þjóðmálum, að sem flest heimili gætu fengið slíkar vélar til þess að létta þann þrældóm, sem er hjá kvenfólki, sem verður nú að vinna heimilisstörf. Nú á að tvöfalda tollana á þessu öllu saman, sem er allmikið fé. En ég held, að það sé alveg ófært að hafa þessar vinnuaðferðir, að hvetja menn til þess að flytja þetta inn, lofa mönnum því, sem hér liggur fyrir, lækkun á tolli, koma svo með frv., þar sem gengið er út frá tvöföldum tolli og jafnvel þreföldum tolli á þessum vörum. Þetta getur ekki gengið. Ég vona því, að hv. þm. fallist á að undanþiggja þessi rafmagnstæki til heimilisþarfa.

Svo eru hér nokkur rafmagnstæki, svo sem borvélar, lóðhamrar, logsuðutæki og logskurðartæki. Ég hefði viljað taka þarna fleiri tæki inn, en ég vildi þó reyna að taka fyrst það allra nauðsynlegasta, sem ég tel alveg sjálfsagt að hækka ekki toll á.

Þá er eitt atriði í 75. kaflanum nr. 4. Þar vil ég undanþiggja vörubíla þessum tolli. Sama er að segja um 76. kaflann nr. 3—6, það eru skip og bátar. Ég held áreiðanlega, að það hafi ekki orðið nein breyt. á þeim l. síðan 1942. En eftir því, hvernig það var 1942, þá er það þannig, að samkv. 2. lið 76. kafla eru skip, sem eru 150 tonn eða stærri, tollfrjáls, en hins vegar 10—150 tonna skip og bátar tollað. Og nú ætti eftir þessu frv. að tvöfalda þann toll, en hin eiga alveg að vera tollfrjáls. Ég verð nú að segja, að það sýnist ekki vera sanngjarnt. Samtímis er svo lagt til að tvöfalda tollinn á herpinótabátum, — alveg á sama tíma, sem verið er að tala um, að það sé mjög erfitt að útvega þá og vitað er, að þeir hafa stigið í verði. Ég álít það þess vegna alveg óþarft að vera að gera þetta erfiðara en þörf er á með kaup á þessum skipum og bátum.

Ég vildi mega óska þess, að þessi upptalning mín og þessar litlu brtt. mínar verði til þess, að hæstv. ríkisstj. átti sig á því, eins og hún gerði hér í sambandi við bifreiðaskattinn. Það mætti vissulega taka margt fleira upp, sem nauðsynlegt væri að leiðrétta, en alveg sérstaklega vildi ég óska þess, að hæstv. ríkisstj. taki sem mest af þessu til greina, því að þessar brtt. fara aðeins fram á það, sem er allra nauðsynlegast, og samkvæmt yfirlýstum tilgangi sjálfrar stj. með þessu frv. væri sjálfsagt að samþ. þær. Ef ríkisstj. ætlar að byggja allt á álíti hagfræðingan., sem hún hefur minnzt á, þá á hún að samþ. þær allar. Svo er það eftir sem áður deilumál, hvort leggja á allar þær kvaðir á almenning, sem hér er um að ræða með þessum breytingum á tollskránni. Og hvað það snertir, þá

vil ég koma með nokkrum orðum að því, sem rætt var um í gær, því að það hafa gerzt þeir hlutir síðan, sem mér alveg blöskrar. Það er sem sagt grein, sem stendur í Morgunblaðinu í dag. Ég las hana í því blaði, sem er aðalmálgagn hæstv. ríkisstj. og þar að auki stærsta og útbreiddasta blað landsins. Ég var hér í gær búinn að hlusta á hæstv. fjmrh. flytja ræðu í sambandi við þessi háu tollafrv. og reyna að verja þau og fá þm. til þess að ganga inn á þau. Ég skildi það vel, að hæstv. fjmrh. gerði það engan veginn glaður að leggja á þá háu tolla, enda tók hann það sjálfur fram. Ég þykist vita, að hann muni gera eins og oft er um menn, sem við stjórnmál fást, fara eftir því, sem hans flokkur hefur ákveðið, gera það, sem hans flokkur hefur samþ. og hafi þannig flokk sinn á bak við sig og þyki í því öryggi. En hvað les ég svo í Morgunblaðinu í morgun? Það er einmitt grein um þessi mál, og fyrirsögnin fyrir greininni, sem er ritstjórnargrein, hljóðar þannig: „Óheillastefna.“ Síðan segir í leiðara þessa blaðs, sem ég les ekki allan hér upp, nokkurn veginn á þá lund, að fyrrv. fjmrh. — já, það hafi nú verið sniðugur maður. Og Morgunblaðið segir, að þegar fyrrv. fjmrh., Pétur Magnússon, lagði fjárlfrv. fyrir Alþ., voru gjöldin á rekstraryfirliti áætluð 146 millj. kr. og tekjurnar tæpum 10 millj. kr. lægri. Og í þessu fjárlfrv. hafi ekkert verið áætlað fyrir niðurgreiðslum landbúnaðarvara, þar eð fyrrv. fjmrh. hafi ekki talið fært að halda áfram á þeirri braut. Og enn fremur, að Pétur Magnússon hefði tekið fyrir það að verða fjmrh. áfram, ef ekki yrði hætt niðurgreiðslum. Hann vildi taka landbúnaðarvörurnar út úr vísitölunni, en það hefði lækkað framfærsluvísitöluna um 40 stig. Og Morgunblaðið lýsir þannig viðhorfinu, þegar nýja stj. tók við, og segir:

„Stj. hafði úr vöndu að ráða. Spurningin var í fyrsta lagi: Vildi stj. og gat hún sætt sig við minni verklegar framkvæmdir? Í öðru lagi: Taldi stj. rétt og treysti hún sér til þess að hætta niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum og taka þær út úr vísitölunni, eins og fyrrv. fjmrh. lagði til?

Þingið valdi hitt úrræðið. 1) að auka verklegar framkvæmdir, 2) að halda niðurgreiðslunum áfram og 3) að auka niðurgreiðslur í því skyni að stöðva að formi til vöxt dýrtíðarinnar, enda má segja, að síðasta úrræðið hafi verið óhjákvæmilegt, eins og komið var.“

Morgunblaðið segir enn fremur á þá leið, að afleiðing þessa hafi hlotið að vera annað tveggja, stórfelldur hallarekstur á ríkisbúskapnum eða stórauknar nýjar álögur, og stj. hafi ekki haft annað úrræði en að taka síðari kostinn eins og Hermannsnefndin (þ. e. hagfræðingarnir) hafi lagt til.

Svo stendur enn fremur í þessari sömu gr.:

„Morgunblaðið telur fyrir sitt leyti, að hér sé stefnt út á svo háskalega braut, að það nálgist fullkomið brjálæði. Hvaða vit er í að vera með um eða yfir 200 millj. kr. fjárl., meðan allt er í óvissu um sölu á aðalútflutningsvöru landsins? En menn verða að gera sér ljóst, að þessi óheillastefna er bein og óhjákvæmileg afleiðing þess, að ekki er hægt að ná samkomulagi um að stíga það eina spor, sem dugar, að ráðast gegn dýrtíðinni.“

Ég verð að segja það, að það er hart að vera fjmrh. fyrir flokk, sem skrifar svona í aðalblað sitt dag eftir dag á meðan fjmrh. er að berjast af öllum mætti fyrir þeirri stefnu, sem flokkur hans virðist hafa samþ.

Hv. 3. þm. Reykv. lýsti yfir því í gær út af gr., sem ég minntist á, að Morgunblaðið flytti aldrei annað en það, sem miðstj. Sjálfstfl. hefði samþ. Þessi leiðari virðist þess vegna samkvæmt samþykkt miðstjórnar Sjálfstfl. Hæstv. fjmrh. er fulltrúi Sjálfstfl. í ríkisstj. og ætti þá líka að vera með samþykkt miðstjórnar Sjálfstfl.

Hvað er nú þá stefna Sjálfstfl.? Er hún það frv., sem hér liggur fyrir, eða er það Morgunblaðsleiðarinn, sem talar um óheillastefnuna? Það má segja, að það má vera annað en skemmtilegt að vera fjmrh. fyrir flokk og fyrir blað, sem kemur svona fram. Það er hart að eiga að standa í baráttu hér á Alþ. við stjórnarandstöðu og fá svo svona rýtingsstungu í bakið dag eftir dag frá sínu eigin aðalflokksblaði. Og hvert stefnir þetta blað með þeirri afstöðu? Hugsar það sér að leika þarna skrípaleik fyrir þjóðina, að um leið og Alþingi samþykkir 30 milljón króna tolla á alþýðu manna, þá geti það sagt við hana: Við þvoðum hendur okkar af þessu, og við sögðum alltaf, að þetta væri brjálæði, og við stöndum ekki að þessu. Hvers konar aðferð er þetta? En það þýðir ekki að ætla að leika þennan skrípaleik og svívirða dómgreind þjóðarinnar með honum. Það er hreinasta brjálæði að skrifa svona á sama tíma, sem flokkur þessa blaðs er að samþ. slíka tolla.

Ég vil spyrja flokkana, sem styðja Sjálfstfl. að þessari óheillastefnu, Framsfl. og Alþfl.: Finnst þeim það sérstaklega þægilegt í samstarfi að fá það nú tilkynnt af stærsta og útbreiddasta blaði landsins, sem sent er inn á hvert heimili, að þeir séu nú, Alþfl. og Framsfl., með óheillastefnu, sem nálgist brjálæði, og auðvitað sé Sjálfstfl. á annarri skoðun, og meira að segja þó að fjmrh. sé úr Sjálfstfl. Hvers konar aðferð er þetta? Hvers konar pólitík er þetta? Það má vera meira en lítil fyrirlitning á dómgreind almennings fyrir hendi til þess að geta komið svona fram.

Sjálfstfl. verður að gera það upp við sig, hvort hann vill samþykkja þessar till., sem hér er um að ræða, eða stoppa það „brjálæði“, sem hér á að fara að framkvæma. Svo kemur Morgunblaðið auðvitað síðan með það, að Sjálfstfl., já, það hafi nú verið auðvitað, að hann sæi rétt í öllum þessum hlutum.

Og í sambandi við stjórnarmyndunina í okt. 1944 segir enn fremur í Morgunblaðinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt er í þessu sambandi að minna á, að þegar fyrrv. stj. var mynduð í okt. 1944, gaf Sjálfstfl. yfirlýsingu í þrem liðum: 1) að verja megninu af erlendum innstæðum þjóðarinnar til kaupa á nýjum framleiðslutækjum, 2) að tryggja vinnufrið í landinu, meðan framleiðslan bæri sig, og 3) að þegar séð væri, hvað hin nýju framleiðslutæki gætu staðið undir, skyldi tilkostnaður við framleiðsluna færður í samræmi við það.

Fyrsta og annað atriðið í þessari yfirlýsingu hafa verið framkvæmd. Þjóðin hefur fest kaup á nýjum og fullkomnum framleiðslutækjum til lands og sjávar, sem eru svo stórfelld, að það verður atvinnubylting í þjóðfélaginu, þegar þau öll eru komin í notkun. Mörg þessara nýju tækja eru komin til landsins, en hin eru sem óðast að koma. Þetta

verk fyrrv. stj. er tvímælalaust hið farsælasta, sem nokkru sinni hefur verið framkvæmt.

En það er hægt að eyðileggja árangurinn af þessu farsæla starfi. Og það verður gert, ef ekki verður nú þegar horfið að þriðja atriðinu í yfirlýsingu Sjálfstfl. frá 1944, að koma tilkostnaðinum í samræmi við burðarþolið."

Þetta segir Morgunbl., aðalmálgagn Sjálfstfl., þegar flokkurinn er að taka þveröfuga stefnu á þingi. En hvað er svo satt í þessu? Morgunblaðið segir, að Sjálfstfl. hafi viljað berjast fyrir því að koma framleiðslukostnaðinum í samræmi við burðarþolið. En nýsköpunin, sem Morgunblaðið talar um, var ekki búin, þegar núv. stj. tók við völdum. Hún var að byrja. Hæstv. fjmrh. og menntmrh. voru að ræða um það í gærkvöld, hversu mikið hefði verið flutt inn í landið, en við sósíalistar hefðum svo hlaupið burt frá öllu, frá allri nýsköpuninni. Varðandi þetta og einnig það, sem Morgunblaðið sagði um, að nýsköpunin væri fullkomin, vil ég segja nokkur orð.

Það er sannast frá að segja, að barátta stóð yfir allan tíma okkar í ríkisstj. um það, hvort fengist lagt til hliðar nægilegt fjármagn til framkvæmda. Meiri hl. Alþ. hafði samþ. að leggja til hliðar 15% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar í þessu augnamiði. Við sósíalistar vildum leggja til hliðar meira af tekjum þjóðarinnar í þessu skyni. Nýbyggingarráð hafði þar að auki samþ. að leggja til við ríkisstj. í júní 1946 að taka 100 millj. kr., sem þá voru óeyddar, og láta þær á nýsköpunarreikning. En fyrrv. fjmrh., Pétur Magnússon, sveikst um að framkvæma l. um að leggja 15% til hliðar og gegndi því í engu að leggja til hliðar 100 millj. kr. til viðbótar á nýsköpunarreikning og spara með því 100 millj., sem nú eru farnar í eyðslu, og hélt í þess stað uppi þessari skefjalausu eyðslustefnu. Af þeim 300 millj. kr., sem lagðar voru til hliðar í upphafi á nýsköpunarreikning, þá var ákveðið að kaupa togara fyrir 100 millj., flutningaskip fyrir 50 millj. og gera aðrar samsvarandi ráðstafanir varðandi aðra atvinnuvegi. Og með því var búið að ráðstafa þessum 300 millj. Þess vegna þurfti meira fé til þessara hluta og Alþ. gerði sínar samþykktir í því augnamiði og nýbyggingarráð einnig, en fyrrv. ráðh, Pétur Magnússon, sem Sjálfstfl. bar ábyrgð á, og meiri hl. ríkisstj. neitaði að framkvæma þessar samþykktir og áskoranir. Og á þennan hátt var það, sem Sjálfstfl. hljóp frá nýsköpunarstefnunni. Ég ætla ekki núna að fara út í bankapólitíkina. En þetta er eitt af því, sem verður að draga fram. Það var með þessum aðgerðum fyrst og fremst, aðgerðum Péturs Magnússonar, sem Sjálfstfl. hljóp frá nýsköpuninni. Það er því fáránlegur skrípaleikur, þegar Morgunblaðið segir í dag, að stefna Sjálfstfl. sé að halda áfram nýsköpuninni. Og ef íslenzk stjórnmál skal reka með þessum málflutningi, þá er sannarlega tími til kominn að segja stopp. Og læt ég þetta nægja í bili.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 626, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að lýsa brtt. við frv., sem ég leyfi mér að leggja fram. Þessi till. mín er um það, að 5. gr. frv. falli niður. Þessi frvgr. er um það, að auk þeirra undanþága frá tollgreiðslu, sem um getur í 3. gr., sé fjmrh. heimilt að undanþiggja fleiri tegundir, ef það sé nauðsynlegt til að halda niðri verðlagi í landinu eða af öðrum knýjandi ástæðum. Það er nú í l. í tollskrá, að heimilt sé að undanþiggja ákveðnar vörutegundir tolli eða endurgreiða toll af einstökum vörutegundum. En í tollalögunum er engin svona víðtæk heimild, eða óákveðin, til áður. Heimildin til að endurgreiða toll er bundin við tilgreindar ákveðnar vörur. Og ég tel það ekki heppilegt að fara inn á þá braut að veita ríkisstj. heimild til þess að fella niður tolla af vörum ótiltekið, eins og gert er í 5. gr. Það væri þá nokkurn veginn á valdi ríkisstj. á hverjum tíma, hvaða tollur yrði innheimtur af hinum ýmsu vörutegundum, og það tel ég ekki heppilegt. Ég sé ekki heldur, að það sé nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að hafa þessa heimild, sem 5. gr. veitir. Ef það sýndi sig, að nauðsynlegt væri að undanþiggja fleiri vörur tollhækkun, mætti vitanlega flytja um það frv. og setja um það l., og þannig álít ég, að það ætti að gerast.

Hv. frsm. n., hv. 3. þm. Reykv., gat þess í sinni framsöguræðu, að nm. meiri hl. hefðu óbundnar hendur varðandi ákvæði þessarar gr. frv. Gæti ég því búizt við, að einhverjir þeirra greiddu atkv. með því, að þessi gr. frv. væri felld niður. Vænti ég þess, að till. verði samþ.

En fyrst ég er staðinn upp á annað borð, vildi ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um málið í heild. Það hefur þegar verið allmikið rætt, og er það ekki óeðlilegt, því það frv., sem hér er á ferðinni, hefði einhvern tíma þótt stórt mál, þar sem samkv. því er gert ráð fyrir að hækka innflutningstoll á varningi svo mikið, að hækkunin gefi í ríkissjóð 35 millj. kr. Þetta hefði einhvern tíma þótt stórt mál. En menn eru nú orðnir vanir stórum tölum og blöskrar ekki allt. Frv. þetta er fram borið til að jafna halla á fjárlfrv. Rekstrarhalli þess, er það fór til 2. umr., nam 30 millj. kr. Gjöld á rekstrarreikningi eru nú 197 millj. Þegar við berum það saman við ríkisútgjöldin eins og þau voru síðustu árin fyrir styrjöldina, þá sést, að þau hafa 12-faldazt. Þetta er 12 sinnum hærri upphæð en var á þeim árum. Það er ekki ófróðlegt að athuga einnig nokkuð hlutfallið milli ríkisútgjaldanna og þess verðmætis, er fengizt hefur fyrir útflutningsvörur landsins. Á árunum fyrir styrjöldina 1935—38, að báðum meðtöldum, var þetta þannig, að útflutningur landsmanna var að meðaltali 53 millj. og 700 þús. Á þessum sömu árum voru útgjöld ríkissjóðs á rekstrarreikningi að meðaltali 16,6 millj. kr., eða sem næst 31% af útflutningsverðmætinu. Þetta hlutfall hefur raskazt mjög á síðustu árum. Árið 1944 voru ríkisútgjöldin um 49% af útflutningsverðmæti og 1945 komust þau upp í 54%. Við vitum ekki, hvað útflutningsverðmætið verður 1947. Það er í óvissu. En árið 1946 fluttu landsmenn út vörur fyrir 291 millj. Við verðum að miða við þá tölu og gera ráð fyrir, að útflutningurinn verði svipaður í ár. Ef við teljum útflutninginn um 300 millj., sem líklegt er, að hann verði ekki fyrir neðan, þá sjáum við, að ríkisútgjöldin eru komin upp í 70% af útflutningsverðmæti í stað 31% fyrir stríð, eins og ég gat um áðan. Nú er að vísu útflutningurinn eða verðmæti hans ekki algildur mælikvarði á afkomu þjóðarinnar. Það skal

játað. En þó segir hann meira en nokkuð annað um það, hvers við erum megnugir í fjárhagsefnum á hverjum tíma. — Mér finnst ástæða til að vekja athygli á þessu, þótt að vísu megi segja, að umr. um þessa hluti eigi eins við þegar fjárlfrv. er á dagskrá. Hækkanir ríkisgjaldanna á síðustu árum eru af mörgum rótum runnar, en það, sem einna mestu hefur valdið, mun þó vera t. d. launal., sem sett voru fyrir 2 árum ásamt stöðugri fjölgun starfsmanna og auknum kostnaði við ríkisrekstur inn. Þá má nefna skólalöggjöfina og tryggingarl. frá síðasta Alþ. En síðast og ekki sízt má svo nefna hækkun vísitölunnar í tíð fyrrv. stj., en hún hækkaði þá um 44 stig. Þetta hefur aukið útgjöld ríkissjóðs ákaflega mikið. Það er óhætt að fullyrða, að þessi hækkun á vísitölunni á tímabilinu hefur aukið útgjöldin um 20 millj. og er það ⅔ af þeim halla, sem nú er á fjárlfrv. Það er arfurinn, sem núv. ríkisstj. hefur tekið við. Og af þessu stafa erfiðleikarnir, sem við erum að fást við í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna.

Það hefur nokkuð verið minnzt á hagfræðingaálitið, og er það ekki óeðlilegt. Ég tel, að það mætti gjarnan láta fræðimenn athuga fleira en þeim var þar fengið til athugunar, og láta þá segja álit sitt um það. Það væri ekkert á móti því að láta slíka fræðimenn athuga, hvað stjórnarvöld landsins geta leyft sér að heimta mikla skatta og tolla til opinberra þarfa og hvað ríkisútgjöldin mega vera há í hlutfalli við þjóðartekjurnar. Þetta er rannsóknarefni, sem hagfróðir menn ættu að taka að sér. Ef slíkt væri athugað nú, yrði niðurstaðan vafalaust sú, að ríkisútgjöldin séu orðin of mikil í samanburði við þjóðartekjurnar. Það er kunnugt, að nú í augnablikinu er ekki hægt að koma fram skynsamlegum aðgerðum í dýrtíðarmálunum, sem m. a. gætu minnkað svo verulega fjárþörf ríkissjóðs, að eigi væri þörf fyrir þessar tollhækkanir og aðra þá tekjuauka, sem frv. liggja fyrir um. Einungis þess vegna, að samkomulag fæst ekki enn um það að fara þær leiðir, sem fara ætti í fjárhags- og atvinnumálum, eru frv. fram borin sem nokkurs konar nauðvörn. Þetta hefur komið fram í ræðum ráðh., sem talað hafa um tekjuaukafrv. Þeir hafa nefnt þau neyðarúrræði og bráðabirgðaúrræði, sem þau líka vissulega eru. Með þeim fæst engin varanleg lausn á þeim vanda, sem þjóðin er komin í vegna verðbólgu og dýrtíðar. Þetta eru aðeins óhjákvæmileg neyðarúrræði til þess að bjarga afkomu ríkissjóðs þetta árið. Til þess að komast út úr ógöngunum þarf aðrar ráðstafanir, eins og oft hefur verið bent á af framsóknarmönnum. Og e. t. v. er nokkur von um, að það, sem nú liggur fyrir og er að gerast, að ríkisútgjöldin eru fyrst og fremst vegna verðbólgunnar komin upp í 200 millj. kr., eða um 70% af útflutningnum, verði til þess að opna augu fleiri manna fyrir nauðsyn þess, að breytt verði um stefnu í fjármálum. Hv. andmælendur þessa frv. hafa haldið því fram í umr., að til þess að afla ríkissjóði nauðsynlegra tekna, hefði átt að fara öðruvísi að. Þeir hafa einkum talað um, að í stað tollanna hefði átt að leggja á stóríbúðarskatt. Rétt mun það vera, að til sé allmargt af óþarflega stórum íbúðum. Er það ekki sízt vegna þess, að fyrrv. stj. vanrækti að hafa eftirlit með og stjórn á því, hvernig innfluttu byggingarefni hefur verið ráðstafað. Þessi vanræksla stj. hefur gert einstökum mönnum fært að nota byggingarefni í óhófi, meðan aðra vantaði efni til nauðsynlegra bygginga. Vel getur komið til mála að leggja skatt á óhóflega stórar íbúðir, eins og aðra óþarfa eyðslu. En þó að slíkt væri gert nú, væri það engin lausn á þeim vanda, sem hér þarf við að fást, að ná 30 millj. kr. í rekstrarhalla fjárlfrv. Stóríbúðaskattur yrði aldrei nema lítið brot af því, sem nú vantar í ríkiskassann, og þótt hann væri á lagður, væri ekki hægt að komast hjá hækkun á tollunum. En það gæti verið skynsamlegt að leggja á stóríbúðaskatt og verja honum til þess að styðja nauðsynlegar byggingar í kaupstöðum og sveitum, sem nú vantar fé til. Stj. ætti að taka þetta til athugunar.

Það er ýmislegt, sem fram hefur komið í ræðum hv. þm. Sósfl., sem litur einkennilega út, þegar það er borið saman við verk þeirra á síðustu árum. Hv. 2. þm. Reykv. sagði við 1. umr., að Sósfl. hefði viljað stuðla að því, að gróði yrði á þýðingarmestu atvinnuvegum þjóðarinnar, svo sem sjávarútveginum. Og flokksbróðir hans, hv. þm. Siglf. fyrrv. ráðh., hefur einnig talað mjög mikið um umhyggju sína og flokks síns fyrir sjávarútveginum. Það er kunnugt, hvernig búið var að ýmsum þýðingarmestu atvinnuvegum þjóðarinnar á þeim tímum, sem þessir hv. þm. tóku þátt í ríkisstj. Ég gat um áðan, að á þeim tíma hækkaði dýrtíðin um 44 stig. Og ekki sízt þess vegna var svo komið fyrir sjávarútveginum nú í vetur, að engin fleyta, að togurum undanskildum, gat komizt á flot, nema ríkið gengi í ábyrgð fyrir afurðaverðinu. Þannig skildu nú þessir menn við sjávarútveginn ósjálfbjarga, þrátt fyrir enn verandi stríðsverð á öllum afurðum.

Þeir töluðu einnig mikið um það, hv. þm. Sósfl., að heildsalar væru of margir hér í landi og gróði þeirra of mikill. Ég get vel fallizt á, að það sé rétt, að þeir séu óþarflega margir og hafi grætt óþarflega mikið. En hvernig var nú verzluninni hagað meðan þessar kempur voru í stjórn? Aldrei í sögu landsins hafa heildsalar lifað eins góðu lífi og grætt eins mikið og á þeim árum, — aldrei nokkru sinni. Það var allt önnur útkoma hjá þeim á stjórnarárum Sósfl. en hjá útgerðarmönnum, sem sósíalistar þó þykjast bera svo mjög fyrir brjósti. Og þó að hrjóti annað slagið miður fögur orð á milli hv. 2. þm. Reykv., form. Sósfl., og hv. 3. þm. Reykv., þegar talað er um heildsalana og verzlunarstéttina, þá geri ég fastlega ráð fyrir því, að heildsalarnir yfirleitt hljóti að óska þess, að Sósfl. komist sem fyrst til valda aftur, til þess að leiða þá í Gósen. Því að eins og ég sagði, hafa þeir aldrei lifað eins góðu lífi og meðan sá flokkur átti ráðh. í ríkisstj. En ég býst við því, að útvegsmenn margir, aftur á móti, sem þessi flokkur þykist bera fyrir brjósti, biðji þess heitt og innilega, að Sósfl. komi ekki til valda aftur, vegna þeirrar ömurlegu reynslu, sem þeir höfðu af stjórnarferli þess flokks.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði áðan, þegar hann talaði um málfærslu Morgunblaðsins, að hann teldi málfærslu Morgunblaðsins móðgun við dómgreind almennings í landinu. Það er mikið til í þessu. Og hann kastaði svo fram þeirri spurningu: Hvers konar pólitík er þetta? En ég vil segja, að þegar Sósfl., verndari heildsalanna á undanförnum árum, talar um það, að þeir séu óþörf stétt í þjóðfélaginu, þá vil ég segja, að það sé móðgun við dómgreind almennings í landinu, og líka allt skraf

hans um umhyggju þess flokks fyrir útgerðinni, eins og sá flokkur skildi við útgerðina, þegar ráðh. hans fóru úr ríkisstj.

Ég er nú að gera mér vonir um það, að breyting verði til hins betra í verzlunarmálunum með komu þeirrar ríkisstj., sem nú situr, og byggi ég það á því, sem kom fram í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj., þegar hún tók við völdum, þar sem — ef ég man rétt — því var lýst yfir, að stj. vildi hafa þannig stjórn á viðskiptamálunum, að verzlunin yrði sem hagkvæmust og bezt fyrir neytendur, þ. e. fyrir þá, sem þyrftu að kaupa vörurnar frá útlöndum. Ég geri mér vonir um, að hæstv. ríkisstj. standi við þessa yfirlýsingu, svo að t. d. þeir menn, sem óska að gera innkaup á nauðsynjum sínum þannig að annast þau sjálfir í samvinnufélögum, til þess að þurfa ekki að verzla við aðra, og eigi með því á hættu, að þar verði tekið af þeim óhæfilega mikið í umboðslaun, fái að haga innkaupum þannig. Ég geri mér vonir um, samkv. stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj., að það verði greitt fyrir þessum mönnum með því að leyfa þeim og félagssamtökum þeirra að flytja inn þær vörur, sem þeir þurfa og sem á annað borð er hægt að leyfa að flytja inn í landið. Og ef þetta verður, — sem ég geri mér vonir um samkv. stefnuyfirlýsingu stj. — þá er það mjög til bóta frá því, sem var í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., þegar mjög var þrengt að neytendasamtökunum, svo sem kunnugt er.

En þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ., sem ég geri ráð fyrir, og með því verði í bili bjargað við hag ríkissjóðs með því, að fé fáist til þess að jafna hallann á fjárlagafrv., þá er það engin lækning á þeim vanda, sem nú er við að fást. Og það þykist ég vita, og hef reyndar heyrt það á ræðum hæstv. ráðh., að hæstv. ríkisstj. er þetta ljóst. Þess vegna vil ég vænta þess — og vil beina óskum til hæstv. ríkisstj. um það —, að ríkisstj. taki nú þegar til athugunar aðrar og heppilegri leiðir en farnar hafa verið til þess að komast út úr þeim ógöngum, sem við erum nú komnir í í fjárhags- og atvinnumálum.

Ég tók eftir því í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins, að orð féllu hjá honum á þá leið, að í stað þess, að stéttirnar héldu áfram að gera kröfur, hver með annarri og hver út af fyrir sig, þyrftu stéttasamtökin að bera ráð sín saman og reyna að komast að samkomulagi um þau vandamál, sem fyrir liggja. Ég held, að þetta sé efnislega nokkuð rétt eftir haft. Og ég vildi vænta þess og beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh. og ríkisstj. allrar, að hún nú hið allra bráðasta reyndi að koma á samtölum milli forustumanna helztu stéttanna í þjóðfélaginu, til þess að reyna að ná samkomulagi meðal stéttasamtakanna um viðunandi úrbætur í þessum vandamálum. Við vitum það mæta vel, að framleiðslukostnaður í þessu landi er allt of hár. Við erum ekki samkeppnisfærir við nágrannaþjóðir okkar um útflutningsvörur. Framleiðslukostnaður hjá okkur þarf að lækka. Það þarf að finna ráð til þess með samkomulagi milli stéttanna. Og það þarf jafnframt að ná samkomulagi, ef þess er kostur, um skiptingu þjóðarteknanna þannig, að viðunandi sé. Það væri verkefni fyrir hina fróðu menn, hagfræðingana, að gera till. um slíka hluti, og væri vel athugandi fyrir hæstv. ríkisstj. að fá slíka menn einnig sér til aðstoðar við lausn þeirra þýðingarmiklu vandamála. Þessum málum verður ekki komið á heilbrigðan grundvöll fyrr en horfið er frá því vísitölufyrirkomulagi, sem nú er, og tekið í staðinn upp annað heilbrigðara fyrirkomulag og betra — reynt að finna leið til þess að skipta þjóðartekjunum sanngjarnlega milli landsmanna og gæta þess jafnframt, að ekki sé eytt meiru en aflað er hverju sinni og að kröfur stjórnarvaldanna til almennings um framlög í ríkissjóð — og þá um leið eyðsla úr hinum sameiginlega sjóði — verði í einhverju samræmi við tekjur þjóðarinnar á hverjum tíma. Ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki þetta stóra viðfangsefni hið fyrsta til alvarlegrar íhugunar, enda skilst mér, að það væri í samræmi við þá stefnu, sem hún kvaðst vilja fylgja, þegar hún nú nýlega tók við völdum.

Ég vil svo aðeins leyfa mér að afhenda hæstv. forseta hina skrifl. brtt., sem ég lýsti í upphafi máls míns.

Frsm. meiri hl. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Í því, sem ég segi hér um frv., sem fyrir liggur, get ég ekki látið hjá líða að víkja með örfáum orðum að ræðu hv. þm. V-Húnv. Honum taldist svo til, að heildsalastéttin hefði haft óþarflega mikinn gróða á þessum undanförnu árum. Þegar ég hef minnzt hér á verzlunarstéttina, þá hef ég ekki gert mikinn greinarmun á innflytjendum í því sambandi. En hinn allra stærsti heildsali landsins er Samband íslenzkra samvinnufélaga. Ég vildi aðeins á þessu stigi benda hv. þm. á það, sem hann talaði um mjög skýrlega viðkomandi tollal. og að nauðsyn bæri til að endurskoða fyrirkomulagið um það jafnvægi, sem þyrfti að vera viðkomandi athafnafrelsi manna í þessu landi, til frjálsræðis og réttlætis fyrir neytendur í landinu. En á öllu þessu tímabili, sem hv. þm. talaði um, hygg ég, að kaupfélög hafi haft mjög álíka verð í innkaupi og heildsalar. Og ég get tekið það fram, að ég álít, að heildsalar eigi alls ekki rétt á því að hafa neina tilveru, ef þeir eru ekki samkeppnisfærir um vöruverð í sínu framboði á vörum. En ég vil hins vegar benda á, að þrátt fyrir aukna skatta, þá er það þó svo nú, að samvinnufélögin njóta alveg sérstakra hlunninda fram yfir það, sem slík félög njóta í nágrannalöndunum. Ég vil því vona, að þeir sömu hagfræðingar og fróðu menn, sem hv. þm. vildi láta gera sínar athuganir, taki þessa hlið jafnhliða upp. Því að við erum víst sammála um það, hv. þm. V-Húnv. og ég, að það þurfi að rækja sem bezt þessa þjónustu fyrir alla neytendur í landinu.

Ég vil vona, að samvinna þessara greina innan innflutningsverzlunarstéttarinnar megi í framtíðinni verða byggð á sem mestum skilningi og réttlæti. Vona ég, að hinir sömu hagfræðingar, sem athuga kynnu það, sem hv. þm. V-Húnv. vill vera láta, athugi einnig að gera í sambandi við skattfríðindi samanburð á þessum tvennum innflytjendum, kaupfélögum og heildsölum.

Þá vildi ég aðeins, herra forseti, mega lýsa brtt. við 6. gr. frv. frá meiri hl. fjhn. Hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Við 6. gr. Greinin orðist svo: Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollhækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagseftirlitinu skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig,

að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara." — Ég vildi fyrir hönd meiri hl. fjhn. mega afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

Forseti (BG): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. Hin fyrri er frá hv. þm. V-Húnv., um að fella niður 5. gr. frv. Hin síðari er frá meiri hl. hv. fjhn. og hv. 3. þm. Reykv. las hana upp. — Þessar brtt. eru skriflegar og of seint fram komnar, og fyrir þeim þarf því tvenn afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (þskj. 632 og 633) leyfð og samþ. með 23 shj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. fór dálitið inn á heildsalana og hlutverk þeirra og var sammála ýmsu af því, sem ég hélt hér fram í gær, þó að hann vildi hins vegar kenna Sósfl. um það sérstaklega, skildist mér, að heildsalarnir væru yfirleitt til og hefðu þessa sérstöðu, sem þeir hafa, til þess að græða á atvinnustarfsemi landsmanna. En hins vegar reyndi hann ekki að fara neitt frekar út í þessi mál. enda býst ég við, að það hafi verið honum fyrir beztu sjálfum, vegna þess að hann kom talsvert mikið við stjórn landsins á þeim tíma, þegar verið var að byggja undirstöðu undir þá háborg peningavalds hér í þessu landi, sem heildsalastéttin er orðin. — Hv. þm. V-Húnv. nefndi hér ýmsar tölur um það, hvernig ástatt væri orðið fyrir þjóðinni, og ég býst við, að þessar tölur, sem hann nefndi, gefi ljóta mynd, sem sagt þá mynd, að það sé komið í slæmt efni. Og það er rétt hjá honum, að það væri rétt að láta hagfræðinga gera athugun á þeim efnum. Og það mun vera rétt, sem hann hélt fram, að það er alvarlegt fyrir þjóðina, hvernig sjávarútvegi og framleiðslu útflutningsvara hefur hrakað í hlutfalli við þá þörf, sem þjóðinni er á gjaldeyri, og liggja til þess margar orsakir, sem ekki verður komizt hjá að fara nokkru nánar inn á. Hafa hv. þm. V-Húnv. og hæstv. núv. menntmrh. gefið mér sérstakt tilefni til þess að rekja nokkuð ástæðurnar fyrir því, að svo er komið í okkar verzlunarmálum og atvinnumálum sem komið er nú. — Það var í dálitið svipuðum dúr, sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. Hann lagði áherzlu á, að það væri Sósfl. að kenna, að ekki hefði verið staðið við þá lagasamþykkt að greiða 15% af árlegum gjaldeyri þjóðarinnar inn á nýbyggingarreikning, og sá hann þar enga seka aðra en Sósfl. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því, að það er ákaflega mikill greiði við þá menn, sem mest hafa hagnazt á þeirri óeðlilegu þróun, sem orðið hefur í atvinnulífinu, og þeim gífurlega vexti í verzluninni, sem hefur átt sér stað á undanförum 10—14 árum, þegar menn standa upp og reyna að kenna ýmsum öðrum um það, hve illa er komið atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar, heldur en því, sem er raunverulega ástæðan fyrir því.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fellur vel í geð heildsölum og þeim mönnum, sem græða á þessari óeðlilegu þróun. Og það er vissulega verulegur þáttur í varnarkerfi þeirra gegn því, að nokkuð sé raskað þeirra aðstöðu, að kenna öllum öðrum um það, sem aflaga fer, heldur en þeim, sem það er raunverulega að kenna. — Einmitt vegna þess, að það eru þessir tveir menn, hæstv. menntmrh. og hv. þm. V-Húnv., sem hafa borið á Sósfl. að hann hafi við haldið og skapað líka, að mér skilst, þennan óeðlilega heildsalagróða og sé verndari heildsalanna, eins og hv. þm. V-Húnv. sagði, það gefur mér sérstakt tilefni til þess að rekja feril þessara mála og þessara tveggja manna í sambandi við þau. Og það er ekki nein tilviljun, að það skuli vera einmitt þessir tveir menn, sem hrópa það upp nú, að það sé Sósfl., sem skapað hafi heildsölunum þá aðstöðu, sem þeir hafa haft til að græða eins og þeir hafa gert. Það er af því, að þessir menn vita, að þeir voru byggingarmeistararnir við að byggja upp þetta kerfi, sem er sýnilegt, að leiða muni íslenzku þjóðina í glötun, ef ekki er kippt í liðinn í tæka tíð, og þeir hafa haft þar forustu að verulegu leyti, þegar þetta kerfi var byggt upp, — ekki af því að ég haldi, að þeir hafi verið svo fávísir, að þeir hafi gert það af því, heldur hafa þeir gert það af eiginhagsmunasemi fyrir sinn flokk og þannig vegna smámunalegra sjónarmiða leitt þessa ógæfu yfir þjóðina cg atvinnulífið í landinu. Svo kenna þeir öðrum um það, sem illa hefur farið, eins og oft fer í opinberum málum.

Fyrir kreppuna 1932 var þetta kerfi ekki til, að menn, sem ætluðu að reka innflutningsverzlun, gætu fengið gjaldeyri hjá einhverri ríkisstofnun, sem tæki allan gjaldeyrinn af útflutningnum, þannig að þeir, sem gjaldeyrinn fengu, þyrftu ekkert fram að leggja til þess að skapa þennan gjaldeyri. Fram að kreppunni voru þetta alltaf sameiginleg fyrirtæki, sem önnuðust innflutningsverzlunina og útflutningsverzlunina. Og þeir innflytjendur, sem stærstir voru hér á landi, ráku stórútgerð, þannig að verzlunarágóðinn, sem skapaðist, var notaður til rekstrar og aukningar sjávarútvegsins, vegna þess að atvinnurekandinn hafði hag af því að auka þann gjaldeyri, sem hann gat sjálfur ráðstafað til innflutningsverzlunarinnar. Á þessum árum var verzlunin miklu meira dreifð út um landið en síðar varð, því að þá varð innflutningsverzlunin að miðast við þá staði, þar sem heppilegast var að reka útgerð. Það þýddi ekki að hrúga framleiðslutækjunum til Rvíkur, því að hér var ekki aðstaða fyrir stóran hóp manna til gjaldeyrissköpunar. Hins vegar voru stór fyrirtæki úti um landið, sem stóðu að því að skapa gjaldeyri ein sér, og gátu tryggt sér góða aðstöðu til þess að skapa sér gjaldeyrisframleiðslumöguleika. Og það er engin tilviljun, að framan af kreppunni voru allir kaupstaðirnir að vaxa, en eftir að þessi höft voru sett á, má heita, að ekkert byggðarlag vaxi nema Rvík. Þetta er ein af afleiðingum þeirrar ráðabreytni, sem tekið var til í kreppunni. Þegar kreppan skellur á 1932, fellur verð á íslenzkum afurðum stórkostlega og erfitt var að koma þeim frá sér. Þá rekur þjóðin sig á það, að hún hefur lítinn gjaldeyri, og þá er farið að spara og bankarnir fara að setja upp gjaldeyrishömlur og taka upp skömmtun, þannig að þeir úthluta þessu til fyrirtækja, sem stunduðu innflutningsverzlun. Síðan komu til sögunnar þeir hv. menntmrh. (EystJ) og hv. þm. V-Húnv. (SkG) og taka að sér stjórn á þessum málum fyrir þjóðina, á árinu 1934, þegar stjórn hinna „vinnandi stétta" var mynduð, eins og hún var svo fagurlega kölluð. Eftir að sú stj. var sett á laggirnar og þessir mjög svo vísu menn, sem nú

ásaka Sósfl., tóku að sér þessi mál, byrjaði fyrir alvöru þessi ganga íslenzku þjóðarinnar á glötunarveginum. Þá var sköpuð innflutnings- og gjaldeyrisnefnd, og minnir mig, að hv. þm. V-Húnv. (SkG) væri þar mjög ráðamikill maður, og mun ekki langt frá því, að menn hafi orðið að skríða á fjórum fótum, ef þeir ætluðu að finna náð fyrir augum hans. Það var ákveðið, að ekki skyldi flytja inn meira en þyrfti, og reynslan varð sú, að miklu minna var flutt inn en þjóðin þurfti. Þessu var svo úthlutað til hinna ýmsu innflytjenda, sem komust inn í þetta og fengu kvóta, og þeir voru öruggir um það, sem fundu náð, að þeir gætu grætt á þeirri vöru, sem þeir fengu að flytja inn. Það varð sú breyting á við þetta skipulag Framsfl., að þarna var fundinn atvinnuvegur, sem var alveg viss með að skila gróða. Áður þurftu menn, ef þeir vildu græða, að fara í útgerð og taka á sig áhættu af aflaleysi og markaðsáhættu. Nú þurfti ekkert að gera nema hafa aðgang að hæstv. menntmrh. (EystJ) og hv. þm. V-Húnv. (SkG). Ef þeir þekktu einhvern mann, sem átti aðgang að þeim, áttu þeir víst að geta sett á stofn verzlunarfyrirtæki, sem gæti gefið mikinn arð, og hvað fyrirtækin voru stór, fór eingöngu eftir því, hve leyfin voru stór, sem tókst að kría út. Það var eins og verzlunarstéttin hefði verið snert með töfrasprota. Hún byrjaði að vaxa og blómgast, og þessi atvinnuvegur, sem fram að þessu hafði verið í samræmi við aðra atvinnuvegi þjóðarinnar, tók nú þvílíkt risaskref, að hann skyggði á allt annað, og á þeim verstu árum, sem yfir þjóðina hafa komið, var þessi stétt það vel sett, að hún gat mokað til sín milljóna gróða. En útgerðarmennirnir, sem höfðu lagt í hættu til þess að gera út skip, fundu það, þegar þeir komu í land, að þeir voru alls ekki eigendur að gjaldeyrinum, sem fyrir söluna kom. Gjaldeyririnn var eign þeirra, sem fundu náð fyrir augum þessara manna. Útgerðarmennirnir sáu enga möguleika aðra en þá að geta framleitt vöru og selt hana á erlendum markaði. Þeir möguleikar voru þó mjög takmarkaðir. Eitt árið fór síldarverið niður í 3 krónur, og geta allir ímyndað sér, hvað það þýddi. Þetta varð til þess, að allir fjármálamenn og sérstaklega allir efnaðir menn hættu að fást við útgerð. Þeir hugsuðu ekki um annað en að fá sér vöruleyfi. Sumir urðu að beita brögðum til þess að fá sér vöruleyfi. Það var algengt, að framsóknarmenn voru fengnir til þess að ganga inn í hlutafélög, og eftir það var mikil vissa fyrir því, að gjaldeyrisleyfi fengist. Þá þurfti engar áhyggjur að hafa úr því.

Fyrstu áhrifin af þessu skrefi Framsfl., af þessu skrefi menntmrh. (EystJ) og þm. V-Húnv. (SkG), var það, að einkafjármagnið í landinu dróst inn í verzlunina frá sjávarútveginum. Hver maður, sem gat það, dró sig út úr útgerðinni, ef hann hafði möguleika til þess, og smeygði sér inn í verzlunarfyrirtæki með vörukvóta. Það er ekki nema eðlilegt, að menn í auðvaldsþjóðfélagi eins og við lifum í sæki þangað, sem hægt er að græða. Straumurinn liggur þangað, sem hægt er að græða, eins og vatn rennur undan brekku. Þegar búið var að skapa slíka möguleika, var vitað, að allt það einkafjármagn, sem gæti komizt í verzlunina, mundi fara þangað. Með þessu var tekin ríkisábyrgð á því, að allir, sem fengu kvóta, skyldu græða. Þjóðin skyldi sjá fyrir því, að þeir skyldu græða. Sem sagt, þeir voru ríkistryggðir, en það var ekki fyrr en á árinu 1946, sem útgerðin var ríkistryggð. (**Forseti**: Mér þykir leitt að þurfa að vekja athygli á því, að þegar 2. umr. fer fram, ber að ræða einstakar gr. frv. og brtt. við þær. Nú hafa umr. farið á víð og dreif og ekki beinzt að neinu sérstöku, og vildi ég óska þess, að hv. þm. vildu hafa í heiðri þetta fyrirmæli þingskapanna). Ég skal reyna að verða við þessu, en ég get ekki hjá því komizt að gera grein fyrir þessu, vegna þeirra ummæla, sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) beindi að Sósfl. Þessi ummæli viðhafði hann við þessa umr., 2. umr., svo að ég vænti þess, að hæstv. forseti vilji leyfa mér að bera hönd fyrir höfuð mér og flokks míns í þessu efni.

Eftir að einkafjármagnið hafði streymt inn í verzlunina, kom lánsfé bankanna á eftir, vegna þess að bankarnir eru með þeim ósköpum gerðir, að þeir vilja ekki lána öðrum en þeim, sem hafa peninga. Það var fyrst og fremst leitað að þeim atvinnuvegi, sem var öruggur og gat skilað arði, af því að bankarnir eru reknir með það fyrir augum að fá vaxtatekjur, en ekki með það fyrir augum, sem vera ætti eftir heilbrigðu skipulagi. Þess vegna lána bankarnir þeim, sem mest græða. Þegar bankastjórnirnar voru búnar að litast um í þjóðfélaginu eftir þeim, sem ættu efni, sáu þær, að það voru verzlunarmennirnir. Eftir að þessir tveir menn, menntmrh. og þm. V-Húnv., voru búnir að koma á þessu ágæta kerfi sínu, rann lánsfé bankanna fyrst og fremst inn í verzlunina. Það segir sig sjálft, að þegar einkafjármagnið streymdi í verzlunina og lánsfé bankanna streymdi í verzlunina, þá var ekki hægt að lá fólkinu, þó að það færi þangað. Þannig streymdi bæði vinnuaflið og fjármagnið í verzlunina, og það var fyrir stríð viðurkennt, að ef maður gæti fengið vinnu á skrifstofu hjá heildsala, eða jafnvel bara orðið pakkhúsmaður hjá heildsala, þá væri sá maður hólpinn. Allt var gert á kostnað útvegsins. Peningarnir, vinnuaflið og gjaldeyririnn var frá sjávarútveginum. Þess vegna orsakaði þetta kerfi öfugstreymi í atvinnumálum okkar. — Það voru ýmis önnur áhrif, sem komu í ljós fyrir atbeina þessa kerfis. Ein afleiðingin var sú, að öll innflutningsverzlun landsins beindist til Rvíkur. Það var vonlaust að reka þessa verzlun annars staðar en í Rvík. Stórar verzlanir úti á landi vesluðust upp á sama tíma og verzlunarstétt Rvíkur blómgaðist. Gamlar verzlanir fóru á hausinn með stórtöpum fyrir bankana, en sumir eigendur þeirra fluttu til Rvíkur og fengu kvóta og þá voru þeir öruggir. Einnig af þessu fluttist vinnuaflið meira til Rvíkur en áður hafði átt sér stað. Þetta þýddi líka það, að fólkið úti á landsbyggðinni þurfti að kaupa vörur sínar miklu hærra verði en það þurfti áður, vegna þess að við innkaupsverð vörunnar bættist allur kostnaður við hafnargjöld, uppskipun, geymslu, útskipun o. fl. hér í Rvík og svo flutningskostnaður héðan. Þetta er það, sem fólkið úti á landinu þarf að borga vegna þessa kerfis, sem þessir tveir menn komu á, þegar mest reið á um fjármál og gjaldeyrismál íslenzku þjóðarinnar. Nú á stríðstímanum hefur verið gífurlegur vöruskortur úti á landi, og má segja, að alltaf vanti þar eitthvað tilfinnanlega, vegna þess að allar vörur koma fyrst til Rvíkur, og ofan á það bætist, að fólkið úti í byggðunum fær aldrei nema úrgangsvörur. Beztu vör-

urnar eru seldar upp hér í Rvík og sjást aldrei úti á landi. Það er algengt, að menn verða að láta kaupa fyrir sig með ærnum kostnaði hér hjá smásölum í Rvík, vegna þess að heildsölunum þykir léttara að afgreiða hér við sinn eigin disk. Svo eru þeir framkvæmdasömustu búnir að koma sér upp smásöluverzlunum. Endanleg afleiðing er svo hinn sífelldi straumur til Rvíkur. Það er napurt, að sá flokkur, sem mestar hefur vandlætingar út af hinum sífellda straum til Rvíkur, skuli einmitt hafa átt frumkvæðið að því, að fólk flyttist til Rvíkur. En þessi straumur til Rvíkur er vandamál bæði fyrir byggðirnar og Rvík. Það sér hver maður, að þegar atvinna minnkar hér í Rvík, þá er þetta stórkostlegt vandamál, og eitt af þeim verkefnum, sem fyrir liggur, er að gera ráðstafanir til þess að fólk geti unað sínum hag úti á landsbyggðinni. Það er annað, sem er sérstaklega hættulegt, og það er það, að meginið af þeirri atvinnu, sem fram fer úti á landsbyggðinni, er framleiðsla, framleiðsla, sem veitir gjaldeyri, en atvinnan hér byggist á því, að aðrir framleiði gjaldeyrinn. Eftir því, sem fólkið streymir meira utan af landsbyggðinni, því minni verður gjaldeyririnn, en þörfin eykst fyrir hann í Rvík. Þetta er afleiðingin af því kerfi, sem þessir tveir menn settu upp í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, þegar þeir höfðu með þau að gera. Það er nauðsynlegt, að menn geri sér þetta ljóst, til þess að skilja, að hverju stefndi með starfsemi þessara manna.

Mér hefur oft dottið í hug, hvort þessir menn, sem unnu að því að koma þessu á hér, hafi gert sér grein fyrir því, hvað var að gerast, — hvort það geti verið, að þeir hafi séð það fyrir, að þeir með þessu kerfi sínu væru að setja þjóðina í slík vandræði, að það mundi taka langan tíma að vinna bug á þeim, þau vandræði, að ekki sér enn þá fram úr, hvort úr rætist. Ég býst við, að þeir hafi haft eitthvert hugboð um, hvert stefndi. En það, sem hefur ráðið hjá þeim, er það, að þeir gátu tryggt Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, sem Framsfl. hefur talið sinn höfuðtilgang að styðja, — gátu tryggt því vörur. Sambandið fékk sínar vörur, en íslenzka þjóðin fékk að kenna á því. Enda voru tengsl hv. þm. V-Húnv. (SkG) við Sambandið þannig, að menn vissu ekki, hvort hann var heldur starfsmaður hjá því eða hjá gjaldeyrisnefnd. — [Fundarhlé.]

Ég var að ræða um það, hvað það hefði verið, sem sérstaklega kom framsóknarmönnum og þessum tveim þm., sem ég ræddi um, til þess að koma á þessu kerfi. Ég var búinn að benda á, að það mun hafa verið höfuðatriðið að tryggja S. Í. S. gjaldeyri og að þeir hefðu talið, að til þess að það væri fært, yrði að koma þessu kerfi á og þar með að byggja upp þessa nýju stétt, sem við búum nú við, heildsalastéttina, til þess að hægt væri að forsvara, að S. Í. S. fengi gjaldeyri. Þau rök hafa sérstaklega orðið til eftir að kerfið var komið í gegn og þessir tveir þm. voru búnir að sjá, hvað það kostaði fyrir þá, og þó býst ég við, að það hafi verið verulegt atriði fyrir þeim að halda þessu kerfi uppi og gera það sem öruggast í því skyni að afla sér fylgis. Þetta var að þeirra áliti sterk aðstaða, að geta skammtað gjaldeyrinn og láta menn sækja svo mjög á um það að fá gjaldeyri eins og raun varð á, enda talið, að þeir hafi aflað sér mikils fylgis í þessum hóp, þó að það fylgi hafi verið til skamms tíma og tapast eftir að þessi flokkur missti valdaaðstöðuna. En þegar búið er að ala upp hóp manna, sem hafa hagsmuni af því að ganga eftir ákveðnu ríkiskerfi, þá hlýtur sá hópur að hallast að þeim, sem stjórna kerfinu á hverjum tíma. Afleiðingarnar af þessu urðu þær, að Sjálfstfl. efldist meðal þessara verzlunarmanna og þeir tóku að sér forustu flokksins, í krafti þeirra peninga, sem þeir gátu fengið í gegnum þá gjaldeyriskvóta — sem og gróða —, sem honum fylgdi. — Í öðru lagi var þarna um að ræða tækifæri til þess að leysa ýmis fjárhagsvandamál Framsfl. og Alþfl. Í gegnum ýmsar gjaldeyrisráðstafanir var hægt að koma upp ýmsum fyrirtækjum, sem gátu borgað blöð o. s. frv., og var það óspart notað og margir nutu þeirra kvóta, sem þeir fengu, hjá ráðamönnum flokkanna. Þetta munu hafa verið aðalhvatirnar, sem lágu til þess, að komið var á þessu kerfi, og þær verða ekki taldar háreistar, en þetta hefur þó haft meiri áhrif á þróun atvinnu- og fjárhagsmála á Íslandi en kannske flest annað á síðustu öld.

En Framsfl. var ekki einn við völd, hann var við stjórnartaumana ásamt Alþfl. En hver var afstaða hans til þessa máls? Hann hafði það verkefni að annast framkvæmdir í sjávarútvegsmálum, og það lenti sérstaklega á hv. þm. Ísaf. að hafa forustu um það. En hann hefur aldrei verið stórhuga og honum hefur sézt yfir þær heildarlínur, sem út í var komið, en hafði hins vegar haft betur opin augun fyrir ýmsum smákostum fyrir sinn flokk og ýmsa af kunningjum sínum í Framsfl. en þeim skaðlegu áhrifum, sem þetta kerfi hafði fyrir atvinnulífið. En framkvæmd þessa kerfis og þau óeðlilegu áhrif, sem það hafði á atvinnulíf okkar, þau áhrif og þær smávægilegu tilraunir, sem þessi stj. gerði til þess að rétta við sjávarútveginn, þær köfnuðu undan þeim þunga, sem framkvæmd kerfisins lagði á sjávarútveginn. Og hv. þm. Ísaf., form. sjávarútvegsmála Íslendinga um 4—5 ára skeið, starfaði við það að skipa n. og komast í þær sjálfur og ýta þangað inn sínum flokksmönnum. Og það er sýnilegt á þessum frv., sem hér liggja nú fyrir, að nú á hann að fá að skipta sér af sjávarútvegsmálum á ný á sama hátt og hann gerði á þessum árum. Hann lagði ekkert til þróunarinnar í sjávarútvegsmálum, en útbýtti bitlingum og stöðum. Reynslan hefur sýnt, að Alþfl. er alltaf veikur fyrir, ef forustumönnum bjóðast góðar stöður og bitlingar. Þá hverfa principmálin. Af þessu kerfi leiddi alveg gífurlega siðspillingu í landinu á öllum sviðum þjóðlífsins. Mest bar þó á því, að gjaldeyris- og innflutningsleyfi urðu hrein og bein verðbréf og gengu kaupum og sölum, og handhafar þeirra voru alltaf öruggir um að græða. Vefnaðarvöruleyfi gengu fyrir nafnverð, þar sem svo mikill skortur var á vefnaðarvöru í landinu, en byggingarefnaleyfi gengu fyrir 10%. Hver maður, sem vildi fást við innflutningsverzlun, kynntist strax þessum töxtum og varð að sæta þeim kjörum, sem svipuð eru því, sem nú er á svörtum markaði. Þannig er heildsalastéttin sköpuð af Framsfl., þessu kerfi, sem hann skapaði með aðstoð Alþfl. Fram til þess voru að vísu til verzlunarmenn, en þeir þurftu sjálfir að afla sér gjaldeyris. En heildsalastéttin nú er frábrugðin þeirri verzlunarstétt, er áður var til, vegna þess að ríkið hefur leyst hana undan allri áhættu. Framsfl. skapaði þessa

stétt fyrir tilstilli hæstv. menntmrh. og hv. þm. V-Húnv. Þeir vonuðu, að þessi stétt gæti orðið baráttulið Framsfl. hér í Rvík, en það fór á annan veg, því að auðugir menn treysta Sjálfstfl. og telja hann málsvara sinn. Og alveg sérstaklega brustu vonir þeirra eftir að heildsalarnir eignuðust hreint og beint Sjálfstfl. Þá fór þakklætiskenndin til Framsfl. að hverfa, og nú í síðustu kosningum munu framsóknarmenn hafa orðið varir við, að það fé, sem heildsalarnir græddu fyrir þeirra aðgerðir, var sent út í kjördæmin til þess að fella frambjóðendur Framsfl., og tókst sums staðar. En framsóknarmenn geta sjálfum sér þakkað þær skráveifur. Heildsalarnir eiga engum mönnum eins mikið að þakka og hæstv. menntmrh. og hv. þm. V-Húnv. En sjaldan launa kálfar ofeldi, og það var fögnuður í liði heildsalanna, þegar hæstv. menntmrh. féll í kjördæmi sínu í síðustu kosningum. En það var sannarlega ómaklegt úr þeirri átt.

Á meðan hinni öfugu þróun fór fram í þjóðfélaginu, sat hæstv. núv. menntmrh. sem fjmrh. með skjalahrúguna á skrifborðinu og reiknaði og reiknaði og reiknaði sig í kaf. Hann hugsaði um það eitt að láta allt ballansera, þó að sá ballans, sem hann skapaði á þessu ári, væri rofinn á því næsta. — Það urðu ýmsir fyrir barðinu á þessu kerfi hans. Ég kynntist þessu nokkuð síðustu árin, sem hann stjórnaði fjármálum, en þá var ég bæjarstjóri á Siglufirði. Siglufjörður átti þá kost á að kaupa dýpkunarskip, sem mjög var nauðsynlegt vegna hafnarinnar. Þetta skip fékkst með mjög góðum kjörum og sótti bærinn um gjaldeyris- og innflutningsleyfi. Og það stóð ekki á svarinu. Það var blátt nei með næsta pósti. Þá var bannað að flytja inn skip og menn voru sektaðir fyrir það, eftir að kerfi hæstv. menntmrh. hafði náð fótfestu. En það var eins og höfundum þessa kerfis dytti aldrei í hug, að til þess að svona kerfi gæti gengið, þá þyrfti einhverja hvöt hjá mönnum til þess að halda áfram að skapa gjaldeyri. En það var þeim alveg lokuð bók. Þó tókst þeim að halda við og sitja við vaxandi atvinnuleysi allt fram að síðustu heimsstyrjöld, þegar hún bjargaði þeim þætti þessa óheillakerfis. Kreppan náði hámarki sínu 1932, og nær alls staðar í auðvaldslöndunum í kringum okkur var hún afstaðin 1934, en hér tókst að halda henni við allt til ársins 1940, vegna þess að sjávarútvegurinn seig alltaf neðar og neðar og peningarnir leituðu í aðra og öruggari atvinnugrein, verzlunina, og ríkisstj. hafði ekki dug til að beina fjármagninu til útvegsins. Ég held, að aldrei hafi nokkur stjórn gefið eins fögur loforð og stjórnin, sem mynduð var 1934, og endað jafn smánarlega. Hún rotnaði blátt áfram í sundur. Framsfl. og Alþfl. tókst með aðstoð heildsalanna að viðhalda kreppunni hér í 4—5 ár eftir að hún var afstaðin í auðvaldslöndum í kring. Og þegar nú þessi öfl hafa aftur myndað stjórn, bendir allt til þess, að þeim muni takast að koma á kreppu hér 2—3 árum fyrr en í öðrum löndum. En það er ekki nóg að sakast um, hverju þetta sé að kenna. Aðalatriðið nú er, hvernig vinna megi bug á þessu vitlausa kerfi, en það kom fram hjá hv. þm. V-Húnv., að hann sæi ekki minnsta ljós til þess, heldur taldi hann, að þessi óheillaöfl ættu að halda áfram sínum leik. Heildsalastéttin ræður nú orðið svo miklu, að hún getur myndað stjórn, sem tryggi henni, að þjóðarbúið verði rekið þannig, að hún verði ekki fyrir neinum truflunum eins og 2 undanfarin ár. Og heildsalarnir hafa tryggt sér Sjálfstfl. og Landsbankavaldið, en í Landsbankanum er samstarfið milli Sjálfstfl. og Framsfl. svo náið, að sjálfstæðismenn kusu framsóknarmanninn Jón Árnason sem bankastjóra Landsbankans, þegar þeir voru í stjórnarsamvinnu við sósíalista, en framsóknarmenn í stjórnarandstöðu. Svona er samvinnan náin til að viðhalda því kerfi, sem allt er að ríða á slig.

Fyrrv. ríkisstj. byggðist á samstarfi launþega og atvinnurekenda í sjávarútvegi. En þar sem flestir útvegsmenn eru í Sjálfstfl. og telja hann sín samtök, þá þýddi þetta hér á Alþingi samstarf við Sjálfstfl. Hins vegar ráða heildsalarnir mestu í þeim flokki, og varð því ekki hjá því komizt, að þeir héldu stöðu sinni að mestu. En einkum var þeim það mögulegt vegna þess, að utan ríkisstj. stóð 15 manna þingflokkur, sem var staðráðinn í að viðhalda þessu gróðakerfi heildsalanna, og enn fremur vegna þess, að fyrrv. hæstv. fjmrh. skoðaði sig hreint og beint sem fulltrúa heildsalanna í ríkisstj. og gerði aldrei svo viðskiptaráðstafanir, að hann boðaði ekki til sín 2—3 efnuðustu heildsalana og Vilhjálm Þór og Jón Árnason. Þrátt fyrir viðleitni síðustu ríkisstj. hafði heildsalastéttin trygga aðstöðu vegna afstöðu Framsfl. og fyrrv. hæstv. fjmrh., sem taldi sér skyldara að styðja heildsalana en halda stjórnarsamningana, og svik hans við stjórnarsamninginn áttu sinn stóra þátt í, að samvinnan rofnaði. Framsfl. reyndi eftir megni að hindra fjárframlög til sjávarútvegsins og naut þar öflugs stuðnings fyrrv. hæstv. fjmrh., en þegar þeim tókst ekki að hindra, að málin kæmu fyrir Alþ., komu þeir því til leiðar við afgreiðslu málsins, að framkvæmdin yrði falin Landsbankavaldinu, sem barizt hafði gegn málinu. Heildsalarnir voru nú öruggir um afstöðu Framsfl., ef stj. félli, enda hafa nú heildsalarnir og afturhaldið í Landsbankanum og S. Í. S. komizt að samkomulagi um fyrri starfshætti og tekið upp þráðinn frá því fyrir stríð.

Hv. þm. V-Húnv. sagði, að það þyrfti að lækka framleiðslukostnað útflutningsvörunnar. Það er rétt, en til þess eru tvær leiðir. Önnur er sú að auka tæknina, hin að lækka kaupið, og Framsfl. hefur hingað til ekki séð aðra leið en þá síðarnefndu. En ég leyfi mér að benda á, að það hefur komið á daginn, að það, sem framleitt er með fullkomnustum tækjum, það eru þær vörur, sem við höfum minnstar áhyggjur af að selja, en það eru síldarafurðir og hraðfrystur fiskur. Hins vegar er allt í óvissu með saltfiskinn, og ef íslenzkir fiskimenn eiga að snúa sér að saltfiskframleiðslu, þá má búast við, að þeir þurfi að búa við jafnlélega kjör og í nágrannalöndunum. En ef lækka á kaupið, verður að minnka atvinnuna, en það virðist nú markmið hinnar nýju stjórnar, enda virðist það nú vel á veg komið. Fjöldi byggingarfélaga er nú kominn í fjárþrot og er neitað um lán, svo að mörg hús standa nú hálfreist og við þau er ekki meira hægt að vinna. Þá hafa mörg iðnfyrirtæki stöðvazt, vegna þess að þau fá ekki rekstrarlán. Þetta er vel skipulagður undirbúningur að atvinnuleysi, og svo á að segja við fólkið: Nú eruð þið atvinnulausir, nú verður að lækka kaupið. — Og þá á verkalýðurinn að vera orðinn svo lítilþægur og hræddur, að hann láti sér það lynda. Og svo

segja þeir, að allur vandi sé búinn, ef kaupið er lækkað, en ég vil minna á, að fyrir stríð var kaupið lágt, en nóg atvinnuleysi samt. Það sama yrði uppi á teningnum nú, því að atvinnan vex ekki, þó að kaupið verði skorið niður. Lága kaupið miðar aðeins að því að viðhalda úreltum vinnuaðferðum og atvinnutækjum. Eina leiðin til að leysa vandann er að koma upp stórfelldum atvinnutækjum. Það tryggir öllum atvinnu við arðbæran rekstur og skapar þjóðinni gjaldeyri. Gjaldeyrisskortur þjóðarinnar stafar af því, hvað lítið er unnið úr vörunni. Ef t. d. síldarlýsið væri unnið í stað þess að flytja það út hrátt, þá fengist fyrir það 5-faldur gjaldeyrir.

Það er nauðsynlegt fyrir menn að gera sér ljósa grein fyrir ástandinu í þjóðfélaginu, þegar hv. þm. V-Húnv. heldur því fram, að sósíalistar hafi haldið hlífisskildi yfir heildsölunum. Ég játa, að það tókst ekki að vinna bug á heildsölunum í tíð fyrrv. ríkisstj., en það var vegna þess, að heildsalarnir eiga Sjálfstfl. og nægilega sterk tök í Framsfl. og Alþfl., ekki sízt eftir að formaður þess flokks er kominn í stétt heildsalanna. Fyrir atbeina sósíalista hefur það áunnizt, að ekki er látið skeika að sköpuðu með sjávarútveginn, heldur hefur ríkið tekið ábyrgð á honum. Útvegsmenn eru nú farnir að sjá, hvernig heildsalarnir fléttu þá, og ef útvegsmenn skilja sinn kraft og nauðsyn samtaka sinna, þá er það stórt skref fram á við og verður sennilega erfiðasta fótakefli núv. stj. Þessi ríkisstj. hefur mætt fjandskap útgerðarmanna, og það ekki að ástæðulausu, því að nú skilja þeir fyrir tilstilli sósíalista, hverjir vilja ofan af þeim skóinn, og sósíalistar hafa manna mest lagt áherzlu á, að allt atvinnulíf okkar byggist á sjávarútvegi.

Hv. þm. V-Húnv. talaði um það, að þessi ríkisstj. táknaði ekki, að farið væri inn á þær brautir, sem leystu vandamál þjóðarinnar. „Það þarf allt aðrar leiðir, eins og við framsóknarmenn höfum bent á," sagði hann eða meinti. Já, framsóknarmenn hafa talað mikið um leiðir, og þeir hafa átt kost á að fara nýjar leiðir, en þeir segja ekki skýrt, hvaða leið þeir vilja nú. Þeir vilja stórfellda kauplækkun, það er þeirra leið og töframeðal. Þetta vita allir í sambandi við núverandi stjórnarsamning. En framsóknarmenn eru það vel viti bornir, að þeir tala ekki mjög opinskátt um þetta, allra sízt rétt fyrir kosningar.

Það þarf að breyta stefnunni í fjármálunum, sagði hv. þm. V-Húnv., ekki að leggja eins mikið fé í atvinnutæki og fyrrv. ríkisstj. gerði, en láta heildsalana ráða yfir sem mestu fjármagni, eins og í tíð Framsóknar. Það er leiðin. Ég get fullvissað hann um, að núverandi stjórnarlið hefur oft viljað breyta til — og í þessa átt og er staðráðið í að gera það, ef það kemst upp með það.

Hv. þm. viðurkenndi, að heildsalarnir væru of margir og græddu of mikið. En ætli hann sætti sig ekki við þá lausn, að þeir væru færri, en græddu því meira? Það vill Landsbankinn, sem tekið hefur gjaldeyri frá Viðskiptaráði og úthlutað sínum gæðingum.

Ég hef nú rakið nokkur tildrög þess ófremdarástands, sem ríkir í atvinnulífi okkar vegna verzlunarfargansins, og sú vísa verður aldrei of oft kveðin, það verður hver einstaklingur að skilja. En nú er svo komið, að ekki verður lengur haldið áfram þannig, að sjávarútvegurinn tapi milljónum á meðan heildsalarnir græða milljónir. Og eina leiðin, sem menn sjá svo, er að lækka kaupið stórlega og koma öllu niður á sama stig og það var á kreppuárunum, verka t. d. fisk í salt eingöngu, eins og gert var um aldamót. Þetta hafa þessir herrar hugsað sér, en ég get sagt þeim, að verkamenn og aðrir launþegar, sem að undanförnu hafa sannfærzt um, að ekki þarf að vera hér neitt atvinnuleysi, þeir munu verða erfiðir viðfangs á þessari leið, ef á að keyra þá inn í þetta kerfi.

Að lokum nokkur orð um brtt. á þskj. 626, um að rýmka undanþáguna á ýmsum vörum, sem þessi stórfellda hækkun á að ná til. Þegar menn renna augum yfir undanþágulistann, sér maður, að þar er hvorki hugsað um hag útgerðarinnar né almennings, þegar verið er að skella þessari hækkun á. Það eina þrönga sjónarmið ræður þar að afla fjár einhvern veginn, aðeins ekki úr vasa þeirra ríkustu, og kosti það hvað það kosta vill. Þar eru margar útgerðarvörur og neyzluvörur almennings, sem ekki eru undanþegnar tollhækkuninni. Brtt. á þskj. 626 ganga út á það, að ekki séu skattlagðar nauðsynjar útgerðarinnar og almennings, svo að innflutningur þeirra aukist fremur en minnki og allur gjaldeyririnn verði ekki eyðslueyrir heildsala, sem þeir nota fyrir sig.

Brtt. hv. þm. V-Húnv. finnst mér eðlileg, mér finnst óeðlilegt, að fjmrh. geti gefið undanþágur. Ákvæði um slíkar undanþágur hafa oft verið sett af þinginu, og það er líka bezt fyrir ráðh. sjálfan, því að ella yrði hann fyrir mikilli áleitni í þessu efni. En ég bendi hv. þm. á það, sem e. t. v. er þó ekki ástæða til, að þar sem hann flytur þessa brtt., þá væri í leiðinni að undanþiggja fleiri vörur og miða undanþágurnar við nauðsynjar almennings og útvegsins.

Brtt. frá meiri hl. fjhn. tel ég næsta tilgangslitla. Þessi grein er ekki til að fara eftir, heldur til að flagga með í þinginu. Við þekkjum það að útbúa þannig heilar gr. við samningu frv., sem aðeins eru gerðar til að blekkja fólk. Ég sé því ekki, að þessi brtt. sé skárri en það, sem fyrir er. Fjárhagsráð hefur eftir sem áður óbundnar hendur um hámarksálagningu vörutegunda, og það má næstum slá því föstu, að heildsalarnir fá tækifæri til að leggja á allt vöruverðið að tollunum viðbættum. Allt kemur þetta niður á almenningi, en með því að leggja á tollhækkunina, tekst heildsölunum að skaffa sér gróða og auka dýrtíðina.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það er sérstaklega tvennt, sem komið hefur fram í þessu máli. Í fyrsta lagi hefur það verið tekið fram af hálfu ríkisstj., að hér sé um bráðabirgðaneyðarúrræði að ræða, og í öðru lagi á það að vera gert til að vinna á móti dýrtíðinni. Það hefur líka komið fram í umr., að sönn og rétt vísitala yrði nú að byggjast og reiknast á öðrum grundvelli en fyrir stríð. Nú er það vitanlegt, að með þessum tollhækkunum hér eru lagðir skattar á alla neytendur, og ætla ég nú að koma inn á það, sem drepið hefur verið á í umr., hvernig sú vísitala er fundin, sem kaupið er reiknað eftir, því að það hefur ákaflega mikið að segja að athuga þetta nú, því að tímarnir hafa breytzt mjög, lífsvenjur launþega hafa mjög breytzt og hlutföllin á milli neyzluliða þeirra raskazt mjög frá því, að menn almennt höfðu rétt til hnífs og skeiðar um þær mundir,

sem grundvöllur vísitölunnar var lagður og reiknaður út. Nú hækka þessir tollar ýmsar vörur, sem menn neyta orðið talsvert mikils af, en sem voru sáralítill liður í neyzlu almennings fyrir stríð og orkuðu því að mjög litlu leyti á grundvöll vísitölunnar, er hann var reiknaður út. M. ö. o., mikill meiri hluti þeirra, sem héldu búreikningana, voru verkamenn, sem ekki höfðu það miklar tekjur, að þeir gætu látið eftir sér að kaupa annan mat en þeir nauðsynlega þurftu, hvað þá annað. Þrír eða fjórir þessara manna voru þó með heldur hærri tekjur, en yfirleitt miðuðust þessir heimilisreikningar, sem vísitalan var síðan grundvölluð á, við matarþarfir einar. Nú er þetta breytt, nú neyta menn orðið ýmissa hluta, sem ekki eru reiknaðir með í vísitölunni, eða þá aðeins að mjög óverulegu leyti.

Vísitalan er í 11 liðum, og flestir þeirra eru fyrir ofan og sumir langt fyrir ofan kaupgjaldsvísitöluna eða meðalvísitöluna, en aðeins einn langt fyrir neðan hana. Kjöt er t. d. 418 stig, mjólk og feitmeti 437, og fiskur 370, eða svona var það í desember s. l., þegar meðalvísitalan var 306 stig. Hér um bil allar útlendar vörur eru nokkrum stigum hærri en kauplagsvísitalan, ávextir eru eitt af því fáa, sem er þar fyrir neðan. En það er aðeins einn liður vísitölunnar, sem er langt fyrir neðan kauplagsvísitöluna, og það er húsaleigan, sem er 140 stig, þótt vitað sé af öllum, að húsaleigan ætti sízt að lækka kauplagsvísitöluna svona stórkostlega, heldur beinlínis að hækka hana. Það er vitað mál, að ef húsaleigan gengi inn í vísitöluna eins og hún er í raun og veru (þ. e. húsaleigan) og hún væri reiknuð eftir byggingarkostnaði, þá mundi það hækka vísitöluna um 10—20 stig, en ekki lækka hana stórkostlega, eins og nú er. Þetta ástand mega launþegar búa við. Og svo er ein stétt manna, sem hefur með lögum verið bannað að fá tekjur af eignum sínum í samræmi við hækkandi verðlag, og það eru þeir, sem eiga hús frá því fyrir stríð, og margir þeirra eru aldraðir menn, sem aðeins hafa sínar húsaleigutekjur. Þannig er það réttlæti. Margir þessara manna hafa naumast getað haldið húsum sínum við undanfarin ár, svo lágt hefur verið farið með húsaleiguna. Ég er viss um, að gagnvart þessum mönnum hefur verið framið hróplegt ranglæti. Það er talað um, að allir verði að fórna til að draga úr dýrtíðinni, og það má til sanns vegar færa. En það er hart fyrir einn hóp manna, þegar ríkið leyfir öllum öðrum en þeim að hækka verðmæti sín, það er hart fyrir þá að fórna eina, og svo verður það ranglæti, sem þeir eru beittir, raunverulega notað til þess að halda niðri eða orka til frádráttar á lífsafkomu allra launþega, með því að hin allt of lága húsaleiguvísitala dregur kauplagsvísitöluna svo langt niður.

En þá kem ég að þeim ummælum hv. þm. V-Húnv., sem ég ætlaði aðallega að tala út frá, en það var það, að hér væri nú aðeins um bráðabirgðaúrræði að ræða, allar stéttir landsins yrðu að klifra niður stigann saman. Því ber sízt að neita, að þetta sé rétt, en eftir öllu að dæma er ég sannfærður um, að ríkisstj. og fylgismenn hennar hafa nú stigið ógæfuspor, því að reynslan hefur sýnt og sýnir, að mikil vandræði hljótast oftast af því að byrja að lögbrjóta áður en reynt er að hefja samvinnu við stéttir og einstaklinga. Þetta sýnir reynslan. Og ég hef rétt til að segja það hér, að verkamenn og Alþýðusambandið hafa viljað fara samvinnuleiðina, og Dagsbrún þá fyrst 1942 með samvinnutilboði sínu um skipulagningu í þessum málum. En við því tilboði fékkst aldrei svar, það var athugað af fyrrv. ríkisstj. og allir virtust sammála um, að slík samvinna við verkamenn þyrfti að hefjast, en hvernig sem það var, hefur ekki orðið úr framkvæmdum í því efni. Verkalýðurinn hefur ekki mætt skilningi svipað því og hann var reiðubúinn að sýna, og útkoman verður sú, að stefnu ríkisvaldsins er breytt í þá átt, sem telja má algert fráhvarf frá samvinnu. Þess vegna hlýtur að koma til átaka þegar einu dýrtíðarráðstafanirnar eru þær, að leggja á launþegana stórauknar tollbyrðar. Ég er sannfærður um, að þessi aðferð spillir fyrir samkomulagi fremur öllu öðru. Þeim, sem urðu að búa við þrælalögin frá 1939, er það minnisstætt (þótt sumir virðist nú sjá ákaflega mikið eftir þeim), en fyrst voru tekin út úr gerðardómslögin og síðan landbúnaðarafurðirnar.

Nú ætlar ríkisstj. að beita líkri aðferð, hækka tollana, sem þýðir lækkaðan lífsstandard allra launþega í landinu. Og þegar búið er að ákveða þessa herferð, þá fyrst er farið að tala um samkomulag. En að slíku undangengnu ætla ég, að erfitt muni verða að sannfæra landsmenn um, að af alhug sé mælt, þegar talað er nú um samkomulag, og ég harma, að ekki var haldið áfram á þeirri leið, sem vel var hugsanleg áður en þetta kom fram, en vafasamt er, að fær sé úr þessu.

Hv. fjmrh. sagði, að engin hætta væri á, að neinn uppsteitur yrði út af tollhækkuninni, ef sósíalistar æstu ekki fólkið upp. Þetta er misskilningur, það er nákvæmlega sama, hvaða flokkur á í hlut. Það eitt er um að ræða, að sé gengið á lífsafkomu fólksins, þá þarf enginn að æsa það upp, en það hefur greinilega komið fram hjá þm. hér á Alþ., að launastéttirnar hafi enga hugsun, heldur þurfi að æsa þær upp. Þetta er alrangt. Menn vilja hafa að borða, menn vilja og þurfa að hafa húsnæði, fatnað og fæði, það er sameiginlegt fyrir alla, það þarf ekki að æsa neinn upp til að gera slíkar kröfur. En ef byrjað er að lögbjóða, er samningsleiðin erfiðari á eftir. Þetta er deginum ljósara, og mikil vöntun er það, að koma ekki auga á jafneinfaldar staðreyndir. Þetta er reynslan sjálf. Menn þurfa ekki að aðhyllast sérstaka pólitíska skoðun til að vilja fá sig sadda. Þetta vildi ég taka fram sem mína skoðun, en skal ekki lengja umr. meira en orðið er.

Skúli Guðmundsson: Ég vil gera hér nokkrar aths. við ræðu hv. þm. Siglf. Hv. þm. Siglf. sagði, að við hæstv. menntmrh. hefðum skapað það kerfi í viðskiptamálum, sem nú væri notað, og að það væri undirrót alls hins illa. Hann hóf ræðu sína á þessu og spjallaði um það í tvær stundir. Þetta ferðalag í hugarheimi þessa hv. þm. minnti mig á söguna um manninn, sem ók á mótorhjóli, en kunni ekki að stöðva það og varð þess vegna að aka unz benzínið var protið.

Hv. þm. talaði um, að ég og hæstv. menntmrh. hefðum stjórnað þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru vegna kreppunnar, til þess að draga úr innflutningnum. Þetta er rangt, því að þessar ráðstafanir voru fyrst gerðar 1932 vegna markaðs-

tapa á Spáni, en þá var stjórn hv. þm. V-Ísf. við völd, en hvorki ég né núv. menntmrh. Það var fyrst tveimur árum síðar, sem núv. menntmrh. tók við yfirstjórn þessara mála. Ég var í gjaldeyrisnefnd í tvö ár, 1936 og 1937, og svo segir þessi þm., að ég og menntmrh. höfum skapað þetta kerfi, byggt þessa borg, sem honum virðist hafa staðið óvinnandi. Í gjaldeyrisnefnd voru fimm menn, en samt á ég að hafa ráðið þar öllu. Ég vissi ekki fyrr, að nafn mitt væri svo stórt og ég svona mikið stórmenni. Það væri ástæða til þess, að ég yrði feiminn og roðnaði eins og jómfrú, þegar ég heyri, að ég hafi verið svo mikill maður.

Hv. þm. Siglf. sagði, að til 1932 hefði verið sameiginlegur út- og innflutningur, en með þessu nýja kerfi, sem hann talaði um, hefði þessu verið breytt. Þetta gefur tilefni til að spyrja, hvort þm. telji heppilegra, að heildsalarnir hefðu líka útflutninginn, hvort hann leggi til, að sölufélagssamtökin verði lögð niður. Ég veit ekki, hvað fyrir honum vakir, en manni dettur sitthvað í hug.

Þessi þm. talar um, að straumurinn liggi allur til Rvíkur, og kennir það þessu umræddda kerfi. Það er rétt, að það er mikill fólksstraumur til Rvíkur, en á því á þessi þm. sjálfur mesta sök. Það má benda á, að áður fluttu fyrirtæki í Rvík inn $^2/_3$ af innflutningsvörumagninu, en síðustu ár, þegar þm. Siglf. var í ráðherrastól, flutti Rvík inn $^9/_{10}$ hluta.

Til marks um það, hvað þm. Siglf. komst langt frá réttu máli, má nefna það, að hann sagði, að ég og menntmrh. hefðum skapað heildsalastéttina, og einu sinni sagði hann, að við hefðum ætlað þessa stétt sem baráttulið Framsfl. Það þarf ekki að ræða þetta nánar, það má öllum vera ljóst, hvað þetta er langt frá því að vera veruleiki.

Þá sagði þessi þm., að ekkert hefði verið hugsað um atvinnulífið á þessum árum, en staðreyndin er, að vegna takmörkunar á innflutningi þess, sem síður var nauðsynlegt, var hægt að flytja inn meira af nýjum vélum en nokkurn tíma hafði verið gert áður á svo skömmum tíma, og með þeim var skapaður grundvöllur fyrir auknar tekjur.

Það væri ástæða til þess að spyrja þm. Siglf., hvort hann ætlast til, að hann sé tekinn alvarlega, þegar hann er að lýsa þessu háskalega kerfi, því að allir vita, að hann hefur átt sæti í ríkisstj. án þess að breyta fyrirkomulaginu, nema síður sé. Hann getur ekki neitað því, að í hans ráðherratíð fengu heildsalarnir aukinn innflutning á kostnað neytendasamtakanna, en þessi verk sýna, að báv. ríkisstj. taldi hlut heildsalanna of rýran. Það er auðvitað alveg sama, þó að þm. Siglf. tali illa um heildsalana nú og telji hlut þeirra of stóran, því að ég er viss um, að þeir meta verk hans sem fyrrv. ráðh. meira en orð hans í kvöld. Ég er ekki í vafa um, ef heildsalarnir væru spurðir um, hvort þeim hafi vegnað betur, þegar ég átti sæti í gjaldeyrisnefnd eða árin, sem þm. Siglf. var í ráðherrastól, hverju þeir mundu svara, en það mundi vera á þá leið, að fyrr hefðu þeir lapið dauðann úr skel, en í ráðherratíð þm. Siglf. hefðu þeir lifað í allsnægtum auðs. — Ég vona, að núv. ríkisstj. lagfæri þetta og geri hlut samvinnufélaganna réttari.

Að öðru leyti eyði ég ekki tíma í að svara þm. Siglf., en vil þó að lokum minnast á ákvæði 6. gr. Hv. þm. Siglf. segir, að hún sé óframkvæmanleg. Hins vegar sé ég ekki annað en það sé auðvelt að haga verðlaginu þannig, að verzlanir auki ekki álagningu á vörur vegna tollhækkana, og það er vissulega auðvelt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Mér þykir rétt að láta það koma fram, hvaða afstöðu ég hef til þeirra brtt., sem fram hafa komið í þessu máli.

Það er þá fyrst brtt. frá 2. þm. Reykv., þar sem um er að ræða lista yfir allmargar vörutegundir, sem hann vill ekki láta tollhækkunina koma fram á. Um þessar till. get ég sagt það, að ég hefði viljað vera í þeim sporum, að ég gæti fallizt á þær. En ég sé mér það ekki fært, vegna þess að það mundi rýra svo mjög þær tekjur, sem verða að nást til þess að fá eitthvert vit í þau fjárl., sem Alþ. er nú í þann veginn að samþykkja.

Viðvíkjandi till. þm. V-Húnv. um að fella niður 5. gr., um undanþáguheimild, vil ég segja það, að þetta ákvæði er sett til varnaðar. Það er hugsanlegt, að einhverjar ástæður gætu legið til þess, að brýn nauðsyn væri að losa einhverjar vörur undan þessu gjaldi. Hins vegar er víst, að slík heimild bakar þeim, sem fer með fjármálin, mikil óþægindi. Ég vil því fallast á, að þetta ákvæði verði fellt niður úr frv., því að það munu þá vera til einhverjar aðrar leiðir til að bæta úr ágöllum, ef nauðsyn krefur.

Hvað snertir brtt. meiri hl. n. við 6. gr., þá er hún aðallega orðalagsbreyt., og vil ég nota tækifærið, úr því að ég minnist á 6. gr., að mótmæla algerlega þeirri staðhæfingu, að þessi gr. sé eingöngu til að sýnast. Mér er vel kunnugt um þetta atriði, því að ég átti hlut að því, að þetta ákvæði var sett inn, en það var ekki til að sýnast, heldur til þess að koma í veg fyrir, að verzlunarálagning yrði sett á þá tolla, sem hér er um að ræða.

Ég skal ekki að öðru leyti gera þetta að umtalsefni, en þótt út á þessa braut væri farið, kæmi það ekki að neinu gagni til þess að jafna hallann á fjárl. 1947, og það er það verkefni, sem við eigum að koma í kring, að þessum halla sé mætt, og sannast að segja er ekki víst, að með þessu frv. sé það tryggt, nema enn betur sé tekið í taumana en gert hefur verið, og er ekki af miklu að státa í því efni. — Ég vildi aðeins drepa á þetta. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Það er búið að tala mjög mikið um það og raunar mörg önnur mál því lítið skyld.

Hv. þm. Siglf. flutti hér mikinn fyrirlestur um verzlunarmál yfirleitt og útgerðarmál í sambandi við þau. Verð ég að segja, að að mínum dómi var öll framsetning hans of áróðurskennd og sýnist meira flutt fyrir þingpalla en þingheim. En látum það gott heita, menn hafa gaman af því að láta til sín heyra um mál, og þegar áróðurinn á að sitja í fyrirrúmi, er ekki eins mikið um það hugsað, hvort full rök eru færð fyrir öllu, sem sagt er. Hv. þm. sagði að lokum, að þessari stjórn hefði verið mætt af fullkominni tortryggni af hálfu útgerðarmanna, og í sömu andránni sagði hann, að útgerðarmenn hefðu nú fengið skilning á stöðu sinni í ríkinu fyrir atbeina hans flokks. Ef sá skilningur er frá þeim kominn, er ekki undarlegt, þó að sá hluti af útgerðarmönnum, sem fær lífsnæringu fyrir andann úr flokki hv. þm. Siglf., líti á þessa stjórn með tortryggni og sé ekki á móti því, að öll varúð sé viðhöfð og öll tor-

tryggni í garð stj., því að við, sem í þessari ríkisstj. sitjum, höfum ekki sótzt eftir að lofa útgerðinni né öðrum gulli eða grænum skógum. Við vitum, að þessi stj. tekur við á þeim tíma, þegar sýnilega er farið að halla niður á við í mörgum efnum að því er snertir útlit með afkomu atvinnuveganna. Við vonum, að það verði ekki til stórs skaða, og vonum, að þetta batni frá því, sem horfir, en það verður þó ekki sagt, að stj. hafi tekið við á sérlega björtum tíma í atvinnumálunum, og af því, þegar verr hefur gengið í ýmsum efnum og menn sjá fram á frekari vandræði, hafa menn jafnan tilhneigingu til að vera tortryggnir, bæði gagnvart stjórnarvöldunum og öðrum. En tortryggni útvegsmanna beinist nú stundum í fleiri áttir en eina á þessum tímum, og er það nú svo, að þótt hv. þm. Siglf. tali mikið um sína umhyggju fyrir útgerðarmönnum, sleppur hann ekki heldur frí við það, sem kannske mætti kalla tortryggni frá einmitt þessari stétt. Hann hefur haft með höndum framkvæmd stórvirkja í þágu útgerðarmálanna á sinni stjórnartíð, en það eru byggingar hinna nýju síldarverksmiðja á Siglufirði og Skagaströnd. Og mér er sagt, að í gær hafi Landssamband íslenzkra útvegsmanna samþ. áskorun til ríkisstj. um það að láta fram fara rannsókn á því ófremdarástandi, sem talið er, að ríkt hafi í byggingum þessara verksmiðja. Mér er ekki þetta mál svo kunnugt, að ég leggi dóm á það, hvort þar hafi skeð eitthvað, en ég vil benda hv. þm. Siglf. á það, að jafnvel ekki hann er laus við tortryggni útgerðarmanna nú á tímum samkv. þessari fundarályktun. Þeir rökstuddu þetta með því, að það ofbyði bæði þeim og öðrum, hvað kostnaðurinn er orðinn mikill við þessi mannvirki. Svona gengur það. Það er þess vegna í sjálfu sér ekkert við það að athuga, þótt hv. þm. fullyrði, að ríkisstj. sé tekið með tortryggni, þegar jafnvel yfir hann sjálfan getur gengið svona ályktun frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, svona samþykkt.

Hv. 8. þm. Reykv. lýsti yfir skoðun sinni á frv., og gekk hún frekar í þá átt, að honum líkaði ekki alls kostar þessi útgjöld og það, sem hér er á ferð, og skal ég ekki lá honum það. Mér líkar það ekki heldur, því fer fjarri. En það er hins vegar þessi nauðsyn fyrir hendi að afla tekna til þess að mæta rekstrarhalla fjárl. Ég er viss um, að hv. þm. er mér sammála um það, að kominn er tími til þess að fara nú að afgreiða þessi fjárl., og hefðu ekki alveg sérstakar ástæður legið fyrir, út af stjórnarskiptum, hefðu þau átt að vera afgreidd fyrir löngu, og fyrir hendi liggur annaðhvort að afgreiða fjárl. með stórmiklum tekjuhalla eða sjá fyrir tekjum til þess að mæta þeim halla, og þykist ég vita, að þm. muni viðurkenna, að það verði að reyna að gera hið síðara, að afla tekna til að mæta hallanum, frekar en að afgreiða fjárl. á þann veg, sem mundi verða þ. allteins mikil vansæmd að, að afgreiða þau með stórkostlegum rekstrarhalla. Við erum að vissu leyti allir á sama bát að því er þetta snertir, og má segja, að þm. hafi yfir höfuð verið of bjartsýnir í því að gera kröfur til ríkissjóðs, og skal ég ekki ræða um ástæðurnar til þess. Það er margt, sem eftir talar, t. d. kjördæmamálið o. fl. En þegar svo er komið, að menn eru búnir að gera þessar kröfur og vilja standa við þær, um útgjöld, er nauðsynlegt að afla tekna til þess að uppfylla þær kröfur, því að það er gagnslaust að krefjast þeirra aðeins á fjárlfrv., ef ekki er reynt að sjá svo fyrir, að hægt verði að standa við fjárútlátin. Það er nú svo, að þrátt fyrir það að enginn mun vera ánægður með að leggja á þessi gjöld, þá er engan veginn víst, að ríkissjóði sé séð fyrir nægilegu fjármagni á þessu yfirstandandi ári. Það er vandséð, hvernig ábyrgð ríkissjóðs á útgerðinni reiðir af. Það getur svo farið, að ríkissjóður verði fyrir stórútlátum í sambandi við fiskábyrgðina, en svo er þó ekki ráð fyrir gert í fjárl. og ekkert tillit tekið til áfalla, sem upp á kynnu að koma af þeim ástæðum. Þegar þessa er gætt, væri í þeim mun ríkari mæli óverjandi, ef ekki væri reynt að sinna eftir megni því hlutverki, sem verður að vinna að eftir þessari löggjöf.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:7 atkv.

2. gr. samþ. með 15:7 atkv.

Brtt. 626, tollskrárkafli 7, felld með 16:7 atkv.

— 626, tk. 8, felld með 15:6 atkv.

— 626, tk. 11 nr. 13—15, felld með 15:7 atkv.

— 626, tk. 11 nr. 22, felld með 15:7 atkv.

— 626, tk. 15, felld með 15:7 atkv.

— 626, tk. 19, felld með 14:7 atkv.

— 626, tk. 23, felld með 15:7 atkv.

— 626, tk. 25, felld með 14:7 atkv.

— 626, tk. 35, felld með 14:7 atkv.

— 626, tk. 40, felld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

nei: GSv, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JörB, PÞ, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, BG.

9 þm. (GTh, GÞG, JóhH, JPálm, JS, JJ, ÓTh, PO, GÞ) fjarstaddir.

Brtt. 626, tk. 41, 48—49, 52, 63, 72—73, 75—76, felldar með 18:7 atkv.

3. gr. samþ. með 20:2 atkv.

4. gr. samþ. með 18:6 atkv.

Brtt. 632 (5. gr. falli burt) samþ. með 19:1 atkv.

— 633 (ný 6. gr., verður 5. gr.) samþ. með 17:2 atkv.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 18:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 112. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 634).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:2 atkv.

Arnfinnur Jónsson: Herra forseti. Því hefur verið haldið fram í umr. um þetta mál, að tekjurnar af þessum þremur frv., sem hér eru til meðferðar, muni nema um 35 millj. kr., en eitt stjórnarblaðið, Tíminn, segir í dag, að tekjurnar muni nema 50 millj. kr., og mun það vera rétt, því að Tíminn miðar þar við heilt ár, þar sem hinir halda því aftur á móti fram, að þessi l. nái aðeins til 9 mánaða, — fyrsti ársfjórðungurinn komi ekki til greina, þar sem l. falli úr gildi um næstu áramót. Nú dettur engum í hug, að þessi l. verði numin úr gildi um næstu áramót, ef núv. stj. verður þá við völd. Fremur mundu menn búast

við, að einhverjar nýjar aðferðir kæmu til viðbótar.

Ég býst við, þó að ég sé ekki kunnugur í þessum sökum, að afgreiðslan á þessum stórmálum sé allóvenjuleg. Ef gert er ráð fyrir, að fjárl. nemi 200 millj. kr., sem varla verður, þá er hér hvorki meira né minna um að ræða en ¼ af þeirri upphæð alls, og þetta á að leggja á þjóðina með þeim forgangshraða, sem mun vera einsdæmi um slík mál. Helzt átti víst að hespa það af á einum sólarhring og helzt að minnsta kosti á tveimur. Það þýðir, að stjórnarandstaðan á ekki að fá neitt tækifæri til þess að koma með brtt. við t. d. rökstuddar till. um aðrar leiðir til þess að afla ríkissjóði tekna. Hún fær ekki einu sinni tækifæri til þess að koma með ýtarlegar brtt. við frv. sjálft. Og ofan á það er stjórnarandstaðan látin sæta ávítum fyrir það að víkja litla stund úr þingsalnum til þess að tala sig saman um þetta mál meðan verið er að leita afbrigða fyrir málinu. Maður skyldi þó ætla, þar sem hin yfirlýsta stjórnarandstaða er 7 menn í þessari d., en hinir 28, að þá hefði stjórnarandstöðunni verið óhætt að hverfa litla stund, til þess að fá mætti afbrigði fyrir þessu máli. En hvort mundi það nú svo, að sjálfum stuðningsmönnum þessarar hæstv. ríkisstj. sé ekki meira en svo um þessi frv. gefið, að jafnvel þeir, sem að lokum fylktu í hv. d., til þess að rétt á takmörkum væri hægt að veita afbrigði áður en stjórnarandstaðan kom, jafnvel þeir séu farnir að verða dálítið hugsi út af þessari nýju aðferð til þess að ná tekjum úr vasa alþýðunnar í ríkissjóð? Trúlegt þykir mér það, að þeir séu farnir að finna, að málið er ekki vinsælt og að það séu miklu fleiri en stuðningsmenn Sósfl., sem kunna þeim litlar þakkir fyrir þessa tekjuöflunaraðferð. En látum svo vera. Það tókst í þetta sinn að koma málinu í gegn. En hvað er framundan, ef beita á framvegis þessari aðferð til þess að afla ríkissjóði tekna? Maður gæti látið sér detta í hug, að hún yrði ekki jafnhátíðleg meðferðin, sem viðhöfð yrði um fjárl. næst, þegar þessi hæstv. stj. leggur næsta fjárlfrv. fyrir, því að mér finnst ekki mikill munur á þessu og því að afgr. þau fjárl. athugasemdalaust, svo að stjórnarandstaðan, sem kynni að vilja fetta fingur út í þetta, fengi ekki of mikinn tíma. Og mér finnst það ætti ekki að geta komið neinum á óvart, þótt þessi stj., sem treystir sér til að leggja 50 millj. kr. á þjóðina í beinum tollum af svona skyndingu, treysti sér til að afgr. fjárl. næsta árs á svipaðan hátt. Sem sagt, lýðræðið hefur verið þurrkað út í meðferð þessara mála, og gæti ég trúað, að ríkisstj. ætti eftir að komast að raun um, að fleirum en sósíalistum þyki þessi málsmeðferð bæði róttæk og ólýðræðisleg.

Það er þegar séð fyrir því, að þetta mál fái afgreiðslu í nótt. Ég skal því ekki tefja tímann með neinum málalengingum, en vil samt leyfa mér að bera fram nokkrar brtt. við frv., sem vitanlega átti ekki að vera tími til að undirbúa, en ég legg hér fram skriflega í trausti þess, að ekki sé svo girt fyrir allt samkomulag við stuðningsmenn þessa lagafrv., að þeir taki ekki tillit til þeirra. Þessar till. eru allar undanþágur fyrir vörur, sem aliur almenningur notar mjög mikið, bæði nú og fyrr á öldum. Við 2. umr. þessa máls kom þó í ljós, að það er til einhver vilji fyrir því að leiðrétta eitthvað smávegis í þessu frv. — Vil ég nú fara örfáum orðum um þessar brtt.

Brtt. eru við 3. gr. Fyrst er það tollskrárkafli 9, en þar er í frv. kaffi undanþegið, en ekki te. Varð ég mjög undrandi, er ég sá þetta í frv. Hvers eiga þeir að gjalda, sem drekka te? Þykir mér því sanngjarnt að leiðrétta þetta og hef tekið upp undanþágutill., nr. 3—17, sem nær yfir te og enn fremur pipar, negul og annað krydd, sem ekki er hægt að framleiða hér á landi, en er mikið notað.

Í öðru lagi er það 11. kaflinn, nr. 20—21, sagógrjón, sagómjöl. Ég álít sanngjarnt og eðlilegt, að það sé undanþegið. — Við 18. kaflann, nr. 4, 7, hef ég tekið kakóduft og suðusúkkulaði, sem er mjög mikið notað á mörgum heimilum, einkum handa börnum, þar sem ekki er mikil mjólk, en börnum er ekki gefið kaffi, sem ekki er talið nærandi. — Þá kemur næst tómatsósa, sem er mjög algeng á borðum fólks, og virðist óeðlilegt að skatta hana fremur en aðrar brýnar nauðsynjar. — Þá er það við 28. kaflann, nr. 57, öll nauðsynlegustu lyf samkv. skrá, staðfestri af fjmrh. Virðist öll sanngirni mæla með því, að mönnum séu ekki gerð nauðsynlegustu lyf dýrari en brýnasta nauðsyn krefur, því að venjulega fylgir nógur kostnaður sjúkdómum, þó að ekki sé skrúfað upp verð á lyfjum.

Við 30. kafla, nr. 39—41, hef ég tekið blek alls konar, blýanta, skólakrít, alls konar litkrít og pastelkrít. Þetta eru kennsluáhöld, auk þess sem almenningur notar þau einnig mikið, og kæmi hækkun á þeim þungt niður á fjölmennum heimilum, þar sem börn eru, sem öll sækja skóla og þurfa að kaupa þessar vörur. Og meðan ríkið ekki beinlínis leggur skólunum til þessar vörur, sem sjálfsagt er, væri í fyllsta máta ósanngjarnt að vera að íþyngja einmitt þeim fjölskyldum, sem flest eiga börnin.

Við 34. kafla hef ég tekið eldspýtur, sem allur almenningur þarf að nota, jafnt ríkir sem fátækir. Mér finnst, að fátæka fólkið megi eins njóta elds þeirra. — Við 37. kafla hef ég tekið bakpoka og fatapoka, sem mjög eru notaðir af sjómönnum, sem sækja vinnu langt frá heimilum sínum.

Þá er það 44. kafli, nr. 2—4, þar sem talinn er upp þakpappi, veggpappi og gólfpappi. Hv. 2. þm. Reykv. hefur einnig gert till. um byggingarefni, og læt ég hans rökstuðning nægja í því. Við sama kafla eru svo taldir upp ýmsir liðir, sem allt hið sama gildir um og skólaáhöld. Þar er og tekinn upp liður um ferðakistur og ferðatöskur, sem ekki eru framleiddar í landinu og almenningur notar mikið, einkum á síðustu árum, eftir að orlofsl. gengu í gildi.

Við 45. kafla eru undanþágutill. um teiknibækur handa börnum og landabréf alls konar, sem í raun og veru ætti að vera algerlega tollfrjálst.

Við 47. kafla, nr. 7—9 eru gerðar undanþágutill. um gólfábreiður, gólfmottur og gólfdregla úr ull og dýrahári, og sama er að segja um 48. kafla, 9—11. Þessar vörur eru ekki framleiddar hér á landi, en munu talsvert nauðsynlegar í heimahúsum, og mér finnst því ekki rétt að gera mönnum erfiðara fyrir en nauðsynlegt er að veita sér þessar vörur. — Síðan er talinn upp ýmis nærfatnaður, ytri fatnaður, sokkar, leistar, skófatnaður, enskar húfur o. fl. og gerðar till. um undanþágur á þeim vörum. Þetta eru allt vörur, sem eng-

inn getur án verið og eru sannarlega nógu dýrar fyrir allan þorra manna, þó að ekki séu stórhækkaðir á þeim tollarnir frá því, sem nú er.

Síðasta till., við 79. kafla, er um að undanþiggja orgel og harmonium þessari tollhækkun. Þetta eru þau hljóðfæri, sem allur almenningur í landinu kaupir helzt og eru langalgengust í heimahúsum. Þau eru mjög dýr og þola enga hækkun, ef aðrir en þeir efnuðustu eiga að geta veitt sér þau. Hins vegar er mjög mikil vakning meðal þjóðarinnar í músíkmálum, og væri eðlilegra að ýta undir þá viðleitni manna og greiða fyrir henni, með því að gefa almenningi kost á að afla sér hentugra hljóðfæra, heldur en að bægja mönnum frá því að geta keypt þau.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Ég veit, að það mun ekki valda neinum úrslitum um afgreiðslu þessa máls, hvort ég segi meira eða minna, en vil þó vænta, að hv. d. taki tillit til þessara óska minna og samþ. þær.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 635) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er nú sýnt af undanfarandi umr. hér og afgreiðslu þessara nýju laga, að ekki er unnt að koma í veg fyrir þessar nýju skattálögur. Ég vil ekki stofna hér til nýrra umr., þó að ástæða væri til þess út af ræðu, sem flutt var við 2. umr. máls þessa. Ég segi það nú, eins og ég hef alltaf sagt, að ég álít ekki þörf á að leggja þessa nýju tolla á og með því íþyngja alþýðu manna. Þessa tekjuaukningu ríkisins átti að taka af yfirstéttum þjóðfélagsins, en ekki af alþýðunni, en á henni bitna þessir tollar. Ég tel, að ekki hafi verið þörf á að grípa til þessara ráðstafana vegna útlits atvinnuveganna. Það er nú sýnt, að selja má útflutningsafurðir þjóðarinnar með betra verði en í fyrra, og útlitið því ekki verra en þá var. Hins vegar er með þessu stefnt að aukinni dýrtíð í landinu og ekki ólíklegt, að alþýða rísi upp gegn þessum ráðstöfunum, en menn þeir, sem hamrað hafa þessar álögur fram, bera ábyrgð á verkum sínum, og þeir vita væntanlega, að hverju þeir ganga.

ATKVGR.

Brtt. 635 felld með 18:7 atkv.

Frv. samþ. með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JörB, PÞ, SB, BG.

nei: ÁkJ, EOl, HermG, KTh, AJ, SigfS, SG.

9 þm. (GÞ, GTh, GÞG, JóhH, JPálm, JS, JJ, ÓTh, PO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Sigurður Kristjánsson: Að sönnu tel ég það mikið neyðarúrræði að leggja á þessar nýju álögur, en sökum þess að Alþingi hefur sýnt vilja sinn á að samþykkja þær, þá sé ég mér ekki fært annað en að samþ. þær og segi því já.

Sigurður Bjarnason: Með skírskotun til grg. hv. 5. þm. Reykv. segi ég já.

Frv. afgr. til Ed.

Á 114. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram í hv. Nd. og hefur hlotið þar afgreiðslu, eins og þskj. ber með sér. — Svo sem fram er tekið í grg., er þetta frv. borið fram til að afla ríkissjóði tekna til þess að inna af hendi nauðsynlegar fjárgreiðslur í því skyni að halda niðri verðlagi í landinu.

1. gr. fjallar um hækkun á vörumagnstolli, sem sé, að hann hækki af benzíni upp í 20 aura af kg í stað eins eyris. Með vörumagnstollinum í því formi og þeim benzínskatti, sem að öðru leyti er til í l., yrðu gjöld af benzíni alls 29 aurar af kg, og gegnir það furðu, hversu þessi benzíngjöld hafa lengi staðið í stað, þ. e. í 9 aurum að viðbættum eins eyris vörumagnstolli, svo sem raun ber vitni um, af því að kostnaður við vegaviðhald hefur vaxið svo gífurlega á síðustu árum, þannig að benzínskatturinn og kostnaður ríkissjóðs við vegaviðhaldið er orðið í mjög miklu ósamræmi. Ef litið er til nágrannalanda vorra, er þess að geta, að benzínskattur þar er miklu hærri en hér hefur verið. Í Danmörku er hann t. d. 34 aurar, og ætla ég því, að hér sé öllu stillt í hóf. — Ég skal svo lauslega geta þess, að benzínskatturinn, eins og gert er ráð fyrir honum í þessu frv., og hækkun á bifreiðaskattinum samkv. því frv., sem afgr. var hér á undan, mun nema allmiklu lægri upphæð en áætlað er í fjárl., að vegaviðhaldið kosti á þessu ári. Mér þótti ekki fært að hækka skyndilega þessi gjöld, svo að þau næðu þeirri upphæð að standa algerlega undir vegaviðhaldinu, sem þau raunverulega þyrftu þó að gera. Í fjárlagafrv. þessa árs er gert ráð fyrir því, að vegaviðhald nemi 9 millj. kr., en vegamálastjóri hefur hins vegar sagt mér, að það sé ekkert annað en blekking fyrir Alþ. að áætla það lægra en 10 millj. kr. En því miður virðist ekki muni vera hægt að jafna þessar tvær upphæðir með þessum skatti, sem sé tekjur af benzín- og bifreiðaskatti og útgjöldin, sem vegaviðhaldið hefur í för með sér. Samt sem áður er með þessu stigið spor, þannig að þetta er fært í miklu skynsamlegra horf en hv. Alþ. hefur látið það vera í mörg undanfarin ár, og bilið milli útgjalda og tekna á þessu sviði ætti að verða minna en verið hefur. Kostnaður við vegaviðhaldið reyndist vera síðastliðið ár yfir 11 millj. kr. og hefur meir en þrettánfaldazt á síðustu 8 árum.

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að annar vörumagnstollur en af benzíni — með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr. — hækki um 200%. Í grg. er sýnt fram á, hvað hlutfallið hefur verið milli vörumagnstolls og verðtolls síðustu 7 ár, og þær tölur, sem þar liggja fyrir, sýna, að t. d. árið 1940 hefur hlutfallið þarna á milli verið svipað; þá gefa þessir tveir tollstofnar, vörumagnstollur og verðtollur, ríkissjóði hér um bil sömu upphæð, en svo breytist þetta mjög mikið á hverju ári á eftir, og á síðasta ári nam vörumagnstollur rúmlega 14½ millj. kr., en verðtollurinn aftur á móti rúmum 62 millj. kr. Samanburðurinn sýnir, að fyrst hefur vörumagnstollurinn numið sömu upphæð og verðtollurinn, en eftir því sem flutn-

ingsgjöldin hafa hækkað, hefur hlutfallið þarna á milli raskazt, eins og ég hef sýnt fram á með því að nefna þær tölur, sem ég áðan nefndi, og verðtollurinn hefur fjórfaldazt á móts við vörumagnstollinn. Undanþágur, sem gerðar eru hvað áhrærir vörumagnstollinn, snerta einnig tóbak og drykkjarvörur, og með því að það í fljótu bragði kann að sýnast undarlegt, vil ég geta þess, að ríkisvaldið hefur nýlega tryggt sér auknar tekjur af áfengi og tóbaki með því að hækka verzlunarálagningu á þessum vörum ríkissjóði í hag. Þótti því ekki rétt að leggja hærri vörumagnstoll á þessar vörur en gilt hefur fram að þessu; hækkuninni hefur verið náð þar eftir öðrum leiðum.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að til ársloka 1947 — en í frv. er ekki gert ráð fyrir, að þetta fyrirkomulag gildi lengur en til ársloka 1947 — skuli innheimta verðtoll með 65% álagi með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr., og þær undantekningar eru, eins og hv. þdm. mega sjá, nokkrar höfuðnauðsynjavörur að undanskildum tóbaks- og drykkjarvörum.

Ég drap á það áðan, að verðtollur nam á síðasta ári rúmum 62 millj. kr. Varð hann rúmlega 13 millj. kr. hærri en árið áður og hefur aldrei náð svo mikilli hæð fyrr. Má telja, að þetta stafi af óvanalega miklum innflutningi á síðasta ári og af hækkuðu vöruverði á heimsmarkaðinum. Innflutningurinn varð þá svo sérstaklega mikill, þar sem svo mikið af svo kölluðum nýsköpunarvörum var flutt til landsins í viðbót við mikinn innflutning af öðrum vörum, en ég held, að þeir, sem kunnugir eru þessum málum og fylgjast með þeim samdrætti í verzluninni, sem nú á sér stað, hljóti að viðurkenna, að það er hvorki neitt útlit fyrir, að innflutningurinn muni verða neitt svipað því, sem hann varð á síðasta ári, né heldur að verðtollurinn komist nokkuð nálægt því að ná þeirri upphæð, sem hann náði á síðasta ári. 65% álag á verðtollinn er að vísu tilfinnanlegt, en ég vil geta þess, að ekki er ætlazt til, að hann verði gróðavegur, þ. e. a. s. þetta álag, sem frv. gerir ráð fyrir, og ekki er ætlazt til, að aukningin verði til ágóða fyrir þá, sem verzla, því að í 5. gr. frv. er svo ákveðið, að ekki sé heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollhækkana samkv. lögum þessum, og er verðlagseftirlitinu skylt að sjá um að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara. Þessu ákvæði var breytt í Nd. frá því, sem verið hafði, er frv. var lagt þar fram, vegna þess að orðalagið þótti binda verðlagsyfirvöldin um of og var fallizt á, að það hefði frjálsari hendur. Það er, eins og hv. þm. vita, orðið alláliðið, komið fram í apríl, og verkanir þessa frv. koma því ekki til að ná nema til ¾ hluta ársins eða þar um bil og tekjur þess þess vegna miklu minni en ef slík löggjöf hefði komið til framkvæmda um áramót. En í stuttu máli má skýra, að tekjurnar af hækkun benzíntollsins, vörumagnstolls og verðtolls eru áætlaðar, miðaðar við eitt ár, 42 millj. kr. Nú nær tollhækkunin aðeins til 9 mánaða, eða varla það, en þegar miðað er við 9 mánuði, var litið svo á, að gera mætti ráð fyrir um 10 millj. kr. frádrætti, eða að tekjuhækkunin mundi nema 31.6 millj. kr. á þessum tíma. Ég vil benda á, að vegna þess hve frv. er seint fram komið, má draga í efa, að það nái þessari upphæð, og alltaf er gert meira til að draga úr innflutningnum. Það gefur auga leið, að þessi tollhækkun hlýtur að hafa verðhækkun í för með sér, en meðan sú stefna er að draga úr verðbólgunni með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, verður ekki hjá því komizt að auka tekjur ríkisins í þessu skyni, og verður öllu þessu fé varið til að lækka verð á nauðsynjavörum.

Það er vitað, að sú ríkisstj. sem tók við eftir hið langa bil, þegar allt var í óvissu, hvernig stjórnarfar yrði eftir 117 daga hlé á störfum þings og stjórnar, hafði ekki heppilega aðstöðu. Það er auðvitað aldrei sérlega heppilegt að taka við stjórn á miðju þingi, og þá ekki sízt þegar margt hefur dankazt, sem annars hefði verið í framkvæmd, ef ábyrg ríkisstj. hefði setið. Núv. ríkisstj. setti sér það markmið að halda niðri vísitölunni á sama hátt og fyrirrennarar hennar, sem sé fyrrv. ríkisstj. og utanþingsstjórnin, höfðu gert, til að stemma stigu fyrir, að verðbólgan hækkaði, og gera það með því að greiða niður verðlag og nota til þess fé úr ríkissjóði. Þetta hefur reynzt mjög erfitt, og þrátt fyrir tilraunir fyrrv. ríkisstj. hækkaði vísitalan um 44 stig meðan hún fór með völd, en henni og öllum hv. þm. er ljóst, að fari hækkunin óðfluga áfram, þá verður það til miklu meiri baga fyrir atvinnurekendur en þó orðið er, þó að vísitalan sé þegar orðin of þung fyrir atvinnuvegi landsmanna, og þegar hún er orðin lamandi fyrir atvinnuvegina, er skammt að bíða, að hún verði niðurdrepandi fyrir þá, sem taka laun sín. Nú hefur þetta frv. orðið fyrir gagnrýni í Nd. — og mun það vafalaust endurtaka sig hér — fyrir, að hér sé stigið spor til að gera lífsnauðsynjar dýrari, og sagt, að tilraunin sé óheppileg, vegna þess að fyrir barðinu á þessari hækkun verði vörur, sem gangi inn í vísitöluna, og verði því frv. að hækka vísitöluna og draugurinn magnaður, sem verið er að glíma við. Því miður er það að vísu rétt, að ákvæði frv. snerta ýmsar vörur, sem ganga inn í vísitöluna, en það er rannsakað af Hagstofunni og stjórnarráðinu, að tekjuaukningin, þó að eitthvað fari forgörðum við það að kveða niður þá hækkun, sem af þessari tollhækkun verður, verður að miklu leyti til ráðstöfunar fyrir ríkisstj. til að greiða niður aðrar hækkanir, sem koma af öðrum orsökum, og er þá stoð í að fá þessa tollaukningu til að halda vísitölustigunum nokkuð niðri. Ég tel bezt að tala um þetta með varúð og nota sem minnstar fullyrðingar um árangur, en þetta tel ég óhætt að segja. Af þessum ástæðum verður að gera ráð fyrir afdrifi af strikinu, en það ætti ekki að hindra, að markið, sem að er stefnt, náist að mestu, sem sé, að þannig fái ríkisstj. fjármagn til að standa enn nokkurn vörð um þær afleiðingar verðbólgunnar, sem afdrifaríkastar eru. Það er almennt álitið, að ef vísitalan hækkar úr 310 stigum, verði hún lítt viðráðanleg, og með þessu er reynt að halda okkur frá þeirri hættu, sem af því mundi leiða. Um það má alltaf deila, hvaða leiðir eigi að fara, og hafði fyrirrennari minn tekið þá ákvörðun að halda ekki áfram niðurgreiðslum, og mun hann hafa farið frá vegna þess. En það verður samt að horfast í augu við staðreyndirnar, dýrtíðina, sem stöðugt hefur vaxið, og hins vegar, að enginn grundvöllur er fund-

inn til samkomulags, sem segja megi um, að sé önnur leið og betri til að koma málunum í heilbrigðara og betra horf. Hitt er annað mál, að nauðsyn er að finna slíkan grundvöll, en hann er ófundinn enn, og ég veit ekki til, að nokkur stjórnmálaflokkanna hafi komið með ákveðnar till. í þessu efni, en vonandi stendur það til bóta. Það þarf svo ekki að eyða orðum að því, að það er ekkert ánægjuefni fyrir ríkisstj. að þurfa að koma með auknar álögur á þjóðina, þó að það sé gert til dýrtíðarráðstafana. Og við erum jafnsannfærðir og þeir, sem fordæma niðurgreiðsluaðferðina, að það sé ekki hægt að halda því áfram til lengdar, en við lítum svo á, að þess verði að freista í bili til að forðast hrun, þar til leiðtogar fólksins, stjórnmálamennirnir, hafa sameinazt og komið sér saman um skynsamleg ráð.

Í umr. í Nd. bar á því, að ákveðinni stétt var kennt um dýrtíðina, og var það verzlunarstéttin. Ég vil ekki bera það á neina stétt, að hún ein eigi sök á, hvernig komið er, og mundu þá sumar stéttir standa nær því en verzlunarstéttin, að mínu áliti. Þess vegna erum það við stjórnmálamenn og við, sem höfum boðizt til að vera leiðtogar fólksins, sem berum ábyrgðina, og við eigum að finna ráð út úr öngþveitinu. En á meðan við högum okkur þannig, að við metum meira að vinna lýðhylli með falsrökum, þá er ekki úrbóta að vænta. Ég geri ráð fyrir, að enginn, sem hér hefur talað, hafi í einu og öllu rétt fyrir sér, því að venjulega liggur úrlausnin milli þess, sem fram kemur, þegar deilt er. Ég vil samt benda á hlut, sem markar leið í þessu efni og algerlega er ófær, og það er þegar sú ákvörðun var tekin að bæta dýrtíðina að fullu og öllu og láta verðhækkunina skella á atvinnuvegunum, þannig að ekkert sé dregið úr. Í nágrannalöndum okkar er farin önnur leið. Þar er að vísu bætt dýrtíð, en ekki farið jafnhátt. Mismunurinn hjá okkur verður sá, eins og að framan segir, að sá, sem er launþegi, á alltaf að fá auga fyrir auga og tönn fyrir tönn, þegar t. d. kjöt hækkar eða mjólk og jafnvel þegar sígarettur og brennivín hækkar, en sá, sem rekur atvinnu, hefur enga slíka tryggingu. Svo er annað, sem orsakað hefur misræmi, og það er, þegar kippt var í sundur verðlagi landbúnaðarvara og annarra vara.

Ég álít því, að við höfum stigið víxlspor í dýrtíðarmálunum, og þó að ég vilji ekki halda því fram, að tilgangur fyrrv. leiðtoga hafi verið slæmur, þá hefur margt komið fram, sem ekki er líf rænt, og getum við ekki haldið slíku áfram, ef þjóðin á að standa erlendum þjóðum á sporði og skapa sér viðunandi lífskjör. Meginstefnan hefur verið sú, — með að láta vísitölu dýrtíðarinnar greiðast að fullu og öllu og með því að kippa verðlagi landbúnaðarvara úr samræmi við annað verðlag, — að enginn launþegi liði skaða vegna dýrtíðarhækkunar. Þetta hefur markað stefnuna, og er ekkert ljótt um það að segja. En þegar fram í sækir, sést, að ýmsir annmarkar verða hér á, og er reynt að hamla gegn þeim með fjárgreiðslum úr ríkissjóði, og í frv. er lagt til, að þessum útgjöldum sé mætt með skatti. Það er sem sé verið að berjast við ástand, sem komið er af því að mæta hækkun vísitölunnar. Það hefur verið bent á, að aðrar leiðir væru hægari, og má það vera ... .. að flokkur þeirra vildi annað, þó að hann haldi þessu nú fram. Ég hef engar yfirlýsingar gefið, því að ég veit ekki til, að nokkur flokkur hafi lagt fram plan, en ég get sagt það, að Sjálfstfl. hefur komið auga á fleiri leiðir, en þær mundu gefa verkanir allt of seint fyrir það fjárlfrv., sem um er að ræða.

Þegar Alþ. samþ. fjárlagafrv. við 2. umr., var greiðsluhalli 30 millj. kr., eða nálægt því, sem verja þarf til að halda vísitölunni innan þeirra takmarka, sem um var samið. Þessar tekjur eru svipaðar og fram bornar til þess að mæta dýrtíð og rekstrarhalla fjárl. En þetta er bráðabirgðaráðstöfun, vegna þess hve langt er liðið á árið og brýn þörf að láta útgjöld og tekjur standast á á pappírnum a. m. k.

Ég vil svo mælast til þess við hv. d. að hún vísi þessu frv. til 2. umr. og fjhn. að lokinni þessari umr.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú haldið sína framsöguræðu í þessari hv. d. um það mikla tekjuöflunarfrv., sem er aðalfrv. í þeim bálki, sem afgreiða átti á einni nóttu. Rök þau, sem hæstv. fjmrh. bar fram, höfum við flest heyrt áður, bæði í hv. Nd. og eins hér í þessari hv. d., í sambandi við hin önnur frv., sem eru hluti af þessum lagabálki, sem þetta frv. er stofninn í.

Hæstv. ráðh. sagði, að verðtollurinn hefði stöðugt hækkað í hlutfalli við vörumagnstollinn, og því voru einu rökin, sem hæstv. ráðh. bar fram, þau, að nauðsynlegt væri að hækka vörumagnstollinn til að jafna metin. En þrátt fyrir mikla verðhækkun, sem hefur hækkað verðtollinn svo mikið, hefur stj. lagt til, að verðtollurinn hækki hvorki meira né minna en um 65%, svo að ef tilgangurinn er sá að samræma þessa tolla, þá er skrítið að leggja til, að þessi tollur hækkaði, sem var orðinn óeðlilega hár í samanburði við aðra tolla. Svipaðar röksemdir voru um benzíntollinn, að hann væri óeðlilega lágur síðan fyrir stríð. En þá væri fróðlegt, að ráðh. upplýsti um leið, hvaða verð er á þessum vörum í nágrannalöndunum, borið saman við ástandið hér, — það er það, sem fyrst og fremst skiptir máli, — og einnig hvað fargjöld og flutningar eru samanborið við það, sem er hér heima. En það er undarleg röksemd, að ef verðlag hækkar, þá sé sjálfsagt að tollar hækki líka í samræmi við það. Ríkið á sem sagt að stuðla enn frekar að þessari verðhækkun með hækkandi tollum, og er það næsta undarleg barátta gegn verðbólgu og ekki hægt að bera fram slík rök þegar viðhorfið er hækkandi verðlag og vaxandi dýrtíð.

Hæstv. ráðh. lagði áherzlu á, að þessi frv. væru komin fram til að stemma stigu við síhækkandi verðbólgu. Áður hafði hann lagt áherzlu á, að hér væri aðeins um að ræða tekjuöflunarfrv. til að koma fjárl. saman, svo að gjöld og tekjur stæðist á. Rétt mun það, að hér sé um dýrtíðarráðstafanir að ræða. En ef þetta er borið fram til að stemma stigu við verðbólgunni, eins og hann sagði, þá er það undarleg ráðstöfun að gera það með því að auka verðbólguna. Nú meinar hæstv. ráðh. með verðbólgu fyrst og fremst vísitöluna, og þetta frv. hlýtur auðvitað að hækka hana verulega. Það var upplýst hér í d. áður, að þetta frv. mundi hækka hana um 6 stig, en það var lauslega reiknað, og má búast við, að það verði meira. En hæstv.

ráðh. bætti því við, að það væri aðeins nokkur hluti af þessari verðhækkun, sem kæmi fram í hækkandi vísitölu. En hvað sem því líður, eru þetta næsta undarlegar ráðstafanir, og ég vil spyrja: Hver er meiningin? Til hvers á að hækka ýmsar vörur og greiða vísitöluna niður á öðrum? Ég sakna skýringar á þessu atriði. Því að þetta eru hinar furðulegustu ráðstafanir, að ríkið geri aðgerðir og stofni skrifstofubákn til þess að hækka ýmsar vörur og þar með vísitöluna og stofni síðan annað skrifstofubákn til þess að greiða vísitöluna niður á öðrum vörum. En það er hægt að ráða í, hver skýringin er. Flestar þær vörur, sem hækka, ganga minna inn í vísitöluna en þær, sem hún er greidd niður með. Þannig tekst að falsa vísitöluna enn meir, og er það ekki einmitt tilgangurinn, og lækka með því kaup allra launþega? En þá er ekki hægt að halda því fram samtímis, að þetta sé gert til þess að styrkja útgerðina, þegar allar vörur hækka í verði, sem útgerðarmenn verða að kaupa. Hvaða styrkur er það? Og ríkið leggur jafnframt fram stórfé til styrktar henni. Þetta er fáránleg vitleysa. Sama er að segja um byggingarvörur. Ríkið leggur fram fé til styrktar nýjum byggingum samkvæmt lögum, og svo eru sett ný álög á byggingarvörur. Hvað á slíkt að þýða? Mér sýnist þessi vinnubrögð líkust því, sem maður hefur heyrt talað um á geðveikrahæli, þar sem menn eru látnir moka sand í poka og svo stillt til, að sandurinn komi ávallt niður á sama staðinn, svo að alltaf er mokað sama sandinum.

Hæstv. ráðh. játaði, að þessar ráðstafanir væru engin fullkomin lausn á dýrtíðarmálunum, og að ýmsar aðrar leiðir væru til, en ekki hefði orðið um þær samkomulag, og játaði, að enginn grundvöllur væri til í þjóðfélaginu til samkomulags um það, til hvaða ráðstafana skyldi gripið. Í samningum stjórnarflokkanna er tekið fram, að leita skuli samkomulags við verkalýðsstéttina um úrræði í dýrtíðarmálunum. Hefur það verið gert? Nei, það er svo þvert á móti, að það hefur verið kappkostað að halda þessum ráðstöfunum fullkomlega leyndum fyrir fulltrúum verkalýðssamtakanna. Meira að segja fengu þm. Sósfl. ekkert að vita um þessi mál fyrr en þau voru komin á dagskrá. Þannig eru nú samráðin við verkalýðssamtökin. Auðvitað vissu menn, að eins og til þessarar ríkisstj. var stofnað, var ekki mikils að vænta frá henni til samvinnu við verkalýðssamtökin, enda tók enginn þessi ummæli alvarlega. Því að ef nokkurn tíma var ástæða til að hafa samráð við verkalýðssamtökin, þá var það um þetta frv., sem snertir svo mjög hag almennings.

Hæstv. ráðh. kom inn á það, að farið hefði verið inn á þá óheillabraut að bæta að fullu og öllu dýrtíðina í landinu og greiða fulla dýrtíðarvísitölu á kaup. Með öðrum orðum, hæstv. ráðh. álítur, að öll stríðsárin hefði kaup átt að fara stighækkandi, því að allir sjá, að ef kaup hækkar ekki eftir hækkandi verðlagi, lækkar það raunverulega. Með öðrum orðum, kaupið fyrir stríð var of hátt, en svo verður að skilja orð hæstv. ráðh., og að kippa þessu í lag virðist vera það, sem hæstv. ríkisstj. hefur í huga. En nú er það svo, að það hefur alls ekki verið greidd full verðlagsuppbót í samræmi við hækkandi verðlag. Það er svo fjarri því, það veit hæstv. ráðh. Væri það gert, væri kaup miklum mun hærra. Allir vita, að vísitalan er fölsuð, og það hafa verið gerðir útreikningar á því, þó að það hafi ekki verið gert af hálfu opinberra aðila. Allir vita, að húsaleigan t. d. er miklu hærri en sú, sem gengur inn í vísitöluna. Það er því svo fjarri því, að laun hækki í samræmi við hækkandi verðlag, blátt áfram af því, að vísitalan er fölsuð.

Þetta frv. mun falsa vísitöluna enn meir, og kemur því fram sem hæstv. ráðh. ber svo mjög fyrir brjósti, að kaup hækki hvergi nærri í samræmi við verðlag í landinu. En hæstv. ráðh. gat ekki um, að álagning hækkar í samræmi við hækkandi verðlag. Við búum hér nefnilega við prósentuálagningu, og um þetta fyrirkomulag sagði einn af forustumönnum Sjálfstfl., að það væri vitlausasta verzlunarfyrirkomulag í heimi, því að áhrif þess væru, að það væri hagkvæmast að gera innkaup með sem hæstu verði. — Þegar hæstv. ráðh. var að bera sakir á stéttirnar, undanskildi hann eina stétt, verzlunarstéttina, heildsalana, og taldi, að þeir hefðu orðið fyrir ómaklegum árásum.

Það hefur þegar verið rætt mikið um þetta frv. í sambandi við þau frv., sem hér hafa verið til umr. undanfarið og eru þáttur í þeim lagabálki, sem stj. hefur lagt fyrir Alþ. til tekjuöflunar. En þetta frv. er aðalfrv., og það bar á góma í sambandi við hin frv. og var þá rætt almennt, og er ekki ástæða til að endurtaka það. Í þessu frv. felast sem sé till. hæstv. ríkisstj. og úrræði í fjármálum og baráttu gegn dýrtíðinni, og leiðin, sem hæstv. stjórn ætlar að fara, hefur verið vegsömuð og hennar krafizt af afturhaldinu í landinu í síðustu 5 ár, sem sé að ráðast á kjör verkalýðsins, en hlífa þeim ríku og láta þá sleppa. Í þessum frv. eru tekjurnar áætlaðar í heilt ár um 45 millj., en 42 millj. eftir þessu eina frv. En alls hefur verið bætt við röskum 45 millj. miðað við heilt ár. Samkv. frv. hækka flestar nauðsynjar að sama skapi, ekki aðeins þær vörur, sem eru að nokkru leyti óþarfar og hægt er að draga úr neyzlu á, heldur líka bráðnauðsynlegar vörur, svo sem byggingarvörur, vefnaðarvörur, útgerðarvörur, matvörur, — nema þær, sem mest ganga inn í vísitöluna. Að meðaltali eru þetta aukin útgjöld um 350 kr. á hvert mannsbarn á landinu, eða um 1750 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu, en það jafngildir því, að ef slík fjölskylda hefði 20 þúsund kr. árstekjur, að launin væru lækkuð um 8—9% og þó nær 9. Auðvitað er þetta aðeins meðaltal, hjá sumum er þetta meira, sumum minna. Nú verður þetta til að hækka vísitöluna, eins og hæstv. fjmrh. sagði, en samkv. yfirlýsingu ríkisstj. verður hún greidd niður, og kemur þá nokkur frádráttur frá launalækkuninni með þeirri niðurgreiðslu. En það fé, sem vísitalan er greidd niður með, verður að sækja í vasa almennings og svo koll af kolli.

Allir vita, að verzlunarstéttin eða innflytjendurnir hafa rakað saman óhemju gróða undanfarin ár, og það er engin árás á stéttina að segja það, en viðkvæmni að þjóta upp til handa og fóta, ef slíkt er nefnt. Þessi óhemjugróði hefur fært atvinnulífið úr skorðum undanfarin ár, og það er hæstv. fjmrh. flestum betur kunnugt af starfi sínu í nýbyggingarráði, og þetta er eitt mesta vandamálið í atvinnu- og fjárhagsmálum Íslendinga. Fjármagnið hefur streymt inn í verzlunina, en nú er svo komið, að nauðsynlegt er að grípa til róttækra ráðstafana, og þær hlutu að koma við

pyngju heildsalanna, ef haldið hefði verið áfram að framkvæma stefnu fyrrv. ríkisstj. En hér var svo ástatt, að stjórnarsamstarfið rofnaði, m. a. vegna þess, að Sjálfstfl. var í þjónustu heildsalastéttarinnar — og einnig menn í Alþfl. og Framsfl. Hér á Alþ. eru hrópuð slagorð, slagorð, þegar minnzt er á ofsagróða heildsalanna. Alþýðuflokksmennirnir og hv. 7. landsk. verða uppnæmir, ef minnzt er á þetta.

Með þessu frv. er ekki nóg, að innflutningsverzlunin sleppi, heldur er verið að auka gróðaveg hennar. Með þessu frv. eru að vísu í 6. gr. þess fyrirmæli um það, að ekki megi leggja á tollaukninguna. En nú upplýsir hv. form. fjhn., að þessi gr. sé í raun og framkvæmd þýðingarlaus, því að álagningin verði bara þess ríflegri á hinn hluta vöruverðsins. (**PM:** Ég hef ekkert sagt í þessa átt.). Mér skildist þetta á orðum hv. þm., en hann getur auðvitað dementerað þetta. Vegna þeirra umræðna, sem út af þessu hafa spunnizt í Nd., hefur orðalagi þessarar gr. verið breytt, en ég fæ ekki séð, að það breyti nú verulega, og ef gr. er sett af hagkvæmniástæðum, þá er það af sömu hagkvæmniástæðu að 6. gr. er í frv., enda sagði hæstv. ráðh., að orðalagið bindi ekki um of, enda sé það á valdi verðlagseftirlitsins um verðlagningu í hvert skipti. Nú, þetta atriði fer ég ekki fleiri orðum um, en það er annað atriði, sem snertir afstöðu heildsalanna til málsins. Það mun vera ókleift að hafa eftirlit með því, að þeir skjóti ekki undan vörum, þar til þeir hafa fengið nýjar birgðir, sem tollhækkunin leggst á, svo að það er lagt upp í hendurnar á þeim að selja vörubirgðir sínar með hærra verði nú, og eru þá hér stórupphæðir, sem er fundið fé fyrir innflytjendur. Fulltrúar Alþfl. og Framsfl., sem talað hafa hér, virðast hafa undrazt á því, að því hefur verið haldið fram, að verkalýðurinn mundi að sjálfsögðu mótmæla þessu frv. og gera gagnráðstafanir í mót þessum álögum, sem átti að berja í gegn á einni nóttu, en eru hærri en nokkur tollalöggjöf í þingsögunni, enda þótt verkalýðnum sé ætlað að greiða hér 45 millj. kr. á ári auk annarra skatta og þótt kaup hinna vinnandi stétta sé lækkað með lagaboði um 8—9% á sama tíma sem auðmennirnir fá nýja gróðamöguleika.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um hrun í þessu sambandi. Við höfum svo sem heyrt þennan söng áður hér á Alþ. Ég kannast við hann síðustu fimm árin: Ef kaup verkalýðsins yrði ekki lækkað, þá mundi hrun skella yfir allt athafnalíf þjóðarinnar. Ég heyrði, að hæstv. fjmrh. var með svipaðar hugleiðingar, og ég rengi nú ekki, að núv. hæstv. ríkisstj. sé með þessu frv. og lagabálki sínum, ásamt fleiru, á góðum vegi með það að koma þessu margumtalaða hruni á. Hún hefur nú þegar unnið það afrek að stöðva byggingarframkvæmdir og þá atvinnu, sem þær hafa skapað, og nokkurn hluta iðnaðarins á sama tíma og núv. hæstv. forsrh. endurtekur ummæli fyrrv. forsrh. um það, að glæstar horfur væru með sölu á framleiðsluvörum okkar. Og nú er spáð hruni, og má segja, að hér sé vel að verið.

Það er alrangt að halda því fram, að þessi frv. mæti eðlilegum útgjöldum á fjárl. Það vantar 35 millj. til þess að greiða niður vísitöluna, og tekjurnar af þessu frv. til áramóta eiga að nægja til þess. Enda tók hæstv. fjmrh. það skýrt fram, að þetta væru dýrtíðarráðstafanir. Það eru furðulegar dýrtíðarráðstafanir. Hér er verið að gera ráðstafanir til þess að hækka vöruverð, minnka kaupmátt krónunnar og í einu orði sagt verið að gera ráðstafanir til þess að hækka vísitöluna, en ekki að lækka hana. Og svo fullkomin fjarstæða er þetta, að aðalmálgagn stjórnarinnar segir í leiðara, að þessi hækkun á innflutningsgjöldum nálgist brjálæði. Nálgist brjálæði, eins og Morgunblaðið orðar það. Ekki eru þetta stoðir til styrktar útgerðinni, er heildarverð á útgerðarvörum öllum hækkar vegna tolla á nauðsynlegustu vörum til útgerðar. En mér er spurn út af þessum ummælum Morgunblaðsins, er aðalmálgagn Sjálfstfl. snýst gegn máli, sem allur þingflokkur sjálfstæðismanna stendur að, fylgir fram og ber ábyrgð á, — hvernig á að skilja þetta? Eða er þetta aðeins takmarkalaus tvískinnungur og hræsni, sem flokkurinn leikur hér? Þá er smán þessa flokks því meiri. Eða hefur Sjálfstfl. hér verið til neyddur og látið Alþfl. neyða sig inn á þá braut að vaða svona hastarlega ofan í pyngju fólksins? Það væri fróðlegt, ef fulltrúar þeir hér á þingi fyrir Alþfl. vildu svara hér til saka. Mér hefur fundizt framkoma Alþfl. alveg furðuleg í þessum málum. Samkvæmt stefnuskrá flokksins er flokkurinn á móti öllum tollum á neyzluvörur, og á flokksþingi Alþfl. í haust var lögð áherzla á það, að Alþfl. vildi ekki hækka skatta á almenningi, heldur leggja áherzlu á stighækkandi skatta, og fyrir alþingiskosningar barðist flokkurinn, eða lét það í veðri vaka við kjósendur, að flokkurinn mundi berjast fyrir lækkun tolla á almennum neyzluvörum. En nú styður flokkurinn freklegustu tollhækkunarfrv., sem komið hefur fram á Alþingi Íslendinga, og hv. 7. landsk. lýsir yfir því um leið, að þetta sé réttlátasta tekjuöflunarleiðin. Þetta minnir helzt á heimspekinginn, sem hélt því fram, að þessi heimur væri beztur allra hugsanlegra veralda. Að til séu aðrar og betri leiðir til þess að afla tekna, svo sem t. d. ríkiseinkasölur, ríkisrekstur arðbærra fyrirtækja eða ráðstafanir til að ná til skattsvikins fjár, er samkvæmt kenningu þessa flokks eða formælenda hans annaðhvort helber vitleysa eða ranglæti. Nú má ekki hrófla við hátekjumönnunum. Og ég vil nú spyrja: Getur flokkur unnið sér öllu meira til óhelgi í stjórnmálum?

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég ætla að byrja mál mitt með því að svara hv. 4. landsk. í því, sem hann sagði í lok ræðu sinnar, að hér væri um að ræða freklegasta tollhækkunarfrv., sem borið hafi verið fram á Alþingi. Ég er nú hálfsmeykur um, að hv. þm. taki hér munninn nokkuð fullan, en hitt er rétt, að hér er um töluverða hækkun að ræða, en ef þessar tölur svífa nú svo mjög á hv. 4. landsk., því skyldi ekki svífa á hann, er útgjöld ríkissjóðs nálgast um 200 millj. kr., en hann var ekki ánægður með það, heldur bar hv. 4. landsk. fram brtt. og flokksbræður hans, sem mundu hafa hækkað útgjöldin alveg geysilega. Það er svo sem ekki furða, þótt þessir menn berji sér svo á brjóst, er reynt er að afla ríkissjóði tekna til þess að standast þessi útgjöld. Hvað á svona framkoma annars að þýða? Kommúnistar eru með öllum útgjöldum á öllum sviðum, en ef reynt er að mæta útgjöldunum, þá er gripið til þess að reikna út, hve stór kjósendahópur komi til með að greiða mismuninn, en ef það snertir

alþýðu manna yfirleitt, þá berja þeir sér á brjóst af eintómri umhyggju fyrir fólkinu. Ég býst nú við, að alþýða landsins sjái í gegnum þetta. Uppáhaldsorð hv. 4. landsk. er að koma fram með till., sem kalla mætti kúlissur, en kúlissa er það kallað t. d., ef búið er út leiksvið og máluð eru tjöld, t. d. af sveit, og sett á vegg og svo á hinn vegginn málverk, er sýndi t. d. fjall, og þetta er látið verka á ímyndunaraflið til þess að blekkja, þannig að það sýnist sveit eða fjall, sem þó ekki er. Það er verið að blekkja áhorfendurna. Og þetta eru uppáhaldskúlissur þessa hv. þm. Hann vill, að samþ. séu frv. til bygginga, hafna, skóla, veitt fé til lista og vísindamanna. En er afla á tekna til slíkra framkvæmda eða styrkja, þá lítur hv. þm. til kjósenda flokks síns og ber sér. Það er oft gaman að horfa á grínleiki, en er það sama er leikið ár eftir ár og leikendurnir eru alltaf hinir sömu, þá verður það nú hálfleiðinlegt.

Hv. þm. sagðist furða sig á, hve þessu máli hefði verið hraðað, og átaldi það, að ekki skyldi vera leitað álits verklýðsins um málið, áður en það kom fyrir. Ég veit nú vart dæmi til þess, að það væri venja ríkisstjórna að leita umsagnar félagasamtaka varðandi ákvarðanir sínar, og ekki veit ég til þess, að þessi hv. þm. hafi gert slíkt í sinni stjórnartíð. Ég held nú, að það sé ekki óhagstætt fyrir mig að minna á ummæli hv. þm. Siglf. í gær, er hann fullyrti, að það hefði verið á allra vitorði, að þetta frv. kæmi fram, og að stj. hefði með varúðarleysi komið því til leiðar, að kaupmenn hefðu hamstrað að sér vörum nú síðustu dagana, til þess að okra á þeim seinna, að svo skuli hv. 4. landsk. koma hér með ummæli og fullyrðingar, sem afsanna þennan áburð hv. þm. Siglf. Það er nú svo, að þegar frv. sem þessi eru til athugunar í Stjórnarráðinu, þá er nú ekki svo gott að fyrirbyggja, að mál kvisist út hjá starfsmönnum, en það er nú svo sem ekki nema gott, að þó hafi sú leynd verið á þessu og svo ógurleg, að hv. 4. landsk. kvartar sáran yfir henni. Það stangast á rökin hjá þessum flokksbræðrum, ekkert síður en hjá öðrum.

Þá var hv. 4. landsk. að véfengja álagningarákvæðið, sem sett var inn í frv. er það var til meðferðar í Nd. Þar hefur hv. þm. haldið því bókstaflega fram, að hvítt væri svart, eða svart hvítt, eftir ummælum hans að dæma. Hann er búinn að drekka það inn í sig, að enginn geti haldið neinu fram nema af óheilindum, vegna vinnubragða hans sjálfs, og heldur svo, að aðrir hljóti að gera slíkt hið sama. Orðalag það, sem ákveðið var með breyt. Nd. á frv., var til þess að skýra gr., en hv. þm. vill fara lengra. Hann vill ráðfæra, hvaða orðalag sé hreinast í framkvæmd.

Hv. þm. bar hér fram ákaflega miklar fullyrðingar í sambandi við viðskilnað sinn frá fyrrv. ríkisstj. Nú á að hafa verið ein af ástæðunum fyrir því, að hann og flokksbræður hans rufu samstarfið í fyrrv. ríkisstj. — eitt af fleirum, segir hv. þm. — ágreiningur um verzlunarmálin og afstaða flokksins til þeirra mála, að mér skilst gagnvart verzlunarstéttinni. Ja, svo? Var það nú það? Vita ekki allir, — ég held, að ekki þurfi að spyrja þennan hv. þm., — að þegar hæstv. fyrrv. forsrh. vildi hefja umr. við meðrh. sína um ýmis vandasöm mál, sem fyrir hendi voru, t. d. dýrtíðarmálin og önnur, svo sem afurðasölumálin, sem þá var mjög aðkallandi, þá höfðu ráðh. Sósfl. eitt svar á takteinum við fyrrv. hæstv. forsrh., að þeir ræddu ekki nein vandamál þjóðarinnar í þeirri stj. vegna herstöðvarsamningsins við Ameríkana. Þetta eru staðreyndir. Svo að það hefur mjög lítið að segja, þó að þessi hæstv. fyrrv. ráðh. komi hér mörgum mánuðum seinna og segi í dag: Já, þetta var eitt af aðalatriðum fyrir því, að við fórum úr ríkisstj. — Og þegar næsta mál kemur til umr., verður sagt það sama. Nei, það var ekki þetta sem gerði það að verkum, að svona fór með stjórnarsamstarfið og þeir hlupu frá öllu saman og neituðu að ræða þessi vandamál, heldur af því, að þeir móðguðust svo fyrir hönd erlends stórveldis, af því að flugvallarsamningurinn var gerður.

Hv. þm. sagði, að ég hefði viljað undanskilja verzlunarstéttina, þegar ég hefði borið aðrar stéttir sökum. Ég er hissa á hv. 4. landsk., að hann skuli beita svona málfærslu. Það væri miklu líkara hv. flokksbróður hans úr hv. Nd., sem stendur hér upp við vegg. Ég sagði einmitt, að það væri rangt að taka nokkra stétt undan og beita ásökunum einvörðungu í hennar garð. Ég skýrði frá því í þessu sambandi, að það er ekki rétt að taka eina stétt út úr, verzlunarstéttina, en þeim hv. þm. varð það á í þetta sinn.

Hv. þm. taldi sig hafa reiknað út, hvað þessi tollur, ef samþ. verður, mundi kosta venjulegt heimili, og svo reiknaði hann það út í prósentum. Ég geri ráð fyrir, að þar ætti að vera vel í lagt. Það vill nú vera svo. Og því hefur verið haldið fram af honum og flokksbræðrum hans, að það er alveg miðað við tollálagninguna eins og hún yrði fyrir heilt ár. En tollálagningin á ekki að vera nema fyrir þetta ár, og er bráðum búinn ⅓ hluti ársins. En þessi tekjuaukning verður notuð til þess að reyna að stemma stigu við óhæfilegri hækkun vísitölu, og það getur verið, að þessi skattur komi að einhverju leyti við hvern einasta mann í landinu. Hve mikið, skal ég ekki segja fyrir víst, en ég býst við, að hann verði ekki svo hár sem hv. þm. segir. En veit hv. þm., hvaða prósentutölu það mundi kosta hvert heimili eða hvern mann í landinu? Hitt er náttúrlega auðvelt að sjá, að ef vísitalan hefði verið látin vaxa úr 310 stigum og í 320 eða 330 stig og verðlag á vörum hækkað í sambandi við það, — hefur hv. þm. gert sér það ljóst, að þar mundu hafa komið fram einhverjar álögur í því formi á hvern einasta mánuð? Þess vegna er það ekki rétt málfærsla að tala hér um þessa hækkun án þess að taka það með í reikninginn, að hve miklu leyti þetta verkar þá til þess að lækka framfærslukostnað þessa sama mánaðar.

Ég geri ráð fyrir, að þessi hv. þm., jafngreindur og hann er, sjái það, að ef við missum vísitöluna út úr höndum okkar, þá er það áreiðanlegt, að það verður íþynging — og hún mikil — fyrir svo mikinn fjölda fólks í landinu, og ég tel víst, að megi segja fyrir alla þjóðina, og þá hvern einstakling. Þetta er sjónarmið, sem ég óska, að hv. þm. taki fullt tillit til og viðurkenni, að tilgangur þess sem tekjuöflunarleiðar er að reyna að koma í veg fyrir frekari hækkun dýrtíðarinnar en ella mundi.

Þetta er ekki gert fyrir útgerðina, sagði hv. þm. — og hann sagði, að hér legðist aukinn tollur meðal annars á ýmsar útgerðarvörur. Og þess vegna segir hv. þm., að það sé ekkert vit fyrir útgerðina að vera með þessu. Já, einmitt, en ég hugsa nú

samt, að útgerðarmenn kannist mjög vel við, að vísitöluhækkunin skellur beint á þeim strax og hún kæmi. Svo að það er alls ekki rétt hjá hv. þm., að þetta sé ekki líka gert fyrir útgerðina að reyna að stemma stigu fyrir vísitöluhækkuninni. Það er sannarlega gert fyrir útgerðina eins og það er gert fyrir alla aðra í landinu. Þetta er viðleitni í þessa átt, kannske lítil, en viðleitni þó til þess að allt fari ekki í öngþveiti.

Það var einhvern tíma, ég held í næstsíðasta ófriði, að það var verið að ræða um á erlendum vettvangi kjörin, sem hin sigraða þjóð ætti að sæta. Þar voru margir vísir menn og velviljaðir sumir hverjir, sem unnu að Versalasamningnum. En út af till., sem fram kom um það að láta þetta sigraða ríki og óvin greiða stórar skaðabætur og taka af honum öll framleiðslutæki, þá var það haft, að mig minnir, eftir Lloyd George: „Þið getið ekki gert hvort tveggja, að heimta háar skaðabætur og taka framleiðslutækin af hinni sigruðu þjóð.“ Og mér komu í hug einmitt þessi orð, þegar menn tala um þessi mál eða þá möguleika til þess að hækka öll framlög úr ríkissjóði til þess að styrkja þetta og styrkja hitt, byggja þetta og byggja hitt og eru allra manna fúsastir til þess að hækka útgjöld úr ríkissjóði. En svo aftur það sama yfirvarp, sem þessir sömu menn brúka gagnvart tekjuöflun til þess að mæta þessum fjáraustri, sem þeir vilja hafa. Ef hér væri — sem ég veit, að er — um viti borna menn að ræða, sem vilja beita sínu viti til þess að hugsa um þetta mál, þá hljóta þeir að skilja, að það á við þá þetta, sem sagt var: „Þið getið ekki gert hvort tveggja.“ Þið getið ekki krafizt þess, að ríkisútgjöldin fari — ekki upp í 200 millj. kr., heldur 220 millj. kr., eins og flokkur þessa hv. þm. leggur til á þessu þingi, á meðan þið berjizt á móti því af öllum mætti, að aflað verði tekna til ríkissjóðs til þess að standa straum af þeim mikla kostnaði.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur atriði, sem ég vildi taka fram.

Ég þarf mjög lítið að svara þeirri ræðu, sem hæstv. fjmrh. hélt hér nú. Hann virtist vera svona heldur ergilegur og óvenjulega æstur í ræðu sinni. En málefnislega séð er það ákaflega lítið, sem þarf að svara. Það var í fyrsta lagi, að hæstv. fjmrh. spurði hvers vegna Sósfl. hefði ekki brugðið við það, að fjárl. skyldu fara nú upp í 200 millj. kr., fyrst honum yrði svona bilt við þessa tollhækkun. Við höfum aldrei haldið því fram, að fjárhagur okkar væri þannig kominn, að engin leið væri að láta tekjur og gjöld fjárl. standast á. En við erum þeirrar skoðunar, að við höfum ekki efni á því að hafa fjárl. eins og gengið er frá þeim. Það er ekki ágreiningur um það, og það er því óþarfi fyrir hæstv. ráðh. að vera með slíkar spurningar. Við erum reiðubúnir til þess, ef þess væri einhver kostur að ná um það þingmeirihluta, að leggja fram till. um fjáröflun til þess að standast þessi útgjöld.

Það er alveg rangt hjá hæstv. fjmrh., að við sósíalistar gerum aðeins kröfur um útgjöld, en séum ekki með neinum ráðum til þess að afla tekna. Á meðan við vorum í ríkisstj., stóð aldrei á því. Og það tókst þá að koma fjárl. saman þannig, að áætlaðar tekjur og gjöld stóðust á. Í þeim samningi, sem fór fram um stjórnarmyndun í vetur, þá var það ekki það ágreiningsefni, sem strandaði á, og var í því sambandi rætt um ýmislegt af þeim till., sem við lögðum fram, eins og hv. þm. þekkja. Og ef samkomulag hefði getað orðið um aðra hluti, geri ég ráð fyrir, að samkomulag hefði orðið um eitthvað af þeim.

Í tilefni af þessu frv., sem hér liggur fyrir, vil ég spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hvernig á því standi, að öðru stjórnarfrv., sem er um innkaupastofnun ríkisins, skuli ekki liggja neitt á, úr því að tollafrv. liggur svona mikið á. Ef þetta frv. væri lagt fram áður en þetta tollafrv. er samþ., er ekki að vita nema hægt væri að finna leiðir í sambandi við það frv. til þess að afla ríkissjóði tekna, — það er að segja, ef nokkur alvara er hjá hæstv. ríkisstj. að koma sér saman um nokkuð annað. Hæstv. fjmrh. ætti ekki, jafnrólegur maður og hann annars er, að vera að belgja sig svona upp út af því, að við sósíalistar værum á móti öllum till. um tekjuöflun fyrir ríkissjóð, slíkt eru ekki annað en persónulegar fullyrðingar. Hvenær hefur það komið fyrir, að við sósíalistar höfum lagt fram fyrir kjósendur annað en það, sem við höfum staðið við? Komið þið bara með dæmi. Hvenær höfum við gengið á móti stefnuskrá okkar, sem við höfum lagt fram við kosningar? Komið þið með eitt einasta dæmi. Við höfum verið á móti hækkun á tollum á nauðsynjavörum fyrir kosningar. (**GÍG:** Hvar eru frv.?). Það hafa komið fram frv. og það koma frv. (**Forsrh.:** Það komu ekki frv. á meðan sósíalistar voru í ríkisstj.). Sósíalistum gekk betur að koma fjárl. saman en þessari hæstv. ríkisstj. Og ég skal geta þess, að Sósfl. var til viðtals um að breyta tollskránni og hækka toll á sumum vörum samtímis því, sem lækkaðir væru tollar á nauðsynjavörum, og Sósfl. hefur einnig haldið því fram, að það ætti að endurskoða tollskrána til þess að lækka tollana á nauðsynjavörum og að það væri eitt af þeim ráðum, sem kæmi til greina til lækkunar á vísitölunni. En það eru líka aðrir flokkar, sem hafa haldið fram, að lækka bæri tolla á nauðsynjavörum — og það er ekki lengra en nokkrir mánuðir síðan — og að hækka bæri stighækkandi toll á stórtekjugróðanum. Það eru sömu flokkarnir, sem nú eru hér á ferðinni með till. um meiri hækkun á nauðsynjavörum en nokkurn tíma hefur komið fram áður. Ef þetta er ekki fals og blekkingar og bara til þess að sýnast, þá veit ég ekki, hvað það er. Og það situr sízt á þeim mönnum, sem þannig fara að, að vera með fals og blekkingar. Hvað getur fals og blekkingar gengið langt? Þetta snertir líka sjálfstæðismenn. Morgunblaðið sagði, að þessi aðferð ríkisstj. stappaði nærri brjálæði. En hvers vegna er Morgunblaðið að skrifa á þennan hátt? Vegna þess að blaðið veit, að þetta er óvinsælt mál. (**Fjmrh.:** Það var í sambandi við afgreiðslu fjárl.). Það var um málið í heild sinni. Ef hv. þm. vill verða sendisveinn fyrir mig og ná í blaðið, skal ég lesa part úr gr. upp. Þetta er gert til þess að hampa því framan í ófróðan almenning, að Morgunblaðið og sá flokkur, sem að því stendur, sé ekki fylgjandi þessum háu tollum, enda þótt till. um slíkt sé borin fram af hæstv. fjmrh. og fylgt fram af svo miklu offorsi, að ég veit, að þm. eru óánægðir með það. (**Dómsmrh.:** Hverjir eru það?) Ég skal hvísla því að hæstv. ráðh. á eftir. (**Dómsmrh.:** Ég vil ekkert baktjaldamakk).

Ég er hissa á því, ef hann vill ekkert baktjaldamakk, eins og við höfum makkað mikið saman. En þm. í Nd. lýstu yfir því, að þeir væru óánægðir. (**Dómsmrh.**: Hverjir lýstu yfir því?). T. d. hv. þm. N-Ísf. og hv. 5. þm. Reykv. (SK). En það mun vera hægt að fræða hæstv. ráðh. um það seinna. En þarna eru komnir 2 þm., sem lýst hafa yfir þessu. Annars þarf hæstv. ráðh. ekki að vera svona æstur, það er bezt fyrir hann að halda sér á mottunni, eins og hann hefur gert hingað til. Ég veit, að þetta er þung stund fyrir þennan flokk, og það sér hæstv. ráðh., sem ber slíkt mál fram, sem er þannig vaxið, að flokksblaðið treystir sér ekki til þess að mæla neitt með því og gengur svo langt í dómum sínum um það, að það segir, að það gangi brjálæði næst að koma með svona frv. Ég get vel skilið, að hæstv. ráðh. sé ekki í góðu skapi, en ég vil samt ráðleggja honum að reyna að stilla skap sitt, því að honum veitir ekki af því.

Þá sagði hæstv. fjmrh., að ég hefði ekki verið að því að bera slík mál undir félagssamtökin í landinu á meðan ég hefði verið í ríkisstj. Mér hefur ekki verið borið slíkt á brýn fyrr en nú, heldur alveg það gagnstæða. En það kann vel að vera, að ég hafi ekki gert nóg að því, en hitt hefur verið sagt, að ég hafi ráðgazt of mikið við félagsstarfsemi utan þings. Og er þetta því í fyrsta skipti, sem ég er sakaður um það, að ég hafi ekki gert það. — Í sambandi við þetta sagði hæstv. fjmrh., að það hefði ekki borið saman það, sem ég hefði sagt og flokksbræður mínir í hv. Nd. Það er rétt, sem flokksbróðir minn í Nd. sagði, að það kvisaðist út meðal almennings, — og það fyrir löngu síðan, — að það ætti að leggja fram frv. um mjög miklar tollahækkanir, og nú vil ég fyrir mitt leyti ekkert fullyrða um það, hvernig á því stendur, að þetta kvisast svona út. Hv. þm. álítur, að það hafi verið gert vitandi vits. Það er rétt, — hvernig sem á því stendur, að þessar fregnir voru manna á meðal, — að slíkt frv. væri á leiðinni, en hvernig þessi frv. mundu verða, fékk enginn af forustumönnum verkalýðsfélaganna að vita um, né heldur enginn af stjórnarandstöðunni. Og mér hefur verið sagt, að því hafi verið lýst yfir af þm. annarra flokka. Ef það var svo, að það var vitað meðal almennings, að frv. ætti að leggja fram um tollhækkanir, hvaða ástæða var þá að fara með svo mikilli leynd með þetta gagnvart verkalýðssamtökunum, eins og hv. samflþm. minn hefur haldið fram?

Þá vildi hæstv. fjmrh. halda því fram, að ein ástæðan fyrir samstarfsrofinu í ríkisstj. hefði verið samningurinn við Bandaríkin um flugvöllinn. Það er rétt, að höfuðástæðan var Keflavíkursamningurinn, sem hæstv. ráðh. var svo elskulegur að kalla, að það hefði verið þjónusta við erlent stórveldi. Það er náttúrlega ekki ástæða til þess að verða hissa á því, þó að slík slagorð séu notuð í blaði flokks hæstv. fjmrh., en hitt finnst mér undarlegra og varla samboðið hæstv. ráðh., að nota slík slagorð sem þessi. Við erum sammála um, að höfuðdeilumálið var þessi samningur. En þó að hann hefði ekki komið til, þá hefði ekki stjórnarsamvinna getað orðið, nema samningar hefðu getað orðið um fleiri mál. Sósfl. lýsti yfir því við kosningar, að hann vildi halda áfram samvinnu í ríkisstj., ef samkomulag tækist um herstöðvamálið og enn fremur, að nýjar ráðstafanir yrðu gerðar að því er snertir nýsköpun, og loks ráðstafanir í dýrtíðarmálunum. Og eftir kosningar vildi flokkurinn gera slíkan nýjan málefnasamning, og var því ekki neitað af Sjálfstfl. En þegar til samninga kom og stjórnarsamvinnan hafði klofnað með flugvallarsamningnum og eftir að farið var að semja aftur, kom í ljós, að ekki var samstarfsgrundvöllur fyrir hendi. Þess vegna slitnaði upp úr stjórnarsamvinnunni, eins og hæstv. ráðh. veit og allir hv. þm.

Till. Sósfl. eru öllum almenningi kunnar, því að þær hafa verið birtar. Þær voru lagðar fram í 12 manna n. sem grundvöllur, sem hann vildi byggja samkomulagsumleitanirnar á.

Þá sagði hæstv. ráðh., að útreikningur minn, hvaða tekjumissir þetta væri fyrir almenning í landinu, væri dálítið hæpinn. Hann neitaði því þó ekki, að hann væri réttur. Það mætti spyrja á móti, hvaða tekjurýrnun það væri fyrir almenning, ef vísitalan hækkaði samhliða. Út af fyrir sig er ekki hægt að tala um tekjurýrnun vegna hækkunar vísitölunnar, heldur vegna almennrar verðhækkunar í landinu. Og tekjurýrnun, sem orsakast af verðhækkun, verður þrátt fyrir þessar ráðstafanir, en verður aðeins enn þá meiri vegna þessara ráðstafana ríkisstj.

Hitt svar hæstv. ráðh. er svo ekki deilumál, að það þurfi að stöðva verðhækkunina í landinu. Það er það, sem allir flokkar eru að glíma við. Og söm er afstaða útvegsmanna í því efni. Útvegsmenn hafa hag af því, ef vísitalan og verðhækkunin er í raun og veru stöðvuð. En ekki er hægt að skilja, hvernig þessi aðferð geti orðið til hagsbóta fyrir þá, þar sem vitað er, að vörur þær, er þeir þurfa að kaupa, stórhækka í verði. Dálítið verður greitt niður af þessum vörum, en þær vörur, sem varða mestu fyrir hann, hækka óeðlilega í verði, til þess að greiða niður aðrar vörur. Sannleikurinn er sá, að þessar ráðstafanir er ekki hægt að ræða sem venjulegar fjáröflunarleiðir. Þetta eru dýrtíðarráðstafanir. Þessa fjár er aflað með þessum tollum til þess að ná inn því fé, sem nauðsynlegt er til þess að greiða niður vísitöluna samkv. áætlun ríkisstj. Ef þessi niðurgreiðsluupphæð væri ekki í fjárl., þyrfti ekki á þessari tekjuöflun að halda.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það eru aðeins örfá orð. Sá hv. ræðumaður, er talaði síðast, fann, að málstaðurinn var ekki góður hjá sér, þar sem jafngreindur maður og hann er varð að fá sér aðra vitibornari menn til að vitna í, og leitaði hann í því augnamiði til afstöðu nokkurra sjálfstæðismanna til þessa máls. Væri það betur, ef hann gerði það sem oftast, því að þá mundi honum betur farnast en raun hefur á orðið. En þótt skilningur hv. þm. sé glöggur, þá er þó ljóst, að hann hefur ekki skilið afstöðu þessara manna eða ummæli Morgunblaðsins, er hann vitnaði í. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þau upp. Þar stendur svo:

„Afleiðing þessa hlaut svo að verða annað tveggja: Stórfelldur hallarekstur á ríkisbúskapnum eða stórauknar nýjar álögur. Ríkisstj. valdi síðari kostinn, og verður að viðurkenna, að annars var ekki völ, úr því að þingið fékkst ekki til að gera það, sem allir aðhyllast í orði, en flestir neita á borði, þegar til þeirra kasta kemur, þ. e. að hefja raunhæfa baráttu gegn dýrtíðinni."

Í þessu kemur fram, að blaðið sér, að þær skattatill., sem hér liggja fyrir, eru óumflýjanlegar. Og það segir áfram: „Morgunblaðið telur fyrir sitt leyti, að hér sé stefnt út á svo háskalega braut, að nálgist fullkomið brjálæði. Hvaða vit er í að vera með um eða yfir 200 millj. kr. fjárlög, meðan allt er í óvissu um sölu aðal útflutningsvöru landsmanna?“ Það var þetta, sem Morgunblaðið sagði, að nálgaðist brjálæði. Það er ekkert launungarmál og hægt að lýsa yfir því fyrir hönd okkar ráðh. Sjálfstfl., að við höfum lagt á það mikla áherzlu í gegnum fjvn. og ríkisstj., að útgjöldum fjárl. væri haldið niðri meira en raun hefur orðið á. Ástandið í þinginu er þannig, að ekki er til fylgi við þá skoðun okkar, að þessu bæri að halda niðri. Og þeir, sem ganga lengst gegn þessari skoðun, eru þm. Sósfl. Þeir hafa lagt til, eins og hæstv. fjmrh. benti á, að fjárl. væru ekki í kringum 200 millj., heldur yfir 220 millj. Þannig ganga þeir miklu lengra í því, sem Morgunblaðið kallar, að nálgist brjálæði, heldur en meiri hl. þingsins hefur nú gert.

Hv. þm. var að tala hér um stefnuyfirlýsingar tveggja hv. þm. Sjálfstfl. í Nd., og naut til þess aðstoðar fyrrv. ráðh., hv. þm. Siglf. Ég býst við, að afstaða þessara hv. þm. hafi komið fram við atkvgr. um málið. Og ég vil benda á, að annar þessara þm., Sigurður Kristjánsson, er manna einarðastur á þeirri skoðun, sem kemur fram hjá Morgunblaðinu um, að fjárl. séu allt of há, að þingið hafi gengið lengra en góðu hófi gegnir, þótt það hafi ekki gengið líkt því eins langt og Sósfl. hafði gert. Það er eðlilegt, að þessir menn bendi á, að ef þeirra stefnu hefði verið fylgt, þá hefði ekki þurft að leggja þessa skatta á. Hins vegar hafa þeir eðlilega tekið þá afstöðu, þegar þeirra stefna náði ekki fram að ganga, þ. e. að halda fjárl. niðri, að greiða atkv. með sköttunum, vegna þess að þeir vilja heldur láta ríkissjóð standa undir sér en láta hann safna stórfelldum skuldum á þessum tímum. Þessi afstaða er skynsamleg og rökrétt og í einu og öllu í samræmi við stefnu Sjálfstfl. og okkar umboðsmanna hans í ríkisstj. Stefna Sósfl. aftur á móti er fjarri því að vera rökrétt eða fá staðizt, þar sem flokkurinn heimtar gjöldin upp og ber fram 10 millj. kr. hærri brtt. en allur þingheimur annar gerir við 2. umr. fjárl., en svíkst svo undan merkjum við að láta ríkissjóð fá þær tekjur, sem nægja til að standa undir þeim böggum, sem leggja skal á hann. En það kemur bara engum á óvart, þótt flokkurinn hagi sér svona, því að stefna hans er að koma öllu í glundroða og upplausn. Flokkurinn væri að svíkja stefnu sína, ef hann færi ekki svona að. Þetta kemur heim við reynslu mína og annarra manna, er höfum haft samstarf við hann. Þessir menn geta ekki komið öðruvísi fram, nema svíkja stefnu sína. Þeir verða að svíkja þá stefnu, er þeir koma með fyrir framan kjósendur. Enda eru það aðeins blekkingar að vonast eftir úrræðum frá þessum mönnum. Meðan þeir voru í ríkisstj., hugsuðu þeir svo vel um velgengni atvinnuveganna, að þeir fengust ekki á ríkisstjórnarfundi í allt fyrra sumar til þess að ræða aðkallandi vandamál varðandi hækkun vísitölunnar og örðugleika, sem fyrirsjáanlegir voru á þessum vetri varðandi útveginn. Þessir menn neituðu að ræða þessi mál fyrr en komið væri á daginn, hvað gert yrði við Keflavíkurflugvöllinn. Áhugi þeirra í ríkisstj. virtist eingöngu sá að koma í veg fyrir, að þjóðin næði hagkvæmum samningi varðandi þennan flugvöll. Og á meðan ekki var séð, hvernig það mál yrði leyst, fengust þessir menn ekki til að ræða önnur mál. En þegar svo búið var að leysa þetta mál, þá var umhyggjan fyrir atvinnuvegunum ekki meiri en það, að þeir hlupu úr ríkisstj. og hafa þar með borið ábyrgð á aðgerðaleysi Alþ. frá októberbyrjun til febrúarmánaðar, eða þangað til tókst að mynda þessa stjórn. Svo eru þessir menn að tala um skilyrði, er þeir hafi sett. Það er vitað, að þessir menn settu fram nokkur skilyrði, en voru búnir að fallast á málefnasamning mjög svipaðan þeim og núv. ríkisstj. hefur gengið inn á. En ástæðan til þess, að ekki gekk saman, var sú, að þeir settu fram lítillækkandi skilyrði fyrir Sjálfstfl., sem hann vildi ekki fallast á. En skilyrðin, sem þessi flokkur setti þar fyrir utan, voru t. d. þau að fá bankastjóra í Landsbankann og form. nýja seðlabankans og fleira þess háttar til þess að tylla sínum mönnum upp í vellaunaðar stöður. Og þeir voru þá reiðubúnir til að ganga inn á það, sem þeir nú kalla kúgun við almenning og ofsóknir á vinnandi stéttir þjóðarinnar. Ef þeir fengju bankastjóra í Landsbankann, að koma upp seðlabanka og sýna Sjálfstfl. óvirðingu, þá voru þeir ánægðir. Og almenningur var gleymdur í bili. En þegar kom á daginn, að aðrir flokkar voru að ná saman um stjórnarmyndun, þá komu þessir sömu menn og voru reiðubúnir til að falla frá öllum sínum skilyrðum og báðu menn um að fá að vera með í að mynda stjórn. En ástæðan til þess, að menn vildu ekki ganga inn á slíkt, var sú, að þeir voru búnir að fá nóg af svikum þessara manna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:4 atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 115. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:1 atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. á fundi, sem hún hélt í fundarhléinu. Tími hefur því miður ekki unnizt til þess að gefa út skriflegt nál., enda mundi slíkt koma að litlu gagni eins og er, vegna þess að ekki er hægt að fá nein álit prentuð vegna þess að prentsmiðjur eru ekki starfandi í dag. Þrír af nm., hv. þm. Dal., hv. 1. þm. Eyf. og ég, höfum lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir. Einn nm., hv. 4. landsk., leggur til að frv. verði felllt, og hefur hann skýrt okkur frá því, að hann muni bera fram brtt. við frv. Einn nm., hv. 1. þm. Reykv., hafði fjarvistarleyfi hæstv. forseta, og tók hann því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Ég tel mig ekki þurfa — og tel reyndar ekki rétt — að fylgja þessu máli úr hlaði með neinni sérstaklega ýtarlegri framsöguræðu. Málið hefur þegar verið þaulrætt hér við 1. umr. í þessari hv. d. í því formi, sem það liggur fyrir í nú. Það var einnig rætt hér við umr. tekjuaukafrv., sem hæstv. ríkisstj. lagði fram í hv. d., sem þegar er búið að samþ., og má því ætla, að flest það sé fram komið, eins og málið liggur fyrir nú, sem ástæða er til að taka

fram. Hv. minni hl. fjhn. á einnig eftir að skýra frá sínum brtt. og gera grein fyrir þeim, og má vera, að frekara tilefni gefist til umr., þegar þær brtt. eru fram komnar.

Ég vil þó aðeins taka fram, að með þessu frv. leggur hæstv. ríkisstj. til, að henni sé fengið vald til þess að afla ríkissjóði nauðsynlegra tekna á árinu 1947, til þess að mæta þeim halla, sem fyrirsjáanlega verður annars á fjárl. Fjhn. er það ljóst, að ef hún hefði átt að fara að standa á móti þessu frv., þar henni að sjálfsögðu skylda til þess að benda á aðrar leiðir til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Við því var fjhn. ekki búin og getur því vert á móti, eins og málið liggur fyrir, fallizt á, að þessi leið verði farin, sem hæstv. ríkisstj. hefur stungið upp á. Hitt er svo annað mál, að það er sjálfsagt öllum ljóst, að það verður ekki fært fyrir hæstv. Alþ. eða ríkisstj. að halda áfram á þeirri braut, sem nú er verið inni á að því er varðar rekstur og afkomu hins opinbera. Útgjöld ríkissjóðs og þarfir hins opinbera eru nú, eins og frá fjárl. er gengið, slíkar, að þess er ekki að vænta, að við slíkt verði hægt að ráða í framtíðinni, nema einhverjar róttækar ráðstafanir verði gerðar. Verður þá hvort tveggja að fara saman, bæði sú leið að draga úr útgjöldum ríkisins og eins hitt, að koma atvinnuháttum landsmanna til frambúðar í það horf, að ekki þurfi að hvíla þeir baggar á ríkissjóði, sem nú hvíla á honum beinlínis vegna atvinnuveganna. Það er að sjálfsögðu öllum fullkomlega ljóst — og sjálfsagt engum ljósara en hæstv. ríkisstj., enda hefur það komið mjög ýtarlega fram af hennar hálfu —, að brýna nauðsyn ber til þess, að unnið sé að því að koma fjárreiðum hins opinbera og rekstri öllum í fastara og öruggara horf en verið hefur. Á ég þar ekki aðeins við það, að nauðsynlegt sé að draga saman og reyna að hamla sem mest á móti aukningu á kostnaði við reksturinn á hinni opinberu starfsemi, heldur einnig draga úr þeim öðrum útgjöldum, sem á ríkissjóði hvíla, ekki hvað sízt þeim útgjöldum, sem ríkissjóður óhjákvæmilega hefur orðið að taka á sig til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Það er löngu orðið ljóst öllum, sem um þessi mál hugsa og eitthvað um þau sýsla, að rekstrargjöld hins opinbera eru komin svo langt fram úr öllu hófi að því er kostnaðinn varðar, að slíkt getur ekki gengið eða blessazt lengur. Það er óhjákvæmilegt, að ríkisstj. taki það mál upp alveg til sérstakrar athugunar og ráðstöfunar, hvað hægt er að gera í þeim efnum. Og við, sem styðjum hæstv. ríkisstj., treystum því fullkomlega, að hún noti þann tíma, sem nú er framundan, til þess að taka þessi mál til gagngerðrar yfirvegunar og endurskoðunar og geri sínar till. þar um eins fljótt og frekast er kostur á.

Þetta vildi ég hafa sagt almennt um málið, eins og það liggur fyrir. Á þessu stigi sé ég ekki ástæðu til að fara nánar inn á frv. sjálft. Það er orðið mjög rætt. Auk þess liggja brtt. þær, sem hv. minni hl. fjhn. hefur að gera í málinu, ekki fyrir enn þá, og það er ekki kunnugt, hverjar þær eru.

Að svo mæltu legg ég til fyrir hönd meiri hl. fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Forseti (ÞÞ): Hv. frsm. minni hl. fjhn., 4. landsk. þm. (BrB), hefur tjáð mér, að hann mundi skila vélrituðu nál. Og þar sem nú er verið að enda við að vélrita það og það mun koma eftir tvær eða þrjár mínútur, getur hv. frsm. valið um, hvort hann vill taka til máls strax eða bíða eftir því, sem hann hefur óskað eftir, að nál. verði lesið hér upp. (**BrB**: Það er kannske ekki rétt að bíða).

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði, þá klofnaði fjhn. á þann veg, sem allir vissu nú fyrir fram, að ég er þar einn í minni hl. og legg til, að frv. verði fellt. Hins vegar eru í meiri hl. allir hinir meðlimir fjhn., sem leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þetta var þegar ljóst af umr., sem þegar hafa farið fram um málið.

Ég hef skilað nál., sem er mjög stutt. Það var ekki mikill tími til þess að útbúa nál. En ég taldi réttara, að nál. kæmi samt fram, þótt ekkert nál. hefði komið frá meiri hl. n., og að það yrði þá vélritað og lesið upp hér, þar sem ekki eru möguleikar í dag á því að fá prentað nál.

Ég hef áður, bæði við umr. um þetta frv. og í umr., sem fram hafa farið um önnur tollafrv. frá hæstv. ríkisstj., fært rök að því, hvers vegna ég er á móti þessum frv. Ég þarf þess vegna ekki að fara um það frekari orðum. Það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl. fjhn., að höfuðstefna frv. er þegar orðin mjög rædd. Hins vegar hef ég freistað þess að bera fram brtt. við frv. um að undanskilja nokkrar neyzluvörur þeim tolli, sem á er lagður samkv. þessu frv., ef að l. verður. Þessar brtt. hafa áður verið bornar fram í hv. Nd. og voru felldar þar allar. Meðal þeirra vara, sem hér er lagt til, að tollur verði felldur niður af, eru vörur, sem eru nauðsynlegar fyrir framleiðslu landsmanna, undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, vörur til útgerðar, svo sem tunnuefni tilsniðið og siglugjarðir, kassar til umbúða, botnrúllur, botnvörpuhlerar, hjólklafar og svo efni í veiðarfæri, o. s. frv. Þá er enn fremur lagt til, að undanþegnar verði tollinum ýmsar vörur, sem sérstaka þýðingu hafa fyrir landbúnað, svo sem skepnufóður, áburður og landbúnaðarvélar og áhöld. Að því er útveginn snertir, er lagt til, að skip og bátar verði undanþegin þessum tolli. Enn fremur koma til greina ýmsar vörur fyrir aðra atvinnuvegi, svo sem vélar til iðnaðar og framleiðslu úr innlendum hráefnum, borvélar, lóðhamrar, logsuðu- og logskurðartæki og vörubifreiðar. Þá eru byggingarefni og vörur, sem nauðsynlegar eru fyrir byggingariðnaðinn, sement fyrst og fremst og svo vélar til bygginga og mannvirkjagerðar. Enn fremur er lagt til, að túrbínur verði allar undanskildar tolli og trjáviður, ógunninn eða sagaður. Þá er lagt til að undanskilja ýmsar matvörur, sem hafa mikla þýðingu fyrir neyzlu landsmanna, svo sem grænmeti, nýtt og þurrkað, ávexti til neyzlu, nýja og þurrkaða, mjöl úr baunum, ertum, o. s. frv., kartöflumjöl, klíð, feiti og feitar olíur úr jurtaríkinu, mjöl og sterkju tilreitt sem fæðu fyrir börn og sjúka, o. s. frv., svo og vefnaðarvörur úr baðmull og ofnar vörur úr hör og hampi, svo og hör, hamp, júta og önnur spunaefni og garn.

Mér er í raun og veru alveg gersamlega óskiljanleg sú stefna, sem kemur fram hjá hæstv. ríkisstj., eftir allar umr., sem farið hafa fram, að sækja fast svo gífurlegar tollhækkanir á nauðsynjavörum, sem allir vita, að ekki er hægt að

komast af án og verður til þess að auka mjög bæði framfærslukostnað manna og svo framleiðslukostnað þeirra atvinnuvega, sem hlut eiga að máli. Ef þetta frv. er borið fram til þess að aðstoða atvinnuvegina, þá er þetta með öllu óskiljanlegt, hvers vegna verið er að leggja þannig nýjar álögur einmitt á þá atvinnuvegi, sem framleiða útflutningsvörur og aðrar nauðsynjavörur. Á því hefur engin skýring komið fram af hálfu forsvarsmanna frv. Ég vil þess vegna enn freista þess að fá úr því skorið, hvort allir hv. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. eru svo bundnir á höndum og fótum, að þeir vilji halda fast við þetta, sem ég nefni vitleysu, eins og Morgunblaðið, og mun ég því greiða atkv. gegn þessum till. í frv. Og þrátt fyrir þá undarlegu reynslu, sem hefur orðið í hv. Nd., vil ég samt sem áður enn freista þess að fá fram breyt. á frv.

Ég ætlaði áðan, við 1. umr. málsins, að svara aðeins nokkrum orðum ræðu hæstv. utanrrh. Ég þarf nú ekki mörg orð til þess að svara þeirri ræðu, ef ræðu skyldi kalla, sem hann hélt þá hér. En áður en mig varði, sleit hæstv. forseti fundinum, þannig að mér gafst ekki kostur á því, og það sakar náttúrlega ekki, og var ekki brýn nauðsyn að svara því. Hæstv. utanrrh. var að vonum mjög úrillur, vegna þess að flokksbræður hans hafa í Morgunblaðinu talið, að stefna ríkisstj. gangi brjálæði næst. Og hann var að reyna að breiða yfir þetta með alls konar lögskýringum, en tókst það náttúrlega ekki. Það stendur hér í Morgunblaðinu, sem ég hef hér fyrir framan mig, þar sem blaðið ræðir hallann á fjárl. og stórauknar nýjar álögur, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Í slíkri baráttu tjáir lítið að hækka tollana, þótt Hermannsnefndin (þ. e. hagfræðingarnir) sæju það úrræði helzt. Morgunblaðið telur fyrir sitt leyti, að hér sé stefnt út á svo háskalega braut, að nálgist fullkomið brjálæði.“ — Þetta er náttúrlega svo ljóst sem verða má. Það er öll fjármálastefna ríkisstj., sem hér er kölluð svo hættuleg braut, að hún nálgist brjálæði. En Morgunblaðið vill fara það, sem hæstv. utanrrh. einnig kallar skynsamlegar leiðir, en hann telur ekki fært að fara. En stefna Morgunblaðsins er greinileg, svo framarlega sem með þessu er nokkuð meint. Svona orðalag í Morgunblaðinu er komið til af því, að það er verið að slá þessu fram vegna fólksins, sem að vonum er óánægt með þessar nýju tollaálögur, á sama tíma sem flokkurinn stendur svo fast á því að fylgja ríkisstj. í þessum tollálögum, að flokksmennirnir eru bundnir á höndum og fótum.

Svo er það viðreisnin. Það verður ekki annað skilið en að Morgunblaðið sé á móti viðreisnarstefnu stjórnarinnar.

Þá sagði hæstv. ráðh. (BBen) ýmsa undarlega hluti í ræðu sinni. T. d., að ráðh. Sósfl. hefðu ekki fengizt til að mæta innan stj. til þess að ræða vandamálin. Þetta er bara hreinn uppspuni, hreinn og klár uppspuni frá honum. Það hefur aldrei staðið á sósíalistum að mæta í stj. Þvert á móti stefndi hann að því að finna nýja lausn á málunum. En svo var það, að þegar ekkert samkomulag náðist í utanríkismálunum, taldi Sósfl. grundvöllinn fyrir samstarfinu fallinn, en eins og ég tók fram, var Sósfl. jafnvel þá reiðubúinn að ræða vandamálin. Hér hefur því hæstv. ráðh. borið fram hreinan og kláran uppspuna.

Þá segir ráðh., að flokkurinn hafi viljað fallast á málefnasamning, sem í höfuðatriðum væri sá sami og samningur núverandi stj. Hreinn og klár uppspuni. Hann deilir á flokkinn fyrir það, að hann vildi hafa áhrif á stjórn Landsbankans og að hann hafi ekki fylgt þeirri stefnu, sem Landsbankinn fylgir, og segir svo, að flokkurinn hafi gert svo miklar kröfur, að ekki hafi verið hægt að verða við þeim. Þetta segir hann í sömu andránni og hann segir, að flokkurinn hafi viljað allt til vinna að sitja í stjórn.

Svo voru ýmsar fullyrðingar, sem ég ætla ekki að hafa eftir og ekki að minnast á, því að ég get ekki verið að leggja mig niður við að skattyrðast við hæstv. ráðh., sem virðist hafa sérstaka þörf fyrir að ausa úr sér fúkyrðum.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt hér nál. frá minni hl. fjhn., og hefur verið óskað eftir, að það væri lesið. Vil ég biðja hv. 4. landsk. að fylgjast með, að rétt sé lesið, en nál. hljóðar svo:

„Nefndin hefur ekki orðið sammála um frumvarpið. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt. En ég legg til, að það verði fellt. — Mun ég þó freista að bera fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali, sem miða í þá átt að undanskilja tollahækkuninni ýmsar helztu nauðsynjavörur landsmanna. Eru þær samhljóða tillögum, sem bornar voru fram í Nd.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um ástæður fyrir andstöðu Sósíalistaflokksins við frumvarp þetta. Það er hið freklegasta tollhækkunarfrumvarp, sem borið hefur verið fram á Alþingi, og verður til að stórhækka allt vöruverð í landinu. Sé þessum tollum, sem samkv. áætlun ríkisstjórnarinnar nema röskum 45 milljónum króna (öll tollafrumv. samanlögð), jafnað niður á landsbúa, kemur að meðaltali hátt á átjánda hundrað á hverja 5 manna fjölskyldu. — Sé gert ráð fyrir, að slík fjölskylda hafi 20 þús. króna árstekjur, jafngildir þetta allt að 9% kauplækkun.

Alþingi, 12. apríl 1947.

Brynjólfur Bjarnason.“

Nál. og brtt. hefur orðið að leggja fram vélritað, af því að á þessum degi hefur ekki verið hægt að fá neitt prentað, vegna þess að þetta er hátíðisdagur prentara. Les ég þá brtt. frá hv. 4. landsk.:

„Við 3. gr. Við upptalningu greinarinnar bætist í kaflaröð:

Tollskrárkafli 7 nr. 1—8, grænmeti, nýtt og þurrkað.
— 8 nr. 1—36, ávextir til neyzlu, nýir og þurrkaðir.
— 11 nr. 13—15, mjöl úr baunum, ertum, o. s. frv., kartöflumjöl.
— 11 nr. 22, klíð.
— 15 nr. 9—19, feiti og feitar olíur úr jurtaríkinu.
— 19 nr. 1—7, mjöl eða sterkja tilreitt sem fæða fyrir börn og sjúka o. s. frv.
— 23 nr. 1—13, skepnufóður.
— 25 nr. 17, sement.
— 35 nr. 1—10, áburður.
— 40 nr. 1—19, trjáviður, óunninn eða sagaður, o. s. frv.
— 40 nr. 21—25, tunnuefni tilsniðið og sigluggarðir.
— 40 nr. 26—27, kassar til umbúða.
— 40 nr. 28—32, tunnur og keröld, tilhöggvin hús, gluggar, hurðir o. s. frv.

tk. 40 nr. 46—48, botnrúllur, botnvörpuhlerar, hjólklafar.
— 41 nr. 1—6, korkur og korkvörur.
— 48 nr. 15—18, ofnar vörur úr baðmull.
— 49 nr. 1—9, hör, hampur, júta og önnur spunaefni, garn.
— 49 nr. 19—23, ofnar vörur úr hör, hampi o. s. frv.
— 52 nr. 2, sjóklæði.
— 63 járn og stál.
— 72 nr. 10—21, landbúnaðarvélar og áhöld.
— 72 nr. 27—33, vélar til bygginga og mannvirkjagerðar.
— 72 nr. 36—37, túrbínur.
— 72 nr. 38—48, vélar til iðnaðar og framleiðslu úr innlendum hráefnum.
— 73 nr. 37—45, búsáhöld.
— 73 nr. 46, 49 og 51, borvélar, lóðhamrar, logsuðu- og logskurðartæki.
— 75 nr. 4, vöruflutningabifreiðar.
— 76 nr. 3—6, skip og bátar."

Mun ég nú leita afbrigða fyrir þessum skjölum báðum, þau hafa hlotið þskjnr., nál. 640 og brtt. 641.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Fjárlfrv. hefur verið blandað inn í þetta mál, sem eðlilegt er, og þykir mér því rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir því hér, að tekjum af þessu tollafrv. skuli alveg sérstaklega varið til niðurgreiðslu á dýrtíðinni, enda er í grg. tekið fram, að þetta skuli fara til þess, þó að það sé ekki tekið fram í sjálfu frv. Hins vegar hefur frsm. n., hv. 7. landsk. (GÍG), lýst yfir því, að þetta fé skuli notað til þess að mæta halla á fjárl. þessa árs. Að vísu má segja, að litlu skipti, hvort er, en þó þykir mér það skipta máli. Ég vildi, að hæstv. fjmrh. vildi endurtaka, að þetta eigi að nota til þess að greiða dýrtíðina niður. Mér þætti vænt um þetta. Í fyrsta lagi af því, að ég legg áherzlu á, að sérstöku fé sé varið til þess að greiða niður dýrtíðina, því að frá mínu sjónarmiði er aðeins með því, að samkomulag fáist um það, hægt að fá þjóðina til þess að taka upp baráttu gegn dýrtíðinni. Hins vegar hefur þjóðinni ekki skilizt, að svo væri. Í öðru lagi, að sé þetta fé eingöngu tekið af þjóðinni til þess að greiða niður dýrtíðina í landinu og tryggja atvinnu og lífskjör þjóðarinnar, ber líka að verja hverri krónu til þess, þó að það fari fram úr þessum 35 millj. kr., sem áætlaðar eru á frv. En ég álít, að þetta frv. gefi meira en áætlað er, og álít, að ekki eigi að nota það til nokkurs annars en bara til þess að borga niður með því dýrtíðina í landinu. Ef hins vegar þetta er ætlað til þess að mæta halla á fjárl., eins og frsm. gat um í ræðu sinni, þá vildi ég spyrja, hvernig stj. ætli að ná því, sem á vantar, því að þessi frv., sem hér liggja fyrir, eru ekki líkleg til þess að vega upp á móti þeim greiðsluhalla, sem virðist ætla að verða á fjárlögum.

Þá vildi ég gjarna heyra, hvort hæstv. ráðh. hugsar sér að taka þessi gjöld inn á 2. gr. og hækka viðkomandi liði frá því, sem þeir eru á þskj. 571, eða, ef það á ekki að koma inn á ríkissjóðinn, hvort það á að fella það úr 9. gr., en það veltur á leiðinni, sem stj. velur, hvort hún ætlar að halda þessu sem sérstökum sjóði til dýrtíðarráðstafana.

Hæstv. ráðh. taldi, að orsakirnar til dýrtíðarinnar hefðu aðallega verið tvær, sú, að greidd var vísitöluuppbót á öll laun, og sambandið milli landbúnaðarvara og vöruverðs. Ég held, að líka séu aðrar tvær orsakir, sem ekki megi gleyma. Önnur er gjaldeyrisflóðið, sem flæddi frá setuliðinu, og var það viðurkennt, að dýrtíðarl., sem sett höfðu verið, varð að afnema vegna þeirra peninga, sem streymdu inn. Ég held ekki, að það hefði verið rétt að hindra landsmenn í því að njóta þeirra kjara, sem þá buðust, en hins vegar verður þjóðin að taka erfiðleikunum nú, enda stendur hún betur að vígi eftir þetta.

Í öðru lagi vildi ég benda hv. 4. landsk. á það, að aðalástæðan til þess, að dýrtíðin hélt áfram að vaxa, var brigðmælgi Sósfl. um stjórnarsamstarfið. Og án þess að ég vilji vera að telja upp, hvenær hann og hans flokkur hafa ekki uppfyllt sín loforð, þá vil ég minna á, að þetta loforð hefur ekki verið uppfyllt, en það var loforð um að stöðva kaupgjaldskröfurnar, til þess að hægt væri að stöðva dýrtíðina. Það er meginástæðan til þess, að dýrtíðin hefur vaxið til þessa dags. Ef hv. 4. landsk. (BrB) hefur fundizt sjálfsagt að svíkja þetta loforð, til þess að umbjóðendur hans gætu fengið betri kjör, verður hann að gera sér ljóst, að hann verður að taka fyrir hönd þeirra manna afleiðingunum af þessu, sem nú eru að koma fram á þjóðinni. Ég held, að þetta hafi verið meginástæðan fyrir því, að stjórnarsamstarfið gat ekki haldið áfram, svikin á að halda niðri kaupgjaldinu í landinu, því að það var álitið, að boginn væri orðinn svo spenntur, að atvinnuvegirnir þyldu það ekki. Kaupgjaldið var þó ekki aðalbölið, heldur hitt, að ekki var hægt í atvinnurekstrinum að reikna út, hvað kaupgjaldið yrði þann og þann mánuðinn. Atvinnureksturinn varð alltaf að taka áhættunni, sem var af því, að kaupgjaldið hækkaði. Það er fyrir þetta, sem komið er út í það öngþveiti, sem nú er í þessum málum.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um fjárl., að svo miklu leyti, sem þau snerta þetta mál, og leyfi mér að benda á, að á 19. gr. eru settar inn 35 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana sem gjaldaliður. Þegar þetta var rætt í n., var mér ekki kunnugt um, að þm. sósíalista þar hefðu nokkuð mælt því í gegn, og veit ég ekki til, að nokkur fundur hafi verið haldinn í n., sem ég hef ekki verið á, svo að ég kannast ekki við nein mótmæli viðvíkjandi þessum gjaldalið. Ég man ekki betur en að þeir greiddu þar atkvæði með þessum lið, að setja 35 millj. kr. inn til dýrtíðarráðstafana, og ég minnist þess ekki, að rætt hafi verið um þetta við 2. umr. fjárl. í Sþ. Fyrirvari þeirra var um það, að ekki væru nógu margar gjaldaupphæðir á frv. Ég minnist þess ekki, að Sósfl. bæri fram nokkra sérstaka till. til hækkunar á öðrum gr. frv. til þess að mæta þessum útgjöldum, og hef ekki orðið var við, að þeir hafi komið fram með nokkrar till. til þess að mæta þessum gjöldum né öðrum gjöldum, sem þeir vildu fá inn.

Ég hef orðið þess var, að menn hafa bent á hin háu gjöld, sem nú eru á fjárlagafrv. Við umr. um hin frv. kom það fram, og sérstaklega hjá hv. þm. Str. (HermJ), þar sem hann lýsti yfir

því, að hann mundi ekki þola að sitja hér þetta þing út, án þess að gerðar væru róttækar tilraunir til stjórnarmyndunar á þeim grundvelli að laga fjármálin í landinu. Og ég hef orðið var við það þessa dagana í Morgunblaðinu, Vísi og ekki sízt í Tímanum, að hér sé einhver hætta á ferðum, fyrst fjárlfrv. er komið upp í 200 millj. kr. Þetta sé verra en Heklugos, drepsóttir, fiskileysi og allir erfiðleikar, sem geti steðjað að þjóðinni, og Vísir segir í dag, að nú sé ekki hægt að bjóða þjóðinni annað en blóð og tár, líkt og Churchill sagði, þegar Englendingar fóru í stríðið. En ég segi, að það velti ekki á upphæðum útgjalda um velferð ríkissjóðs, heldur á því, til hvers upphæðin er notuð. Og ég held, að öll öfl, sem sameinast nú um það að ávíta Alþ. fyrir þessi háu fjárl., sem verið er að reyna að afgreiða, ættu heldur að sameinast og gera kröfur um það, að þeir, sem stjórna landinu og þjóðinni, noti fé til þess, sem það ætti að notast til, og einskis annars, og ég vil sanna mál mitt.

Árið 1944 voru útgjöldin 94 millj. kr., þá var 3 millj. kr. tekjuafgangur. 1945, þegar fyrrv. stj. hafði ríkt í eitt ár, þá komust útgjöldin upp í allt annað, þá var 22,6 millj. kr. tekjuafgangur, og það var einmitt vegna þess, að fyrrv. stj. gætti þess, að hver króna, sem áætluð var til útgjalda, kæmi með aðra krónu með sér. Og 1946 er fjárlfrv. afgr. hér með 127 millj. kr. útgjöldum, og þá skilaði ríkissjóður 25 millj. kr. rekstrartekjum. Af því að þessari stefnu er enn haldið hjá fyrrv. stj., að greitt er fé til þeirra hluta, sem geta forvaxtað féð, þá eru greiddir vextir og afborganir af því, sem borgað er í. Ég ber engan kvíðboga fyrir því, að þau 200 millj. kr. útgjöld, sem eru á fjárlfrv. fyrir árið 1947, komi ekki aftur — og meira til, ef þess er gætt, að atvinnuvegir þjóðarinnar séu lífrænir og það sé ekki settur fjötur um fót þeirra. Ég minnist þess, þegar hér var rekin sú fjármálaspeki að senda kartöflur til Eskifjarðar fyrir atvinnulausa menn, svo að þeir gætu haft atvinnu við að rækta kartöflur, en þeir fóru þá inn á þá óheillabraut, að í stað þess að setja þær niður, þá átu þeir þær. Og það er hægt að finna fleiri dæmi frá þeim tíma, þegar hin dauða hönd afturhaldsmanna lá yfir atvinnuvegunum, — um það, hversu mörg tækifæri þá glötuðust fyrir íslenzku þjóðina til að vinna sig upp úr fátæktinni, af því að fénu var ekki veitt í lífræna hluti. Ég held, að samanburður á þessu tvennu ætti að vera þjóðinni nokkur leiðarvísir nú í erfiðleikunum um það, hvort heldur eigi að skera niður eða hvort eigi að halda áfram nauðsynlegum og eðlilegum útgjöldum til þess að skapa enn nauðsynlegri og eðlilegri og meiri tekjur fyrir þjóðfélagið. Hv. 7. landsk. gat þess, að þetta frv. væri til þess að mæta halla fjárl., og hann gat þess einnig, að það væri nauðsynlegt að koma öllum rekstri ríkisins í fastara form. Stjórn og rekstur hins opinbera væri komið í það ástand, að ekki væri lengur við það unandi. Ég var dálítið hissa á þessum upplýsingum frá þessum þm., því ég hef ekki vitað til þess, að hann sjálfur eða flokkur hans í fjvn. hafi viljað leggja hönd á plóginn á þessu þingi til þess að ná þessum árangri. Ég vildi mega í sambandi við þetta spyrja: Hvers eigum við að vænta á næstunni um það, sem á vantar til þess að ná hallalausum fjárl.? Því að þetta dugir ekki til þess. Eftir að búið var að afgreiða fjárl. til 3. umr., þá hefur verið lagður fram í fjvn. nýr listi upp á 9 millj. kr., og hann er engan veginn tæmandi. Ef nokkuð samræmi á að vera milli þess og hins, sem á vantar, þá er gert ráð fyrir, að það verði að bæta 15 millj. á fjárl. Meðal annars er ekki á þessum lista 300 þús. kr. nauðsynlegar greiðslur. Það er ekkert ætlað til rafmagnsborana, ekkert til nauðsynlegra brúa, eins og Þjórsárbrúar. Þegar svo fjvn. hefur óskað eftir því, að menn færu inn á alvöru í þessum málum, og spurt, hvað þeir vildu skera niður, þá hafa þeir mennirnir verið ófúsastir til að hlusta á þau mál, sem nú standa mest á móti auknum tekjum annars vegar og mest hafa ráðizt á fjármálaástandið í landinu hins vegar. Ég verð að segja það, að þessum mönnum veitist erfitt að vera bæði giftir og ógiftir.

Ég tel það vera skyldu form. Framsfl., eftir þá yfirlýsingu, sem hann gerði í þessari hv. d., að knýja flokk sinn til þess að skera niður og spara eitthvað af þeim 9 millj., sem ég hef lýst. Og ég verð að segja það, að þeir menn, sem undanfarin ár hafa staðið hér í að krítisera ýmis l., sem hafa verið sett, eins og fræðslul., en strax þegar á að fara að framkvæma þau, þá krefjast þeir þess, að ekkert sé gert og þetta megi bíða — ég tek ekki þeirra gagnrýni hátíðlega. Það er ekki svo að skilja, að fjvn. hafi átt í neitt meiri erfiðleikum við hann (þm. Str.) en hæstv. núv. menntmrh. um framlag til þeirra mála.

Nú er ég ekki að segja, að það eigi að byrja að skera þau niður, en sannleikurinn er sá, að Íslendingar eru nú að verða á hverju sviði svo stórhuga, að þeir telja sér fært að gera ýmislegt, sem þeir ekki gátu gert áður, og reynslan hefur sýnt, að þeir hafa getað gert það. Og mér dettur ekki í hug að halda, að þeir menn, sem undanfarin 2 ár hafa sent út frá sér stórkostleg lagafyrirmæli, hafi gert það í hugsunarleysi að setja á t. d. tryggingalöggjöfina, sem kostar 18—20 millj. kr. Og mér dettur ekki í hug að halda, að það sé gert í hugsunarleysi, að Sósfl. vill hækka þetta nú um 6—8 millj. kr. Þeir hafa gert þetta af því, að þeir hafa trú á, að það sé rétt og sjálfsagt að gera það. Mér dettur ekki í hug að halda, að alþm. séu svo samvizkulausir að leyfa sér að greiða atkv. með þessum 30 millj. á þessu frv. nema af því að þeir vita og viðurkenna, að búið er að undirbyggja atvinnuvegina, svo að þeir þola það, og það er þá einnig tákn þess, að hvenær sem við sýnum stórhug, þá komi það fé aftur, og það þarf ekki annað en líta á landsreikningana til þess að sjá, að það hefur gert það.

Hv. 4. landsk. kom hér með ýmsar ábendingar um aðrar leiðir, sem hann benti á hér, en hefur þó ekki sett beint fram í tillöguformi. Hann kom með þá leið, sem einnig hv. 3. landsk. hefur bent hér á áður við aðra umr., þar sem hann lýsti yfir því, að hann gæti ekki fylgt þessari stj. og mundi aldrei treysta sér til að fylgja höfuðandstæðingum sínum, sem ég hélt að væru sósíalistar, en mér skildist á ræðu hans að ætti að vera Sjálfstfl., því að hann óskaði hér eingöngu að halla sér til vinstri, en var búinn að gleyma útreiðinni, sem flokkur hans fékk 1934—1939, þegar hann týndi helmingi af sínum þm. En þeir voru sammála um þetta, að það væri hægt að ná öðrum og meiri

tekjum með einkasölu og með rekstri arðbærra fyrirtækja. Nú vil ég benda á, til að vísa þessum hv. þm. veginn, hvort þeir vilja ekki líta til baka og sjá, hvernig reksturinn hefur verið síðustu ár á pósti og síma. Það er rekið af því opinbera. Fyrstu árin, sem póstur og sími tapar fé, eru það 5 millj. kr., og það er m. a. fyrir það, að hv. 4. landsk. og flokkur hans sviku loforð sín í sambandi við stjórnarsamninginn. Launahækkanirnar urðu svo gífurlegar eftir að búið var að setja nýju launal., að menn fengu þar milli 20 og 30 þús. kr. í aukavinnu og komust upp í 60 þús. kr.

Þá skulum við taka Landssmiðjuna, það er eitt af stórgróðafyrirtækjum. Meðan allar viðgerðarstöðvar hér í Rvík eru þvingaðar til að greiða hundruð þúsunda í skatta í ríkissjóð og bæjarsjóð, og byggja sig upp, þá hefur Landssmiðjan farið þannig, að hún sækir nú vinnulaun á viku hverri í ríkissjóð. Hún skuldar ríkissjóði hundruð þúsunda í skatta og ætti í rauninni að gerast upp sem gjaldþrota fyrirtæki. Það er ekki óefnilegt að setja upp nokkur fyrirtæki eins og þetta. Því var haldið fram í umr. hér um daginn, að þetta væri af því, að forstjórinn í þessari smiðju hefði ekki verið nógu duglegur og hagsýnn. Nú vil ég upplýsa það, að þessi forstjóri hefur verið við fyrirtækið allan tímann síðan það var stofnað, og þessu fyrirtæki hefur verið stjórnað af prýðilegum mönnum, m. a. hefur hæstv. núv. samgmrh. stjórnað því í mörg ár, vegamálastjóri og Pálmi Loftsson, allt prýðilegir menn, sem allir hafa unnið hjá ríkinu. En svona hefur þetta fyrirtæki verið rekið. Það væri ekki lítið að sækja þangað til þess að greiða niður dýrtíðina.

Þá er Skipaútgerð ríkisins. S. l. ár varð hún í 450 þús. kr. undirballans við það að skipa upp vörum í Rvík. Nú veit ég ekki til þess, að ríkið skipi nokkurs staðar upp vörum nema í Rvík. En hvernig færi, ef svona stjórn væri alls staðar á þessu og jafnmikið tap væri alls staðar annars staðar á þessum atvinnurekstri. Ég er hræddur um, að það þýddi lítið fyrir skipin að koma þar. Þetta er annar ríkisrekstur. Þá skulum við taka leiguskip ríkisins. Veit hv. 4. landsk., hvernig þeir reikningar standa? Ég ætla að geyma að hrella hann með því. Við skulum athuga flugvallargistihúsið, fiskiðjuverið og fiskimálan. Ég veit ekki betur en að það sé búið að þurrka allan fiskimálasjóð. Það eina, sem vonir standa til, er, að þeir geti orðið aðilar að láni úr stofnlánadeildinni eins og þeir væru einstaklingar, öðruvísi treysta þeir sér ekki til að reka þetta fyrirtæki. Svo skulum við taka síldarbræðslurnar. Veit hv. 4. landsk. það, að beztu samkeppniaðilarnir við einkafyrirtækin eru síldarverksmiðjurnar, því að ef ekki væru Síldarverksmiðjur ríkisins, þá yrðu hinar verksmiðjurnar að greiða hærra síldarverð, en þær ráða síldarverðinu. En vegna þess, að þær eru ekki eins vel reknar og verksmiðjur einstaklinga, þá hafa sjómenn aldrei getað fengið það hámark fyrir málið eins og þeir hefðu annars fengið. Og svo getur hann grennslazt eftir því, hvernig útkoman er á síldarbræðslu með 80 þús. mál og séð, hvort hann muni geta fengið þar mikið fé til þess að greiða með hallann á fjárl. Svo álítur hv. 4. landsk., að hann gæti með því að geyma að samþykkja þetta frv. skrapað saman jafnmargar millj. með því að láta frv. um Innkaupastofnun ríkisins ná fram að ganga á undan. Ég vil í þessu sambandi benda á 3. gr. þessa frv. Þar stendur, að ríkissjóður leggi stofnuninni til nauðsynlegt starfsfé. Ég held þess vegna, að fyrsta árið verði þetta frekar til að auka hallann á fjárl. — Ég vil einnig í sambandi við þetta benda hv. þm. á Viðtækjaverzlunina, sem ríkissjóður á. Það var í fyrstu ákveðið, að tekjur af þeirri stofnun gengju til útvarpsins. Í fjárlfrv. nú stendur, að 570 þús. kr. eigi að renna til útvarpsins frá því fyrirtæki. En þegar spurt var um það, hvað mikið fé útvarpið hefði fengið þaðan, þá kom í ljós, að það er sáralítið fé, sem þaðan fæst. Nú hefur hv. 4. landsk. verið menntmrh. í 2 ár og veit kannske, hvað mikið fé hefur komið þaðan. En ég hef fengið þær upplýsingar, að allt það fé liggi hjá þessari stofnun sjálfri, og hún sé ekki fær um að greiða þangað þá upphæð, sem ætlazt er til á hverjum tíma. Svo að ég held, að það verði ekki pósitívt að setja upp svo og svo mikið af einkasöluverzlunum í landinu til þess að ná tekjum, því að í raun og veru verða landsmenn alltaf að greiða fyrir þær tekjur, sem koma af þeim verzlunum. Ef ríkisverzlun getur ekki gert annað tveggja eða hvort tveggja, að hafa betri innkaup og minni rekstrarkostnað en einstaklingar, þá getur hún ekki heldur haft lægra verð, því að ef einstaklingar þéna jafnstórkostlegar fúlgur og hv. 4. landsk. lýsti, að heildsalarnir hefðu gert, þá eru þær fúlgur teknar aftur að langmestu leyti til ríkissjóðs, svo að ríkisverzlun getur ekki verið hagkvæmari fyrir landsmenn nema hún geri betri innkaup á sama tíma en einstaklingar og rekstrarkostnaðurinn sé minni. Og þá vil ég benda hv. 4. landsk. á tvennt. Annars vegar, að gamla landsverzlunin er ekki enn þá búin að innkalla sínar skuldir að fullu, og svo hins vegar, að ríkið keypti eik, sem kostar um 2 millj. kr. Hvernig er með þau viðskipti? Menn héldu, að það væru ekki vandræði á þessum tímum að verzla með timburvörur. En ég hygg, að það hafi verið ofraun hjá þeim aðilum, sem með þau mál fóru, að fara svo með þessi mál, að skaðlaust væri, og ég held, að það þyrfti ekkert annað til að drepa alla landsverzlun en leiða þessa menn að þeim vöruforða, sem þar liggur enn óseldur og verður til stórtjóns fyrir landið.

Ég held, að það sé svo ekki ástæða til þess á þessu stigi málsins að ræða meira um þetta atriði. Ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. ráðh. svör við því, sem ég hef spurt um í sambandi við þetta frv., áður en umr. lýkur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:3 atkv.

2. gr. samþ. með 10:3 atkv.

Brtt. 641, tollskrárkafli 7, felld með 9:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 8, felld með 9:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 11, felld með 10:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 15, felld með 10:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 19, felld með 10:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 23, felld með 9:4 atkv.

Brtt. 641, tk. 25, felld með 10:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 35, felld með 9:4 atkv.

Brtt. 641, tk. 40, felld með 9:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 41, felld með 9:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 48, felld með 9:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 49, felld með 10:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 52, felld með 10:3 atkv.

Brtt. 641, tk. 63, felld með 10:3 atkv.
Brtt. 641, tk. 72, felld með 9:3 atkv.
Brtt. 641, tk. 73, felld með 10:3 atkv.
Brtt. 641, tk. 75, felld með 10:3 atkv.
Brtt. 641, tk. 76, felld með 10:3 atkv.
3.—6. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 116. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja allt of mikið þessa umr. En mér þykir rétt að gera nokkrar aths. við ræðu hv. þm. Barð., sem að vísu sagði margt réttilega.

Ég tek undir það, sem hv. þm. sagði, að segja má, að hver króna, er fyrrv. ríkisstj. lagði fram, hafi skilað tveim krónum til ríkissjóðs aftur. En ég óttast, að öfugt fari um þessar álögur núv. stj., að fyrir hverja krónu, sem nú er lögð á, tapist aðrar tvær. Það er ekki sama, hvernig háttað er fjárhags- og atvinnuástandi, þegar koma á saman fjárl., og þetta hefur hv. þm. Barð. skilið. Tekjur ríkisins fara vitanlega eftir því, hvort atvinnuvegirnir blómgast eða þeim hrörnar. Það er því ekki hægt að ræða fjárl. nema í sambandi við rekstur þjóðarbúsins í heild. Ég vil sérstaklega undirstrika þennan kafla í ræðu hv. þm., og þessi sannindi munu eiga eftir að sýna sig.

Svo eru nokkrar aths. út af öðrum atriðum í ræðu hv. þm. Barð. Hann sagði, að eitt af því, er ylli því, að stjórnarsamvinnan rofnaði, hafi verið brigðmæli sósíalista við það loforð, að ekki skyldu gerðar kauphækkanir. En Sósfl. gaf aldrei slíkt loforð og getur það ekki meðan verkalýðsfélögin eru frjáls og hafa samningsfrelsi. Hitt er svo annað mál, að þegar ríkisstj. var stofnuð, stóðu að henni atvinnurekendur og verkamenn. Það var því stefna ríkisstj. að hafa samkomulag um kaupgjaldsmál, og Alþýðusambandið var búið að gera tilboð um heildarsamninga fyrir eitt ár, eða jafnvel tvö, með nauðsynlegum leiðréttingum til samræmingar. En þá voru það atvinnurekendur, sem höfnuðu þessu tilboði um heildarsamninga. Í þessu eru brigðmæli sósíalista fólgin.

Hv. þm. Barð. gekk lengra og ásakaði sósíalista fyrir að hafa komið á hækkun á launum opinberra starfsmanna. Sósíalistar gáfu engin loforð í því efni, heldur kom stj. sér saman um að setja ný launalög, enda var það nauðsynjamál, sem sósíalistar geta verið hreyknir af, þó að þau yrðu að lögum með stuðningi Alþfl. og Sjálfstfl. og raunar stjórnarandstöðunnar líka.

Þá ræddi hv. þm. einnig einkasölur og hélt því fram, að opinber rekstur hlyti að vera taprekstur. Hann nefndi póst og síma, Landssmiðjuna, strandferðaskipin, fiskiðjuverið, leiguskip ríkisins og síldarverksmiðjurnar. Nú er það svo, að þessi fyrirtæki eru yfirleitt ekki rekin til að græða, heldur til þjónustu fyrir almenning. Ég veit ekki, hvort hv. þm. vill hætta að þjóðnýta póst og síma og útvarp og hafa þar einkarekstur, eins og gert er í Bandaríkjunum. En síminn hefur skilað hér ágóða. Hann hefur staðið undir miklum framkvæmdum í símamálum landsins. Tapið, sem hv. þm. Barð. talaði um, er af því, að afnotagjöldin voru ekki sambærileg við launahækkun starfsmanna. Hvað snertir síldarverksmiðjurnar, þá eru þær ekki reknar í gróðaskyni, heldur til að útgerðarmenn geti fengið fullan afrakstur af sinni framleiðslu, en verksmiðjurnar hafa safnað miklu í sjóði, það er rétt, og það getur hafa valdið lægra verði á hráefninu til þeirra, sem að útgerð starfa. Hin fullyrðingin, um það, að einkaverksmiðjum gangi betur, hana er erfitt að sanna, og sneiddi hv. þm. þar nærri flokksbræðrum sínum, sem stjórna ríkisverksmiðjunum. — Þá eru það fiskflutningaskipin. Þau voru tekin til að hækka fiskverðið til útvegsmanna og sjómanna. Og það tókst. Verðið hækkaði um 15%, og það er því ekki lítill arður, sem þau skip skiluðu. — Það er rétt, að það er eitt ríkisfyrirtæki, sem illa hefur verið rekið. Það er Landssmiðjan, þar sem fyrrv. hæstv. atvmrh. skipti um forstjóra. Nú er það svo, að þegar þeir stjórna, sem mótfallnir eru opinberum rekstri, þá er alltaf sú hætta á ferðum, að þeir hafi ekki mikinn áhuga á, að allt gangi sem bezt. Nú segir hv. þm., að stjórn smiðjunnar hafi verið skipuð ágætum mönnum. Hvernig á þá að skýra taprekstur inn? Eru einhver álög á fyrirtækjum, ef þau bara eru í eigu hins opinbera? — Hv. þm. nefndi Viðtækjaverzlunina. Um hana er það að segja, að hún hefur skilað 270 þús. kr. ágóða. Hann nefndi útvarpið, sem nú hefur í hyggju að reisa hús, sem mun kosta allt að 10 millj. kr., og undir þessum kostnaði mun útvarpið standa sjálft. Það var á sínum tíma hamazt á móti tóbakseinkasölu og talið betra að hafa sölu tóbaksins í höndum einstaklinga. Ég held, að engum detti nú í hug að halda því fram, að tóbakseinkasalan sé ekki mikil tekjulind fyrir ríkissjóð. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur borið fram frv. um innkaupastofnun ríkisins. Vitaskuld er það gert til þess að fá hagkvæmari innkaup, og ef það er nú rétt, að ríkisfyrirtæki séu dæmd til taprekstrar, hvers vegna er þá þetta frv. borið fram?

Og hv. þm. spurði, hvort hægt væri að fá meiri tekjur af ríkisrekstri en einkarekstri. Það er auðvelt að svara því, og er þá gert ráð fyrir jöfnum dugnaði og hæfni þeirra manna, er veita fyrirtækjunum forstöðu. Í fyrsta lagi er innflutningsverzlunin í höndum fjölda einstaklinga, og gætir þar mikillar óhagsýni, því að rekstrarkostnaðurinn verður gífurlegur, en með því að hafa hann á einni hendi er hægt að lækka þann kostnað gífurlegar en unnt er að gera sér grein fyrir í fljótu bragði, en ef innflutningurinn er á einni eða fáum höndum, er hægt að draga mjög úr þeim kostnaði og komast af með miklu færra fólk. Við þetta bætist, að stórar verzlanir gera að öðru jöfnu betri innkaup, og í þriðja lagi, og það er aðalatriðið, er þá um það að ræða, að gróðinn renni til hins opinbera, en ekki til einstakra manna. Það er vitaskuld höfuðatriðið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 642).

---

11. Sauðfjársjúkdómar.

Á 7. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra (stjfrv., A. 73).

Á 11. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Þegar sauðfjársjúkdómarnir, sem flestir álíta, að hafi borizt hingað með karakúlfénu 1933, byrjuðu að geisa hér á landi, hafa menn ekki gert sér almennt nægilega grein fyrir, hvílíkur vágestur var á ferðum. Sjúkdómurinn var áður óþekktur hér, og það, sem sjúkdómnum olli, fannst ekki. Veiku fé var sleppt á fjall og það einnig látið vera í heimahögum innan um ósjúkt fé. Afleiðingin varð sú, að sjúkdómarnir breiddust mjög ört út. Þegar ljóst varð, hvílíkur vágestur var á ferð, var veikin orðin svo útbreidd, að ekki þótti tiltækilegt að útrýma henni, og var þá gripið til annarra ráða. Ýmislegt hlaut að mæla með því, að sjúkdómurinn yrði verstur fyrst, en rénaði svo smám saman og svo kæmi að lokum, að upp yxi fjárstofn, sem væri því nær ónæmur fyrir veikinni. Má segja, að eigi sé séð fyrir endann á því enn, þar sem eigi er svo langt um liðið, síðan veikin barst hingað. Hitt er svo annað mál, hve lengi menn vilja bíða. Þær ráðstafanir, sem upphaflega voru gerðar til varnar, virðast vera miðaðar við þessa skoðun, og beindust þær aðallega að tvennu:

Í fyrsta lagi að leitast við að hindra útbreiðslu veikinnar, eða a. m. k. tefja hana með girðingum og annars konar vörnum, þ. e. a. s. varðmönnum. Þessar ráðstafanir hafa að sjálfsögðu átt mikinn þátt í að tefja útbreiðslu sjúkdómanna, sérstaklega mæðiveikinnar, en margt bendir til, að garnaveikin berist öðruvísi en með samgangi fjár.

Þetta voru aðrar ráðstafanirnar. Hinar voru fólgnar í því að örva sauðfjáreigendur til að halda við fjárstofni sínum og leggja ekki árar í bát með alls konar styrkjum, og er uppeldisstyrkurinn langveigamestur af þeim. Grundvöllurinn undir þessu var sú von, að smátt og smátt kæmu fram ónæmir stofnar, eða stofnar, sem þyldu veikina sæmilega, og um tíma voru menn vongóðir um, að það mundi svo fara, en ég hygg, að þær vonir muni að engu hafa orðið, er þingeyska mæðiveikin fór að breiðast út. Er ólíklegt, að takist að ala upp stofn, sem er ónæmur fyrir henni eða garnaveikinni, en um hana er þó það sérstætt, að menn þekkja ráð til að finna hana, áður en hún er komin á mjög hátt stig. Ýmiss konar lækningatilraunir hafa verið gerðar, bæði af því opinbera og einstaklingum, en óhætt er að segja, að þær hafa lítinn sem engan árangur borið.

Nú eru hugir manna sem óðast að beinast að útrýmingu með fjárskiptum. Menn halda það borgi sig, þó að eigi yrði um fullkomna útrýmingu að ræða, þó að sagan endurtæki sig. Ég hef heyrt greinagóða og athugula bændur halda því fram, að þeir mundu ekki hika við niðurskurð, þó að hann þyrfti að endurtaka á 5 ára fresti. Lög voru sett um fjárskipti 1941. Fyrir þann tíma áttu fjárskipti sér þó stað, og er því lýst í grg., og get ég vísað til þess. Ég hygg, að segja megi um þau fjárskipti, að þau hafi aðeins átt sér stað í þeim sveitum, þar sem ekki er um annað en sauðfjárbúskap að ræða og því nauðsynlegt, til að sveitirnar færu ekki í auðn, t. d. Mývatnssveit og Bárðardalur og fleiri sveitir þar, en sauðfjárstofninn er þar grundvöllurinn undir búskapnum.

Á öndverðu ári 1946 var samþ. í 6 hreppum í Þingeyjarsýslu og 3 hreppum í Eyjafjarðarsýslu, að fjárskipti skyldu fara þar fram. Þessir 3 hreppar í Eyjafjarðarsýslu, og raunar sumir í Þingeyjarsýslu einnig, höfðu áður lifað að nokkru á mjólkursölu og því annað viðhorf þar.

Það var svo borin fram í þáltill.-formi till. um það að skora á ríkisstj. að leggja fram frv. til þess að styðja að fjárskiptum á þessu svæði. Þegar sú till. var til umr. hér á Alþ., lét ég í ljós þá skoðun mína, að úrslit hennar mundu marka straumhvörf í málinu, ef hún næði fram að ganga. Ég leit svo á, að samþykkt till. mundi tákna það, að horfið yrði frá styrkveitingum og einnig frá vörzlu í því formi, sem hún áður hafði verið, og horfið aftur að hinu, að reyna fjárskipti, fyrst og fremst með því að gera tilraun til þess að útrýma sýktum stofni og fá heilbrigða stofna. Hins vegar var mér ljóst frá upphafi, að ef fjárskipti ættu að fara fram á sýktum svæðum, þá væri nauðsyn á nýrri löggjöf um þetta efni. Fjárskipti mega ekki vera háð neinni tilviljun, ef þau eiga að vera framkvæmd með einhverri skynsemd, heldur verða þau að fara fram eftir fyrirfram gerðri áætlun og á þann hátt, sem mestar líkur eru til, að takast megi að ala upp heilbrigðan stofn í landinu aftur. Auk þess var það, að hinar eldri reglur voru að ýmsu leyti flóknar og reglurnar um bætur fyrir afurðamissi að ýmsu leyti mjög vafasamar, svo að ekki sé meira sagt. Ég taldi svo, að hið opinbera, ríkisvaldið, yrði að fá aðstöðu til frekari íhlutunar um fjárskipti en það hefði haft eftir l. frá 1941. Þetta leiddi til þess, að landbrn. skipaði þriggja manna n. til þess að endurskoða eldri löggjöfina um sauðfjársjúkdóma, og voru skipaðir í n. Árni Eylands, fulltrúi landbrn., formaður, Jón Pálmason og Jónas Jónsson. Álit þessarar n. liggur nú fyrir í frv.-formi á þskj. 73, 47. mál. Ég skal taka það fram, að frv. n. er lagt fram hér sem stjórnarfrv., eins og það ber með sér. Ég hef tekið orðrétt frv. n., en skal geta þess, að það eru viss atriði í því, sem ég er ekki viss um, að ég geti að öllu leyti fellt mig við, og vildi ég gjarnan hafa nokkurt samráð við hv. landbn., sem auðvitað fær þetta mál til meðferðar.

Frv. þessu fylgir ýtarleg grg., svo að ég get stytt mál mitt mjög, því að ég tel ekki ástæðu til að taka allt það upp, sem í grg. stendur, heldur aðeins drepa á þá höfuðstefnu, sem fram kemur í frv. Ég hygg, að segja megi, að höfuðbreytingin, sem frv. markar frá eldri löggjöfinni, sé þessi, að áður var miðað að því að styðja bændur til þess að stunda atvinnu sína þrátt fyrir sjúkan fjárstofn, en nú er ætlunin að styðja þá til þess að fá heilbrigðan stofn í staðinn fyrir þann sjúka. Í 2. gr. frv. er lýst, hvernig ætlað er að ná þessu marki. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þá gr. upp: „Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem

taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands, svo og með kynbótum og tæknifrjóvgun frá erlendum sauðfjárkynjum, er inn kunna að verða flutt í þeim tilgangi.“ Eins og þessi gr. ber með sér, þá eru aðferðirnar, sem ætlazt er til, að notaðar verði til þess að ná þessu marki, tvær. Annars vegar eru það fjárskipti innanlands og hins vegar kynblöndun við erlent sauðfé. Ástæðan til þess, að þessar tvær leiðir eru farnar, er augljós, og byggist hún á því, að ekki þykir tryggt, þó að ætlazt sé til, að vörnum sé haldið áfram, að smit geti ekki borizt á milli sýktra sveita og hinna, sem skipting hefur farið fram í. Ég drap á það áðan hvað snertir garnaveikina, að það eru miklar líkur til þess, að ætla megi, að hún berist á annan hátt en með samgöngu sauðfjár. Reynslan hefur og sýnt með þingeysku mæðiveikina og mæðiveikina svo kölluðu, að torvelt hefur reynzt að halda uppi þeim vörnum, að sýkin bærist ekki inn á ósýkt svæði og héruð. Þessi sjónarmið gera það nauðsynlegt, að það fari saman að fá heilbrigðan stofn í sýktu héruðunum og samtímis séu gerðar ráðstafanir til þess að ala upp stofn, sem yrði ónæmari fyrir sjúkdómum en sá, sem fyrir er. Nokkur reynsla er fengin fyrir þessu hér á landi. Eins og kunnugt er, var flutt hér inn fyrir 14 árum nokkuð af Border-Leicester fé, og kynblöndun hefur farið fram milli þess og hins sjúka fjár, og bendir reynslan til þess, að kynblendingarnir af þessum stofnum muni ónæmari fyrir veikinni en okkar gamli fjárstofn. Erlend reynsla bendir og til þess sama. Það er talið, að mæðiveikin sé landlæg í mörgum nágrannalöndum okkar, en hennar gætir a. m. k. ekki svo mikið, að hún valdi stórtjóni, þó að nokkurra vanhalda kunni að gæta.

Hins vegar er mér ljóst, að hér á landi gætir nokkuð almenns ótta gagnvart innflutningi sauðfjár, sem er að vísu eðlilegt, því að sú reynsla, sem fengizt hefur við innflutning karakúlfjárins, er ekki uppörvandi. En þess er þá að gæta, að það er ekki úr háum söðli að detta, því að segja má, að meginhluti af sauðfjárhéruðum landsins sé nú svo kominn, að litlar líkur eru til, að menn endist lengi til þess að berjast þannig við þessa sjúkdóma, eins og þeir hafa orðið að gera undanfarið, ef ekkert verður að gert. Hins vegar er ekki ætlunin að flytja fé inn af handahófi, heldur viðhafa allar þær sóttvarnir, sem auðið er.

Í raun og veru eru það þrenns konar tilraunir, sem hugsað er að gera á þennan hátt. Með innflutningi sauðfjár, sem gert er ráð fyrir, að verði frá Noregi eða Bretlandi, og það verði hreinræktað hér. Og það er einnig gert ráð fyrir því, að því verði eftir vissan tíma blandað saman við heilbrigt íslenzkt sauðfé og enn fremur við sýkt. Loks er gert ráð fyrir því, að samhliða þessari blöndun fjárins verði gerð tilraun áfram með tæknifrjóvun. Þessum ákvæðum er nánar lýst í 7. og 8. kafla frv., og skal ég þá aðallega vekja athygli á ákvæðum 46. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að hið erlenda sauðfé, sem flutt er inn, sé alið og ræktað til reynslu á tveimur stöðum í landinu og ræktun þess þannig hagað, að sem fullkomnust reynsla fáist um eftirfarandi atriði: Í fyrsta lagi, hvort innflutt fé, sem alið er með íslenzku fé, sem sýkt er af karakúlsjúkdómum, svo og kynblendingar út af því og íslenzku fé, hafi meira mótstöðuafl gegn sjúkdómum þessum en íslenzkt fé. Í öðru lagi, hvort komið verði hér upp fjárstofnum, bæði af hreinræktuðu, erlendu fé og kynblendingum, er séu þeim kostum búnir, bæði um heilbrigði og afurðir, að réttmætt sé að útbreiða ræktun slíkra fjárstofna í þeim héruðum, þar sem fjárskipti hafa átt sér stað. — Benda má á það, að samkvæmt ákvæðum 47. og 48. gr. er gert ráð fyrir, að hið erlenda sauðfé sé flutt til Hríseyjar, eftir að það hefur verið í sóttvörn um tíma, og sé blandað þar saman við heilbrigðan fjárstofn. Í þessu sambandi má svo minnast á það, að í 9. kafla er gert ráð fyrir, að komið verði hér upp fullkominni sóttvarnarstöð og einangrun. Slíkt fyrirtæki hefur vitanlega skort tilfinnanlega hér fram til þessa tíma, því þó að hömlur hafi verið lagðar á innflutning fjár, og ef eitthvað verður flutt inn til landsins af erlendu fé, er nauðsynlegt að hafa slíkt öryggi fyrir hendi. Leiðirnar, sem ætlað er að fara, eru þær, að útrýma sýkta fjárstofninum og fá heilbrigðan innlendan stofn í staðinn og reyna kynbætur í því skyni að koma upp heilbrigðari stofni en þeim, sem fyrir er.

Í 2. kafla frv. er svo lýst framkvæmdastjórninni. Höfuðatriði þess kafla eru svipuð og áður hafa verið í l. Það er gert ráð fyrir því, að yfirstj. málanna hafi landbrn., en það skipi fimm manna framkvæmdanefnd, sauðfjársjúkdómanefnd, sem hafi með höndum framkvæmd þeirra mála. Verkefni þeirrar n. breytist eðlilega nokkuð í samræmi við þann breytta tilgang löggjafarinnar. Hirði ég ekki um að fara nánar út í það.

3. kaflinn er svo um varnir gegn útbreiðslu sjúkdómanna. En þar er horfið frá því að hafa varnir og girðingar fastbundið með lagaákvæðum, en gengið út frá, að girðingum og vörnum sé hagað eftir því, sem hentugast þykir á hverjum tíma, og í samræmi við það, sem fjárskipti krefjast.

4., 5. og 6. kaflinn fjalla svo um fjárskiptin sjálf. — 4. og 5. kaflinn fjalla um fjárskiptafélögin og 6. kaflinn um stuðning ríkissjóðs. Undirbúning fjárskiptanna er ráðgert, að sauðfjársjúkdóman. annist samkvæmt 24. gr., og segir þar, að sauðfjársjúkdóman. sé ætlað að gera till. um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af karakúlsjúkdómum, í fjárskiptasvæði. Samkvæmt 25. gr. getur n. haft frumkvæði um málið, en þó er gert ráð fyrir, að það verði fyrst og fremst félagssamtök bænda, er hafi frumkvæði að fjárskiptum.

Í 5. kafla er svo ákvæði um framkvæmd fjárskiptanna, en þau eiga að vera undir umsjá sauðfjársjúkdóman., og skal þá bent á ákvæði 32. gr., sem leggur þá skyldu á fjáreigendur, sem hafa heilbrigt sauðfé, að selja öll gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum til þeirra fjáreigenda, sem hafa fjárskipti samkvæmt l. þessum. Og enn fremur getur sauðfjársjúkdóman. ákveðið með samþykki landbrh., að fjáreigendur, sem lausir eru við karakúlsjúkdóma, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómunum er ekki lokið. Vel má vera, að sumum þyki nokkuð nærri eignarrétti manna gengið. En þess ber að gæta, að það er ekki hægt að semja löggjöf um slíkt efni, sem að gagni geti komið, án þess að það komi við einhverja.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á ákvæðum 35. gr. Þar er lögð sú skylda á herðar þeim, sem féð kaupa, að hafa það í strangri gæzlu fyrsta missirið, eftir að það hefur verið flutt, og hafa eftirlit með sjúkdómum, sem kynnu að berast með þessu fé inn á hreinsuð svæði.

Í 6. kafla eru svo aftur ákvæði um fjárframlög ríkisins til fjárskiptanna. Þar er að vissu leyti alveg horfið að nýju ráði. Það er hætt við bætur fyrir afurðamissi, en er gert ráð fyrir að greiða bætur í eitt skipti fyrir öll. Og það hefur verið gripið til þess úrræðis að leggja ríkissjóði þær skyldur á herðar að leggja fram fyrir hverja fullorðna kind og gemling, og fái fjáreigendur frá ríkisins hálfu eitt haustlamb heimflutt. Bætur eiga samkvæmt 37. gr. að miðast við skattaframtöl árið 1946, en að hálfu leyti við framtöl þess árs, er síðast var heilbrigt fé í viðkomandi hreppi. Það er óhjákvæmilegt að miða þessar bætur við eitthvað, en það gæti orðið vandkvæðum bundið að miða þær við skattaframtal 1946, því að gert er ráð fyrir að hætta greiðslu uppeldisstyrkja, og auk þess er það óskynsamleg aðferð að greiða árið 1946 uppeldisstyrk á fé, sem ætlað er að slátra næsta ár eða eftir stuttan tíma. Þetta er freisting fyrir menn að setja á fé á sýktum svæðum, ef framtöl eiga að miðast við árið 1946. Aftur á móti hygg ég, að það orki meira tvímælis að miða að einhverju leyti við skattframtöl þess árs, sem síðast var heilbrigt fé á viðkomandi svæði. Ég vil benda hv. landbn., sem fær þetta mál til athugunar á, að þetta atriði þarf alveg sérstaklega að athuga. Það er að vísu svo, að eftir þeim skýrslum, sem ég hef fengið um þetta, þá hefur fjárfækkun verið miklu minni en búast hefði mátt við eftir því, hve þessir sjúkdómar eru búnir að herja í sveitunum. Þetta er kannske ekki svo mikið fjárhagsspursmál fyrir ríkissjóð, en það er annað, sem kemur til greina, að fjárfækkun hefur átt sér stað í ýmsum sveitum, án þess að sjúkdómar hafi valdið þeirri fækkun. Það er kunnugt, að á síðari árum hafa menn á stórum svæðum, sérstaklega hér á Suðurlandi, breytt búskap sínum úr kjötframleiðslu og í mjólkurframleiðslu. Og það hefur ekki síður átt sér stað í þeim héruðum, þar sem laust hefur verið við sauðfjársjúkdóma, að fénaði hefur fækkað. Má þar til nefna Rangárvallasýslu, en þar fækkaði fénu um 8600 á árunum 1931 til ársloka 1935 að meðaltali. Augljóst er, að þessi fækkun hefur ekki átt sér stað af völdum sjúkdóma, því að árið 1944 eru þeir ekki farnir að gera vart við sig þar. Þessar ástæður og margt fleira gera það að verkum, að þessi ákvæði þurfa meiri athugunar með.

Það væri ekki nema eðlilegt, að menn spyrðu um það, hve mikinn kostnað þetta hefur í för með sér fyrir ríkissjóð, en ég er því miður ekki undirbúinn að svara því enn þá. Ég hef að vísu gert nokkra tilraun til þess að afla mér upplýsinga um þetta efni, en það er hvort tveggja, að síðustu skýrslur liggja ekki fyrir, og svo hitt, að það liggur ekki nægilega ljóst fyrir a. m. k., hver munurinn mundi verða á verði lambanna og fullorðna fjárins, sem slátrað yrði, sem sagt, hver milligjöf ríkissjóðs yrði á þessu tvennu. Eftir framtalsskýrslum 1944, sem liggja fyrir, er sauðfé í sýktum sýslum 350,000, sennilega að það sé heldur færra árið 1946. En árið 1936 var fé á sama svæði 440,000, og fækkunin frá 1936 virðist þá vera sem næst 25%. Ef það ætti að fara eftir þeirri reglu, sem stungið er upp á í frv., þá lítur út fyrir, að það yrði um 400 þús. fjár, sem þyrfti að bæta, þó sennilega eitthvað neðan við það, eða 350 til 400 þús. Og ef reiknað væri með 50 kr. milligjöf milli lambs og fullorðinna kinda, þá væri kostnaðurinn, sem ríkissjóður ætti að bera, eitthvað 17—20 millj. kr. Náttúrlega mundi þetta skiptast á nokkurt árabil, því að fjárskipti verða ekki framkvæmd nema á löngum tíma, vegna þess að það er ekki hægt að fá nægilega mörg lömb á stuttum tíma. En ef menn vilja leyfa sér þá bjartsýni, að hægt verði að koma upp heilbrigðum fjárstofni hér á landi, þá verð ég að segja það, að ekki sé rétt að setja fjáreyðsluna fyrir sig. Það mun vera búið að eyða hærri upphæð en þessari, sem ég nefndi, í styrki og í meiri og minni káktilraunir á undanförnum árum og lítill árangur eftir það.

Ég hef þá bent á helztu nýmæli þessa frv., og ég þykist vita, að ýmislegt sé í frv., sem geti orkað tvímælis og skiptar verði skoðanir um. Ég tel þó ýmislegt, sem vera mun til bóta, og ég tel, að sú stefna, sem mörkuð er í frv., sé rétt, og svo framarlega sem Alþ. Íslendinga vill stuðla að því, að áfram verði stunduð sauðfjárrækt hér á landi, þá verður ekki hjá því komizt að leggja inn á þær brautir, sem hér eru markaðar.

Ég vil svo leggja til, að þessu frv. verði vísað til hv. landbn. og til 2. umr.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég hef ekki getað lesið þetta frv., vegna þess að ég var fjarverandi vegna lasleika í gær, er frv. var lagt fram. Ég hef því ekki getað séð það fyrr en nú. Ég vil samt segja um það nokkur orð, áður en það fer til n. Ég vil fyrst geta þess, að mér virðist við fyrstu sýn, að sú stefna, sem tekin er upp í frv., sé ekki mjög frábrugðin því, sem verið hefur að undanförnu. Að vísu sagði hæstv. landbrh., að sá munur væri á stefnu þessa frv. og þess, sem um þetta væri í eldri l., að hin eldri l. gerðu ráð fyrir að hjálpa mönnum til að reka fjárbúskap áfram, þótt veikin væri viðvarandi í bústofninum, en samkv. þessu frv. væri stefnt að því að hjálpa mönnum til að losna við veikina. Það má kannske segja það, að í hinum eldri l. sé að forminu til ekki tekin upp nein ákveðin stefna um það, hvernig taka skuli á þessum málum, að öðru leyti en því, sem fólst í þeirri aðstoð, sem l. gerðu ráð fyrir þeim mönnum til handa, sem reka búskap á þeim svæðum, sem veikin geisar á. En sú stefna, sem var ráðandi á fyrstu árum þessarar veiki, var sú að aðstoða bændur, meðan verið væri að rannsaka veikina og reyna að komast fyrir rætur hennar til þess að leita ráða til að losna við hana. Þessi viðleitni leiddi smátt og smátt í það horf að reyna að koma upp ónæmum stofni, m. a. með því að reyna að koma upp ónæmum, innlendum stofni. En tilraunir, sem sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hafði gert, virtust benda til þess, að hægt væri að finna þá íslenzka fjárstofna, sem væru svo ónæmir fyrir veikinni, að unnt væri að búa og hafa fjárbúskap, þótt veikin yrði landlæg. Nú hefur það sýnt sig, eftir því sem þessar tilraunir hafa verið gerðar lengur, að það er mjög hæpið, að hægt sé að útrýma veikinni með þessum aðferðum. Þá var rætt um það í Búnaðarfélagi Íslands að gefnu tilefni að gera tilraunir til að minnka næmi eða auka ónæmi íslenzks sauðfjárstofns með því að

blanda hann útlendu kyni. Lítils háttar tilraunir hafa verið gerðar af einstökum mönnum, og benda þær til þess, að hér sé um leið að ræða, sem gerlegt væri að reyna. Samþ. var till. í Búnaðarfélagi Íslands um að gera tilraunir með að flytja inn hrúta af erlendu kyni og einangra þá í eyjum nálægt Reykjavík eða annars staðar og gera tilraunir í þá átt að athuga, hvort ekki væri hægt að koma upp nýjum stofni af íslenzku og erlendu kyni, sem væri það ónæmur fyrir þessari veiki, að unnt væri að reka sauðfjárrækt, þótt veikin yrði landlæg. Þessum till. var hreyft í báðum landbn. Alþ. í fyrra. Eftir því sem mér virtist, þá hallaðist núverandi hæstv. landbrh. að því, að þessi tilraun væri reynd, og var ég sömu skoðunar. En vegna þeirrar mótstöðu, sem fram kom innan beggja n. og frá yfirdýralækni landsins gegn þessum tilraunum, þá féll ég frá fyrir mitt leyti að halda málinu til streitu eða greiða atkv. með því innan n. Það varð svo ofan á á s. l. þingi að taka nokkurn hluta af landinu, þar sem veikin hafði herjað hvað mest, og efna þar til fjárskipta, sem framkvæmd eru nú á þessu ári. Það mun vera skoðun margra manna, og það kom fram hjá hæstv. landbrh. nú, að með þeim ákvörðunum, sem Alþ. tók, þá væri hér orðin stefnubreyting, þannig að nú væri ekki um annað að ræða en fjárskipti almennt, en með því væri meiningin að útrýma veikinni úr landinu og koma upp íslenzkum, heilbrigðum fjárstofni í staðinn fyrir þann, sem sýktur er af veikinni. Ég bjóst því við, þegar nýtt frv. kæmi fram um þetta mál, að þá yrði sú stefna, sem tekin hefur verið, ráðandi í því. En ég sé við fljótan yfirlestur, að svo er ekki. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að vinna að útrýmingu veikinnar með því að útrýma sýktum fjárstofnum og koma ósýktum stofnum upp í þeirra stað. En þar er líka gert ráð fyrir því að gera þetta með kynbótum og tæknifrjóvgun frá erlendum sauðfjárkynjum, er inn kunna að verða flutt í þeim tilgangi. Þetta er sem sagt nákvæmlega það sama og Búnaðarfélagið lagði til á s. l. þingi, en fékk ekki náð fyrir augum Alþ. Það má segja, að stefnubreyting sé með þessum l., að inn í þau er nú tekið, að koma skuli á fjárskiptum innanlands. En mér virðist það liggja í hlutarins eðli, að aðalatriðið verður í þessu máli kynbæturnar og tæknifróvgunin, það verði aðalráðið og aðferðin til þess að útrýma veikinni. Það segir sig sjálft, að það er ekkert vit í því að ætla sér að ráðast í það stórfellda fyrirtæki sem fjárskiptin eru, en halda svo áfram dýrum aðferðum til þess að koma á í landinu kynbótum með tæknifrjóvgun. Þetta getur ekki farið saman. Ef það tækist að gera stofninn ónæman með því að koma á tæknifrjóvgun af erlendum kynstofnum, þá segir það sig sjálft, að með því skapast meiri mótstaða gegn fjárskiptum í hinum sýktu héruðum en ella. Það er gert ráð fyrir ákveðnum meiri hluta innan hvers héraðs, sem samþykki fjárskiptin, til þess að þau geti komizt á. Ef það sýnir sig, að fjárstofninn bætist með þessum kynbótum og verður ónæmari fyrir veikinni, þá leiðir það af sjálfu sér, að það getur orðið fullkomin stöðvun á fjárskiptum innanlands. Sem sagt, þetta ákvæði að halda áfram tæknifrjóvgun og kynbótum eyðileggur hitt atriði málsins, að skipta alveg um fjárstofn í landinu. Ég lít svo á, að það sé aðalatriði þessa frv. að halda áfram tæknifrjóvguninni og kynbótunum, og að svo framarlega sem það tekst, þá séu fjárskiptin úr sögunni. Þetta getur ekki farið saman, nema tæknifrjóvgunin og kynbæturnar misheppnist. Ef hún heppnast ekki, þá kemur til fjárskipta. En komi hún að liði, þá eru fjárskiptin úr sögunni. Ég tel því, að hér hafi ekki orðið sú stefnubreyting, sem gert var ráð fyrir, þegar till. Búnaðarfélagsins var vísað á bug. Ég skal ekki fara lengra út í þetta mál að sinni. Ég hef ekki lesið frv. í einstökum atriðum, en þetta virðist mér ljóst, að sé aðalstefna þessa frv. Ég er ekki á móti því, að þeirri stefnu sé haldið lengur áfram. Ég vil sem sagt vekja athygli á því, að þetta frv. er ekki frv. til l. um fjárskipti, heldur um það að gera innlenda stofninn ónæman fyrir veikinni. Mér finnst það vera augljóst aðalatriði þessa frv.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég mun ekki koma mikið inn á það stóra atriði, sem kannske er grundvallaratriði þessa frv., prinsipmálið, hvort eigi að útrýma gamla fjárstofninum íslenzka með tæknifrjóvgun og kynbótum erlends kynstofns eða ekki. Það er of mikið mál til þess, að ég komi inn á það að þessu sinni. En ég vona, að hv. landbn. og Alþ. athugi sig vel, áður en ákveðið er að snúa inn á þá braut að útrýma íslenzkum sauðfjárstofni. Með þessu frv. er opnuð leið til þess, og það virðist vera einn aðaltilgangur þess. Þá vil ég geta þess, að ég kann illa við, að í frv. skuli þessir sjúkdómar vera kallaðir karakúlsjúkdómar. Þetta er stráksskapur, og það er ekki viðeigandi, að Alþ. lögfesti það, sem haft hefur verið að háði og spotti um allt landið. Það liggja engar sönnur fyrir því, að þessir sjúkdómar séu af karakúlstofninum. Það er ýmislegt annað, sem þörf er að minnast á. Fyrst og fremst er það í 2. kafla 4. gr., sem ég steyti fót minn við. Það er viðkomandi sauðfjársjúkdómanefnd. Hún hefur starfað í allmörg ár, og nú skal endurreisa hana. Skal hún skipuð 5 mönnum, 4 samkv. tilnefningu landbn. Alþ. og þann 5. skipar landbrh. Í sjálfu sér er þetta ekki svo afleitt. En mér er spurn af gamalli reynslu: Hvaða trygging er í því að láta svona n. hafa jafnmikið vald og hér er gert ráð fyrir? Það á enginn sérfróður maður sæti í núverandi sauðfjársjúkdóman., og það mun séð fyrir því, að enginn fái þar sæti framvegis. En henni er gefið einræðisvald, sem finnst varla í l. Það er jafnvel meira en yfirfagmaður þessara mála hefur haft. Mér er spurn, hvort þetta sé sett til höfuðs mér og því embætti, sem ég skipa. Ég sé ekki betur en tekið sé hvert atriði, sem mér er ætlað að gera, og látið í hendur þessarar n. Hver er meiningin? Ég verð ekki skipaður í þessa n. Ég vona a. m. k., að guð forði mér frá því. En þetta er eitthvað gallað. Er þá ekki eins rétt að afnema yfirdýralæknisembættið og skipa öllum þessum málum undir n.? Samkv. 5. gr. á n. m. a. að hafa stjórn þeirra sóttvarnarráðstafana, er um ræðir í l. þessum, hafa umsjón með innflutningi erlendra fjárkynja, ef leyfður verður, og vera ríkisstj. til ráðuneytis um þau mál, er l. þessi fjalla um. Þetta er allt, sem ég hef átt að gera. Ég hef átt að vera ráðunautur ríkisstj. um þau mál, sem snerta húsdýralækningar og dýrasjúkdóma í landinu, og hafa umsjón með sóttvörnum. En þetta er allt lagt í hendur n. nú. Svo er verið að fyrirskipa, að land-

brh. fari eftir till. yfirdýralæknis, sauðfjársjúkdóman. og Búnaðarfélags Íslands. Við skulum segja, að yfirdýralæknir verði í andstöðu við það, sem sauðfjársjúkdóman. leggur til. En landbrh. getur farið eftir því samt og þarf ekkert að spyrja yfirdýralækninn. Yfirdýralæknir hefur sem sagt ekkert að segja. Þetta er ákaflega hæpið og varhugavert. Ég vil taka það fram, að ég er ekki hér að tala fyrir hönd sjálfs mín. Ég er orðinn gamall og dauður eftir nokkur ár. Þá yrði vonandi settur maður í þetta embætti, sem þið bæruð miklu meiri respekt fyrir en mér. Þeir, sem nú setja þessa löggjöf til höfuðs mér, mundu ekki án kinnroða viðurkenna það þá og mundu afnema það glapræði, sem þeir hefðu gert.

Í 41. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Landbrh. er heimilt, að fengnum till. yfirdýralæknis, sauðfjársjúkdóman. og Búnaðarfélags Íslands, að láta flytja inn í umsjá sauðfjársjúkdómanefndar frá Skotlandi eða Noregi hrúta“ o. s. frv. Mér hefur þótt það undarlegt og barnalegt, þegar verið er að ræða við mig og reyna að fleka mig til að gefa leyfi mitt til að flytja inn hrúta til tæknifrjóvgunar, eins og það er kallað hér. Þá hugsa ég mér, að það yrði þó alltaf með því skilyrði, að ég fengi að hafa á hendi alla stjórn sóttvarna varðandi þessa hrúta. En hér á að taka þennan rétt af mér. Ef á svo að narra mig til þessa og láta sauðfjársjúkdóman. hafa á þessu alla stjórn, þá segi ég stopp. Ég vil biðja hv. n. að athuga þetta vel. Það er fleira, sem þyrfti að tala um, þótt ég komi ekki nú inn á það nánar. Svo vil ég sérstaklega þakka hv. mþn., sem hefur afkastað svo ákaflega miklu á örstuttum tíma.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta frv. fer til n., sem ég á sæti í, landbn., en samt þykir mér rétt að segja um það nokkur orð við þessa umr. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. landbrh. fyrir víðsýni og góðar undirtektir í þessu stórmáli, sem hér liggur fyrir. Það leikur ekki á tveim tungum, að hér er til umr. eitt stærsta mál þjóðarinnar, eins og nú standa sakir. Það er ekki einasta landbúnaðurinn einn, sem hér er um að ræða, heldur þjóðin í heild. Ef svo á til að ganga, að ekki sé hægt að reka sauðfjárrækt í þessu landi, þá mun verða margs vant hjá okkur. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, þá er þetta frv. undirbúið og samið af mþn., sem ég átti sæti í. Ég skal þegar taka það fram, að í þessari n. hefur verið hin æskilegasta samvinna, svo að í því efni get ég verið mjög ánægður með starfsemi n. Eigi að síður er ég í veigamiklu atriði andvígur þessu frv., eins og fram kemur í grg. þess, og hefði ekki svo staðið á, að ég á sæti á Alþ. og í landbn. og hef því tækifæri til að gera frekari grein fyrir afstöðu minni um þetta atriði, þá hefði ég gert nánari grein fyrir minni afstöðu í grg. frv. En vegna þessarar aðstöðu minnar taldi ég þess ekki þörf. Þetta atriði er það, að ég vil ekki ganga eins langt og meiri hl. n. gerir í frv. varðandi kynbætur og dreifingu erlends sauðfjár í landi okkar. Ég vil ekki fara lengra að svo komnu máli með þessum l. en það, sem búið er að undirbúa og samþ. af meiri hl. landbn. Alþ. og landbrh., að leyfa innflutning á fáeinum skozkum hrútum til tæknifrjóvgunar, og séu þeir einangraðir fullkomlega, ekki aðeins um stundarsakir, heldur örugglega í eyju. Lengra vil ég ekki fara. Það verður að mínu áliti að koma miklu meiri reynsla á þessa hluti, áður en ég get gengið inn á það, sem stendur í 8. kafla þessa frv. Fyrir þessu mun ég gera nánari grein í landbn. og við 2. umr. þessa frv. Aðalstefna þessa frv. er að leitast við að útrýma þessum sjúkdómum með fjárskiptum innlends fjár. Og það er satt hjá hv. þm. Mýr., að því var neitað af landbn. samkv. till. yfirdýralæknis að flytja inn hrúta til þeirra nota, sem hér um ræðir, en farið inn á þá leið að flytja með flugvélum sæði til tæknifrjóvgunar til landsins. En sú aðferð hefur reynzt svo dýr, að það er óhugsandi að halda því áfram. Hefur því verið horfið að því ráði að flytja inn fáeina hrúta til þess að auðvelda tilraunir í þessu skyni. Um það, hvort hér er um að ræða nýja stefnu með þessu frv., þá er það rétt, sem hv. þm. Mýr. tók fram, að um þetta efni hefur verið heimild í l., en svo sem hæstv. ráðh. tók fram, þá var það eiginlega eingöngu í tilraunaskyni þangað til í fyrra, að ákveðið var að framkvæma víðtækan niðurskurð í vesturhluta Þingeyjarsýslu og austurhluta Eyjafjarðarsýslu. Það var stefna margra, að halda bæri áfram á þessari leið og taka fasta ákvörðun um það með breyt. á löggjöf á Alþ. Nú er það svo, eins og menn hafa veitt athygli, að þetta frv. er heimildarlög. Þetta eru heimildarlög til bænda og héraða, ef viss skilyrði eru fyrir hendi, að fara inn á þá leið að skipta um fjárstofn sinn. Og ég verð að segja það, að við í mþn. töldum okkur ekki fært að fara inn á þá leið að hafa lagafyrirskipun um það, að það skyldi skipta um sauðfé á þetta eða þetta stóru svæði þetta og þetta ár og á öðru tilteknu svæði hitt árið o. s. frv. Ef menn hefðu treyst sér til að fara inn á þá leið, mátti skipta landinu í ákveðin svæði og gefa fyrirskipanir um að skipta um fé á öllu landinu smátt og smátt á vissum tilteknum tíma. En við í n. treystum okkur alls ekki til þess að fara inn á þá braut, því að til þess að það heppnist að hafa þannig fjárskipti á öllu landinu, þarf að vera fyrir hendi ákveðinn vilji þeirra manna til þess, sem hlut eiga að máli, af því að hér er ekki um neina smáráðstöfun eða framkvæmd að ræða. En mér virðist ekkert ósamræmi í því hjá okkur nefndarmönnunum, þó að við, um leið og við teljum fjárskipti illa nauðsyn, sem framkvæma þurfi meira eða minna, höfum um leið gengið inn á það, að leyft sé að gera tilraunir með blöndun sauðfjárkynja, þannig að fengnir yrðu erlendir hrútar til þeirra tilrauna, vegna þess að fjárskipti á öllu hinu sýkta svæði mundu taka mörg ár. Vegna þess, hve tiltölulega lítið er til af örugglega heilbrigðu fé á landinu, er ekki hægt að skipta um fé á nema tiltölulega litlu svæði á hverju ári. Þess vegna er nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort það raunverulega er rétt, sem þær litlu tilraunir benda til, sem hér hafa verið gerðar, að kynblendingar af íslenzku og erlendu fé séu miklu ónæmari fyrir þeim pestum, sem hér er um að ræða, heldur en íslenzka féð óblandað.

Varðandi það, sem hv. þm. Mýr. var að tala um, að mjög mikið mundi vera hægt að byggja á því, að sauðfjárstofnar hér innanlands væru sumir minna næmir fyrir þessum sjúkdómum en aðrir, þá hefur reynslan sýnt annað, nefnilega það, að þó að á sumum bæjum hafi það verið svo, að minna hafi farizt af fé úr þessum sjúkdómum en

á öðrum bæjum, þá hefur þannig brugðið við, að þegar farið hefur verið að flytja þetta fé til, hefur það farizt af þessum sjúkdómum engu síður en annað fé.

Á þessu stigi málsins skal ég ekki fara í neina þrætu hér við vin minn, hv. þm. Ak., okkar yfirdýralækni. En aðeins vil ég segja örfá orð út af hans ræðu. Hann hélt því fram, að það væri engin sönnun fyrir því, að þessir sjúkdómar, sem hér er um að ræða og hafa svo mikinn usla gert í okkar sauðfé, hefðu flutzt til landsins með karakúlkindum. En svo örugg reynsla, að ekki verður um villzt, er honum andstæð í þessu efni. Fræðilega séð hefur sannazt, að hin svo kallaða mæðiveiki í sauðfé hefur flutzt til landsins með karakúlkindum, sem fluttar voru inn árið 1933. Mæðiveikin hefur komið þannig upp, að hægt hefur verið að rekja samgang þeirra kinda, sem sýkzt hafa af henni, til þessara karakúlkinda, og bændur yfirleitt eru ekki í vafa um það, að þessi veiki hafi flutzt inn í landið með þessum óhappakindum af karakúlkyni.

Það er langt frá því, að með ákvæðum þessa frv. sé stefnt að því að ganga á embættislegan rétt yfirdýralæknisins og inn á valdsvið hans, heldur er þvert á móti í þessu frv. gengið lengra inn á það að vísa til hans ráða og ákveða, að leita skuli hans ráða og vera í samræmi við hans álit í einu mjög veigamiklu atriði, sem tekið er upp í þetta frv., heldur en gert er ráð fyrir í núgildandi l. og þannig, að hann sem yfirdýralæknir ætti að mínu áliti að vera mjög þakklátur fyrir, og sem ég í privatsamtölum hef heyrt, að hann líka er. En þetta atriði er, að hér skuli koma upp sóttvarnarstöð, þar sem hægt sé að einangra þær skepnur, sem einangra þarf. En að undanförnu hefur yfirdýralæknirinn, sem hefur haft með þetta að gera, verið í mestu vandræðum út af því að vanta slíka stöð. Hingað hafa verið flutt, algerlega gagnstætt l., ýmis dýr, og hefur yfirdýralæknirinn verið í vandræðum með að setja þau í sóttkví, og er furða, að ekki skuli hafa flutzt inn með þeim fleiri sjúkdómar en raun hefur á orðið.

Í öðru lagi býst ég við, að það yrði nokkuð mikið starf fyrir yfirdýralæknirinn, ef sá embættismaður ætti að taka að sér meiri hluta starfs þess, sem hefur verið falið sauðfjársjúkdóman. og lagt er til með þessu frv., að aukið verði verulega.

Að öðru leyti sé ég ekki út af aths., sem fram hafa komið, ástæðu til að segja fleiri orð um þetta mál, en vænti þess, að það geti gengið gegnum hv. þd. og hæstv. Alþ., því að á því er brýn þörf.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég vildi fyrst segja fáein orð út af ræðu hv. þm. Ak. Það er mikill misskilningur hjá honum að gera ráð fyrir því, að n. hafi viljandi þrengt hans kosti um valdsvið sem yfirdýralæknis, heldur þvert á móti lagði n. sig fram — ekki reyndar til þess að gera neinar velvildarráðstafanir, heldur af því að henni þótti það eðlilegt — til þess að sjá um, að yfirdýralæknirinn fengi aðstöðu til þess að hafa einangrunarstofnun til umráða, sem getið hefur verið, með því að yfirdýralæknirinn er oft í vandræðum með aðrar skepnur en sauðfé, sem eru fluttar inn. Hitt getur vel verið, að það komi í ljós, að það þurfi að ákveða að einhverju leyti aðra verkaskiptingu milli n. og yfirdýralæknisins en nú er gert ráð fyrir í þessu frv., eins og það liggur fyrir. En það eru atriði, sem auðvelt er að lækna. Og ekkert er það í frv., sem sé sett þar til þess viljandi að þrengja að yfirdýralækninum sem embættismanni.

Um karakúlnafnið, sem hann gat um, á sauðfjársjúkdómunum er það að segja, að það er enn ekkert fastákveðið nafn til á þessum sjúkdómum í heild, sem menn vita ekki annað en að hafi komið með þessum karakúlkindum. Þess vegna var þetta nafn sett fram. Það var að vísu hægt að hafa 2 til 3 nöfn önnur á þessu. En þetta er ákaflega lítið atriði. En, eins og hv. þm. A-Húnv. hefur tekið fram, þá hefur hv. þm. Ak., yfirdýralæknirinn, neitað því, að það væru nokkrar fjársýkir hér venju fremur miðað við fyrri tíma. Ég vildi óska, að hann hefði þar á réttu að standa. En ég verð nú að segja það, að mér er nóg til sönnunar hinu gagnstæða að vita, hvernig ástandið er í þessu efni, og til dæmis um það nefni ég það, að á einum bæ í mínu kjördæmi voru af 100 ám, sem þar voru áður en fjárpestirnar komu, 90 dauðar vegna fjárpestanna eftir fjögur ár. Þetta er kannske heldur örari fellir af þeirra völdum en það, sem vanalegast má telja. En þeir, sem búið hafa við mæðiveikina, eru algerlega á annarri skoðun en hv. þm. Ak., yfirdýralæknirinn, og því miður hallast yfirleitt allur landslýður að því, að dýralæknirinn hafi þarna á röngu að standa og að hér sé um nýja fjárpest að ræða, sem ekki hafi verið í landinu áður.

Mér fannst kenna misskilnings hjá hv. þm. Mýr., sem ég held líka, að hafi gert víðar vart við sig, nefnilega viðvíkjandi þessu tvennu, tilraunum til þess að viðhalda þeim gamla íslenzka sauðfjárstofni, sem ég tel vera aðalatriðið í frv., og svo því, sem er aukaatriði í frv., en vel mætti vera aðalatriði, að það er gert ráð fyrir innflutningi erlendra hrúta. Því hefur verið haldið fram af öðrum miklum mönnum en hv. þm. Mýr., að ef farið væri að hafa tæknifrjóvgun við blöndun sauðfjárkynja og fjárrækt, mundi bændum lítast svo vel á það, að þeir mundu falla frá því að skipta á veiku og heilbrigðu fé, og þar af leiðandi yrði útkoman sú, að útlendur sauðfjárstofn mundi koma í staðinn fyrir þann innlenda með tímanum. Að þessu virtist yfirdýralæknirinn hallast. Ég hygg, að þetta sé ekki stefnan almennt, heldur vilji bændur halda sínum gamla fjárstofni og bæta hann, en skoði það sem neyðarúrræði, ef það þyrfti að eyðileggja hann og taka útlendan stofn eða stofna í staðinn. Þegar litið er á það, hvernig þessum sauðfjársjúkdómum er varið, þá er ekki að mínu áliti hægt að treysta eingöngu á fjárstofninn, vegna þess að enn hefur ekki tekizt að finna neinn svo hraustan sauðfjárstofn, að treysta megi því, að hann standist veikirnar. Það er nú tiltölulega lítill hluti af landinu, sem hefur fjárstofn, sem treysta má örugglega, að sé heilbrigður af þessum pestum. Það er meiri partur Vestfjarða. En samt verða bændur næst Bitrufirði að búa við að hafa veikar skepnur af a. m. k. einni þessara pesta. En þaðan er sauðfjárveiki (mæðiveiki) um allt landið, austur að Eyjafirði að norðan og í Rangárvallasýslu að sunnan. Svo er garnaveiki víða á Austfjörðum, og er mjög erfitt að finna henni takmörk, því að hún stingur sér niður víða um báðar Múlasýslur. Sterkasta varnarlína landsins, Þjórsá, bilaði, og nú er gert ráð fyrir að reyna að verja Vestur-Skaftafellssýslu

með varnarlínu við Fúlalæk og að fjallabaki fyrir þeirri hættu, sem stafar af Rangárvallasýslu. Hvort það má takast, skal ég ekki segja um. En þegar litið er á það, hve fáir fjárheilbrigðir blettir eru á landinu, og á þá erfiðleika, sem því eru samfara að glíma við fjárpestirnar, þá virðist mér það, sem hv. fjmrh. sagði í vor í þessu sambandi, kjarni málsins. Hann hafði lagt málið fyrir okkur í mþn. á þeim grundvelli — og við vorum a. m. k. tveir okkar nefndarmanna, formaður n. og ég, samdóma þeim grundvelli —, að okkar gamli, íslenzki fjárstofn sé í svo gífurlegri hættu, af því að sauðfjárveiki er svo víða á landinu, að ómögulegt er að segja, hvað verður úr honum, ef því fer fram, sem hingað til hefur verið. Ég veit um marga bændur í Húnavatnssýslu, Borgarfirði og víðar, sem ekki geta haldið við stofni 100 áa með minna en 50 gimbrarlömbum á ári, og það sjá allir, að þetta er alls ekki viðunandi atvinnurekstur. Og hæstv. ráðh. hélt því fram s. l. vor, að eins og nú er, sé ekki hægt að vita, í hve mikilli hættu okkar íslenzki fjárstofn er. Enn hefur ekki tekizt að finna meðal íslenzka sauðfjárins neina ónæma stofna, svo að byggjandi sé á því, og menn hafa a. m. k. ekki fundið neitt annað bráðabirgðaráð en fjárskipti. Þess vegna studdi hæstv. landbn. í vor samsveitunga mína í þessu efni mjög drengilega. Og ef þetta hefði ekki verið gert, ef fjárskipti hefðu ekki verið höfð þar, þá væri að líkindum um það bil hálf Suður-Þingeyjarsýsla nú mjög nærri því að fara í eyði, þannig að ég get ekki annað, a. m. k. út frá kjördæmasjónarmiði séð, en verið þakklátur fyrir, að það tókst að gera þessa tilraun þarna. En erfiðleikar eru samt að koma þarna fram, þó að ég voni, að þeir verði ekki til stórskaða.

En hæstv. landbrh. sagði einnig í vor við okkur, að samhliða því, að með veikri aðstöðu yrði fjárskiptamálið tekið fyrir, þá yrði það að athugast, hvort við ættum ekki að flytja inn útlendan fjárstofn eða fjárstofna, og minntist á það að flytja inn hrúta, sem einangraðir væru í einangrunarstofnun, t. d. í Engey eða Viðey, og beita tæknifrjóvgun í sambandi við það. Menn segja, að með því að beita þannig tæknifrjóvgun sex sinnum í sömu ætt, sé kominn erlendur stofn inn, án þess að meiri tæknifrjóvgun eigi sér stað. Og t. d. Eyfirðingar hafa óskað þess og um það skrifað sauðfjársjúkdóman., og ég held ríkisstj. líka, að í Hrísey verði gerðar tilraunir með útlent sauðfé, sem þeir hugsa sér — alveg gagnstætt því, sem yfirdýralæknirinn vill — að verði haft í sóttkví í tvö ár og skepnurnar síðan beinlínis fluttar út um landið.

Samkv. því, sem hæstv. landbrh. sagði í fyrra, og samkv. þessu frv. er það því stefnan að reyna að bjarga okkar gamla, íslenzka fjárstofni og við hliðina á því að gera tilraunir með tæknifrjóvgun, sem er seinvirk aðferð. Og tæknifrjóvgunin er svo seinvirk og óviss aðferð, að það eru ekki minnstu líkur til, að hún reki sig á hitt, að gera ráðstafanir til þess að viðhalda gamla stofninum. Ef bændur vilja heldur skipta á fé, þannig að fá fé af heilbrigðum svæðum í stað þess sýkta, hvers vegna mega þeir ekki gera það? Nú standa vonir bænda á mestöllu Norðurlandi og í Dölum yfirleitt algerlega til þess að skipta um sauðfé, og það hefur verið sótt fast að skipta um féð nú á allra næstu missirum. Ég hef frétt, að bændur í Hegranesi skeri niður allt sitt fé og ætli að hafa Hegranesið sauðlaust í tvö ár. Bændur eru svo sannfærðir um, að þeir geti ekki lagt út í fjárskipti, án þess að gengið sé frá ákvæðum um það í fjárskiptalögum.

Elztu fjárskipti, sem gerð hafa verið á landinu sem tilraun, voru gerð á Heggstaðanesi, og var þangað flutt fé úr Þingeyjarsýslu. Þetta hefur gengið vel, nema á einum bæ á nesinu kom sauðfjárveiki upp. Þar var landið afgirt, og var öllu fénu þar slátrað og skipt um fé. Síðan hefur ekkert borið á sauðfjárveiki á þessu svæði. En þetta, að veikin kom þarna upp, sýnir, hve grunur hæstv. landbrh. er réttmætur um það, að erfitt sé að hafa vissu um, að fjárskipti hafi í raun og veru tekizt. En elztu fjárskipti í Þingeyjarsýslu voru í Reykdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu haustið 1941. Þar var ekki hentug aðstaða vegna vatna til að einangra svæðið, heldur girt utan um einn hrepp. Þá var fé sótt í vestanverða Þingeyjarsýslu. Þessi fjárskipti tókust vel. Þangað var t. d. flutt fé af Svalbarðsströnd, sem varð eins vænt og fé hafði verið áður í þessum hreppi, sem fjárskiptin voru í, og efnahagur manna blómgaðist þar, eins og bezt gat orðið. Í þeirri girðingu kom þó veikin tvisvar upp aftur, en það var á sérstaklega afgirtu svæði austan Laxár, þar sem eru þrjú eða fjögur heimili. Var þar slátrað öllu fé og skipt um. En þrátt fyrir þessar misfellur er ekki vafi á því, að bændur í þessum hreppi verjast sauðfjárveikinni miklu betur, eftir að fjárskiptin voru gerð, heldur en áður, og þeir mundu skipta um fjárstofn þar aftur, ef sauðfjárveiki kæmi þar upp. Þeir, sem þarna búa, eru sannfærðir um, að ekkert annað en heilbrigður stofn getur þeim dugað. Af reynslunni, sem fékkst af þessum fjárskiptum, er það sýnt, að það er ekkert vit í að hafa mjög stór svæði afgirt í einu lagi.

Þriðju fjárskiptin voru svo gerð í sömu sýslu 1944 og 1945, og var þá lokið fjárskiptum á öllu svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts.

Þá vil ég ræða það, að hv. þm. Mýr. taldi, að hægt væri með tæknifrjóvgun að koma upp nýjum fjárstofni af erlendu kyni eða kynjum. Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af skozka fénu, sem flutt var inn á undan karakúlfénu og engin veiki kom með, sést, að það fé hefur þolað veikina betur en íslenzka féð, en er þó ekki ónæmt fyrir henni. En það er engin reynsla komin fyrir því, að Þingeyingar gætu búið við þetta fé. Það hefur engin reynsla fengizt um það á afréttum, því að þangað hefur það ekki verið rekið enn, og það getur síður bjargað sér úti en okkar fé. Það er mjög breitt yfir bakið, og ef það leggst afvelta, getur það miklu síður reist sig við aftur en okkar fé. Er þetta dæmi um það, að við vitum ekki, hvernig ýmis sauðfjárkyn mundu gefast, sem flutt væru inn. Að öðru leyti er það fremur hlutverk búfræðinga og lækna en mitt að segja um það, hvort tiltækilegt mundi að beita tæknifrjóvgun. Það er álitið mjög hættulegt að blanda saman mjög ólíkum stofnum, og gæti svo farið, þótt ekki væri um veikindi að ræða, að út af því fengist mjög lélegt fé. En ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Mýr. mundi sætta sig við, að hér á landi væru tveir til þrír sauðfjárkynstofnar, íslenzka féð, sem reynt væri að verja og bæta, og svo útlendir stofnar til reynslu, því að ég þori ekki að vona, að blöndun,

nema til slátrunar, geti komið til greina. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, bæði í fyrra og nú, í sambandi við þetta mál sem sína meiningu — og það er einnig meining okkar allra nefndarmanna í mþn. —, þá eigum við að hafa íslenzka féð sem aðalstofn og reyna að verja hann og bæta, en jafnframt fá fé af erlendum stofni og sjá svo bara, hvað hægt er að gera í málinu.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég tel fulla ástæðu hafa verið til að endurskoða löggjöfina um þessi mál, því að hún var miðuð við aðrar aðstæður en nú eru. Það hafa orðið miklar breyt., síðan sú löggjöf var sett, og ýmislegt í þeirri löggjöf því að verða úrelt. En ég hef því miður ekki haft nægan tíma til þess að bera þetta frv. saman við gömlu l. og styðst því nú meir við minni en slíkan samanburð. En við það að líta yfir frv. þetta, virðist mér, að allmargir kaflar í frv. muni vera teknir upp í það lítt eða ekki breyttir frá gildandi löggjöf, og um það er vitanlega ekkert nema gott að segja og sjálfsagt að gera það, þar sem komið hefur í ljós, að ákvæði þeirra hafa reynzt vel, og ekki líkur til, að annað betra komi í staðinn.

Það, sem alveg sérstaklega hefur verið bent á og alveg réttilega sem breyt., er það fyrst og fremst, að það er tekin ákveðnari afstaða til fjárskiptanna en áður var og gata þess greidd, að fjárskiptum verði komið á fremur en áður var. Þetta tel ég fyrir mitt leyti til bóta. Ég hef alltaf verið því fylgjandi, að fjárskipti yrðu reynd, og hef frá upphafi talið, að það væri einasta leiðin, sem til nokkurs gagns gæti orðið fyrir okkur, eins og sakir hafa staðið undanfarið. Fyrst framan af var það að tala um slíkt eins og að tala fyrir dauðum eyrum, það vildi enginn á það hlusta. Nú hefur orðið breyt. á þessu, og hlýt ég að fagna því. En það er ýmislegt í sambandi við fjárskipti yfirleitt, eins og það er sett fram í þessu frv., sem mér finnst vera meira en lítið vafasamt, og skil ég vel, að hæstv. ráðh. taldi sig, að því er mér skildist, tæplega geta gengið að því eða mælt með þeim aðferðum alls kostar óbreyttum, og var það þá sérstaklega 37. gr., sem hann drap ofurlítið á eða staldraði við. Ég furða mig ekki á því, því að sannast að segja þá fellur mér hún vægast sagt ekki, og þessi ákvæði eru þannig, að ég hygg, að þau séu í raun og veru varla frambærileg í svona löguðu frv. Það er gert ráð fyrir því, að fjárframlögin vegna fjárskiptanna miðist við skattaframtöl ársins 1946 að hálfu, en að hálfu við skattaframtal, þegar heilbrigt fé var síðast í viðkomandi hreppi.

Þegar ég fór yfir þetta, fór ég að athuga í minni eigin sveit og í nágrannasveitunum. Ég tók svo dæmi um þetta. Ég skal játa, að annað dæmið er tilbúið, en þannig, að hægt er að fá tilsvarandi dæmi hvar sem er. Ég tek bónda, sem átti 300 fjár, en á núna 100 kindur. Meðaltalið af þessu verður 200 lömb, sem hann á að fá núna fyrir þessar 100 kindur. Hann fær 100 kindum fleira en hann átti. Svo tek ég annað dæmi, sem er raunverulegt. Það er af manni, sem ég þekki, í minni sveit. Þetta er ungur og duglegur maður, sem nýlega hefur byrjað búskap og mun hafa átt 2 eða 3 kindur, þegar hann byrjaði. Nú á hann 60 kindur. Það verða 62 og meðaltalið 31. M. ö. o. fær hann 31 lamb móti 60 kindum, sem hann leggur inn, eða 29 lömbum færra en hann leggur inn. Í þessu tilfelli er tekið af byrjandanum til þess að bæta okkur upp, gömlu körlunum, sem áttum stærra bú, þegar veikin kom. Svona lagaðar aðferðir verð ég að segja, að ég kann ekki við. Þeir eru ekki svo margir byrjendurnir í sveitabúskap, að ástæða sé til að þröngva kosti þeirra, sem hafa ráðizt í að reisa bú á undanförnum árum, þegar fjöldi fólks yfirgefur sveitirnar.

Það má líka benda á það í þessu sambandi, sem hæstv. ráðh. kom alveg réttilega inn á, að í heilum héruðum og mörgum sveitum er öllum vitanlegt, að bændur hafa stórfækkað fé sínu viljandi, þegar þeir sáu, að hverju fór, og komið sér upp kúabúum í staðinn fyrir fjárbú. Þetta er hlutur, sem allir þekkja og vita. Nú skulum við segja, að maður, sem ætti 300 kindur fullorðnar, þegar þetta tímatakmark væri, sem l. ákveða, væri gamall bóndi, sem væri að hætta að búa og ekki hirti um að hafa fleira fé. Hann fær þá hundrað kindum fleira en hann mundi hirða um að eiga. Við getum líka hugsað okkur mann, sem væri búinn að koma upp stóru kúabúi og ætlaði sér aldrei að koma upp svipuðu fjárbúi og hann áður hafði, en hann fengi þarna fjárstofn. Svo kemur það, sem mér þykir hæpnast og þykir benda til, að n. hafi ekki hugsað svo ýtarlega sem skyldi um málið. Ég sé ekki annað en að menn gætu tekið þessi dýru lömb, slátrað þeim og étið þau eða selt þau með því verði, sem þeim sýndist, og tekið þann hagnað. Ég get ekki fundið nokkur ákvæði um, hvernig skuli fara með þetta. Þetta sýnist mér, að sé svo snöggsoðið af n. hálfu, að varla sé frambærilegt. Mér sýnist ekkert samræmi vera milli þeirrar tölu fjár, sem slátrað er, og þess, sem ríkissjóður á að inna af hendi. Í 37. gr. segir, að bændur skuli fá lömb eftir þessu meðaltali, sem ég hef nefnt áður, en í 38. gr. segir, að framlög ríkissjóðs greiðist á þann hátt, að fyrir hverja fullorðna kind og gemling fái bændur haustlamb. Það er m. ö. o. miðað við, að menn fái lömb, en þó ég láti meginið af mínu vænsta fé og kaupi 2. og 3. fl. í staðinn, þá sé ég ekki annað en mæðiveikin standi berskjölduð gagnvart svona löguðu framferði, því að það er ekkert sagt um það, hvenær sauðfjársjúkdóman. og ríkið verður eigandi að þessu. Því fær ríkið ekki nema það, sem lagt er inn, og á það undir geðþótta manna, hvað þeir vilja láta ríkissjóð hafa. Þetta tel ég líka vanta í þetta frv. Eins og menn skilja af þessu, tel ég, að ef þetta eiga að skoðast sem bætur, komi það svo ranglátlega niður, að ekki sé viðunandi, og það gladdi mig, að mér skildist, að fjmrh. hafi veitt þessu athygli, þótt ekki væri bót á því ráðin, áður en frv. var flutt. Ég ætla þá ekki að ræða um þetta. Ég tel, að þetta eins og annað standi til bóta, og verð að telja, að það muni verða lagfært.

En það er annað atriði, sem ég vildi minnast hér á og hefur verið rætt hér í d., en það er um innflutning fjár. Ég hef þá sérstöðu, að ég var sá eini, sem greiddi atkv. gegn þessum innflutningi í landbn. nú fyrir stuttu. Mín afstaða er sú, að ég hef verið á móti þessum innflutningi sauðfjár frá upphafi, og sú afstaða er óbreytt. Ég vil ekki láta ómótmælt því, sem hv. þm. S-Þ. vildi halda fram, að þessi innflutningur stangist ekki að neinu leyti á við það, sem hann vildi telja aðaltilgang frv. Að vísu skal ég játa, að það veltur á dálitlu, hvernig á þessum málum er haldið, en eins og haldið hefur verið á þeim hingað til og eins og búast má við,

að á þeim verði haldið eftirleiðis líka, virðist mér auðsætt mál, að það myndist tveir andstæðir flokkar bænda um þessi mál. Ef eitthvað er til í því, að þessi kynblöndun gefi ekki árangur í 1—2—3 liði, þá er nokkur von, að það mætti verða til þess, að menn tryðu á þetta, því að í nauðum taka menn í hálmstráið. Þetta gæti orðið til þess, að menn, sem eru með fjárskiptum, vildu bíða, halda veikinni við hjá sér og sjá, hvað setur, en það, að fjárskipti stöðvist og veikinni sé haldið við, er það lakasta. Það er eins og nýtt hnefahögg framan í þá, sem búnir eru að hafa fjárskipti og vilja verja fé sitt. Ég er viss um það, að þeim mönnum, sem búnir eru að gera fjárskipti, er ekki hægt að gera öllu meiri óleik en með þessari aðferð. Fyrir þessu gerði ég grein. Auk þess er það sannfæring mín, að við eigum að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að viðhalda okkar íslenzka fjárkyni. Ég er alveg viss um, að það er ekkert fé, sem á jafnvel við okkar íslenzku staðhætti. Það er uppalið hér í þúsund ár við þau skilyrði, sem hér eru, og það hefur mikla möguleika til þess að taka auknum þroska með bættri meðferð og kynblöndun. Þetta er mín sannfæring, og þess vegna er það mitt áhugamál að varðveita okkar góða sauðfjárstofn og káka ekki við annað, ef okkur mætti takast að útrýma veikinni. Ég skal játa með hv. þm. S-Þ., að veikin er erfið viðfangs og við erum komnir í öngþveiti, án þess að markinu sé náð, en það er svo, að það hefur enginn það, sem hann ekki vogar, og vogun vinnur og vogun tapar, og ég er tilbúinn að hætta á þetta, og mér er kunnugt um, að hv. þm. S-Þ. er það líka og einnig hv. þm. A-Húnv., sem mér er kunnugt um, að stendur mér mjög nærri, þótt hann hafi, að því er mér finnst, farið inn á villigötur hvað snertir leyfi fyrir innflutningi á útlendu fé.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en skal lýsa ánægju minni yfir 9. kafla frv. Ég tel hann til mjög verulegra bóta, og hefði slík sóttvarnarstöð átt að vera komin fyrr. Ef til hefði verið slík stöð, hefði ef til vill getað farið öðruvísi en fór. Ég tel þess vegna þann kafla í alla staði réttlátan og gott, að hann er með.

Skúli Guðmundsson: Þessu frv. hæstv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, var útbýtt hér á fundi í gær, og mér hefur nú ekki síðan unnizt tími til að kynna mér það til neinnar hlítar, en ég vildi aðeins nú með örfáum orðum minnast á eitt atriði í frv., áður en það fer til n.

Eins og segir í grg. frv., er það miðað við það að vinna bug á þessum sauðfjársjúkdómum með skipulögðum fjárskiptum, og segir hér, að það sé miðað við það jöfnum höndum með skipulögðum fjárskiptum og með innflutningi erlends fjárkyns. Hér í 6. kaflanum eru ákvæði um fjárframlög ríkisins til fjárskiptanna, og hefur sá kafli eða 1. gr. hans verið gerð að umtalsefni af öðrum.

Ekki hef ég séð í frv. nein ákvæði um það, á hvað löngum eða stuttum tíma þessi fjárskipti skuli framkvæmd, og ekki heldur í grg. Það er að vísu nokkuð að þessu vikið á bls. 16 í frv., og segir þar, að það sé, eins og vitað er, ekki öruggt um heilbrigði sauðfjár nema á Vestfjörðum, vestan og norðan þeirrar varnarlínu, sem þar er. Það er vitanlega takmörkuð tala fjár, sem hægt er að fá úr þessum landshluta árlega, eða um 1200 líflömb. Það er því tala þessara lamba, sem ákveður, hve fljótt sé hægt að ljúka fjárskiptunum, og mér skilst, að það muni taka langan tíma.

Nú mun það vera svo, að frá því að þessi l. taka gildi, mun ekki vera ætlazt til annarra bóta handa bændum en þessa fjárskiptastyrks, en það hefur ekki verið hægt að komast hjá því að veita bændum nokkurn fjárstyrk, og er hér í grg. yfirlit um það, hvað mikið það hefur verið á undanförnum árum. Hér segir, að það sé eðlilegt, að aðrir styrkir falli niður, og eins og ég sagði áðan, virðist mér með frv. ætlazt til þess, að þetta falli niður, um leið og frv. verður samþ. eða l. samkvæmt því öðlast gildi.

Ég vildi vekja athygli á þessu og beina því til n. að taka það til athugunar. Ég er hræddur um, að það geti valdið eigi litlum erfiðleikum, ef þessum styrk, sem bændum hefur verið veittur til þess að þeir gætu haldið áfram búskap sínum, verður kippt af þeim í einu vetfangi. Þetta getur haft þær afleiðingar, að margir bændur hrekist frá jörðum sínum, áður en að því kemur, að fjárskipti geti orðið framkvæmd hjá þeim og þeir geta fengið þann eina stuðning, sem þetta frv. ætlast til, þ. e. a. s. þá einu greiðslu, sem ætlazt er til, að gangi beint til bænda. Þetta vildi ég biðja n. að taka til athugunar. Það hefur verið svo, þar sem ég þekki til, eins og hv. þm. S-Þ. sagði áðan, að yfirleitt hafa bændur þurft að setja sín líflömb á á ári hverju til þess að geta haldið uppi fjárstofni sínum og stundum ekki hrokkið til. Þeir hafa fengið nokkurn stuðning miðað við árlega tölu lamba, sem sett hafa verið á til þess að halda við þessum takmarkaða fjárstofni, og ég ætla, að ef þessu yrði kippt af þeim allt í einu, kynni það að hafa alvarlegar afleiðingar á þeim svæðum, þar sem fjárskipti yrðu ekki framkvæmd fyrr en eftir nokkur ár.

Eins og ég sagði, hef ég ekki haft tíma til að athuga frv. enn, en þessu veitti ég athygli og vil beina því til n., að hún athugi þetta.

Jónas Jónsson: Ég vildi segja fáein orð út af ræðu hv. 2. þm. Skagf. Það er að sjálfsögðu engin furða, þótt hann sé ekki ánægður með frv., þar sem hann er mótfallinn innflutningi sauðfjár, og leiðir af sjálfu sér, að vel getur farið svo, að þingið felli þetta, en láti hitt standa. Meiri hl. n. var á þeirri skoðun, að það bæri að prófa báðar þessar leiðir, en rök hv. þm. í þessu efni mótast nokkuð mikið af því, að hann er mótfallinn innflutningi, og er það afstaða fyrir sig. Hv. þm. hélt því fram, að ranglátt væri að miða bæturnar við fleiri ár en þau, sem skiptin fara fram á, eða líka við skattaframtal þess árs, þegar síðast var heilbrigt fé í þeim hreppi, en ég hygg, að við nánari athugun þá sjái hann, að okkar till. eru miklu sanngjarnari, sem sé að miða ekki aðeins við árið í ár. Það getur skeð, að hægt sé að finna betri leið, en frá almennu sjónarmiði er enginn vafi á því, að hugsunin, sem liggur á bak við, er alveg rétt.

Við skulum taka Skagafjörðinn, þar sem pestin er búin að vera í 10 ár. Bóndi, sem átti 300 fjár, þegar pestin kom í héraðið, mundi, þegar skiptin fara fram, eiga 200 kindur, en ef miða ætti við það, sem nú er, má ekki gleyma því, að menn eru ef til vill búnir að missa ⅓ af fé sínu í þennan vágest, og þá er í þessu mikill styrkur. Þetta var miðað við reynslu mína af fjárskiptum í Þingeyjar-

sýslu, því að þar var fjöldi af mönnum, sem áttu ekkert fé, þegar skiptin voru gerð. Við skulum nefna sem dæmi mann, sem hefði átt 150 ær og ætti nú 10. Hann fengi ekki nema 10. Það er nú ekki sanngjarnt. Eins er með hitt dæmið. Fyrir mér vakir, að miðað verði við jörðina, sem maðurinn býr á. Frá mínu sjónarmiði á ekki að miðast við 2 kindur, heldur það, sem var á jörðinni, og með því móti er hægt að bæta úr þessu.

Maður, sem er nýbyrjaður að búa á einni jörð og hafði 60 kindur, en hefur nú aðeins fáar kindur — í því tilfelli getur ekki verið rétt að miða við fáar kindur nú, heldur verður að miða við það, sem var. Með því að miða við jörð er hægt að bæta úr þessu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Nd., 7. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 217, 218, 219, 220).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. landbrh. grein fyrir því, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 73, er gengið inn á ákveðna stefnu varðandi þessi sjúkdómamál, sem það fjallar um, þá stefnu að vinna að því með skipulegum hætti að útrýma þessum sjúkdómum, svo framarlega að viss skilyrði séu fyrir hendi frá fjáreigendanna hálfu. Landbn. hefur nú haldið um þetta frv. marga fundi og orðið ásátt um verulegar breyt. á frv., sem liggja fyrir á þskj. 218.

Ég skal leyfa mér að fara hér nokkrum orðum um þessar brtt. til skýringar fyrir hv. dm., þó að margar þeirra séu það einfaldar að augljóst sé, hvað við er átt. Brtt. við 1. gr. er aðeins það að taka inn nöfnin á þessum karakúlsjúkdómum á annan veg en gert er í frv., og er það eftir till. frá sauðfjársjúkdómanefnd, að taka inn útlenda nafnið á garnaveiki, sem er þekkt annars staðar, og kalla þingeyzku mæðiveikina, eins og hún almennt hefur verið kölluð, þurramæði. Þetta virðist ekki þurfa frekari skýringa við.

Um brtt. við 5. gr. er það að segja, að hún fjallar um það, að fella niður 4. liðinn, sem hljóðar þannig: „Að hafa umsjón með innflutningi erlendra fjárkynja, ef leyfður verður.“ N. leggur til að fella þennan lið niður, og er það í samræmi við það, að hún vill fella niður VIII. kaflann, sem fjallar um innflutning sauðfjár og eldi.

Brtt. við 6. gr. er í fyrsta lagi sú að leiðrétta prentvillu í 1. lið og í öðru lagi að orða 3. lið um, þannig, að í staðinn fyrir: „Einfaldar girðingar, sem settar eru meðfram ám eða öðrum hindrunum“ — komi: *Einfaldar gaddavírsgirðingar.* — Þetta er byggt á því, að girðingarnar geti verið annars staðar en þar, sem hindranir eru fyrir af náttúrunnar hendi.

3. brtt. við 6. gr. er talsverð efnisbreyting, og hún hljóðar um það að skipta varnargirðingunum niður í tvennt, þannig að annar hluti þeirra sé aðalvarnarlína, en hinn hlutinn aukavarnarlína. Þetta er í samræmi við það, sem kemur síðar og ég skal tala nánar um í sambandi við brtt. við 8. gr.

Þá er 4. brtt., við 7. gr. Hún er aðeins orðabreyt. frá því, sem er í frv. Er einni setningu snúið þannig við, að í stað þess, að það megi því aðeins svipta einstakar jarðir og upprekstrarfélög aðgangi að löndum sínum, að brýna nauðsyn beri til, þá kemur það skýrt fram, að þetta megi gera, ef nauðsyn krefji, og þykist ég ekki þurfa að hafa um þetta frekari skýringar.

Þá kemur brtt. við 8. gr., sem er áframhald af brtt., sem ég var áður að minnast á, við 6. gr. það er um girðingarnar. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að girðingar allar séu lagðar á kostnað ríkissjóðs að öllu leyti, en viðhald þeirra sé kostað af fjárskiptafélögum.

Samkvæmt brtt. er girðingunum skipt í tvennt, þannig að girðingar á aðalvarnarlínum séu kostaðar af ríkissjóði og viðhaldið sömuleiðis, en varðandi aukavarnarlínur þá sé ekki lagt til af ríkisins hálfu annað en efni, og hlutaðeigandi fjárskiptafélög annist á sinn kostnað flutning efnis frá hafnarstað, uppsetningu girðinganna og viðhald. Um þetta er meðal annars það að segja, að þegar fara fram fjárskipti á einstökum svæðum, þá getur verið nauðsynlegt að setja upp girðingar, sem þá séu í rauninni ekki nema til bráðabirgða, þangað til fjárskipti fara fram á næsta svæði, en þá verður það, samkvæmt því, sem síðar segir, undir ákvörðun viðkomandi fjárskiptafélags og sauðfjársjúkdómanefndar, hvort slíkri girðingu verður haldið við áfram eða hún lögð niður. Að öðru leyti hefur þessi breyt. ekki þýðingu en hvað þetta snertir, því að um vörzluna er ákveðið á sama hátt og í frumvarpinu.

6. brtt. n., við 9. gr., er um það, að þegar að því kemur, að varnargirðingar eru lagðar niður, vegna þess að þær eru ekki taldar lengur nauðsynlegar, þá hafi bændur eða upprekstrarfélög, sem löndin eiga að girðingunum, forkaupsrétt að efninu úr slíkum girðingum. Þetta þykir nauðsynlegt að ákveða, og n. er sammála um þessa till. eins og aðrar till., sem hér liggja fyrir.

7. brtt. er aðeins leiðrétting á prentvillu, og sömuleiðis 8. brtt.

9. brtt. er varðandi rannsókn á garnaveikifé, og er það í samræmi við það, sem framkvæmt hefur verið nú síðustu árin, og þótti sauðfjársjúkdóman., sem þessum málum er kunnug, heppilegt að hafa ekki fastákveðið um þetta, eins og er í frv., að ríkið skuli kosta þann mann, sem á að stjórna slíkum rannsóknum, heldur er lagt til, að ríkið leggi aðeins fram lyf, tæki og kennslu við það verk. Annars er ætlazt til samkvæmt brtt., að sveitarstjórnir hafi umsjón með slíkum rannsóknum í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd.

10. brtt. er um það, að í staðinn fyrir, að fulltrúafundur sé lögmætur, ef mættir eru fulltrúar frá ⅔ af þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu, þá verði að vera mættir ⅔ allra fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu, til þess að hann sé lögmætur.

11. brtt. er um það, fyrri hluti hennar, að orðin „í fyrsta lagi“ í 2. lið 26. gr. falli burt, og þá hefur það þá þýðingu, að í fjárskiptafrv. verður það alveg ákveðið, hvenær fjárskipti skuli fara

fram, en ekki ákveðið, hvenær það á að vera í fyrsta lagi. b-liður er leiðrétting á prentvillu.

12. brtt. er ekkert annað en leiðrétting.

13. brtt. er um það, að í staðinn fyrir, að hlutaðeigandi menn, sem hafa atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti, þurfi að eiga 20 kindur, þá er það fært í 15 kindur, og er það í rauninni miðlunarleið, því að sauðfjársjúkdóman. lagði til, að miðað yrði við 20 kindur, en í frv. er miðað við 10 kindur. Þetta er lítið atriði og þarf ekki frekari skýringar við.

14. brtt. er aðeins leiðrétting á prentvillu, og 15. brtt. er aðeins leiðrétting á máli. Það þykir betur fara á því að segja „sauðfé" heldur en „fé bænda", því að fleiri eiga fé en bændur.

Þá koma brtt. við 37. og 38. gr., sem er um fjárskiptabætur til þeirra manna, sem drepa fé sitt og fá annað í staðinn. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að það sé að hálfu leyti tekið tillit til þeirrar fjártölu, sem hlutaðeigandi fjáreigendur áttu, áður en fjárpestin kom inn í viðkomandi sveit, og skal að hálfu leyti miða við skattaframtal 1946.

Nú hefur orðið samkomulag í n., eftir að leitað var álits sauðfjársjúkdóman. og Búnaðarfélags Íslands, um að breyta þessu mjög verulega, og er breyt. í því fólgin, að það er fellt alveg niður að taka tillit til þess fjárfjölda, sem hlutaðeigandi fjáreigendur áttu, áður en fjárpestin kom inn í sveitina. Enn fremur er fellt niður, að verðið fyrir fullorðna fé, sem slátrað er, þegar fjárskipti fara fram, falli til ríkisins, en í staðinn er lagt til, að hálft lambsverð komi fyrir hverja bótaskylda kind, eins og ákveðið er með 17. brtt. n. En bótaskyldar kindur eru skoðaðar allar fullorðnar kindur og gemlingar, sem taldir eru fram þrem árum áður en fjárskipti fara fram, en þau fara ekki fram fyrr en 1949, þannig að framlag ríkisins vegna fjárskipta á árunum 1947, 1948 og 1949 miðast við fjártölu eigenda samkv. skattaframtali á árinu 1946. Sú breyt. er einnig gerð þarna á, að þeir menn, sem reisa bú, eftir að þessi l. öðlast gildi, og ekki eru erfingjar að dánarbúi á fjárskiptasvæði, hafi rétt samkvæmt því skattaframtali, sem gert er síðast, áður en fjárskipti fóru fram. Um kaup á lífé eru svipuð ákvæði í brtt. eins og í frv., en að því viðbættu, að fjárskiptafélög eða fjáreigendur verði að kosta þá umsjón, sem fjárskiptafélög hafa við fjárkaup, enn fremur að stjórnum fjárskiptafélaga sé heimilt að ráðstafa lífé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt lífé er fáanlegt. Það, sem vakir fyrir n. sérstaklega í þessu efni, er það, að þar sem svo kynni að haga til, að í einhverjum hluta fjárskiptasvæðisins sé góð aðstaða til mjólkurframleiðslu, en í öðrum engir tekjumöguleikar aðrir en af sauðfjárrækt, þá megi undir slíkum kringumstæðum láta þá menn hafa lömb fyrr, sem hafa verri aðstöðu, heldur en hina, sem hafa hana betri.

18. brtt. n. er ný, og hún er um það, að sauðfjársjúkdóman. sé heimilt, þegar alveg sérstaklega stendur á, að veita uppeldisstyrk vegna vanhalda á svipaðan veg eins og verið hefur, en þó því aðeins, að þannig hagi til, að samkvæmt áætlun sauðfjársjúkdóman. séu ekki líkur til, að hlutaðeigandi bændur geti vonazt eftir fjárskiptum næstu 3 ár, eða það standi þannig á að þeir hafi ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu. Ef haldið verður áfram í þessu fjárskiptamáli, þá má eftir öllum líkum telja sennilegt, að á þeim svæðum landsins, sem lakasta hafa aðstöðuna varðandi mjólkurframleiðslu, fari fjárskipti fram næstu 3 ár, svo að þetta ákvæði komi ekki þar til greina og þá nái það aðeins til þeirra tiltölulega mjög fáu staða í öðrum héruðum, sem ekki hafa viðunandi aðstöðu til mjólkurframleiðslu.

19. brtt. n., sem er við 43. gr., fjallar um nokkuð mikið deilumál, þó að n. hafi mælt með henni, þ. e. að fella niður síðasta málslið þessarar gr., sem er um það, að það sé heimilt, ef hrútar eru fluttir inn til kynbóta, að nota þá til eldis á svæði, sem búið er að skipta um fé á. En samkvæmt brtt. n. verður efni þessarar gr. það, að slíkum hrútum megi aldrei sleppa úr sóttkví, þó að flutt sé sæði úr þeim til tæknifrjóvgunar á þeim svæðum, sem ósýkt eru. Loks er svo 20. brtt. n. um, að VIII. kafli inn, um innflutning sauðfjár, falli niður, og er það í samræmi við þann ágreining, sem ég gerði í mþn., sem samdi þetta frv., og er byggður á því, að það sé ekki, eins og sakir standa, hyggilegt að ganga lengra í þessu máli en ákveðið er með VII. kafla þannig breyttum, eins og n. leggur til, að það sé aðeins heimild til innflutnings á hrútum, sem hafðir séu í stöðugu haldi, meðan þeir lifa. Ég þykist ekki að svo komnu þurfa að fara fleiri orðum um það að fella niður þennan kafla, en það kemur að nokkru leyti frekar til umr. um þetta mál, þegar meðnm. mínir hafa mælt fyrir þeim brtt., sem þeir flytja sérstaklega, og einkanlega þeirri að fella niður úr frv. VII. kaflann.

Ég vil svo fyrir hönd n. vænta þess, að þessar brtt. og frv. í heild sinni fái hér góðar viðtökur og geti orðið afgr. áfram svo fljótt sem kostur er á.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég á hér ásamt tveimur meðnm. mínum brtt., sem ég vildi segja um nokkur orð. Þær eru um það, að fyrir orðið „karakúlsjúkdómar" komi: sauðfjársjúkdómar. Við lítum svo á, að enda þótt þetta orð hafi verið notað um langt skeið, þá hafi það frekar verið notað sem kerskniorð en að það sé í rauninni þannig vaxið, að ástæða sé til þess að taka það sem nokkurt samheiti á þessum sjúkdómum, og við teljum af þessari ástæðu eðlilegra að nota það orð, sem hingað til hefur verið notað, sauðfjársjúkdómar. Þetta er líka hið sama og yfirdýralæknirinn, hv. þm. Ak., hreyfði hér við 1. umr., og taldi hann fyrst þurfa að breyta þessu. Við urðum við tilmælum hans um að breyta þessu. Þetta er aðeins mjög smávægilegt, en við teljum það fara betur í löggjöf. Að öðru leyti ætla ég ekki að bæta við þetta, þar eð hv. frsm. hefur gert grein fyrir sameiginlegu áliti okkar nm.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég þarf nú ekki að mæla fyrir þeim brtt. n., er hv. frsm. hennar hefur gert grein fyrir. Um þær varð fullt samkomulag í landbn., eins og þskj. 217 ber með sér. En á þskj. 220 er brtt. frá okkur hv. 2. þm. Skagf. um það, að 7. kafli falli niður, og öll n. leggur til, að 8. kafli falli niður, og hefur hv. frsm. gert grein fyrir ástæðunum til þeirrar niðurfellingar. 7. kafli fjallar um innflutning kynbótahrúta og tæknifrjóvgun. Ég lít svo á, að okkur vanti tilfinnanlega löggjöf um innflutning búfjár, nú-

gildandi löggjöf í því efni er ófullnægjandi og gagnslaus. Hinni nýju löggjöf þarf að hraða sem mest og hana má ekki eingöngu binda við innflutning sauðfjár, hún þarf að ná til allra dýra, sem flutt eru inn. Það þarf ekki að gera ráð fyrir, að allur innflutningur lifandi dýra verði heftur um lengri tíma, dýr verða flutt inn á leyfilegan hátt, eða óleyfilegan, ef ekki vill betur til. Í ár hafa t. d. verið flutt inn hænsni og kjúklingar, sennilega eða sjálfsagt með einhvers konar leyfi. En þannig er það, að ekki þýðir að halda fram þeirri kenningu, að bannaður verði innflutningur allra dýra, spendýra og annarra. Fyrsta skilyrðið er, að dugandi löggjöf um þetta sé til. Hér þarf að fá sóttvarnarstöð og einangrun, og um það er einn kafli í frv., sem er ágætt að fá inn í sambandi við innflutning búfjár, og í því augnamiði, að sett verði almenn löggjöf um innflutning allra skepna, legg ég til, að 7. og 8. kafli frv. verði felldir niður. Ég hefði kosið, að 9. kafli væri einnig felldur niður, því að hann á einnig heima í almennri löggjöf um innflutning búfjár. Ég hef þó ekki viljað leggja það beint til, því að hann er ágætur út af fyrir sig og gott að fá hann inn, ef dragast kynni, að almenn löggjöf yrði sett um þetta efni, en þegar þar að kæmi, yrði að taka hann upp í almennu löggjöfina. Frá þessu sjónarmiði er ég því fylgjandi, að 7. kafli verði felldur niður, en tekinn upp í almenna löggjöf. Ég get búizt við, að hv. meðflm. minn hafi nokkuð öðruvísi sjónarmið um það, en við erum sammála um, að kaflinn verði felldur niður, eins og nú horfir. Ég lít svo á, að með tiltölulega stuttum undirbúningi sé hægt að setja almenna löggjöf um innflutning búfjár. Þetta mál hefur verið mikið undirbúið áður, og undirbúningi verður haldið áfram í samráði við yfirdýralækni og aðra sérfræðinga. Það er meginatriðið, að búa svo tryggilega um einangrun skepnanna, eftir að þær koma til landsins, að ekki hljótist tjón af vegna nýrra sjúkdóma. Ég hef sagt það áður og vil taka það enn einu sinni fram, að það er mesta fjarstæða af okkur, frekar en öðrum þjóðum, að ætla að girða okkur alveg af um innflutning dýra í sambandi við búfjárrækt. Og reynslan mun sýna, að þeim innflutningi verður haldið áfram þrátt fyrir þau mistök, sem orðið hafa í þessu efni. Ég ætla svo ekki að ræða þetta mál frekar almennt, og frsm. n. hefur gert grein fyrir brtt. hennar. Það má nú segja, að hvorki frv. né brtt. landbn. marki nýja stefnu í þessum málum. Þar er reynt að vinna bug á sjúkdómunum, eins og gert hefur verið að undanförnu, með girðingum, útrýmingu stofnsins og innflutningi ósýkts fjár. Ég vil ekki liggja á þeirri skoðun fremur en áður, að ég er lítt trúaður á, að þessar aðgerðir nægi til að útrýma þeim sjúkdómum, sem nú eru í landinu. Ef gera ætti alvarlega tilraun til að útrýma sjúkdómunum til fulls, nægja ekki heimildarlög til að ná því takmarki. Þá yrði að taka þetta mál allt öðrum tökum og sennilega grípa til meira valdboðs en hér hefur verið gert, og væri þó tvísýnt um alveg fullkomna útrýmingu. En fjárskipti geta þó haft sína þýðingu. Reynslan hefur sýnt, að með þeim er hægt að fá hraustan fjárstofn, er skilar nálega fullum arði, a. m. k. um nokkurt árabil. En ég taldi þó rétt að taka fram, um leið og ég mælti fyrir brtt. okkar á þskj. 220, að ég hef persónulega ekki mikla trú á, að þetta frv. marki tímamót varðandi útrýmingu sjúkdómanna, þótt það yrði samþ. En mér er vel ljóst, að það er erfitt að finna örugg úrræði. Læt ég svo máli mínu lokið.

Jónas Jónsson: Ég get verið hv. 1. þm. Skagf. sammála um það, að eðlilegt væri og æskilegt, að hér yrði, og frekar fyrr en síðar, komið á gagnlegri löggjöf um innflutning fleiri húsdýra en sauðfjár, en ég er ekki sammála honum um að fella úr þessu frv. þá kafla, sem að því lúta að hefja þessar tilraunir, það er ekki rétt hugsað. Það er heldur ekki alveg rétt hjá hv. þm., að þetta frv. marki ekki tímamót í sögu málsins. Tilefni þess má rekja beint til þeirrar nýju afstöðu, er landbrh. ásamt meiri hluta Alþ. stuðlaði að fjárskiptunum í Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði í fyrra, og sagði, að horfið væri að fjárskiptunum vegna þess, að þau væru aðalatriðið. Á þessum grundvelli lét hann vinna. Það, sem horfið var frá með atkvgr. í fjvn. þá, voru hinar leiðirnar, og þær eru aðallega þrjár. Í fyrsta lagi eru það meðul, sem leitað hefur verið að í mörg ár, stuðningur hinna svokölluðu vísinda. Allt hefði það betur verið ógert. Þessi meðalaþáttur reyndist mjög kostnaðarsamur, og allt var það „húmbúg" og til leiðinda fyrir alla, sem nálægt því komu, en þó fyrst og fremst fyrir þjóðina sjálfa. Það verður því alveg að afskrifa þessi vísindi og vonina um hjálp þeirra. Önnur leiðin, sem reynd hefur verið, er uppeldisstyrkja-leiðin, sem einnig hefur reynzt mjög kostnaðarsöm. Það hefur verið lagt fram geysimikið fé til að sætta menn á sýktu svæðunum við að hanga við búskap, þótt pestirnar geisuðu. En það er ómögulegt að halda þessum styrkjum, ef farið verður að beita sér fyrir fjárskiptum, og fastast er sótt á um fjárskipti þar, sem sauðfjárræktin er mest og eingöngu treyst á hana, t. d. að nokkrum hluta á Vestfjörðum, í Dölum, Húnavatnssýslu og í Skagafirði, og á þessum slóðum þarf fyrst að endurnýja sauðfjárstofninn. En þar sem hugsanlegt er að treysta að nokkru leyti á mjólkurframleiðsluna um sinn, a. m. k. eins og í Borgarfirði og á Suðurlandi, væru fjárskipti að vísu æskileg, en ekki jafnbrýn og þar, sem eingöngu þarf að treysta á sauðfjárræktina. Bændur, sem áður treystu á vísindin og því næst á uppeldisstyrkina, eru nú mest farnir að treysta á fjárskiptin. Þannig hefur straumurinn snúizt sökum árangurs af þeim tilraunum, sem þegar hafa verið gerðar í þessu efni. Það var annað viðhorfið, þegar fjárskiptaleiðin, sem ég vildi fara, var felld í fjvn. fyrir fáum árum með 7 atkvæðum gegn 2. Svo langt var þá enn frá því, að fjárskiptin væru orðin „aðalatriðið". En almennt vonleysi um hjálp vísindanna og styrkina gera það nú að verkum, að fjárskiptin eru eina leiðin í þessum málum. Eftir þeirri leið verður að þoka sér áfram, fyrst gegnum sauðfjárhéruðin og síðar gegnum mjólkurhéruðin eftir óskum manna og fjárhagslegu bolmagni. Það sem hv. landbrh. lagði til í fyrra, og ég býst við, að hv. 1. þm. Skagf. sé honum samdóma, er viðvíkjandi framtíðinni. Við, sem höfum beitt okkur fyrir fjárskiptum, erum ekki alveg vissir um, að þau séu óbrigðul. Pestin hefur komið upp í annað sinn í Þingeyjarsýslu, fjárskiptin þurfa ekki endilega alltaf að reynast alveg örugg, eins og landbrh. benti á. Og þá kemur að útlenda stofninum og afstöðu hv. 1. þm. Skagf. Báðir þm. Skagf. vilja slá

því máli á frest, og hv. 2. þm. Skagf. virðist vera á móti því með öllu að flytja inn útlendan fjárstofn. En nú beini ég því til hv. 1. þm. Skagf., sem vill fella niður 7. kafla frv., að svo stöddu a. m. k., að beita sér einmitt fyrst fyrir þessum innflutningi sauðfjár. Hvað mundi ella verða úr innflutningi fleiri húsdýra? Hv. þm. hefur áhuga á innflutningi þeirra almennt, en sér, að sú skoðun á enn þá minna fylgi að fagna en vera skyldi. En hve langt verður þangað til, að hún fæst viðurkennd í þinginu, án þess nokkur berjist fyrir henni? Eða eigum við að hika við innflutning hrúta og tæknifrjóvgun allar götur, þangað til bændur eru farnir að sætta sig við innflutning húsdýra almennt? Ég segi nei. Vegna stöðu sinnar er hv. 1. þm. Skagf. manna bezt kunnugt um ósigra þá, sem orðið hafa í þessum málum, og mótþróa bænda gegn innflutningi sauðfjár. Þetta frv. er einmitt heppilegt millispor. Ég, og ég hygg Árni Eylands, við erum með því, að fluttar verði inn fleiri tegundir húsdýra. Aftur á móti er hv. 2. þm. Skagf. algerlega á móti öllum innflutningi þeirra, og svo er um marga fleiri leiðandi menn í bændastétt, að þeir mega ekki heyra innflutning nefndan. Við hv. 1. þm. Skagf., og skoðanabræður okkar, eigum hins vegar að sætta okkur við, ef við gætum fengið þá litlu tilraun gerða undir ströngu eftirliti, er 7. kafli frv. fjallar um, og þá sæist, hvort sú tilraun aflaði málinu fylgis meðal löggjafanna og bænda, því að gegn vilja þeirra verður féð ekki flutt inn og á ekki að gera það. Gegn tæknifrjóvgun mælir það eitt með skynsemi, ef ekki reyndist með öllu unnt að útiloka smithættu. Reynslan mundi fljótlega skera úr því. Búfræðingar telja, að tæknifrjóvgun í 5—6 kynslóðir muni skapa hér nýjan, útlendan stofn. Ég er því mjög sammála hv. 1. þm. Skagf. um framtíðarhugsjón hans, sem hann hefur áður kveðið fastar að orði um en nú. Málið er enn ekki nógu sterkt í hugum manna, en það er hæpið að bíða eftir rýmri skilningi á því, er komi af sjálfu sér, og þarf í því sambandi ekki annað en benda á þá baráttu, sem háð hefur verið í þessum efnum.

Ég held, að aðferð Englendinga verði bezt við þau dýr, sem yrðu flutt hingað til tæknifrjóvgunar. Englendingar leyfa innflutning húsdýra undir ströngu eftirliti. Ef dýrin reynast örugglega heilbrigð, er þeim hleypt inn í landið, ella er þeim slátrað. Þetta hygg ég frumatriði þeirrar viðtæku framkvæmdar að bæta bústofninn og þá fyrst fjárstofninn. En því má ekki flýta um of, á meðan hugir manna eru að opnast fyrir þessu, því að enga er unnt að frelsa án vilja þeirra.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mikið út í ræðu fyrri þm. Skagf. eða þrátta um það, hvort hér sé um nýja stefnu í þessum málum að ræða, enda hefur hv. þm. S-Þ. tekið af mér ómak með sinni ræðu. Það er langt frá því, að ég eða aðrir bændur höfum óskað eftir því að fara inn á fjárskiptaleiðina, en við höfum ekki séð annars kost. Fjöldi bænda, og þar á meðal ég, vonuðu, að þessi veiki mundi ganga sem farsótt en rasa síðan út, en reynslan er á annan veg. Féð hrynur niður, og ekkert hægt við að gera. Þess vegna er þessi leið eina úrræðið til að vinna bug á veikinni, þó að það sé engan veginn tryggt. Varðandi brtt. á þskj. 220, um að fella niður 7. kafla, þá er það svo, að ég, 5. landsk. og 8. þm. Reykv. erum því mótfallnir í n. Við teljum nauðsynlegt, að 7. og 9. kafli haldist.

Ég er mjög á móti því að flytja inn í landið erlend dýr, en ég vil þó ekki ganga svo langt að útiloka alveg, að hrútar verði fluttir til tilrauna, en hins vegar tel ég um það þurfa mjög strangt eftirlit.

Það hefur komið fyrir, að flutt hafa verið inn í landið dýr í algerðu leyfisleysi, og hefur það komið dýralækni í mestu vandræði. Slíkt er algert lögbrot, sem alls ekki má eiga sér stað.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að brtt. á þskj. 219, um breyt. á orðinu „karakúl" í „sauðfjár". — Ég tel þessa brtt. alls ekki rétta, sökum þess að við höfum svo marga sauðfjársjúkdóma, sem þessi l. alls ekki eiga að ná til, eins og t. d. kláða, lungnabólgu o. fl. En það virðist eðlilegt, að þessir sjúkdómar, sem um ræðir í þessum lögum, séu kenndir við sinn uppruna hér, þ. e. í hinu aðflutta karakúlfé. Það kom að vísu fram hér við 1. umr., að talið var mjög vafasamt um þennan uppruna og ekkert sannað um það. Sem svar við þessu vil ég benda á það, að allir okkar færustu menn, sem glímt hafa við þessa veiki, telja engan efa á því, að hún hafi hingað borizt með karakúlhrútum, má þar nefna prófessor Dungal o. fl., og virðist þá alveg eins mega tala hér um karakúlsjúkdóma, eins og talað hefur verið um spansku veikina, svartadauða o. fl. Það má segja, að þetta sé ekki stórt atriði, en ég tel það hótfyndni að vera að gera málalengingar út af því, þó að sjúkdómur sé kenndur við uppruna sinn. Ég fjölyrði svo ekki frekar um þetta að sinni.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur tekið af mér ómakið í sambandi við þá aths., sem ég vildi gera við brtt. á þskj. 219. Ég vil þó til viðbótar geta þess, að ég tel, að það nafn, sem lagt er til í gr. á þeim sjúkdómum, sem hér um ræðir, getur ekki staðizt í þessu frv. sökum þess, að hér er raunverulega líka um nautgripasjúkdóm að ræða, eða að minnsta kosti er talið víst, að nautgripir geti verið smitberar. Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, en ég tel það óþarflega viðkvæmni að gera veður út af nafninu á þessum sjúkdómi, þó að einhver einn maður sé við það riðinn að flytja inn í landið þau dýr, sem talið er, að veikin hafi borizt með.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég ætla að sleppa því að ræða um brtt. á þskj. 219. Það mun hv. 2. þm. Skagf. gera, en ég vil aðeins spyrja um það, hvers vegna sauðfjársjúkdómanefndin er ekki kölluð bara karakúlnefnd, úr því að þetta karakúlnafn er svona sjálfsagt.

Hv. þm. A-Húnv. og S-Þ. hafa mótmælt brtt. á þskj. 220 um að 7. kafli falli niður, en báðir þessir þm. hafa talið mikils virði að flytja inn fé til kynbóta. En ég vil spyrja: Hvað liggur til grundvallar því, sem þeir kalla fjárskipti? Tæknifrjóvgunin kemur beinlínis í veg fyrir það að mínu áliti. Haldið þið, hv. þm., að það verði hægara að framkvæma fjárskipti, ef aukið yrði mjög á kynbætur og kynblendingarnir reyndust mun sterkari gagnvart sjúkdómi þeim, er hér um ræðir? Ég er sannfærður um, að það mundi torvelda það mjög að fá menn til að framkvæma fjárskipti. Annars hef ég ekki

trú á fjárskiptaleiðinni til útrýmingar sjúkdómnum, og n. hefur ekki trú á því sjálf. Af þessum orsökum tel ég ekki vera hér um neina nýja leið að ræða, heldur er þetta sami grautur í sömu skál. En það leggja margir áherzlu á fjárskipti nú sem tilraun, en við teljum, að kynbæturnar, eins og nú stendur, torveldi heldur þessa tilraun, og leggjum því til, að felldur verði niður VII. kafli frv. Hv. þm. A-Húnv. fullyrti, að á mörgum undanförnum árum hefðu verið flutt inn dýr, svo að verulegu næmi. Þetta geri ég ráð fyrir, að sé rétt. Og sýnir þetta, hver þörf er á, að sett séu almenn lög um þetta efni og að þeim sé framfylgt á betri hátt en gert hefur verið. En það, sem í þessu frv. tekur til þessa atriðis, varðar aðeins sauðféð. En að taka, eins og hér er gert í 8. kafla frv., sauðféð út úr og setja að þessu leyti löggjöf um það eitt, er í sjálfu sér alveg ófullnægjandi. En heildarlöggjöf um þetta atriði, sem tæki bæði til sauðfjár og annarra dýra, þarf að setja, þannig að þegar leyfður væri af einum eða öðrum ástæðum innflutningur á einhverjum skepnum, þá heyrði það undir þau l. Þess vegna, ef á að lögfesta ákvæði um sóttvarnarstöð vegna innflutnings á sauðfé t. d., þá á að setja almenna löggjöf um þau mál, sem taka til allra innfluttra skepna. Ég álít, að slík löggjöf þurfi ekki mikinn undirbúning, úr því sem komið er. Það er þegar búið að undirbúa þetta mál nokkuð. N., sem undirbjó þetta mál, sem hér liggur fyrir, hefur nokkuð undirbúið þetta með einstökum till. í málinu, og það liggja fyrir fleiri till. svipaðs efnis. Það liggur fyrir frv. í vörzlum Búnaðarfélags Íslands, sem einu sinni var samið út frá þessum forsendum, sem ég tók fram, og ég er ekki í vafa um, að sameina megi þessar till. og fá heilsteypta löggjöf um þetta efni. Þess vegna álít ég, að taka eigi ákvæðin um þetta út úr frv. Og eigi að nota tæknifrjóvgun hér með sæði úr erlendum fjárkynjum til kynblöndunar, þá álít ég ekki rétt að hafa ákvæði um það í sömu l. og um sauðfjársjúkdóma og varnir gegn þeim, því að það er annað mál. A. m. k. er það í fullri mótsögn að ætla sér annars vegar, eins og sú hv. n., sem undirbúið hefur þetta frv., leggur til, að leggja megináherzlu á það að útrýma sauðfjársjúkdómunum með skipulögðum fjárskiptum og svo jafnframt að gera tilraunir með tæknifrjóvgun á ýmsum svæðum, sem útrýming sauðfjársjúkdómanna með fjárskiptum, ef sú leið verður farin, hlýtur að ná til. Að tala um það jafnhliða, að þetta tvennt eigi að framkvæmast, er mesta skipulagsleysi, sem hægt er að hugsa sér. Þess vegna hef ég lagt megináherzlu á, að 7. kaflinn verði felldur úr frv., og ég hygg, að við þm. Skagf., sem stöndum að þessari till., séum alveg sammála um þetta atriði, þó að okkur greini kannske á um viss atriði um sjálfan innflutning vissra sauðfjártegunda.

Umr. frestað.

Á. 43. og 46. fundi í Nd., 20. og 21. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 10. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Það er orðið svo langt síðan umr. um þetta mál var frestað, að það er vist úr minni liðið mörgum og þá einnig fyrir mér farið að fyrnast það, sem fram kom við þá umr. En úr því að hæstv. forseti hefur gefið mér orðið, vil ég gera nokkra grein fyrir þeim aths., sem fram komu þá, en skal þó aðeins stikla á stærstu atriðunum.

Það, sem ágreiningi hefur valdið, er fyrst og fremst það, sem snertir langstærsta atriðið, innflutning sauðfjár. Ég hef haldið því fram, að innflutningur fjár til þess að prófa, hversu það mundi þola veikina, sé í raun og veru að vinna gegn því, sem að er stefnt í frv. með fjárskiptunum. Ég benti á það í upphafi, að það væri á misskilningi byggt, eftir að búið væri að ákveða að hafa fjárskipti, að þá væri óeðlilegt að vera að káka við annað og láta þetta bíða, þar til séð væri, hvernig færi um það mál. Ég hef alltaf haft trú á því, að þetta væri líklegasti möguleikinn til framgangs þessa máls, þó að mér detti ekki í hug að halda fram, að það sé 100% öruggt, ef mætti kalla það svo, heldur að þetta væri líklegasta leiðin til þess að fá einhverju áorkað. Það hefur einnig sýnt sig, að þetta hefur orðið ofan á og allir hafa fallizt á þetta. Sá innflutningur, sem hefur verið reyndur nú, gefur vissulega ekki tilefni til þess, að haldið sé áfram lengur fyrst um sinn á þeirri braut. Því að eins og þingheimi er kunnugt, hefur farið svo, þó að því væri heitið að beita hinni ýtrustu varkárni og fullur vilji allra, sem að þessu stóðu, að ekki gætu hlotizt slys af, þá hefur reynslan orðið sú, að þær kindur, sem fluttar voru inn í haust, voru sýktar, þegar þær komu, af sjúkdómi, sem yfirdýralæknirinn sagði, að væri óþekktur hér á landi. Og þó að þessi sjúkdómur sé ekki talinn einn af hinum alvarlegustu erlendis, er engin vissa fyrir því, að hann gæti ekki orðið alvarlegur, þegar hann bærist í fé, sem aldrei hefur fengið þennan sjúkdóm áður. Af þessari eðlilegu ástæðu svo og þeirri ábyrgðartilfinningu, sem á að vera hjá mönnum, sem hafa starf með höndum eins og yfirdýralæknirinn, ákvað hann, að þessum kindum skyldi lógað. Hefði ekki verið fylgt þarna strax þessum fyrirmælum, þá er auðséð, hvað af því hefði getað hlotizt, og yfirleitt tel ég, að það væri skynsamlegt fyrir alþm. að leggja sér á minni ummæli Magnúsar heitins Einarssonar dýralæknis, að menn skyldu forðast að káka við innflutning búfjár, því að við værum svo vel settir hvað það snerti að vera lausir við marga sjúkdóma, sem herjuðu í öðrum löndum. Ég held því, að það væri full ástæða til að fella niður ekki aðeins þær breyt., sem n. hefur orðið sammála um, heldur einnig 7. kafla, sem við hv. 1. þm. Skagf. leggjum til, að gert verði.

Þá vil ég aðeins, úr því að það hefur orðið nokkurt orðaskak um það, minnast á þá till. okkar hv. 1. þm. Skagf. og hv. 8. þm. Reykv., um það að breyta til og nota ekki karakúlnafnið, heldur nafnið „sauðfjársjúkdómar". Þessu hefur verið mótmælt af hv. þm. A-Húnv., og aðalrök hans fyrir því voru þau, að þetta nafn hefði verið notað hér nokkuð og eðlilegast væri að kenna hvern sjúkdóm við uppruna sinn. Nefndi hann þar til móðuharðindin, svartadauða og spönsku veikina. Þetta er raunar rétt, og ég hef t. d. ekkert á móti því, að spanska veikin sé tengd við Spán, en þetta er bara íslenzkt mál, íslenzkt orð, sem alþýða manna hefur búið til og hefur fæðzt með þjóðinni og er eðlileg íslenzka. Hitt, þetta karakúlnafn, er í rauninni ekkert, ég veit ekki, hverrar þjóðar mál það er.

Ég kann ekki við að festa slíkt nafn í lagamáli. Ef aftur á móti hv. þm. A-Húnv. og n. hefðu komið með annað nafn eða þýðingu á þessu, sem hefði fallið inn í íslenzkt mál, er síður en svo, að ég hefði haft á móti því, heldur talið það eðlilegt. En þetta orðskrípi, þó að það hafi verið notað, kann ég ekki við að festa í lagamáli, en mundi þó á hinn bóginn, þótt við nm. höfum lagt til, að orðið „sauðfjársjúkdómar" væri notað sem samheiti fyrir þessa sjúkdóma, mundi þó, ef íslenzkumaður kæmi með annað nafn, geta fallizt á það fyrir mitt leyti, ef það félli í okkar mál. Þetta er mín ástæða fyrir því, að ég felli mig ekki við þetta nafn, kann sem sagt ekki við að festa það í lagamáli. Þetta er í sjálfu sér ekki stórt atriði, en smekklegt get ég ekki kallað það.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það er langt um liðið, síðan umr. um þetta mál var frestað og ég eðlilega orðinn nokkuð gleyminn á, um hvað ágreiningurinn aðallega var í sambandi við það. Ég vil þó, sérstaklega vegna ræðu hv. 1. þm. Skagf., sem hann flutti við þá umr., fara um þetta mál nokkrum orðum, þótt hann sé ekki hér viðstaddur nú.

Ég mun hafa látið í ljós í framsöguræðu minni, að ég væri glaður yfir því, að það hefði orðið samkomulag í landbn. um öll aðalatriði þessa máls varðandi framkvæmdina. Og sannleikurinn er sá, að þau tvö atriði, sem hér er nokkur ágreiningur um, eru ekki nein aðalatriði varðandi framkvæmdina og snerta þess vegna í raun og veru ekki það samkomulag, sem orðið hefur um málið í landbn., en um þessi tvö atriði, sem ágreiningur hefur orðið um, vil ég fara nokkrum fleiri orðum í sambandi við ræðu hv. 2. þm. Skagf.

Það má segja það um innflutningsmálið, að það sé að vissu leyti mjög ólík aðstaða þessara tveggja þm., því að hv. 2. þm. Skagf. er þar ekki í neinni mótsögn við sjálfan sig, því að hann vill banna algerlega allan innflutning, og hef ég ekkert við það að athuga, þó að hann hafi verið á öðru máli í því efni fyrr, það er engin mótsögn af hans hálfu. En hv. 1. þm. Skagf. hefur fullkomlega komizt í mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann vill setja ný l., önnur l., um innflutning og enn víðtækari en gert er ráð fyrir í 7. kafla þessa frv., sem ég og meiri hl. n. vill halda eins og hann er, með þeim breyt., sem n. hefur orðið sammála um. Hv. 1. þm. Skagf. benti á það, að nauðsynlegt væri að setja nánari ákvæði um þessi innflutningsmál, og það er út af fyrir sig satt, en ég tel, að í 7. kafla þessa frv. sé svo varlega í farið, að það sé miklu betra að samþ. hann eins og hann er eftir till. n. og fella niður hin gömlu l., sem mikil ógæfa hefur af hlotizt, en að láta þau standa áfram. Varðandi það, sem síðasti ræðumaður var að vitna í, að illa hefði til tekizt um innflutning á þeim kindum, sem fluttar voru inn hér s. l. haust, er það út af fyrir sig rétt, og má segja, að það sé engin furða, þó að menn séu tortryggnir, þegar hver vitleysan rekur aðra hjá þeim sendimönnum, sem sú stofnun sendi, sem með þessi innflutningsmál hefur að gera, en það er tæplega hægt að gera ráð fyrir því, að slíkir sendimenn hagi sér þannig, að maður gæti ætlað, að þeir væru ekki með heilbrigðri skynsemi, en það verður að teljast, þegar það kemur fyrir, að menn flytja frá öðrum löndum gripi, sem þeir vita, að eru sýktir af einhverjum sjúkdómi. Það hefur komið fyrir, að þetta hefur komið að sök, en ég geri ráð fyrir, að það yrði farið þar gætilega í þessi mál, að sendir yrðu þeir menn, sem mætti treysta til að haga sér vel í þessum efnum.

Varðandi hitt deiluatriðið, sem hér hefur verið rætt um, sem er brtt. frá meiri hl. n., um að orðið „sauðfjársjúkdómar" komi í staðinn fyrir orðið „karakúlsjúkdómar", þá er það að segja, að hið síðarnefnda er fyllilega eðlilegt nafn, því að það er vitað mál af þeim aðilum, sem bezt þekkja, að uppruna þessa sjúkdóms er þannig háttað, að hann er innfluttur hingað til landsins með karakúlfé, og það þýðir ekkert fyrir hv. 2. þm. Skagf. að vitna til þess, að það sé útlent orð, því að þar sem þessi fjártegund hefur borið þetta heiti, er eðlilegt, að miðað sé við það nafn, sem uppruninn segir til um, enda er öll hin svo kallaða sauðfjársjúkdómanefnd, sem er auðvitað skipuð hlutlausum mönnum, sammála mþn. um það að halda þessu nafni, og einnig sauðfjárræktarráðunauturinn. En það kemur till. frá stjórn Búnaðarfélags Íslands um að fella þetta niður, og get ég skilið, af hvaða rótum hún muni runnin. Brtt. aftur á móti, eins og hún er borin fram, getur ekki staðizt, þannig að hún falli saman við það, sem eðli málsins fjallar um. Að kalla þetta einu nafni sauðfjársjúkdóma getur ekki staðizt, í fyrsta lagi vegna þess, að það eru líkir sjúkdómar í öðrum búpeningi, veikin er einnig í kúm, og þá er sannarlega ekki viðeigandi að kalla hana sauðfjársjúkdóma. En sér í lagi fær þetta ekki staðizt vegna þess, að það eru miklu fleiri tegundir sjúkdóma, sem ásækja sauðfé okkar, en þessir 3 karakúlsjúkdómar, sem þetta fjallar um. Við höfum átt við að stríða garnaveiki, bráðapest og marga aðra sjúkdóma, sem hafa ásótt sauðfé okkar og ekki er búið að útrýma enn.

Hv. 1. þm. Skagf. mun hafa slegið því fram hér síðast, þegar hann talaði, að ósamræmi væri í því hjá okkur, sem hefðum samið þetta frv., að hafa ekki komið með till. um að breyta nafninu á þessari n. í samræmi við þessa till. um heitið á sjúkdómunum. Þetta eru út af fyrir sig ekki rök, sem hægt er að taka góð og gild, því að það er allt annað, þó að það sé sett n. til að stjórna þessum málum, að hún sé ekki endilega kennd við sama heiti og eðlilegt er að hafa á þeim sjúkdómum, sem um er að ræða. Hitt skal ég játa, að heitið á þessari n. er mjög álappalegt heiti, og það, að við í mþn. bárum ekki fram till. um það að breyta nafninu á þessari n., byggðist á því, að þetta er nú að komast í nokkra hefð. Í raun og veru hefur þessi n. lengst borið nafnið mæðiveikinefnd, og er það að sumu leyti skárra, en þó slæmt, en að kalla hana sauðfjársjúkdómanefnd er slæmt. Ég mun því síðar meir bera fram brtt. um nafn á þessari n., þó ekki að hún heiti karakúln. og tengja þannig nafn hennar við það starf, sem hún hefur á hendi. Sú stofnun, sem þessi n. stjórnar, hefur almennt borið nafnið Sauðfjárveikivarnir, og mun það prentað á ýmsa reikninga og skjöl, sem frá þessari stofnun hafa komið. Sannleikurinn er sá, að þessi n. er fyrst og fremst til þess að stjórna þeim vörnum, sem hér hafa verið og eiga að vera fyrir sauðfé okkar, ekki aðeins vörzlu og girðingum, heldur og yfirleitt koma

í veg fyrir, að sauðfjárræktin biði alvarlegan hnekki af hvers konar hættum í þessum sökum. Þess vegna finnst mér eðlilegt að kalla þessa n. „sauðfjárvarnastjórn", eðlilegt, að hún taki nafn af því, að hún er að stjórna þessum vörnum, og finnst mjög mikið samræmi í því, miðað við það nafn, sem þessi stofnun hefur sett á skjöl sín, sem er Sauðfjárveikivarnir, og sé eðlilegra, að þessi n. sé kölluð sauðfjárvarnastjórn en sauðfjársjúkdóman. Mætti líka segja, að væri hægt að kalla hana sauðfjárvarnan., en hitt finnst mér eðlilegast, að hún bæri nafnið sauðfjárvarnastjórn.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða nánar um þetta mál, enda fáir viðstaddir til að taka þátt í þeim umr.

Jón Sigurðsson: Það var út af ræðu hv. þm. A-Húnv., að ég vil segja nokkur orð. Hann sagði, að afstaða mín til innflutningsmálsins væri önnur en verið hefði. Ég kannast ekki við þetta. Ég hef alla tíð verið á móti innflutningi á fé, a. m. k. meðan ekki eru gefnar upp allar vonir um, að við getum varizt sauðfjárveikisjúkdómum, og ég man ekki eftir að hafa greitt atkv. í gagnstæða átt. Ef hann á við þá afstöðu, sem búnaðarfélagið tók á sínum tíma, vil ég upplýsa, að ég var ekki einn í því liði, því að ég átti þá ekki sæti á búnaðarþingi. Það er því misskilningur, að ég hafi átt þátt í innflutningi fyrr eða síðar, þvert á móti hef ég verið á móti innflutningi og talið hann varhugaverðan. Þar fyrir mundi ég ekki telja, að ég hefði lítillækkað mig, þótt ég hefði skipt um skoðun í þessu efni, ef það væri fyrir reynslu, sem fengizt hefði, en því er bara ekki til að dreifa. — Þá ræddi hv. þm. mikið um ólestur og mistök í þeim innflutningi, sem hér hefur átt sér stað. Ég skal ekki kasta steini að þessum manni, sem fenginn var til þessa starfs. Ég hygg, að það hafi verið að tilhlutan stj., að þessi maður var fenginn. Sauðfjárræktarráðunautur, sem eðlilegast væri, að hefði farið, var á sýningarferð úti á landi og gat ekki snúizt við því, og ég hef ekki heyrt annars getið en þessi maður sé bezti maður og tel víst, að hann hafi reynt að gera þetta eftir beztu vitund. En það sýnir manni, hve miklum erfiðleikum þetta er bundið, að svona skyldi takast til, alltaf færi það frekar á þann veginn. Þetta er heldur ekki nýtt, þetta hefur skeð oft, þjóðinni til tjóns, og mætti nefna t. d. fjárkláðafaraldurinn, sem gekk hér á 18. og aftur á 19. öld. Þó vil ég ekki segja, að í framtíðinni mætti ekki, ef niðurskurðurinn mistekst, reyna innflutning, en vil, eins og ég hef tekið fram, sjá, hvernig fjárskiptin takast, áður en ég fer að mæla með því, að lagt verði út í svona ævintýri. Og svona hélt ég, að hv. þm. A-Húnv. hugsaði, því að mér hefur skilizt hingað til, að skoðanir okkar féllu þar nokkuð saman.

Um nafnið skal ég ekki fjölyrða, mér er það ekki kappsmál .og get látið mér í léttu rúmi liggja um það, hvort ofan á verður í því efni. Ef okkur er alvara með að hafa nöfnin á þessum sjúkdómum íslenzk, því þá ekki að taka þau upp í staðinn fyrir þessi erlendu nöfn, sem alls ekki eiga heima í málinu? Þetta er mín afstaða, og mér finnst óráð að lofa slíkum ónefnum að festast í málinu, ef hægt er að finna önnur íslenzk nöfn, sem betri eru. Mér fyndist ráðlegt, að n. fengi í lið með sér málhaga menn til þess að lagfæra þetta.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Skagf. drap á ýmis atriði í sambandi við frv. þetta í ræðu sinni, og hann gat þess, að engin ástæða væri til þess að ásaka sendimanninn fyrir það, að hann flutti inn sjúkt fé. Ég veit ekki, hvern er hægt að ásaka fyrir það, ef ekki þann, sem flytur inn kindur, sem vitað er að voru sjúkar.

Ég vildi gera aths. við afstöðu hans til innflutnings karakúlfjárins. Ég vil minna á það, að á búnaðarþingi árið 1933 komu fram tvær till., önnur um það, að flytja inn karakúlfé, en hin um að dreifa því meðal bænda. Þessar till. höfum við, og þessi hv. þm. var þarna á búnaðarþinginu og veitti þeim stuðning, svo að honum ætti að vera þetta minnisstætt.

Um það, að kenna sjúkdóminn við það fé, sem hann barst með, ja, við það sé ég ekkert að athuga. Hv. þm. vildi svo vera láta sem þetta væri eitthvert latneskt heiti, en svo er það alls ekki. Við skulum segja, að einhver veiki hefði borizt með svarthöfðafénu og því verið nefnd svarthöfðapest eða eitthvað slíkt. Mér virðist, að það hefði verið ágætt nafn, og sama máli gegnir um hina svonefndu karakúlsjúkdóma.

Hvað flutning brtt. snertir, þá er mér það raunar ljóst, að hún getur alls ekki staðizt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 13. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 218,1 samþ. með 19:1 atkv.
— 219 samþ. með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, HermG, JS, JörB, KTh, SG, SkG, StgrSt, BÁ, EystJ, GSv, GÞG, HÁ, BG.
nei: IngJ, JPálm, JJ, ÓTh, SK, StJSt, EmJ, StSt, HB.
JóhH greiddi ekki atkv.
11 þm. (LJós, PÞ, PO, SigfS, SB, SEH, ÁkJ, ÁÁ, EOl, FJ, GTh) fjarstaddir.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 218,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 218,5 (ný 8. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 218,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
10.—14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
15.—20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,7 kom ekki til atkv.
— 218,8 samþ. með 19 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,9 (ný 22. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,10 samþ. með 19 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,11 samþ. með 19 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,12 samþ. með 18 shlj. atkv.

27. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,13 samþ. með 19 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
29.—34. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,14 (leiðr.) samþ. án atkv.gr.
35. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,15 samþ. með 19 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 218,16 (ný 37. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 218,17 (ný 38. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 218,18 (ný gr., verður 39. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
39.—40. gr. (verða 40.—41. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 220 (VII. kafli, 41.—44. gr., falli burt) samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JóhH, JS, JörB, BG.

nei: SigfS, SG, BÁ, StSt, GSv, HB, IngJ, JPálm, JJ, KTh.

14 þm. (PO, SB, SEH, SK, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh, LJós, ÓTh, PÞ) fjarstaddir.
Brtt. 218,19 kom ekki til atkv.
— 218,20 (VIII. kafli, 45.—53. gr., falli burt) samþ. með 18:3 atkv.
54.—61. gr. (verða 42.—49. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 58. og 59. fundi í Nd., 24. og 27. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 29. jan., var frv. enn tekið til 3. umr.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég vildi geta þess fyrir hönd landbn., að nokkrar breyt. frá n. eru á leiðinni og hafa ekki enn fengizt prentaðar. Vildi ég því mælast til, að þetta mál yrði ekki tekið fyrir nú.

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór enn á 62. fundi d., 30. jan.
Á 64. fundi í Nd., 31. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 282, 305, 340, 343).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Landbn. hefur nú athugað nokkuð þetta frv. enn á ný milli 2. og 3. umr. og flytur nokkrar smávægilegar brtt. sameiginlega á þskj. 343. Fyrst er brtt. við 37. gr. varðandi bætur.

Sannleikurinn er sá, að við gerum tæplega ráð fyrir, að í l. sé hægt að taka út yfir öll atvik, sem kunna að verða fyrir hendi í sambandi við bætur, því að þau eru mörg, og verður það að útfyllast nokkuð með reglugerð. En þessi brtt., sem við flytjum hér, er að nokkru leyti flutt í samráði við framkvæmdastjóra varnanna, og 1. brtt. er það aðeins að bæta inn í á eftir orðunum „reisa bú": „eða eru að byrja fjáreign," þ. e. a. s. að bæta við það, sem fyrir er, þeim mönnum, sem byrja fjáreign á tímabilinu, sem á milli ber, því að þeim getur undir sumum kringumstæðum fjölgað, þó að niðurskurður sé ákveðinn, á því þriggja ára tímabili, sem á milli ber.

Þá er b.-liður. Hann fjallar um það, að þeir, sem hætta búskap eða flytja burtu af fjárskiptasvæðinu þetta þriggja ára tímabil, fái ekki neinar bætur, og er það í sjálfu sér það, sem við höfum alltaf ætlazt til, að yrði í framkvæmd.

Við 38. gr. er öllu meiri breyt., og er aðalbreyt. sú, að ekki sé skylt að láta líflömb í bætur af ríkisins hálfu fyrir meira en 70% af bótaskyldri fjártölu, og sé útvegað fimm sjöundu af þeim haustið, sem fjárskipti verða, en það, sem til vantar, næsta haust á eftir. Enn fremur, að sé ekki hægt að útvega lömbin svo fljótt, þá beri að greiða afurðatjónsbætur fyrir þau, er til vantar, á fyrsta ári, á sama hátt og fyrir er mælt í 40. gr. Þá er enn fremur sú brtt., að framlag ríkisins skuli greitt upp í verð lambanna, en ekki skuli skylt að greiða það, fyrr en ári eftir, að fjárskipti fóru fram. Þetta er að nokkru leyti byggt á því, að nefndin, sem þessum málum stjórnar, telur óhagstætt að þurfa að taka upp allar bæturnar sama haustið og fjárskipti fara fram. Þetta ætti ekki að koma að mikilli sök vegna þess, að hjá þeim bændum, sem skorið er niður hjá, ættu að vera öllu rýmri ástæður það haustið, sem niðurskurður fer fram, heldur en næsta haust á eftir. Þá eru örðugleikarnir meiri og því réttara að borga bætur ríkisins þá.

Í þriðja lagi er svo brtt. við 39. gr., sem fjallar um það, að í stað þess, að það er heimilt að borga uppeldisstyrk vegna vanhalda, þar sem menn verða að bíða, þangað til fara fram fjárskipti, og aðstaðan er þannig að öðru leyti, að það eru ekki góðir möguleikar til mjólkurframleiðslu, þá sé skylt að veita uppeldisstyrkinn á þeim stöðum, en ekki eingöngu heimilt. Vænti ég þess, að hv. dm. geti fallizt á þessar brtt. og þurfi ekki miklar umr. um þær að verða.

Þá skal ég aðeins segja nokkur orð um brtt., sem ég flyt einn á þskj. 305. Hún er um það að breyta nafninu á þeirri n., sem ætlazt er til, að hafi með höndum stjórn þessara mála, en hún á samkvæmt frv. að heita sauðfjársjúkdómanefnd, og er það í sjálfu sér klúðurslegt nafn. N. gekk lengi undir nafninu mæðiveikinefnd, en því hefur verið breytt, eftir að fleiri sauðfjársjúkdómar en mæðiveikin komu inn í löggjöfina. Ég legg til, að nafninu verði breytt í sauðfjárvarnastjórn, og það er byggt á því, að sú stofnun, sem þessi n. stjórnar, hefur frá upphafi gengið undir nafninu sauðfjárvarnir, og það nafn er prentað í öllum skjölum, sem frá henni ganga, auk þess, eins og tekið er fram í fyrirsögninni, er frv. fyrst og fremst l. um varnir fyrir okkar sauðfé, varnir milli héraða og varnir þess, að okkar sauðfé verði þessum ægilega sjúkdómi að bráð. Ég kann betur við að kalla þessa n. stjórn — sauðfjárvarnastjórn — en hitt, að kenna hana beint við sjúkdóminn, mæðiveikinefnd, sauðfjársjúkdómanefnd. Náttúrlega er það smekksatriði, hvort menn fella þessa brtt. eða ekki, og skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

Varðandi brtt. 340 þá skal ég ekki neitt um hana segja, fyrr en hv. flm. hafa gert grein fyrir sinni skoðun, en hvorki hún né mín till. voru bornar upp í landbúnaðarnefnd.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég á hér ásamt samþm. mínum, hv. 1. þm. Skagf., eina litla brtt., sem er aðeins um það að breyta samheiti þessara þriggja fjárpesta, sem rætt er um í þessum l. Við

leggjum hér til, að í staðinn fyrir „sauðfjársjúkdómar" komi: fjársóttir. Það má kannske segja, að orðið sauðfjársjúkdómar sé fullalgengt orð til þess að tákna þessa þrjá sérstöku fjársjúkdóma, og er það þá það eina, að því er mér skilst, sem að því yrði fundið. En með því að breyta þessu á þann veg, sem við leggjum til, þá er hjá þessu sneitt. Þetta orð er mikið notað og ég hygg, að það geti fyllilega komið í staðinn fyrir hitt orðið sem samheiti þessara sjúkdóma.

Um brtt. hv. þm. A-Húnv., sem hann tók réttilega fram, að ekki hefði verið borin upp í n., þá vil ég geta þess, að ég mun greiða henni atkv., nafnið fer fullt eins vel og það, sem fyrir var.

Ég þarf svo ekki að ræða um þetta meir, því að n. er sammála um þau atriði, sem hann gerði að umtalsefni.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég vil aðeins í sambandi við brtt. hv. þm. A-Húnv. á þskj. 305, um að breyta nafninu sauðfjársjúkdóman. í sauðfjárvarnastjórn, spyrja hann og landbn., hvort þetta stangist ekki á við dýralæknalöggjöfina og hvort þetta á að vera tilraun til að afnema yfirdýralæknisembættið. Ég veit ekki betur en að ég hafi yfirumsjón með sauðfjársjúkdómum, og þess vegna vildi ég spyrja hv. landbn., hvort það er þá meiningin að afnema dýralæknalöggjöfina eða ekki.

Frsm. (Jón Pálmason): Út af þessari ræðu hv. þm. Ak. vil ég taka það fram, að það er síður en svo frá minni hálfu eða nokkurs manns, að þetta sé hugsað sem tilhneiging til þess að vera með neinar hnífsstungur í hann eða hans embætti. Mörg meginatriðin í þessu frv. eru þannig stíluð, að það á að leita til hans sem yfirmanns þessara mála, og það er síður en svo, að það sé verið nokkurn hlut að niðurlægja hann eða hans embætti, hvorki með þessu nafni eða öðrum, sem fram koma í þessu frv. Þetta er þess vegna óþarfaviðkvæmni hjá hv. þm. Ak. Hann getur getið því nærri, hvort við í landbn. viljum vera með nokkrar árásir eða átölur á dýralæknalöggjöf eða dýralæknastétt landsins, þar sem við fyrir fáum dögum fluttum frv. um að fjölga í þeirri stétt.

Hér er aðeins um að ræða yfirstjórn þeirra mála, sem þetta frv. fjallar um, og það er ekkert óeðlilegt, að hún heiti sauðfjárvarnastjórn, og það raskar ekkert virðingu eða metnaði hv. þm. Ak., enda væri það með öllu óviðeigandi. Varðandi till. hv. þm. Skagf. um breyt. á nafni á þessum sjúkdómum, þá er það breyt. á þeirra eigin till., sem var samþykkt við 2. umr. og lítið bætti úr vegna þess, að það átti bezt við, að nafnið á þessari n. væri kennt við sinn uppruna.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða þetta mál mikið. Það má t. d. nefna, að garnaveiki er engu síður nautgripasjúkdómur en sauðfjársjúkdómur. Nautgripir eru að vísu búfé, en með orðinu fé er alltaf í sveitamáli átt við sauðfé. Að öðru leyti skal ég láta þetta hlutlaust.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Það er engin sérstök viðkvæmni hjá mér, þótt ég hafi rætt og spurt hér um brtt. á þskj. 305. Það orð, sem samkvæmt því á að koma í staðinn fyrir „sauðfjársjúkdómanefnd" er ekki yfirlætislaust, þótt hv. flm. brtt. og uppfinningamaður orðsins „sauðfjárvarnastjórn" vilji bera af sér sakir í því efni, að hann sé ekki að meina það sem hnífstungu til mín. Þetta orð hans heitir sauðfjárvarnastjórn, það stendur hér. Og hvað er hér á ferð, hvað er átt við? Það eru varnir gegn sauðfjársjúkdómum, en svo er orðið „stjórn". Er ekki með þessu verið að fela nefnd, sem undanfarin ár hefur haft ákveðna sauðfjársjúkdóma með höndum, er ekki verið að fela henni meira hlutverk, alla stjórn þessara mála? Ég segi jú. Nú kemur þessi yfirlætislega till. frá hv. þm. A-Húnv. og segir, að þessir sjúkdómar og meira skuli heyra undir sauðfjárvarnastjórn, og þar með er verið að taka allt sauðfé undan yfirdýralæknisembættinu, það er raunverulega þetta, sem er á ferðinni. Ég gæti farið lagaveginn og heimtað öll yfirráð í þessum málum þegar í stað, ef ég vildi. En þetta hefur allt verið svo mikið „húmbúgg", að ég vil ekki koma nálægt því. Ég bendi á þetta í allri vinsemd. Ég vil vita, hvar ég stend í þessu. Það eru liðin fjögur ár á morgun, síðan ég tók við þessu embætti. Mér nægir ekki að vera yfirdýralæknir yfir kúm og hestum. Ég vil líka vera yfirdýralæknir yfir sauðfé. Það ætla ég að láta ykkur vita.

ATKVGR.
Brtt. 340 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 305 felld með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, *og sögðu*
já: JóhH, JPálm, JS, ÁÁ, IngJ.
nei: JörB, PÞ, PO, SigfS, SB, SEH, SK, SkG, BÁ, EystJ, GSv, GÞG, HÁ, HB, BG.
15 þm. (JJ, KTh, LJós, ÓTh, SG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, StSt, GTh, HelgJ, HermG) fjarstaddir.
Brtt. 343,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 343,2 samþ. með 18:1 atkv.
— 343,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 3. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 351).

Á 64. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 351, n. 406, 407).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., er komið til þessarar hv. d. frá hv. Nd. Þar var það lagt fram af mþn., sem starfað hafði í málinu og skipuð var af fyrrverandi hæstv. ríkisstj. Því er ætlað að breyta mörgum l., eins og fram kemur í frv.

sjálfu, þar sem numin eru úr gildi með 48. gr. frv. ýmis l., allt frá árinu 1931 og frá ýmsum árum síðar. En eins og frv. er í núverandi formi þess, er því sérstaklega ætlað að breyta tvennum l. frá 1941. Annars vegar l. um girðingar vegna sauðfjársjúkdóma og hins vegar l. um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma.

Um þetta frv. almennt, eins og það nú kemur til okkar hér, þá tel ég sjálfur — segi það ekki fyrir hönd n. —, að í því sé í raun og veru ákaflega lítið til umbóta frá eldri l. Það eina, sem ég tel, að sé til umbóta í þessu frv. frá eldri l., er 41. gr. þess. Eldri l. gerðu ráð fyrir, að bændur gætu á ákveðnum svæðum, þar sem þeir vildu, samþ. að láta fram fara fjárskipti, og þá var ríkisstj. og Alþ. skyldað til að koma þar á móti, eftir vissum reglum, sem l. settu, og láta fjárskiptin fara fram. Nú eftir þessu frv. er þetta haft heilsteyptara en áður var að því leyti, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að þar sem fengjust stofnuð fjárskiptafélög, er þeim skapaður nokkur rammi, sem ekki er til í eldri l. Auk þess er í 41. gr. frv. gert ráð fyrir því, að ef ekki koma fram fjárskiptafélög á þeim svæðum, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur nauðsynlegt að framkvæma fjárskipti á, vegna þess að það séu sýkt svæði af fjárpestum eða þannig grunuð svæði, þá geti sauðfjársjúkdómanefnd látið fjárskipti fara fram þar engu að síður með samþykki landbrh., og er þetta til bóta frá því, sem verið hefur, ef um almenn fjárskipti verður að ræða í framtíðinni. En undanfarið hafa þau verið framkvæmd með meira og minna fálmi. Þetta tel ég til verulegra bóta, eftir að hæstv. Alþ. er búið að taka þá stefnu að styðja yfirleitt að því, að fjárskipti verði framkvæmd.

Eftir þennan inngang skal ég snúa mér að brtt. n. sjálfrar. Þær eru 16 talsins, en margar þeirra meira orðabreyt. en efnisbreyt. og engar þeirra verulegar efnisbreyt. Og ég hygg, að fáar þeirra geti valdið ágreiningi.

Brtt. þessar eru á þskj. 407, og er 1. brtt. við 8. gr. Girðingar verða í tveimur flokkum eftir frv., aðalgirðingar og aukagirðingar. Nú leggur n. til í brtt. þessari, að breytt verði nokkuð efni 8. gr. frv., þannig að í 8. gr. er gert ráð fyrir því, að girðingar á aðalvarnarlínum skuli lagðar á kostnað ríkissjóðs, en viðhald þeirra og eftirlit beri hlutaðeigandi fjárskiptafélögum eða sýslufélögum að annast, en ríkissjóði að kosta — en þessu vill n. breyta og ákveða, að girðingar á aðalvarnarlínum skuli lagðar og þeim við haldið, hvort tveggja á kostnað ríkissjóðs, án þess að fjárskiptafélög eða sýslufélög séu þar neinn milliliður um viðhaldið. Þetta þykir n. eðlilegra, þar sem ríkissjóður á hvort sem er einnig að bera kostnaðinn af þessu viðhaldi eftir ákvæðum frv. Okkur í n. finnst algerlega óþarft að setja þarna inn þennan millilið. Meiri hl. n. álítur, að ef þessi milliliður væri þarna settur inn, þá mundi það verða til þess bæði að gera verkið dýrara og gæti jafnvel orðið líka til þess, að verkið yrði verr framkvæmt. Við viljum þess vegna láta sauðfjársjúkdómanefnd fyrir hönd ríkissjóðs sjá um greiðslu á þessu viðhaldi, annast það, en ekki láta koma millilið, sem annast það og sendir svo alla reikninga fyrir þetta viðhald til nefndarinnar eða ríkissjóðs.

2. brtt. landbn., við 9. gr., er sú, að viðhaldið á aukavarnarlínunum verði kostað af ríkissjóði, en ekki af fjárskiptafélögum, eins og þó er gert ráð fyrir í frv. Þó að það láti undarlega í eyrum, þá hefur reynslan verið sú, að þar, sem héruðin hafa átt að sjá um viðhaldið á girðingum, sem settar hafa verið upp til þess að fyrirbyggja, að fé sýkist í þessum héruðum frá fé hinum megin við girðingarnar, þá hefur viðhaldið á þessum aukalínum verið meira og minna vanrækt. Þess vegna er það, að eftir þessari reynslu, þá sjáum við okkur ekki annað fært í landbn. en að leggja til, að ríkissjóður sjái um viðhaldið á aukavarnarlínugirðingunum. Og í staðinn fyrir það, að nú er ætlazt til þess, að ríkissjóður kosti viðhaldið á aðallínunum, en viðkomandi svæði á aukalínunum, þá viljum við í landbn., að viðhaldið á öllum varðlínunum, hverri sem er í þessu efni, sjái ríkissjóður um. Þessi efnisbreyt. felst í 1. brtt. við 8. gr. og fyrri brtt. við 9. gr., og breyt. á 9. gr. samkv. fyrri brtt. við hana er því ekki nema orðabreyt., eftir að búið væri að samþykkja breyt. á 8. gr.

Þá er gert ráð fyrir því í brtt. við 9. gr. frv., að þeir varðmenn, sem kunna að verða settir til eftirlits með aukalínunum eða aðallínunum, séu ævinlega tilnefndir af þeim mönnum, sem eiga land að girðingunum og hafa ósýkt fé. Það er gert ráð fyrir, að þar sé áhuginn meiri fyrir því að sjá um, að þessi varzla sé góð. Þess vegna viljum við tryggja, að varðmenn við þessar línur verði alltaf kosnir af þeim, sem heilbrigða féð hafa, en ekki hinum, sem hafa sjúka féð. Þetta er líka í samræmi við það, sem fram hefur komið við reynsluna. Báðar þessar brtt., sem við höfum gert við frv., hafa verið bornar undir Sæmund Friðriksson, framkvæmdarstjóra sauðfjársjúkdómanefndar, og þær eru í samræmi við óskir hans. Og um brtt. yfirleitt er það að segja, að sumar þeirra eru fluttar fyrir hans atbeina og allar með hans samþykki.

Við 13. gr. frv. er ein brtt. um að skjóta þar inn einu orði til skýringar. Það stendur í 13. gr. frv., að bæta skuli fé, sem slátrað er af því, að kindur sæki þráfaldlega á að komast í gegnum varnarlínur, þannig, að eigandi fái fullt niðurlagsverð fyrir. Nú er raunverulegt niðurlagsverð á fé ekki til, nema því sé slátrað að haustinu. Þess vegna er í brtt. n. lagt til, að á eftir orðunum „fái fullt niðurlagsverð“ komi í þessari gr. milli sviga: haustverð. Þannig að ef þarf að drepa á að vorinu vegna ásóknar í gegnum varnarlínu, þá væri bótafé miðað við það verð, sem eigandinn gæti fengið fyrir hana að haustinu, ef henni væri slátrað þá.

Þá höfum við lagt til, að í sömu gr. bætist inn, að þar sem landbrh. er heimilað að gera vissar framkvæmdir eftir gr., þá geri hann það að fengnum till. sauðfjársjúkdómanefndar. Við gerum ráð fyrir, að sú n. hafi þann kunnugleika, sem till. hennar byggjast á, að rétt sé, að landbrh. fái hennar till. um þetta. Þetta er nánast til þess að gera l. skýrari, því að ég býst við, að það hafi alltaf verið ætlazt til þess, að þetta væri framkvæmt þannig.

Þá er næst 20. gr., sem við gerum till. til breyt. á. Það er nú svo komið, eins og maður reyndar strax gat búizt við, að einn af þessum sauðfjársjúkdómum, sem um er að ræða í þessum l., getur líka komið fram í nautgripum. Það er að vísu ekki enn upplýst um nema fimm tilfelli á landinu, þar sem sannað er, að sú tegund garnaveiki, sem

verið hefur hér á landi í sauðfé, hafi borizt í nautgripi og sýkt þá. En grunur er um, að fleiri nautgripir hafi sýkzt af þessari veiki hér á landi. Þessu gat maður búizt við, því að þó að um annan stofn af sýklum sé að ræða, sem orsaka garnaveiki í sauðfé, en þann, sem orsakar venjulega þann sjúkdóm í nautgripum, þá var vitað, að þessi stofn, sem sýkir sauðféð, gat líka lifað í nautgripum. En til þess þarf hann að berast í nautgripina mjög unga, helzt kálfa, eða þegar þeir eru sérstaklega veilir fyrir, t. d. hafa garnakvef eða sár í görnum. Undir slíkum kringumstæðum, þegar þannig er einhver veila hjá nautgripum, getur þessi tegund sýklanna líka smitað og sýkt kýr, þótt fullorðnar séu. Þess vegna má ekki gleyma nautgripunum, þegar þessi l. eru samin. En það hefur blessuð mþn. gert, hún gleymdi kúnum. — Breyt. á 20. gr. eru heldur ekki aðrar en þær, að við viljum bæta inn ákvæði um nautgripina. Við gerum ráð fyrir, að það meir en geti komið fyrir, að það þurfi að rannsaka, hvort veikin er útbreidd í nautgripum, alveg eins og í sauðfé. Og nú á næstunni mun Guðmundur Gíslason læknir fara á vegum sauðfjársjúkdómanefndar austur á land til þess að rannsaka útbreiðslu veikinnar í nautgripum. — Þessi brtt. frá n. er ekki önnur en sú, að ákvæði hennar, ef samþ. verður, skyldar eigendur nautgripa til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra, alveg eins og gildir um það, samkv. 20. gr. frv., ef sauðfjáreigendur verða varir við grunsamlega veiki í sauðfé sínu.

Brtt. við 22. gr., sem n. flytur undir tölul. 5, er ekki önnur en sú, að við gerum ráð fyrir, að eins og sauðfjáreigendur geta gert kröfu um, að sauðfé, sýkt eða grunað af garnaveiki, sé rannsakað, þá geti eins eigendur nautgripa krafizt þess, að ef gripir þeirra eru sýktir af garnaveiki eða grunur er um það, þá verði það rannsakað.

Brtt. við 23. gr. eru í áframhaldi af þessu. Þær miða allar að því að breyta gr. svo, að hún geti átt bæði við sauðfé og nautgripi. Þarf í raun og veru ekki frekar um hana að tala. Þó skal ég taka fram viðkomandi c-lið þessarar brtt., að við leggjum til, að 2. málsl. síðari málsgr. 23. gr. frv. verði orðaður alveg um, þannig að í stað hans komi tveir málsliðir, og sé sá síðari til að skilgreina það, að bætur fyrir nautgripi skuli greiða eftir gangverði í þeirri sveit. En landbn. áleit, að ekki gæti gilt það sama orðalag um bætur fyrir nautgripi í þessu efni eins og um bætur fyrir sauðfé, þ. e. miða við niðurlagsverð á haustdegi, því að það niðurlagsverð á nautgripum er í raun og veru ekki til.

7. tölul. brtt. n. er lítils háttar brtt. við 24. gr. frv., sem nánast er leiðrétting á prentvillu, þannig að í frv. er „að" á einum stað, sem á að vera: og.

Við 25. gr. frv. höfum við gert till. til breyt., þar sem nú er í frv. ákveðið, að þegar fjárskiptasvæði myndast innan einhvers girðingasvæðis, þá skuli þrír fulltrúar frá hverjum hreppi, sem hlut eiga að máli, mæta á fundi, sem þarna er talað um í 25. gr. frv., sem ætla að taka ákvörðun um fjárskipti. Nú er svo sums staðar, að sauðfjárveikivarnagirðingar kljúfa hreppa. Og þó gætu eftir frv. óbreyttu, ef samþ. væri, komið þrír fulltrúar á slíkan fund úr hreppi, sem aðeins að nokkru leyti væri innan girðingarinnar. Þegar svo stendur á, að aðeins einhver hluti úr hreppi er innan fjárskiptasvæðis, leggjum við til í brtt. okkar, að úr þeim hreppi mæti á slíkum fundi fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutanum.

Brtt. við 28. gr. frv. eru fjórar. Í fyrsta lagi um það, að hreppsnefnd á að búa til þá kjörskrá, sem þar um ræðir, en í frv. nú er enginn stafur um það, hvernig hún á að vera búin til. Þar eru bara ákvæði um það, hverjir eigi að vera á henni, en ekkert um það, hverjir eigi að búa hana til. — Enn fremur er því skotið inn í með brtt. okkar, að leiðréttingu megi fá á kjörskrá með kæru, ef hún komi til hreppsnefndar fyrir kjördag. Það voru engin ákvæði um þetta áður, hvort kjörskrána mætti leiðrétta eða hvernig ætti að fara að því. Okkur fannst rétt, að hreppsnefnd mætti leiðrétta kjörskrána allt að þeim degi, sem á að nota hana. Hér settum við ekki inn neitt um það, að viðkomandi gæti skotið máli sínu til neinnar yfirkjörstjórnar eða kjörnefndar eða neins annars, og kann ef til vill einhverjum að þykja varasamt að láta vanta ákvæði um slíkt. En við í landbn. teljum, að í flestum tilfellum mundi ekki til slíks ágreinings koma, sem þessir aðilar gætu ekki jafnað sín á milli. En ef einhverjum þætti þurfa að ákveða nánar um þetta, mætti vitanlega taka það til greina. — Þá er það til tekið í frv., að atkvgr. skuli vera leynileg og framkvæmd á sama hátt og á sér stað við óhlutbundnar kosningar til hreppsnefndar. En þetta er vitanlega ekki hægt að framkvæma þannig. Við kosningar til hreppsnefndar við óhlutbundnar kosningar liggur kjörskrá frammi hjá kjörstjórn, og kosning fer þannig fram, að skrifuð eru númer þeirra, sem á að kjósa. En þegar menn eiga að segja aðeins já eða nei við einhverri spurningu, eins og hér mundi eiga sér stað viðkomandi fjárskiptum, þá er ekki hægt að láta atkvgr. fara fram eins og þegar kosið er til hreppsnefndar, því að við atkvgr. um fjárskipti er skrifað aðeins já eða nei á seðlana. — Það var talað við Sæmund Friðriksson, framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, um það, hvort ekki þætti nauðsynlegt að útbýta seðlum og láta það vera sams konar seðla, sem útbýtt væri yfir allt svæðið, þar sem greiða ætti atkv. um fjárskipti. Þetta taldi hann n. hafa gert, þar sem atkv. hafa verið greidd um fjárskipti, og hann taldi, að hún mundi gera það, þótt ekkert stæði um það í l. Eftir þessar undirtektir hans sá n. ekki ástæðu til að setja inn í l., að sauðfjársjúkdóman. skyldi útbýta seðlum, þó er það til athugunar.

Síðasta brtt. við þessa gr. er um það, að með þeim kjörgögnum, sem send eru frá atkvgr. til sauðfjársjúkdóman., eigi kjörskrá að fylgja. Eftir reynslunni, t. d. við kosninguna um stéttarfélagsskap bænda á s. l. ári, virðist þörf á því að setja þetta inn í l., því að það var aðeins frá fáum hreppum, sem kjörskrá fylgdi, og þess vegna var ómögulegt að átta sig á, hve mörg prósent hefðu kosið. Til þess að sauðfjársjúkdóman., áður en hún tekur afstöðu til fjárskipta, geti áttað sig á, hvað hér er mikill vilji á bak við, töldum við nauðsynlegt, að kjörskrá lægi fyrir, til þess að ekki yrði deilt um það, hve margir hefðu tekið þátt í atkvgr. hlutfallslega.

Þá er brtt. við 31. gr. Greinin gerir nú ráð fyrir því, að sauðfjársjúkdóman. láti rannsaka heilbrigði fjár í þeim héruðum, sem lömb eru keypt

frá. Nú teljum við, að það sé ekki víst, hvort ástæða sé til að rannsaka heilbrigði fjárins, t. d. á Vestfjörðum, þar sem lömb eru mest tekin og þar sem engin hætta hefur verið á, að nein veiki sé. Okkur þótti þetta þess vegna fullsterkt ákvæði, að það skuli rannsaka, og bættum því inn í gr., að þetta skuli rannsaka, „ef ástæða þykir til.“

Þá er næst brtt. við 33. gr. Sú brtt. er sett inn eftir reynslu frá s. l. hausti. Það voru áður þau ákvæði í l., að verðlagsnefnd búnaðarráðs skyldi ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga. Svo varð framkvæmdin sú, að þegar átti að verðleggja fyrir eitt ár, þá var fengið upp, hvað fjárverðið hafði orðið haustið, sem lömbin voru keypt, og voru þá borgaðar uppbætur á það verð, sem borgað var út haustið áður. Hafa verið borgaðir út ⅔ hlutar verðsins strax, en ⅓ seinna. Það sýndi sig í haust, þegar fara átti að kaupa lömb á Vestfjörðum, að þetta fyrirkomulag var mönnum mjög á móti skapi. Þeir vildu fá lambsverðið ákveðið strax og allt borgað og ekkert eiga á hættu um það, hvað kynni að verða endanlegt verð. Þess vegna var vikið frá l. í haust og samið við bændur um ákveðið verð, ella hefðu lömbin tæplega fengizt. Út af þessu er nú sett inn í 33. gr. heimild um það, að það megi ákveða fast verð með hliðsjón af fyrra árs afurðaverði og útliti fyrir afurðaverð á því hausti, sem lömbin eru keypt. Með því þarf ekki að brjóta l., þótt keypt séu lömb með sama fyrirkomulagi og í haust.

Þá er brtt. við 35. gr., það er breyt. á einu orði, að í stað „almenn fjárböðun“ komi: útrýmingarböðun. Nú er svo ákveðið, að ef það kemur upp fjárkláði í lömbum, sem keypt eru, þá sé sauðfjársjúkdóman. heimilt að láta fara fram almenna fjárböðun. Almenna fjárböðun er skylt að framkvæma á hverju ári, og það er áreiðanlega ekki slík böðun, sem ætlazt er til, að fari fram, heldur útrýmingarböðun á fjárkláða, og okkar brtt. innifelur það, að í stað almennrar fjárböðunar komi: útrýmingarböðun, svo að þetta orki ekki tvímælis. Annars hefur það komið til tals í n. að láta fara fram útrýmingarböðun á svæðum, þar sem lömb eru keypt frá, svo að tryggt sé, að kláði útrýmist þar og komi ekki inn á ný svæði með lömbunum. Hvort horfið verður að því ráði, skal ég ekki segja, en hér er farið inn á sömu leið og mþn. ætlaði að fara, að heimila n. að útrýma fjárkláða, ef hann berst inn á svæði með lömbunum.

Næsta brtt. er við 36. gr., og í áframhaldi af henni er brtt. við 37. gr. Eftir frv., eins og það kom frá Nd., á hver maður, sem á ær og slátrað er hjá, að geta fengið lömb, sem nemur 70% af fjártölu, en á fyrsta ári ekki nema lamb fyrir aðra hvora á, eða 50% af ærtölu, en það er af því, að það er ekki búizt við, að fleiri gimbrarlömb fáist á svæðum, þar sem veikin er ekki komin, en sem nemur þessari tölu. Það er gert ráð fyrir því í l., að þegar miðað er við ærtölu manna, sem fé er slátrað hjá, þá sé miðað við það, sem hún var þrem árum áður en fjárskipti fóru fram. Brtt. okkar við þessa gr. er í því fólgin, að við látum það vera við næstsíðustu áramót á undan. Í staðinn fyrir, að nú er miðað við 3 ár, þá mun líða eitthvað á annað ár eftir okkar till. Þetta gerum við fyrst og fremst af þeim ástæðum, að með því að miða við fjártölu þremur árum á undan, þá geta verið orðin alla vega skipti á fjáreigendum, einn hættur að búa og fluttur burtu, annar nýbyrjaður o. s. frv., en til þess að hafa þetta sem næst því, þá miðum við við næstsíðustu áramót á undan. Að við miðum ekki við næsta framtal á undan, er af því, að við viljum gefa bændum kost á því árið áður en fjárskipti fara fram að fækka fénu. Það getur verið þeim haganlegt, að fækkuninni sé að nokkru leyti dreift á 2 ár, en komi ekki allt á einu ári. Þetta mundi eftir l. vera miðað við 1. jan. 1944, en þá væri aftur hætta á því, að menn byrjuðu að fækka fénu fyrri árin og svo kæmi einhver afturkippur, kannske að menn breyttu um skoðun, Alþ. sæi ekki ástæðu til að leggja fé fram til fjárskipta o. s. frv., og þá er sá bóndi, sem treystir þessu, illa farinn, því að þá á hann engan bústofn til að lifa af og yrði alveg í vandræðum með sína afkomu, ef svo færi. Hjá þessu kemst maður með því að miða við næstsíðustu áramót á undan. Hins vegar var svo fyrir mælt í l., að ríkið skyldi greiða verð lambanna og greiða það strax það ár, sem lömbin voru keypt. En það skiptir ekki miklu máli, hvort það er svo eða eins og við leggjum til, að greiða þau árið eftir. En þó er á það að líta, að árið, sem einhver bóndi fargar öllum sínum fjárstofni, þá hefur hann milli handa fé til að greiða lömbin, en árið eftir ekkert nema nokkur gimbrarlömb undan lömbunum, sem hann keypti árið áður, og þarf hann þá að fá bætur, enda svo til ætlazt, en ekki sama árið og fjárskipti verða. Við teljum þetta heppilegra, þar að auki kemur það til greina, að með því að bæta sama haustið þá er ekki hægt að gefa Alþ. neinar upplýsingar um það, hvað mikið fé mundi þurfa til fjárskiptanna, en með því að bæta árið eftir þá er hægt að segja nákvæmlega, hvað mikið þarf til fjárskipta á hverju ári. Þetta hefur þýðingu, a. m. k. í augum þeirra manna, sem vilja hafa fjárl. í sem mestu samræmi við það, sem verður. Allar þessar brtt., við 36., 37. og 38. gr., hanga hver aftan í annarri og eru hver í samræmi við aðra.

Hið sama má segja um brtt. við 39. gr. Þær eru tvær og hvorug veigamikil. Önnur er í því fólgin að slá því föstu í l., að þau vanhöld, sem á að bæta, séu fyrst og fremst vanhöld af þessum þrem sauðfjársjúkdómum, sem hér um ræðir, en ekki vegna allra vanhalda, eins og mætti túlka eftir orðalagi 39. gr., heldur aðeins vegna vanhalda af fjárskiptum. Hin brtt. er afleiðing af brtt. við 37. og 38. gr., að í staðinn fyrir 3 ár komi 2 ár, því að það kemur ekki til mála, að fjárskipti verði búin í landinu eftir 3 ár, eins og gefið er í skyn með 39. gr. með því að láta þetta ná 3 ár fram í tímann. Við setjum 2 ár í staðinn, því að þá er uppeldisstyrkurinn greiddur áframhaldandi, meðan þess þarf, til þeirra, sem þurfa, þar til tveim árum áður en fjárskipti verða hjá þeim.

Þá hefur n. til athugunar, hvort ekki sé ástæða til að taka aftur upp í þetta frv. þann kafla, sem úr því var felldur í Nd., en það er kaflinn um innflutning sauðfjár og ýmislegt í sambandi við það. Sú skoðun varð ofan á í Nd., að þessi kafli ætti heima í sérstökum l., og það er í undirbúningi að koma í staðinn með slík l. Við höfum enga afstöðu tekið til þessa og þess vegna ekki heldur til þess, hvort ástæða sé nú til þess að fella burtu 7. kafla þessara l., en hann er í raun inni eftirstöðvar af þeim kafla frv., sem búið er að

fella niður í Nd. Hið sama er að segja um þau l., sem úr gildi eru numin með þessum l., en það eru öll þau l., sem til eru um innflutning sauðfjár og nautgripa. Í þessu var fullkomið samræmi, eins og l. voru, þegar þau voru lögð fyrir Alþ., því að þá var ætlazt til, að ný ákvæði kæmu inn í staðinn fyrir þessi lög, sem felld eru úr gildi. En eftir að búið er að nema þau úr gildi, þá er ekki ástæða til að nema hér úr gildi l., sem ekki snerta efni þessa frv. En n. á eftir að taka afstöðu til þess, hvort eigi að taka upp einhver ákvæði um þetta efni í þetta frv., eins og var í því upprunalega, eða nema 7. kaflann úr gildi, en n. mun taka ákvörðun um þetta milli 2. og 3. umr. og mun þá flytja viðbótarbrtt. í þá átt, ef ástæða þykir til. — Ég hef svo ekki meira um frv. að segja. Ég vil vænta þess, að hv. deild geti verið með brtt. nefndarinnar.

Tveir nm. skrifa undir nál. með fyrirvara almenns eðlis, sem þeir gera sjálfsagt grein fyrir.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég gat ekki verið á fundi landbn., þegar þetta mál var endanlega afgr. frá n. Ég hef þó samþ. flestar af þeim brtt., sem hér liggja fyrir, en þó ekki allar og skrifa því undir nál. með fyrirvara.

Það er þá í fyrsta lagi varðandi 1. brtt. á þskj. 407 við 8. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að viðhald aukavarnarlína verði á ríkisins kostnað. Ég leit svo á, að ekki væri ástæða til að láta ríkissjóð kosta þetta fremur en verið hefur, og tel, að það ætti að vera hægt að hafa svo fullkomið eftirlit með þessu frá hinu opinbera, að það ætti ekki að saka, þó að fjárskiptafélag annist þetta viðhald á aukavarnarlínum. Hins vegar mundi þetta spara ríkissjóði fé, og virðast honum bundnar það miklar byrðar með þessu frv., að ástæða væri til að reyna að losa hann við þetta. Annað atriði, sem ég er ekki alveg samþykkur, er 10. brtt. við 31. gr., þar sem gert er ráð fyrir því að bæta inn í gr. orðunum „ef ástæða þykir til". M. ö. o., það á að draga úr því, að skylt sé að rannsaka heilbrigði fjár í héruðum, þar sem líflömb eru tekin úr. Sama er að segja um 13. brtt. við 36. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að sauðfjársjúkdóman. skuli heimilt í samráði við stjórn fjárskiptafélags að ráða hæfan mann til að rannsaka sauðfé o. s. frv. Hér er gert ráð fyrir heimild í staðinn fyrir skyldu. Þá er 14. brtt. við 37. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að framlag ríkissjóðs vegna fjárskipta miðist við fjártölu eigenda við næstsíðustu áramót á undan, en ekki eins og er í frv. þrem árum á undan. Þetta veit ég, að er nokkuð mikið atriði út frá því sjónarmiði, að miðað sé við skattaframtal þrem árum á undan, því að þá eru þeir, sem eiga von á fjárskiptum, byrjaðir að fækka fé sínu, og virðist vera eðlilegt að gefa þeim tækifæri til þess, en þetta mun verða til þess, að menn viðhaldi sjúkum fjárstofni, þar til fjárskipti eiga að fara fram. Virðist nokkuð hæpið að hvetja menn til þess að gera það með því að fella burtu þetta ákvæði um það, að bætur séu miðaðar við skattaframtöl þrem árum fyrr.

Eiríkur Einarsson: Ég hef að vísu skrifað undir nál. með fyrirvara, en þessi fyrirvari minn er ekki byggður á neinum verulegum ágreiningi við meðnm. mína um meðferð málsins. Það var öllu fremur hitt, sem fyrir mér vakti, að það er vitað, að þetta mál var mikið rætt í Nd. og nm. þar lögðu nokkuð að sér til þess að komast að samkomulagi. Auðvitað eru þetta ekki rök fyrir því, að ekki megi breyta einhverju í síðari d., ef eitthvað mætti betur fara, og á þá auðvitað að ræða það, en ekki fara eftir því, hvað hafi orðið að samkomulagi í hinni d. Margt af því, sem hér kemur til greina á þskj. 407, kann að vera álitamál, en ég hygg þó, að margar af þeim brtt. séu til bóta. Það var eitt atriði, sem helzt kæmi til álita, þ. e. 15. brtt., hvenær framlag ríkisins skuli greitt. Það eru til þm., sem hafa lagt nokkurt kapp á það, að þetta verði greitt haustið eftir, að nýr fjárstofn er keyptur, en ekki haustið fyrir, og geta báðar málsástæður haft nokkuð til síns máls, en ég skal ekki rökræða það. En hitt er það, að menn, sem komast í þann krappa dans, sem þessar pestir valda, þeir þurfa mikillar aðstoðar við, enda er hér lagt til að verða þeim frekar til hagkvæmni heldur en það gagnstæða.

Ég vil svo láta máli mínu lokið, og ég hef viljað láta skína í gegn, að fyrirvari minn var eingöngu gerður í því skyni, að ég hefði óbundnar hendur um að flytja brtt., ef mér svo sýndist, og þá ekki sízt varðandi 15. gr., er ég lít á með sérstökum hætti.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki ræða mikið þennan mikla og vandasama lagabálk, sem á að gera tilraun til að bæta úr einu mesta vandamáli bændanna. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi víkja að. Í fyrsta lagi þykir mér það skorta hjá hv. n., sem annars hefur lagt fram mikla vinnu í þessu máli, að hún hefur ekki gert samanburð á þeim kostnaði, sem hlytist af samþykkt þessa frv., og kostnaðinum eins og hann er nú með ríkjandi fyrirkomulagi. Það væri miklu betra fyrir Alþ., ef hv. landbn. gæti látið í té slíkan samanburð, svo að það sæist, hve mikið fé þyrfti til hinna fyrirhuguðu framkvæmda í þessum efnum. Mér skilst, að frá upphafi til ársins 1945 hafi árlega verið varið allt að einni milljón króna til þessara mála, og sjálfsagt hefur sú upphæð verið enn þá hærri s. l. ár í samræmi við hækkun á öllu verðlagi, og mig minnir, að á fjárlögum nú séu ætlaðar þrjár milljónir króna til sauðfjárveikivarnanna, en nokkuð af því fé munu vera uppeldisstyrkir. Ég vænti upplýsinga í þessu efni frá hv. n. fyrir 3. umr.

Hitt atriðið er viðvíkjandi 7. kafla frumvarpsins. Ég fæ ekki skilið, að nauðsynlegt sé, að hann verði samþykktur. Hér á að koma upp sóttvarnar- og einangrunarstöð fyrir innflutt dýr, sem mjög er deilt um, hvort yfirleitt eigi að flytja til landsins, og menn hafa hlotið dýrkeypta reynslu af að hafa nokkurn tíma flutt inn. Og í þessu sambandi eru nefndar hinar dýrmætustu eyjar, sem finnast, fyrir sóttvarnarstöð, þótt vitað sé, að ríkið á nægilegt land fyrir undir þessar ráðstafanir. Það þarf ekki lítið fé til að taka Viðey eignarnámi, varla minna en eina milljón króna, ef þar á að reisa tilraunastöð, eða þá Engey, því að vitanlega yrði að rækta þar land fyrir skepnurnar. Nú er sagt í grg. frv., að tilraunastofnun þessi eða vísindastofnun þurfi ekki að verða dýr. Ég veit ekki, hvaða mælikvarði er þar á lagður, en ég hygg, að þessi stöð kosti drjúgan skilding, og það er vafasamt, að allir fylgi þessu frv., sem mundu fylgja því, ef 7. kafli væri numinn brott. Ef landbn. hefur ekki

tekið afstöðu til þessa, vil ég mælast til, að formaður hennar fái þessari umr. frestað, svo að d. gefist kostur á að heyra afstöðu n., þegar hún hefur verið tekin nú við þessa umr., en ekki við 3. umr., því að þá kynni ég að bera fram brtt., ef n. fellir ekki niður þennan kafla frv. Í sambandi við sóttvarnarstöð í fyrrgreindum eyjum, sem gert er ráð fyrir að taka með eignar- eða leigunámi, ef með þarf, vil ég benda á, að það er í meira lagi vafasamt að láta slíkar heimildir í l. vofa yfir eignum manna svo og svo lengi, og minnist ég Grafarholts í því sambandi, þar sem eigendum er með því móti meinað að ráðstafa eignum sínum, eða þeir eru í sífelldri óvissu um þær. Ég vil því eindregið mælast til þess, að n. taki málið að nýju til athugunar, þessari umr. verði frestað, en n. geri út um það innbyrðis hjá sér, hvort hún getur fellt þennan kafla, 7. kaflann, úr frv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég gat þess í framsöguræðu minni, að n. hefði ekki tekið endanlega afstöðu til 7. kaflans, en ég get sagt hv. þm. Barð. það, að ég tel, að þennan kafla eigi að fella niður úr frv. og breyta 48. gr. eftir því.

En það er til stórskammar fyrir ríkið að hafa hvergi til einangrunarstöð fyrir innflutta gripi eða sjúka gripi og engin fyrirmæli um slíkt. Ég lít á það sem skilyrðislaust og sjálfsagt mál, að til sé í landinu einangrunarstöð fyrir innflutt dýr, en inn í landið koma mörg dýr árlega, t. d. hundar, sem flytjast inn eftir ýmsum leiðum, meira að segja með erlendum sendiráðsmönnum. En hér er hvergi staður, þar sem unnt sé að einangra dýrin. Sá staður á að vera í sambandi við Keldur, og þar á að vera spítali fyrir sjúk dýr. Þessi 7. kafli og ákvæði hans eiga því ekki heima í þessum l. Hvað ofan á verður í n. í þessu efni, veit ég ekki, en ég lofa því, að niðurstöður n. skulu liggja hér frammi nægilega lengi, áður en þetta mál kemur til 3. umr., svo að hv. þm. Barð. hafi góðan tíma til að setja sig inn í þær og undirbúa brtt., ef honum lízt að bera þær fram. Og að þessu lofuðu vænti ég, að mál þetta geti fengið afgreiðslu í dag við 2. umr. Hv. þm. Barð. má treysta því, að hann skal fá að sjá till. í tíma og eins fá að vita með góðum fyrirvara, ef n. kemur sér ekki saman um neitt í þessu efni, svo að hann geti þá komið með sínar brtt. Með þessu móti vænti ég að hann krefjist þess ekki, að málinu verði nú frestað.

Ég hef ekki mikið að segja við aths. hv. 8. landsk. Hann gat þess, að landbn. legði til, að viðhald aukavarnalína kæmi á ríkið, en það er samkvæmt upplýsingum og tilmælum frá Sæmundi Friðrikssyni, að gerð er till. um breyt. í þessa átt, þar sem hann telur svo mikið sleifarlag á viðhaldi þessara lína, að öruggara eftirlit þurfi í því efni. Ég legg enga áherzlu á, að b-liður brtt. við 13. gr. verði samþykktur, eins og n. leggur til. Það má að mínu áliti alveg eins vera óbreytt. En það er rétt, að við erum sammála um í n., að heimild komi til, áður en maður er t. d. sendur um Vestfirði til að athuga þar um garnaveiki í búpeningi, því að með því er nánast verið að kasta peningum á glæ, því að ekki er neinn minnsti grunur um sýkt fé þar. Þar er ekki vitað um eina sýkta kind. Ég sæi því enga ástæðu til slíkrar athugunar. Annars er það ekki aðalatriðið í mínum augum, ef menn vilja leggja í þennan kostnað. Þá finnst hv. 8. landsk. óþarfi að breyta í heimild ákvæðum 36. greinar um rannsókn sauðfjár og leit á heimilum, eins og gert er í 13. brtt. landbn. á þskj. 407. Í því sambandi vil ég fyrst benda á það, að ég efast um, að gr. samrýmist stjórnarskránni, eins og hún er nú í frv., því að stjórnarskráin mælir svo fyrir, að húsrannsókn megi ekki gera á heimilum manna nema að undangengnum sérstökum úrskurði. Ég tel líka litlar líkur til þess, að menn leyni þannig fé. Raunar hef ég heyrt eina sögu um það frá niðurskurðartíma fjárkláðans, að maður, sem átt hafði að lóga öllum sínum lömbum að hausti, hafi næsta vor látið gemling upp í landskuld, og þegar farið var að athuga þetta, hafði hann geymt lambið í hlöðugeil um veturinn. En þótt dæmi kunni að hafa verið til slíks atferlis í þá daga, eru engin líkindi til, að slíkt ætti sér stað nú, skilningur manna á þessum málum er orðinn svo miklu meiri. Því þótti okkur alveg nægilegt að hafa í slíkum l. heimild til rannsóknar, sem nota mætti, ef kvittur kæmi upp um það, að einhver leyndi sýktu eða grunuðu fé, án þess að farið væri að rannsaka þetta almennt um allar sýslur. Þetta var nú um það, sem hv. 8. landsk. hafði við þessa brtt. að athuga.

En svo var það viðvíkjandi brtt. n. við 37. gr. Hv. þm. vildi láta þá gr. haldast óbreytta eða láta bætur, þ. e. framlag ríkisins til fjárskipta, miðast hverju sinni við fjártölu eigenda samkvæmt skattaframtali þremur árum áður, en ekki við fjártölu við næstsíðustu áramót á undan. En þessu ákvæði breytti n. einmitt samkvæmt ósk Sæmundar Friðrikssonar og sauðfjársjúkdómanefndar, og þetta er aðallega byggt á þrennu:

Í fyrsta lagi er það, að því skemmra sem farið er aftur í tímann með bæturnar, því hægara er að vita á hverjum tíma, hvernig málum er háttað og hve mikið ríkinu ber að greiða í bætur.

Í öðru lagi er öll fækkun sauðfjárins til óhagræðis. Hvar sem maður fer um landið, kemur það í ljós, að þeir bændur eru betur settir, sem setja á gimbrar sínar; en hinir eru fjárlausari, sem ekki setja á sínar gimbrar. Þessi munur kemur skýrt fram í Húnavatnssýslu og Þingeyjarsýslu. Í Húnavatnssýslu hafa gimbrarnar verið settar á, en í Þingeyjarsýslu hafa menn drepið lömbin af ótta við, að þau mundu drepast. Því dugir engan veginn að hvetja menn til að fækka fé sínu, það mun koma þeim í koll. Ég legg því áherzlu á, að þessi brtt. verði samþ., og tel það vera öllum fyrir beztu, bæði einstaklingum og ríkinu. Það er nóg að hafa eitt ár upp á að hlaupa.

Viðvíkjandi kostnaðinum af framkvæmd þessa frv., ef að lögum yrði, sem hv. þm. Barð. var að minnast á, þá er það rétt, að þó mþn. hafi unnið vel að undirbúningi þessa máls, þá hefur hún ekki lagt sig sérstaklega fram um að gera grein fyrir kostnaðinum eða gefa hann upp. En ég skal nú athuga, hvaða upplýsingar við nm. getum fengið um þá hlið málsins milli 2. og 3. umr., og ég skal gefa hv. þm. þær upplýsingar fyrir 3. umr., það er sjálfsagt. Og ég beini því nú til hv. þm., að hann taki aftur ósk sína um frestun málsins. En ég hef lofað því, að hv. þm. Barð. skuli fá nægan tíma til að fylgjast með frv. og þeim breyt., sem á því kunna að verða. En geti hann samt ekki af einhverjum ástæðum tekið aftur ósk sína um frestun

málsins nú, verð ég að beina því til hæstv. forseta, að hann fresti ekki málinu á þessu stigi þess.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hér eru nú margar og miklar brtt. á þskj. 407 frá hv. landbn., en ein þeirra er, að því er mér virðist, afdrifarík fyrir ríkissjóð, eða gæti orðið það, en það er fyrsta brtt., sem er við 8. gr. Breytingin, sem þar er farið fram á, og þar fer n. inn á nýjar brautir, er sú, að mér skilst, frá því, sem mþn. lagði til, að kostnaðurinn af byggingu varnarlínanna sé ekki aðeins borinn uppi af ríkissjóði, heldur nú einnig viðhald línanna. En í hinu upphaflega frv. er þetta viðhald eða kostnaðurinn við það ætlað hlutaðeigandi fjárskiptafélögum eða sýslufélögum. En hér er gengið allmjög í þá átt að þyngja byrðar ríkissjóðs, þótt kostnaðurinn við þessar varnarlínur hafi, eins og fjárlög undanfarinna ára bera með sér, verið mjög mikill. Þess vegna tel ég þessa brtt. mjög varhugaverða. Og frsm. n. rökstuddi þessa brtt. aðeins með því einu, að samkvæmt ákvæðum þessarar gr., eins og hún er nú í frv., yrði of mikið sleifarlag á viðhaldinu, og þann vanda vill hann leysa með því, að ríkið beri allan kostnaðinn af því. Er nú ekki til önnur leið en þessi? Þeir opinberu aðilar, sem umsjón hafa með girðingunum, hljóta að hafa þann myndugleika að geta haldið hlutaðeigendum, sem viðhaldið eiga að annast, að því að gera skyldu sína. Þetta vildi ég biðja hv. dm. mjög að athuga. Hér er ofan á þær miklu fúlgur, sem ríkið greiðir til sauðfjárveikivarnanna, bætt upphæð, sem vitaskuld er enn þá ekki þekkt, og engar tölur liggja fyrir um það, hve há hún verður, en sem vissulega hlýtur að verða mjög há, er allt viðhaldið er komið á einn aðila. Ég álít fulla ástæðu til að vara hv. dm. við að samþykkja slíkan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Vitað er, að ástandið í fjármálunum er þannig, að hv. fjvn. hefur orðið að stinga við fótum um afgreiðslu fjárlaganna vegna þess, hve erfitt er að fá endana til að mætast í þeim efnum. Ef þessi brtt. yrði samþ., yrði að taka inn nýjan kostnaðarlið á næstu fjárlög.

Ég heyri, að það er hér deila á milli hv. frsm. landbn. og hv. þm. Barð., sem er form. fjvn., um 7. kafla þessa frv., og mér skilst, að sá síðar nefndi hafi óskað eftir, að þessu máli væri nú frestað vegna þessa kafla m. a. Ég veit, að það er á valdi hv. forseta, hvort hann verður við þessum tilmælum hv. þm. Barð., en ég kysi heldur fyrir mitt leyti, að þessari umr. væri nú frestað, bæði vegna 7. kaflans og líka vegna þeirrar brtt., sem ég hef rætt hér um og hefur í för með sér svo mikil útgjöld fyrir ríkið. En það er þess vert á þessum tímum, að þm. hraði ekki um of afgreiðslu þeirra mála, sem hafa í för með sér hækkun á gjaldahlið þeirra fjárlaga, sem afgreiða á á þessu þingi.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég get vel skilið varasemi hv. fjmrh., hún er mjög eðlileg, en hér er að miklu leyti á misskilningi byggt viðvíkjandi aðalvarnarlínunum, sem eru um ⅘ hlutar af lengd allra girðinganna. Ríkissjóði ber að kosta viðhald þeirra samkvæmt 8. gr., eins og hún er nú, það ber vel að athuga, en aðrir aðilar eiga að annast viðhaldið og gefa ríkinu reikning fyrir því. En þar er óþarfa milliliður, sem annast framkvæmd viðhaldsins, og ég held því fram, að með því móti verði það kostnaðarsamara. Því einu skal breytt samkvæmt brtt. við 8. gr., varðandi aðalvarnarlínurnar, þeim skal viðhaldið á kostnað ríkissjóðs, eins og segir í brtt., en það þýðir ekki aðra breyt. en þá, að framkvæmdastjóri ríkisins, eða í þessu tilfelli sauðfjársjúkdómanefnd, annist beint viðhaldið í stað þess að láta aðra gera það og gefa ríkinu reikning fyrir kostnaðinum. Þetta ákvæði verður því fremur til aukins sparnaðar en kostnaðarauka fyrir ríkið.

Það er aftur á móti nýtt í brtt. við 8. gr., að ríkið skuli annast viðhald aukavarnalínanna. En þær eru ekki nema um ⅕ hluti allra girðinganna, og brtt. okkar er í því fólgin, að þetta viðhald tökum við af héruðunum og leggjum það á ríkissjóð. Það er tæplega einn fimmti hluti viðhaldsins, þannig að upphæðin, sem þarna færist yfir á ríkissjóðinn, er ekki stór. En ég skal á milli umr. afla mér upplýsinga um það, hvað hún er stór, og leggja þær upplýsingar fram við 3. umr. málsins. Ég get gjarnan tekið þessa brtt. aftur, ef hæstv. ráðh. vill, og athugað það nákvæmlega á milli umr., hversu þessi upphæð er stór, sem mundi eftir þessari brtt. færast af herðum sýslufélaganna og fjárskiptafélaganna og yfir á ríkissjóðinn. Ég get hugsað mér, að sú upphæð sé eitthvað um 50 til 60 þús. kr. Meiri verður hún ekki í sambandi við aukavarnarlínurnar. Hitt væri annað mál, ef brtt. væru um það að færa þannig til yfir á ríkissjóð viðhaldskostnað vegna aðalvarnarlínanna líka. En það eru ákvæði um það í frv., að ríkissjóður eigi að halda við aðalvarnalínunum, en um það eru ekki ákvæði í brtt. okkar. — Ef hæstv. fjmrh. óskar þess, skal ég fyrir hönd n. fúslega taka aftur þessar brtt. um viðhaldskostnaðinn til 3. umr. og skal fá upplýsingar á tímanum þangað til um það, hve stór upphæð það er, sem hér mundi færast yfir á ríkissjóðinn eftir brtt. okkar, og láta þær upplýsingar liggja fyrir við 3. umr. málsins hér í hv. þd. Og með því móti vænti ég, að hæstv. ráðh. leyfi málinu nú að halda áfram, þannig að þessari umr. verði lokið nú á þessum fundi.

Forseti (ÞÞ): Með því að hv. þm. Barð. hefur óskað eftir frestun á þessari umr. og sérstaklega af því að hæstv. fjmrh. hefur eindregið óskað þess, að þessari umr. sé frestað nú um málið, sé ég mér ekki fært að halda áfram þessum umr. Verður því umr. um málið frestað og það tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Ed., 21. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 351, n. 406, 407, frhnál. 427).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég mun ekki gera nema stutta aths. að þessu sinni. Ég mun hafa í umr. um daginn verið búinn að tala það, sem mér bar.

Í umr. um daginn kom fram hjá hæstv. fjmrh., að hann óskaði ákveðinna upplýsinga í málinu, upplýsinga um það, hver væri kostnaður við þessar varnarlínur, og eins, hvort frv. hefði aukinn kostnað í för með sér. Í tilefni af þessu fékk ég Sæmund Friðriksson til að athuga þetta. Ég upplýsti að vísu sjálfur eftir ágizkun, að þetta mundi vera um 50 þús. kr. í sambandi við aukavarnarlínurnar. Nú hefur þetta reynzt alveg rétt hjá mér (**GJ:** Merkilegt nok.) og hér liggur fyrir umsögn Sæmundar.

Hv. þm. Barð. spurði; hvað kostnaðurinn mundi verða við varnir og útrýmingu, eftir að frv. væri orðið að l., miðað við það, sem kostnaðurinn væri í núgildandi l. Þessu svaraði ég líka, að það mundi ekki muna miklu. Sæmundur hefur einnig svarað þessu, en því miður bað ég hann ekki um það, fyrr en hann var búinn að skrifa bréfið. Þetta svar liggur því ekki beinlínis fyrir hjá honum, en hann svaraði, eins og ég hafði svarað áður eða taldi mig vita, að munurinn mundi verða lítill, og það, sem munurinn væri, þá væri hann til lækkunar, því að eftir núverandi l. er ætlazt til, að ef fjárskipti verða, fái bændur 66 lömb fyrir hver 100 ærgildi, sem lógað er, og þar er ær og veturgömul kind eitt ærgildi og tveir sauðir eitt ærgildi. Um það er ekkert sagt nú, hvernig sauður skuli metinn sem ærgildi, en með tilliti til þess, að nú eru ekki sauðir nema í litlum hluta af þremur sýslum og alls ekki nema 7 þús. skepnur, þá hefur ekki þótt ástæða til þess að gera rellu um, hvernig sauðir væru lagðir í ærgildi, sem þó mætti taka til athugunar, hvort ekki ætti að gera, en eftir frv., eins og það er nú, er ekkert um það. Nú er gert ráð fyrir í frv., að bændur, sem lóga 100 ám vegna fjárskipta, skuli ekki fá nema 50 lömb í stað 66 áður, og er þar því um sparnað að ræða fyrir ríkissjóð, sem er ómögulegt að segja, hver verður á hverju ári. Það verður eftir því, á hvað stórum svæðum fjárskipti verða á hverju ári og hvert fjárverðið er hverju sinni.

Í öðru lagi hygg ég, að eins og frv. verður eftir till. n., þá muni fjárskiptin fara eitthvað örar en eftir núgildandi l., en það er spádómur, sem er ekki hægt að leiða nein veruleg rök að. Þó er þess að geta, að eins og frv. kemur frá n. og nú frá Nd., þá er frekar en áður ýtt undir fjárskipti. Sérstaklega er þar ein gr., sem hefur mikið að segja, en hún heimilar ráðherra að framkvæma fjárskipti, þó að menn vilji ekki sjálfir, ef einstök svæði standa eftir, sem ekki vilja skipta, og það er höfuðbreyt. frá eldri l. og er líka ákaflega mikils verð, því að það þýðir ekki að hafa fjárskipti hægra og vinstra megin við eitthvert svæði, sem ekki vill hafa fjárskipti, því að þá er unnið fyrir gýg, en þá er samkvæmt frv. heimilt að framkvæma fjárskipti þar. Það má því gera ráð fyrir, að þegar þetta frv. verður komið í lög, þá gangi fjárskiptin eitthvað örar en áður. Það getur haft aukinn kostnað í för með sér, en varðlínur og gæzla hverfa þá líka jafnframt því fyrr, og þar sparast aftur. Sæmundur segir því það sama og ég sagði hv. þm. Barð. um daginn, að ég geri ráð fyrir, að kostnaðurinn verði eitthvað minni en hann hefur verið.

Hv. þm. Barð óskaði eftir, að athugað væri, hvort n. kæmi ekki með brtt. um að afnema 7. kafla frv., sem honum þótti óþarfur og óviðeigandi, þar eð búið er að fella burtu tvo aðra kafla, sem snerta þetta sama. Þetta hefur n. ekki gert, en ég býst við, að forseti beri upp kaflana hvern í sínu lagi, svo að hægt sé að vita, hvort menn vilja hafa þá.

Nú er það svo, að árlega eru fluttir inn í landið allmargir hundar og nokkrir kettir auk annarra loðdýra, en það er engin leið fyrir yfirdýralækni að einangra þessi dýr fyrst eftir, að þau koma til landsins, þar eð enginn staður er til þess. Ég fyrir mitt leyti hygg, að ágætt væri að einangra þessi umræddu dýr á dýraspítalanum á Keldum. Þar er mikið rúm ætlað fyrir sjúk dýr, og skiptir ekki miklu máli, hvort nokkrum dýrum er bætt við.

Ég lít svo á, eins og hv. þm. Barð., að 7. kaflinn eigi ekki að vera í þessum l., og mun ég greiða atkv. á móti honum. En ef hann verður felldur burtu, verður að breyta — og reyndar hvort sem er — 48. gr., sem nemur úr gildi heilan bunka af l., sem varða innflutning á nautgripum og sauðfé, en sem annars snerta ekki það, sem þetta frv. fjallar aðallega um, en breyt. á 48. gr. verða ekki gerðar fyrr en við 3. umr., þegar séð verður, hver afdrif þessa kafla frv. verða, sem við þm. Barð. viljum fella niður.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. frsm. gat þess réttilega, að við fyrri umr. málsins hefði komið upp nokkur óánægja út af auknum kostnaði ríkissjóðs í sambandi við þær breytingar, sem n. flytur á þskj. 407. Hv. frsm. orðaði það svo, að fjmrh. hefði spurt, hvaða kostnaður hlytist af því, ef viðhald á aukavarnarlínum yrði lagt á ríkissjóð. Það var nú ekki það, sem ég hafði sérstaklega við þetta að athuga, heldur var það sú brtt. hv. n., að hún vildi leggja viðhaldskostnað aðalvarnarlínanna á ríkissjóð. (**PZ:** Það gerði Nd. líka.) Ekki sýndist mér það á frv. — 8. gr. þess hljóðar þannig: „Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar á kostnað ríkissjóðs. Viðhald þeirra og eftirlit ber hlutaðeigandi fjárskiptafélögum eða sýslufélögum að annast, en ríkissjóði að kosta. Í girðingar á aukavarnarlínum leggur ríkissjóður til efni, en hlutaðeigandi fjárskiptafélög annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað, uppsetningu girðinganna og viðhald. Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbrh. úr, að fengnum till. sauðfjársjúkdómanefndar. Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs. Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.“ (**PZ:** Já, þetta á ríkissjóður að kosta.) En er það þá það sama, að sýslufélög annist þetta, en ekki ríkissjóður? Ég er ekki alveg viss um það, ef fjárskiptafélög eða sýslufélög eiga að annast þetta, að sama útkoma verði á þessu og ef trúnaðarmenn ríkisins gerðu það einvörðungu. (**PZ:** Þetta var nú einmitt það, sem ég sagði.) Svo er það annað. Viðhaldskostnaði á aukavarnarlínum vill hv. n. koma yfir á ríkissjóð, en ég er á móti því, að hv. þd. íþyngi ríkissjóði frekar en orðið er eftir frv., eins og hv. Nd. gekk frá því. 8. gr. eykur þann mikla kostnað, sem lagður er á ríkið vegna sauðfjárveikivarnanna, bæði beint og óbeint. N. vill leggja í hendur aðila, sem að vísu getur ekki talizt óviðkomandi, en þó að eðlilegum hætti mun ekki hafa hag ríkissjóðs sérstaklega fyrir augum, framkvæmd á verki, sem ríkissjóður á að kosta. Og í öðru lagi vill n. leggja beint á herðar ríkissjóðs að kosta viðhald á aukavarnarlínum, sem ríkissjóður hefur hingað til ekki kostað. Ég skal ekki fjölyrða þetta frekar, en tel það ekki nema sanngjarnt, að fjárskipta- og sýslufélög beri kostnaðinn af aukavarnarlínunum. Álit hr. Sæmundar Friðrikssonar liggur hér fyrir prentað, og telur hann, að kostnaður við aukavarnarlínurnar nemi um 50 þús. kr. árlega. Nú tel ég, að þessi kostnaður aukist með ári hverju, eftir því sem girðingarnar

eldast og ganga úr sér, og styður það enn það, að ég álít, að fullan varnað þurfi að hafa fyrir því, að ekki sé of langt gengið í því að auka kostnað ríkissjóðs í þessu efni.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég hygg, að þetta sé á misskilningi byggt hjá hæstv. fjmrh. Eins og 8. gr. frv. hljóðar nú, þegar hún kemur frá Nd., þá er það tvímælalaust, að kostnaðurinn við viðhald á aðalvarnarlínunum hvílir á ríkissjóði, en hlutaðeigandi fjárskipta- eða sýslufélög skulu annast framkvæmdina. Ég hygg, að allir geti verið sammála um það, að þegar einhverjum þriðja aðila er skotið inn til þess að annast einhverja framkvæmd, sem svo annar aðili á að borga, að þá er það venjan, að minna er hugsað um, hvað framkvæmdin kosti mikið fé, heldur en þegar annar aðilinn sjálfur sér um framkvæmdina. Hér er um að ræða kostnað á viðhaldi, sem nemur 250 þús. krónum, og segja mætti mér það, að með því að láta fjárskiptafélög, hvert á sínu svæði, eða sýslunefndir, eins og hv. Nd. vill, sjá um þetta viðhald, þá kæmi út dálítið meiri upphæð en 250 þús. kr., sem þessi kostnaður næmi, en þessu nam viðhaldskostnaðurinn á síðasta ári. Með því, að framkvæmdastjórn sauðfjársjúkdómanefndar sjái um þetta viðhald, álít ég, að fengist á því ódýrari framkvæmd en á þann veg, sem gert er ráð fyrir í frv. Þess vegna álít ég, að eitthvað af þeim 50 þús. kr., sem viðhald aukavarðlínanna hefur kostað, fengist upp með breyt., sem við viljum hér gera láta. Samkvæmt minni reynslu í lífinu hygg ég þetta mundu reynast betur. Annað vil ég benda hv. ráðh. á. Hann hyggur, að viðhaldskostnaðurinn aukist með aldri og fjölgun girðinganna. Vitanlega er það rétt, að með aldrinum þurfa girðingarnar meira viðhald, en hér kemur inn í eitt atriði, sem ekki má gleyma. Yfirleitt stefnum við að fjárskiptum á mæðiveikisvæðinu. T. d. vil ég hér benda á það, að varðlínan, sem var í fyrra utan um Reykdælahrepp í S-Þingeyjarsýslu, er nú horfin. Alls staðar í kringum hana er komið heilbrigt fé. Varðlínunni með Skjálfandafljóti verður kannske haldið við í sumar, meðan vissa fæst um það, hvort fé, sem flutt var hinum megin við hana, reynist heilbrigt, en reynist svo, hverfur hún einnig. Eftir því sem fjárskipti verða víðar um landið, fækkar varðlínunum. Vitanlega geta komið varðlínur í staðinn sums staðar, en það fer eftir því, hve fjárskiptasvæðin verða stór, en slá má því föstu, að eftir því sem fjárskipti aukast, verður varzlan minni, svo að ég held, að ekki sé ástæða til þess að ætla, að hún af þessum ástæðum verði meiri en undanfarið ár. Hvort viðhaldskostnaður verður meiri vegna hækkaðs kaupgjalds eða ekki, fer eftir því, hvernig ríkisstj. tekst að halda niðri vísitölu og kaupgjaldi í landinu.

Það, sem við viljum breyta, er það, að ríkissjóður kosti það viðhald, sem á s. l. ári nam 50 þús. kr. Hvort tveggja er, að við álítum, að girðingarnar yrðu öruggari með þessu móti, að sýslufélög eiga erfitt með að greiða þetta, þar eð þau hafa jafnan ekki gilda gjaldstofna til að grípa, þar eð ríkið hefur svipt þau þeim flestum, og að við teljum það ódýrara, að ríkið sjái um þetta að öllu leyti en sýslufélögin eða fjárskiptafélögin geri það að nokkru leyti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 407,1 samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HV, HermJ, PZ, BSt, BK, EE, ÞÞ.
nei: GJ, JJós, PM.
StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.
4 þm. (LJóh, SÁÓ, BBen, BrB) fjarstaddir.
8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 407,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 407,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
14.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 407,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 407,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 407,6.a—b samþ. án atkvgr.
— 407,6.c samþ. með 10:1 atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 407,7 samþ. án atkvgr.
24. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 407,8 samþ. með 13 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
26.—27. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 407,9 samþ. með 14 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 407,10 samþ. með 11 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 407,11 samþ. með 14 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 407,12 samþ. með 14 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 407,13 samþ. með 11:1 atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 407,14 samþ. með 11:2 atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 407,15 samþ. með 11 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 407,16 samþ. með 11 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
40.—41. samþ. með 12 shlj. atkv.
42.—43. gr. samþ. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, HV, HermJ, PM, SÁÓ, BSt, ÞÞ.
nei: GJ, JJós, PZ, ÁS.
EE, StgrA greiddu ekki atkv.
4 þm. (BrB, GÍG, LJóh, BBen) fjarstaddir.
44.—49. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 82. fundi í Ed., 28. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 440, 443, 446).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 446, sem miða að því

að fella burt úr frv. nokkur ákvæði varðandi innflutning sauðfjár, þau er ég tel ekki eiga heima í þessu frv. Mþn., sem samdi þetta frv., hafði í huga fjárskipti og jafnframt innflutning á erlendu fé í trausti þess, að blendingarnir yrðu síður móttækilegir fyrir sjúkdóma. Ég legg til, að síðari hluti 2. gr. falli niður, enda er síðar í frv. gert ráð fyrir að fella úr gildi öll þau lög, er snerta innflutning sauðfjár. Enn fremur legg ég til að fella niður 7. kafla, sem hvorki er fugl né fiskur, þar sem hann gerir ráð fyrir einangrunarstöð fyrir innflutt fé. Er merkilegt, að slík ákvæði skuli standa eftir í frv., um leið og bannað er að flytja inn erlent fé, og finnst mér þetta því illa samrýmast. 3. brtt. á þskj. 446 miðar að því að fella niður l. nr. 75 27. júní 1941 og l. nr. 88 9. júlí 1941, en með 48. gr., eins og hún er nú, eru öll lagaákvæði um innflutning sauðfjár niður felld. Til vara er svo brtt. um að fella niður l. nr. 45 19. júní 1933 og reglur nr. 6 20. jan. 1936. Ég vil benda á, að ef menn vilja halda síðari hluta 2. gr. og 7. kafla, þá má ekki fella niður ákvæðið um blendingsræktun, því að ef ráð er gert fyrir innflutningi fjár, má ekki fella burtu allt eftirlit með honum og sleppa blöndun fjárins lausri við hvern sem er eftir hans eigin geðþótta.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég á á þskj. 443 brtt., þar sem ég legg til að breyta 42. gr. þannig, að orðin „í eyju í nágrenni Reykjavíkur" falli niður. Það er vissulega nauðsynlegt að hafa sóttvarnastöð, en ég sé ekki ástæðu til, að hún þurfi endilega að vera í eyju í nágrenni Reykjavíkur. Mætti t. d. hafa hana á Keldum, enda er sjáanlegt, að það kostar mikið fé, ef fara á að kaupa einhverja eyju hér í nágrenninu.

Ég er ekki alveg sammála hv. 1. þm. N-M. um nauðsyn þess að fella niður hluta af 2. gr., því að ef einhver tilraunastöð er, þá má þetta standa. Gert er ráð fyrir í 48. gr., að margar reglugerðir og lög falli niður, og finnst mér einkennilegt, að það, sem frsm. leggur til, að falli niður, er í fullu ósamræmi við það álit, sem n. skilaði. Ég vil að svo stöddu ekki fjölyrða um þetta, en legg að lokum til, að brtt. mín á þskj. 443 verði samþykkt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er ekki efnishlið þessa máls, sem ég vildi gera að umtalsefni, heldur orðið tæknifrjóvgun, sem hér á að lögfesta í fyrsta sinn. Hér er um að ræða flutning á sæði, og er því rétt að láta þetta heita tæknisæðingu, því að frjóvgunin gengur sinn gang, hvernig sem sæðingin verður. Um þetta atriði mun ég nú afhenda hæstv. forseta skriflega brtt.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt hér skrifleg brtt. frá hv. 3. landsk., sem er svo hljóðandi: Hvarvetna þar, sem orðið „tæknifrjóvgun" kemur fyrir í frv., komi: tæknisæðing. — Vil ég leita afbrigða fyrir þessa till.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 472) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég hef heyrt frá góðum heimildum, að landbn. Nd. hafi mælt með því, að Engey væri keypt til þess að koma þar upp sóttvarnastöð. Eyjan er föl fyrir 225 þús. kr., og hefur slíkt tilboð komið í hendur ríkisstj. Þetta vildi ég láta vitnast, þótt ég telji ákvæðið um sóttvarnastöð ekki eiga heima í þessu frv. Hv. þm. Barð. undraðist, að ég skyldi flytja þessar brtt., en ekki n., þar sem ég legg til, að aðeins verði eftir l. um pesta- og varnargirðingar. Hitt er sumpart lög og sumpart reglugerðir.

Ég hélt, að það væri regla, að reglugerðir, sem grundvallaðar eru á sérstökum l., féllu úr gildi um leið og viðkomandi l. eru niður felld. Lögin í 48. gr. eru í fyrsta lagi l. frá 1931 um innflutning á holdakyni. Næst eru l. frá 1933 um innflutning á holdanautgripum og hvernig blanda skuli. Þá eru l. frá 1934 viðvíkjandi hinum lögunum, t. d. um innflutning karakúlfjár, svo og reglugerðir. Þá eru l. um, hvernig blanda skuli erlent fé innlendu og hver skuli hafa umsjón með því. En eins og frv. er nú úr garði gert, á að sleppa öllu eftirliti með blöndun, en það er auðvitað stórhættulegt og má aldrei verða.

Út af brtt. frá hv. 3. landsk. get ég lýst yfir því, að „sæðing" er komið inn í málið og er fyrst notað af Guðmundi Gíslasyni. Mþn. hefur bara ekki athugað muninn á sæðingu og frjóvgun. Ég er alveg samþykkur till. hv. 3. landsk., enda veit enginn, hvort frjóvgun verður af sæðingu, hvernig svo sem sæðingin fer fram.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort hann sæi sér fært að taka þetta mál út af dagskrá nú. Ég tel ástæðu til þess að athuga gaumgæfilega þær brtt., sem hv. 1. þm. N-M. flytur við frv., og mundi ég nota tækifærið til næsta fundar til að skapa mér skoðun um það, á hvaða rökum þær eru byggðar, sem ég hygg, að séu á nokkrum rökum byggðar.

Umr. frestað.
Á 83. fundi í Ed., 3. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Vegna þess að málið var tekið út af dagskrá síðast, er það var hér til umr., og það fyrir mín tilmæli, vil ég lýsa yfir því, að ég hef síðan athugað till. á þskj. 446 frá hv. þm. N-M., og tel ég hana fyllilega réttmæta eftir þær breyt., sem orðið hafa á frv. í Nd., því að þá eru í lausu lofti málin um eftirlit með innflutningi sauðfjár. Legg ég því til, að hún verði samþ. Eins hef ég athugað till. frá hv. þm. N-M. á þskj. 476, og virðist mér þær allar til bóta. Svo vil ég ekki blanda mér meir inn í þessar umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Síðan umr. var frestað, hef ég átt tal við nokkra menn, sem framarlega hafa staðið í fjárpestamálunum, og hafa þau viðtöl leitt til brtt., sem ég flyt á þskj. 476. Kunnáttumenn í þessum málum benda á, að heimild bresti fyrir því að reyna lækningar gegn sjúkdómunum og kosta þær. Það er aðeins talað um að verjast sjúkdómunum, en ekki lækna þá. Fengi þá t. d. Guðmundur Gíslason heimild til að halda áfram að framleiða læknislyf sitt, sem sumir telja til nokkurra bóta. Enn fremur segja

þeir, að ef síðari partur 2. gr. falli niður, þá sé engin heimild til að flytja sæði og sæða. Vegna þess flyt ég brtt. á þskj. 476 og breyti 45. gr. og legg til, að hún orðist svo: „Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir till. sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna lækningu við þeim og útrýma þeim. — Einnig er honum heimilt að láta útbreiða minna næma fjárstofna, innlenda og erlenda, með sæðingu á þeim svæðum, sem fjárskipti eiga ekki að fara fram á næstu tvö árin."

Séu þessar breyt. ekki samþ., þá er heimildarleysi til að reyna að lækna sjúkdómana og einnig að láta útbreiða minna næma stofna, innlenda og útlenda. Þá er engin heimild fyrir Guðmund Gíslason að keyra út um sveitirnar um fengitímann til þess að sæða ær. Þessi sæðingarheimild, sem lögð er til á þskj. 476, er þó bundin við þau svæði, þar sem fjárskipti eru ekki áætluð næstu tvö árin. Sumir munu ekki vilja samþykkja brtt. við 2. gr. og þá líklega ekki heldur brtt. um að fella niður 7. kafla. Því ber ég fram varatill. á þskj. 476, um að orðið „innanlands" falli burt, því að engum dettur í hug að gera fjárskipti hjá öðrum. Enn fremur legg ég til, að í stað „tæknifrjóvgunar" komi orðið „sæðing", enda er orðið „sæðing" komið inn í ritmál fagmanna í þessum efnum. Sæðing og frjóvgun eru hugtök, sem segja sitt hvað.

Ég vil leggja áherzlu á nauðsyn þess, að á þessu þingi komi l. um sóttvarnir á innfluttu fé, því að það nær engri átt, að Pétur og Páll geti flutt inn fé eftir vild, en það er hægt eins og frv. nú er. Að lokum vildi ég óska þess, að hv. 3. landsk. geti sætt sig við orðið „sæðing" og taki því til baka till. sína á þskj. 472.

Pétur Magnússon: Það virðast allir sammála um, að löggjöf um innflutning sauðfjár þurfi rækilegrar athugunar við. Ég tel, að það atriði eigi vel heima í þessu frv., en eftir þá meðferð, sem frv. hefur fengið í Nd., er það svo limlest, að litlu skiptir, hvort það nær fram að ganga. Mér finnst því, að innflutningur sauðfjár ætti að verða tekinn til sérstakrar athugunar og vænti, að hv. landbn. geri það. Ef það verður ekki, þá verða þm. að fá nægan tíma til að athuga málið, og mælist ég því til þess við hæstv. forseta, að hann fresti umr.

Forseti (ÞÞ): Ég get orðið við ósk hv. 1. þm. Reykv., og er umr. frestað.

Á 99. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Ed., 26. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 440, 443, 446, 472, 476).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. hafa tekið eftir, hefur verið borið fram í d. og liggur fyrir þessari d. í dag sem 4. mál á dagskrá frv. um innflutning búfjár, sem sent hefur verið Alþingi frá búnaðarþingi, þar sem það var samþ., að ég held, með atkv. allra þeirra manna, sem búnaðarþing sitja, og í því frv. eru þau ákvæði, sem upprunalega voru í þessu frv., hvað snertir innflutning búfjár, og öllu fyllri en þar var. Afleiðingin af því er sú, og enn fleiri stoðir renna undir það, að það verður að nema burt úr þessu frv. þau ákvæði, sem nú eru eftir í því, sem hér að lúta, en það hefur verið rætt áður í d. svo oft, að ég þarf ekki mörgum orðum um það að fara. Liggja fyrir um þetta nokkrar brtt., og skal ég fara um þær nokkrum orðum.

Fyrst er brtt. við 2. gr., á þskj. 446. Í 2. gr. er talað um, að það eigi að útrýma fjársóttum með kynbótum og tæknifrjóvgun frá erlendum sauðfjárkynjum. Það er engin ástæða til að hafa þetta í þessu frv., ef hitt frv. verður samþ. Það liggur ekkert fyrir um það enn, hvort það verður samþ. eða ekki, en þeir, sem telja, að um þetta þurfi að vera l., geta sætt sig við, að þessi ákvæði verði tekin úr þessu frv., fyrst hitt frv. liggur fyrir. Þess vegna vænti ég, að þessi 1. brtt. verði samþ.

Ég get lýst yfir, að eftir að frv. var hér síðast til umr., hefur landbn. komið saman, og ég held, að ég segi það rétt, það verður þá leiðrétt, ef það er ekki, að hún sé sammála um, að öll þau ákvæði, sem eru í frv. um innflutning búfjár, blöndun á því o. s. frv., falli úr því og verði tekin upp í hitt frv., og mæli þess vegna öll með því, að þessar brtt. verði samþ.

2. brtt. á sama þskj. er um það, að 7. kafli, 42.—43. gr., falli niður og greinatala og kaflaskipting breytist samkvæmt því. Þessi breyt. er beint áframhald af hinni. Þessi kafli fjallar um, hvernig eigi að koma upp sóttvarnarstöð og einangrun á hinu útlenda búfé, sem talað er um í hinu frv. ýtarlega.

Þá er brtt. á þskj. 476 við 45. gr. Hún er um það að veita sauðfjársjúkdóman. heimild til þess með leyfi ráðh. að gera hverja þá ráðstöfun, sem ráðh. álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna lækningu við þeim og útrýma þeim, einnig að láta útbreiða minna næma fjárstofna, innlenda og erlenda, með sæðingu á þeim svæðum, sem fjárskipti eiga ekki að fara fram á næstu tvö árin. Landbn. stóð saman um að mæla með þessari brtt., og þá falla varatill. allar burt af sjálfu sér, enda koma þær ekki til greina, ef þetta verður samþ.

Nú skal ég geta þess, að það gæti vel verið, að réttara væri að gera enn eina brtt. við 45. gr., bæta aftan við hana heimild til að sæða með sæði úr erlendum hrútum ær á heilbrigðu svæði, þ. e. svæði, þar sem pestir eru engar í fénu. Það voru uppi óskir um það á búnaðarþingi, og sömu óskir hefur orðið vart við í d. hjá fyrrv. hæstv. landbrh., að það yrði með sæðingu sótt bak við varnarlínur á stöðum, sem enn eru heilbrigðir, bæði með erlendum og innlendum stofnum, sem minna eru næmir fyrir veikinni, til þess ef veiki bærist inn á þau svæði, þá væri þar fyrir stofn, sem þyldi betur sóttirnar og yrði því fyrir minna skakkafalli en annars mundi verða. Ég er ekki viss um, að þörf sé á að bæta þessu þarna við. Eftir frv. um innflutning sauðfjár er ekkert því til fyrirstöðu, að þetta verði gert með erlendu sauðfé, síður en svo, og ekki þessum l. heldur. Hins vegar mundi sauðfjársjúkdóman. tæplega geta tekið upp að sæða fé, t. d. í Austur-Skaftafellssýslu, frá stofni, sem reynzt hefur þolnari gegn fjársóttum en almennt gerist. Ég held, að hún mundi varla geta tekið það upp eftir þessu frv. Ef maður leggur áherzlu á, að slíkt yrði gert, þá þyrfti helzt að vera einhver stafur um það, og þó skal ég ekki

segja um það, því að í gr. er tekið fram, að ráðh. geti gert hvers konar ráðstafanir, sem hann telur þörf á, og það er anzi rúm heimild. Getur verið, að þó mætti skjóta þessu þar inn líka. Ég er hins vegar ekki tilbúinn með brtt. um það. Ég er ekki heldur viss um, að það sé nauðsyn, en ég hreyfði henni, af því að á búnaðarþingi varð vart við, að menn teldu gott, að hægt væri að gera slíkar ráðstafanir, og ég held, að það sé hægt að gera þær, þó að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir, og ekki bætt neinu aftan við þessa gr. Annars er hægt með tiltölulega lítilli breyt. að bæta þessu við. Þessu mætti ná með því að segja sem svo: „svo og á svæðum, sem fjárskipti hafa ekki farið fram á". Ef slík breyt. kæmi, þá næðist það alveg.

Loks er brtt. við 48. gr., sem nemur úr gildi þau tvenn l., sem nú gilda um fjársóttir, l. nr. 75 27. júní 1941 og l. nr. 88 9. júlí 1941 svo og önnur ákvæði, er fara í bága við þessi l. Önnur l., sem nema á úr gildi í 48. gr. frv., snerta ekki það, sem um er að ræða í þessum l., heldur það mál, sem er nr. 4 á dagskrá d. í dag, um innflutning búfjár.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál. Það liggur svo ljóst fyrir, að ég tel, að ekki þurfi frekar um það að ræða. Brtt. á þskj. 472 er tekin aftur.

ATKVGR.

Brtt. 472 tekin aftur.

— 446,1 samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EE, GJ, HV, PZ, StgrA, ÁS, ÞÞ.

SÁÓ greiddi ekki atkv.

8 þm. (BSt, BBen, BrB, GÍG, HermJ, JJós, LJóh, PM) fjarstaddir.

Brtt. 476,2 kom ekki til atkv.

— 446,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 443 þar með fallin.

— 476,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 446,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 103. fundi í Nd., 27. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 579).

Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 579, 677, 678).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv. hefur nú farið gegnum hv. Ed., og hafa verið gerðar á því þar nokkrar breyt. frá því, sem var, þegar því var skilað héðan úr d. fyrir nokkru. Landbn. hefur tekið þessar breyt. til athugunar, vill ekki ganga inn á, að sumar þeirra séu réttmætar, og hefur þess vegna leyft sér að leggja til sameiginlega, að 2 brtt. verði gerðar á frv., eins og það kemur frá hv. Ed. Önnur breyt. er varðandi 28. gr. frv., en fellt hefur nú verið úr gr., að atkvgr. um fjárskiptafélög skuli fara fram með sama hætti eins og á sér stað um óhlutbundnar kosningar til hreppsnefndar. Í öðru lagi er hér um breyt. á 37. gr. að ræða. Eins og það ákvæði var afgr. héðan úr d., skyldi vera þriggja ára frestur varðandi framtal til fjárskiptabóta, þannig að framlag ríkisins vegna fjárskipta á árunum 1947, 1948 og 1949 skyldi miðast við fjártölu eigenda samkvæmt skattaframtali á árinu 1946, en svo áfram með þriggja ára fyrirvara. Þessu hefur hv. Ed. breytt þannig, að þetta skuli miðast við næstsíðustu áramót á undan samkvæmt skattaframtali, og getur landbn. þessarar d. með engu móti gengið inn á þetta sem réttmæta breyt., því að með því fyrirkomulagi væri hægt að spekulera nokkuð í fjárskiptabótum, ef miðað er við svo nálægt skattaframtal. Nú hefur landbn. þessarar d. gengið nokkuð til móts við hv. Ed. með því að miða við tveggja ára frest. Vænti ég, að hv. dm. geti gengið inn á þá breyt., og vænti einnig, að hv. Ed. geti sætt sig við þetta í þeirri mynd.

Auk þessara tveggja brtt., sem landbn. flytur sameiginlega, flytur meiri hl. hennar aðrar tvær brtt. á þskj. 678, sem fjalla um það, að það ákvæði haldist í frv., sem var í því, þegar það fór úr þessari d., um sóttvarnarstöð, og var upphaflega 9. kafli þess. Við teljum nefnilega, að það séu engar líkur fyrir því, að það frv., sem nú liggur fyrir hv. Ed. um innflutning á búfé, nái fram að ganga á þessu þ., þar sem um það er mikill ágreiningur. Það er hins vegar mjög aðkallandi mál að koma upp sóttvarnarstöð og á heima í því frv., sem hér liggur fyrir.

Það hefur valdið miklum ágreiningi, hvort nema eigi úr gildi l. um allt búfjárpestafarganið, sem sett voru 1931, og síðari breyt. á þeim l. Hefur hv. Ed. fellt úr frv. að nema öll þessi l. úr gildi, en við í meiri hl. landbn. leggjum nú til, að þau verði numin úr gildi, og er þá ekki heimilt samkv. þessum l. að flytja inn búfé, nema sérstök l. verði um það sett. Ég fyrir mitt leyti legg á það talsvert mikla áherzlu, að þessar brtt. verði samþ., og undrast mjög, ef hv. Ed. getur ekki fallizt á, að þessi ákvæði séu í frv.

Ég mun svo ekki fjölyrða frekar um málið á þessu stigi, þar eð það hefur verið rætt allrækilega hér í hv. d., en leyfi mér að leggja til, að þessar brtt. landbn. þessarar d. og meiri hl. n. verði samþ. og frv. þannig endursent Ed.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Hv. frsm. landbn. hefur mælt fyrir þeim brtt., sem n. varð sammála um að flytja, og þarf þar engu við að bæta, en út af brtt. frá meiri hl. n. á þskj. 678 langar mig til að segja örfá orð.

Við þm. Skagf. gátum ekki orðið sammála hv. meiri hl. um að taka aftur kaflann um sóttvarnarstöð og einangrun inn í frv., sem hv. Ed. felldi úr því. Afstaða mín til þessa máls byggist mjög á því, sem ég reyndar gat um í vetur við umr. um þetta mál almennt, að ég liti sem sé svo á, að það væri þörf á fullkominni löggjöf um þetta efni, fullkomnari en er í þessum kafla frv., þótt ég til samkomulags væri þá með því að lofa þessum kafla að vera í frv., af því að þá var ekkert frv. komið fram um þessi mál í heild, þ. e. innflutning búfjár. Nú hefur það hins vegar gerzt síðan, að borið hefur verið fram í hv. Ed. frv. til l. um innflutning búfjár, sem búnaðarþing gekk frá í vetur og mælir eindregið með að verði samþ. Ég veit ekki, hvað hv. þm. A-Húnv. hefur fyrir sér í því, að þetta frv. geti ekki náð fram að ganga á þessu þ. Mér virðist hins vegar líkurnar vera allmiklar til þess, einkum af því, að hv. Ed. hefur tekið þessa stefnu í málinu, sem ég geri ráð fyrir, að stafi af því, að hv. Ed. hafi hugsað sér að afgreiða nú á þessu þ. frv. um innflutning búfjár, en í því frv.

eru einmitt ákvæðin úr þessum kafla um sóttvarnarstöð og einangrun. Það er af þessum ástæðum, að við þm. Skagf., sem erum báðir ráðnir í því að vinna að framgangi þess frv., sem nú liggur fyrir hv. Ed. um innflutning búfjár, höfum ekki orðið sammála hv. meðnm. okkar um að setja þennan kafla inn í frv. aftur. Hins vegar er mér það ekkert kappsmál, hvernig þetta er nú afgr., því að afnema má þennan kafla úr þessu frv., ef að l. verður, þótt þessi kafli verði aftur settur í frv., ef frv. um innflutning búfjár verður samþ. á þessu þingi.

Ég mun því ekki tefja málið, en vildi aðeins geta um afstöðu mína, og er hún í fullu samræmi við afstöðu mína hér fyrr í vetur, að setja þyrfti heildarlöggjöf í þessu efni, og ég trúi því, að hægt verði að afgreiða þetta frv. þannig, að samkomulag náist, þótt það kynni að verða með nokkrum breytingum.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta mál liggur það ljóst fyrir, að ekki þarf að ræða það ýtarlega. En það kom fram hjá hv. 1. þm. Skagf., að ágreiningur milli meiri hluta og minni hluta er ekki um það, hvort nauðsyn sé á að reisa sóttvarnarstöð, heldur um það, hvort ákvæði þess efnis skuli vera í þessum l. eða bíða í trausti þess, að slíkt frv. yrði samþ. í Ed. Það er nú svo komið, að búast má við, að það frv. verði ekki samþ. á þessu þingi, og eru báðir þm. Skagf. á móti því frv., þar sem annar þeirra er á móti öllum innflutningi sauðfjár, en hinn vill, að hann sé nokkru meiri en gengið var út frá í okkar frv. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta, en ég vil, að sóttvarnarstöðinni sé komið á, og er þá réttara að hafa ákvæðin í þessu frv. en að bíða hins frv., sem óvíst er um.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Það er tilgangslaust, að við játum trú okkar sitt á hvað, hvort frv. í Ed. nái fram að ganga eða ekki. En ekki þarf að óttast ágreining frá okkur í minni hlutanum, því að ég man ekki betur en að búnaðarþingið afgreiddi þetta samhljóða, enda var það útbúið tryggilega. En ég vildi mótmæla því hjá hv. þm. A-Húnv., að ég hafi verið meðmæltur viðtækum heimildum um innflutning. Það hef ég ekki verið, heldur taldi ég, og reynslan hefur sýnt það, að alltaf yrði eitthvað af skepnum flutt inn í landið, og þess vegna þarf að hafa heilsteypta löggjöf um það. Að öðru leyti er svo ekki ástæða til að fjölyrða um málið.

ATKVGR.

Brtt. 677,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 677,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 678,1 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, FJ, HB, HermG, IngJ, JóhH, JPálm, JJ, KTh, AJ, SigfS, SB, SG, SK.

nei: StgrSt, BÁ, EystJ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, JS, JörB, PÞ, PO, SkG, BG.

GÞ greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁkJ, ÁÁ, EmJ, ÓTh, SEH, StJSt) fjarstaddir.

Við nafnakallið mæltu:

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég álít í sjálfu sér, að þetta sé þarft ákvæði, og mundi hafa verið með því, en þar eð þetta ákvæði er í frv., sem liggur fyrir Ed., tel ég réttara að hafa ákvæðið í því frv. og segi því nei.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það var aðeins út af atkvgr. Vegna atkvgr. næst á undan verða orðin „48. gr." að falla niður. Það er atriði, sem leiðrétta verður í prentun.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er hæpin atkvgr., ef við endurskoðun má breyta efni í þessari till. Hér er í annarri brtt. vitnað í efni 42. gr., sem er þegar felld. En umskapa þarf 43. gr., ef það á að geta komizt að, því að tilvitnunin er um allt annað efni. Eða er það 2. liður, um hvað niður skuli fellt? (**Forseti:** Svo mun vera.) Úr því svo er, þá bið ég afsökunar.

Umr. (frh. atkvgr.) frestað.

Á 118. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 579, 678).

ATKVGR. (frh.)

Brtt. 678,2 felld með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, EOl, HermG, JóhH, JPálm, KTh, AJ, SigfS, SB, SG.

nei: BÁ, EystJ, GÞ, GSv, GÞG, HÁ, JS, JörB, PÞ, PO, SEH, StgrSt, BG.

FJ, SK greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁkJ, EmJ, GTh, HB, HelgJ, IngJ, JJ, ÓTh, SkG, StJSt) fjarstaddir.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 123. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 733).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta mál er aftur komið hingað í d., eftir að hv. Nd. hafði haft það til einnar umr. og gert á því tvær breyt. Hin fyrri er við 28. gr., og er hún á þá leið, að við næstsíðustu málsgr. gr. bætist: „skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936, eftir því sem við á." Er hér um mjög lítilfjörlega breytingu að ræða eða nánar sagt enga. Ég benti á, að þessar kosningar mundu aldrei fara fram eins og sveitarstjórnarkosningar og væri því ekki hægt að fara eftir þessu ákvæði, eins og það var orðað. Var þá bætt aftan við gr.: „eftir því sem við á", og hefur þessi breyt. því engin áhrif á framkvæmd málsins. Það hefur áður verið tekið fram, að þessar kosningar eiga að vera leynilegar, og kemur það ekki að sök, þótt þetta ákvæði standi í frv. Er því óþarfi að senda það á ný til hv. Nd. út af þessu atriði.

Síðari breyt. er við 37. gr. Er hér um að ræða mjög umdeilt atriði, og er ég satt að segja mjög undrandi yfir því, hvernig hv. Nd. hefur gengið frá því. Þessi breyt. fjallar um það, við hvaða

fjártölu skuli miða bætur, þegar skorið er niður. Það hafa verið uppi um þetta hér á hv. Alþ. ýmsar till., og um skeið var komið inn í frv. í hv. Nd. að miða við 4 ár aftur í tímann. Þær breyt., sem gerðar voru á frv. í þessari hv. d. í þessum efnum, voru gerðar í samráði við sauðfjársjúkdóman., sem mest afskipti hefur haft af þessum málum og mest hefur vit á því, hvernig hagkvæmast er að koma þessum málum fyrir. Óskaði hún eftir, að miðað væri við næstsíðustu áramót, áður en skipti færu fram, sem sé ef fjárskipti færu fram á sumrinu 1947, væri miðað við fjártöluna, sem fram kæmi við skattaframtal 1. jan. 1946. Það er náttúrlega ástæða til að ætla, að yfirleitt hafi fjártalan hjá þeim mönnum, sem fé hefur verið skorið niður hjá, verið því hærri sem lengra er farið aftur í tímann, og þar af leiðandi þeim mun hærri bætur, sem ríkissjóður þarf að greiða, og þeim mun hagkvæmara fyrir þessa menn að fara sem lengst aftur í tímann. Hins vegar er á það að líta, að ýmsir menn hætta búskap, einn kaupir, annar selur o. s. frv., og nýir menn taka við bústofninum, en því fleiri ár sem líða, þeim mun erfiðara er að elta uppi þessa menn, sem hafa skipt um búnaðarhætti, og ákveða bæturnar fyrir hvern einstakan í þessum efnum. Það er einmitt þetta, sem hefur verið hið erfiða viðfangsefni sauðfjársjúkdóman., og þess vegna hefur hún óskað eftir því, að sem skemmstur tími væri frá þeim tíma, er miða ætti við, og til fjárskiptanna. Nú hefur hv. Nd. fært sig aftur upp á skaftið og fellt till. okkar, þar sem við vildum miða við næstsíðustu áramót á undan. Mér er hins vegar ekki alveg ljóst, hvernig hún hugsar sér þetta í framkvæmdinni. Þessi nýja gr., sem hv. Nd. hefur nú samþ., hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Framlag ríkisins vegna fjárskipta á árunum 1947 og 1948 miðast við fjártölu eigenda samkvæmt skattaframtali á árinu 1946. Á árinu 1949 miðast við skattaframtal 1947 og svo áfram þannig, að fjárskiptaframlag miðast við skattaframtal tveim árum áður." Í gr. stendur sem sé, „að fjárskiptaframlag miðast við skattaframtal tveim árum áður", en þegar fé verður skorið niður í haust á árinu 1947, hvaða skattaframtal er tveim árum áður? Er það skattaframtal, sem gert er á árinu 1946? Mér er þetta ekki alveg ljóst, en ég geri ráð fyrir, þó að óljóst sé í frv., að í framsöguræðu um málið í Nd. liggi fyrir, hvaða skilning þeir leggja í þetta, og sá skilningur verður vafalaust látinn gilda. Ég er undrandi yfir því, að annað skuli vera látið gilda fyrir niðurskurð á árinu 1947 en öll önnur ár, því að í frv. stendur, að uppbætur vegna niðurskurðar á árunum 1947 og 1948 eigi að miðast við framtal 1946. Þetta er því ranglæti gagnvart þeim, sem skera niður 1947. Mér er sagt, að orsök þess, að brtt. voru bornar fram í Nd., séu, að í tveimur sveitum, annarri í Skagafirði, en hinni í Húnavatnssýslu, sé rætt um niðurskurð 1948 og sé því lagt til að miða þar við framtal 1946. Þó að ég og landbn., a. m. k. þeir þrír nm., sem ræddu um þetta í morgun, teljum þetta ekki eins réttlátt og Ed. gekk frá því, þá teljum við það ekki svo mikilvægt, að við viljum senda málið í Sþ. Því leggjum við ekki fram neinar brtt. og leggjum til, að frv. verði samþ. eins og það nú kemur frá Nd., þó að við teljum það hafa þar breytzt mjög til hins verra.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 739).

12. Fjárlög 1947.

Á deildafundum 16. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1947 (stjfrv., A. 14).

Á 5. fundi í Sþ., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég mun hefja mál mitt á því að gefa yfirlit yfir afkomu ársins 1945. Rekstrarreikningur þess árs er fullgerður, og þykir mér hagkvæmast að lesa hann upp í heild. (Sjá töflu 1).

Eins og menn hafa heyrt við lestur yfirlits þessa, urðu heildartekjur ársins 165.845.370.11, en höfðu verið áætlaðar 108.177.378.00 og hafa þannig farið fram úr áætlun um tæplega 57,7 millj. króna. Við þetta er þó það að athuga, að skattaaukning sú, er samþykkt var á þinginu 1945, var að litlu leyti tekin upp í fjárhagsáætlun. Veltuskattur 3ja fyrstu ársfjórðunga nam tæpl. 8,7 millj. króna (4. ársfj. kemur á árið 1946), og sölugjald á ísfisk nam 2,1 millj. kr. Auk þess nemur hækkun á aukatekjum, stimpilgjaldi o. fl. á að gizka 2 millj. kr. Þegar þessar samtals 12,8 millj. eru dregnar frá, má telja, að tekjur hafi farið fram úr áætlun sem næst 45 millj. kr.

Einstakir tekjuliðir hafa farið fram úr áætlun, svo sem hér segir: (Sjá töflu 2.).

Rekstrargjöld voru í fjárl. áætluð kr. 100.211.675.00. Við það má þó bæta greiðslum samkvæmt sérstökum lögum, er nema 29.916.429.81, greiðslum samkv. þáltill. 262.742.91 og greiðslum samkvæmt heildarlögum 212.657.51. Sé þessum gjöldum bætt við gjöldin samkv. fjárl., nema þau samtals 130.603.505.23, en heildarrekstrarútgjöld ársins hafa orðið 143.211.503.66. Gjöldin hafa því farið fram úr áætlun um nálega 12.6 millj. kr.

Af þeim umframgreiðslum munu nálega 2 millj. kr. verða teknar á væntanleg fjáraukalög, og verða þá eftir sem næst 10,6 millj., sem eru umframgreiðslur á áætlunarliðum. Eins og hv. þm. ef til vill rekur minni til, var í fjárl. ársins 1945 tekið í 19. gr. fjárl. vantalin verðlagsuppbót 4 millj. kr. og greiðslur vegna nýrra launalaga 4,5 millj. kr. Stafaði þetta af því, að við samningu fjárlaga fyrir árið 1945 hafði verið reiknað með miklu lægri verðlagsuppbót en dýrtíðarvísitala sagði til um og launagreiðslur allar höfðu eðlilega verið miðaðar við eldri launaákvæði. Við samningu ríkisreikningsins eru þessi gjöld hins vegar að sjálfsögðu færð á tilsvarandi greinar fjárl., og er því mjög erfitt að gefa yfirlit yfir, hve mikið hver grein raunverulega hefur farið fram úr áætlun. Skýrslur ríkisbókhaldsins verða að sjálfsögðu afhentar hv. fjvn., og geta þeir þm., sem nánar vildu kynna sér þær, fengið aðgang að þeim hjá n.

Fullnaðarskýrsla um eignahreyfingar ársins hefur verið gerð af ríkisbókhaldinu, og þykir mér handhægast að lesa hana upp í heild sinni, þó þannig, að ég tek aðeins niðurstöðutölur, en sleppi einstökum undirliðum. (Sjá töflu 3).

Tafla 1.

Tekjur:

		Fjárlög	Reikningur
2. gr.	Skattar og tollar	77410000.00	120444668.20
3. — A	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	29935255.00	43249767.83
3. — B	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	10193.00	5556.39
4. —	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	722430.00	842112.78
5. —	Óvissar tekjur	100000.00	1303264.91
	Samtals kr.	108177878.00	165845370.11

Gjöld:

		Fjárlög	Reikningur
7. gr.	Vextir af lánum ríkissjóðs	1575650.00	1424846.64
8. —	Kostnaður við æðstu stjórn landsins	200000.00	315326.27
9. —	Alþingiskostnaður og yfirskoðun ríkisreikninga	1214357.00	1430443.71
10. — I	Stjórnarráðið	1698982.00	2463451.35
10. — II	Hagstofan	244668.00	243350.53
10. — III	Utanríkismál	883800.00	1270388.12
11. — A	Dómgæzla og lögreglustjórn	6989008.00	9049967.85
11. — B	Opinbert eftirlit	607810.00	512534.96
11. — C	Kostnaður við innheimtu tolla og skatta	2756675.00	3392624.10
11. — D	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	650000.00	814449.53
12. —	Til læknaskipunar og heilbrigðismála	8174535.00	9305611.83
13. — A	Vegamál	17823947.00	22886730.27
13. — B	Samgöngur á sjó	3572950.00	2768395.99
13. — C	Vitamál og hafnargerðir	4551350.00	4720033.52
13. — D	Flugmál	700000.00	376839.32
14. — A	Kirkjumál	2362218.00	2299678.04
14. — B	Kennslumál	14167848.00	18644814.55
15. — A	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	1741418.00	2077493.59
15. — B	Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu	1855150.00	1889094.95
16. — A	Landbúnaðarmál	8044898.00	9245292.01
16. — B	Sjávarútvegsmál	819150.00	950308.68
16. — C	Iðnaðarmál	924350.00	924486.25
17. —	Til félagsmála	7580325.00	7628515.56
18. —	Eftirlaun og styrktarfé	1572586.00	2116567.25
	Tillag til lífeyrissjóðs	750000.00	2065381.94
19. — 1.	Vantalin verðlagsuppbót (færð á viðkomandi fjárlagaliði)	4000000.00	
2.	Vegna nýrra launalaga (fært á viðkomandi fjárlagaliði)	4500000.00	
3.	Til annarra útgjalda	250000.00	1957006.69
20. —	Heimildarlög		212657.51
	Sérstök lög		29916430.01
	Væntanleg fjáraukalög		2046039.73
	Þingsályktanir		262742.91
		100211675.00	143211503.66
	Rekstrarafgangur	7966203.00	22633866.45
	Samtals kr.	108177878.00	165845370.11

Tafla 2.

Tekjur umfram fjárlög 1945:

Tekjur urðu samkvæmt reikningi	kr.	165845370.11
En voru áætlaðar	—	108177878.00
Umfram	kr.	57667492.11

2. gr.	Tekju- og eignarskattur	kr.	5164000.00
	Stríðsgróðaskattur	—	967000.00
	Veltuskattur frá 3 ársfj. (ekki á fjárl.)	—	8693000.00
	Vörumagnstollur	—	3532000.00
	Verðtollur	—	20772000.00
	Innflutningsgjald af benzíni	—	194000.00
	Gjald af innlendum tollvörum	—	996000.00
	Bifreiðaskattur	—	410000.00
	Aukatekjur	—	365000.00
	Stimpilgjald	—	2401000.00
	Vitagjald	—	217000.00

	Leyfisbréfagjald	kr.	86000.00		
	Veitingaskattur	—	989000.00		
	2% af sölu ísfisks (ekki á fjárl.)	—	2104000.00		
	Aðrir liðir	—	147000.00		
		kr.	47037000.00		
	÷ hækkun eftirst. o. fl.	—	4002000.00	kr.	43035000.00
3. gr. A	Áfengisverzlunin	—	12278000.00		
	Tóbakseinkasalan	—	3584000.00		
	Ríkisútvarpið og Viðtækjaverzlunin	—	230000.00		
	Ríkisprentsmiðjan	—	48000.00		
	Póstmál (lægri tekjuhalli)	—	229000.00		
	Aðrar stofnanir utan fjárlaga	—	380000.00		
		kr.	16749000.00		
	Undir áætlun: Landssíminn	—	3434000.00	—	13315000.00
4. gr.	Vaxtatekjur			—	120000.00
5. —	Óvissar tekjur			—	1203000.00
				kr.	57673000.00
3. — B	Undir áætlun			—	6000.00
				Samtals kr.	57667000.00

Tafla 3.

Inn:	Fjárlög Sundurl.	Fjárlög Samt.	Reikningur Sundurl.	Reikningur Samt.
I. Fyrningar:				
1. samkv. 3. gr. A	330000.00		616639.29	
2. — 3. — B	3649.00			
3. — 9. —	2170.00			
4. — 10. —	2046.00			
5. — 11. — A	7070.00		7500.00	
6. — 12. —	80000.00		70510.00	
7. — 13. —	187622.00		232734.21	
8. — 14. —	15866.00			
9. — 15. —	4350.00		6676.73	
10. — 16. —		632773.00	37244.50	971305.13
II. Útdregin verðbréf		1050000.00		1096320.00
III. Endurgr. fyrirframgreiðslur frá árinu 1944		10000.00		425000.00
IV. Endurgr. lán og andvirði seldra eigna		50000.00		1376741.91
V. Innb. ýmsar innistæður				409586.66
VI. Yfirtekin lán vegna jarðakaupa				4854.45
VII. Auknar lausaskuldir				1123518.56
VIII. Innb. fé til geymslu				4417585.22
	Samtals kr.	1742773.00		9824911.93

Út:	Fjárlög Sundurl.	Fjárlög Samt.	Reikningur Sundurl.	Reikningur Samt.
I. Afborganir lána:				
1. Ríkissjóðslán.				
a. Innlend lán	1580426.00		1181605.35	
b. Dönsk lán	574552.00		576209.87	
c. Ensk lán	189641.00	2344619.00	8282818.23	10040633.45
2. Lán ríkisstofnana.				
a. Landssíminn	200000.00		274878.94	
b. Ríkisútvarpið	89100.00	289100.00	89148.86	364027.80
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:				
1. Póstur og sími	1500000.00		3374986.63	
2. Ríkisútvarpið og Viðtækjaverzlunin			321950.59	
3. Vegamál			1149052.86	
4. Skipaútgerðin			329699.93	
5. Vitamál			703838.83	
6. Flugmál			1083087.20	
7. Ríkisprentsmiðjan			161700.55	

	Fjárlög Sundurl.	Fjárlög Samt.	Reikningur Sundurl.	Reikningur Samt.
8. Landssmiðjan			265274.76	
9. Áfengisverzlunin			784463.29	
10. Tóbakseinkasalan			570082.34	
11. Grænmetisverzlunin			107031.28	
12. Áburðarsalan			326612.13	
13. Viðskiptaráð			309272.28	
14. Ríkisbúin			143719.20	
15. Ríkisspítalarnir			554430.83	
16. Aðrar stofnanir		1500000.00	100634.12	10285836.82
III. Til vitamála:				
1. Til byggingar áhaldahúss	100000.00		655000.00	
2. Til að kaupa nýtt vitaskip	250000.00		95761.65	
3. Til að gera nýja vita	600000.00	950000.00	750000.00	1500761.65
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins og jarðakaupa		100000.00		443689.62
V. Til byggingar sjómannaskóla		1000000.00		1000000.00
VI. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítala		2000000.00		1131382.49
VII. Til byggingar þjóðminjasafns		1000000.00		400000.00
VIII. Til byggingar búnaðarskóla á Suðurlandi		250000.00		75000.000
IX. Fyrirfr. greitt vegna ársins 1946		10000.00		903000.00
X. Til byggingar varðskips		500000.00		878370.00
XI. Til byggingar Arnarhváls				450000.00
XII. Til byggingar embættismannabúst. utan Rvk				1249022.84
XIII. Keypt verðbréf				1515250.00
XIV. Greiddar lausaskuldir				5220144.19
XV. Greitt af geymdu fé				866485.38
XVI. Auknar innistæður og útistandandi kröfur				5590516.58
XVII. Útlagt fé vegna smíði fiskibáta				2600107.64
	Samtals kr.	9943719.00		44514228.46

Tafla 4.

Sjóðsyfirlit 1945:

		Inn	Út
Sjóður 1. janúar	kr.	16471253.36[1])	
Tekjur samkvæmt rekstraryfirliti	—	165845370.11	
Gjöld samkvæmt rekstraryfirliti	—		143211503.66
Eignahreyfingar: Inn	—	9824911.93	
Eignahreyfingar: Út	—		44514228.46
Sjóður 31. desember	—		4415803.28
	Kr.	192141535.40	192141535.40

Eins og menn hafa heyrt af lestri skýrslu þessarar, hafa afborganir og uppborganir á föstum lánum numið rúmlega 10400000.00 kr., og greiddar lausaskuldir nema rúmlega 5,2 millj. kr. Auk þess hefur verið lagt út vegna smíða fiskibáta 2,6 millj. kr., og eignaaukning ríkisstofnana nemur tæpl. 10,3 millj. kr., og keypt hafa verið verðbréf (Útvegsbanka-hlutabréf) fyrir 1,5 millj. kr. Þessar miklu greiðslur hafa eðlilega þær afleiðingar, að sjóðsreikningur lítur verr út en ætla mætti eftir hinum hagkvæma rekstrarreikningi. Sjóðsreikningur ársins verður á þessa leið: (Sjá töflu 4).

Ég skal þá næst, að svo miklu leyti sem auðið er, gefa yfirlit yfir afkomu yfirstandandi árs. En að sjálfsögðu verða menn að gæta þess, að þar er aðeins um bráðabirgðatölur að ræða, sem geta breytzt verulega, þegar fullnaðarskýrslur liggja fyrir. Heildartekjur ríkissjóðs í septemberlok námu 118654574.00, og er það tæpl. 12 millj. kr. meira en á sama tíma í fyrra. Í þessu eru þó taldar 4,3 millj., sem eru eftirstöðvar frá fyrri árum. Þeir tekjuliðir, er sýnilega fara mest fram úr áætlun á þessu ári, eru verðtollur, sem nam tæpl. 38 millj. kr. í septemberlok, en var áætlaður 35 millj. kr. í fjárlögum, stimpilgjald, sem nam 3,3 millj. í septemberlok, var í fjárlögum áætlað 3 millj. kr., og tekjur af ríkisstofnunum, sem í septemberlok námu 37,5 millj. kr., en voru áætlaðar 33,2 millj. kr. í fjárl. Enn fremur er líklegt, að tekju- og eignarskattur fari allmikið fram úr áætlun, og mun ég nánar víkja að því ásamt ýmsum öðrum tekjuliðum í sambandi við fjárhagsáætlun næsta árs.

Heildarútgjöldin í septemberlok námu tæpum 97,4 millj. kr., og er það 10,5 millj. kr. meira en á

1) Í sjóðsyfirliti fyrir árið 1944 var sjóður um áramót talinn 10471253.36. Stafar mismunurinn af því, að 6 millj. kr. höfðu verið lagðar á sérstakan reikning og áttu að ganga til skuldagreiðslu í Bretlandi. Voru þær eigi greiddar inn í ríkissjóðinn, þegar gengið var frá yfirliti ársins 1944.

sama tíma í fyrra. Sýnilegt er, að ýmsir gjaldliðir fara verulega fram úr áætlun, en þar sem ennþá er allt í óvissu, hver heildarútgjöldin muni verða, þykir mér eigi ástæða til að ræða það frekar nú. Fjvn. mun að sjálfsögðu fá bráðabirgðayfirlit yfir tekjur og gjöld, og geta hv. þm. haft aðgang að þeim skjölum, ef þeir óska að kynna sér þau nánar. Ég held, að óhætt sé að gera ráð fyrir, að rekstarafkoma yfirstandandi árs verði sæmilega hagkvæm. Hins vegar má vafalaust gera ráð fyrir, að einhver greiðsluhalli verði á árinu, enda var hann í fjárl. áætlaður rúmlega 18 millj. kr. En þar sem ég mun verða að ræða hina einstöku liði nánar í sambandi við fjárhagsáætlunina 1947, munu það verða óþarfa endurtekningar að fara frekar út í þá í sambandi við afkomu þessa árs.

Skal ég þá næst víkja að fjárhagsáætlun fyrir árið 1947. Eins og ég benti á, þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1946 var til fyrstu umr. í fyrra, hafa tekjur ríkissjóðs vaxið mjög ört hin síðustu árin. Tekjurnar voru:

1940:	27,3	millj.	kr.
1941:	50,4	—	—
1942:	86,7	—	—
1943:	110,8	—	—
1944:	127,4	—	—
1945:	165,8	—	—

Á yfirstandandi ári er útlit fyrir, að tekjurnar muni verða eigi minni en 175 millj. kr. og hækka þannig um allt að 10 millj. frá síðasta ári, þrátt fyrir það að niður hafi fallið allverulegir skattstofnar (veltuskattur og ísfisksgjald). Það liggur í augum uppi, að þessi mikla tekjuaukning frá ári til árs stafar fyrst og fremst af síaukinni þenslu atvinnuveganna, af háu kaupgjaldi og mjög góðri afkomu landsmanna. Þó hefur sá hnekkir á orðið tvö síðustu árin, að einn stærsti og arðvænlegasti atvinnurekstur landsmanna, síldveiðarnar, hefur brugðizt mjög tilfinnanlega, og liggur í augum uppi, að sá hnekkir kemur og niður á ríkissjóðnum. Hins vegar hefur stórvirkum atvinnutækjum (fiskiskipum, frystihúsum, vélaiðnaði ýmiss konar o. fl.) fjölgað mjög á hinum síðari árum, og leiðir sú aukning til hækkaðra tekna, bæði hjá einstaklingum og hjá ríkissjóðnum. Nú er það hins vegar því miður svo, að í ár er enn þá erfiðara að gera sér grein fyrir, hvað framundan er í atvinnulífi landsmanna, en á undanförnum árum. Ísfisksalan til Bretlands, sem á undanförnum árum hefur gefið landsmönnum meiri tekjur en nokkur annar atvinnurekstur, virðist að verulegu leyti munu bregðast. Þótt hraðfrystihúsum hafi fjölgað allört á síðari árum, munu þau þó hvergi nærri anna að frysta allan þann fisk, sem veiddur er. Mun þá að meira eða minna leyti verða að hverfa að saltfiskverkun aftur, enda er hún þegar hafin í allstórum stíl. Nú er það hins vegar svo, að ennþá er allt í óvissu um verðlag, bæði á hraðfrystum fiski og saltfiski. En þegar tekið er tillit til þess ástands, sem ennþá ríkir í matvælaframleiðslu heimsins, virðist þó ekki ástæða til sérstakrar svartsýni um sölu þessara afurða landsins. Hins vegar verður þó og að hafa það í huga, að sívaxandi verðbólga og dýrtíð torveldar alla framleiðslustarfsemi landsmanna. Mun það verða höfuðverkefni þessa þings og stjórnar þeirrar, sem væntanlega tekur til starfa einhvern tíma á þinginu, að leysa þau miklu vandamál. Margt bendir til, að það verði eigi lengur umflúið. Hver skynbær maður hlýtur að sjá og viðurkenna, að til þess má aldrei koma, að verðbólgan hefti eðlilega og heilbrigða framleiðslustarfsemi landsmanna, og við samningu fjárhagsáætlunar er að sjálfsögðu út frá því gengið, að framleiðslustarfsemi haldi áfram með eðlilegum hætti, og í raun réttri meira en það. Það er gengið út frá, að hin nýju, stórvirku tæki, sem ætlað er að taki til starfa á næsta ári, auki framleiðsluna til mikilla muna frá því, sem verið hefur. Öll framtíð lands vors er undir því komin, að unnt verði að halda hér uppi þróttmiklu atvinnulífi, að unnt verði að hafa verkefni handa hverjum manni, sem unnið getur. Takist það ekki, munu margar vonir bresta.

Með þessum inngangi skal ég svo víkja nokkuð að hinum einstöku tekjuliðum fjárlagafrv.

Fyrsti tekjuliðurinn er tekju- og eignarskattur, ásamt tekjuskattsauka, en gert er ráð fyrir, að hann verði framlengdur óbreyttur. Í fjárl. yfirstandandi árs voru þessir skattstofnar áætlaðir 29 millj. kr., en samkvæmt þeim upplýsingum, sem fengizt hafa, munu þeir verða nálægt 36,6 millj. kr. Gera má ráð fyrir einhverjum lækkunum hjá yfirskattanefndum og ríkisskattanefnd, en væntanlega ætti skatturinn á þessu ári þó að nema nál. 36 millj. kr. Afkomu alls almennings á þessu ári mun mega telja mjög góða. Eftirspurn eftir vinnuafli hefur aldrei verið meiri, og kunnugt er, að fjöldi manns hefur í ár verið tekjuhærri en nokkru sinni fyrr. Í fjárlagafrv. hafa þessir fyrrnefndu skattar því verið áætlaðir 35 millj. kr., og hygg ég, að þar sé ekki mjög óvarlega farið.

Álagður stríðsgróðaskattur á þessu ári mun nema sem næst 9,7 millj. kr. Hluti ríkissjóðs ætti því að verða 4,85 millj. En með tilliti til þess, að væntanlega þarf ekki að gera ráð fyrir miklum stríðsgróðaskatti frá útgerðinni á næsta ári, þótti eigi fært að áætla hluta ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti hærri en 3 millj. kr., og er það sama fjárhæð og í fjárl. yfirstandandi árs.

Vörumagnstollur nam í septemberlok 9,8 millj. kr. og hefur þannig verið tæplega 1100000.00 á mánuði. Í fjárlagafrv. er hann áætlaður 12 millj. kr., og mun það naumast geta talizt óvarlega áætlað.

Kemur þá næst verðtollurinn, sem orðinn er langstærsti tekjustofn ríkissjóðs. Eins og ég áður gat um, nam hann í septemberlok tæpum 38 millj. kr. og hefur þannig verið til jafnaðar rúmlega 4,2 millj. kr. á mánuði. Það orkar eigi tvímælis, að verðtollurinn á þessu ári mun losa 50 millj. kr. Að vísu hefur því verið haldið fram af ýmsum, að innflutningur hafi verið óeðlilega mikill á þessu ári, að flutt hafi verið inn ýmiss konar skran, og þar fram eftir götunum. En allt er þetta á misskilningi byggt. Vörubirgðir munu sízt vera óeðlilega miklar hér nú, og strangar innflutningshömlur hafa verið á öllum ónauðsynlegum vörum. Hins vegar má víst með nokkrum rétti segja, að innflutningur hafi orðið nokkru hærri en ella mundi vegna vörusölu til Danmerkur á öndverðu þessu ári, enda þótt vörur þær væru oss að mestu lítils virði. En fyrir þær vörur hefur að sjálfsögðu komið erlendur gjaldeyrir. Ég tel því eigi miklar líkur til, að innflutningur lækki frá því, sem verið hefur, svo framar-

lega sem atvinnuvegirnir halda áfram með eðlilegum hætti. Þess ber og að gæta, að vöruverð fer nú yfirleitt hækkandi á heimsmarkaðnum, og leiðir það vitanlega einnig til hækkaðs gjalds. Verðtollurinn er í fjárlagafrv. áætlaður 42 millj. kr., eða sem næst 20% lægri en hann mun reynast á þessu ári, og ætla ég, að það sé eigi óvarlega farið.

Innflutningsgjald af benzíni og bifreiðaskattur var í septemberlok rúml. 2 millj. kr. Í fjárlagafrv. eru þessir tekjustofnar áætlaðir 3,5 millj. kr., og er hækkunin gerð með tilliti til mikillar bifreiðafjölgunar, svo og ýmiss konar véla, sem brenna benzíni. Þessir tveir tekjustofnar eru í fjárl. yfirstandandi árs áætlaðir 2,2 millj. kr., og má vera, að áætlunarhækkunin sé fullmikil, en varla þó svo, að miklu máli skipti.

Gjald af innlendum tollvörum eru í fjárl. yfirstandandi árs áætlað 1,8 millj. kr., en í septemberlok var innkomið tæpl. 1.2 millj. Er útlit fyrir, að þessi tekjustofn standist ekki að fullu áætlun. Stafar það vafalaust einvörðungu af því, að iðnaðinn hefur skort mjög tilfinnanlega sykur á þessu ári, og *má ætla, að svo verði einnig á næsta ári,* þar sem sykurskortur er ennþá mikill í heiminum. Í fjárlagafrv. er þessi tekjustofn áætlaður 1,5 millj. kr., eða 300 þús. kr. *lægri en á yfirstandandi ári.*

Fasteignaskattur og lestagjald af skipum hefur verið látið haldast óbreytt eins og í fjárl. yfirstandandi árs, fasteignaskatturinn 600000 kr. og lestagjaldið 100000 kr.

Aukatekjur eru hækkaðar úr 1,1 millj. í 1,6 millj., en þær voru í septemberlok 1,3 millj. og fara þannig sýnilega talsvert fram úr áætlun. Sama er að segja um stimpilgjald, það hefur verið hækkað úr 3 millj. í 4 millj., en í septemberlok var innborgað stimpilgjald tæpl. 3,3 millj. kr. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að frv. um hækkun þessara gjalda o. fl., sem þegar hafa verið lögð fyrir Alþ., nái fram að ganga.

Vitagjald, leyfisbréfagjöld og erfðafjárskattur hafa verið látin haldast óbreytt, eins og þau eru áætluð í fjárl. þessa árs, enda mun láta mjög nærri, að þau fylgi áætlun. Aftur á móti hefur veitingaskattur verið hækkaður úr 800 þús. kr. í 1 millj. kr., en hann var í septemberlok orðinn tæpl. 1 millj., og má telja líklegt, að hann verði svipaður á næsta ári.

Skattar og tollar eru þannig í fjárlagafrv. áætlaðir samtals 105,2 millj. kr., en voru í fyrra áætlaðir 88,5 millj. Hækkun nemur þannig 20 millj. kr. Má vel vera, að sumir telji þessa áætlun óvarlega, en þegar litið er á reynslu yfirstandandi árs, ætla ég þó, að eigi séu miklar líkur til að áætlunin fái eigi staðizt, að sjálfsögðu þó með því skilyrði, að atvinnurekstur haldi áfram með eðlilegum hætti.

Næst skal þá vikið að ríkisstofnununum. Eins og sjá má í sundurliðuninni í 3. gr. fjárlagafrv., er gert ráð fyrir halla á rekstri póstsjóðs, er nemur 800 þús. kr., og halla á rekstri landssímans, er nemur 3300000.00. Auk þess er tekið upp í 20. gr. eignaaukning landssímans vegna nýrra símakerfa o. fl. 2500000.00 og enn fremur 600 þús. kr. vegna skuldagreiðslu o. fl. Mér virðist með öllu óviðunandi, að þessar stofnanir og þó sérstaklega landssíminn skuli ár eftir ár þurfa að vera þungur baggi á ríkissjóði. Ég vil enn á ný skora á yfirstjórn þessara stofnana að taka málið upp til athugunar og reyna að finna úrræði til þess, að stofnanirnar geti borið sig. Hins vegar hefur eigi þótt fært annað en að reikna með þessum halla við samningu fjárlagafrv., en ég beini þeim tilmælum til hv. fjvn. að hún taki málið til sérstakrar yfirvegunar og þá að sjálfsögðu í samráði við yfirstjórn stofnananna.

Þær ríkisstofnanir, sem annars skipta verulegu máli í sambandi við fjárhagsáætlunina, eru einkasölurnar, áfengisverzlun og tóbakseinkasala. Nettóhagnaður áfengisverzlunar í septemberlok var rúml. 26.5 millj. kr., og má því gera ráð fyrir, að heildarhagnaðurinn á yfirstandandi ári verði ekki undir 36 millj. kr. og þó líklega nokkru meiri, því að reynsla hefur sýnt, að áfengissalan er yfirleitt mest síðustu mánuði ársins. Í fjárlagafrv. er rekstrarhagnaður áfengisverzlunarinnar hins vegar áætlaður 24 millj. kr., eða sem næst 1,5 millj. hærri en í fjárl. þessa árs. Það verður að játast, að mjög er erfitt að áætla tekjustofn slíkan sem þennan. Það verður fremur ágizkun en áætlun. Hin mikla sala á áfengi byggist fyrst og fremst á því, hve mikil peningaráð allur almenningur hefur. Ef tekjur almennings rýrnuðu, mundi áfengissalan vafalaust minnka. Og þar sem allt er í óvissu um, hver fjárhagsgeta manna verður á næsta ári, þótti eigi varlegt að miða áætlunina við reynslu þessa árs. En ólíklegt þykir, að salan minnki svo á einu ári, að áætlunin fái eigi staðizt.

Í þessu sambandi mætti ef til vill á það minnast, að því hefur þráfaldlega verið hreyft á síðari árum, að áfengið sé selt of háu verði og tekjur ríkissjóðs af áfengissölu séu óeðlilega miklar. Nú er það út af fyrir sig vafasamt, hvort tekjur ríkissjóðs lækkuðu nokkuð við það, þótt verð á áfengi væri eitthvað lækkað. Það mundi án efa leiða til aukinnar sölu, og mundi verðlækkunin að meira eða minna leyti vinnast upp á þann hátt. Hitt er svo illsamrýmanlegt að krefjast lækkunar á áfengisverði og kvarta jafnframt um of mikla áfengisneyzlu í landinu. Ég hygg því, að kvartanirnar yrðu eigi síður háværar, ef horfið væri að því ráði að lækka áfengisverðið, enda er sannleikurinn sá, að áfengið er hlutfallslega eigi selt hærra verði en fjölmargar aðrar vörur, og beri maður áfengisverðið t. d. saman við kaupgjaldið, eru menn sízt verr settir nú en í þá góðu, gömlu daga, þegar brennivínsflaskan kostaði ekki nema 1.50 kr.

Hagnaður af tóbakseinkasölu er í fjárlögum yfirstandandi árs áætlaður um 9 millj. kr., en í fjárlagafrv. 8560000 kr. Í septemberlok var hagnaður á einkasölunni orðinn tæpar 11 millj. kr. og *mun því væntanlega á árinu verða 14—15 millj.* kr. Lækkunin er því allmikil frá reynslu yfirstandandi árs. En af sömu ástæðum eins og með áfengisverzlunina *þótti ekki varlegt að byggja á reynslu* þessa árs, enda er almennt talið, að allmikið af tóbaki hafi verið flutt út úr landinu á þessu ári, sumpart löglega og sumpart ólöglega. Hins vegar hygg ég þó, að áætlunin megi teljast fremur varleg, og er mjög ólíklegt, að sá samdráttur verði í tóbakssölunni á einu ári, að hún fái ekki staðizt. Að sjálfsögðu mun fjvn. taka til rækilegrar yfirvegunar, hvort eigi mundi fært að hækka þessa tekjuliði eitthvað. Aðrar ríkisstofnanir en þær, sem ég nú hef nefnt, skipta eigi verulegu máli fyrir fjárhagsafkomu ríkissjóðs, og mun ég því eigi gera þær að sérstöku umræðuefni.

Eins og sjá má í rekstraryfirlitinu í 21. grein, eru heildartekjur ársins 1947 áætlaðar 136284679.00 kr., eða næstum 30 millj. kr. minni en þær reyndust á árinu 1945 og nál. 40 millj. kr. minni en líklegt er, að þær reynist á þessu ári. Vel má vera, að einhverjir telji að hér sé um óþarflega mikla varfærni að ræða og að engar líkur séu til, að sú rýrnun verði á tekjum ríkissjóðs á næsta ári, að þær fari eigi langt fram úr þessari áætlun. En við samning fjárlagaáætlunarinnar bæði í fyrra og í ár hef ég yfirleitt reynt að fylgja þeirri reglu að hafa varið heldur fyrir neðan mig, og ég hef heldur kosið, að fjvn. hækkaði tekjuáætlunina frá því, sem ég hef gengið frá henni, heldur en að hún yrði lækkuð. Hitt er mér fullljóst, að víða getur verið mikið álitamál, hvernig áætla skuli, og má vel vera, að mér hafi eigi alls staðar tekizt að þræða rétt meðalveginn.

Kem ég þá næst að gjaldaáætluninni. Fyrst skal á það bent, eins og raunar er getið um í aths. við frv., að reiknað er með vísitölu 290. Þegar byrjað var að vinna að samningu fjárlagafrv. í sumar, var vísitalan nálægt 290, og þótti ógerlegt að breyta henni aftur, þótt hækkuð væri, þegar frv. var lagt fram. Ef vísitalan verður látin haldast í 300 eða þar yfir, liggur í hlutarins eðli, að ætla verður fé til að standa straum af útgjaldaaukningu, sem af þessari hækkun leiðir.

Um 6.—10. gr. frv. hef ég ekkert sérstakt að segja umfram það, er í aths. greinir.

Um 11. gr. er heldur ekki margt að segja fram yfir það, sem um getur í aths. Rétt er að benda á, að til landhelgisgæzlu eru ætlaðar 3 millj. kr., og er það nokkru lægra en Skipaútgerð ríkisins lagði til. En með því að hún hafði eigi gert ráð fyrir neinum tekjum af björgunarstarfsemi eða sektum fyrir landhelgisbrot, þótti eigi ástæða til að mæla með hærri fjárveitingu en áður greinir.

Um 12. gr. þarf ég ekki margt að segja. Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla o. fl. er óbreyttur frá síðustu fjárl. kr. 1,1 millj. Heilbrigðisstjórnin fór fram á allmiklu hærri fjárveitingu, en ekki þótti fært að taka þær óskir til greina. Á 20. gr. er auk þess veitt 2 millj. kr. til viðbótarhúsnæðis fyrir ríkisspítalana. Vafalaust væri þörf á hærri fjárveitingu í þessu skyni, en ekki þótti þó fært að mæla með hærri fjárhæð en veitt var í þessa árs fjárl.

Kem ég þá að 13. gr. Framlag til nýrra þjóðvega er áætlað 5 millj. kr., en fjárveiting þessa árs til nýbygginga var 7 millj. kr. Ótalin eru þá að vísu bæði árin gjöld samkv. l. um orlof verkamanna, en þau gjöld eru nú áætluð 450000 kr. Viðhaldskostnaður er áætlaður 9 millj. kr., en fjárveiting þessa árs var 8 millj. kr. Því miður er þessi aukning sízt of mikil, því að ár eftir ár hefur þessi útgjaldaliður farið allmikið fram úr áætlun. Á þessu ári voru veittar 800000 kr. til kaupa á vegavinnuvélum og í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að á næsta ári verði varið 500000 kr. í sama skyni. Þótt eitthvað gangi úr sér af gömlum vélum hlýtur vélakostur sá, sem vegamálastjórnin ræður yfir, að vera mjög vaxandi. Og þegar þess nú er gætt, hvernig afköstin margfaldast við vélavinnuna, þá er síður en svo að um nokkra kyrrstöðu yrði að ræða í vegagerðinni, þótt lítils háttar væri dregið úr fjárveitingunni. Það er ill meðferð á fjármunum að láta menn starfa að vegagerð með handverkfærum einum saman og það á þeim tíma, sem skortur er á vinnuafli til framleiðslustarfa. Slíkt ráðlag getur engin þjóð leyft sér, og vissulega miðar það eigi að því að koma vegamálum landsins í viðunandi horf. Hitt er svo annað mál, að ef handverkfærin eiga að hverfa úr sögunni, verður gerbreyting að komast á tilhögun vegaframkvæmdanna. Það samrýmist ekki vélavinnunni, að unnið sé að vegagerð á jafnmörgum stöðum og gert hefur verið á undanförnum árum. Mér telst til, að á þessu ári hafi verið ráðgert að vinna að 110 þjóðvegum. Hvort raunverulega hefur verið unnið að þeim öllum, er mér eigi kunnugt. Nú er það vitað, að ýmsir af þessum vegarspottum koma að engu gagni, fyrr en vegurinn allur er fullgerður. Ég skal nefna sem dæmi veginn frá Hnífsdal að Bolungavík. Til hans voru veittar 90000 kr. á þessu ári, en ég hygg óhætt að fullyrða, að enginn geti haft nokkur not vegarins, fyrr en hann er kominn alla leið til Bolungavíkur. Líkt mun þessu farið um ýmsa aðra vegi. Það fé gefur því lítla vexti, sem varið er til slíkra fyrirtækja. Mér kemur þetta mál þannig fyrir sjónir, að heppilegasta lausnin væri sú, að vegamálastjórnin semdi nokkurra ára áætlun um vegagerð í landinu, setti efst á blað þá vegi, sem mesta þjóðhagslega þýðingu hafa og brýnust þörf er fyrir. Að þeim yrði svo unnið, eftir því sem fjárhagsgetan leyfir á hverjum tíma, þangað til þeir eru fullgerðir. Tækju svo við þeir næstu og svo koll af kolli. Með þessu ynnist það, að vegafé kæmi þegar í stað að fullum notum, og auk þess sparaðist flutningur á vegavinnuvélunum, svo að heildarafköstin færu vaxandi. Óánægju mundi þetta að sjálfsögðu valda hjá þeim, sem lengi þyrftu að bíða, en þjóðhagslega væri það engu að síður ávinningur. Og vel mætti svo fara, að jafnvel þeir, sem aftarlega yrðu í röðinni, fengju fyrr full not vega sinna en verða mundi, ef haldið er sömu tilhögun og verið hefur. Ég vil nú eindregið mælast til, að bæði vegamálastjórnin og hv. fjvn. taki mál þetta til alvarlegrar athugunar og láti hreppapólitíkina ekki villa sér sýn. Þörfin fyrir aukna vegagerð er brýn og aðkallandi á landi voru. Því síður megum vér kasta á glæ því fé, sem til hennar er varið.

Til brúargerða er lagt til, að veitt verði 1,5 millj. kr., en fjárveiting til nýrra brúa var í fjárl. þessa árs tæpar 2 millj. kr. Aftur á móti eru tillög til akfærra sýsluvega hækkuð um samtals 150000 kr.

Til samgangna á sjó er lagt til, að veittar verði röskar 3 millj. kr., og er það lítið eitt lægra en á s. l. ári.

Til vita og hafna eru áætlaðar röskar 7 millj. kr., og er þar langstærsta framlagið til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, 4 millj. kr. Auk þess er ætlað til hafnarbótasjóðs 800000 kr. Þessi fjárframlög hafa farið mjög vaxandi hin síðari árin, enda hefur þörf fyrir hafnargerðir aldrei verið eins knýjandi og nú vegna hinnar öru stækkunar á skipastólnum.

Til flugmála er ætlað samtals 4250700.00, auk 400 þús. kr., sem veittar eru í 20. gr. til flugvallar í Vestmannaeyjum og flugskýlis á Ísafirði. Í fjárl. þ. á. eru veittar aðeins rúmar 900 þús. kr. til flugmála. Hækkunin stafar af afhendingu Reykjanesflugvallarins til ríkisins.

Heildarútgjöldin samkv. 14. gr. eru í fjárlagafrv.

áætluð tæpl. 23,4 millj. kr., en eru í fjárl. þessa árs 21,8 millj. kr. Hækkunin stafar af útgjaldaaukningu vegna hinna nýju fræðslulaga. Barnafræðsla hefur hækkað um 1,26 millj. kr. og ungmennafræðsla um 0,28 millj. kr. — Til íþróttasjóðs er lagt til, að veittar verði 700 þús. kr. Er það 100 þús. kr. meira en veitt var í fjárl. 1945, en 300 þús. kr. lægra en á þessu ári. Framlag til byggingar húsmæðraskóla er lagt til, að verði 800 þús. kr., og er það 500 þús. kr. lækkun frá fjárl. þ. á. — Til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla er lagt til, að veittar verði samtals 1,5 millj. kr., en í fjárl. þ. á. eru veittar 2,2 millj. í sama skyni. Í þessu sambandi mætti ef til vill á það drepa, að vel má vera, að ýmsum þyki um of skorið niður framlag til ýmissa opinberra bygginga. Auðvelt er að benda á brýna þörf fyrir flestar þeirra. En það er hvort tveggja, að vegna fjárhagsafkomu ríkisins er eigi unnt að gera allt í einu, og hitt, að eins og ástandið er í byggingariðnaðinum hér á landi nú, orkar það meira en lítils tvímælis, hvort rétt sé að hlaupa í kapp við atvinnuvegina um vinnuaflið. Það má aldrei gleymast, að skilyrði fyrir, að unnt sé að halda uppi fullkomnu fræðslukerfi, að unnt sé að fullnægja sjúkrahúsaþörf o. s. frv., er það, að atvinnulífið standi í blóma. Þær byggingar, sem standa í beinu sambandi við framleiðslustarfsemina, eiga því að ganga á undan, og þá aukast möguleikar fyrir að koma síðar upp ýmsum menningar- og líknarstofnunum. Þessa hefur stundum eigi verið nægilega gætt, og væri betur, að vér ættum eigi eftir að súpa seyðið af því. Ég er þeirrar skoðunar, að vér verðum nú að keppa að því að fullgera þær opinberu byggingar, sem þegar er byrjað á, en fara mjög varlega í að hefja nýbyggingar, eins og nú standa sakir.

15. gr. fjárl. er sannast sagt orðin hálfleiðinleg ruslakista. Þar eru t. d. 29 bókasöfn og lesstofur með frá 1200 kr. og upp í 37500 kr. styrk. Þar eru enn fremur 11 leikfélög og leiklistarskólar með frá 1000 kr. og upp í 30000 kr. styrk. Allt er það vitanlega tilviljun háð, hverjir hljóta styrk og hverjir ekki. Einhverjir mundu og jafnvel efast um menningarlegt gildi sumra þessara stofnana. Væri ekki eðlilegra, að Alþ. veitti í einu lagi nokkra fjárfúlgu til þessara mála og einhverri annarri stofnun, t. d. menntamálaráði, væri falin úthlutun? *Ég skýt þessu fram til athugunar fyrir hv.* fjvn. Þetta skiptir að vísu litlu máli fjárhagslega, en mér sýnist það hins vegar mundu verða áferðarfallegra.

Annars hef ég ekki margt um 15. gr. að segja. Atvinnudeild háskólans er að verða geysidýr stofnun, og verður dýrari svo að segja með hverri vikunni, sem líður. Nokkuð oft heyrist um það kvartað, að árangur sjáist lítill af starfi hennar. *Þess verður nú vel að gæta, að mörg vísindastarfsemi* sýnir eigi skjótan árangur, en getur átt fullan rétt á sér eigi að síður. Hitt má svo vel vera, að skipulag atvinnudeildar þurfi betri athugunar við, og væri ef til vill eigi úr vegi, að fjvn. gæfi því sérstakan gaum.

Kostnaður við veðurstofuna er áætlaður 980 þús. kr., en var í þessa árs fjárl. 514 þús. Hækkunin stafar af aukinni þjónustu vegna flugsamgangna.

Styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna hefur verið lítils háttar lækkaður, og stafar það aðallega af því, að styrkurinn gekk eigi allur út á þessu ári. Annars mun sú skoðun nokkuð almenn, að styrkveitingar þessar, eins og framkvæmdar hafa verið á síðustu árum, eigi lítinn rétt á sér. Margt virðist mæla með, að tilhögun væri breytt í þá átt, að efnilegir menn væru styrktir til náms, en styrkir væru að öðru leyti ekki veittir öðrum en þeim, sem skarað hefðu fram úr, og þá sem heiðurslaun. Það er til mjög vafasamrar uppbyggingar fyrir listastarfsemi í landinu, að svo að segja hver maður, sem vill gefa listagyðjunni hýrt auga, geti komizt á föst laun hjá ríkinu, án nokkurs tillits til, hvort gyðjurnar vilja gjalda í sömu mynt.

Kem ég þá að 16. gr. Jarðabótastyrkur er áætlaður 2500000 kr., og er það 800 þús. kr. meira en í fjárl. þessa árs. Vafasamt er þó, að sú hækkun sé nægileg. Jarðabæturnar eru nú unnar með miklu stórvirkari vélum en áður, og má gera ráð fyrir, að það leiði til stóraukinna framkvæmda. Spurning er hins vegar, hvort ekki er ástæða til að lækka styrk til sumra framkvæmda, sérstaklega þurrkunar á landi. Þar hefur alveg nýtt viðhorf skapazt við notkun kílplóga til holræsagerðar.

Þá eru áætlaðar samtals 5 millj. kr. vegna laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Nemur þessi hækkun sem næst 4 millj. kr. Vafasamt er máske, að öll fjárhæðin verði notuð á næsta ári, en varlegra þótti hins vegar að gera ráð fyrir þeim möguleika, enda verður fjárframlagið að teljast skylt samkv. fyrrnefndum l.

Framlag til vélasjóðs til verkfærakaupa er áætlað 850 þús. kr., og er það 350 þús. kr. meira en á fjárl. þessa árs.

Þá er framlag til skógræktar áætlað 871 þús. kr., og er það 400 þús. kr. meira en á síðasta ári. Aðalhækkunin stafar af kostnaði við skógræðslu, sem er meira en tvöfaldur, svo og kostnaður við friðun skóglendis á einstökum jörðum samkv. l. nr. 10 1943, en hann er hækkaður úr 40 þús. kr. upp í 150 þús. kr. Þessi hækkun er að vísu mjög mikil, en ef skógræktin á að verða annað en nafnið tómt, verður eigi komizt hjá að auka framlög til hennar.

Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma hefur verið látinn haldast óbreyttur, 2800 þús. kr. Það verður að játast, að þessi áætlun er gerð af handahófi Fyrir Alþ. mun bráðlega verða lagt frv. um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og er þar að ýmsu leyti gert ráð fyrir nýrri tilhögun þessara mála. Má gera ráð fyrir, að komið verði í ljós, hvort frv. það nær fram að ganga, áður en gengið er frá fjárl., og ef svo yrði, mundi fjárhagsáætlun byggjast á hinni nýju skipun.

Raforkumálin eru nú tekin sem sérstakur stafliður í 16. gr. Stærstu útgjaldaliðirnir þar eru tillag til raforkusjóðs, 2 millj. kr., og kostnaður við *jarðboranir, samtals 650 þús. kr.* Fyrri liðurinn er lögákveðinn, en að sjálfsögðu getur orkað tvímælis, hvort rétt sé að verja svo miklu fé sem hér er gert ráð fyrir til jarðborana.

17. gr. fjárl. er sú greinin, sem hlutfallslega hækkar langmest. Stafar það svo að segja einvörðungu af hækkuðu framlagi til alþýðutrygginga, en sá liður hefur hækkað um tæpar 14 millj. kr. Fyrir fram var vitað, að l. um alþýðutryggingar mundu valda ríkissjóði miklum útgjöldum. Hins verður að sjálfsögðu að gæta, að l. spara mörgum einstaklingum mikil fjárútlát vegna ómagafram-

færslu o. fl., og ætti það að vega nokkuð á móti. Hinu verður svo ekki neitað, að þessi gífurlega útgjaldaaukning mun torvelda mjög, að unnt verði að ganga frá hallalausum fjárl. Verður nánar að því atriði vikið síðar.

Þá er gert ráð fyrir, að Sambandi ísl. berklasjúklinga verði veittur 400 þús. kr. byggingarstyrkur, og er það tvöfalt meira en veitt var í fjárl. þessa árs. Félagsskapur þessi er nú að reisa höfuðbyggingu sína í Reykjalundi, og mun hún kosta ærið fé. Hér er um svo mikið þjóðþrifafyrirtæki að ræða og því hefur verið stjórnað af svo miklum myndarskap og, að því er virðist, ráðdeildarsemi, að stofnunin er vissulega alls góðs makleg. Það hefur mikla þjóðhagslega þýðingu, að berklasjúklingunum sé séð fyrir hæfilegum verkefnum. Á hitt þarf ekki að benda, hverja þýðingu það hefur fyrir þá sjálfa bæði efnalega og andlega. Fleiri liði í 17. gr. sé ég ekki ástæðu til að gera að umræðuefni, og í 18. gr. er, að ég ætla, ekkert, sem gefur mér tilefni til sérstakra aths.

Í 19. gr. munu menn veita því athygli, að felld er niður fjárveiting til niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum, en hún var á þessa árs fjárl. áætluð 12 millj. kr. Ég hef ár eftir ár á það bent, að þessi útgjaldaliður þurfi að hverfa úr fjárl. Hingað til hafa menn hins vegar lítt viljað á það hlusta. En eins og nú er komið, hygg ég, að hver maður, sem lætur sig nokkru skipta, að fjárreiður ríkissjóðs séu í sæmilegu lagi, verði að viðurkenna, að óhjákvæmilegt sé að skipa málum þannig, að ekki þurfi á niðurgreiðslunum að halda. Þetta mál verður að sjálfsögðu að takast til athugunar í sambandi við dýrtíðarmálin almennt, og þetta þing getur ekki skilið þannig, að það finni ekki einhverja lausn þeirra. Mál þetta mun að sjálfsögðu verða rækilega rætt í sambandi við málefnasamninga um stjórnarmyndun, en ég tel ólíklegt, að nokkur vilji taka ábyrgð á fjármálastjórninni upp á það að halda áfram að ausa út milljónum á svo fávíslegan hátt.

Ég hef þegar drepið á nokkra útgjaldaliði 20. gr. og get verið fáorður um hina aðra. Að mestu er þar um að ræða fjárveitingar til mannvirkja, sem þegar er byrjað á eða að minnsta kosti fé hefur verið veitt til áður. Þannig er það t. d. um menntaskólahúsið í Reykjavík, heimavistarhús Akureyrarskólans og Skálholtsskóla. Til allra þessara bygginga var veitt fé í fjárl. síðasta árs, en á engri byrjað ennþá. Stýrimannaskólanum er ætluð sama fjárveiting og á þessu ári, 1 millj. kr. Þrátt fyrir þessa tiltölulega háu fjárveitingu virðist skólanum furðu lítið miða áfram, og á langt í land, að hann verði fullgerður. Þjóðminjasafni eru ætlaðar 500 þús. kr., íþróttakennaraskólinn fær lokagreiðslu, 255 þús. kr., og nokkrar minni fjárhæðir eru ætlaðar til að fullgera hús, sem eru í smíðum. — Til vitamála er ætluð nálega sama fjárhæð og á þessu ári, 1,37 millj. kr., og loks er ætluð til byggingar varðskips 1 millj. kr.

Fjárveiting til bygginga á jörðum ríkisins er nokkuð hækkuð, úr 200 þús. kr. upp í 350 þús. kr. Það hefur komið í ljós, að ríkið getur með engu móti uppfyllt landsdrottinsskyldur sínar með þeim fjárframlögum, sem hingað til hafa verið ætlaðar til endurbygginga á þjóðjörðum. Jarðagóss ríkisins verður jafnan baggi á því, og reynslan er að nýju að leiða í ljós, að þjóðjarðirnar dragast aftur úr, bæði hvað ræktun og byggingar snertir. Væri án efa æskilegast, að þær kæmust sem flestar í sjálfsábúð aftur.

Ég hef nú drepið á þá liði gjaldabálksins, sem mér hefur þótt sérstök ástæða til að vekja athygli á. En eins og rekstraryfirlitið í 21. gr. ber með sér, eru heildarrekstrarútgjöld áætluð 146026809 kr. Er þetta tæpum 19 millj. kr. meira en á síðasta ári. En eins og ég áður gat um, eru tekjur áætlaðar 136284679 kr. og rekstrarhalli því rúmlega 9,7 millj. kr. Nemur hann þannig rúml. 7% af heildartekjum, eins og þær eru áætlaðar. Greiðsluhallinn verður hins vegar miklum mun meiri. Samkv. sjóðsyfirlitinu í 21. gr. nemur hann tæpum 22 millj. kr. eða milli 15 og 16% af sjóðsinnborgunum. Enn þá getur að sjálfsögðu enginn sagt um, hverjum breytingum fjárlagafrv. tekur í meðferð þingsins, en ef að venju lætur, má gera ráð fyrir, að útgjöld hækki fremur en lækki. Hvort þingið treystist til að hækka tekjuáætlun, skal ósagt látið. Það er sennilega fullsnemmt að bera fram nokkrar tillögur um, hvernig snúast skuli við í þessu efni, meðan útkoma yfirstandandi árs er eigi betur kunn en raun er á og meðan öldungis er ókunnugt, hverja stefnu Alþ. tekur í dýrtíðarvandamálinu.

Áður en ég lýk máli mínu, þykir mér rétt að gefa yfirlit yfir fjárhag ríkissjóðs, eins og hann var um síðustu áramót. Hef ég í höndum efnahagsreikning, saminn af ríkisbókhaldinu, og skal ég leyfa mér að lesa hann upp: (Sjá næstu bls.).

Viðvíkjandi eignalið III. ber þess að geta, að þar sem reikningar margra sjóðanna hafa ekki borizt ríkisbókhaldinu ennþá, er hér reiknað með sömu tölum og í árslok 1944.

Eins og efnahagsreikningur þessi ber með sér, verður eigi annað sagt en að hagur ríkissjóðs standi nú með blóma. Samanlagðar skuldir hans nema aðeins 33,7 millj. kr. fyrir utan geymslufé, og hrein eign hans er yfir 126 millj. kr. Erlendar skuldir eru að mestu horfnar. Framkvæmdir hafa síðustu ár verið meiri en nokkurn tíma fyrr og framleiðsluskilyrði öll stórum betri en nokkru sinni fyrr á landi voru. Atvinnuvegirnir hafa á síðustu árum tekið tæknina í þjónustu sína í mjög ríkum mæli, þótt betur þurfi að vera, áður en lokið er. Víst má telja, að ein höfuðframleiðsluvara landsins, síldarafurðirnar, verði í mjög háu verði á næsta ári, og afköst síldarverksmiðjanna eru orðin svo mikil, að gott veiðiár mundi auka útflutninsverðmæti gífurlega. Verzlunarjöfnuður þessa árs hefur að vísu verið mjög óhagstæður, og þarf engan að undra það. Saman hefur farið stórfelldur aflabrestur á síldveiðunum og gífurlegur innflutningur á ýmsum tækjum til atvinnurekstrar. En hin mikla aukning atvinnutækjanna, sem sumpart er komin í framkvæmd og sumpart að fullu tryggð, mun brátt segja til sín, og ég held, að Ísland hafi aldrei haft minni ástæðu til að kvíða gjaldeyrisskorti en einmitt nú. Það, sem oss nú er nauðsynlegast, er að stýra málum þann veg, að atvinnuvegirnir haldi áfram að blómgast. Ég held, að það væri sjálfskaparvíti, ef svo yrði ekki. En ef atvinnulífið er þróttmikið, munu landsmenn áfram geta búið við góð kjör efnalega, og þá mun ríkissjóður heldur eigi verða fjárvana.

Ég legg svo til, að umr. verði frestað og frv. vísað til hv. fjvn.

Efnahagsreikningur ríkissjóðs pr. 31. des. 1945.

Eignir:				
I. Sjóður hjá ríkisféhirði			kr.	4415803.28
II. Innistæða:				
Hjá ýmsum	kr.	2391008.88		
— sendiráðum	—	678505.87		
— sýslumönnum	—	22879.67		
			—	3092394.42
III. Sjóðir			—	53128750.31
IV. Verðbréf og kröfur			—	16367285.00
V. Ýmis verðbréf og kröfur			—	15672236.00
VI. Ríkisfyrirtæki			—	67643703.77
VII. Jarðeignir, húseignir o. fl.			—	20797222.52
Skuldir:				
I. Innlend lán				kr. 20910713.14
II. Erlend lán				— 6706746.73
III. Lausaskuldir				— 6108957.43
IV. Geymt fé				— 21302598.76
V. Höfuðstóll	kr.	103454512.79		
+ Rekstarhagn ársins	—	22633866.45		
				— 126088379.24
			Kr.	181117395.30 181117395.30

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þótt fjárlagafrv. fyrir árið 1947 sé hér til 1. umr., mun ég ekki fara út í að ræða það í einstökum atriðum, heldur mun ég nota þetta tækifæri til að minnast á nokkur grundvallaratriði í sambandi við okkar þjóðarbúskap — nokkur höfuðskilyrði þess, að hægt sé á hverjum tíma að setja fjárl., sem með sæmilegum hætti svari til helztu þarfa þjóðarinnar og heilbrigðra óska hennar.

Eins og kunnugt er, byggist þjóðarbúskapur okkar Íslendinga hlutfallslega meira en nokkurrar annarrar sjálfstæðrar þjóðar á matvælaframleiðslu fyrir erlendan markað. Hin auðugu fiskimið umhverfis okkar vogskorna eyland eru sú gullkista, sem við fyrst og fremst sækjum í þann gjaldeyri, sem gerir okkur kleift að halda uppi sjálfstæðum menningarbúskap þjóðar, sem telur íbúa aðeins á móts við íbúa fremur smárrar borgar hinna stærri þjóða heimsins. — Það veltur því á mestu fyrir fjárhagslega afkomu þessarar þjóðar, með hversu mikilli atorku og um leið hagsýni þessi höfuðauðlind okkar er nýtt — jafnframt því sem lífskjör fólksins fara eftir því, hvernig notaður er sá arður, sem þessi auðsuppspretta gefur.

Hvað þarf einkum að gera til þess, að þessi gullkista okkar komi þjóðinni að gagni? Í fyrsta lagi þarf að tryggja þjóðinni nægilega mikil og fljótvirk tæki til að afla þess hráefnis, sem hér er um að ræða — þ. e. a. s. útvega henni nægilegt af vönduðum, traustum og stórvirkum fiskiskipum ásamt tilheyrandi veiðarfærum. — Jafnframt þarf að gera þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að tryggja Íslendingum einum afnotaréttinn af hinum auðugu fiskimiðum umhverfis landið okkar, annars vegar með útfærslu landhelgislínunnar, hins vegar með samningum við meginlandsþjóðirnar um almenna verkaskiptingu í framleiðsluháttum, þar sem viðurkennd væru forréttindi Íslendinga til fiskveiða umhverfis land sitt og til framleiðslu þessarar tegundar matvæla handa meginlandsþjóðunum, gegn því að kaupa af þeim í staðinn það, sem við þörfnumst af þeirra framleiðsluvörum.

Í öðru lagi þarf að gera umsvifamiklar ráðstafanir til þess, að Íslendingar komist sem allra fyrst af því nýlendustigi þjóðarbúskaparins að flytja hráefni sín út að mestu leyti óunnin. Við getum stóraukið, sennilega margfaldað verðmæti útflutnings okkar með því að koma upp alls konar fiskvinnslustöðvum í aðalverstöðvum landsins — svo sem hraðfrystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum, umfram það sem þegar er, niðursuðuverksmiðjum, fleiri síldarbræðsluverksmiðjum, lýsishersluverksmiðjum o. s. frv.

Í þriðja lagi þarf að gera allt, sem unnt er, til að tryggja okkur örugga framtíðarmarkaði fyrir þessar aðalútflutningsvörur okkar — og í því sambandi leggja höfuðáherzlu á að losa okkur, svo sem unnt er, undan einokunarvaldi alþjóðlegra auðhringa, sem spenna helgreipum um hráefnaframleiðslu nýlenduþjóðanna, fyrst og fremst, og annarra þjóða, sem á einn eða annan hátt eru fjárhagslega háðar heimalöndum þeirra — og skammta úr hnefa verðið á nauðsynlegustu hráefnum, sem þeir síðan láta vinna úr verðhárr vörur — og raka þannig saman of fjár.

Og í fjórða lagi þarf að koma á heilbrigðri og víðsýnni yfirstjórn allra fjármála þjóðarinnar — fjármálastjórn, sem á hverjum tíma ráðstafi hinum sívaxandi gjaldeyri og annarri fjárveltu þjóðarinnar fyrst og fremst með tilliti til þarfa og eðlilegrar útþenslu undirstöðuatvinnuveganna, sem þá munu geta verið þess umkomnir að fullnægja gjaldeyrisþörf þjóðarinnar út á við og að veita inn á við fólkinu, sem að þeim starfar, viðunandi lífskjör og vaxandi þægindi — og ríkistækinu sjálfu fjármagn til þeirrar starfsemi á sviði stjórnar-, félags-, athafna- og menningarmála, sem siðmenntuðu þjóðfélagi heyrir til.

Ég vil nú minnast nánar á nokkur atriði þeirra málaflokka, sem ég þegar hef nefnt.

Þegar ríkisstj. sú, sem nú hefur sagt af sér og gegnir aðeins stjórnarstörfum til bráðabirgða, var

mynduð fyrir tveimur árum síðan, setti hún sér að frumkvæði Sósfl. stefnuskrá, sem síðan hefur gengið undir nafninu: Nýsköpunarstefnuskráin, þ. e. a. s. stefnuskrá, sem — auk ákvæðanna um að vernda sjálfstæði og öryggi landsins — hafði það höfuðmarkmið að tryggja, að allir landsmenn gætu haft atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, og var, svo sem kunnugt er, ákveðið að verja vissum hluta erlendra innstæðna þjóðarinnar beinlínis til slíkra framkvæmda.

Fyrir Sósfl. vakti, að með þessari stefnuskrá og því samstarfi flokkanna, sem á henni var byggt, væri af fullri alvöru snúið inn á þá braut í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar, sem ég áðan nefndi, að væri höfuðgrundvöllur fyrir fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar og góðum lífskjörum fólksins.

Nú hefur þetta samstarf rofnað — í fyrsta lagi vegna þess, að samstarfsflokkar Sósfl. í ríkisstj. brugðust loforðunum um að standa vörð um sjálfstæði og öryggi landsins, þegar þeir nú nýverið með samningi við erlent stórveldi afsöluðu íslenzkum landsréttindum í hendur þess — og enn fremur vegna þess, að mjög alvarlegar vanefndir hafa orðið hjá þessum flokkum á þýðingarmiklum sviðum nýsköpunarinnar.

Þó að samstarfið þannig hafi rofnað — af gildum ástæðum — er það síður en svo ætlun Sósfl. að hverfa frá baráttu sinni fyrir framkvæmd nýsköpunarstefnunnar — eins og andstæðingar hans reyna nú mjög að bera honum á brýn. Þvert á móti mun hann gera allt, sem í hans valdi stendur, til að knýja á um, að áfram verði haldið þeirri nýsköpun, sem hafin er fyrir hans forgöngu, og að bætt verði úr á þeim sviðum, þar sem enn hefur brostið á með framkvæmdir og jafnvel þröskuldar verið reistir til hindrunar nýsköpuninni.

Við skulum nú athuga nokkuð, hvernig uppfyllt hafa verið þau fjögur meginatriði, sem ég í upphafi máls míns taldi, að hefðu grundvallarþýðingu fyrir fjárhagslega afkomu þjóðarinnar.

Um fyrsta atriðið — útvegun tækja til að sækja aflann í greipar Ægis — má segja, að stigið hafi verið risaskref í tíð fráfarandi ríkisstj. Þar er framkvæmd nýsköpunarinnar ótvíræðust og augljósust. Eins og menn vita, hafa verið keyptir rúmlega 30 nýtízku togarar til landsins, sem nú fara að koma hingað hver af öðrum. Einnig hafa verið keypt til landsins og smíðuð innanlands fjöldi af öðrum vönduðum fiskiskipum, svo að veiðifloti okkar verður innan skamms helmingi stærri að smálestatölu en hann var fyrir tveimur árum. Afkastageta hans vex að vísu enn meira, vegna þess að nýju skipin eru miklu betri og fullkomnari en þau gömlu.

Í þessu sambandi er einnig vert að benda á atriði, sem hefur mikla þjóðhagslega þýðingu, en það er dreifing atvinnutækjanna. Fram til þessa hefur togaraútgerðin verið rekin svo að segja eingöngu frá Reykjavík og Hafnarfirði. — Nú hefur nýbyggingarráð úthlutað rúmum þriðjungi hinna nýju togara til annarra staða víðs vegar um landið — og gerðar hafa verið fyrir frumkvæði Sósfl. sérstakar ráðstafanir til að auðvelda þessum stöðum kaup á togurunum. Verður þannig með þessum ráðstöfunum þegar á næsta ári stofnað til togaraútgerðar á átta stöðum utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Mun þetta ekki aðeins hafa mikla þýðingu fyrir atvinnulíf og afkomu viðkomandi staða, heldur einnig verða áhrifaríkasta ráðið til að hefta straum fólksflutninganna til Reykjavíkur með þeim margvíslegu erfiðleikum, sem af honum leiðir.

Ég held, að segja megi, að þegar við höfum fengið þau skip, sem búið er að kaupa og verið er að byggja í landinu, þá stöndum við í bili allsæmilega að vígi, hvað snertir skipakost til aflafanganna, þó að auðvitað megi ekki láta staðar numið í því efni fremur en öðrum.

En það er fleira, sem þarna kemur til greina, en sjálf fiskiskipin. Vaxandi veiðiflota verða að fylgja vaxandi verstöðvar með auknum hafnarmannvirkjum og bættum afgreiðsluskilyrðum. — En einmitt í þessu efni hefur mjög brostið á um framkvæmd nýsköpunarinnar, en þessi þáttur hennar hefur verið í höndum Alþfl.

Í fyrravetur voru sett l. um byggingu landshafnar í Njarðvíkum og Keflavík. Framkvæmd þess verks er enn ekki hafin þrátt fyrir mjög brýna nauðsyn.

Það, sem liggur til grundvallar hugmyndinni um byggingu landshafna við fengsæl fiskimið, er, að slíkar hafnir geti tekið á móti fiskiskipum víðs vegar af landinu til viðlegu yfir vertíðina. — Nú hef ég heyrt, að þrátt fyrir það að ekki eru nærri allir hinir nýju fiskibátar tilbúnir, þá séu um 30 bátar, sem hvergi geti fengið viðlegupláss hér við Faxaflóa á vertíðinni í vetur, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar.

Það er því augljóst, að taka verður rösklegar til höndunum í framkvæmd hafnarmálanna en gert hefur verið.

Þá er það annað atriðið — varðandi vinnslu þess fisks, sem við veiðum.

Það hefur komið í ljós, að meðal fiskimanna er mikill skilningur fyrir hendi á nauðsyn og þýðingu þess atriðis í þjóðarbúskapnum. Útvegsmenn og aðrir, sem hér eiga hlut að máli, hafa tekið fegins hendi þeim fyrirheitum nýsköpunarstefnuskrárinnar, sem lutu að því að veita ríflega aðstoð til þess að koma upp fiskvinnslustöðvum — og ýmsir hófust þegar handa um framkvæmdir í trausti þess, að þeir fengju raunverulega þá fjárhagslegu aðstoð, sem lofað var. Á annað hundrað umsóknir munu þegar hafa borizt til nýbyggingarráðs um meðmæli þess til lánveitinga úr stofnlánadeildinni til þess að koma upp ýmiss konar fiskvinnslustöðvum og öðrum fyrirtækjum í sambandi við fiskveiðarnar. Nýbyggingarráð mun þegar hafa mælt með lánveitingum til yfir þrjátíu fiskvinnslustöðva, einkum hraðfrystihúsa, sem flest eru í byggingu, og mundi hafa verið hægt að ljúka byggingu þeirra fyrir næstu vertíð og þar með auka afkastagetu hraðfrystihúsanna um allt að helming — miðað við afköst þeirra undanfarið. En hér hefur verið illa staðið við loforðin um fjárhagslega aðstoð. Flest þessi fyrirtæki hafa ekki fengið þau lán, sem þeim ber samkvæmt lögunum um stofnlánadeild sjávarútvegsins, og er bygging þeirra að meira eða minna leyti stöðvuð af þeim sökum, og þar með hindruð sú þýðingarmikla afkastaaukning hraðfrystihúsanna, sem annars gat orðið þegar á þessum vetri.

Koma þarna mjög áþreifanlega fram afleiðingar þess óhappaverks á Alþ. í fyrravetur, þegar Sjálfstfl. og Alþfl. með aðstoð stjórnarandstöðunnar — gegn harðvítugri baráttu Sósfl. — breyttu frv. nýbyggingarráðs um, að stofnlánadeildin yrði undir stjórn fiskveiðasjóðs, en Landsbankinn skyld-

aður til að leggja henni ákveðið fjármagn, — í það að hafa hana sem deild við Landsbankann og setja hana þar með undir stjórn og yfirráð þeirra manna, sem höfðu lýst sig andstæða nýsköpunarstefnuskránni og töldu hana óvit eitt.

Landsbankinn afsakar sig í þessu efni með því, að ekki hafi verið keypt skuldabréf stofnlánadeildarinnar — og er það að vísu rétt, að peningamennirnir hafa þarna, eins og oft endranær, sýnt lítinn þegnskap, eða nauman skilning á nauðsyn uppbyggingarinnar. En í sjálfu sér er það Landsbankanum engin afsökun, því að það, að peningamennirnir kaupa ekki af honum 4% skuldabréf stofnlánadeildarinnar, er aðeins vegna þeirra tækifæra, sem bankinn og önnur fjármála- og viðskiptamálastjórn landsins veitir þeim til að græða meira á peningum sínum með öðrum hætti. — Og væri bankinn dálítið hlynntari nýsköpunarstefnunni en hann er, væri honum innan handar að ráðstafa sparifé því, sem hann varðveitir, í lán á vegum stofnlánadeildarinnar, engu síður en til annarrar lánastarfsemi.

En sú reynsla, sem þegar er fengin í þessu efni, sannar, að hann barðist gegn þessari skipan málsins. Og eigi að vera nokkur von til þess, að nægilegur hraði fáist í byggingu fiskiðjuvera í landinu, verður nú að gera nýjar ráðstafanir til að veita nægilegt fjármagn til þeirra framkvæmda.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, möguleikunum til þess að afla öruggra markaða fyrir útfluttar sjávarafurðir okkar.

Þegar ríkisstj. var mynduð fyrir tveimur árum, var því mjög haldið á loft af stjórnarandstæðingunum, að auk þess sem nýsköpunarstefnan væri bláber heimska, væri hún með öllu óframkvæmanleg, vegna þess að strax og styrjöldinni lyki, yrði ómögulegt að fá markaðsverð fyrir útfluttar sjávarafurðir okkar, sem svaraði til framleiðslukostnaðarins, vegna þess hversu dýrtíð væri hér mikil. Og þegar brezka matvælaráðuneytið, sem keypt hafði af okkur fiskinn á stríðsárunum, um sama leyti sagði upp fiskkaupasamningnum, sáu þessir herrar ekkert annað en óhjákvæmilegt hrun framundan. — Þessar hrakspár um markaðshrun hafa þó allar orðið sér til skammar. Allt til þessa hefur tekizt að fá það verð fyrir fiskafurðir okkar, sem fyllilega hefur svarað til framleiðslukostnaðar þrátt fyrir vaxandi dýrtíð hér. Meira að segja hefur verið hægt að borga hráefnið miklu hærra verði en áður, eins og t. d. síldina s. l. sumar. Og þó hefur ekki verið haldið á þessum afurðasölumálum af hendi Íslendinga eins vel og hægt hefði verið. Það er sem sé ekki af neinni gustuk, sem sjávarafurðir okkar eru keyptar — hvorki af hendi Englendinga né annarra — heldur af hinu, að það eru eftirsóttar vörur, sem ýmsar þjóðir vanhagar mjög um.

Síldarlýsið okkar er t. d. mjög eftirsótt vara, sem að vísu mundi verða enn verðmætari, ef við hertum það sjálfir, eins og sjálfsagt er að gera og í ráði er að byrja á innan skamms.

Á stríðsárunum fengu Bretar síldarlýsið, eins og aðrar sjávarafurðir okkar. Brezki feitmetishringurinn — Uni-Lever — gúknaði yfir því og skammtaði okkur verðið úr hnefa — 38 £ fyrir tonnið — sem var langt fyrir neðan sannvirði og olli því, að verð á fersksíldinni til ísl. sjómanna og útgerðarmanna var miklu lægra en réttmætt hefði verið.

Í fyrra, þegar stríðinu var lokið og leiðir opnuðust til meginlands Evrópu, kom strax fram hörð samkeppni um feitmetisframleiðslu, þ. á m. síldarlýsið okkar. Sovétríkin vildu gjarnan fá þessa ágætu vöru og buðu miklu hærra verð en brezki feitmetishringurinn hafði borgað, eða 63 £ fyrir tonnið. Og þó að Uni-Lever hefði áður borgað aðeins 38 £ fyrir tonnið, fannst honum nú borga sig að kaupa það fyrir 63 £ fremur en að missa það. Ef reiknað er með 30 þús. tonna framleiðslu á ári, eins og var árið 1944, nemur þessi verðmunur hvorki meira né minna en ca. 20 millj. króna. Er þetta mjög sláandi dæmi þess, hversu nauðsynlegt okkur er að gera útflutning eftirsóttustu vara okkar óháðan hinum kapitalisku auðhringum, sem keppa eftir að einoka verðmætustu hráefni þjóðanna og arðræna þær þannig á borð við arðránið, sem Íslendingar þekkja bezt frá dögum dönsku einokunarverzlunarinnar hér á landi.

En þó að brezki feitmetishringurinn hefði þannig orðið opinber að því að arðræna okkur, kusu þeir, sem mestu ráða um afurðasölu okkar, að láta hann enn fá mestan hluta af síldarlýsisframleiðslu okkar yfirstandandi ár, fremur en hinn aðilann, sem varð til þess að hækka verðið, og þetta eins fyrir því, þó að Sovétríkin jafnframt keyptu af okkur meginhluta hraðfrysta fisksins — einnig fyrir miklu hærra verð en Bretar höfðu borgað.

Þetta var réttlætt með því, að ef við létum Breta fá áfram svona mikinn hluta síldarlýsisins, mundu þeir launa okkur með því að halda áfram að kaupa af okkur ísaða fiskinn fyrir gott verð. Ekki þótti þó þurfa að gera um þetta neinn samning. Og nú hefur raunin orðið sú, sem kunnugt er, að ekki þykir nú lengur svara kostnaði að sigla með ísaðan afla sinn til Englands til sölu þar. Og þá byrjar aftur barlómurinn og hrakspárnar. Nú vilja Englendingar ekki kaupa af okkur ísfiskinn fyrir það verð, sem svari framleiðslukostnaði við dýrtíðina hér. Nú er hrunið að koma! Nú verður að fara að lækka kaupið!

Framsókn sér nú hilla undir „sannanir" fyrir því, að hún hafi haft rétt að mæla, þegar hún taldi nýsköpunina óframkvæmanlega, nema fyrst væri lækkað kaupgjald og verðlag í landinu. — Já, jafnvel „kommarnir" kváðu nú vera orðnir hræddir og eru sagðir hafa hlaupið úr ríkisstj. til þess að reyna að koma sér undan ábyrgðinni á því hruni, sem nú verði ekki lengur afstýrt.

Bretar eru, sem betur fer, ekki eina þjóðin í heiminum, sem þarf á sjávarafurðum að halda. — Og ég fullyrði, að þrátt fyrir markaðstregðuna í Bretlandi er nú hægt að selja allar okkar sjávarafurðir, ef rétt er á þeim málum haldið, fyrir mjög viðunandi verð.

Rússum virðist hafa líkað vel þær vörur, sem þeir fengu frá okkur á þessu ári. Og þeir eru nú þegar farnir að leita fyrir sér um kaup á sjávarafurðum héðan í stórum stíl og hafa spurzt fyrir um, hversu mikið magn þeir geti fengið og fyrir hvaða verð. Atvmrh. hefur einmitt þessa dagana verið að leita eftir tillögum útvegsmanna og stjórnarnefnda fiskvinnslufyrirtækja um það, fyrir hvaða verð sjávarafurðir okkar skuli boðnar.

Það, sem Rússar leggja mesta áherzlu á að fá, er síldarlýsið. En þeir vilja einnig kaupa saltsíld í stórum stíl. Einnig mikið af hraðfrystum fiski. Sömuleiðis þorskalýsi, saltfisk og söltuð hrogn.

Einnig mundi í sambandi við slíkan sölusamning opnast allmikill markaður fyrir ísaðan fisk á meginlandi Evrópu.

Auk þessara möguleika, sem nú voru nefndir, er hægt að fá markað fyrir útflutningsvörur okkar hjá ýmsum öðrum þjóðum meginlandsins.

Ég leyfi mér þess vegna að ítreka það, að ef við látum þessar þjóðir fá síldarlýsið, sem er okkar eftirsóttasta útflutningsvara, þá mundu þær einnig kaupa af okkur allar aðrar sjávarafurðir, sem við þurfum að selja — og þar með tryggja okkur örugga afsetningu alls þess fiskafla, sem við höfum tök á að draga hér úr djúpum hafsins.

Ef slíkir viðskiptasamningar ekki takast, þá er það Íslendingum sjálfum að kenna. Og ef þeir Íslendingar, sem þessum málum ráða til lykta, láta þetta ágæta tækifæri ónotað, þá er það áreiðanlega eitthvað annað en umhyggja fyrir íslenzku þjóðinni, sem stýrir gerðum þeirra.

En því miður virðast ekki allir ráðamenn þjóðarinnar taka þessu með sérstökum fögnuði. Og máske finnast hér valdamiklir menn, sem meta vináttuna við brezka feitmetishringinn — og hið alþjóðlega auðvald — meira en hagsmuni íslenzkra atvinnuvega og bætt lífskjör þess fólks, sem á þeim byggir tilveru sína. Íslenzkir útvegsmenn og íslenzk alþýða ætti að fylgjast vel með því, hvort svo reynist.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að þýðing þessa máls er ekki aðeins fólgin í því að selja þessar afurðir í eitt skipti, heldur einnig og miklu meira í því, að með slíkri sölu hefðum við tryggt okkur öruggan framtíðarmarkað fyrir útflutning okkar. Hinar sósíalistisku þjóðir hafa sem sé áætlunarbúskap, þar sem reiknaðar eru út þarfir þjóðarinnar fyrir þetta og hitt, og framleiðsla hennar annars vegar og innflutningur hennar hins vegar er hvort tveggja miðað við að fullnægja þessum þörfum, svo sem kostur er á á hverjum tíma. Þegar Sovétríkin sækjast eftir að kaupa þessar útflutningsvörur okkar, þá er það liður í viðleitni þeirra til að fullnægja ákveðnum þörfum þjóða sinna — þörfum, sem ekki verður samtímis leitað fullnægingar með öðrum hætti. Og það er engin ástæða til að ætla, ef þessar vörur okkar fullnægja eðlilegum kröfum neytendanna, að frekar verði leitað eftir þeim til annarra en okkar, þegar við einu sinni höfum komið þeim á framfæri.

Þegar við vitum um kreppuna, sem er í uppsiglingu í vestri, þá væri það með öllu ófyrirgefanlegt glappaskot að láta þetta tækifæri til að tryggja okkur örugga afsetningu sívaxandi framleiðslu sjávarafurða ganga okkur úr greipum.

Loks kem ég að fjórða atriðinu — stjórn peningamálanna.

Reynslan hefur sýnt, enda raunar vitað fyrir fram, að stjórn peningamálanna í landinu hefur ekki verið í neinu samræmi við nýsköpunarstefnuna og þess vegna ekki veitt henni þann stuðning, sem vera þar og nauðsynlegur er. Ég hef áður drepið á það, hvernig fjöldi manna og fyrirtækja, sem ráðizt hafa í byggingu hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva — fyrirtæki, sem okkur eru nú ef til vill nauðsynlegri en allt annað til þess að efla atvinnulíf í landinu, nýta fiskafla okkar og auka útflutningsverðmæti hans. þ. e. a. s. afla aukins gjaldeyris, hvernig þeir eiga stöðugt undir högg að sækja hjá Landsbankanum um að fá lögmæt stofnlán til fyrirtækja sinna, og fá ýmist ófullnægjandi eða alls ekkert, svo að þessi nauðsynlegu fyrirtæki stöðvast á miðri leið. Hins vegar veitir landsbankinn verulega af veltufé þjóðarinnar beint og óbeint út í ýmiss konar einstaklingsgróðrabrask og starfsemi, sem í sjálfu sér er að vísu nauðsynleg, eins og t. d. byggingastarfsemin hér í Rvík, en kemur ekki að eðlilegum þjóðfélagslegum notum vegna skipulagsleysis og spákaupmennskunnar, sem ríkir í þeim efnum.

Hér verður að breyta til. Peningastofnanir landsins verða öllu öðru fremur að greiða fyrir því, að í landinu komist upp tæki til að vinna verðmiklar útflutningsvörur úr hráefnum okkar. Með því fyrst og fremst aukum við gjaldeyri okkar og öðlumst þar með getu til annarrar nauðsynlegrar starfsemi í landinu.

Þá verður einnig mjög að átelja það, hvernig miklu af gjaldeyri þjóðarinnar hefur verið eytt í bláberan hégóma og miður nauðsynlega hluti.

Þegar ríkisstj. var mynduð fyrir tveimur árum voru erlendar innstæður okkar 580 millj. króna. Þar af voru 300 millj. settar á „nýbyggingarreikning". Sósfl. vildi, að 500 millj. kr. yrðu festar þannig, en Alþfl. kom í veg fyrir það með sínum frægu skilyrðum. Einnig var ákveðið, að árlega skyldi bæta á nýbyggingarreikning 15% af útflutningsverðmætinu. Við þetta ákvæði hefur ekki verið staðið, heldur virðast þessi 15% hafa farið í almenna eyðslu. Enn fremur er talið, að þær 280 millj. kr. af erlendu innstæðunum, sem ekki voru festar á nýbyggingarreikning, séu að mestu upp étnar.

Þegar vitað er, að heildsalarnir hafa fengið þennan gjaldeyri til þess að kaupa fyrir hann m. a. ógrynni af ýmiss konar hégómlegu skrani og lúxusvarningi, sem veitt hefur þeim óhemju gróða og þannig haldið við því ástandi, að kaupsýslan sé gróðavænlegasti atvinnuvegurinn í landinu, sem þess vegna dregur að sér geysifjármagn, sem annars hefði væntanlega tekizt að fá til uppbyggingar framleiðslu atvinnuveganna, þá er þessi ráðstöfun með öllu fordæmanleg og stríðir beinlínis gegn nýsköpunarstefnunni.

Það er Sjálfstfl., sem ber ábyrgð á þessum aðförum. — Og ef hann vill láta fólk trúa því, að honum sé alvara með framkvæmd nýsköpunarinnar, þá verður hann í þessu efni að snúa við blaðinu og vera með í því að gera harðhentar ráðstafanir til að draga fjármagnið úr verzluninni og öðru braski yfir í framleiðslugreinarnar.

Ég hef nú gert nokkra grein fyrir því, hvað ég tel, að helzt þurfi að gera til þess að endurbyggja góðan fjárhag þjóðarinnar — og þar með ríkisins. — Ég skal að lokum draga það saman í eina setningu:

Það þarf að framkvæma nýsköpunina af fullri djörfung og dugnaði án allra undanbragða.

Það hefur þegar orðið mjög verulegur árangur af nýsköpunarstarfinu. Fyrsta skilyrðið til stórfelldrar framleiðsluaukningar — tvöföldun fiskiskipaflotans — hefur verið uppfyllt. — Afköst síldarbræðsluverksmiðjanna hafa verið tvöfölduð. — Árangurinn er mestur þar, sem forusta Sósfl. hefur komið til.

Hafnargerðir og önnur aðstaða til afgreiðslu veiðiskipa er gersamlega ófullnægjandi og í engu samræmi við aukningu veiðiflotans.

Þar hefur Alþfl. forustuna.

Mikil viðleitni hefur verið af hálfu einstaklinga og félaga til að koma upp fiskiðjuverum og tækjum til að auka útflutningsverðmæti aflans. — En fjármagnið hefur brugðizt, og á því ber Sjálfstfl. fyrst og fremst ábyrgðina.

Framsfl. hefur til þessa aðeins lagt til barlóminn, en nú hefur hann tækifæri til að leggja hönd á plóginn, ef hann vill.

Það var deilt um það í upphafi, hvort þjóðin væri megnug þess að framkvæma slíka byltingu í atvinnuháttum sínum, sem nýsköpunarstefnuskráin boðaði.

Ef flokkar þeir, sem bundust samtökum um framkvæmd hennar, störfuðu allir af heilum huga, var aðeins eitt, sem hugsanlegt var, að þeir fengju ekki við ráðið — að útvega nægilega góða markaði fyrir framleiðsluna.

Nú í dag höfum við, hvað þetta snertir, alveg sérstaklega gott tækifæri.

Það er krafa Sósfl., að þessu einstaka tækifæri sé ekki sleppt.

Það er krafa Sósfl., að svo fljótt sem unnt er verði gerður samningur við Sovétþjóðirnar og aðrar meginlandsþjóðir um sölu sjávarafurða okkar.

Það er krafa Sósfl., að í vitundinni um þessa markaðsmöguleika verði tafarlaust gerðar ráðstafanir til, að hvert einasta fiskiskip fari á veiðar. Að tafarlaust verði útvegaðir peningar til að fullgera þau hraðfrystihús og fiskvinnslustöðvar, sem nú eru í byggingu, svo að þau geti tekið til starfa á vetrarvertíðinni.

Það er krafa Sósfl., að nýsköpunin verði framkvæmd.

Að því vill flokkurinn vinna, og um það er hann reiðubúinn til samstarfs við hverja þá, sem fáanlegir eru til að gera þær ráðstafanir til framkvæmda nýsköpuninni, sem fengin reynsla sýnir, að nauðsynlegar eru.

Eysteinn Jónsson: Fjárlagafrv. þetta er hið langsamlega hæsta, sem nokkru sinni hefur verið lagt fyrir Alþ. Heildarútgjöldin eru áætluð um 162 millj. kr. Því fer þó alls fjarri, að þar komi öll kurl til grafar. Margir liðir í frv. eru sýnilega of lágt áætlaðir og hljóta að verða mun hærri í framkvæmd.

Í frv. er reiknað með vísitölu 290, en meðan verið var að prenta frv., hefur hún skotizt upp í 302 stig.

Í frv. er enginn eyrir ætlaður til dýrtíðarráðstafana, eins og hæstv. ráðh. hefur tekið fram, og er þó þannig ástatt, að milljónatugi mun þurfa úr ríkissjóði, að öllu óbreyttu, til þess að halda dýrtíðinni fastri, þar sem hún er nú. Þá vantar augsýnilega inn í frv. ýmislegt, sem þó er verið með á prjónunum, svo sem útgjöld til fjárskipta, til kaupa á strandferðaskipum, til óvenjulegra símaframkvæmda, til landshafnar, sem lög hafa verið sett um, til Austurvegar, sem lög hafa einnig verið sett um, til framkvæmda í Höfðakaupstað. Eru þetta þó aðeins dæmi um það, sem ekki er meðtalið. Loks er augljóst, að inn í frv. verður ýmsu bætt eftir till. frá einstökum þm.

Mér þykir því ekki líklegt, að samkvæmt þeirri stefnu, sem þetta frv. markar, verði ríkisútgjöldin undir 200 millj. kr. Raunverulegur greiðsluhalli á frv. virðist því vera margir milljónatugir, en ekki 22 millj., eins og frv. segir. „Hvar á að taka þetta fjármagn?" mun margur spyrja. Lítil svör hafa við þeirri spurningu fengizt frá hæstv. fjmrh., og hefði honum þó verið skylt að gera grein fyrir því, á hverju hann byggir frv. sitt og tillögur um fjármálastefnuna.

Það eina, sem hæstv. ráðh. hefur um þetta stórfellda vandamál að segja, er það, að tekjuáætlun fjárlagafrv. sé miðuð við jafnmikinn innflutning tollhárra vara og verður á þessu ári og aðrir tekjuliðir eftir því. En er þetta óhætt, þegar þess er gætt, hvernig innflutningur þessa árs étur upp mestan hlutann af hinum stórfellda gjaldeyrisforða þjóðarinnar? En að því mun ég vikja síðar.

Fjmrh., sem leggur fyrir þetta frv., á því eftir að gefa svör við því, hvar hann ætlar að taka fé til þess að vega upp hallann á frv. og til dýrtíðarráðstafana, en ef ráðh. ætlast ekki til þess, að ríkissjóður annist neinar dýrtíðargreiðslur, þá hlýtur hæstv. ráðh. að gera till. um það, hvaða leið skuli fara í staðinn.

Þess er getið í grg. frv., að hallinn á fjárlagafrv. stafi aðallega af útgjöldum þeim, sem ýmis lög frá síðasta Alþ. hafa í för með sér. Sést nú glöggt, að það er rétt, sem framsóknarmenn héldu fram, þegar þessi lög voru sett, svo sem alþýðutryggingalögin o. fl., að hlunnindin, sem veita skal samkvæmt löggjöfinni, eru enn sem komið er ekki til nema á pappírnum. Það er einnig ljóst, að lögin verða aldrei annað en pappírsgagn, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til bjargar út úr því öngþveiti, sem búið er að skapa.

Stefna stjórnarmeirihlutans á síðasta þingi var sú að knýja fram fyrir kosningar dýra lagabálka, láta þá öðlast gildi 1. jan. n. k., og framhaldið er nú orðið það, sem vænta mátti, að allri súpunni er fleygt í þingið, án nokkurrar forustu frá þeim, sem gumuðu mest af löggjöfinni. Þeir, sem vöruðu við þessum vinnubrögðum þá og vildu láta fylgjast að löggjöf og fjáröflun, voru kallaðir fjandmenn nýtilegrar löggjafar af lýðskrumurum og kosningaþjónum þeirra.

Þetta fjárlagafrv. sýnir, að framsóknarmenn höfðu rétt fyrir sér, þegar þeir héldu því fram, að stefna núverandi ríkisstj. hlyti að leiða til síhækkandi fjárlaga, síhækkandi skatta, stórkostlegs halla á ríkisrekstrinum og að lokum samdráttar og stöðvunar á framkvæmdum og starfsemi ríkisins. Eða gera menn ráð fyrir því, að það verði auðvelt að halda uppi 200 millj. kr. ríkisútgjöldum og þar yfir ár eftir ár?

„Hvað á nú að gera?" spyrja menn. Ég mun víkja ofurlítið að því síðar, hvað mér finnst. En ég held, að óhætt sé að segja það strax, að almenningur í landinu muni ekki sætta sig við nýjar álögur ofan á það, sem fyrir er, án þess að hreinsað sé til í því spillingarfeni, sem myndazt hefur á undanförnum árum.

Það er ekki tækifæri hér til þess að minnast mikið á einstaka liði fjárlagafrv. En ég get ekki stillt mig um að minnast hér á eitt atriði, sem gefur ofurlitla hugmynd um, hvernig á er haldið.

Árið 1943, en þá var vísitalan komin yfir 280 stig, reyndist kostnaðurinn við stjórn landsins, þ. e. a. s. 10. gr., 1738000 kr., en á þessu fjárlagafrv. er áætlað til þessara þarfa kr. 4127000 og fer þó áreiðanlega fram úr áætlun, eins og vant er. Þessi kostnaður hefur því hækkað á tveimur árum um

2400000.00 — og meir en tvöfaldazt. Hér við mætti bæta, að kostnaður við nýbyggingarráð var á síðasta ári 509 þús. kr., við víðskiptaráð kr. 1628 þús., eða kr. 2137 þús. kostnaður við þessar tvær nefndir.

Fyrir tveim árum var samþykkt hér á Alþ. þáltill. um endurskoðun á starfsmannakerfi ríkisins með það fyrir augum að gera starfræksluna óbrotnari og ódýrari. Þessi ályktun hefur verið gersamlega hundsuð af ríkisstj., en í þess stað stefnt í öfuga átt með þeim geysihraða, að furðu gegnir.

29. nóv. 1943 var samþ. þál., þar sem Alþ. fól ríkisstj. að láta prentaða starfsmannaskrá ríkisins fylgja frv. til fjárlaga ár hvert. Þessi ályktun þingsins hefur einnig verið gersamlega að engu höfð af fjmrh., enda mun hæstv. ráðh. vera það vel ljóst, að það mundi ekki koma sér vel fyrir ríkisstj. að láta slíka starfsmannaskrá koma fyrir augu þm. og almennings. Eða hvers vegna hefur hæstv. ráðh. ekki farið eftir fyrirmælum Alþ. um þetta? Vill hann ekki gera grein fyrir því hér nú við umræðuna?

Það er nú svo komið, að ríkisútgjöldin eru orðin nærfellt tíföld á við það, sem þau voru fyrir stríð. Vísitala ríkisútgjalda er 900—1000 — en framfærsluvísitala er 302 — þykir mönnum nóg um hana.

Samt var svo á árunum fyrir stríðið, að fulltrúar þess flokks, sem undanfarið hefur farið með fjármálastjórnina, stóðu þá nötrandi af geðshræringu við hverjar fjármálaumræður á Alþ. og gerðu hróp að fjármálastjórninni fyrir hin gífurlega háu fjárlög. Þeir bentu á eina leið út úr öngþveitinu, og það væri synd að segja, að sú leið hafi ekki verið reynd. Leiðin var sú, að fela þeim sjálfum fjármálastjórn ríkisins, og hana hafa þeir nú haft samfleytt síðan 1939, eða í 7 ár.

Hvernig hefur þá þetta úrræði gefizt?

Fjmrh. sjálfstæðismanna hafa svo sem ekki þurft að glíma við neina kreppu. Ekki alveg. Ef við tökum síðustu 4 árin, að meðtöldu því, sem nú er að líða, þá mun láta nærri, að þeir fái í ríkissjóðinn á þessum árum um 580 millj. kr., eða allt að því hálft annað hundrað milljónir að meðaltali á ári. Og hver er svo útkoman? Hún er sú, að allt þetta gífurlega fjármagn, sem nemur nærfellt tíföldum tekjum ríkissjóðs, eins og þær voru fyrir stríð, hefur runnið í gegnum greipar þeim, og fjmrh. Sjálfstfl. stendur hér nú á Alþ. í lok þessa tímabils og hlýtur að viðurkenna, að það er stórkostlegt þjóðfélagsvandamál, hvernig fleyta skuli ríkissjóði næstu mánuði, og öll þjóðin hugsar til þess með kvíða, hvernig takast muni.

Lítum þá næst á gjaldeyrisástandið. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, voru gjaldeyrisinnstæður bankanna um 575 millj. kr., en 1. okt. s. l. voru þær komnar niður í 295 millj. Lækkun á tímabilinu er því 279 millj. kr. Til 1. okt. s. l. hafa bankar landsins fengið inn til sín um 610 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Á þessu tímabili, þessum 2 árum, hafa því verið greiddar út í erlendum gjaldeyri 889 millj. kr., en það er ekki allt þar með sagt, því að hér við bætist, að búið er raunverulega að ráðstafa nærri öllum þeim gjaldeyri, sem inni stóð á gjaldeyrisreikningi bankanna 1. okt. s. l. Þetta þýðir það, að á þeim 2 árum, sem ríkisstj. hefur farið með völdin, hefur verið ráðstafað nærri 1 milljarði og 200 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, eða að meðaltali allt að því 600 millj. kr. á ári.

Á þessum 2 árum hefur því verið notaður jafnmikill gjaldeyrir og þjóðin varð að láta sér nægja í 15—20 ár fyrir stríðið. Hér við bætist, að aðeins 300 millj. af allri þessari fúlgu hafa verið notaðar til þeirra hluta, sem með nokkru móti var hægt að heimfæra undir hina svokölluðu „nýsköpun" eða nýbyggingar. Allt hitt hefur, að því er bezt verður séð, runnið til þess að greiða aðrar vörur og í margháttaða aðra eyðslu. Því fer einnig alls fjarri, að öllum þessum 300 millj. hafi verið varið til þess, sem með nokkru móti getur kallazt „nýsköpun". Þvert á móti mun margt furðulegt hafa verið af því fé borgað, og kæmi það í ljós, ef skýrslur fengjust um það birtar, en á því á þjóðin heimtingu.

Nú er þannig komið þessum málum, að það hefur ekki einu sinni verið hægt að leggja á nýbyggingarreikning allan gjaldeyri, sem þangað átti að renna lögum samkvæmt, og af innstæðunum 1. okt. á nýbyggingarreikningur raunverulega 70 millj. kr., sem ekki virðist vera hægt að færa þangað af þeirri einföldu ástæðu, að þær verða að notast til annars. Tíðindin um gjaldeyrisástæðurnar eru geigvænleg, og hafa ekki önnur verri ótíðindi borizt um langa hríð. Þetta ætti þó ekki að koma mönnum mjög á óvart, því að það var upplýst á s. l. vori, hvernig þessi mál stóðu og hvert stefndi, en því var þá kröftuglega mótmælt af valdhöfunum, að nokkur ástæða væri til gagnrýni, þótt síðar hafi reynzt ókleift að leyna því, hvernig komið er.

Gjaldeyrisinnstæðum þjóðarinnar, sem hún ætlaði að hafa að bakhjalli á næstu árum og nota fyrst og fremst til uppbyggingar atvinnulífsins, hefur verið sóað gegndarlaust og planlaust. Og það er ekki annað sjáanlegt en að Íslendingar verði neyddir til þess að taka gjaldeyrislán innan tiltölulega stutts tíma, ef ekki verður alveg breytt um stefnu, eða þá að óvænt höpp komi fyrir.

Ég sagði áðan, að gjaldeyrisinnistæðunum hefði verið sóað planlaust. Það kveður svo ramt að þessu, að ekki einu sinni þeim 300 millj. kr., sem lagðar voru á nýbyggingarreikning, hefur verið varið með nokkurri fyrirhyggju. Í lögum um nýbyggingarráð stendur, að nýbyggingarráð skuli gera áætlun um framkvæmdir á næstu árum. En nú er þannig komið, að gjaldeyririnn, sem nýbyggingarráð fékk til ráðstöfunar með upphaflegu lögunum, er búinn, en áætlunin er ekki til ennþá.

Þessi gífurlega gjaldeyrissóun er bein afleiðing stjórnarstefnunnar. Afleiðing handahófsins í framkvæmdum, stjórnleysisins á fjárfestingunni, vaxandi verðbólgu, beinna ráðstafana til þess að láta úti gjaldeyri fyrir fánýta hluti og síðast, en ekki síst afleiðing þess, að fjáröflun til framkvæmdanna hefur verið vanrækt.

Ég hef minnzt á fjárl. og gjaldeyrisástandið. En hvernig er þá ástatt um aðra þætti fjárhagsmálanna?

Eins og við stjórnarandstæðingar bentum á s. l. vetur, þá gafst ríkisstj. upp við það þegar í byrjun að afla fjár til svokallaðrar „nýsköpunar". Þessu var mótmælt þá og reynt að leyna því til bráðabirgða með því að skylda þjóðbankann til þess að lána vissa fúlgu í eina grein atvinnulífsins, sem sé til þess að lána út á innflutt skip og báta. Þetta var aldrei nein fjáröflun, aðeins keyptur gálgafrestur. Og það hefur aldrei nein fjáröflun til svokallaðrar „nýsköpunar" átt sér stað, þótt digur-

barkalega væri talað inn á grammófónplötuna fyrir réttum tveimur árum síðan. Það, sem þá var sagt um „rottuholur" og „breið bök", er nú haft að gamni um gervallt landið, og er þó beiskja í gamninu, sem von er til.

Stríðsgróðinn og verðbólgugróðinn hefur verið látinn leika laus og engar nýjar ráðstafanir gerðar í þeim efnum. Niðurstaðan af þessari ráðsmennsku er sú ein, sem hún hlaut að verða: Stofnlánadeild sjávarútvegsins vantar fé, af því að ekki hefur tekizt ennþá að selja bréf hennar á frjálsum markaði. Þeir menn standa nú í vandræðum víðs vegar um landið, sem hafa lagt í fyrirtæki í trausti þess að fá lán frá þessari stofnun. Lánsfjáröflun til hafnarframkvæmda og raforkuframkvæmda er stöðvuð af sömu ástæðum. Byggingarfélögin geta ekki fengið lán með ríkisábyrgð, og í skjóli þessa ástands er kominn upp svartur lánamarkaður með okurvöxtum.

Með handahófsframkvæmdum sínum, úrræðaleysi í dýrtíðarmálum og forgöngu um hamslausa eyðslu á öllum sviðum hefur ríkisstj. komið öllu fjármálakerfi landsins á ringulreið, fyllt menn vantrausti á því og þar með spillt fyrir lánsfjáröflun til nauðsynlegustu framfara á frjálsum markaði. Jafnframt hefur verið vanrækt að gera ráðstafanir, sem gætu orðið til þess, að eitthvað af hinu lausa fjármagni næðist með öðru móti til að standa undir þeim framkvæmdum, sem verið er að gera.

Afleiðingar þess, að fjármagnið hefur ekki verið fest til þess að standa undir framförunum, hafa m. a. orðið þær, sem ég leyfði mér að benda á fyrir fram í sambandi við meðferð stofnlánadeildarinnar á síðasta Alþ., að fjármagninu og gjaldeyrinum hefur verið gegndarlaust sóað í lúxusframkvæmdir og fánýta muni. Slíkt gat aldrei og getur aldrei samrýmzt skynsamlegri „nýsköpun", og þetta hefði ekki komið fyrir, ef einhverjar ráðstafanir af viti hefðu verið gerðar til fjáröflunar, jafnharðan og framkvæmt var.

Nú er ekki lengur hægt að leyna því, að fjáröflun til þeirra framfara, sem þjóðinni ríður mest á, er óleyst vandamál, og það sem þó er verst af öllu, að búið er að sóa burt bróðurparti þeirra fjármuna í erlendum gjaldeyri, sem þjóðin ætlaðist til, að yrði undirstaða framfara um langt árabil og öryggissjóður hennar í baráttu smáþjóðar fyrir því að vera ekki upp á aðra komin.

Samtímis því, sem svo fimlega, eða hitt þó heldur, hefur til tekizt með fjármálastjórn ríkisins og framkvæmd „nýsköpunarinnar" svokölluðu og fjáröflun til hennar, hefur verðbólgan og dýrtíðin farið stöðugt vaxandi. Vísitalan er nú komin upp í 302 stig, og manni skilst, að milljónatugi þurfi til þess að halda henni þar, þótt ekki væri neitt gert til þess að lækka hana.

Sjálf stjórnarblöðin keppast við að lýsa yfir því, að framleiðslan við sjóinn sé stöðvuð. Nýju bátarnir, en eigendur þeirra höfðu vonað, að þeir gætu byrjað togveiðar, er þeir komu af síldveiðum, liggja bundnir við ból, vegna þess að það er ekki hægt að losna við fiskinn fyrir það verð, sem gerir kleift að gera þá út. Einn af ráðherrunum hefur sagt í útvarpsumræðum hér á Alþ., að fiskiflotinn fari ekki af stað aftur, nema gerðar verði stórfelldar nýjar ráðstafanir.

Ástandið í byggingarmálunum er ömurlegra en svo, að því verði gerð skil í nokkrum setningum. Húsaleigan er komin yfir 1000 kr. á mánuði fyrir viðunanlega íbúð. Þeir, sem ætla að byggja eða komast yfir húsnæði, reka sig á svartan peningamarkað, svartan kaupgjaldsmarkað og svartan húsamarkað.

Ríkisstj. heyir tryllt kapphlaup um vinnuafl, efni og fjármagn við þá, sem þurfa að koma sér upp þaki yfir höfuðið, og þeir, sem byggja lúxushallir, hafa frjálsar hendur til þátttöku í þessum leik og nota sér það óspart.

Það er ómögulegt að komast hjá því að viðurkenna, að valdhafarnir hafi hreint og beint unnið að því að skapa þetta öngþveiti með handahófsflani, sem á sér enga hliðstæðu í sögu þessarar þjóðar. Það hefur beinlínis verið hæðzt að þeim ráðstöfunum, sem með öðrum siðuðum þjóðum hafa verið taldar sjálfsagðar til þess að fyrirbyggja fjármálaupplausn þeirrar tegundar, sem við búum nú við. Eyðslustefnan hefur beinlínis verið boðuð af valdhöfunum. Og hafi einhver leyft sér að gagnrýna stjórnarframkvæmdirnar, þá hafa 3 af 4 stjórnmálaflokkum landsins og a. m. k. ⅝ hlutar af blaðakosti landsins, sameinazt um að reyna að hrópa hann niður. Einn af fyrrv. alþm. Sjálfstfl. hefur ekki getað orða bundizt út af þeim tilraunum til andlegrar kúgunar, sem reynt hefur verið að nota í þessu sambandi. Hann hefur sagt, að margir muni hafa vitað, hvert stefndi, en kinokað sér við að kveðja sér hljóðs um það, af ótta við að verða stimplaðir afturhaldsmenn af pólitískum „spekulöntum".

Það ætti nú að fara að verða ljóst, að framhald þeirrar stefnu, sem ríkt hefur, hlýtur að leiða af sér kreppu. Það verður að breyta um stefnu án tafar og sameina krafta nægilega margra til þess að koma því til leiðar, að hér geti orðið glæsilegar framfarir, þrátt fyrir þau mistök, sem orðið hafa.

Það er ekkert fremur hægt að búa við það öngþveiti, sem orðið er, þótt svo mætti virðast, sem meiri hluti þjóðarinnar hafi í einhvers konar dáleiðsluástandi lagt blessun sína yfir þessi ósköp öll í kosningunum í vor. Það, sem þá skeði, hjálpar síður en svo nokkuð við það, sem nú ríður á að gera, og kemur ekki að neinu gagni, nema þá því að sýna mönnum svart á hvítu, hve langt er hægt að komast með blekkingum, ef nógu margir eru samtaka um að halda þeim fram. Það, sem þá gerðist, er lærdómsríkt að þessu leyti og til aðvörunar öllum sönnum unnendum pólitísks frelsis og lýðræðis.

Það er búið að segja margt um stjórnarmyndunina haustið 1944 og mikið er búið að skrafa um það, sem á máli stjórnarliðsins heitir „þegar Framsókn skarst úr leik", og er sumt furðulegt af því tali.

Lágmarkskrafa Framsóknarfl. þá var sú, að dýrtíðin yrði stöðvuð haustið 1944, þ. e. a. s. í byrjun þess framkvæmdatímabils, sem hlaut að verða hér á landi, þegar efni tók að fást og ný atvinnutæki. Í öðru lagi var það sett fram, að tryggð yrði fjáröflun til framfaranna og ábyggilegur fjárhagsgrundvöllur. Í þriðja lagi hefur Framsfl. ætíð lagt höfuðáherzlu á, að framfarirnar yrðu byggðar á áætlun og þannig fyrirbyggð sú upplausn í atvinnulífi þjóðarinnar og fjármálum, sem miklar handahófsframkvæmdir hljóta að hafa í för með sér.

Við höfum haldið því fram, að það væri póli-

tísk stigamennska að stofna til stórfelldra framkvæmda af handahófi, auka jafnframt verðbólguna og láta fjáröflunina undir höfuð leggjast. Um þetta var ágreiningurinn og er, en aldrei um hitt, hvort hér skyldu verða framfarir. Það þurfti ekki þá að stofna stjórn til þess eins að eiga frumkvæði að því að kaupa báta og skip, því að það voru margir, sem vildu gera það. Það þurfti hins vegar þá að mynda stjórn til þess að stöðva verðbólguna, leggja sem öruggastan fjárhagsgrundvöll fyrir framförunum og tryggja skynsamlega ráðstöfun fjármagnsins, sem hafði safnazt. Sú stjórn kom ekki, og því er nú komið sem komið er.

Sú stjórn, sem setið hefur, þóttist ætla að gera sumt af þessu. — Hún þóttist ætla að tryggja það að gjaldeyrisinnistæður þjóðarinnar yrðu notaðar til uppbyggingar. — Þetta átti að vera aðalverkefnið. — En hvernig hefur farið? Því lýsti ég hér áðan. Það er búið að ráðstafa innistæðunum, og aðeins mjög lítill hluti þeirra hefur runnið til uppbyggingarinnar. Það hlaut að fara svona, vegna þess að það hefur verið mest skrafað um uppbygginguna, á meðan fjármagninu var sóað gegndarlaust í annað.

Það sé fjarri mér að halda því fram, að auðvelt sé að koma fjármálum og atvinnulífi landsins í viðunanlegt horf. Ég geri ekki ráð fyrir, að neinn töfrasproti finnist, sem hægt er að bera fyrir sig í því sambandi. En ný úrræði verður að reyna. Það er augljóst mál. Og ef forða á frá hinu versta, þá verða menn að láta sér skiljast það, að gera verður óvenjulegar ráðstafanir.

Eitt af aðkallandi vandamálum er fjáröflun til þeirra nýtilegra framkvæmda, sem verið er að vinna að, og til nýrra átaka í atvinnumálum, raforkumálum, samgöngumálum, byggingarmálum og öðru því, sem miðar að aukinni tækni og bættum lífnaðarháttum. Það verður að finna úrræði til þess að festa sem mest af því lausa fjármagni, sem eykur verðbólguna, sem hámar í sig gjaldeyrinn. Það þarf að bjóða út og selja ríkisskuldabréf vegna framfaramálanna. Þá þarf að ná til þess hluta stórgróðans frá stríðs- og verðbólguárunum, sem réttur skerfur hefur ekki enn þá verið af látinn til almennra framfara. Það verður að gera almenn reikningsskil fyrir tímabilið, sem liðið er, og fá hreinan grundvöll fyrir framtíðina. Ekki til þess að eltast við smámuni né smáyfirsjónir, né til þess að skerða fjármuni þeirra, sem bjargálna kunna að hafa orðið á þessum árum, heldur blátt áfram til þess, að þeir, sem stærri vinninga hafa hlotið í happdrætti stríðs- og verðbólgu, leggi eðlilegan skerf til þeirrar framleiðslu- og björgunarstarfsemi, sem nú verður að vinna að. Á grundvelli nýrra reikningsskila verður að byggja fjáröflun til þeirra framfara, sem hér verða að eiga sér stað á næstu árum. Menn verða að skilja það, að ef allt er látið dankast í sömu óreiðunni og verið hefur eða kákráðstafanir einar gerðar, þá dregur til þess, að fjármunirnir verða einskis virði. Á þetta verða menn að líta, þegar þeir meta, hverjum ráðstöfunum þeir eru fylgjandi og hverjum ekki.

Það verður að stöðva og minnka verðbólguna og kveða með því niður þá skoðun, að peningarnir verði einskis virði. Það verður m. a. með þessu að minnka eyðsluæðið og létta á þeim þrýstingi, sem er að stöðva framleiðsluna og eyðileggja allt heilbrigt fjármálalíf. Stjórnarvöldin verða að taka forustuna um að skapa fjármálagrundvöll, sem menn geta byggt á, og létta þannig öflun lánsfjár á frjálsum peningamarkaði, en slík lánsfjáröflun verður ætíð og þarf að vera mikils verður þáttur í fjáröflun til þeirra framkvæmda, sem byrjað er á, og annarra nýrra. Það þolir enga bið, að menn fái að vita, hvort ætlunin er, að hækkun dýrtíðarinnar taki einhvern tíma enda eða ekki.

Það verður að hafa stjórn á fjárfestingunni, þ. e. a. s. framkvæmdunum í landinu, í stað þess handahófs, sem nú ríkir og gerir allar framkvæmdir óhæfilega dýrar, eyðileggur afköstin og veldur því, að miklu færri mannvirki ljúkast en verið gæti.

Stjórn framkvæmdanna verður að miðast við það, að það sitji fyrir efni, fjármagni og vinnuafli, sem nauðsynlegast er, að allir hafi nóg að starfa, sem vilja vinna, en á hinn bóginn við það, að framleiðslutæki þjóðarinnar geti orðið rekin af fullu fjöri.

Það er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess að koma á eðlilegu jafnvægi milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs, þannig að framleiðslustörfin verði eftirsótt, en sitji ekki á hakanum. Í þessu sambandi kemur til greina aukin tækni, afnám milliliðagróðans, lækkun dýrtíðar og verðbólgu og aðrar ráðstafanir í sömu átt.

Það verður að stöðva þegar í stað alla óþarfa gjaldeyriseyðslu og gera allt, sem unnt er, til þess að forða því, að þjóðin, sem átti nærfellt 600 millj. kr. í erlendum gjaldeyri fyrir nokkrum misserum, þurfi að taka gjaldeyrislán á næstunni. En gæzla gjaldeyrisins er nátengd þeim ráðstöfunum, sem ég hef drepið á.

Brýna nauðsyn ber til að endurskoða skipan verzlunarmálanna og framkvæmd verzlunarinnar, fyrst og fremst með það fyrir augum, að verzlunarsamtök almennings fái sinn hlut réttan þannig, að þau geti notið sín, en þeim hefur verið haldið niðri á undanförnum árum með opinberum ráðstöfunum og með þeim afleiðingum um verzlunarhættina, sem nær öll þjóðin hneykslast á. Enn fremur þurfa verzlunarsamtök framleiðenda að fá stuðning ríkisvaldsins til þess að hafa með höndum innkaup á nauðsynjum þeirra. Þessar ráðstafanir eru hrein lífnauðsyn til þess að losa þjóðina af verzlunarklafanum.

Byggingamálin verður að taka alveg nýjum tökum. Tryggja verður með fjáröflun nýju lögin um byggingarlán í sveitum. Í kaupstöðum og kauptúnum verður ríkisvaldið að styðja bæði byggingarfélög verkamanna og samvinnubyggingarfélög með öflun fjármagns þeim til handa og styðja félögin til þess að framkvæma byggingar íbúðarhúsa í stórum stíl á þann ódýrasta hátt sem nútímatækni gerir mögulegt. Það verður að leysa byggingarvandamálið með það eitt fyrir augum að lækka kostnaðinn við öflun mannsæmandi íbúða.

Það hefur aldrei verið neitt til í því, að verðbólgan væri eins konar „stríðsgróðadreifari". Það hefur aldrei verið annað en blekking, að það mætti að skaðlausu bíða, að verðbólgan væri stöðvuð, það væri hægt að gera það seinna, og ef til vill þyrfti þess alls ekki. Af sömu rót var sprottið hjalið um það, að menn skyldu vera alveg rólegir, hin svokallaða „nýsköpun" leysti verðbólguvandamálið.

En því minnist ég á þetta nú, að þau vandamál, sem leysa þarf, eru þannig vaxin, að það er lítil

von um árangur, ef menn láta sér ekki skiljast, bæði svokallaðir forustumenn og aðrir, að vandi sé á höndum. En er nauðsynlegur skilningur á vandamálunum nógu almennt ríkjandi? Það er vafamál, að svo sé, enda hefur verið lögð meiri stund á annað af mörgum en upplýsingastarfsemi í þessum efnum. En nú verða allir að sameinast um að segja hreinskilnislega, hvernig komið er.

Yfir þjóðina hefur dunið ógæfa. Hún hefur fengið þungt áfall. Menn vakna sjálfsagt margir hverjir upp við vondan draum, þegar það upplýsist t. d., hversu farið hefur um gjaldeyrisinnistæður þjóðarinnar. Nú er spurningin hins vegar sú, hvort menn bregðast við eins og menn eða stinga höfðinu niður í sandinn.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég tel ekki ástæðu til að gera einstök atriði fjárlagafrv. þess, sem hér liggur fyrir til fyrstu umr., að umtalsefni, heldur mun ég ræða þau mál, sem mestu varða um framtíð landsins, afkomu manna og fjárhagsástæður. Fyrir alþýðu manna í landinu er þó vert að athuga, að af áætluðum útgjöldum ríkisins eiga 14 millj. kr. að greiðast til almannatrygginga, 4 millj. til landnáms og nýbygginga í sveitum og 2½ millj. til raforkumála.

Hv. 6. landsk. þm., Steingrímur Aðalsteinsson, rakti nýsköpunarmálin og komst að þeirri niðurstöðu, að allt, sem ánunnizt hefði, væri að þakka ráðherrum Sósfl. og að allt, sem miður hefði farið, væri að kenna ráðherrum annarra flokka. Sem dæmi um þetta nefndi þessi hv. þm. Sósfl., að nú væri búið að kaupa mikið af skipum, og skipakaupin væru í höndum atvmrh. En það er mála sannast, a. m. k. hvað togarakaupunum viðkemur, að þau mál hafa verið í höndum nýbyggingarráðs og forsrh. gerði samning um togarana, en ekki atvmrh.

Ég segi þetta sem dæmi um það, hve villandi ræða þessa hv. þm. var. Þá minntist hann á, að allar hafnarframkvæmdir hefðu gengið treglega á þessu ári, og benti á, hve skipakaupin gengju vel. Nú er það svo, að í fjárl. þeim, sem afgr. hafa verið af hinni starfandi ríkisstj., er varið mörgum sinnum meira til hafnarframkvæmda en nokkru sinni áður. Hitt er svo annað mál, að mikið seinlegra er að byggja hafnir við erfiða aðstöðu en að byggja skipin, og vægast sagt er undarlegur málflutningur þm., að hann skyldi bera þetta tvennt saman. Um hafnargerð í Njarðvík er það að segja, að framkvæmd hennar er í höndum nefndar, sem skipuð er mönnum úr öllum flokkum, og innan n. er ekki ágreiningur um hana og heldur ekki á milli n. og þess ráðh. Alþfl., er fer með hafnarmál.

Þá gerði þessi hv. þm. sölu og verð á síldarlýsi á s. l. ári að umræðuefni og lýsti því yfir, að Sovétríkin hefðu viljað borga hærra verð fyrir síldarlýsi en allir aðrir.

Þetta er rangt. Hugmyndin að því verði, sem selt var fyrir á síðasta ári, kom frá Bretum. Og Sovétríkin gengu inn á það verð, sem Bretar höfðu lýst yfir, að þeir vildu greiða, áður en kom til samninga við Sovétríkin.

Annars vil ég segja það út af hugleiðingum Steingríms Aðalsteinssonar um afurðasöluna, að ég tel, að afurðasalan eigi að vera ópólitísk.

Við eigum að selja þar, sem við fáum bezt og hagkvæmast verð hverju sinni, og hverjum sem er. Hv. 6. landsk. þm., Steingrímur Aðalsteinsson, virðist vera á öðru máli. Hann var að lýsa því, að bezt væri fyrir okkur, að við færðum alla verzlun okkar yfir á Sovétríkin. Hann sagði, að vegna þess að Sovétríkin hefðu áætlunarbúskap, væri hagkvæmast fyrir okkur að verzla við þau í einu og öllu. Mér skilst, að hann vilji innlima Ísland í verzlunarkerfi Sovétríkjanna. Ég tel, að við eigum að vera frjálsir með okkar verzlun og ekki innlima okkur í verzlunarkerfi neins stórveldisins. Frelsi og sjálfstæði landsins er undir því komið, að við höldum fast við þetta.

Ég vil svo láta þetta nægja um það, sem þessi hv. þm. sagði. En orð hans geta verið nokkur aðvörun um þá stefnu, sem þeir hafa, kommúnistar, og hvað það er, sem ræður stefnu þeirra á Alþ.

Ríkisstj. sú, sem tók til starfa hinn 21. okt. 1944, hafði, svo sem kunnugt er, inn á við tvö höfuðmarkmið. Annað var félagslegt réttlæti, þar í falin afgreiðsla launalaganna og almannatryggingaanna; hitt var atvinna handa öllum, sem raunar einnig má telja til þjóðfélagsréttinda, en því markmiði skyldi ná með því að auka framleiðslutækin og jafnframt afköstin, svo að eigi þyrfti að koma til kauplækkunar.

Þjóðin kaus um þessa höfuðstefnu ríkisstj. hinn 30. júní s. l. Stjórnarandstaðan, Framsfl., beið mikinn ósigur. Stjórnarflokkarnir báru sigur úr býtum, en misjafnan þó. Kjósendum var ljóst, að stefna ríkisstj. var að mestu leyti mörkuð af gömlum og nýjum baráttumálum Alþfl. Alþfl. fékk þess vegna mestan sigur í kosningunum. Kjósendur guldu trausti framfarastefnu og athafnir ríkisstj. með það fyrir augum, að henni yrði haldið áfram og haldið skyldi áfram að efla hin félagslegu réttindi þegnanna.

Dómur kjósenda var Alþfl. og stefnu ríkisstj. í vil. Alþfl. fór ekki dult með, að hann taldi, að ýmislegt mætti betur fara um ýmsar stjórnarráðstafanir og framkvæmdir. Alþfl. var ljóst, að tímabili því, er samið hafði verið um stjórnarsamstarf á, var lokið með kosningunum. Alþfl. var ljóst, að það, sem ríkisstj. hafði gert, var aðeins grundvöllur að því, sem þyrfti að gera. Eftir var að tryggja atvinnuvegina vegna væntanlegs verðfalls afurða, og eftir var að gera ráðstafanir til þess að stöðva óhæfilega verðbólgu og dýrtíð. Enn fremur var eftir að semja um tekjuöflun til þess að greiða kostnaðinn af almannatryggingunum, kostnað vegna aukinna framfara í sveitum landsins, framlög til bygginga í kaupstöðum, framlög til rafveitna og framlög vegna aukins kostnaðar við skólakerfi landsins.

Alþfl. taldi skyldu sína, með skírskotun til stefnuskrár sinnar og fyrri afstöðu, að taka sinn þátt í úrlausn þessara vandamála. Alþfl. lýsti því þess vegna yfir í þingkosningum, að við umr. um stjórnarsamstarf að kosningum loknum mundi hann, svo sem ætlið áður, láta málefnin ráða um samvinnu við aðra flokka. En svo sem lýðræðisflokki bar að gera, vildi Alþfl. bíða þess, að kjósendur segðu vilja sinn við kosningarnar, og haga sér þar eftir.

Allt öðru máli var að gegna um kommúnistana, sem kalla sig Sósíalistaflokkinn. Nokkru fyrir þingkosningarnar, eða hinn 11. júní, rituðu þeir Alþfl. og Sjálfstfl. svo hljóðandi bréf:

„Miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins leyfir sér hér með að fara þess á leit við yður, að þér takið upp samninga við fulltrúa hans og Sjálfstfl. um áframhaldandi stjórnarsamstarf að afloknum kosningum 30. júní n. k. á grundvelli eftirfarandi höfuðatriða:

1. Lokið sé við að framkvæma málefnasamning stjórnarflokkanna og jafnframt gerð ný samningsbundin áætlun um framkvæmdir á sviði atvinnulegrar nýsköpunar, menningarmála og félagslegra umbóta í framhaldi af fyrri samningi.
2. Flokkarnir lýsi því skýlaust yfir, að þeir muni vísa á bug öllum tilmælum, hvaðan sem þau koma, um leigu á herstöðvum til erlendra ríkja til styttri eða lengri tíma, enda sé þess krafizt, að her sá, er enn dvelur hér á landi, hverfi nú þegar brott samkvæmt samningi.
3. Gerðar verði gagngerðar ráðstafanir til að vinna bug á dýrtíðinni.

Sósfl. er reiðubúinn, hvenær, sem er, til þess að leggja fram till. sínar um málefnasamning þennan í einstökum atriðum í samræmi við stefnuskrá flokksins um verkefnin að afloknum alþingiskosningum.

Vér teljum með öllu óverjandi að ganga til kosninga, án þess að þjóðin fái að vita, hver er afstaða flokkanna til áframhaldandi stjórnarsamstarfs á grundvelli þeirra höfuðatriða, er vér höfum nefnt hér að framan.

Vér væntum heiðraðs svars yðar hið bráðasta."

Alþfl. svaraði fyrir sitt leyti, að hann teldi slíka samninga ekki tímabæra fyrr en eftir kosningar, og Sjálfstfl. mun hafa svarað á líkan hátt.

Að loknum kosningum, hinn 30. júní, þurftu ýmsir að hvíla sig og láta rjúka úr sér kosningahitann. Svo kom aukaþingið, sem haldið var í júlímánuði til þess að ganga frá upptökubeiðni Íslands í bandalag hinna sameinuðu þjóða. Samkomulag náðist um mál þetta í utanrmn., en þegar til kom, brutu kommúnistar það samkomulag af einskærri tylliástæðu og vildu flétta till. um brottför eftirstöðva af her Bandaríkjanna inn í till. um inngöngu í þjóðabandalagið. Þetta var fellt, sem sjálfsagt var, en hæstv. forsrh. gaf yfirlýsingu um, að hann mundi taka málið upp við stjórn U. S. A. Kommúnistar létu sér þetta ekki nægja, versnuðu í skapi og enn dróst á langinn, að hafnir yrðu samningar milli stjórnarflokkanna um úrlausn hinna aðkallandi innlendu vandamála, er ég áður nefndi, sem þó hlutu að vera í beinu framhaldi af því, sem ríkisstj. hafði gert fyrir kosningar. Óðagotið, sem verið hafði á kommúnistum um að semja fyrir kosningarnar, var nú alveg horfið. Tíminn leið. Síldarvertíðin brást. Augljóst varð, að vandamálin innanlands yrðu enn erfiðari úrlausnar en gert hafði verið ráð fyrir í byrjun síldarvertíðar, þegar bréf það var ritað, sem ég áður las.

Loks skeður það í byrjun septembermánaðar, að forsrh. kveður ríkisstj. til fundar. Segir hann, að við svo búið megi ekki lengur standa. Stjórnarfundi þurfi að halda á hverjum degi, þangað til þing komi saman, svo að málin verði undirbúin sem allra mest, því að nú sé ríkisstj. mikill vandi á höndum.

Ráðherrar Alþfl. tóku vel undir þetta, en ráðherrar Sósfl. kváðust ekki vera til viðræðna um úrlausn innanlandsmála, meðan eigi væri búið að útkljá um veru Bandaríkjahersins hér á landi. Sagði hæstv. menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, m. a., þegar ítrekað var við hann, að umr. þyrftu að hefjast tafarlaust um innanlandsmálin, að slíkt væri „þýðingarlaust".

Ég vil biðja hv. þm. að bera þessa staðreynd saman við bréf Sósfl., dags. 11. júní s. l., og ummæli hv. 6. landsk. um stöðvun nýsköpunarinnar. Hvað varð nú af áhuga Sósfl. fyrir samningsbundinni áætlun um „framkvæmdir á sviði atvinnulegrar nýsköpunar, menningarmála og félagslegra umbóta í framhaldi af fyrra samningi", eins og segir í áðurnefndu bréfi? Hvað varð af áhuganum fyrir að „gera gagngerðar ráðstafanir til að vinna bug á dýrtíðinni", sem allt þurfti að semja um fyrir kosningar, samkvæmt því, sem Sósfl. skrifaði þá samstarfsflokkum sínum? Allur slíkur áhugi hvarf út í veður og vind að kosningunum loknum.

Þannig brást Sósfl. stefnu sinni og loforðum, er hann hafði gefið kjósendum sínum fyrir kosningarnar, um eflingu nýsköpunarinnar. Í innanlandsmálunum hafði þó ekkert gerzt, er réttlætt gæti slíka stefnubreytingu.

Af hálfu Framsfl. hefur því verið haldið fram, að flestar eða allar ráðstafanir hinnar starfandi ríkisstj. hafi verið óráð, fálm og vitleysa. Nýsköpunin hafi verið óráð, afgreiðsla launalaganna fálm og afgreiðsla laga um almannatryggingar væri eignajöfnun, ofvaxin okkar þjóðskipulagi. En þjóðin dæmdi um athafnastefnu ríkisstj. og afturhald Framsfl. í síðustu alþingiskosningum, hún kaus heldur athafnirnar en afturhaldið. Við þennan dóm dró um sinn nokkuð úr hinum hatramma mótþróa Framsfl. gegn nýsköpuninni og gegn hinu félagslega réttlæti og öryggi laganna um almannatryggingar, en nú virðist af ræðu hv. 1. þm. S-M., Eysteins Jónssonar, að andstaðan gegn hinu mesta átaki, sem gert hefur verið til framfara og félagslegs öryggis hér á landi, sé aftur tekin að eflast með Framsfl. eftir kosningadýfuna.

Nú bendir talsmaður Framsfl. á vandræðin, sem bíða úrlausnar, og hrópar: „Hafði ég ekki rétt fyrir mér?" En því fer mjög fjarri.

Vandkvæðin, sem lýst hefur verið, stafa ekki af því, að stefna ríkisstj. í heild væri röng, heldur af því, að starf ríkisstj. var rofið af Sósfl., einmitt þegar mest reið á að hefja samstarf að nýju. Sá flokkur neitaði að ræða við hina flokkana tvo um úrlausn hinna innlendu vandamála, sem honum þó bar skylda til að gera samkvæmt úrslitum þingkosninganna og öllum kosningaloforðum hans.

Á þennan hátt hafa kommúnistar gersamlega brugðizt þeim skyldum, sem þeir hafa við hina innlendu húsbændur sína, kjósendurna. Þeir hafa látið ímyndaða hagsmuni hinna erlendu húsbænda sitja í fyrirrúmi.

Samkv. flugvallarsamningnum, sem samþ. var nýlega á Alþ., verður allur her Bandaríkjanna fluttur héðan af landi burt. Brottflutningur hermannanna er þegar vel á veg kominn. Kröfum um herstöðvar var neitað af Íslendinga hálfu. Bandaríkjamenn hafa einnig fallið frá þeim. Hér á landi verða engar herstöðvar. Málið er afgr. á þann hátt, sem allur þorri þjóðarinnar, þ. á m. kommúnistar vildu í bréfi sínu hinn 11. júní s. l.

Kjósendur spyrja þess vegna: Hví hefur Sósfl. ekki hafið samninga um innanlandsmálin við sína fyrri samstarfsflokka í samræmi við þetta ágæta

bréf sitt og yfirlýstan vilja sinn? Hefði þess þó sannarlega verið full þörf. Engin þingræðisstjórn er til í landinu. Alþ. situr verklaust viku eftir viku, og vandamálin bíða úrlausnar.

Samtöl hafa að vísu byrjað um samstjórn allra flokka. Að þessu starfar 12 manna n. frá þingflokkunum og fer sér hægt. Þessi n. hefur síðan kosið sér aðra n. fjögurra hagfræðinga og fengið þeirri n. stór verkefni til úrlausnar. Hvorki skal geta né vilji hinna ágætu hagfræðinga dreginn í efa, en þegar þeir skila sínu áliti, eiga stjórnmálaflokkarnir eftir að setjast á rökstóla og semja sín á milli, og á meðan bíða hin miklu vandamál úrlausnar. Eins og sakir standa, er ástandið þannig á Alþ., að stjórnmálamennirnir eru að þukla hver á öðrum, áður en glíman byrjar fyrir alvöru. Enginn veit, hvað við tekur. Þó má telja líklegt, að með þingkosningarnar s. l. sumar fyrir augum hljóti að myndast samtök til eflingar nýsköpuninni og til þess að koma í framkvæmd hinni nýsamþykktu löggjöf í félagsmálum. Þar verður ekki aftur snúið. Það væru svik við þjóðina.

Flokksþing standa nú fyrir dyrum hjá tveim flokkum, Alþfl. og Framsfl., auk þess kemur þing alþýðusambandsins saman í næsta mánuði, og enn fremur heldur Sósfl. flokksstjórnarfund um líkt leyti. Engu skal spáð um það, hver áhrif þessi þingköld hafa á væntanlega stjórnarsamvinnu. Kjósendurnir sögðu til um vilja sinn við síðustu alþingiskosningar. Þeim vilja ber okkur alþm. að hlýða, og væntanlega verður hann staðfestur af flokksþingum og flokksfundum.

Alþfl. er og verður trúr þeirri yfirlýsingu sinni að láta málefni ráða um samvinnu sína við aðra flokka. Stefna hans er skýr og ótvíræð eins og hún kom fram við alþingiskosningarnar.

Í utanríkismálunum hefur Alþfl. með afstöðu sinni til flugvallarsamningsins við Bandaríkin og afstöðu til þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi og og nú síðast inntökubeiðni Íslands í bandalag hinna sameinuðu þjóða skýrt og ótvírætt markað afstöðu sína og vilja um gott samstarf við allar þjóðir.

Í innanríkismálunum ber fyrst og fremst nauðsyn til þess að gera ráðstafanir í því skyni, að atvinnuvegir landsmanna geti haldið áfram með fullum krafti. Ráðstafanir þarf að gera til þess að halda niðri dýrtíðinni, og verzlunarsamninga þarf að leita í sem flestum löndum.

Þá þarf að samhæfa innflutning og útflutning þannig, að verzlunarjöfnuður náist. Enn fremur þarf að verja ákveðinni upphæð af gjaldeyri fyrir útflutningsvöru hvers árs, svo sem lög standa til, til nýbygginga.

Einn þáttur þessarar starfsemi til eflingar atvinnuvegunum er útvegun lánsfjár, svo sem áætlað hefur verið til B-lána stofnlánadeildarinnar. Um þetta mál voru byrjuð samtöl milli ríkisstjórnarinnar, nýbyggingarráðs og stjórnar landsbankans nú á þessu hausti, en þau stöðvuðust, eins og aðrar ráðagerðir um lausn hinna innlendu vandamála, vegna neitunar Sósfl. um að halda áfram samningum.

Þá þarf að tryggja vinnu handa öllum við sem arðbærastan atvinnurekstur og koma skipulagi á vinnuna til þess að auka afköstin. En til þess að standast samkeppni við aðrar þjóðir og geta haldið uppi þeim kröfum, sem menn nú gera til lífsþæginda og menningar, eru aukin afköst nauðsynleg.

Jafnframt skipulagningu vinnunnar þarf að búa til heildaráætlun um atvinnurekstur landsmanna og fjárfestingu í einstökum greinum. Og m. a. þarf að dreifa atvinnutækjunum meira út um landið en nú er gert. Allflestir kaupstaðir og kauptún úti á landi hafa engan stríðsgróða fengið. Þar vantar fé til framkvæmda og til nýsköpunar. Þessu verður hið opinbera að bæta úr með einhverjum ráðum. Reynsla sú, sem þegar hefur fengizt, bæði um einkarekstur og opinberan rekstur, sýnir, að heildaráætlun er alveg óhjákvæmileg. Óhæfilega mikið af fjármagni þjóðarinnar mun vera fast í verzlun og ýmsu þess háttar, á sama tíma og fé vantar til útgerðar og fiskiðju í sambandi við útgerðina. Þá er byggingariðnaðurinn rekinn alveg skipulagslaust, bæði af því opinbera og einstaklingum.

Á síðasta reglulegu Alþ. lagði ég fram og fékk samþ. frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Í frv. þessu voru ákvæði um skipun n., sem réði, hvernig byggingarefni skyldi ráðstafað. Þetta ákvæði var því miður fellt niður. Ýmsir hafa komizt svo að orði, að lög þessi séu að mestu leyti pappírsgagn. Þetta er alveg rangt.

Í byggingu eru nú á vegum byggingarsjóðs verkamanna 168 íbúðir, en auk þess er verið að ljúka 39 íbúðum, eða alls 207. Þá liggja fyrir beiðnir frá nokkrum kauptúnum, sem væntanlega verður unnt að sinna á næsta ári. 20 samvinnubyggingafélög hafa verið stofnuð, síðan lögin komu í gildi. Þessi félög eru að byggja á þessu og næsta ári 235 íbúðarhús. Samtals verða þá 532 íbúðir, sem þegar er vitað um, að byggðar verða eftir 1. og 2. kafla l. á þessu og næsta ári, og bætast væntanlega margar við síðar. Auk þess hefur Reykjavíkurbær og aðrir kaupstaðir óskað eftir aðstoð til að byggja íbúðir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, og mundi þurfa um 6½ millj. króna til að verða við þeim óskum. Fé hefur þó eigi fengizt til þeirra framkvæmda, en úrræða verður að leita til þess hið allra fyrsta. Af þessum upplýsingum sést, að það er fjarri öllum sanni, að l. þessi hafi ekki komið að verulegum notum.

Hins vegar hefðu l. vitanlega getað komið að enn meira gagni, ef ákvæði þeirra um skipulagningu byggingariðnaðarins hefði eigi verið breytt. Byggingarfélögin keppa nú innbyrðis og við einstaklinga um efni og vinnuafl, en auk þess keppir hið opinbera taumlaust í þessum iðnaði, bæði innbyrðis og við einstaklinga. Sem dæmi má nefna, að samkv. skýrslu húsameistara ríkisins eru nú í byggingu og fyrirhugaðar á næstunni opinberar byggingar, samtals rúml. 300,000 teningsmetrar, er samsvarar um 1000 verkamannaíbúðum samkv. l. um verkamannabústaði.

Fyrir stríðið vantaði peninga til bygginga. Meðan stríðið stóð, var mjög lítið byggt. Mjög mikil íbúðaþörf hafði því skapazt og þörf fyrir opinberar byggingar var mjög aðkallandi. Hins vegar verður að draga úr þeirri þenslu, sem komin er í þennan iðnað, og láta íbúðarhúsabyggingar af hæfilegri stærð ganga fyrir lúxusvillum og verzlunarhúsum, en jafnframt skipta opinberum byggingum niður í flokka, þannig að þær allra nauðsynlegustu gangi fyrir öðrum. Þá þarf, svo sem ég þegar hef bent á, að fá aukið fé til bygginga verkamannabústaða og byggingarsamvinnufélaga. Allt þetta mun koma

til athugunar við væntanlega samninga um stjórnarsamvinnu.

Af öðrum málum má nefna: Lausn landbúnaðarvandamálsins, sem lengi hefur verið á döfinni. Þá hljóta verzlunarmálin einnig að koma til athugunar og úrlausnar, því að svo sem kunnugt er, vinnur óþarflega margt fólk að verzlun í landinu, og tilheyrir þetta atriði bæði skipulagningu fjármagnsins og vinnunnar.

Enn má nefna rækilega endurskoðun skattalöggjafarinnar, því að eins og hún er nú framkvæmd, kemur hún þungt niður á fastlaunamönnum, en aðrir, sem ekki hafa sannanlegar tekjur, sleppa. Ýmsir fullyrða, að unnt væri að lækka skattstiga hinna beinu skatta til verulegra muna, en ná þó miklu meira fé en nú í ríkissjóð, ef allar tekjur væru taldar fram til skatts.

Þá liggur fyrir að halda áfram að bæta félagsmálalöggjöfina og breyta henni til batnaðar. Athuga þarf um endurbætur á l. um almannatryggingar, afgreiða verður frv. um öryggismál sjómanna. Þá er löggjöf og allt eftirlit um öryggi á vinnustöðum mjög ófullkomin, og loks er óskiljanlegt, að Alþ. geti lengur skotið sér undan að taka áfengismálin til rækilegrar íhugunar. Ótal áskoranir liggja fyrir um þetta víðs vegar að af landinu, og þær áskoranir verður vissulega að taka til greina, því að þær eru byggðar á fullri nauðsyn og sanngirni.

Loks vil ég geta þess, að Alþfl. mun rækilega minna á endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem var eitt hið merkasta mál á stefnuskrá ríkisstj., er ekki komst í framkvæmd. Það mál á að vera til undirbúnings í n., og er vissulega eigi til þess fallið að sofa á því.

Þá verður eigi hjá því komizt að finna tekjustofna fyrir ríkissjóð til þess að afgreiða hallalaus fjárl. Fjárl. eru, svo sem þegar er lýst, hin hæstu, sem lögð hafa verið fyrir hv. Alþ. Munu þó ýmsir telja, að enn skorti á, að nægilega sé áætlað til verka, er þeir telja nauðsyn á að framkvæma, og þm. flytja af þeim sökum brtt. til hækkunar á útgjöldum.

Ég hef nú nefnt ýmis þau mál, sem úrlausnar bíða og Alþfl. mun gera að skilyrði fyrir, að afgr. verði við nýja stjórnarmyndun. Ýmislegt er þó enn ótalið, en höfuðáherzlu mun Alþfl. hér eftir sem hingað til leggja á þau mál, sem talin eru hér að framan. Um líkur til samstarfs við aðra flokka er of snemmt að segja nokkuð.

Framsfl. hefur gengið mjög langt í því að ráðast gegn nýsköpuninni, í hvaða mynd sem var. Hann hefur einnig lagzt þunglega gegn félagslegum umbótum, svo sem l. um almannatryggingar. Í utanríkismálum hefur flokkurinn verið klofinn, svo sem kom í ljós við afgreiðslu flugvallarmálsins. Má vera, að það þyki djarfleg afstaða nú og hyggileg pólitík að skipta flokknum í tvo jafna hluta, en lítið mundi útkljást á Alþ., ef allir flokkar höguðu sér þannig.

Til þess að verða samstarfshæfur um úrlausn þeirra vandamála, er nauðsyn ber til að ráða fram úr, verður Framsfl. að gerbreyta um stefnu, en það hefur gerzt áður, svo að ekki er ástæða til þess að örvænta um, að svo verði, sjái flokkurinn sér hag í því.

Sjálfstfl. hefur í stjórnarsamstarfinu unnið að ýmsum þeim málum, sem úrlausnar bíða. Hann hefur s. l. tvö ár tekið sinn þátt í framkvæmd þeirra. Flokknum ætti því að vera áhugamál að koma þeim á tryggan grundvöll.

Hins vegar verður ekki ráðið fram úr mörgum þeirra án þess að koma við pyngju og hagsmuni ýmissa máttarstólpa flokksins.

Næstu mánuðir munu leiða í ljós, hvort Sjálfstfl. hefur þrótt til þess að setja alþjóðarhagsmuni ofar þessum einkahagsmunum, eða eigi.

Um Sósfl. er það vitað, að allur þorri kjósenda hans mun krefjast úrlausnar á innanlandsvandamálunum mjög á hinum sama grundvelli og Alþfl. setur fram. Kommúnisminn hefur ekki fengið neinn byr hjá alþýðu manna á Íslandi. Þess vegna hefur Sósfl. í orði kveðnu tekið upp ýmis stefnumál Alþfl. til þess að vinna sér fylgi. Vegna þess að sá flokkur hefur gert þetta, falla málefni Alþfl. og Sósfl. oft saman. Hitt er svo annað mál, að ýmsir helztu menn kommúnista fyrirlíta allt lýðræði, og í huga þeirra er önnur skoðun ríkjandi. Auk þess taka þeir afstöðu í utanríkismálum frá allt öðru sjónarmiði en menn með aðrar stjórnmálaskoðanir.

Þetta sérstaka sjónarmið valdamanna flokksins í utanríkismálum ræður, þótt undarlegt megi virðast, einnig öllu um stefnu þeirra í innanríkismálum. Þeir hafa, svo sem dæmin sanna, fórnað öllu samstarfi um innanríkismálin vegna ímyndaðra hagsmuna annars ríkis. Verði þetta framtíðarstefna þeirra, eru þeir eigi samstarfshæfir um úrlausn innanlandsmála. Og þetta skilur allur almenningur.

Flokksstjórnarfundur verður bráðlega haldinn í Sósfl. Þar verða samankomnir menn víðs vegar að af landinu, og vonandi tekst þeim að koma forsprökkunum í skilning um, að innanlandsmál verða að afgreiðast með hagsmuni íslenzku alþýðunnar og þjóðarinnar fyrir augum og ekki frá öðru sjónarmiði.

Það er skylda Alþ. að mynda þingræðisstjórn. Alþýða manna á öllu landinu, öll þjóðin bíður eftir því, að Alþ. framkvæmi þessa skyldu sína. Til þess þarf að samhæfa ólík sjónarmið hinna einstöku flokka.

Til þess að vera öruggur um að ná sem mestum árangri væri æskilegast, að allir flokkar bindust samtökum. Það mun koma í ljós innan skamms, hvort möguleikar eru fyrir hendi um þetta. Sé svo eigi, verða þeir flokkar, er samningum geta náð sín á milli um framkvæmdir á þeim málum, er meiri hluti kjósenda lýsti sig samþykkan við síðustu alþingiskosningar, að freista þess að mynda þingræðisstjórn.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 14, n. 543).

Forseti (JPálm): Það hefur orðið að samkomulagi við formenn þingflokkanna að fresta hinum svokölluðu eldhúsdagsumr. til 3. umr. fjárl. En til þess að fá það formlega samþykkt, þarf að samþykkja afbrigði frá þingsköpum fyrir því. Vil ég nú leita afbrigða fyrir því.

ATKVGR.
Afbrigði um að fresta eldhúsdagsumr. til 3. umr. leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd fjvn. leggja til, að frv. til fjárl. á þskj. nr. 14 verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 449 og 543, 542, 545, 560).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar nú frv. til fjárl. fyrir árið 1947 kemur til 2. umr. í dag, eru það að vonum tvö atriði, sem þjóðin mun krefjast nokkurrar skýringar á í sambandi við umr. málsins og afgreiðslu. Annað er dráttur sá, sem orðið hefur á afgreiðslu fjárl., hitt gjaldaupphæðin, ásamt rekstrarhalla og óhagstæðum greiðslujöfnuði. Þykir mér því rétt, áður en ég ræði frv. í einstökum atriðum, að gera þessum tveimur atriðum nokkur skil.

Fjárlagafrv. var útbýtt hér í sameinuðu þingi þann 16. október s. l. Hafði þing þá setið hálfan mánuð. Þann 29. s. m. var frv. vísað til fjvn., sem þá tók það samstundis til meðferðar.

Eins og kunnugt er, mælir 41. gr. stjskr. svo fyrir um: „að ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða aukafjárlögum." Fjvn. taldi sér því skylt, þótt tíminn væri naumur, að haga svo störfum sínum, að unnt væri að uppfylla þetta lagaboð og afgreiða fjárl. fyrir jól. N. var líka að mestu leyti tilbúin með till. sínar í lok nóvembermánaðar.

N. var þá þegar ljóst, að ekki yrði komizt hjá því að leggja til að hækka allverulega ýmsa gjaldaliði á frv., m. a. vegna lagafyrirmæla frá síðustu þingum, nema því aðeins, að horfið yrði að því ráði að fresta framkvæmd þeirra. En auk þess hafði vaxandi bjartsýni og stórhugur þjóðarinnar, svo að segja á öllum sviðum, framkallað margvíslegar stórframkvæmdir, sem lítil hyggindi væri fyrir ríkisvaldið að torvelda. N. var því komin að þeirri niðurstöðu þegar í nóvembermánuði, að bæta þyrfti um 43 millj. króna við rekstrargjöldin og jafnframt að hækka tekjuliði eða afla nýrra fyrir um 53 millj. kr., ef skila ætti rekstrarhallalausum fjárl. Þessar bráðabirgðatill. lét n. öllum flokkum í té þegar í nóvembermánuði. En eins og kunnugt er, hafði fyrrv. ríkisstj. þá beðizt lausnar, og þegar vitað var, að þáverandi fjmrh. var ófáanlegur til að taka sæti í væntanlegri stjórn og allt óvíst þá um stjórnarmyndun og hvaða menn eða flokkar kæmu til með að bera ábyrgð á henni og fjármálum landsins, þótti ekki rétt að afgreiða fjárlagafrv. með svo stórkostlegum brtt. til umræðu í þinginu.

Ég vil nú ekki leyna því, að þótt þetta sjónarmið yrði ofan á, þá hafði ég og hef enn allt aðra skoðun á þessu máli. Ég tel, og vil leggja á það alveg sérstaka áherzlu, að ákvæðum stjskr. beri að fylgja út í æsar og veigra sér ekki við að taka á sig alla þá erfiðleika og alla þá ábyrgð, sem því er samfara, en forðast miklu frekar hitt, að sniðganga fyrirmælin með þeirri afsökun einni, að unnt sé að skýra þau lögfræðilega á einn eða annan hátt. Alþingi á sem stendur í harðri baráttu við almenningsálitið. Það er borið mörgum og hörðum ásökunum um ábyrgðarleysi, iðjuleysi og áhugaleysi fyrir heill almennings, og virðing þess fer því miður ekki vaxandi meðal þjóðarinnar. Flestar eru þessar ásakanir algerlega rangar, en gera samt sitt til að veikja virðingu þingsins. En á móti þessum vansa verða þm. að hefja sókn, bæði í orði og verki. Út frá þessari stofnun ganga lagaboð, góð eða ill, sem marka á hverjum tíma lífskjör og afkomu þjóðarinnar, menningu hennar og möguleika alla til sjálfsbjargar. Hér í þessum sal er fjöreggi þjóðarinnar kastað á milli borða og milli manna. Dómur þjóðarinnar fer svo oftast eftir því, hversu gáleysislega er farið með þann leik eða hversu mikinn svip hann ber af öryggi, festu, alvöru og ábyrgð. Eins og þjóðin er yfir þinginu og ræður örlögum þess á kjördegi, eins er þingið yfir stjórninni á hverjum tíma. Og sé engin stjórn í landinu, eða aðeins framkvæmdastjórn, eins og hér var, frá því að fyrrverandi stjórn baðst lausnar og þar til ný stjórn var mynduð, ber Alþingi, ef það situr á annað borð, að taka einmitt þá á sig fulla ábyrgð á málunum, og ekki hvað sízt á fjármálum ríkisins. Ég veit, að það voru margvíslegir erfiðleikar á því að afgreiða fjárl. á réttum tíma undir þeim kringumstæðum, sem fyrir voru, og ég veit, að því fylgdi ábyrgð. En ég er þá líka þess fullviss, að þingið hefði vaxið af því verki eins og öllu, sem það gerir vel. — Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til nál. um þetta atriði.

Ég skal þá fara hér nokkrum orðum almennt um hitt atriðið, gjaldaupphæðina og hallann á frv., áður en ég fer út í hverja einstaka gr. frv.

Þegar fjárlagafrv. er lagt fram af fyrrv. fjmrh., eru tekjurnar aðeins áætlaðar rúmlega 136 millj. kr., en gjöldin rúmlega 146 millj. Frv. er þá með nærri 10 millj. kr. rekstrarhalla og 22 millj. kr. óhagstæðan greiðslujöfnuð. Þegar litið er á það, að ríkistekjurnar árið 1945 urðu nærri 166 millj. kr., og vitað er, að þær hlutu að verða mun meiri 1946, og engin sérstök ástæða til að halda, að úr þeim mundi draga verulega 1947, má segja, að hér hafi verið sýnt mikið yfirlætisleysi í áætlun teknanna hjá ráðh., sem er að skila af sér málunum í hendur annars manns. Reynslan hefur sýnt, að bæði árin 1945 og 1946, þegar fyrrverandi ráðh. fór með fjármálin, hafa tekjur og gjöld farið mikið fram úr áætlun, en tekjur þó miklu meira, svo að rekstrarafkoman hefur orðið miklu hagkvæmari en áætlað hafði verið. Er rekstrarhagnaðurinn 1945 um 14 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir og líklega um 30 millj. kr. meiri 1946.

Bæði þessi ár hefur einn þýðingarmesti þáttur atvinnulífsins brugðizt, þ. e. síldarútvegurinn. Það verður því ekki hrakið, að þessi óvenjulega hagstæða afkoma ríkissjóðs stafar beinlínis af margvíslegum áhrifum frá ríkisvaldinu, og þá ekki síst frá því, að á þessum árum er losað mun meira um höftin í viðskiptamálum og fjármálum þjóðarinnar en áður. En það mun jafnan reynast svo, að því meira frelsi, sem þar er beitt, því meiri þróttur brýzt fram hjá athafnamönnum þjóðarinnar til framkvæmda landi og lýð til blessunar.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti, sem lá fyrir n., voru tekjur ríkissjóðs s. l. ár um 199 millj. kr., og

mun þó nokkuð enn óinnkomið. Þótt ljóst sé, að enn vantar um 31 millj. kr. í tekjuáætlunina til þess að mæta rekstrarútgjöldum á frv., hefur fjvn. ekki viljað leggja til, að tekjuliðirnir yrðu hækkaðir meira en um tæplega 31 millj. kr., eða upp í 167 millj. kr. frá 136 millj. kr., sem voru á frv., er það var lagt fram. Þótti jafnvel sumum nm., að boginn væri spenntur of hátt í áætlun tekna og að mjög vafasamt væri, að þessar áætlanir gætu staðizt. Ég vil síður en svo álasa þeim fyrir slíka varfærni. En í sambandi við þetta má þó ekki gleyma því, að úr því að n. leggur til, að gjaldaupphæðin sé færð upp í nærri 200 millj. króna, og vitað er, að ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún mundi afgreiða rekstrarhallalaus fjárl., þá er ekki nema um tvennt að velja, að áætla tekjurnar svo nálægt sanni, sem unnt er eða að fylgja nýjum skatta- og tollaálögum á móti rekstrarhallanum. Og þótt ég sé engan veginn mótfallinn því, að eðlilegir skattar og tollar séu á lagðir, svo lengi sem það sligar ekki atvinnulífið og fer að verka þannig þveröfugt á hag ríkissjóðs við það, sem til er ætlazt, þá tel ég hitt þó eðlilegra, að áætla tekjurnar sanngjarnar og stilla þá jafnframt í hóf nýjum álögum.

Það skal að vísu viðurkennt, að áætlun tekna og gjalda er enginn mælikvarði á afkomu ríkissjóðs, þótt það sé bæði sjálfsagt og nauðsynlegt, að hún sé gerð svo nákvæm sem unnt er. Á hinu veltur allt, að ríkisvaldið sé jafnan hvetjandi, en ekki letjandi um framkvæmdir og að þjóðin megi jafnan bera óskorað traust til þeirra, sem fara með viðskipta- og atvinnumál þjóðarinnar.

Ég hef ekki gert ágreining um tekjuáætlunina frekar en þeir aðrir nm., sem eru á gagnstæðri skoðun um þetta atriði, en ég vil þó leyfa mér að benda hér á sem rök fyrir því, að tekjuáætlunin sé a. m. k. ekki óvarlega hátt áætluð:

1. að tekjur síðasta árs urðu hart nær 200 millj. króna;

2. að ríkissjóður hefur með sérstökum lögum tekið ábyrgð á 30% hækkun á flestöllum sjávarafurðum, framleiddum á þessu ári, sem hlýtur að gera hvort tveggja í senn, að örva menn stórlega til framkvæmda á því sviði og hækka jafnframt stórlega tekjur þeirra, sem þennan atvinnuveg stunda, miðað við afkomu þeirra á s. l. ári, en hvort tveggja þetta hlýtur að skapa tekjur í ríkissjóðinn. Hitt er svo annað mál, að ábyrgðin kann að skapa ríkissjóði einhver eða allmikil útgjöld, ef varan selst ekki fyrir hið ákveðna verð, en það snertir algerlega gjaldahliðina, en ekki tekna;

3. að aflabrögð hafa, það sem af er þessu ári, verið meiri en menn hafa átt að venjast. Mun þorskaflinn, það sem af er á þessu ári, vera orðinn 13 þús. smálestum meiri en á sama tíma í fyrra, eða sem svarar 40% meiri en þá var;

4. að nú hafa verið bræddd um 70—80 þús. mál síldar, sem aldrei hefur þekkzt áður á þessum tíma árs;

5. að síldarverksmiðjur og önnur fiskiðjuver hafa ýmist verið byggð nú eða stækkuð svo, að þar er að vænta tvöfaldra afkasta, ef afli fæst nægur;

6. að hinn nýi mótorbátafloti margfaldar afköstin á móts við það, sem áður var;

7. að á þessu ári koma hinir nýju togarar til landsins, til jafnaðar tveir á mánuði. Mun fyrsti togarinn hafa selt afla sinn í gær úr fyrstu veiðiför.

Að vísu er allt í óvissu enn um sölu afurðanna. Og mjög veltur sjálfsagt á því, að hún takist vel. En það hefur a. m. k. verið vonað, að kapphlaupið um lýsi og annað feitmeti mundi verka þann veg, að halda mætti uppi eða hækka allverulega aðrar framleiðsluvörur þjóðarinnar.

Ég geri því fullkomlega ráð fyrir því, með tilliti til þess, sem ég hef hér tekið fram, að afkoma atvinnuveganna almennt verði mun betri þetta ár en undanfarin ár, einmitt fyrir áhrif fyrrv. ríkisstj. og þeirrar nýsköpunar, sem hún hóf og núv. ríkisstj. mun halda áfram að auka og treysta. Ég hefði því haldið, að óhætt væri að áætla tekjur ríkissjóðs á þessu ári allverulega hærri en gert er og skal minnast nokkru nánar á það, um leið og ég fer yfir hina einstöku tekjuliði frv.

Skal ég þá fara nokkrum orðum um útgjaldahliðina almennt.

Fjvn. leggur til, að gjaldaliðirnir verði hækkaðir alls um nærri 53 millj. króna frá því, sem er í frv., og að auk þess verði gjöld á 20. gr. út hækkuð um 2650 þús. kr. En á móti komi tæpl. einnar millj. kr. gjaldalækkun á ýmsum gr. frv.

Þegar fyrrv. fjmrh. lagði frv. fram, var gjaldaupphæðin 146 millj. kr., eða með 18,5 millj. kr. hærri útgjöldum en fjárl. síðasta árs. Kom þetta m. a. til af því, að taka varð inn á frv. vegna nýrra lagafyrirmæla nærri 19 millj. kr. nýjan útgjaldalið vegna almannatrygginganna, 5 millj. kr. vegna landbúnaðarmála, 2 millj. kr. vegna raforkumála og rúmar 3 millj. kr. vegna flugmála, eða alls 29 millj. kr., auk þess sem reikna varð alla gjaldaliði mun hærri vegna hækkandi vísitölu og aukins rekstrarkostnaðar á ýmsum sviðum. Það hefði því ekkert verið eðlilegra en að þessir gjaldaliðir hefðu allir verið teknir inn á frv. í upphafi, og auk þess ýmsir aðrir liðir, svo sem vegna niðurgreiðslu dýrtíðarinnar, skólalöggjafarinnar o. m. fl., er fjvn. leggur nú til, að tekið sé inn á fjárl., og að auki yrði ekki dregið verulega úr verklegum framkvæmdum á öðrum sviðum frá því, sem var á síðasta ári. Og að þetta er ekki gert, veldur því, að fjvn. skilar nú brtt. um svo stórkostlega hækkun á gjaldaliðunum. Ýmsum mun nú finnast, að þessi undirbúningur fjárlagafrv. sé einkennilega andstæður vilja og áliti n. og jafnvel einkennilega andstæður því raunverulega ástandi, sem ríkir í landinu, þegar frv. er samið. En þegar þetta er athugað nánar, er ljóst, að hér er raunverulega ekkert að undrast yfir eða að áfellast. Sá fjmrh., sem undirbjó þetta frv. og lagði það fram, hafði marglýst yfir því, að hann teldi það beinlínis þjóðhættulegt, að ríkið færi á þessum tíma í kapphlaup við atvinnuvegina um vinnuafl og fjármagn og efni. Og af þeim ástæðum og þeim ástæðum einum leggur hann ekki til, að fé sé veitt í ár til verklegra framkvæmda fram yfir það allra nauðsynlegasta, og vill heldur, að framkvæmd ýmissa hinna nýju laga sé frestað um stund, eða þar til sýnt sé, að atvinnuvegirnir megi frekar sjá af vinnuaflinu.

Þótt þetta sjónarmið fyrrv. fjmrh. hafi ekki verið viðurkennt við afgreiðslu frv. frá n., þá er þó því ekki að neita, að mikill meiri hluti þings er að viðurkenna það með flutningi og væntanlegu samþykki frv. um fjárhagsráð, sem fyrir fram á að ákveða, hvar fé skuli fest, einmitt til þess alveg sérstaklega að tryggja það, að framleiðslan

verði ekki afskipt í kapphlaupinu um vinnuafl og fjármagn.

Fyrrv. fjmrh. hafði og marglýst yfir því, að hann teldi niðurgreiðslur dýrtíðarinnar úr ríkissjóði algerlega óverjandi til lengdar og enga raunverulega lausn vera á þeim vandamálum. Hann vill fara þar allt aðrar leiðir og leggur ráðherradóm sinn niður að langmestu leyti fyrir það, að þm. vildu ekki aðhyllast hans tillögur hér að lútandi. Hann tekur því enga upphæð inn á frv. til að mæta þessum útgjöldum. Nú hefur fjvn. í samráði við ríkisstj. lagt til, að 35 millj. kr. verði teknar upp í fjárl. til þess að mæta útgjöldum í sambandi við niðurgreiðslur og dýrtíð. Ríkisstj. hefur enn ekki komið auga á neitt annað í þeim málum — sem heldur er kannske ekki von, svo skamma stund sem hún hefur setið — en að troða þær gömlu slóðir, sem fyrrv. fjmrh. vildi ekki fara lengur og allir eru sammála um, að endi að síðustu í einstigi, ef ekki er snúið við eða beygt af leiðinni á einn eða annan hátt. — Ég hygg, að þetta sé nægilegt til að sýna, að undirbúningur fjárlagafrv. út af fyrir sig hafi verið í fullu samræmi við margyfirlýstan vilja fyrrv. fjmrh.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða hér mjög nákvæmlega hverja tillögu til breyt. á frv. og læt mér nægja að langmestu leyti að vísa til nál. Ég mun þó minnast hér á nokkur atriði, er ég tel rétt, að fram komi við þessa umr., og ekki eru tekin upp í nál. Hafa verið um þau atriði skiptar skoðanir í n., og verða því ummæli mín um þau ekki skoðuð sem álit fjvn. í heild, að því leyti sem þau kunna að verða viðtækari en nál.

Við 2. gr. Ég hef þegar rætt nokkuð um þá 8 millj. kr. hækkun, sem lagt er til, að gerð verði á verðtollinum (brtt. 1), og skal ekki fara frekar út í það atriði. Aðrir liðir þessarar gr. hafa á s. l. ári gefið 79,4 millj. kr., en eru áætlaðir hér aðeins 60 millj. kr. Ég tel því, að þessi áætlun sé mjög varleg og að þessir liðir muni gefa mun meira í tekjur en áætlað er.

Við 3. gr. Eins og sést á brtt. 2, er lagt til, að tekjur póstsjóðs hækki um 800 þús. kr. til þess að mæta áætluðum tekjuhalla. S. l. ár var rekstrarhalli á póstsjóði 1 millj. 440 þús. kr., svo að það verður að vonum erfitt að jafna þennan halla, en að því ber þó að stefna. Það er þó enginn vafi á því, að burðargjöld fyrir blöð og tímarit má hækka allverulega. Þau gjöld eru í engu samræmi við núverandi verðlag. Einnig mætti nokkuð hækka áætlun á frímerkjatekjum, og þykir ekki ólíklegt, að þessir liðir gætu gefið um 600 þús. kr. meiri tekjur. Þá er ekki gert ráð fyrir neinum hagnaði af fólksflutningsbifreiðum póststjórnarinnar, en hér er ekki ósanngjarnt að gera ráð fyrir, að af þessum lið kæmi a. m. k. sem því svaraði, er sérleyfishafar yrðu að greiða í skatta af rekstrinum til ríkis og sveitarsjóða, ef hann væri í þeirra höndum. En einkum og sér í lagi verður að skipuleggja á sama tíma reksturinn, svo að gjöld fari eigi fram úr tekjum. Samkvæmt skrá, sem n. hefur fengið, er eftirvinna greidd við stofnunina fyrstu 10 mánuði ársins allt að 190 þús. kr. Er sumum starfsmönnum greitt þar þennan tíma yfir 13 þús. kr. fyrir aukavinnu auk fastra launa. Þarf þetta fyrirkomulag að athugast.

Samkvæmt brtt. 3. er lagt til, að tekjur landssímans verði hækkaðar um 3,5 millj. kr. Er gerð nokkur grein fyrir því í nál. Rekstrarhalli landssímans hefur orðið 2,7 millj. kr. á s. l. ári. En samkvæmt línuriti, sem n. barst frá póst- og símamálastjóra yfir rekstur landssímans frá upphafi, sést, að síðan 1908 hefur síminn ávallt verið rekinn með rekstrarágóða þar til 1945. Það eru því engin frambærileg rök fyrir því nú, þegar eftirspurnin er svo mikil eftir síma og notkun hans eykst stórkostlega frá ári til árs, að ekki sé unnt að reka stofnunina hallalaust. Samkvæmt launayfirliti, sem n. hefur fengið, er greitt rúmlega 1200 þús. kr. í aukavinnu fyrstu 10 mánuði ársins. Einn einstakur maður hefur komizt þar hæst með kr. 22300 í aukavinnu og samanlögð laun rúmlega kr. 44000, eða kr. 4400 á mánuði til jafnaðar. Slíkar launagreiðslur verða að endurskoðast hjá fyrirtæki, sem rekið er með stórkostlegum halla.

Eins og getið er um í nál., hefur n. ekki á þessu stigi fallizt á að leggja til, að 500 þús. kr. verði áætlaðar til útgjalda vegna viðbyggingar í Gufunesi. Ég tel, að það sé bæði æskilegt og nauðsynlegt að láta það verða allra fyrsta verk stofnunarinnar að koma rekstrinum í viðunandi horf, áður en tekin er fullnaðarákvörðun um frekari byggingar.

Um hækkun á tillagi til notendasíma í sveitum vísast til nál.

Um 5. og 6. brtt., hækkun á tekjum af ágóða áfengisverzlunarinnar og tóbakseinkasölunnar, vísast til nál. Ég vil þó taka það fram, að sameiginlegar tekjur af þessum stofnunum s. l. ár voru 55,4 millj. kr., en n. leggur til, að hreinar tekjur verði áætlaðar 51,5 millj. kr., og er þá ekki reiknað með tekjum af þeirri verðhækkun, sem nýlega hefur verið gerð á áfengi og tóbaki. Það sýnist því vera höfð hér fyllsta varfærni í þessari áætlun.

Í nál. er minnzt nokkuð á rekstur landssmiðjunnar, og get ég að mestu vísað til þeirrar aths., en ég vil þó til enn frekari áréttingar í sambandi við það mál leyfa mér að benda á, að hið raunverulega ástand á rekstri þessa fyrirtækis er þannig, að gera verður róttækar aðgerðir til úrbóta. Stjórn fyrirtækisins er í höndum þriggja manna, sem allir eru hver í sínu embætti svo hlaðnir störfum, að þess er ekki að vænta, að þeir hafi mikil áhrif á daglegan rekstur, enda kom það fullkomlega fram í viðræðum við þá, að þeir vissu lítið um þau viðskipti, sem mestu tapi hafa valdið, fyrr en of seint. Lögboðnir skattar til ríkissjóðs eru enn ógreiddir, svo að hundruðum þúsunda skiptir, og annað er eftir þessu, á sama tíma sem hliðstæð atvinnufyrirtæki einstaklinga græða stórar fjárfúlgur og greiða háa skatta til ríkis og bæjar. Að vísu hefur nú verið skipt um forstjóra við fyrirtækið, og væntanlega verða við það eitt góð umskipti á rekstrinum, en þótt svo sé, þykir rétt að láta þessar staðreyndir koma hér fram.

Þá hefur verið rætt innan n. um rekstur útvarpsins og væntanlega byggingu útvarpshúss. Samkvæmt fjárlagafrv. eru hreinar tekjur útvarpsins áætlaðar rúmlega 1,5 millj. kr. Eru þá meðtaldar tekjur af viðtækjaverzluninni, tæpar 570 þús. kr. Gert er ráð fyrir á 20. gr. út, að 1120 þús. kr. af tekjunum sé varið til byggingar á útvarpshúsi. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja, að stofnunin noti það fé, sem henni græðist af starfsemi sinni, til þess að auka og endurbæta húsakost, vélar o. fl. Hitt er svo annað mál, hvort rétt sé, að stofnunin

haldi áfram sérstökum og mjög öruggum tekjustofni frá ríkissjóði, sem á sínum tíma var afhentur þessari stofnun, þegar hún raunverulega þurfti á honum að halda. M. a. vegna þess, að lagabreyt. þarf til þess, að þessi breyt. gæti komið til framkvæmda, leggur n. ekki til, að hér verði gerð breyt. á. Er á þetta bent, ef ráðuneytið teldi eðlilegt, að þessi breyt. yrði gerð. Þá hefur verið upplýst, að greitt hafi verið um 550 þús. kr. fyrir teikningar og annan undirbúning undir byggingu útvarpshússins, svo og að stofnunin hafi lánað 550 þús. til einstaklingafyrirtækis til 10 ára, á meðan hún enn skuldar ríkissjóði a. m. k. 2 millj. kr. Er vafasamt, hvort ráðuneytið getur lagt samþykki sitt til slíks án samþykkis Alþ., en sjálfsagt mun þetta atriði upplýsast hér við umr. á Alþ.

Við 10. gr. Um 7. brtt. vísast til nál.

Við 11. gr. Um brtt. n. nr. 8—11, sem allar eru tilheyrandi 11. gr., læt ég mér nægja að vísa til nál. Ég tel hins vegar rétt að vekja athygli hér á kostnaði við landhelgisgæzluna, sem var mjög til umr. í n., þótt eigi hafi verið gerð till. til breyt. á þeim lið. Með því að minni upphæð er tekin upp í frv. á þessum lið en beðið hafði verið um af framkvæmdastjóra skipaútgerðarinnar, þá kvaddi n. hann á fund til sín til þess að ræða þessi mál. Fékk n. m. a. þær upplýsingar, að launakjör skipverja væru miðuð við launakjör manna, sem siglt hefðu á ófriðarsvæðinu í stríðinu og enn héldu áhættuþóknun. Kæmust skipstjórar upp í 60—70 þús. kr. tekjur eftir stærð skipa, þegar allt væri reiknað með, peningagreiðslur og hlunnindi, og laun annarra skipverja í hlutfalli við það. Ég vil að vísu ekki gerast talsmaður þess, að laun sjómanna verði skert á einn eða annan hátt, en ég tel, að það sé rétt að láta það koma fram, að á meðan þessi mál eru þannig, geta skapazt ýmiss konar erfiðleikar um að halda uppi strandgæzlu og björgunarstarfsemi í landinu, sem þá eru ekki allir ríkisstj. og Alþ. að kenna.

Það upplýstist einnig, að allur kostnaður við kaupin á hraðbátunum hafi orðið 677 þús. kr., en á móti megi reikna 360 þús. kr., sem sparazt hafi í leigu á öðrum skipum við það, að bátarnir lágu hér mestallan tímann í höfn.

Við 12. gr. Um brtt. 12—13 við 12. gr. vísast til nál. Aðrir liðir gr. gefa ekki tilefni til aths.

Við 13. gr. Um brtt. 14—17, sem allar eru við 13. gr., vísast til nál. Þó skal hér enn fremur tekið fram, að vegamálastjóri óskaði eftir því, að framlag við viðhalds vega yrði hækkað upp í 10 millj. kr., eða um 1 millj. kr. Þar sem hér er um að ræða áætlunarupphæð, sem mjög er háð m. a. veðráttufari og svo því, hversu mikið er unnið með vélum, en vegavélum fer nú fjölgandi, sá n. ekki ástæðu til breyt. á þessum lið.

Eins og tekið er fram í nál., er áætlað í kostnað við strandferðir 250 þús. kr. tap á upp- og útskipun á vörum. Ég vil í sambandi við þennan lið mega vænta þess, að viðkomandi aðilar geri raunhæfar ráðstafanir til úrbóta á þessu atriði. Það er engan veginn verjandi, að ríkissjóður sé að leggja til stórar fjárfúlgur í sambandi við upp- og útskipun, og má undarlegt heita, að þeim málum skuli stjórnað þannig, að slíkt geti komið fyrir. Þá vil ég einnig benda á, að hér er um sama fyrirbrigði að ræða í sambandi við launakjör skipverja eins og við rekstur strandgæzlunnar, nema hvað það er heldur óhagstæðara útgerðinni, þar sem upplýst er, að skipstjórar komist með öllum hlunnindum yfir 80 þús. kr. árlegar tekjur. Vísa ég að öðru leyti til þess, er ég hef áður sagt um hliðstæð atriði.

Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja um rekstur flugmála, þykir allt benda til þess, að með betri skipulagningu á þeim málum mætti svo fara, að rekstrarhallinn gæti orðið mun minni. Annars eru öll þessi mál, sem tilheyra þessari gr., svo umfangsmikil, að það kemur mjög til athugunar, hvort ekki væri heppilegra að setja öll samgöngumálin undir eina þriggja manna stjórn, sem væri þá þeim forráðamönnum til aðstoðar, sem nú fara með þessi mál, hver upp á sitt eindæmi að mestu leyti.

Við 14. gr. Um brtt. n. nr. 18—32, sem allar eru við 14. gr., vísast til nál. En þó vildi ég gera hér nokkru nánari grein fyrir sumum þeirra.

N. þótti rétt að stuðla að því, að sem fyrst gæti komið út bók í siglingafræði, og leggur því til, að 25 þús. kr. verði varið til þess. Í því sambandi vil ég benda á, að mjög væri æskilegt, að hafizt væri handa sem fyrst um það að semja og gefa út kennslubók í vélfræði. Alla tíð, síðan vélskólinn var stofnaður, hafa nemendur orðið að nota danskar kennslubækur. Hefur þetta háð þeim mjög að lesa þannig örðuga og þungskilda námsgrein á framandi tungumáli, sem þeir hafa oft kunnað sáralítið í. Er þess að vænta, að sá ráðh., sem fer með þessi mál, geri ráðstafanir til úrbóta á þessu sem fyrst.

Þá hefur n. lagt til, að 100 þús. kr. verði veittar til endurbóta og stækkunar á fjósi á Hvanneyri. Er gert ráð fyrir, að í þessari byggingu megi fyrst um sinn einnig koma fyrir búvélageymslu, sem jafnframt er mjög aðkallandi, að komist upp. Þá þótti n. og rétt að leggja til, að veittar yrðu 50 þús. kr. til undirbúnings þátttöku í Ólympíuleikjunum 1948. Eigi íslenzkir íþróttamenn að keppa þar, og annað mundi ekki þykja tilhlýðilegt, er óhjákvæmilegt að veita fé til þess, úr því að íþróttasjóði er ekki ætlað að kosta slíkan undirbúning.

Langsamlega stærstu liðirnir á þessari gr. eru framlög til skólabygginga. Eftir þeim gögnum, sem fyrir lágu frá fræðslumálastjóra, mun þurfa að byggja ný skólahús fyrir allt að 10 millj. kr. á ári næsta áratug, ef uppfylla á að öllu leyti ákvæði hinna nýju skólalaga, og dugir þó naumast til. Þegar hefur verið hafizt handa um margar byggingar, sem sumar hverjar eru langt komnar og aðrar svo aðkallandi, að ekki er unnt að fresta framkvæmdum. Eru þær upphæðir, sem lagt er til, að teknar séu inn á frv., það minnsta, sem talið er, að unnt sé að komast af með á árinu.

Þá þótti n. og rétt að leggja til, að hækkað yrði framlag til íþróttasjóðs um 300 þús. kr. Er það sama upphæð, sem sjóðnum er þá ætluð, og var í fjárl. s. l. ár. Beiðni lá fyrir um mun hærra framlag vegna þess, hve íþróttamannvirki eru víða í smíðum, en n. sá sér ekki fært að leggja til, að hærri upphæð yrði tekin upp.

Við 15. gr. Um brtt. n. nr. 33—43 vísast til nál. Þó vil ég leyfa mér að geta þess, að 40. brtt. mun verða tekin aftur til 3. umr. til frekari athugunar vegna gagna, sem fram hafa komið, síðan till. var samþ. í n.

Ég vil til áréttingar því, sem sagt er í nál. um atvinnudeild háskólans, taka það fram, að ég tel, að það megi ekki dragast að gera viðtækar endurbætur á þeirri stofnun. Sumt af því, sem þar er unnið, er svo merkilegt og nytsamt fyrir atvinnuvegina, að sjálfsagt er að hlúa vel að því eftir mætti. Hins vegar er því ekki að neita, að stofnunin í heild hefur ekki verið sett undir þá stjórn, sem virðist vera nauðsyn á til þess að fá sem beztan árangur af öllu því liði vísindamanna, sem þangað hefur safnazt.

Þá vil ég einnig benda á, að sú upphæð, sem tekin er upp í frv. til náttúrufræðifélagsins, mun ekki nægja til þess að greiða þann kostnað, sem nú verður við rekstur náttúrugripasafnsins, eftir að ríkið hefur tekið við því og fjölgað þar liði.

Hitt er svo annað mál, að fjvn. taldi, að ekkert lægi á að gera þessa breyt. nú, og hefur því ekki viljað leggja til, að upphæðin yrði hækkuð.

Við 16. gr. Um brtt. nr. 45—55 vísast einnig til nál. Þó skal gerð hér nokkru nánari grein fyrir einstökum till. N. þótti rétt að gera till. um 200 þús. kr. hækkun til Búnaðarfélags Íslands. Bæði er það, að félagið hefur tæplega haft nægilegt fé til þess að mæta rekstrarútgjöldum undanfarin ár, en einkum er þó nú aðkallandi að kosta meira fé til landmælinga vegna aukinnar ræktunar, eftir að farið er að vinna meira með vélum en áður. Um 50. brtt. b-lið er samkomulag, að tekin sé aftur til 3. umr. til frekari athugunar.

Þá vil ég aðeins fara nokkrum orðum um 48. brtt. Þar er lagt til, að nokkur lækkun sé gerð á framlagi til skógræktar. Leyfi ég mér að vísa til þess, sem tekið er fram í nál. um þetta atriði. En vegna þess, að ég hef orðið var við, að skógræktarstjóri hefur sótt mjög á einstaka þm. til þess að fá þá í fylgd með sér gegn þessari till. n. og beitt þeim rökum máli sínu til stuðnings, sem ekki eru rétt, m. a. þeim, að rangt sé farið með tölur í nál., vil ég leyfa mér að mótmæla slíkum ummælum, enda hefur skógræktarstjórinn viðurkennt fyrir mér eftir nánari athugun, að fullyrðingar hans um þetta atriði hafi ekki við rök að styðjast. Vilji Alþ. leggja stærri skerf til skógræktar en n. leggur til, er ekkert við það að athuga. Hitt er svo annað mál, að það væri æskilegra, að það kæmi fram vegna samúðar og skilnings á málinu sjálfu en fyrir þann róður, sem er á takmörkunum að vera embættismanni til sóma.

Þá þykir mér rétt að taka hér fram, að n. mun fyrir 3. umr. ræða við raforkuráð í sambandi við framkvæmdir raforkumála og jarðboranir, þar sem þess hefur verið óskað mjög af hæstv. ráðh., að þetta atriði yrði nokkru betur athugað, áður en endanlega væri gengið frá fjárl.

Við 17. gr. Um till. nr. 56—62, sem allar heyra til 17. gr., vísast til nál., og gefa þær ekki tilefni til frekari skýringa. Ég vil hins vegar geta þess, að tilmæli komu frá tryggingastofnuninni um að hækka framlag til tryggginganna vegna hækkandi vísitölu. En með því að algerlega er óvíst, hver meðalverðlagsvísitala verður yfir árið, og að þetta er aðeins áætlunarupphæð, en hins vegar ákveðið í l., hvað ríkissjóði beri að greiða sem framlag á árinu að viðbættri verðlagsvísitölu, og með því enn fremur, að gert er ráð fyrir sérstakri upphæð á 19. gr. til þess að mæta hækkun vísitölunnar, þótti ekki ástæða til breyt. á þessum lið.

Við 18. gr. Hvað viðvíkur brtt. nr. 63—92, sem allar heyra til 18. gr., þá hefur verið fylgt hér sömu reglu og undanfarið. Þó eru hér fjórir nýir liðir, er ég skal fara um örfáum orðum. Björgvin Guðmundsson tónskáld er tekinn upp með 3000 kr. Lá fyrir erindi frá menntmrn. um, að hann fengi að halda fullum launum, þótt hann hafi látið af kennslu við menntaskólann á Akureyri. Hafði Akureyrarbær leyst hann frá kennslu við aðra skóla án launaskerðingar. N. gat ekki fallizt á þetta, en mælti hins vegar með því, að honum verði veitt fyrrnefnd upphæð. Þá leggur n. til, að Eggert Stefánssyni söngvara verði veittar 3600 kr., og væntir þess, að það verði samþ. Enn fremur leggur n. til, að ekkju Jónasar heitins Guðlaugssonar skálds verði veittar 1200 kr. Hún er nú 67 ára að aldri, ætti kröfu til þessarar fjárhæðar, ef hún væri búsett hér, og n. þótti betur við eigandi að hafa þennan hátt á. Að síðustu leggur n. til, að Gunnlaugi Kristmundssyni verði veittar 3000 kr. Hann hefur nú starfað í áratugi við sandgræðslu fyrir ríkið og unnið þar merkilegt starf. Hygg ég, að eigi þurfi að mæla frekar fyrir þeirri till. Að síðustu vil ég geta þess, að aths. við 81. brtt. á að falla niður. Er hún komin inn á frv. af vangá.

N. er þeirrar skoðunar, að framvegis verði að gera ýmsar breyt. á 18. gr. Ríkir þar hið mesta ósamræmi, og eru ýmsar greiðslur þar, sem koma til með að tilheyra tryggingunum framvegis. Mun n. skrifa ráðuneytinu um þetta atriði og mælast til þess, að þetta verði undirbúið á annan hátt á næsta árs fjárl.

Við 19. gr. Ég leyfi mér að vísa til nál. um þær 35 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana, sem n. leggur til., að teknar verði upp á 19. gr. frv., brtt. nr. 93. En ég vil þó ekki skiljast svo við þessa framsögu að fara eigi nokkru nánar inn á þetta atriði.

Á hverju þingi síðan 1942 hefur mál þetta verið rætt á einn eða annan hátt. Hver ríkisstj., sem setið hefur að völdum, hefur lýst því yfir, að stöðva bæri dýrtíðina og helzt að færa þyrfti hana niður smátt og smátt. Þegar ábyrgðar var beiðzt af útgerðarmönnum á söluverði aflans í vetur, var það og krafa af þeirra hálfu, að vísitölunni yrði ekki hleypt yfir 300 stig. Lengi fram eftir vildi fólkið sjálft, þ. e. a. s. allar launastéttir landsins, ekki heyra nefnt, að vísitalan yrði færð niður. Því fannst þá, og sumum finnst það kannske enn, að því fleiri krónur sem það fengi í laun, því efnaðra væri það. Hjá sumum reyndist það rétt, öðrum ekki. Og einmitt vegna þess, að almenningur í landinu setti sig á móti niðurfærslu, hefur enn enginn raunverulegur árangur náðst.

Alþ. og ríkisstj. er vel ljós sú hætta, sem stafar af þessum málum, ef ekki er spyrnt við fótum, þegar búast má við erfiðari sölu afurða, því að það má öllum verða ljóst, að ríkissjóður megnar ekki lengi að taka á sig skelli af ábyrgð afurðaverðs, sem kynni að reynast of hátt. Það er enginn vafi, að samkomulagsleiðin milli ríkisins og þegnanna yrði heilladrýgst í þessu mikla vandamáli. Enn hefur hún ekki fengizt, og því er það, að Alþ. verður nú að taka inn á fjárlög 35 millj. kr., eða hvorki meira né minna en fimmta partinn af öllum áætluðum tekjum ríkissjóðs þetta ár, til þess að halda niðri vísitölunni í landinu. Fáist þjóðin ekki til sameiginlegra átaka um þetta mál, vilji hún ekki sjálf semja um þau, þá verður þessi upphæð vax-

andi ár frá ári, þar til málið verður leyst á annan hátt. En jafnframt vex þá í sama hlutfalli sú upphæð, sem taka verður af þjóðinni í nýjum sköttum til þess að standa straum af þessu gjaldi. Mætti þjóðin vel minnast þess.

Við 20. gr. Um brtt. nr. 94—96 leyfi ég mér að vísa til nál. Ég vil þó auk þess, sem þar er tekið fram, skýra frá því, að hæstv. menntmrh. hefur upplýst, að út muni hafa verið gefin af fyrrv. kirkjumrh. bréfleg loforð um greiðslu á þessu ári til byggingar prestseturs á Breiðabólsstað auk þeirra, sem talin eru upp í nál. Ég skal nú ekki segja um það, hversu mjög Alþ. telur sig bundið af fyrir fram gefnum ávísunum, hvort heldur það er til þessa eða hins, en það upplýsist þá væntanlega nú, hvort það hafi verið mest aðkallandi prestsetursbyggingarnar, sem fénu hefur fyrir fram verið ráðstafað til, og hvort nauðsynlegt hafi verið að gera það, áður en vitað var, hversu há upphæð kynni að verða samþ. endanlega.

Um brtt. nr. 97 við 22. gr. vísast til grg. Þó skal aðeins til frekari skýringar bent á, að Jón Leifs hefur farið fram á það í erindi sínu, að lán það, sem hann óskar eftir að fá, að upphæð 60 þús. kr., fái að standa afborgunarlaust um lengri tíma. Mun ráðh. á sínum tíma meta þá tryggingu, sem boðin er.

Samkvæmt rekstraryfirliti eru tekjurnar alls rúmar 167 millj. kr. Hef ég áður gert grein fyrir þeim, en gjöldin eru áætluð tæplega 198 millj. kr. og rekstrarhalli því tæplega 31 millj. kr. Sjóðsyfirlit er þannig, að innborganir eru tæplega 171 millj. kr., en útborganir tæpar 217 millj. kr. og óhagstæður greiðslujöfnuður því tæpar 46 millj. kr.

Því verður ekki á móti mælt, að það ríkir mikil bjartsýni og nokkur stórhugur hjá fjvn., er hún leggur til, að fjárlagafrv. verði samþ. með þessari gjaldaupphæð, sem hvort tveggja á nokkuð rót sína að rekja til nýsköpunar atvinnulífs í landinu, hvort sem menn nú vilja viðurkenna það eða ekki, því að hvort sem n. treystir því, að tekjurnar reynist meiri, eða hinu, að atvinnuvegirnir þoli þyngri álögur, þá hlýtur þó bjartsýni að fylgja hvorri hugsuninni, sem á bak við liggur.

Fjvn. gerir það sannarlega ekki af neinu ábyrgðarleysi að leggja til, að gjöldin verði hækkuð um rúmar 50 millj. kr. Hún gerir það af því, að hún trúir því, að það sé rétt og skynsamlegt, og hún gerir það alveg sérstaklega af því, að hún treystir því, að atvinnuvegirnir séu þegar, m. a. fyrir gerðir fyrrv. ríkisstj., nægilega traustir til þess að taka á sig þessa byrði. Að vísu skal það játað, að raddir komu fram í n. um, að hér væri nokkuð djarft siglt, en fjvn. væri nú ekki heldur rétt skipuð, ef ekki fyndist þar ávallt eitthvert slíkt öruggt lífsakkeri.

Reynslan hefur jafnan sýnt oss, að því hærra sem vér höfum stefnt, því betur hefur oss vegnað, því bjartsýnni sem vér höfum verið, því léttara hefur verið að bægja erfiðleikunum burt frá landi og þjóð.

Þeir eru sjálfsagt margir nú eins og endranær, sem eru vonsviknir yfir því, að n. hefur ekki treyst sér til að uppfylla óskir þeirra, því að þrátt fyrir allt hefur orðið að hafna mörgu, sem vilji var til að láta framganga. En einna sárast var þó að geta ekki gert miklu stærra átak í sjúkrahúsa- og heilsugæzlumálunum, því að lausn þeirra er tvímælalaust mjög aðkallandi. Teldi ég vel þess vert að athuga, hvort ekki ætti að taka stórt lán til þess að leysa skjótt úr þeim vanda.

Hins vegar munu og finnast margir, sem álasa n. fyrir bjartsýni og stórhug, er þeir sjá gjaldaupphæðina. Þeim finnst mér auðveldara að mæta, því að sannast sagt vil ég ekki eiga sæti lengur sem form. fjvn. eða yfirleitt á Alþ. en svo, að stórhugur og bjartsýni eigi þar nokkru fylgi að fagna.

Fyrir öllum brtt. á þskj. 542 er meiri hl. n., en með því að einstakir nm. eru andvígir sumum þeirra, eru þeir óbundnir um þær við atkvgr.

Tveir nm. (ÁS og StgrA) hafa lýst yfir því, að þeir mundu bera fram ýmsar brtt. til frekari hækkunar útgjalda, sem meiri hl. n. hefur ekki viljað fallast á, og jafnframt áskija þeir sér rétt til að fylgja öðrum till., sem fram kynnu að koma, og skrifa því undir nál. með fyrirvara. Að öðru leyti stendur n. öll óklofin um till. í heild og væntir þess, að þær verði samþ.

Ég vil svo óska þess, að frv. verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

Frsm. samvn. samgm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Samvn. samgöngumála hefur haft með höndum sama hlutverk og áður á þingum hér, sem sé að fjalla um styrki til flóabáta, og er það einn liður af fjárl., sem nú eru til umr. N. hefur gefið út nál. á þskj. 449, og vil ég í öllum aðalatriðum vísa til þess.

Ég skal þegar geta þess, eins og kemur fram í nál., að forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur haft með höndum ekki aðeins milli þinga umboðsmennsku í þessu efni f. h. ríkisstj. og Alþ., heldur hefur hann einnig aðstoðað n. og þar með komið nærri þessum málum á mjög virkan hátt með grg. sínum og till. Þessar till., sem hér eru gerðar í einstökum atriðum, eru því runnar undan hans rifjum að miklu leyti eða þá fram komnar í fullu samráði við hann.

N. hefur leyft sér, eins og reyndar áður, að skipta flóabátasamgöngunum, sem eru hinar eiginlegu strandferðir, þegar um flóa eða firði er að ræða, í hluta eftir lands- og staðháttum, sem sé að fyrst eru Faxaflóasamgöngur, þá Breiðafjarðarsamgöngur, Ísafjarðarsamgöngur, Norðurlandssamgöngur, Austfjarðasamgöngur og síðan Suðurlandssamgöngur að nokkru leyti. Þessi skipting er eðlileg, en hún er þó meira að vissu leyti miðuð við þá farkosti, sem haldið er úti á þessum leiðum, en að skiptingin sé gagngер. Þessir farkostir eru hinir smærri bátar, sem ekki standa beinlínis í sambandi við hinar svo nefndu strandferðir í fjárl., heldur hefur samgmn. þingsins verið falið að fjalla um þetta atriði, og hafa till. n. jafnan verið úrslitaorð og alla jafnan verið samþ. Þetta er í rauninni eina verkefni samvn., því að ella hlíta samgöngumálin meira meðferð d. og samgöngumn. hvorrar fyrir sig, þó að einstöku stór verkefni verði að koma til samvn.

Fjvn. hefur alla jafnan falið samvn. þetta starf, og eru till. n. fullráðnar og teknar upp í till. við fjárlagafrv. það, sem nú er verið að samþykkja. Skiptingin er síðan gerð af stjórnarráðinu samkvæmt því, sem lagt er til í nál. samvn.

Má að vísu um það segja, hvernig skiptingin er, að nokkuð öðruvísi mætti það vera, en annars vegar er það svo, að þetta er komið í nokkuð fastar

skorður, og nauðsyn skapar það, að ekki hefur verið kleift að hverfa frá upphæðunum, eins og þeim hefur verið skipt, meðan, eins og ég gat um, aðalskiptingin er eftir farkostunum. Hver bátur eða hverjar samgöngur út af fyrir sig verða að fá sinn styrk. Þessum bátum er haldið úti af einstökum mönnum og félögum undir mjög misjöfnum aðstæðum, þannig að alltaf hefur verið tvísýnt um, hvort hægt væri að halda þessu gangandi eða hvort þeir aðilar gæfust upp eða ekki. Tilgangurinn hefur verið að halda þessu uppi og fá þessa aðila, sem hafa staðið bezt að vígi að annast um skipaferðir, til þess að halda þessu áfram, því að annars kostar hefði mátt gera ráð fyrir, að öngþveiti skapaðist. Meðan styrjöldin stóð, var þetta meira en áður á vegum Skipaútgerðar ríkisins, því að þá var talið skylt, að hún hlypi í skarðið, hvenær sem þurfa þætti, og á sumum stöðum hefur skipaútgerðin orðið að taka þetta í sínar hendur.

Till. sú, sem gerð var af samvn. samgöngumála hið fyrra ár um styrk til flóabáta og samþ. var og sett í fjárl. þá, var að upphæð kr. 853150.00. Nú mun svo hafa verið, og var að sjálfsögðu ríkisstj. líka vel kunnugt um það, að ekki yrði komizt af með minna. Reynsla ársins varð sú, að þetta dugði sums staðar ekki til, þótt alls sparnaðar væri gætt, enda þurfti þá mikilla aðgerða á sumum bátunum, sem að nokkru leyti voru styrktir þá, en að sumu leyti bíðu eftir styrk. En þótt þetta lægi fyrir, þessar upphæðir, sem gátu ekki minni orðið og reynslan hafði sýnt, að ekki mættu minni vera, þá leyfði ríkisstj. sér samt að áætla útgjöld til flóabátaferða miklum mun minni, og hélt hún sér við það að áætla þetta því nær helmingi minna en það átti að vera, 500 þús. kr. Nú sé ég, að fjvn. hefur tilgreint þennan mun, sem áætlunin 500 þús. kr. annars vegar gefur tilefni til og hins vegar till. samvn. samgöngumála nú, sem áætlar þetta kr. 916200.00. Það er að forminu til rétt, að áætlunin var þessi og till. n., sem ég gat um, en það er í veruleikanum rangt, ef það á að þýða tæmandi samanburð á því, sem nauðsyn krefur, og því hins vegar, sem lagt er til út af sömu nauðsyn. Hér virðist ekki farið út í neinar öfgar og ekki um neitt að sakast. En hins skal ég einnig geta, sem er meginatriðið, að þótt ekki hafi þótt fært eða verjandi að haga áætluninni eða till. öðruvísi, þá standa þó vonir til, að á þessu ári breytist til batnaðar um samgöngur kringum landið og þá einnig á fjörðum og flóum, þegar hin nýju strandferðaskip koma, sem væntanlega verður á þessu ári, og það hefur n. fyllilega haft í huga, en með því að þetta er ekki orðið, þá var ekki hægt að gera fastlega ráð fyrir því, ef kleift ætti að vera að semja við hlutaðeigandi aðila fyrir vorið um uppihald þessara samgangna, því að út í hreina óvissu verður ekki samið við þessa aðila. En við þessu er eðlilegur varnagli, og leyfi ég mér að skýra frá því, að milli mín og hv. frsm. fjvn. hefur þetta verið til umr., og munum við nú báðir ásáttir um að láta þetta haldast eins og venja er til, þó að báðum sé ljóst, að frá þessu getur skeikað, og sem betur fer mun eyðast minna af þessu áætlaða fjármagni en lítur út fyrir, ef svo verður, að strandsiglingarnar fara vaxandi og batna nú á þessu ári. En þessi varnagli felst í því skilorði, sem alltaf hefur fylgt þessum styrk, og vil ég leyfa mér að vitna til hans eins og hann er prentaður í fjárl. fyrir s. l. ár og eins í frv., sem hér liggur fyrir, og eru í höfuðatriðum þessir skilmálar þannig hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1946 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1947 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og Skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.“ — Og svo kemur eitt aðalatriði þessara skilmála: „Eigi skal styrkurinn greiddur að fullu, fyrr en skilríki hafa legið fyrir Skipaútgerð ríkisins um afkomu hlutaðeigandi báts á styrktímabilinu. Þeirra er varanlegum samgöngum halda uppi á ákveðnu svæði, svo að sýnt sé, að styrksins hefur verið þörf, eins og hann var ákveðinn.“ — Ég vænti, að hv. fjvnm. og aðrir þm. sjái, að hér er ekki neitt átt á hættu, með tilliti til þess, sem ég vil leggja áherzlu á, að þetta er skilorðsbundið, þannig að af þessum styrk yrði ekki veitt meira en þörf krefur. Ég vil leyfa mér að endurtaka — og mun það verða staðfest af hv. frsm. fjvn. — að milli okkar hv. frsm. n. hefur með þessum skilmálum orðið samkomulag um að láta svo búið standa við þessa till. Vona ég, að hún reynist ekki aðeins fullnægjandi, heldur verði þar eftir ástæðum frekar einhver afgangur en halli.

Ég tel að svo stöddu ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um álit samvn. samgöngumála og vona, að þm. hafi af áliti hennar, sem útbýtt var fyrir nokkru, getað gert sér ljóst, úr hvaða umdæmi sem þeir koma, að hér er reynt að miðla málum eins og frekast verður á kosið.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjvn. tók fram, hef ég ásamt hv. 6. landsk. þm. skrifað undir nál. með fyrirvara og lýst yfir því, að við mundum áskilja okkur rétt til að flytja nokkrar brtt., sem við höfum mælt með í n., en ekki fengið samþ. Þessar brtt. eru á þskj. 545, og vil ég leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum.

1. brtt. er við 13. gr. D. VII. 2. Í stað „350000“ í frv. komi: 600000. Þetta rökstyðjum við með því, að þar sem hér sé um svo mikla þörf að ræða fyrir flugvallarstæði úti á landi, verði þeirri þörf ekki fullnægt með þeirri fjárhæð, sem í frv. greinir. Í frv. er þessi upphæð 200 þús. kr. minni en á fjárl. í fyrra, og förum við fram á, að þessi upphæð verði hin sama og á síðustu fjárl. Ég vil minna á það, að árið 1945 voru fyrst sett fullkomin l. um flugvallarstarfsemi og flugvelli hér á landi, og þar er kveðið svo á, að alls skuli vera á landinu 39 flugvellir. Nú liggur í augum uppi, að eigi að framkvæma þetta til hlítar, þarf miklu meira fé, og mun reyndin þegar vera sú, að það fé, sem veitt var á síðustu fjárl., hafi verið of lítið frekar en of mikið og því sé ekki gerlegt að hafa það minna nú. Ég vil enn fremur benda á, að flugvallastjóri hefur lagt áherzlu á, að sérstök fjárveiting yrði

ætluð til flughafnar á Austurlandi, en slíkt mundi ógerlegt, nema þessi fjárhæð væri veitt.

Þá er 2. brtt. okkar við 14. gr., um námsstyrki. Leggjum við til, að sú upphæð verði hækkuð úr 350 þús. kr. í 450 þús. kr. Þessari upphæð er úthlutað af menntamálaráði, og samkv. þeim upplýsingum, sem við höfum fengið þaðan, liggja fyrir um 300 umsóknir um þessa styrki, en þar á meðal eru um hundrað menn, sem notið hafa styrks áður, og hefur menntamálaráð upplýst, að ef sinna eigi þeim sömu mönnum, geti framhaldsstyrkir þeirra ekki numið minna samtals en um 216 þús. kr., og eru þá eftir um 133 þús. kr. handa tvö hundruð umsækjendum, sem liggur í augum uppi, að er allt of lítið. Af þessari ástæðu flytjum við brtt. um, að heildarupphæðin verði hækkuð um 100 þús. kr., til þess að hægt sé að fá viðunandi lausn. Enn fremur má geta þess, að um helmingur þessara nýju umsækjenda er fólk, sem ætlar að stunda alls konar verklegt nám, og öllum er kunnugt, hve okkur vantar fólk með verklega þekkingu í atvinnulífið nú.

3. brtt. er líka við 14. gr., um sundskyldu, og förum við þar fram á, að liðurinn verði hækkaður úr 120 þús. í 240 þús. Hér er í raun og veru um að ræða framkvæmd á löggjöfinni. Það er ákveðið í l., að hvert barn á Íslandi skuli læra sund, en ekki hefur verið hægt að framkvæma þessa löggjöf að fullu, m. a. vegna þess, að fé vantar til þess og sundstaði. Þetta hefur lagazt á seinni árum að því leyti, að sundstöðum hefur fjölgað, en féð hefur eingöngu farið til þess að greiða sundkennslu barna utan kaupstaðanna. Til þess að hægt sé að koma þessu í lag, telur fræðslumálastjóri, að ekki sé hægt að komast af með minna en 240 þús. kr., og er það sú upphæð, sem við förum fram á, að greidd verði.

Þá er 4. brtt. um að hækka byggingarstyrk til barnaskóla úr 2 millj. í 6 millj. og 900 þús., í stað þess að till. n. mun vera um 4½ millj. Fyrir fjvn. hafa legið mjög nákvæmar skýrslur um þær barnaskólabyggingar, sem þegar eru í smíðum og óhjákvæmilegt er að smíða á þessu ári, og samkv. þeim upplýsingum er hluti ríkissjóðs af þeim byggingum, sem þegar er byrjað að byggja, ekki minni en 880 þús., sem ríkissjóði ber að greiða samkv. l. Nú má taka fram, að líkur eru til, að ⅓ alls framlagsins þurfi ekki að greiða fyrr en á næsta ári, því að byggingarnar verða full tvö ár í smíðum, en þá verða eftir nærri 6 millj. kr., sem þau sveitarfélög, sem hafa barnaskólabyggingar í smíðum, eiga kröfu á ríkissjóð á þessu ári. Samkv. þessari sömu áætlun mun ríkissjóður þurfa að greiða 6,8 millj. til bygginga, sem þegar er ákveðið að hefjast handa um og teljast mega alveg óhjákvæmilegar, og er þá auðséð, að ekki er of mikið þótt við leggjum til, að lagðar séu fram í þetta 6 millj. og 900 þús. Enn fremur má minna á það, að síðan þessi áætlun var gerð hefur vísitalan hækkað og byggingarkostnaður því aukizt. — Ef þessi till. nær ekki fram að ganga, höfum við borið fram varatill. um 5 millj., og er það sú upphæð, sem einu sinni var búið að samþykkja í n., þótt n. breytti þeirri ákvörðun síðar.

Um 5. brtt. má svipað segja og um till. um barnaskólana, þó að munurinn sé ekki eins mikill hér og þar.

6. brtt. er um námsflokkastarfið. Það var árið 1940, að ákveðinn var ríkisstyrkur til þess, þannig að ein króna skyldi greidd fyrir hverja kennslustund og 10 aurar fyrir hvern nemenda á kennslustund. Nú er öllum kunnugt, að kostnaður og kennslukaup hefur hækkað mjög mikið, en samt sem áður hefur þessi styrkur ekki verið hækkaður. Þegar þessi styrkur var fyrst ákveðinn, voru námsflokkarnir 33, en nú eru þeir 71. Er því ljóst, að till. n. er allt of lág, enda liggja fyrir um það útreikningar, að til þess að þessi upphæð verði sambærileg við það, sem áður var ákveðið, mundi ekki veita af kr. 20100, og er það sú upphæð, sem við förum fram á í stað 13750, eins og lagt er til í till. fjvn.

Þá er það 7. brtt. Þar er lagt til, að styrkur til skóla fyrir forstöðukonur og starfsstúlkur barnaheimila sé ákveðinn 32500 kr., gegn jafnháu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur. Þetta er nýr liður, og vil ég í þessu sambandi benda á, að þessi skóli er þegar tekinn til starfa, og hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðið að leggja fram helming af stofnkostnaði hans, ef ríkið vill leggja fram hinn helminginn á móti. Barnavinafélagið Sumargjöf mun hafa komið þessum skóla í gang fyrir áskorun frá menntmrn., bæði fyrir ríki og bæ, en ef ríkið vill ekki leggja til þetta framlag, er hætta á, að skólinn verði að hætta störfum. Nú er hins vegar vitað mál, hversu nauðsynlegt það er að halda þessum skóla uppi, þar sem barnaheimilum fjölgar og nauðsyn er á sérmenntuðum konum til þess að hafa forstöðu þeirra starfa með höndum. Við leggjum því til, að hér verði tekinn upp nýr liður, eins og áður segir.

8. brtt. er um að hækka tillag til Alþýðusambandsins úr 10000 kr. í 25000 kr. Virðist hér ekki óhóflega farið í sakirnar, þegar tekið er tillit til þess, hvað önnur stéttarsamtök fá mikið fé úr ríkissjóði til hvers konar starfa.

Þá er það 9. brtt., sem er við 14. gr., um tillag til rannsókna á þroskastigi barna. Í fjárlagafrv. er nokkur upphæð ætluð til þessarar starfsemi, eða 35750 kr., en við leggjum til, að í staðinn komi rúml. 81 þús. kr., og vil ég í þessu sambandi benda á, að hér liggja fyrir mjög ákveðin meðmæli frá fræðslumálastjóra og bæði fyrrv. og núv. menntmrh. með því, að Alþ. sjái sér fært að hækka þessa upphæð sem þessu nemur. Ástæðan er sú, að sá maður, sem hefur þetta aðallega með höndum, hefur svo miklum störfum að gegna, en þetta er of mikið starf fyrir einn mann og því nauðsynlegt, að hann geti fengið sér aðstoðarmann til hjálpar, vegna þess að sá sérfræðingur, sem hér um ræðir, notast ekki að fullu við hin sérfræðilegu störf, ef hann á að safna skýrslum og snúast í öðru, og er því nauðsynlegt, að hann geti fengið aðstoðarmann.

Þá er 10. brtt. við 15. gr. Til Alþýðusambands Íslands: a. Til útgáfu sögu verklýðshreyfingarinnar kr. 15000. b. Til útgáfu söngvasafns og til söngiðkana á vegum verklýðssamtakanna kr. 50000. Í sambandi við fyrri liðinn er að geta þess, að hér er aðeins um framhaldsframlag að ræða. Á síðustu fjárl. voru veittar til þessa 12000 kr. Útgáfa þessarar sögu er nú í undirbúningi, en mun vafalaust kosta mikið fé, svo að ekki er hægt að segja, að hér sé farið að með frekju, þegar um 15 þús. kr. er að ræða. Um hinn liðinn er það að segja, að ætlazt er til, að safnað verði og gefin út nótur og söngvar, sem vel viðeigandi er að syngja á

samkomum og mótum verkalýðsins, og slík söngvasöfn eru og víða til í nágrannalöndum vorum.

11. brtt. er við 15. gr. um, að styrkur til skálda og rithöfunda skuli hækkaður um 50 þús., eða úr 150 þús. í 200 þús. Varatill. er svo 175 þús., og þar sem vitað er nú, að fjárlög á þessu ári munu verða miklum mun hærri en á s. l. ári, þá er þetta ekki mikil hækkun.

12. brtt. er einnig við 15. gr. Þar komi nýr liður: Til Gunnlaugs Schevings, byggingarstyrkur 25 þús. kr. Hér er um listmálara að ræða, sem ráðizt hefur í kaup á húsi í Hveragerði. Það var honum alveg nauðsynlegt, því að hann þurfti á að halda vinnustofu og örðu húsplássi. Þessi styrkur er því svipaður og aðrir listamenn fá.

Þá er það 13. brtt., við 16. gr., og er um það að hækka styrkinn til búreikningaskrifstofunnar. Þar komi 59250 í staðinn fyrir 40000. Þessi starfsemi hefur átt sér stað nú um nokkur ár, og ég hygg, að engum blandist hugur um gagnsemi hennar. Hins vegar er það ljóst, að þessi starfsemi er ekki það mikil, að hægt sé að ætlast til, að hún gefi rétta hugmynd um tekjur bænda. Þess vegna tók forstjóri skrifstofunnar það ráð að ráða sérstakan mann til þess að ferðast um landið og leiðbeina bændum um hald búreikninga. Þetta hefur eðlilega í för með sér aukinn kostnað. Allur kostnaðurinn við þessa starfsemi er áætlaður sundurliðaður á þessa leið: Laun forstjóra 7000 kr., laun aðstoðarmanns 28 þús. kr., laun skrifstofustúlku 7250 kr. og ferðakostnaður 10 þús. kr., og skrifstofu- og húsaleigukostnaður 7000 kr. Þetta verða þá 59250 kr. í staðinn fyrir þær 40 þús. kr., sem áætlaðar voru.

Þá er það 14. brtt. við 16. gr., um byggingarstyrk til iðnskóla. Með brtt. er gert ráð fyrir, að þessi styrkur verði hækkaður úr 300 þús. upp í 750 þús. Byggingarnefnd iðnskólans sendi fjvn. upplýsingar, og samkvæmt þeim er bygging þegar hafin og samið um við byggingarmeistara, að húsið verði fokhelt í nóvember n. k., og eftir samningi við byggingarmeistara var talið, að húsið mundi kosta 3½ millj. kr., en síðan hefur verið keypt efni, og með fleiri kostnaðarliðum má gera ráð fyrir, að kostnaður verði, þegar húsið er fokhelt, um 4¼ millj. Til greiðslu þessa kostnaðar hefur byggingarnefnd samtals 1 millj. og 800 þús. frá ríki og bæ. Þá vantar 2 millj. og 450 þús. til þess að geta greitt áfallinn kostnað. Hins vegar gat byggingarnefnd þess, að ef til vill þyrfti ekki að greiða alla upphæðina fyrir næstu áramót, og gætu þeir komizt af með 1½ millj. alls frá ríki og bæ, og legg ég því til, að 750 þús. kr. verði lagðar fram af ríkinu, og gerandi er ráð fyrir, að bærinn leggi annað eins fram á móti. Um þörfina blandast víst engum hugur. Í skólanum eru víst 8—9 kennslustofur, en umsækjendur um skólann um það bil 800. Öllum er víst ljós þörfin fyrir iðnaðarmenn í landinu, og nú þegar verið er að setja löggjöf um iðnfræðslu, virðist ekki ótímabært að leggja áherzlu á byggingu þessa skóla.

15. brtt., við 17. gr., er um að hækka styrkinn til Kvenréttindafélags Íslands úr 15 þús. í 50 þús. Engum blandast víst hugur um gagnsemi kvenfélaganna og hið merka starf, sem þau hafa unnið á ýmsum sviðum víðs vegar um landið. Kvenréttindafélagið hefur nú skrifstofu hér í Reykjavík, og eins og gefur að skilja, þarf fé til þess að hafa hana. Auk þess verður það að kosta árlegan fulltrúafund, og krefur það töluverðra fjárútláta. Ég vil því eindregið leggja til, að þessi hækkun, sem um getur, verði tekin til greina.

Þá er það 16. brtt., við 17. gr. Þar komi nýr liður, um útrýmingu heilsuspillandi íbúða samkvæmt III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og er gert ráð fyrir, að lagðar verði til þessa 2 millj. kr. Varatill. er 900 þús. kr. Í sambandi við þetta vil ég benda á það, að í l., sem samþ. voru á síðasta þingi um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kauptúnum og kaupstöðum, er beinlínis ákveðið, að þar sem nauðsyn krefur, beri sveitarstjórnum í kaupstöðum og kauptúnum að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og er til tekið, að til þess skuli viðkomandi sveitarstjórn njóta aðstoðar eftir þeim l., sem það ákveður, og sú aðstoð er, að ríkissjóður skuli láta því sveitarfélagi, sem reisa á íbúðirnar, í té 75% af stofnkostnaði hverrar íbúðar samkv. þessum kafla. Ég vil benda á það, að ef ríkið sér sér ekki fært að láta þetta fé af mörkum, þá eru þessi l. aðeins pappírsgögn, sem ekkert er leggjandi upp úr. Um þörfina fyrir þessar byggingar þarf ekki að deila. Ég legg því til, að þessi nýi liður komi inn, en um hann var hæstv. fyrrv. félmrh. búinn að ræða í n. sem allra minnsta tillag, sem hægt væri að komast af með til þessara hluta.

Þá vil ég geta um 17. og síðustu brtt., en hún er við 20. gr., og er hún á þá leið, að fjárstyrkurinn til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri skuli vera 700 þús. kr. í stað 250 þús. kr. Hús þetta er nú í smíðum, og samkvæmt sögn skólameistara er ekki hægt að komast af með minna en 500 þús. til þess að koma byggingunni undir þak fyrir næsta haust og 200 þús. til þess að fullgera aðeins aðra álmuna, sem mundi þá verða heimavist fyrir 34 nemendur. Um þörfina á þessu er ekki að deila, því eins og vitað er, er Menntaskólinn á Akureyri fyrir allt landið að kalla má utan Reykjavíkur. Allir vita, hve erfitt hefur verið fyrir skólanemendur utan af landi að fá húsnæði í Reykjavík, og þess vegna er hin brýnasta þörf fyrir stóra og góða heimavist á Akureyri.

Ég ætla mér svo ekki að fara fleiri orðum um þessar brtt., en vona, að þm. sjái nauðsyn þeirra og sjái sér fært að taka þær til greina.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er hér flm. að nokkrum brtt., og mun ég mæla hér nokkur orð viðvíkjandi þeim. Það er þá fyrst 16. brtt. á þskj. 560, og er hún við 13. gr. A. VI.2, um kaup á vegavinnuvélum, og er þar lagt til, að í staðinn fyrir „500 þús." komi: 1 millj. Ég tel það mikið nauðsynjamál, að vegamálastjóra sé gert kleift að festa kaup á fleiri og fullkomnari vegavinnuvélum og að undinn sé bráður bugur að útvegun þeirra. Þær vélar, sem til eru og hafa verið notaðar, hafa margar reynzt ágætlega, svo sem mokstursvélar og fleiri, og fjölgun þeirra mundi leiða til þess, að vegir yrðu miklum mun fljótar lagðir og auk þess betri. Því fé, sem varið yrði til kaupa á þessum vélum, yrði því vafalaust mjög vel varið og mundi spara ríkissjóði geysimikil útgjöld við vegalagningu á landinu.

Þá legg ég til, að VI. liður C. í 13. gr. verði orð-

aður svo: Til kaupa á áhöldum og vinnuvélum, og verði þessi liður einnig hækkaður í 1 millj. úr 500 þús. kr. Hér er um að ræða þörf, sem ef til vill er enn þá brýnni en þörfin fyrir vegavinnuvélar, því að hér er um að ræða m. a. vélar, sem bráðnauðsynlegar eru til hafnargerða og lendingarbóta, en til þess vantar svo tilfinnanlega vélar, að segja má, að til vandræða horfi í þeim efnum, og líkur eru fyrir, að ríkið verði að fá að láni vélar hjá einstaklingum. Það er hart, að ríkið skuli dragast aftur úr einstaklingum um vélakaup, og má ekki lengur við svo búið standa. Það fé, sem lagt yrði til þessa, væri langt frá því að vera eyðslufé, og með kaupum þessara véla mundi sparast mikið fé. Með því ástandi, sem nú ríkir í þessum efnum, er ég hærddur um, að ríkið verði að taka ýmsar vinnuvélar á leigu hjá einstaklingum, þegar vinna þarf að opinberum mannvirkjum, en slíkt ástand er alveg óþolandi, og því nauðsynlegt, að ríkið eigi vélarnar sjálft og sem bráðast verði unnið að því að útvega fljótvirkar og öruggar vélar, sérstaklega til vega- og hafnargerða.

Þá er það 23. brtt. á þskj. 560, um lendingarbætur í Grafarnesi, en þar legg ég til, að komi 150 þús. í stað 75 þús., sem ákveðnar eru í frv. Þarna hefur verið byrjað á lendingarmannvirkjum, en ég tel nauðsynlegt að vinna þarna bæði betur og hraðar. Þorpið stækkar óðum, og íbúar þess hafa sýnt töluverðan myndarskap í ýmsum greinum. Þeir ætla nú að fara að byggja frystihús, og það hefði þegar verið gert, ef betur hefði verið gengið frá lendingunni og hægara hefði verið að fá lán til þess. Þá hafa þeir einnig keypt nokkra báta, og þess vegna er nauðsynlegt, að lendingarskilyrði séu góð.

Þá er hér önnur brtt., nr. 29 á sama þskj. um lendingarbætur á Vopnafirði. Þar komi 200 þús. í stað 100 þús. Það er nauðsynlegt, að á Austfjörðum, einhvers staðar á hentugum stað, rísi öflugur útgerðarbær. Út af Austfjörðum eru fiskimið með ágætum, en útlendingar sitja að þeim að miklu leyti, sakir þess að Íslendingar hafa ekki aðstöðu til þess að sækja þessi mið verulega. Ég vildi hafa borið fram veigameiri till. um þetta atriði, en sá mér það ekki fært að þessu sinni, og tel, að þessi till. gæti orðið nokkuð til bóta.

Næsta brtt. er sú 32., við 15. gr. Þar komi nýr stafliður, sá 10., og er hann til viðhalds á Snorragöngum í Reykholti. Þegar ég sá þau síðast, þessi gömlu göng fyrir ofan laugina, þá fannst mér hætta á, að þau færu að síga saman. Ég athugaði þetta þó ekki nákvæmlega, sá, að þarna var geymt alls konar rusl. Mér finnst, að ekki sé svo mikið til af gömlum mannvirkjum hér á landi, að við megum láta þau grotna niður án þess að nokkuð sé að gert. Við ættum að reyna að halda þeim við í sínu upprunalega formi og reyna að koma í veg fyrir, að þau skemmdust. Það hefur komið fram á Alþ. viðleitni í þessa átt, og ég vona, að þessi litla till. finni náð fyrir augum þess.

Þá er það síðasta brtt., sem ég vildi mæla með. Hún er nr. 38 á sama þskj., og er hún við 16. gr. D.VI., fyrir 2. og 3. tölulið komi: Kostnaður við boranir. Þessi upphæð, sem hér er farið fram á, er sú, sem rafmagnseftirlitið fór fram á upphaflega, og má það ekki minna vera. Í frv. er svo ráð fyrir gert, að allir 3 töluliðirnir kosti rúma 1 millj., svo að till. er ca. 500 þús. kr. hækkun, og eins og ég hef áður sagt, er það nákvæmlega sú hækkun, sem rafmagnseftirlitið fór fram á. Ég vil því eindregið mæla með því, að þetta fé verði veitt. Það er svo um þessar gufuvirkjanir, að þær eru alveg á tilraunastigi, og ég tel nauðsynlegt að gengið sé sem fljótast úr skugga um, hvort þessar virkjanir séu ekki miklu ódýrari en vatnsvirkjanir. Við megum ekki horfa um of í þann kostnað, sem af tilraununum leiðir, því að hér getur verið um að ræða afl, sem kann að vera margfalt ódýrara en vatnsafl, og það minnsta, sem við getum, er að fallast á það, sem sérfræðingar fara fram á. Ég vildi því mæla eindregið með því, að þm. samþykki þessa hækkun.

Þetta eru þær brtt., sem ég er 1. flm. að, og vona ég, að hv. þm. sjái sér fært að fylgja þeim.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi ræða hér lítils háttar þær brtt. við fjárlagafrv., sem ég hef lagt fram, og er það í fyrsta lagi brtt. við brtt. á þskj. 542, um það að hækka styrk til hafnargerðar í Hafnarfirði. Ástæðan er sú, að á undanförnum árum hefur verið unnið að hafnargerð í kaupstaðnum, og hefur bærinn lagt fram miklu meira fé — ekki kannske meira en honum ber — en bærinn hefur alltaf verið á undan ríkissjóði, hvað snertir fjárframlög til hafnargerðarinnar. Bezt hefur það komið fram í því, að þrátt fyrir það, að á s. l. ári væri lítið unnið við hafnargerðina, var fjárveitingin frá ríkinu samt ekki nóg til þess að samsvara þeim innistæðum, sem Hafnarfjörður raunverulega átti hjá ríkinu vegna þess framlags, sem Hafnarfjörður lagði fram, eftir því sem venja er til um greiðslur til slíkra framkvæmda. Miðað við þetta legg ég til, að þetta framlag verði hækkað úr 330 þús., sem gert var ráð fyrir í brtt. n., í 600 þús., en eins og allir hljóta að sjá, er brýn þörf fyrir góða höfn í Hafnarfirði.

Í öðru lagi hef ég borið fram brtt. við fjárlagafrv., og er hún við 15. gr. A., VI.30, og komi þar nýr liður, um lesstofu fulltrúaráðs verklýðsfélaganna í Hafnarfirði, og legg ég til, að styrkurinn til hennar verði 5 þús. kr. Varatill. er 3 þús. kr. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að hafnfirzkum verkalýð er nauðsyn á stofu þessari, og hefur verkalýðsfélag Hafnarfjarðar ákveðið að stofna hana. Það á nokkrar bækur, þótt lítið sé. Ríkisvaldið og Alþ. hafa tekið afstöðu til þessara lesstofa með því að veita ákveðna upphæð til þeirra víðs vegar um land, t. d. í Reykjavík og víðar. Mér finnst ekki nema sanngjarnt, að hafnfirzkur verkalýður njóti þess sama og verkalýður annars staðar á landinu og fái þennan styrk til lesstofunnar.

Þá hef ég leyft mér að bera fram brtt. við fjárlagafrv. um, að styrkur til Leikfélags Hafnarfjarðar hækki úr 3 þús., eins og lagt er til í frv., upp í 6 þús. Ástæðan fyrir brtt. minni er sú, að leiklistarstarfsemi hefur aukizt mjög á síðari árum í Hafnarfirði, og auk þess sé ég í frv., að gert er ráð fyrir að veita sumum stöðum úti á landi 6 þús. kr. styrk í þessu skyni. Finnst mér því eðlilegt, að Hafnarfjörður fái að njóta sama réttar og þeir.

Síðasta brtt. mín við fjárlagafrv. fer fram á, að styrkur til bókasafns verkamanna hækki úr 4 þús. kr. í 10 þús. kr. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að 4 þús. kr. eru að mínu viti allt of lítil upphæð miðað við það, hversu mikið gagn og ánægju verkamenn hafa af því að eiga aðgang að sæmilegu

bókasafni. 10 þús. kr. eru ekki nægilegar í þessu skyni, en miklu nær sanni og kæmu að miklu meira liði en 4 þús. kr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þessar brtt. mínar, en vil leyfa mér að vænta, að hv. þm. taki þeim með skilningi og samþykki þær.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég er flm. að tveim brtt. við fjárlagafrv. það, er hér liggur fyrir. Langar mig til að mæla örfá orð fyrir annarri þeirra, þ. e. a. s. 31. staflið á brtt. 560. Þessa brtt. flyt ég ásamt 3 öðrum hv. þm., og fer hún fram á 10 þús. kr. styrk til stúdentaráðs, til stúdentaskipta, útgáfu handbókar og annarrar starfsemi í þágu stúdenta. — Stúdentaráð sendi hv. fjvn. erindi um þetta efni, en það barst n. svo seint, að henni vannst ekki tími til að taka það til meðferðar, og þess vegna er þessi brtt. fram komin frá okkur 4 flm., hverjum úr sínum þingflokki. Gert er ráð fyrir því, að stúdentaráð noti fyrst og fremst þennan styrk til stúdentaskipta. Fyrir stríð var ætluð nokkur fjárhæð af fjárl. í þessu skyni, en sá liður féll niður, meðan styrjöldin stóð, þar sem stúdentaskiptum var þá ekki við komið. Nú er hins vegar aftur í ráði að taka stúdentaskipti upp að nýju, og er því ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að ríkið styrki þessa starfsemi eins og fyrir stríð. Slík stúdentaskipti geta verið þýðingarmikil og með þeim tengjast oft bönd, sem geta orðið landi og þjóð gagnleg, því að eins og kunnugt er, hafa komið hingað erlendir menntamenn á slíkum ferðum, sem síðar hafa lagt Íslandi margt gott til. Í öðru lagi er ótvírætt gagn að því fyrir íslenzka stúdenta að eiga kost á því að dvelja um nokkurt skeið meðal erlendra þjóða, en slíkar dvalir eru miklum mun kostnaðarminni, ef um stúdentaskipti er að ræða en venjulega námsdvöl. Þá er og gert ráð fyrir því með brtt. okkar, að þessu fé verði varið til útgáfu handbókar fyrir stúdenta. Ríkið hefur áður styrkt slíka útgáfu, og virðist því ekki nema sanngjarnt, að það ljái lið sitt til þessarar starfsemi, þar sem nú er þörf á nýrri handbók.

Vona ég, að hv. þm. þyki hér ekki um háa upphæð að ræða og verði við þessari beiðni stúdentaráðs, því að óhætt er að fullyrða, að þessum peningum yrði varið á skynsamlegan hátt, ef brtt. okkar verður samþ.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Það eru ekki svo margir hv. þm. hér á bekkjunum, að það taki því að tala langt mál fyrir brtt., og ég verð að segja það, að ég undrast að sjá engan hæstv. ráðh. viðstaddan við þessa fjárlagaumr. Ég hef engan hæstv. ráðh. séð hér í dag, og þykir mér það einkennilegt, a. m. k. hélt ég, að hæstv. fjmrh. teldi ástæðu til að vera viðstaddur. En án þess að fara frekar út í þetta, þá hef ég nokkrar brtt., sem ég þarf að mæla með.

Á þskj. 560 eru þrjár brtt. frá okkur þm. Skagf. Í fyrsta lagi merkt rómverskum 22 á þskj. 560, um hafnarmannvirki á Hofsósi, að í stað „50000" komi: 75000. Það var fyrir nokkrum árum, að byrjun var gerð að hafnarmannvirkjum á Hofsósi, og er þar nú vísir að fiskihöfn og tiltölulega auðvelt að gera þar góða höfn. Þó að búið sé að byrja vel, þá er svo komið nú, að ekki hvíla á þessu nema 40—50 þús. kr., og væri því hægt að hefjast handa á ný við verkið, ef ríkið vildi styrkja. Vitamálaskrifstofan gerir ráð fyrir, að lengja þurfi hafnargarðinn allt að 60 metrum, til að aðstaða yrði þar góð fyrir strandferðabáta og fiskiskip. Að fullgera það, en það mundi kosta 600—700 þús. kr., er meira en hægt er að gera í einu átaki, en áhugi er mikill fyrir þessum framkvæmdum, og við þm. Skagf. förum aðeins fram á hækkun um 25 þús. kr., svo að hægt sé að lengja hafnargarðinn. Ég er ekki í vafa um, að því fé er vel varið, sem varið er til að bæta hafnarmannvirki á Hofsósi. Þar eru góð skilyrði til að lífvænlegt þorp rísi upp með 600—1000 íbúum, en nú eru þar um 300 manns. Skilyrði til ræktunar eru þar einnig ágæt, og skal ég ekki fara fleiri orðum um það, en víst er, að því fé, sem ríkissjóður veitir til hafnarmannvirkja á Hofsósi, er vel varið. Byrjun á þessu verki fyrir styrjöldina má teljast ágæt og öruggt að sú viðbót, sem farið er fram á, kemur að þeim notum, sem vonir standa til.

Þá er 2. brtt. okkar þm. Skagf. undir rómv. 22 á sama þskj., þar sem við leggjum til, að til hafnarmannvirkja á Sauðárkróki verði veittar 300 þús. kr. í stað 200 þús. kr., sem fjvn. leggur til. Ég skal geta þess, að það hafa orðið nokkru meiri áföll á Sauðarkróki en á Hofsósi. Á árunum fyrir styrjöldina voru gerð þar hafnarmannvirki, sem kostuðu um milljón kr. Afstaðan þar er nokkuð erfið, þar sem þorpið er fyrir opnu hafi, en erfiðast er það, að þegar búið er að gera hafnargarðinn, þá kemur í ljós, að möl berst inn í höfnina, og er svo komið nú, að engin skip geta lagzt við hafnargarðinn, og verður að flytja vörur í land á smábátum. En nú telja sérfræðingar, að gera megi þessi mannvirki fær um að sinna sínu hlutverki, en til þess þarf allmiklar endurbætur. Það, sem vitamálaskrifstofan leggur til, er að lengja hafnargarðinn um 40—50 m til þess að beina sandstraumnum frá, og mundi það kosta 240 þús. kr., eftir því, sem áætlað er. Í öðru lagi þarf að moka upp sandi úr höfninni. Nú er von á uppmokstursskipi bráðlega, og við gerum okkur vonir um, að það verði látið moka fyrst á Sauðárkróki. Vitamálaskrifstofan áætlar, að kostnaður muni verða um 200 þús. kr. til að gera höfnina aftur skipgenga venjulegum skipum. Þriðji liðurinn í hafnargerðinni er að koma upp síldarplani, og er kostnaðaráætlun við það 360 þús. kr. Það er því um að ræða 860 þús. kr., sem áætlað er, að þyrfti til að tryggja höfnina fyrir sandi, moka upp þeim sandi, sem fyrir er, og í þriðja lagi að gera síldarplan til að auknir söltunarmöguleikar verði á Sauðárkróki. 200 þús. kr. er svo lítil upphæð, að við þm. Skagf. sjáum okkur neydda til að bera fram till. um, að framlagið verði hækkað í 300 þús. kr., og auk þess gerðum við okkur vonir um að fá styrk til viðbótar úr hafnarbótasjóði. Sauðárkrókur hefur farið varhluta af hinni margumtöluðu nýsköpun á síðari árum, og ég tel, að ríkið og Alþ. geti ekki látið hjá líða að verja nokkurri upphæð til þess að hægt sé að athuga skip á Sauðárkróki, þar sem varið er tugum milljóna til að skapa nýja borg hinum megin við skagann, og er ekki nema gott til þess að vita, en þá verður líka að leggja nokkurt fé í að bæta skilyrði á Sauðárkróki, er telur um 1000 íbúa og hefur lítil atvinnuskilyrði, eins og nú er. Kröfur okkar þm. Skagf. eru svo hófsamlegar, að ég skil ekki annað

en að Alþ. samþykki þetta, ef hv. þm. vilja á annað borð athuga, hve mikil nauðsyn þetta er. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en tel einsýnt, að Alþ. geti fallizt á að hækka framlag til hafnarmannvirkja á Sauðárkróki úr 200 þús. í 300 þús. kr.

Þá er þriðja till. á þskj. 560, rómv. 24, og er hún um lendingarbætur í Haganesvík, að til þeirra sé varið 25 þús. kr. Haganesvík er mikilsverður viðkomustaður frá Siglufirði, og þó að vegur opnist yfir fjallið, þá er hann opinn aðeins 3—4 mán. úr árinu og er því nauðsynlegt að gera lendingarbætur í Haganesvík, svo að þar geti verið örugg viðkoma. Kröfur um þetta eru ákveðnari og meiri, einmitt eftir að vegurinn er opnaður, því að Fljótamenn auka þá mjólkurflutninga, og er því nauðsyn fyrir öruggan veg til Siglufjarðar. Það er ekki ákveðið enn af vitamálaskrifstofunni, hvernig lendingarbótum skuli hagað. En fyrir styrjöldina voru veittar nokkrar þús. kr. á fjárl. Þær kr. hafa aldrei verið notaðar, en eru nú geymdar. Vitamálaskrifstofan hefur nú lofað, að tekin skuli ákvörðun um, hvernig lendingarbótum í Haganesvík verði bezt hagað, og eru rannsóknir á því langt komnar. Þess vegna höfum við þm. Skagf. leyft okkur að leggja til, að nýr liður komi í fjárl. um 25 þús. kr. framlag til lendingarbóta í Haganesvík. Það er svo ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þessar till., sem við þm. Skagf. höfum flutt við fjárl. að þessu sinni. Við höfum ekki flutt fleiri till., þótt nauðsyn kynni að hafa verið, en í þessum tilfellum er brýn þörf, að eitthvað sé að gert, sérstaklega á Sauðárkróki, Hofsósi og einnig að hafizt verði handa um lendingarbætur í Haganesvík.

Ég mun ekki ræða till. hv. þm. mjög mikið, en þó eru tvær eða þrjár till., sem mig langar til að segja nokkur orð um. Í fyrsta lagi vil ég geta þess, að hv. fjvn. hefur lagt til, að lækkun verði á framlagi til skógræktar. Ég tel ekki rétt að lækka framlag til skógræktar frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárl., þó að þar sé veitt hærri upphæð en áður hefur verið. Skógræktin er þess eðlis, að með henni er leitazt við að græða landið að nýju og friða skóglendið, og ég veit, að skógræktinni veitir ekki af því fé, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., að veitt verði. Ég mæli því með, að brtt á þskj. 560, XXXVI. tölulið, frá fjórum hv. þm., um hækkun til skógræktar, verði samþ., og skal ég ekki fara fleiri orðum um það.

Þá vil ég aðeins minnast á eitt atriði, sem um getur í nál. fjvn., og það er um framlög til endurbyggingarstyrkja. Það er eins og hv. þm. vita, að nú eru veittir endurbyggingarstyrkir samkv. l. frá 1937. Hin nýju l. um landnám og nýbyggðir gera ráð fyrir, að þetta falli niður, en í stað þess verði fáanleg hagkvæm lán, og er gert ráð fyrir, að á miðju þessu ári verði búið að ganga frá þessu. Nú telur nýbýlastjórn, að þurfi 600 þús. kr. til þessarar starfsemi, en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að veittar séu 300 þús. kr. Það, sem ég vildi taka fram, áður en fjvn. gerir till. við 3. umr., er, að þessar 600 þús. kr., sem farið er fram á, að veittar séu, er sú lægsta upphæð, sem hægt er að veita. Ég legg því áherzlu á, að upp verði tekið 600 þús. kr. framlag til þessara hluta. Að láta þetta ógert er aðeins að svíkja sjálfan sig, því að ríkið þarf að greiða þetta hvort eð er. Nýbýlastjórn hefur þótt þessi áætlun of lág, en hún mun ekki gera hærri kröfur, en leggur áherzlu á, að 600 þús. kr. séu veittar nú, til að hægt sé að ljúka þessum málum á miðju þessu ári, eins og l. mæla fyrir.

Þá er eitt atriði, sem ég sé ástæðu til að nefna. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að veittar séu 40 þús. kr. til búreikningaskrifstofu. Hv. fjvn. hefur lagt til, að þessi upphæð verði nú lækkuð niður í 20000 kr. Ég sé ástæðu til að minnast á þetta, því að ef þetta verður samþ., er það sama og láta þessa starfsemi niður falla. Þetta hefur verið unnið fyrir lítið fé. Guðmundur Jónsson hefur fengið mjög lítið fyrir að sinna þessu, en gert var ráð fyrir, að með þessu ári fengi hann aðstoðarmann til að sinna þessari starfsemi, og ef styrkur þessi er færður niður í 20 þúsund, nægir það á engan hátt til þess, að hann geti fengið sér aðstoðarmann í þessu skyni. Ég hef veitt því athygli, að á þskj. 545 hefur verið borin fram till. um að veita til búreikningaskrifstofu 59250 kr. Ég er ekki í neinum vafa um það, að það veitir ekki af því fé til að koma þessari starfsemi á góðan grundvöll, en það er hækkun frá því, sem er í frv. En ég tel það alveg fráleitt, ef Alþ. færi að lækka þá upphæð, sem er 40000 kr. Þetta getur nú ekki munað ríkissjóðinn neinu á þessum fjárl., en mundi lama þessa starfsemi, svo að ég teldi, að ef þetta verður samþ., verði hún sama og engin. Ég mun greiða atkv. með till. á þskj. 545, en mundi sætta mig við þá upphæð, sem er í fjárlagafrv.

Ég hef nú minnzt á þær brtt., sem ég flyt hér með öðrum og þau önnur atriði, sem mér hefur þótt ástæða til að minnast á. Ég er að vísu meðflm. að einni till. enn, en hv. 1. flm. hefur mælt svo ákveðið fyrir henni, að þar hef ég engu við að bæta og læt máli mínu lokið.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á þskj. 560 flyt ég nokkrar brtt. við fjárlagafrv., flestar varðandi veitingu til vega á Snæfellsnesi. Svo er mál með vexti, að í fyrra voru veittar 350 þúsund kr. til vega í Snæfellsness- og Hnappadalssýslum. Ein veitingin, til Skógarstrandarvegar, var að vísu bæði til Snæfellsness- og Dalasýslu. Nú er þessi veiting 90 þús. kr. lægri en í fyrra. Sé ég ekki, að það sé réttmætt, og vildi, að n. tæki það til athugunar. Ég vil benda á, að í fjárl. 1946 er veitingin á tveim stöðum, undir II. A og II. B, en nú er hún töluvert lægri en þar er ákveðið. Sá vegurinn, sem ég legg aðaláherzluna á, er Útnesvegur. Ég legg til, að til hans verði veittar 100 þús. kr., en í fyrra voru það 90 þús. Vegur þessi var fyrir alllöngu tekinn í þjóðvegatölu. Hann liggur út fyrir jökul og veitir m. a. bílvegasamband við Hellissand. Þessi vegur hefur þá kosti fram yfir aðra vegi, sem um er að ræða, veginn yfir Kerlingarskarð og Fróðárheiði, að hann liggur ekki um heiðar og er því snjóléttari. Á síðasta ári var hann kominn út að Arnarstapa og bílfært er út að Hellnum, þegar bezt er. Eftir till. frá vegamálastjóra áttu 90 þús. að nægja til, að vegurinn kæmist út að Hellnum, en nægði ekki þegar til kom, en því hefur verið lýst yfir, að vegurinn ætti að komast þangað, og eru það, ja, ég vil ekki segja brigðmæli, ef nú verður kippt að sér hendinni með hann, en a. m. k. mikil vonbrigði fyrir þorpið. Ég tel alveg sjálfsagt að halda þessum vegi áfram, enda er að því tvímælalaust hagnaður fyrir alla

hlutaðeigendur. Nú er mikið rætt um landshöfn á Rifi, og er þá nauðsyn á að fá akfæran veg þangað, og er þessi lausn á þeim málum tvímælalaust bezt. Ég vil því mælast til þess, að hv. fjvn. taki þetta til alvarlegrar athugunar.

Til Eyrarsveitarvegar legg ég til, að veittar verði 50 þús. Það er að rísa upp allmikill kaupstaður og mikil þörf á vegarbótum. Þá eru 25 þús. til Helgafellssveitarvegar, en það er vegurinn, sem liggur til Eyrarsveitar.

Ég vil taka það fram, að þeir vegir, sem enn eru ekki komnir í þjóðvegatölu, eru á frv. um þjóðvegi, sem komið er til 3. umr. í Ed. og vænta má, að verði samþ.

Á sama þskj. flyt ég till. nr. XLII. ásamt hv. 7. þm. Reykv., um styrk til byggingar fávitahælis. Það voru sett l. um fávitahæli árið 1936, og segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess á fjárlögum, að stofnuð séu“ — svo kemur upptalning á þeim stofnunum, sem um er að ræða. Nú eru liðin 11 ár, frá því l. þessi voru samþ., og eru þau ekki enn komin til framkvæmda. Öllum er ljóst, að svo búið má ekki standa, og þarf þetta úrbóta. Hefur það m. a. komið í ljós, þar sem einn hv. þm. hefur flutt frv. um, að lögskipað sé að hefjast handa. Ég tel nú ekki þörf nýrrar lagasetningar um þetta, nægilegt ef veitt er fé á fjárl. til starfseminnar. Ég vænti þess, að Alþ. sjái sóma sinn í því að standa ekki á móti þessari till.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt., sem ég á, og skal ekki orðlengja þetta frekar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég flyt nokkrar brtt. við fjárlagafrv., á þskj. 560. Það eru allt till., sem snerta samgöngubætur í mínu kjördæmi, Austur-Húnavatnssýslu. Það er svo, eins og hv. alþm. er kunnugt, að eftir því sem fólki fækkar í sveitunum og framleiðsluhættir breytast, eru kröfurnar meiri og þarfirnar meiri um bættar samgöngur til að koma í veg fyrir, að blómlegar sveitir fari í auðn vegna samgönguerfiðleika.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um þessar till. mínar og ástæðurnar fyrir þeim. Það eru þá í fyrsta lagi tvær till., sem eru hvor annarri skyldar, en það er um að veita 20 þús. kr. til Vatnsdalsvegar og 100 þús. kr. til brúar á Vatnsdalsá. Svo stendur á þarna, sem og annars staðar í þessu héraði, að það, sem ýtir fast á eftir þessum samgöngubótum, er það, að nú eru að verða þáttaskipti í framleiðsluháttum þessa héraðs. Fjárpestirnar hafa nú höggvið svo stórt skarð í bústofn bænda, að til vandræða horfir, og er nú gert ráð fyrir, að til fjárskipta verði tekið á næstunni. Það hefur því verið stofnað til mjólkurframleiðslu og framleiðslunni veitt í það horf. En þessi breyting krefst þess, að samgöngurnar séu bættar, og þá fyrst og fremst, að brýr komi á Vatnsdalsá og Blöndu. Til vatnsdalsvegar eða brúar á ána er ekkert fé veitt á fjárl., en brúin er aðaláhugamál þess byggðarlags, og þannig stendur á, að til þess að mjólkurflutningar úr þessari sveit séu framkvæmanlegir, þarf að vera hægt að flytja hana samtímis frá bæjum báðum megin árinnar, því að flytja hana sitt hvorum megin er lítt kleift kostnaðar vegna. Nú er verið að gera kostnaðaráætlun um þessa brú hjá vegamálastjóra. Ég veit ekki um niðurstöður þeirrar áætlunar, en ég fer ekki fram á meira en 100 þús., býst ekki við, að það þýði, en gera má ráð fyrir, að brúin verði dýr.

Þá legg ég til, að framlagið til brúar á Blöndu verði hækkað úr 200 þús. upp í 500 þús. Áætlaður kostnaður við þessa brú og vegina að henni er 1600 þús. Lagt er aðeins til, að nú verði veitt 200 þús., og þyrfti þá að bíða óhæfilega langan tíma, ef ekki yrði veitt nema 200 þús. á ári. Um þessa brú er það að segja, að hún er mjög nauðsynleg vegna mjólkurflutninganna, sem mundu auðveldast að mjög miklum mun, þegar hún er komin. En hér kemur fleira til en innanhéraðssamgöngur, því að þetta er á Norðurlandsbrautinni, og mundi sú leið styttast við það, að brúin kæmi, um fulla 30 km. Það er þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að þessi leið er miklu snjóléttari en ytri leiðin. Þessi leið er nú, þegar Langidalur er alveg ófær, fær í bezta lagi. Það hefur kostað þúsundir og aftur þúsundir að ryðja brautina í Langadal, sem svo jafnóðum hefur fennt í aftur. Fyrir nokkrum árum kostaði það t. d. 9 þús. í janúar. Á þessa leið er að vísu ekki komin nema stutt reynsla, þar sem svo stutt er síðan vegurinn yfir Stóra-Vatnsskarð var lagður, en t. d. í vetur var þessi leið fær, þó að Langidalur væri ófær, og hefði þá fremri leiðin verið farin, ef brú hefði verið á Blöndu. Var þannig reyndar farið að, að fólkið var keyrt að vestri bakka hennar og svo gekk það yfir, þar sem aðrir bílar tóku svo við því að austan. Í sambandi við þessa brú er framlag til Svínvetningabrautar. Fjvn. hafði það framlag ekki nema 60 þús. Ég fer fram á, að 20 þús. verði bætt við, en þyrfti að vera meira, því að það er vegurinn að brúnni.

Þessar brýr eru það, sem ég legg mesta áherzlu á. Svo hef ég lagt til, að framlagið til Skagastrandarvegar verði hækkað um 30 þús. kr. Til Skagastrandar er nú varið miklu fé samkvæmt lögum til að koma þar upp betri atvinnuskilyrðum, og vantar þó á til að fullnægja lögunum, en ég geri ekki brtt. um það við þessa umr. En það er ekki hagsýni, þegar svona stendur á, að láta sig muna um 15 km vegarspotta. Þessi vegur er fær að sumrinu, þegar þurrt er um, en verður strax ófær og eitthvað blotnar, því að það eru niðurgrafnar melgötur. Þessi vegur er fljótgerður, því að allt er þetta ýtufært land. Skagastrandarvegur nær alla leið út að Kálfshamarsvík, og á þeirri leið vantar mjög tilfinnanlega viðgerð.

Þá er í fjórða lagi brtt. um að veita 15 þús. til Norðurárdalsvegar, en það er vegurinn, sem er milli Skagafjarðar og Skagastrandar. Mér er svo frá skýrt, að fyrir svipaða upphæð mundi mega laga þennan veg svo mikið, að hann yrði vel fær yfir sumarið. Þessi vegur mundi stytta leiðina mjög mikið fyrir ferðafólk og flutninga, sem þyrftu að komast þessa leið milli Skagastrandar og Sauðárkróks, en sú leið er alltaf að verða fjölfarnari, og mun enn aukast, er síldarútgerðarmenn þurfa að komast milli Siglufjarðar og Skagastrandar, og fyrir þá hefur það mjög mikla þýðingu, að þessi vegur sé sæmilega fær.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessar brtt. Ég vænti þess, að þær séu ekki það stórvægilegar, að þær finni ekki náð hjá hæstv. stjórn og Alþ. Mér er það vel ljóst, að það eru mikil vandkvæði á því að skipta því fé, sem um er að ræða, svo að allir uni vel við. Þó vildi ég minn-

ast á eitt atriði, sem skiptir okkur Norðlendinga miklu, og ég sé, að fjvn. er á allt annarri skoðun og ef til vill hæstv. ríkisstj. en ég er.

Fjórtánda brtt. fjvn. er um, að veittar séu 250 þús. kr. til Hvalfjarðarferjuvegarins, en mér er nú ekki kunnugt um, að einn eyrir sé fyrir hendi til þessa. Mér er ekki kunnugt um, að Alþ. hafi samþ. fjárveitingu til bílferju á Hvalfjörð, sem kosta mun 1½—2 millj. kr. Það er gefinn hlutur, að það verður að halda við Hvalfjarðarveginum og að leggja verður áherzlu á, að hann verði eins greiðfær og góður og kostur er á, en hann má nú teljast í það góðu ásigkomulagi, að ekki mun kosta mikið fé að halda honum við, og teldi ég betur farið að verja þessu fé, sem er ætlað til ferjuvegarins, í að gera Hvalfjarðarveginn vel færan, og það er allvafasöm ráðstöfun að verja svona miklu fé til ferjuvegar, en engu til Hvalfjarðarvegarins. Þó að ég flytji ekki brtt. við þetta, þá teldi ég þetta réttara en að setja mikið fé í hæpið fyrirtæki.

Að öðru leyti ræði ég ekki frekar né fleira um þetta, en vil undirstrika ummæli samstarfsmanna minna í nýbýlastjórn, að við fáum fjárveitingu, sem um getur í bréfi til hv. fjvn., en sú upphæð er ef til vill of lág, en við vitum ekki enn sem komið er, hve margir koma til að heyra undir nýju l. um nýbyggðir og landnám eða gömlu l. Það er ekki hægt að komast af með minna.

Ég treysti svo, að hv. alþm. taki till. mínum vel og gefi þeim góða úrlausn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ber hér fram tvær brtt., sem prentaðar eru á þskj. 560, og eru báðar þessar till. við 22. gr. frv., en það er heimildagreinin. Sú fyrri er um að heimila ríkisstj. að greiða allt að 7 þús. kr. til fyrirhleðslu í Staðará og allt að 12 þús. kr. til fyrirhleðslu í Einholtsvötnum, gegn greiðslu ⅓ kostnaðar annars staðar að. Svo háttar til um þetta, að Staðará fellur rétt við Kálfafellsá og svo horfir, að hún muni stórskemma engjar. Á síðustu fjárl., í heimildagreininni, var ákveðin fjárveiting til þessa verks, en af sérstökum ástæðum heima fyrir var ekki hægt að ljúka þessu verki þá, og er því farið fram á endurveitingu.

Um hina fyrirhleðsluna er það að segja, að á fjárl. 1945 var í 16. gr. veitt nokkur upphæð til þess að byrja á þessu verki, en fyrirhleðslunni miðaði þá ekki svo, að beiðnin félli niður. Nú er unnið að þessum framkvæmdum, og ég tel, að 12 þús. kr. muni nægja til þess að ljúka þessu verki. Ég vænti nú, að litið verði á þessar beiðnir sem sjálfsagðan hlut, þar sem Alþ. hefur áður samþykkt byrjunarfjárveitingu til þessa verks.

Síðari till. mín er, að Jóhanni Albertssyni hafnsögumanni á Hornafirði verði greiddar 5 þús. kr. vegna kostnaðar við að endurbæta hafnsögubát. Höfnin í Hornafirði er oft mjög viðsjál, en um mörg ár hefur tekizt vonum betur að afgreiða skip þar, og má það þakka hafnsögumanninum, sem hefur sýnt bæði dugnað og varúð, svo að aldrei hefur slys af orðið. Svo háttar, að hafnsögumaðurinn á þennan bát sjálfur, sem hann notar. Á fyrra ári kom svo það slys fyrir, er verið var að afgreiða e/s Hrímfaxa, að hafnsögubáturinn losnaði og rak upp í fjöru og brotnaði mjög, og varð að gera við bátinn, og eigandi hans greiddi allan viðgerðarkostnaðinn úr eigin vasa. Það hefur síðar verið farið fram á, að ríkið greiddi nokkurn hluta þessa viðgerðarkostnaðar, vegna þess að verið var að vinna skyldustarf í þágu ríkisins, og flyt ég því hér brtt. um að heimila ríkisstj. að greiða þetta.

Þótt ég mæli með þessum till., þá vil ég gjarnan taka þær aftur til 3. umr. og gefa hv. fjvn. tóm til að íhuga þær, og leyfi ég mér að vænta, að ég mæti skilningi hennar í þessu máli, sem hér er um að ræða. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, en ég vænti, að þessar brtt. nái samþykki.

Arnfinnur Jónsson: Herra forseti. Á þskj. 360 flyt ég nokkrar brtt., ýmist einn eða með öðrum þm. Fyrst er brtt. við 12. gr. frv., nýr liður til byggingar fávitahælis, sem ég flyt með hv. 8. þm. Reykv. Á þessu sama þskj. hefur komið fram önnur till. varðandi þetta efni. Er ég á dögunum flutti breytingar við gildandi lög um fávitahæli, þá gat ég þess, að ég mundi flytja till. þessa, og hafði þá ekki grun um, að annar þm. mundi flytja till. um sama efni. Hitt er viðurkennt mál, að nauðsyn er á að veita fé í þessu efni, og mun ekki af veita 1 milljón króna. Hitt er mest um vert, að hafizt sé handa um byggingu hælisins, og er hæstv. Alþ. þegar búið að viðurkenna þetta, og er slík viðurkenning er fengin, þá verður ekki staðar numið. Hv. flm. till. um ½ millj. til þess sagði það vera í lögum. Ég viðurkenni, að til þess að veita fé til framkvæmda þarf ekki breyt. á lögum, en annars eru í lögunum ýmis ákvæði, sem eru alls óþörf í l. sem þessum, og önnur ákvæði, er mættu standa til bóta. Ég vona og ég veit, að þetta mál fær einhverja lausn á þessu þingi, og til þess þarf að veita 1 milljón kr., en ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta nú.

Í öðru lagi flyt ég brtt. við 13. gr. A. II. a., um Eskifjarðarveg á milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, en sú vegalengd er 15 km. Þetta er ein hin fjölfarnasta leið á Austurlandi, en þessi vegur er einn þeirra, sem hlaðinn er upp á stuttum köflum, og er mikil nauðsyn á að gera þennan veg góðan.

Þá er á sama þskj. brtt. við 16. gr., að til raforkumála verði veittar 3 milljónir króna. Ég hef átt tal við rafmagnseftirlit ríkisins og fengið þar upplýsingar varðandi þessi mál, sem lagðar hafa verið fyrir fjvn. Eftirlitið áætlar 6 milljónir kr. til þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru, en þar dragast frá kr. 1800000,00, sem búið er að kaupa efni fyrir, en samt vantar 4200000,00. Rafveitur þær, sem áætlaðar eru, eru allar úti um land, t. d. frá Akureyri til Dalvíkur, frá Sogi til Þykkvabæjar, frá Sogi að 24 býlum við Selfoss, Hveragerði og Reykjahverfi. Enn fremur frá Sauðárkróki til Varmahlíðar og til Aðaldals og Reykjahverfis í Suður-Þingeyjarsýslu. Samkvæmt þessu fá 327 býli rafmagn, sem 3510 menn verða aðnjótandi. Línan er samtals 243 km og stofnkostnaður áætlaður 10 millj. kr. og af því á rafmagnseftirlitið að styrkja 8 millj., en ríkið veitir 6 millj. kr. Ég, hv. þm. Siglf. og 2. þm. Reykv. töldum, að þessar framkvæmdir mundu stöðvast, ef kippt væri að sér hendi með fjárveitingu, og flytjum við því þessa brtt.

Þá flyt ég brtt. við 13. gr. A. III., sem er nýr

liður, um brýr á Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal, sem munu kosta um 180 þús. kr. Þetta eru einhver mannskæðustu vatnsföll á Austurlandi, en oft hefur verið talað um að brúa Grímsá, en hún myndar þessar tvær ár. Nú er talið réttara að brúa árnar hvora fyrir sig. Á milli ánna eru nokkur býli og þar á meðal kirkjustaður. Vona ég, að alþm. athugi þetta og veiti því góðan skilning.

Þá er brtt. við 20. gr., nýr liður, er verður c, um flugskýli og dráttarbraut á Eskifirði. Ég mun taka till. aftur til 3. umr., en vil benda á það, að Eskifjörður hefur farið varhluta af flugsamgöngum enn sem komið er. Flugvélar koma á Reyðarfjörð, sem hefur helmingi færri íbúa en Eskifjörður, en það kostar fólk að ferðast á milli þessara staða, ef komast á í samband við flugleiðir. Ég tel því nauðsyn á, að flughöfn verði byggð á Eskifirði, því að núverandi ástand er mjög óviðunandi fyrir íbúa Eskifjarðar.

Þetta eru nú brtt. þær, sem ég flyt við frv.

Ég vil svo leyfa mér að drepa aðeins á nokkrar brtt., sem liggja fyrir og ég tel sérstaka ástæðu til að láta í ljós álit mitt um. Og er þá í fyrsta lagi till. við 14. gr., um fjárveitingu til rannsókna á þroskastigi barna. Hv. fjvn. hefur að vísu hækkað aftur dálítið þennan lið frá því, sem upphaflega var gert ráð fyrir, um 10 þús. kr. til annarra útgjalda, en því miður ekki séð sér fært að taka upp þá fjárveitingu, sem sá maður, sem nú vinnur einn að þessum málum sem stendur, hefur talið, að þyrfti óhjákvæmilega að veita til þess að þetta starf gæti komið að tilætluðum notum. En á þskj. 545 hafa hv. 6. landsk. og hv. 8. landsk. flutt brtt. í samræmi við það, sem farið er hér fram á, að veitt verði til þessa, eða svo að segja, þar sem þeir leggja til, að varið sé allt að 81400 kr. í þessum tilgangi í staðinn fyrir 40 þús. kr.

Það, sem hv. fjvn. virðist ekki hafa tekið tillit til, að þyrfti, eru laun aðstoðarmanns, sem dr. Matthías Jónasson telur nauðsynlegt að fá til þess að vinna þessi störf.

Annar liður er, sem hv. fjvn. virðist ekki hafa tekið tillit til, sem í raun og veru breytir engu, en það er að færa saman laun dr. Matthíasar Jónassonar, sem nú eru greidd alveg í tvennu lagi, 7500,00 kr. í öðru og 2500,00 kr. í hinu, 10 þús. kr. alls Það breytir að sjálfsögðu engu fyrir fjárl., hvort þetta er greitt í einu eða tvennu lagi, en aðalatriðið er, að hv. fjvn. virðist ekki hafa séð sér fært að fallast á þá hækkun, að ráðinn yrði fastur aðstoðarmaður við þetta starf.

Ég vil benda á, að til þess að þetta starf geti komið að notum, er óhjákvæmilegt að geta haft a. m. k. einn mann auk dr. Matthíasar við það. Hér er um brautryðjandastarf að ræða og þess vegna ákaflega mikið að gera. En þessi starfsemi er talin orðin óhjákvæmilegur liður í öllum skólamálum nágranna vorra og verður það áreiðanlega hér líka, og er þegar orðinn viðurkenndur, þó að hann sé ekki enn kominn í fast horf. Ég vil þess vegna mæla með þessari hækkun, sem lögð er til á þskj. 545.

Þá er hér annað, sem hv. fjvn. hefur fært hér á annan veg og mig furðar mjög á og ég get ekki stillt mig um að láta í ljós, að ég mun greiða atkv. á móti. Það er niðurfelling tillags til vísindamanna og fræðimanna. Mig furðar stórlega á, að á þeim tímum, sem hv. Alþ. er a. m. k. nýbúið að samþykkja mjög merkileg, almenn fræðslul., um menntun kennara, og er sem óðast að samþykkja l. í okkar menningarmálum, sem áreiðanlega standa jafnfætis því fremsta, sem til er hjá mörgum öðrum menningarþjóðum, þá skuli nokkrum manni detta í hug að fella niður þess háttar styrk til manna, sem viðurkenndir eru fyrir löngu fyrir ágæt vísinda- og fræðimannastörf í þágu þjóðarinnar. Allt eru þetta smávægilegir styrkir og í raun og veru ekki annað en viðurkenning til þeirra manna fyrir ágæt störf, sem þeir hafa unnið í hjáverkum og eru alls góðs maklegir fyrir. Ég hef ekki nöfn þeirra manna allra, en margir eru þeir landskunnir fyrir fræðimennsku og ritstörf. Ég nefni aðeins nokkur nöfn: Ásgeir Hjartarson sagnfræðingur, Einar Guðmundsson þjóðsagnaritari, Gils Guðmundsson, Guðni Jónsson, Jón Thorarensen, Kristleifur Þorsteinsson, Skúli Þórðarson, Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. Þetta eru aðeins nokkur nöfn þeirra manna, sem nú á að svipta þessum styrkjum, sem þeir hafa notið í nokkur ár fyrir góð fræðimannsstörf. Ég vil leyfa mér að vona, að þetta sé ekki endanlegur úrskurður hv. fjvn., heldur taki hún þetta til athugunar til 3. umr. og þetta verði leiðrétt.

Að lokum vil ég aðeins nefna eina brtt., sem ég hlýt að greiða atkv. á móti, sem er breyting við 17. gr., um kostnað við barnaverndarráð. Þar er lagt til, að sá kostnaður verði lækkaður um helming, eða úr 40 þús. kr. í 20 þús. kr. Ég hef fengið þær upplýsingar, að kostnaður s. l. ár hafi orðið 37 þús. kr. og þó sé þar ekki innifalið helmingur launa fulltrúa, sem greidd eru að hálfu af ríki og að hálfu af Reykjavíkurbæ.

Nú liggur í augum uppi, að störf þessara manna, sem þarna vinna, verða ekki dregin saman og er ekki hægt að draga saman á árinu. Hér er því í raun og veru ekki um annað að ræða en að viðurkenna staðreyndir. Kostnaðurinn liggur fyrir eins og hann verður áreiðanlega, í það minnsta ef dýrtíðin lækkar ekki á árinu, sem því miður er víst vonlaust um. Og er því ekki um annað að gera en að viðurkenna þessar staðreyndir og gera ráð fyrir því fé, sem hv. Alþ. má vita, að óhjákvæmilega verður að verja til þessara mála. Þess vegna vænti ég þess, að þetta verði leiðrétt og brtt. verði felld.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég kem til með að eiga hér eina brtt. við fjárlagafrv., sem er að vísu ekki komin fram enn. Ég tók þann hátt upp að gera fyrir henni grg., sem sjaldan hefur áður verið gert hér á hv. Alþ. um brtt. við fjárlagafrv. og hæstv. forseti úrskurðaði, að heldur skyldi ekki gera nú, og er hún því ekki prentuð. En því segi ég frá þessu, að þegar maður talar um brtt. við fjárlagafrv., þá talar maður venjulega yfir svo að segja öllum stólum mannlausum. Og þess vegna held ég, að það sé til athugunar, hvort ekki eigi að hætta umr. um brtt. við fjárlagafrv. og láta koma grg. með brtt. Það hefur verið síðustu árin svo, að innan við 10 þm. hafa verið í d., þegar þm. hafa verið að tala fyrir sínum brtt. við fjárlagafrv., og fáir, sem vita almennileg skil á þeim brtt., sem fyrir liggja, aðrir en flm.

Ég veit, að það er óvenjulegt að prenta grg. með brtt., og þess vegna er ekkert um það að segja, þó að hæstv. forseti vildi ekki láta prenta hana.

Þó hefur þetta komið fyrir áður, svo að ég er beittur nokkurri hlutdrægni með því að neita að láta prenta hana. En ég held, að það sé rétt að athuga, hvort það sé ekki rétt, ef menn vilja fá upplýsingar um brtt. og enn fremur ef menn vilja láta upplýsingar koma fram, hvort það sé ekki einmitt eina ráðið að láta koma grg. með þeim.

Þessi brtt. mín er mjög lítilvæg og ég hefði verið búinn að koma henni á framfæri fyrir löngu, ef ég hefði vitað, hvernig ástatt var, en það vissi ég ekki fyrr en í dag.

Vegurinn frá Grímsá um Skóga og Fljótsdal á Upphéraðsveg heitir Skóga- og Fljótsdalsvegur. Neðri hluti hans allt að Hallormsstað er kenndur við Skógana, en efri hluti hans við Fljótsdalinn. Sú fjárveiting, sem nefnd er í till. hv. fjvn., 10 þús. kr., er ætluð til að endurnýja vegarpart í Skógunum, og er þess líka full þörf. Það má heita, að vegur þessi endi á Hallormsstað, þó að hann sé fær fram í Atlavík, en þar fyrir framan eða við þann hluta hans, sem kallast Fljótsdalsvegur, hefur ekkert verið gert af ríkissjóði. Þarna fyrir framan eru þrír bæir, Buðlungsvellir, nýbýli, sem sonur skógarvarðarins er að byggja, og Hrafnkelsstaðir, sem er þeirra fremstur, og þar mun vera nú fjármesti bóndi landsins og er þar 20—30 manns í heimili. Þessir bændur hafa því ekki veg heim til sín, og er því mjög erfitt með aðdrætti til heimilanna. Annaðhvort verður að flytja allt á hestum þangað eða flytja upp hinum megin fljótsins og svo ferja yfir. Bóndinn á Hrafnkelsstöðum hefur tjáð mér, að hann hafi farið að reyna að gera þennan veg bílfæran og hafi lagt í það frá sér 52 dagsverk, þannig að í fyrra haust komust eftir honum tveir bílar heim til hans. Má segja, að hann hafi hlaupið þar undir bagga með ríkisvaldinu og gert veginn slarkfæran.

Nú er mér sagt í bréfi frá bóndanum á Hrafnkelsstöðum, í öðru lagi bústjóranum á Hallormsstað og í þriðja lagi frá bílstjóranum, sem ók þennan veg, að með 5000—6000 kr. megi gera við þennan veg, svo að hann verði slarkfær. Ég fer þess vegna fram á, að í staðinn fyrir, að nú stendur í brtt. n. við 13. gr., 69. tölulið, Skógavegur, þá breytist hann þannig lagað, að í staðinn fyrir „Skógavegur" komi: Skóga- og Fljótsdalsvegur, og upphæðin verði 16 þús. kr. í staðinn fyrir 10 þús. kr.

Þetta er brtt. mín, og hún er ekki stórvægileg, hún er eins lítil og hægt er að hugsa sér að komast af með í það minnsta til þess að gera veginn slarkfæran um hásumarið. Það er ekki verið að tala um hér að fá upphlaðna vegi, heldur aðeins að laga veginn, svo að hann verði sæmilega fær.

Þess má líka geta, að þessi vegur yrði ekki aðeins fyrir þessa þrjá bæi, sem ég hef nefnt, því að auk þess opnaðist með þessum vegi leið í Fljótsdalinn sunnanverðan, en þar sjá margir hina mestu náttúrufegurð, og þangað langar ferðafólk og sumargesti, sem dvelja á Hallormsstað, því að þeir sem fara um veginn þarna, sjá nýtt upplit á Fljótsdalnum, en þeim er ófær sú leið eins og nú er til þess að komast upp þar. Þá yrði þessi vegur líka fyrir þá mörgu ferðamenn, sem eru í ýmiss konar erindum um landið, sumir sér til skemmtunar, sem mundu hafa mikla ánægju af því, ef þessi vegarspotti kæmi, svo að þeir gætu komizt upp Fljótsdalinn þarna megin frá.

Ég vil gefa hv. fjvn. tækifæri til þess að athuga þessa brtt. mína, og ég treysti henni til þess að taka henni með velvilja. Hún er ekki svo há, að hún breyti í raun og veru neinu, og hún er svo sanngjörn og svo í hóf stillt, að ég hef ekki trú á öðru en að hún mæti velvilja, og þess vegna vil ég óska, að hún komi ekki til afgreiðslu við þessa umr., heldur vil ég geyma hana til 3. umr., til þess að hv. fjvn. fái tækifæri til þess að athuga hana.

Þá eru nokkrar upplýsingar, sem mig langaði til þess að fá hjá hv. fjvn. um ýmis atriði viðvíkjandi bæði fjárl. og eins hennar brtt. Það er sérstaklega ein brtt., sem mig langar til að fá upplýsingar um. Hún er á 1. síðu á þskj. 542, 14. töluliður 3, sem er Hvalfjarðarferjuvegur. Nú er þetta alveg nýr vegur. Hann er ekki ríkisvegur, ekki sýsluvegur, ekki hreppsvegur. Ég veit ekki til, að hv. Alþ. hafi tekið hann upp í neina þessa vegi. Það, sem mig langar til að fá upplýsingar um, er, hvenær sú ákvörðun hefur verið tekin að taka þennan veg í fjárl. og hvort það sé yfirlýstur vilji Alþ. að hætta að fara inn fyrir Hvalfjörðinn, hætta bílferðum milli Reykjavíkur og Akraness, en fara í þess stað að koma á bílferju og slá því föstu, að þarna eigi framtíðarleiðin að liggja norður. Ég veit ekki til, að það sé búið af hálfu Alþ. að taka neina ákvörðun um þetta, og ég hygg, að það gæti varla hafa farið fram hjá mér, ef Alþ. hefði gert það. Og um það langar mig til að fá upplýsingar.

Þó að ég hafi áður á undanförnum þingum fundið að því og enga áheyrn fengið, þegar verið er að leika sér að því að fela í fjárl. ýmsa liði, svo að ómögulegt er að vita, hvað er átt við, þá langar mig til þess að gera það enn.

Ég fann að því á sínum tíma, að fjárveiting til ferjuhalds var höfð í einu lagi, og enn hefur hv. fjvn. ekki séð ástæðu til að breyta þeirri venju neitt. Þetta er að vísu smáupphæð, en það er ekkert talað um það, hver eigi að fá hana eða á milli hverra hún eigi að skiptast. Í minni sýslu eru fjórar ár, sem þarf að ferja yfir. Eru þær þarna með eða eru þær ekki með? Eða er þessi styrkur til þess að styrkja bát, sem hafður er til þess að skjögta á yfir Skorradalsvatn og enginn þarf á að halda og engum er gagn að? Ég veit ekki, til hvers þarf að vera að fela þetta. Á að verja þessu fé til ferjuhalds yfir ófærar ár, sem þarf að sundleggja yfir? Ég spurði að þessu fyrir þremur árum, vegna þess að gera þurfti við kláfferju á Jökuldal. Ég fékk þá þær upplýsingar, að til viðgerðar þeim yrði fé af þessum lið varið, og ég sætti mig við það. Hreppsnefndin þar fékk ekki tilkynningu um það frá vegamálastjóra, og Alþ. sundurliðaði upphæðina ekki. Enginn hreyfði því hönd né fót til aðgerða ferjum. Það var fyrst gert, þegar maður hafði dottið úr einum kláfnum og var nærri drukknaður. Þá fyrst var það tilkynnt, að ætlað væri fé til þess að styrkja þessa ferju. Ég held, að það hefði verið eins gott að fá þetta sundurliðað á fjárl., svo að menn hefðu getað gert við ferjuna, áður en hún fór svona.

Þetta er eitt sýnishornið, sem nægir til þess að sýna, hve bagalegt það er að fela þetta svona á fjárl., svo að ómögulegt er að vita, hverjir eigi að fá þetta fé og hverjir ekki.

Þá langar mig til þess að vita, hvert það fé fer, sem ætlað er til ræktunarvega. Það er ósundur-

liðað. Þetta er 43500 kr. í fjárlagafrv. Ég veit ekki, hvert það er ætlað. Það hefur víst að mestu farið til Vestmannaeyja og ef til vill fleiri eyja, en ekki annað, að ég hygg.

Þá er einnig í 13. gr. frv. styrkur til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum. Ef ég man rétt, var þessi styrkur í fyrra 111 þús. kr., en nú er hann hækkaður um 100 þús. kr. eða því sem næst. Hvaða nýir gististaðir eru það, sem ríkið þarf að styrkja svona til þess að geta tekið á móti ferðamönnum? Ég hélt satt að segja, að það væri selt það dýrt yfirleitt á gististöðum, að ekki þyrfti að styrkja þá sérstaklega til þess að taka á móti ferðamönnum. Hvers vegna er þetta ekki sundurliðað, ef þarna er t. d. átt við Fornahvamm?

Þá er ástæða til þess að geta þess aðeins, að í fyrra voru veittir styrkir til gistihúss í Múlakoti og á Stokkseyri, og voru þeir veittir í eitt skipti fyrir öll og teknir upp sem sérstakir liðir í fjárl. Nú er þessu öllu slengt saman, svo að ómögulegt er að vita, hvert styrkir þessir fara eða til hvers.

Þetta langar mig til að fá upplýsingar um. Og ég vildi mega vona, að hv. fjvn. sæi sér fært að sundurliða þetta til þess að menn, sem eiga að fá styrk, geti gengið eftir honum og slík atvik verði ekki látin endurtaka sig eins og átti sér t. d. stað á Jökuldal.

Þá er hér á 16. gr., 24. tölulið, styrkur handa einstökum mönnum til þess að stunda dýralækningar, gegn tvöföldu framlagi annars staðar frá. Ég hef tekið á móti svona styrkjum fyrir tvo menn áður árlega, og það hefur venjulega ekki verið hægt að fá þá greidda fyrr en seint á árinu. Þegar ég hef talað um þetta í stjórnarráðinu og komið með vottorð um, að þessir menn eigi að fá styrk, þá hefur því venjulega verið svarað á þann veg, að þeir ættu eftir að fá lista yfir þessa menn frá fjvn. Og svo hefur sá listi komið seint og síðar meir, og þá loksins hafa þessir menn getað fengið styrkinn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fela þetta svona eins og gert er. Þó að það kostaði kannske 5—6 fleiri línur að láta það koma fram, hverjir eigi að fá þennan styrk, þá held ég, að það yrði ekki svo mikil útgjöld eða pappírseyðsla fyrir hv. Alþ., að það munaði neinu. Mig langar til þess að fá að vita, hvaða menn er hér um að ræða, því að engin ástæða er til þess að vera að pukra með það. Og þó að hægt sé á endanum að grafa það upp, hvaða menn eigi að fá styrkinn, þá er það að öllu leyti þægilegra að vita það strax.

Mig langar að síðustu að spyrja hv. fjvn., hvort hún vildi ekki taka upp fyrir 3. umr. þessa sundurliðun. Ef ég vissi, að hún mundi gera það, mundi ég ekki hugsa um það, en annars mundi ég koma með þann lið fyrir 3. umr.

Sömuleiðis langar mig til þess, að hún athugi, hvort haldið verður áfram þeirri venju, sem skapazt hefur við húsmæðraskólann á Hallormsstað, að verja dálitlu fé til vefnaðarkennslu þar. Hann er sá húsmæðraskólinn, sem langbezta aðstöðu hefur til þess að kenna vefnað og hefur þess vegna fengið 5000 kr. til þess að kenna húsmæðrakennaraefnum vefnað. Þetta hefur ekki verið tekið upp nú, og ég hef ekki séð það frá hv. fjvn. Ég vildi óska þess, að hv. n. athugaði þetta fyrir 3. umr., hvort hún sæi sér ekki fært að taka þetta upp aftur. Þetta hefur mælzt vel fyrir hjá þeim, sem notið hafa, og ég sé ekki ástæðu til þess að leggja þetta niður.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða almennt um þetta fjárlagafrv. nú. Ástæðan til þess er annars vegar, að yfir fáum er að tala, eins og stundum vill verða við þessa umr., sem ekki ætti að vera sú ómerkilegasta hér á Alþ., og hins vegar býst ég ekki við, að það sé tímabært að ræða um þá fjármálastefnu, sem kemur fram í þessu frv., eða öllu heldur að ræða um þetta frv. sem afleiðingu af þeirri fjármálastefnu, sem fylgt hefur verið. Ég geri ráð fyrir, að íslenzka lýðveldið kunni að þola í ár svona fjárl., en það mun sýna sig, að það mun vera meira en vafasamt, að það þoli önnur slík fjárl. af þessu tagi. Ég álít, að það muni vera miklu fleiri þm., er vita þetta, heldur en þeir, er ræða um þetta eða sjá ástæðu til að skrifa um málið hér eða annars staðar. Það vill oft verða svo, þegar um mikinn vanda er að ræða, að mönnum hrýs hugur við að horfast í augu við staðreyndirnar. En um þetta ætla ég ekki að ræða.

Hins vegar er það, að meðan því fer fram, sem farið hefur undanfarið, og meðan samin eru fjárl. lík og þau, sem hér liggja fyrir, þá er það verulegt atriði, hvernig þeim peningum er skipt, sem ríkissjóður lætur af hendi rakna til ýmissa framkvæmda. Ég hef þess vegna komið fram með brtt. við frv., eins og það nú liggur fyrir frá fjvn. Ég tel, að þessi skipting sé á engan hátt réttlát, því að hvernig sem þessi fjárl. eru að öðru leyti, þá verðum við að gera þá kröfu, að þessum fjármunum ríkisins sé þannig skipt, að viðunandi sé eða a. m. k. sæmandi.

Ég skal reyna að vera fáorður um þessar brtt. mínar, er ég geri grein fyrir réttmæti þeirra, þótt þær séu að vísu nokkuð margar. Brtt. þessar eru nær allar varðandi mitt kjördæmi. Ég á hér fyrst brtt. undir tölulið VIII á þskj. 560. Geri ég þar till. um, að lagt verði til Selstrandarvegar 25 þús. kr. Ástæðan til þess, að ég fer fram á þetta, er sú, að íbúar Kaldrananess, en þar er risið upp allstórt þorp, sækja heyskap sinn áleiðis til bæjanna á Selströnd. Ég hef lagt fram fleiri rök varðandi veg þennan og lagt þau fyrir hv. fjvn. En íbúum þessa þorps er lífsnauðsyn að fá veginn. Þeir geta ekki flutt áburð á tún sín eða heyið af blettunum. Í Kaldrananesi eru miklar fiskveiðar. Þar fellur því til mikill fiskúrgangur, sem hægt væri að bera á túnin, ef vegur væri fyrir hendi á þessari leið. En nú er fiskúrganginum fleygt og útlendur áburður keyptur og borinn á túnin, en hann er bæði dýr og erfitt að ná í hann. Þessi vegur er í þjóðvegatölu, svo að lágmarkskrafa væri, að hægt sé að komast um hann með hest og kerru, en svo er ekki. Væri ekki ósanngjarnt, að vegurinn væri þannig úr garði gerður milli Drangsness og Kaldrananess, að slíkt væri hægt. Það er áætlað, að 25 þús. kr. nægi til að gera þennan veg þolanlegan. Vænti ég þess, að hv. þm., sem hlusta á mál mitt, sjái, að þessi brtt. er ekki fram borin að ósekju.

Þá er það 2. liður sömu brtt. Ég hef gert grein fyrir því í bréfi til hv. fjvn., að það er mikil nauðsyn að gera við þennan veg, en það er Reykjarfjarðarvegur, sem brtt. fjallar um. Þetta er einnig

þjóðvegur. Ég hef fært á það fullar sönnur í bréfi til hv. fjvn., sem er undirskrifað af hverjum manni, sem býr á þessu svæði, að það kemur þráfaldlega fyrir, að þessi þjóðvegur verði ófær. Og hann er það alltaf langt fram á sumar. Á s. l. þingi var felld frá mér brtt., sem ég bar fram varðandi fjárveitingu til þessa vegarspotta, þrátt fyrir þessar skýringar mínar.

Þá er það brtt. varðandi 33. lið. Hér er það framlag til Bitruvegar, að fyrir „200 þús." komi: 300 þús. Eins og hv. þm. er kunnugt, er verið að gera breyt. á vegakerfi Strandasýslu. Þjóðvegurinn, sem liggur úr Dölum og yfir Steinadalsheiði, hefur verið aðalvegurinn inn í sýsluna. En eftir að Bitruvegurinn hefur verið gerður, verður svo ekki lengur, heldur er ætlunin, að aðalvegurinn komi frá Norðurlandsbrautinni úr Bæjarhreppnum og liggi út eftir sýslunni. Ástæðan til þessarar breyt. er sú, að vegurinn yfir Steinadalsheiði er svo snjóþungur, að hann er sjaldan fær fyrir bifreiðar nema 3 mán. á árinu. Í fyrstu snjóum á haustin verður hann ófær fyrir bifreiðar. Vegurinn yfir Steinadalsheiði er ruddur, og er þar mikið um skorninga. Það gefur auga leið, að hann helzt skamma stund fær, þar sem heiðin er hin mesta snjóakista, en þeim, sem lögðu veginn í upphafi, var ekki kunnugt um það. Sem dæmi þetta varðandi skal ég nefna það, að í vor, er áliðið var orðið og í góðviðri, fórum við frambjóðendurnir norður á Strandir til að halda framboðsfundi. Við ætluðum allir í bifreiðum yfir heiðina. Á heiðinni vorum við í 14 tíma og urðum þá að snúa við og safna að okkur mörgum mönnum til að moka snjó af veginum fyrir miklar fjárhæðir, til þess að við kæmumst yfir heiðina og inn í sýsluna til að halda fundi. Steinadalsheiðin hefur með öðrum orðum reynzt öðruvísi en búizt var við, og þess vegna er verið að gera átak til að leggja veginn beint norður eftir sýslunni. Nú vantar aðeins herzlumuninn til þess að ljúka við veginn yfir Bitruháls milli Bitrufjarðar og Kollafjarðar. Þess vegna verður þetta ekki skiljanlegt, nema menn geri sér ljóst, að það er verið að gera breytingu á vegakerfinu í sýslunni í heild með þessu móti. Menn verða að gera sér ljóst, að það þarf miklu meira fjárframlag í þessa sýslu í 2—3 ár, á meðan verið er að gera þetta átak. Hins vegar er ekki hægt að ásaka neinn fyrir það, að vegurinn skyldi vera lagður yfir Steinadalsheiði. Það er langt síðan það var gert. Það er augljóst mál, að með því vegasambandi, sem sýslan ræður nú yfir, hvað snertir veginn yfir Steinadalsheiði, þá er hún í raun og veru vegasambandslaus. Með miklum dugnaði var unnið að þessu á síðasta sumri. 200 þús. kr. fjárveiting til vegarins er ófullnægjandi til að ljúka þessu verki. Ég get trúað því, að með 300 þús. kr. yrði komizt langt með að ljúka við þetta. Það er nauðsyn mikil fyrir sýsluna, að þessum vegarkafla verði lokið, þar sem það vegasamband er í raun og veru fyrsta vegasambandið inn í sýsluna úr öðrum landshlutum. En vegna snjóþyngslanna á Steinadalsheiðinni er vegasambandið algerlega ófullnægjandi.

4. brtt. er einnig undir tölulið VIII. Hún er um það, að framlag til Bæjarhreppsvegar hækki úr 20 þús. kr. upp í 50 þús. Ástæðan til þess, að ég ber fram þessa brtt., er sú, að út Bæjarhreppinn liggur einmitt vegurinn, sem á að verða aðalvegasambandið inn í Strandasýslu, meðfram sjónum. Hann liggur þannig eftir fjörunni, að þegar stórstreymt er, flæðir yfir veginn á verulegum kafla. Þarna er erfitt að komast með bifreiðar, nema með því móti að bíða eftir sjávarföllum. Afleiðing þessa er, að í fyrstu snjóum og frostum myndast þarna klakahröngl, sem gerir veginn ófæran. Þess vegna er gert ráð fyrir af vegamálastjóra að færa veginn upp á mela, sem eru rétt fyrir ofan. Við þá lagfæringu mundi vegurinn þarna verða fær í samræmi við það, sem hann yfirleitt er á leiðinni norður eftir sýslunni. Það má gera ráð fyrir, að þegar vegasambandið kemur yfir Bitru- og Stikluháls, þá verði bílfært langt fram eftir á haustin og allsnemma á vorin. En ef svo á að verða, verður að gera við þennan kafla. Í fyrra var lagt í þennan veg 20 þús., en sú fjárhæð var geymd, vegna þess að þarna hagar vel til að nota jarðýtu og gera með því verkið miklu ódýrara. Var því ákveðið að bíða með verkið, þar til fjárveiting ársins 1947 kæmi, og vinna það þá í einu lagi. Þar sem þarna er jarðýtuland, er það nokkurn veginn víst, að vinna má verkið fyrir 70 þús. kr. Þegar þessu verki er lokið og búið er að leggja veginn yfir Bitruháls, þá er komið bílvegasamband alla leið norður að Staðará og Selá í Steingrímsfirði. Ætla ég svo ekki að fara fleiri orðum um þetta. En hér liggur einnig fyrir brtt. undir XIV. Hún er viðkomandi Selá í Steingrímsfirði, um, að framlagið hækki úr 75 þús. kr. upp í 150 þús. Ef þessar vegabætur yrðu gerðar, sem ég hef minnzt á á undan, þá eru tvær ár, Selá og Staðará, sem eru farartálmar, svo að bílfært yrði norður í Bjarnarfjörð og norður að Kaldrananesi. Selá er þó versti farartálminn. Hún er stórt og hættulegt vatnsfall og sker Strandasýslu sundur í miðju. Þetta hefur hvað eftir annað verið fellt fyrir mér, þótt ég hafi gert grein fyrir nauðsyn málsins bæði fyrir hv. fjvn. og vegamálastjóra. Þessi á er ófær bæði vor og haust. Hvað eftir annað hefur það komið fyrir, að bændur hafa orðið að ferja fjárrekstra yfir Steingrímsfjörð, vegna þess að þeir hafa ekki komizt yfir ána. Eftir að farið var að byggja brýr aftur, hefur Alþ. hvað eftir annað fellt að byggja þessa brú. Fjvn. leggur til, að helmingur fjárveitingarinnar skuli lagður fram nú á árinu 1947. Ég fullyrði hins vegar það, að miðað við þær brúargerðir, sem gerðar hafa verið í Strandasýslu, og með tilliti til þess, að þetta hefur verið fellt, og ef tekið er tillit til þeirrar nauðsynjar, sem hér er fyrir hendi, að þá á engin brúargerð á öllu landinu meiri rétt á sér, og mæli ég þetta af nokkrum kunnugleika. Það má kannske vera, að segja megi um einstaka brúargerðir, að þær eigi jafnan rétt á sér og Selá. Ég verð að segja það, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum, þegar ég sá, að ekki hafði þótt fært að leggja fram nú nema helming kostnaðar við brúargerðina. Ég skal taka það fram, að fyrst á stríðsárunum var það regla hjá páv. ríkisstj. að byggja ekki brýr. En síðan farið var að byggja þær aftur, hefur hvað eftir annað verið fellt að byggja þessa brú. En ég hygg, að ef hv. alþm. athuguðu, hvað mikið hefur verið lagt í brúargerðir þarna í þessari sýslu samkv. till. fjvn. og hvað fellt hefur verið í þessu efni, þá ætti ekki að þurfa að tala meira um þessa till. Hún er meira en lítið sanngjörn. Og sú brtt. mín þarna, að Staðará yrði

einnig brúuð að öllu eða hálfu leyti, er einnig ekki nema réttmæt. Ég fullyrði það. Það er líka mjög hentugt, þegar um tvær ár er að ræða, þar sem ekki er nema steinsnar á milli. Milli ánna er 20—30 mín. gangur. Það væri því bæði hentugra og við það yrði vinnusparnaður að brúa báðar árnar í einu. Selá er ennþá meiri farartálmi en Staðará. En ég býst við, að sumum hv. þm. sé þó kunnugt um, að Staðará er mjög mikið og hættulegt vatnsfall.

Þá er brtt. XXVI. um lendingarbætur. Ég fer fram á, að liðurinn verði hækkaður úr 50 þús. upp í 95 þús. Þetta er til lendingarbóta á Kaldrananesi. Ástæðan til þess, að ég hef borið þessa brtt. fram, er sú, að íbúar Kaldrananess við Bjarnarfjörð hafa byggt frystihús, sem þeir hafa lagt mikið á sig við að koma upp. Þeir hafa lokið við það nú að mestu eða öllu leyti (**HV**: Þeir auglýstu eftir verkstjóra í kvöld.) Já, einmitt það. Þeir hafa unnið við þetta í vetur af miklum dugnaði, og um áramótin var ekki annað eftir en koma fyrir í því frystivélunum. Aðstæður þarna eru að ýmsu leyti erfiðar. Og þótt ég væri þess ekki hvetjandi í upphafi, að þeir réðust í þetta, þá er ég mjög bjartsýnn með þetta nú vegna þess dugnaðar, er þeir hafa sýnt við að koma frystihúsinu upp. Svo er ekki hægt að neita því, að uppmæling Bjarnarfjarðar hefur sýnt nýja hlið á þessu máli. Það hefur komið í ljós með henni, að innsiglingin er hrein. Þarna er eitthvert bezta síldarpláss. Menn héldu, að þarna væri skerjótt og ekki hægt að kasta vörpu, en eftir að mælingin var birt, var þarna mikið af síldarskipum fyrir utan landsteinana, nokkra faðma fyrir framan frystihúsið. Þetta er því hentugur staður til að byggja á. Milli Steingrímsfjarðar og Bjarnarfjarðar liggja sker, sem hættulegt er að sigla í gegnum. Það er því mikill ávinningur, þegar bátarnir þurfa ekki að fara gegnum þennan skerjagarð, en geta lagt fiskinn upp í Kaldrananesi. En ef hægt á að vera að nota frystihúsið, þarf hafnarmannvirki. En aðstaðan þarna er svo góð, að fullkomna bryggju og garð fram í eyju, sem liggur fyrir framan frystihúsið, er hægt að byggja fyrir 190 þús. kr. nú í dýrtíðinni. Rétt fyrir framan eyjuna er svo mikið hyldýpi, að stór skip geta lagzt þar upp að bryggju, þótt hún sé örstutt. Þetta kostar 190 þús. að dómi vitamálastjóra, og það verður að fullgera þetta verk í sumar, til þess að hægt sé að nota frystihúsið. Að öðrum kosti stendur það ónothæft. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái, að þessi brtt. mín er ekki að ófyrirsynju fram borin. Nýbyggingarráð hefur stutt að framgangi þessa máls og á ýmsan hátt veitt þeim mönnum aðstoð, sem að frystihúsbyggingunni standa. En heimamenn hafa einnig sýnt mikinn dugnað, þar sem þeir eru að ljúka þessu verki. Það væri því illa farið, ef frystihúsið stæði ónotað vegna þess, að ekki væri nægilega unnið að lendingarbótunum. En eins og ég hef bent á, eru skilyrði einstaklega góð, þar sem fullkomnar lendingarbætur má gera fyrir 190 þús. kr., og meiningin er, að viðkomandi hérað leggi fram helming kostnaðar, 95 þús. kr.

Ég hef þá lokið við að tala fyrir þeim brtt., sem ég legg fram einn. En ég flyt hér eina brtt. með þremur öðrum mönnum varðandi fjárframlag til skógræktar. Ég viðurkenni fúslega, eins og ég gat um í upphafi máls míns, að það er meira en nóg með peningana að gera á þessu ári. En ég get ekki að því gert, að mér finnst, að það geti ekki orðið okkar fyrsti sparnaðarliður að fella niður fjárframlög til skógræðslu, til þess að rækta og græða upp okkar illa meðfarna land. Það er augljóst með þann rekstrarkostnað, sem skógræktin hefur nú, að þetta dregur svo mjög úr starfrækslu hennar, að hún verður svipur hjá sjón, ef færa á fjárveitinguna svo mikið niður sem gert er ráð fyrir í till. fjvn.

Það má geta þess, að þegar skógræktin lagði áætlun um starfsemi sína fyrir þetta ár, þá hafði hún fulla ástæðu til að vonast eftir stórum meiri framlögum en hún á víst eins og sakir standa. Utanþingsstj. eða fjmrh. hennar gaf skógræktinni fyllstu vonir um, að gróðinn, sem yrði af sölu hinna ensku og amerísku íbúða, sem ríkið keypti og seldi aftur, yrði lagður til skógræktar og sandgræðslu. Þessi gróði er veruleg fjárhæð, en engar líkur til, að sandgræðslan fái allt þetta fé, en með þessari upphæð hafði skógræktin ástæðu til að reikna. Nú skal ég ekki fara neitt út í það nánar, hvernig þetta loforð verður uppfyllt. Mér sýnist ekki útlit fyrir, að það verði uppfyllt nema að einhverju leyti, og þetta m. a. er ákaflega mikil vonbrigði og hnekkir fyrir starfsemi skógræktarinnar. Þess vegna tel ég það miður farið, og þess vegna hef ég flutt þessa brtt., þrátt fyrir það að ég vil alls ekki flytja brtt. til hækkunar við frv. nema það allra minnsta, en ég tel, að það sé mjög vafasamt, þar sem skógræktin verður fyrir þeim vonbrigðum að fá ekki það fé, sem græddist á íbúðasölunni, ef á að höggva aftur í sama knérunn, eins og hv. fjvn. vill nú gera, og lækka það, sem skógræktin fær úr ríkissjóði, þó að dýrtíð sé vaxandi. Ég legg þess vegna til, að fyrir 400 þús. komi 550 þús. kr.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum brtt., sem ég hef borið fram, og sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þær, en ég vænti, að ég hafi gert þá grein fyrir þessum brtt., að þeir hv. þm., sem á það hafa hlustað, verði mér sammála um, að það sé meira en réttlætanlegt, að ég hef borið þær fram, og sjái sér fært að ljá þeim stuðning.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þó að ég að vísu standi að allmörgum brtt. á þskj. 545 ásamt hv. 8. landsk., þá þarf ég í raun og veru ekki mikið um þær að segja, vegna þess að hann hefur þegar fært mjög glögg rök fyrir þeim og gert fullnægjandi grein fyrir flutningi þeirra.

Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að ég er einnig meðflm. að brtt. á þskj. 560, XIX, ásamt hv. þm. Ak., en hann hefur ekki getað mætt hér á fundi í kvöld og hefur þess vegna óskað eftir, að ég gerði grein fyrir henni. Þessi till. fjallar um, að framlag til hafnargerðar á Akureyri verði hækkað úr 200 þús., sem fjvn. leggur til, að það verði, og upp í 500 þús. kr., en til vara 330 þús. kr. Ástæðan er sú, að eftir að fjvn. hafði gengið frá till. sínum, barst Alþ. bréf frá bæjarstjóranum á Akureyri, þar sem hann fer fram á, að þetta framlag til hafnargerðar á Akureyri verði 500 þús. kr., og gerir grein fyrir, hvers vegna Akureyri þyrfti nauðsynlega á þessu framlagi að halda á yfirstandandi ári. Að vísu var mér nokkuð kunnugt um það áður, að þessar 200 þús. kr. voru

allt of lág upphæð, og hafði gert tilraun til að fá nokkru meira fé, en ekki fengið samþ. í fjvn. En er þetta erindi barst frá bæjarstjóra Akureyrar, töldum við okkur skylt að bera þessa till. fram. Ég held, að réttast sé, til þess að ekki fari neitt á milli mála um rökstuðning fyrir þessari till., að ég fái, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp bréfið frá bæjarstjóranum. Það er skrifað 17. marz og hljóðar þannig:

„Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum þ. 11. þ. m. gert svofellda samþykkt:

„Bæjarstjórn Akureyrar fer þess á leit við hið háa Alþingi, er nú situr, að veitt verði á fjárlögum fyrir árið 1947 500 þúsund krónur til hafnarframkvæmda á Akureyri."

Til stuðnings þessari beiðni bæjarstjórnarinnar vil ég leyfa mér að benda hinu háa Alþingi á, að Akureyri er mikil þörf bæði fyrir ný hafnarmannvirki og stórfelldar endurbætur á hinum gömlu mannvirkjum hafnarinnar.

Á Oddeyrartanga er fyrirhuguð bátakví ásamt bryggjum og dráttarbraut. Er þegar byrjað á því verki og gert ráð fyrir að halda því áfram á næstu árum, eftir því sem fé fæst til framkvæmda, enda er þörf fyrir þau mjög aðallandi, þar sem dráttarbraut sú, sem nú er á Akureyri, er alveg ófullnægjandi fyrir bæinn og getur ekki vegna þrengsla verið til lengdar þar, sem hún er nú.

Hin gömlu mannvirki hafnarinnar eru flest orðin svo úr sér gengin, að þau þurfa bráðra umbóta við. Aðalbryggjan er á Torfunefi. Í áframhaldi af henni var gerður ca. 25 m langur skjólveggur úr timbri til skjóls fyrir skipakví, sem er norðan við bryggjuna. Veggur þessi brotnaði í ofviðri í vetur, og kom þá í ljós, að hann var því nær étinn sundur af tréátu. Má því búast við, að bryggjan sé einnig mjög étin. Auk þess mun hún vera yfir 40 ára gömul, og er því hættulegt að láta hana standa án viðgerðar. Þar sem telja má víst, að gera þurfi aðalvegg bryggjunnar alveg að nýju, er ráðgert að breikka hana um leið og lengja sem svarar því, er skjólveggurinn náði áður. Þessar framkvæmdir tel ég óhjákvæmilegt að gera á yfirstandandi ári. Vitamálaskrifstofan hefur áætlað, að þær muni kosta um 1½ millj. kr.

Vestan við skipakvína er ca. 120 m langur hafnarbakki, sem segja má, að sé kominn að falli og þurfi bráðrar aðgerðar við. Sú aðgerð hefur ekki verið áætluð, en kostar varla minna en eina millj. Þá á höfnin timburbryggjur, sem allar eru gamlar og þarfnast endurbóta.

Bæjarstjórn og hafnarnefnd hafa fullan hug á að hefjast handa um framannefndar hafnarbætur, fé er að vísu ekki fyrir hendi, sem neinu nemur, en höfnin er skuldlaus, og ætti því að vera hægt að fá lán til þeirra, enda er það óverjandi bæði fyrir bæjarstjórn og yfirstjórn hafnarmála að láta þau liggja undir skemmdum aðgerðarlaus. Í raun og veru hefði þurft að vera búið að framkvæma margt af því, sem hér er um að ræða, en á stríðsárunum var tæpast hægt að fá efni til aðgerðanna, og skemmdir þær, sem tréátan hefur valdið, komu ekki í ljós fyrr en í vetur, þegar skjólgarðurinn brotnaði.

Að þessu athuguðu vona ég, að hið háa Alþingi sjái sér fært að verða við ofannefndum tilmælum bæjarstjórnarinnar."

Þetta er rökstuðningur bæjarstjóra Akureyrar fyrir nauðsyn þeirrar fjárveitingar, sem hér er farið fram á.

Eins og hér kemur fram, er óhjákvæmilegt að framkvæma á þessu ári þær aðgerðir á aðalbryggju hafnarinnar, sem talað er um. Við hana fer fram öll sú mikla vöruafgreiðsla, sem á sér stað á Akureyri, og eins og hv. þm. er kunnugt, þá er Akureyri ákaflega mikill verzlunarbær, ekki aðeins fyrir Akureyri sjálfa og nærsveitirnar, heldur er hún að talsverðu leyti umskipunarbær fyrir mikinn hluta Norðurlands og verður það væntanlega í enn stærri stíl. Því er óhjákvæmilegt ekki aðeins að halda við þessari aðalbryggju, heldur einnig að stækka hana verulega, eins og hér er talað um, og breikka hana til þess að fá þar meira pláss á sjálfri bryggjunni og fá meira djúp, svo að stærri skip geti flotið þar að. Sömuleiðis þarf að lengja bryggjuna til að koma í veg fyrir, að kvika komist inn í hafnarkvína, sem er eini staðurinn til verndar skipum, sem þar liggja, eins og þau gera oft.

Kostnaðaráætlun þessarar framkvæmdar er 1½ millj. kr., þar af framlag ríkissjóðs 600 þús. kr., svo að þessar 200 þús. kr., sem hér er till. um, ná skammt fyrir þessa einu framkvæmd.

Eins og hér er einnig gerð grein fyrir, þá eru ýmsar aðrar framkvæmdir, sem standa fyrir dyrum á Akureyri, þar á meðal að byggja nýja fiskihöfn, sem er mjög aðkallandi vegna væntanlegrar mjög vaxandi útgerðar á Akureyri, þar á meðal togaraútgerðar, sem nú er verið að stofna til, og í sambandi við þá hafnargerð er líka ráðgert að byggja nýja dráttarbraut, sem er orðið óhjákvæmilegt, bæði vegna þess, eins og hér er gerð grein fyrir, að dráttarbrautin, sem nú er á Akureyri, er orðin algerlega ófullnægjandi fyrir stór skip, sem þar eiga heima og þangað leita til aðgerðar, og líka vegna hins, að sú dráttarbraut hefur allt of lítið pláss og stendur þar að auki í vegi fyrir öðrum framkvæmdum, sem ákveðnar eru á þeim stað, og verður því að flytja hana á næstunni.

Þá má einnig geta þess í þessu sambandi, að þessi dráttarbraut er líka, auk þess sem hún er of lítil, nokkuð gölluð og þarf mjög verulegrar aðgerðar við, ef á að nota hana áfram. Hafa eigendur hennar óskað eftir við bæjarstjóra að fá að gera verulegar umbætur á henni, en verið neitað um það vegna þess, að það hefur ekki verið talið fært, þar sem hún mundi ekki geta fengið að vera þar til lengdar, þar sem fiskihöfn á að verða þar, en gert ráð fyrir, að dráttarbrautin verði annars staðar og önnur mannvirki í sambandi við hana. Kemur þá til ríkisins að leggja fram sinn hlut af því, sem þau mannvirki koma til með að kosta. Það er sem sagt séð, að það framlag, sem fjvn. hefur ætlazt til, að hafnargerð Akureyrar fengi, 200 þús. kr., er gersamlega ófullnægjandi.

Að vísu er mér kunnugt um ýmsa aðra staði, að þar vantar fé í framkvæmdir, miklu meira en það, sem fjvn. hefur treyst sér til að veita á þessum fjárl. Þannig er ástatt með ýmsar hafnir, að fjárveitingar til þeirra verða hvergi fullnægjandi til að mæta þeirri þörf, sem þar er fyrir hendi. Þess vegna gerum við flm. ráð fyrir, þótt við teldum rétt að bera fram óskir bæjarstjórnar í þessu efni, þá mundi torvelt að fá þá upphæð samþ. Þess vegna höfum við líka borið fram varatill. í þessu sambandi, 330 þús. kr., en ef hún yrði samþ., þá er Akureyri sett á sama bekk í fjárl.

og nokkrar aðrar hafnir á landinu, þær, sem hæstu fjárveitingar fá samkvæmt till. fjvn. Ég held samkvæmt þeim rökum, sem fyrir liggja í bréfi bæjarstjóra, þá sé full ástæða til að láta Akureyri sitja við sama borð og aðrar hafnir, sem mest fá. Ég get ekki búizt við, að lengra verði gengið í því efni, en skemmra væri að mínu áliti ekki heldur réttlátt að ganga.

Fyrst ég tók hér til máls, vil ég leyfa mér að minnast aðeins á tvær af þeim till., sem við hv. 8. landsk. flytjum á þskj. 545. Í fyrsta lagi, að varið verði til byggingar heimavistarhúss á Akureyri 700000 kr. Hv. 8. landsk. færði að vísu fullgild rök fyrir nauðsyninni á því, að þetta fé yrði veitt nú til byggingar heimavistarhúss, en ég vil þó bæta því við, sem skólameistari hefur lagt mjög mikla áherzlu á í sinni röksemdafærslu fyrir nauðsyn þessarar byggingar, en það er sú eldhætta, sem er í menntaskólahúsinu. Eins og hv. þm. er flestum vafalaust kunnugt, þá er skólinn gamalt timburhús, mjög stórt. Heimavistin þar er á 3. hæð, þ. e. a. s. uppi á rishæð, og frá sumum þessara herbergja er talsvert löng leið, miðað við innanhússvegalengdir, til þess stiga, sem hægt er að nota til niðurgangs úr húsinu. Ef svo óheppilega vildi til, að eldur kæmi upp í húsinu, þannig að hann yrði ekki slökktur þegar í byrjun, heldur læsti sig um húsið á skömmum tíma, eins og alltaf er, ef eldur kemur upp í gömlum timburhúsum, þá er alvarleg hætta á því, að þeir tugir manna, sem búa í þessu timburhúsi, brynnu þar inni. Skólameistari hefur lagt mjög mikla áherzlu á þetta, og ég held, að því verði ekki móti mælt, að það er alvarlegur ábyrgðarhluti að hafa það yfir höfði sér, að stór hópur af mannvænlegu æskufólki, sem stundar nám í þessum skóla, geti svo að segja hvaða nótt sem er orðið eldinum að bráð. Nauðsynin á þessari byggingu hefur að vísu verið viðurkennd af Alþ., þar sem fé er veitt í fjárl. á síðasta ári til byrjunar á þessari byggingu, en það er nauðsyn, að þeirri viðurkenningu verði fylgt eftir með því að veita nú áfram til þess ekki minna en 700 þús. kr., sem við förum fram á, vegna þess að með því er nú þegar hægt að ná þeim árangri, að strax næsta haust sé hægt að nota nokkurn hluta þessa húss. Eftir því sem skólameistari upplýsir, þá er rúm fyrir 34 nemendur í þessari nýju heimavist, og fækkaði þá verulega þeim, sem búa yrðu í gamla húsinu og hafa yfir sér þá hættu, sem þar vofir yfir þeim. Ég vil því eindregið mæla með því, að þessi till. verði samþ., og vil einnig vænta þess, að þar sem hæstv. menntmrh. mælti mjög eindregið með því við fjvn., að þessi upphæð yrði veitt til byggingar heimavistarhúss á Akureyri, þá fái hún góðar undirtektir hjá hv. þm. og verði þess vegna samþ. hér.

Þá vil ég segja nokkur orð um aðra till. okkar, en hún er um að veita 2 millj. kr. til þess að sýna einhvern ofurlítinn lit á að framkvæma l., sem samþ. voru á síðasta þingi, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Á ég þar við framkvæmd l., sem áttu að verða til að aðstoða kauptún og sveitarfélög við það að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Þegar hæstv. forsrh. var hér fyrir nokkrum dögum að mæla fyrir stjfrv. um fjárhagsráð, kom hann nokkuð inn á þessi byggingarmál og upplýsti, að nú lægju fyrir skýrslur frá fimm kaupstöðum og kauptúnum, hversu mikið væri þar af heilsuspillandi íbúðum, og að nokkru leyti áætlun um, hvað kostaði að útrýma þeim á tilteknum tíma samkvæmt þessum l. Samkvæmt þessum upplýsingum eru taldar á Ísafirði 32 íbúðir, sem þurfi að byggja til þess að fullnægja þessum l. Kostnaður við það er talinn vera um tvær millj. kr. Á Sauðárkróki eru 36, sem mundu kosta 1800 þús. kr., á Seyðisfirði 16, sem mundu kosta 800 þús. kr. Í Reykjavík er samkvæmt þessum skýrslum 461 íbúð, sem mundi kosta 32 millj. kr. Ég skal hvorki rengja né staðfesta þessa skýrslu, en þó hef ég heyrt í Reykjavík nefndar hærri tölur, sem það mundi kosta að útrýma þessum óhæfu íbúðum, en þar sem gengið er út frá þessum tölum, þá mundi þurfa að byggja á næstu fjórum árum fyrir um 39600 þús. kr. samkvæmt 3. kafla þessara l., ef ætti að framkvæma þau eins og efni standa til, en það þýðir, að þyrfti að verja á þessum fjórum næstu árum úr ríkissjóði um 10 millj. kr. árlega til að fullnægja l. Að vísu munu menn segja, að hægt sé að framkvæma þessi l. án þess að verja svo miklu fé beinlínis úr ríkissjóði í þessi fjögur ár, heldur mætti gera það með lántöku. Það er rétt, en þó ber einnig á það að líta, að þótt verulegur hluti af því fé, sem til þess þyrfti, yrði tekinn að láni af ríkinu, þá er samt sem áður ómögulegt að framkvæma l. án þess, að ríkið beinlínis leggi fram nokkra fjárhæð á hverju ári í þessu skyni. Samkvæmt l. á ríkið að lána bæjarfélögunum 75% af kostnaðarverði. Þetta lán á ríkið að veita bæjarfélögunum með 3% vöxtum. Það er mjög líklegt, ef ríkið tæki lán, þá yrði það að borga eitthvað hærri vexti en þetta, a. m. k. eru venjulegir útlánsvextir lánsstofnana nú hærri en því nemur. Það hlytu því að koma á ríkissjóð einhver útgjöld í vaxtamismun á þessum lánum.

Sömuleiðis gera l. ráð fyrir, að auk þessara 75% eigi ríkið að láta bæjarfélögunum í té 10% af kostnaðarverði bygginganna vaxtalaust í 50 ár. Þar kemur einnig þó nokkur fjárhæð, sem verður að leggja fram beinlínis úr ríkissjóði og takast á fjárl. árlega til þess að mæta ákveðnum útgjöldum.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir í l., að ef bæjarfélögin, sem reisa íbúðir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum og eiga sjálf að leggja fram 15% kostnaðar, kynnu að telja hagkvæmt að gefa eftir sinn hluta kostnaðarverðsins til þeirra, sem þarna eiga að búa, vegna þess að það mundi yfirleitt verða fátækt fólk, sem hefði ekki ráð á að byggja yfir sig, þá er ríkisstj. einnig heimilt að gefa eftir þessi 10%, sem ríkið á að lána vaxtalaust í 50 ár. Getur því verið þar um að ræða bein útgjöld af hálfu ríkisins.

Þegar þetta þrennt kemur saman, þá er augljóst, að ómögulegt er að framkvæma þessi l., nema til þess sé veitt ákveðin upphæð árlega á fjárl. þann tíma, sem framkvæmdin stendur yfir.

Ég álít því, að það sé óverjandi, ekki sízt eftir þá reynslu, sem fengizt hefur af framkvæmd l. það eina ár, sem þau eru búin að vera í gildi, að afgreiða fjárl. án þess að nokkur fjárhæð sé veitt til að tryggja, að byrjað sé á framkvæmd þessara l., því að hún er ekki byrjuð enn, hvað snertir þennan kafla. Og þótt þær tvær millj., sem við leggjum til, að veittar verði, hrökkvi skammt til þessara framkvæmda, þá ætti sú upphæð samt að nægja, a. m. k. fyrir þeim beinu útgjöldum, sem ég hef

gert hér grein fyrir og enginn efi er, að ríkið verður að sjá um, og því óhjákvæmilegt að taka nokkra upphæð inn í fjárl. í því skyni.

Til fjvn. kom hér einu sinni í vetur erindi frá fjmrn., frá fyrrv. fjmrh., þar sem lagt var til, að kr. 900000 yrðu teknar á fjárl. í þessu skyni. Fjvn. hefur ekki orðið við þeirri ósk fjmrn. og ekki tekið þetta upp í sínar till. í sambandi við frv. Ég álít, að þessi upphæð, sem fyrrv. fjmrh. fór fram á, sé allt of lág, og þess vegna höfum við lagt til, að þetta tillag yrði kr. 2000000, en þó kr. 900000 sé of lág upphæð, þá væri þó með þeirri upphæð fengin viðurkenning Alþ. á því, að það bæri að framfylgja þessum l. Þess vegna höfum við sem varatill., að orðið sé við þessari ósk fyrrv. fjmrh. Ég vil vænta þess, að hærri till. verði samþ., og vil ekki trúa því, fyrr en ég tek á, að þingið vilji ekki verða við því að framkvæma þessi l. frá síðasta þingi og samþykkja a. m. k. kr. 900000. Ég skal ekki fara út í að ræða fleiri till., þar sem hv. 8. landsk. hefur gert grein fyrir þeim, og læt þá máli mínu lokið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þær fáu brtt., sem ég flyt við fjárlagafrv., lúta að því flestar að fá fram smávægilegar hækkanir til samgöngubóta í Norður-Ísafjarðarsýslu. Ég hygg, að engar tvær sýslur á landinu séu verr settar um samgöngur en Barðastrandar- og Norður-Ísafjarðarsýsla. Form. fjvn. hefur sýnt frá ári til árs, að hann sér vel og skilur, hvernig ástandið er í þessum málum í hans eigin kjördæmi. Á fjárlagafrv. núna er lagt til, að hátt á 7. hundrað þús. kr. verði lagðar til akvega í Barðastrandarsýslu. Ég vil því vænta þess, að form. fjvn. hafi góðan skilning á því, að Norður-Ísafjarðarsýsla er engu betur sett en Barðastrandarsýslan að þessu leyti og þarf því að fá svipaðar endurbætur á akvegum sínum og kjördæmi þessa hv. þm. Það er þó ekki lagt til, að til akvega þar fari nema um 340 þús. kr., eða um helmingur þess, sem ætlað er Barðastrandarsýslunni.

Ég býst við, að þeir menn, sem ekki þekkja til og ekki eru kunnugir nema akvegakerfi Suðurlands, eigi erfitt með að gera sér grein fyrir, hvernig ástandið er í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það eru til örfáir akvegir í allri sýslunni. Vegur af Breiðadalsheiði til Tunguár ca. 7 km, vegur frá mörkum kaupstaðarlóðar á Eyrarhlíð um Hnífsdal út á Óshlíð ca. 2 km, vegur frá Tungu um Kirkjubólshlíð til Arnardals ca. 11 km og vegur um Langadalsströnd til Hafnardals ca. 9 km, og var sá vegur lagður s. l. haust. Alls eru því í Norður-Ísafjarðarsýslu um 34 km akvegir, eða sem svarar ¾ af vegalengdinni frá Reykjavík til Þingvalla. Verst er, að þetta er allt sundurslitið. Stór þorp eins og Bolungavík og Súðavík eru hvorugt í akvegasambandi við höfuðstað Vesturlands. Í Súðavíkur-, Ögur-, Reykjarfjarðar-, Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppi eru engir akvegir til. Í 5 af 9 hreppum sýslunnar eru engir akvegir til og aðeins 34 km í hinum 4 hreppunum. Þetta er ekki glæsilegt ástand, þegar vitað er, að ekki er hægt að reka nýtízku landbúnað, án þess að akvegir séu frá bæ til bæjar.

Til Bolungavíkurvegar eru ætlaðar 200 þús. kr. Með það er ég mjög ánægður og hygg, að það megi komast langt með veginn til Bolungavíkur með þeirri upphæð. Að vísu er Óshlíðin erfið til vegarlagningar, en ég held, að þessi fjárveiting nái þó langt. Þá er hins vegar vegur, sem þarf að leggja til Súðavíkur um Súðavíkurhlíð. Að vísu er Súðavíkurhlíðin bezta vegarstæðið, en samt veit ég, að þessar 90 þús. kr., sem ætlaðar eru til þess vegar, munu ekki duga og Súðavíkurvegur verður ekki nothæfur á þessu ári. Það eru þó 11 ár, síðan byrjað var á þessum vegi, og nú eftir 11 ár er hann orðinn 11 km, sem svarar einum km. á ári. Nú þyrfti að skiljast betur við, svo að ég hef lagt til, að í staðinn fyrir 90 þús. kr. yrðu lagðar 150 þús. kr. til þessa vegar, svo að sá draumur rættist, að það yrði akfært frá Ísafirði bæði til Bolungavíkur og Súðavíkur á árinu 1947.

Þá er önnur brtt. mín um fjárveitingu til Ármúlavegar. Á s. l. sumri, þegar verið var að enda við veginn á Þorskafjarðarheiði, létu bændur í Bæjarhreppi í ljós þá ósk, að þeir vildu fá, ef mögulegt væri, samþykki vegamálastjóra til þess, að akvegur væri lagður út Langadalsströnd um Bæjarhreppinn í framhaldi af Þorskafjarðarheiðarvegi. Við Sigurður Bjarnason höfðum báðir afskipti af þessu máli. Vegurinn er í þjóðvegatölu, en ekkert fé hafði verið veitt til hans á fjárl. Fyrst var farið fram á, að fé það, sem ekki hafði verið unnið fyrir á Þorskafjarðarheiði, yrði notað til þess að leggja veg út ströndina, en það fékkst ekki. Þá réðust bændurnir Jón Fjalldal á Melgraseyri, Þórður Halldórsson Laugalandi og Sigurður Hannesson Ármúla í að útvega lán, og fengu þeir samþykki Péturs Magnússonar fjmrh. og Emils Jónssonar samgmrh. fyrir því, að ef þeir gætu útvegað slíkt lán, skyldi vegavinnuverkstjórinn, Lýður Jónsson, verða látinn byrja á verkinu. Sem sagt, þetta lán var tekið og lofað, að fjárveiting skyldi fást fyrir þessu, og hún skyldi greidd fyrir árslok 1946, en allir bjuggust við, að fjárl. yrðu þá til. Nú hefur farið svo, að unnið var fyrir 53 þús. kr., og kostnaður við að ljúka þessum vegi út að Ármúla er alls um 60 þús. kr. Nú eru ætlaðar til þessa vegar 30 þús. kr., og það er ekki nándar nærri fyrir því, sem bændurnir í Bæjarhreppi tóku til láns í góðri trú og þeir töldu víst, að þeir mundu fá greitt, undir eins og fjárl. væru afgreidd, sem þeir héldu, að yrði um áramót. Þar að auki er ekkert til þess að vinna fyrir næsta sumar til þess að toga veginn lengra út með ströndinni, þar sem bændurnir verða að flytja mjólkina á hverjum degi til Ísafjarðar. Væri mikið hagræði að því, ef akvegir væru milli bæja, svo að hægt væri að koma mjólkinni á 1—2 staði í hreppnum, í stað þess að menn þurfa nú að setja fram báta og koma mjólkinni þannig, sem er erfitt fyrir mannfá heimili.

Ég varð reglulega reiður, þegar ég sá þessa upphæð. Vegamálastjóri hafði látið svo sem 90—100 þús. kr. yrðu látnar af hendi á fjárl. vegna Ármúlavegar, til þess að hægt yrði að halda áfram með veginn næsta sumar. Ég fer því fram á, að þessi upphæð verði hækkuð í 100 þús. kr., þannig að hægt verði að greiða þessar 53 þús. kr., sem bændurnir tóku til láns og eru í víxilskuld fyrir, og auk þess vinna fyrir 40—50 þús. kr., til þess að hægt sé að toga veginn út að Melgraseyri. Ég trúi því ekki, að þeir, sem þekkja vegaleysið á Vestfjörðum, og sérstaklega form. fjvn., fallist ekki á þetta, einkanlega þegar vitað er, hvernig farið

var af stað með þetta s. l. haust og hvaða loforð höfðu verið gefin.

Þá á ég hér brtt. á þskj. 560, um, að framlagið til brúar á Ósá hjá Bolungavík verði hækkað úr 55 þús. kr. í 75 þús. kr. Þessa brú, sem er á veginum frá Ísafirði til Bolungavíkur, þarf að byggja næsta sumar, ef akvegurinn á að verða nothæfur. Vegna þess að sandur er að brúnni beggja vegna, verður hún alldýr, og er engin von um, að hægt verði að ganga frá henni fyrir minna en 75 þús. kr.

Þá er hér í 3. lagi till. um fjárveitingu til bryggju á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Þarna var byggð bryggja, þegar skólinn var byggður í Reykjanesi, en nú er hún orðin úr sér gengin, og þarf að endurbyggja hana. Ég held nú, að hv. þm. sé ljóst, að engin bryggja verður byggð fyrir 25 þús. kr., svo að ég legg því til, að þessi fjárveiting verði hækkuð úr 25 þús. kr. upp í 50 þús. kr., en ég veit, að kostnaðurinn verður meiri en það.

Þá eigum við Finnur Jónsson sameiginlega brtt. á þskj. 564. Það er till. um, að nýr liður verði settur á fjárl., um byggingu sjómannaskóla á Ísafirði 125 þús. kr. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan á Ísafirði hefur haft mikinn áhuga fyrir því að koma upp byggingu fyrir þá kennslu, sem lögleyfð er. Í fyrsta lagi vélstjórakennslu og enn fremur sem svarar fyrsta árs stýrimannaskóla. Húsnæði er ekkert og vandræði með að útvega það, en skipstjóra- og stýrimannafélagið hefur byrjað að safna fé og á nú um 200 þús. kr. í sjóði. Það hefur látið gera teikningu af skólanum bæði fyrir stýrimenn og vélfræðinga, og er áætlað, að byggingin muni kosta um 700 þús. kr. Hér er farið fram á, að veittar séu úr ríkissjóði 125 þús. kr. til þessarar væntanlegu byggingar, gegn jafnháu framlagi frá héraðinu. Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um þörfina á þessu. Ísafjörður er fyrst og fremst sjómannabær, og bænum þarf að vera veitt aðstaða til þess að búa í haginn fyrir sjómannastéttina. Allýtarlegt erindi hefur verið sent fjvn. um þetta mál, en einhvern veginn hefur það nú ekki verið tekið til greina.

Þær eru ekki fleiri till., sem ég flyt hér, en ég vænti, að hv. alþm. sjái sér fært að veita þeim stuðning. Hækkun, sem leiðir sameiginlega af þeim till., sem ég geri grein fyrir viðvíkjandi samgöngumálum í Norður-Ísafjarðarsýslu, nemur alls 130 þús. kr., og er það ekki mikið í þeim mikla mat, sem hér er um að ræða.

Skúli Guðmundsson: Ég vil minnast á brtt., sem ég á hér á þskj. 560. Það er 15. brtt. á því þskj. Ég legg þar til, að veitt verði fé til þess að brúa tvær ár í Vestur-Húnavatnssýslu. Þarna er ekki um stórar fjárhæðir að ræða. Það er í fyrsta lagi til brúargerðar á Austurá í Miðfirði kr. 27000. Fyrir liggur hér áskorun frá 35 bændum í Miðfirði um, að fé verði veitt á fjárl. til þessarar brúargerðar. Þessi á, Austurá, er oft ill yfirferðar og mikil þörf á því, að hún fáist brúuð. Væntanleg brú á Austurá er á sýsluvegi, og því er hér lagt til, að ríkið borgi ¾ kostnaðar við brúargerðina, en gert er ráð fyrir af verkfræðingum, að brúin kosti kr. 35000. Brúarstæðið er sérstaklega gott, og er ekki ætlazt til, að brúin kosti meira en þetta, þó að þarna sé um töluvert vatnsfall að ræða. Ég hafði gert mér vonir um, að hv. fjvn. sæi sér fært að taka þetta inn í sínar till., en það hefur ekki orðið.

Þá legg ég til í öðru lagi, að 35 þús. kr. verði veittar til brúar á Þórsá á Vatnsnesi. Sú brú er í brúal., og tel ég hentugt, að hún yrði brúuð nú, m. a. vegna þess, að á s. l. ári var brúuð önnur á á Vatnsnesi, Tjarnará, og mætti þá nota timbrið, sem notað var þar til uppsláttar, einmitt við þessa brúargerð, enda þarf mjög fljótlega að brúa þessa á, til þess að hægt sé að halda áfram Vesturhópsvegi, sem liggur norður Vatnsnesið, norður í Hindisvík.

Fjvn. hefur lagt til í brtt. 542, að veitt verði samtals 2½ millj. kr. til brúargerða. Ég tel ekki ósanngjarnt að óska þess, að 1—2% af þessari fjárhæð verði varið til brúargerða í mínu kjördæmi, og vænti ég, að á það verði fallizt.

Ég hef veitt því athygli, að á till. n. er lagt til að brúa ár, sem ekki eru á brúal. Ég vil benda á 10. lið, sem er Lambadalsá á Skógarströnd. Sú á er ekki á brúal., en þetta á ef til vill að vera Langadalsá. Á 13. lið er Skaftá undan Heiði. Hún er heldur ekki á brúal. Sömuleiðis hef ég ekki séð Haukadalsá, Kleifá í Dalasýslu eða Bakkadalsá í Arnarfirði, sem lagt er til, að brúaðar verði. Við þetta er ekkert að athuga, því að það getur verið jafnréttmætt að leggja til, að brúaðar séu ár, sem ekki eru á brúal., ef þær eru t. d. á sýsluvegum, en þá á ríkissjóður ekki að leggja fram nema nokkurn hluta kostnaðar, og vildi ég gera fyrirspurn um það til n., hvort þessar ár eru á sýsluvegum og hvort þessar upphæðir, sem lagt er til, að veittar verði, er aðeins sá hluti, sem ríkissjóði ber að greiða l. samkvæmt. Þetta vildi ég gjarna fá upplýst. Og ef það er þannig, vildi ég heldur, að sagt væri, hve mikill hluti þetta er af heildarkostnaðinum, eins og ég hef lagt til við brúna á Austurá.

Ég sé ekki frekari ástæðu til að tala um þessar till. mínar og mun ekki að svo stöddu gera fjárlagafrv. eða aðrar till. að umræðuefni.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð við þessa umr. málsins, enda á ég engar brtt. að mæla með, sem kannske stafar af því, að ég sit í fjvn., og þótt ég sé ekki alls kostar ánægður með fjárlagafrv., mun ég ekki gera það að umræðuefni. Þarfirnar eru margar og getur verið vandi úr að moða til þess að setja það, sem rétt er.

Nú í dag er 21. marz, og við erum ekki komnir lengra en í 2. umr. fjárl. Frsm. fjvn. gat þess, að það væri út af því, hvernig ástatt væri í stjórnmálunum, og því, að engin stjórn var til til þess að taka við l., hve seint þau eru á ferðinni. Þetta er ekki alls kostar rétt. Það er fleira, sem kemur til greina. Ef afkoman væri eins glæsileg og frsm. gat um í sinni ræðu í dag, held ég, að enginn vandi væri að ganga frá fjárl. Mér þykir það undarlegt af frsm., sem hefur verið að glíma við það í allan vetur að láta fjárl. ná saman og ekki tekizt það betur en svo, að þau eru afgreidd með tugum millj. kr. tekjuhalla, að hann skuli í allri sinni ræðu tala um, hve útkoman sé glæsileg hjá fyrrv. stjórn. Ég bjóst ekki við þessu af honum, eftir að hann hefur í allan vetur verið að glíma við að láta enda fjárl. ná saman, þ. e. a. s. að finna tekj-

ur á móti óhjákvæmilegum útgjöldum. Nei, því miður hefur ekki allt verið eins og hv. þm. Barð. vildi vera láta. Ef svo hefði verið, hefði enginn vandi verið að koma fjárl. saman, og þá hefðum við ekki þurft að bíða eftir því, að ný stjórn kæmi til þess að bjarga því, sem bjargað yrði — og enn er ekki séð, hvernig tekst að láta fjárl. koma út tekjuhallalaus. Rekstrarhalli samkvæmt till. fjvn., eins og þær liggja nú fyrir, er rúmlega 30 millj. kr., þrátt fyrir það, að fjárframlög til verklegra framkvæmda hafa verið stórkostlega minnkuð. Fjárlagafrv. er þannig úr garði gert, þegar það er lagt fyrir Alþ., að það er með 9 millj. kr. rekstrarhalla á sjóðsreikningi og 22 millj. kr. greiðsluhalla. Þrátt fyrir það að framlög til verklegra framkvæmda séu minnkuð frá því, sem var í fjárl. yfirstandandi árs, þá vantar margar millj. kr. til að standast útgjöldin. Þetta vita allir alþm. og þess vegna þýðir ekki fyrir frsm. n. að vera að básúna það, hvað allt hafi verið hér í góðu ástandi með fjárhaginn, þegar núverandi ríkisstj. tók við. Það kann að vera, að ennþá megi blekkja fólk með slíkum sögum, en hér á Alþ. er slíkt tilgangslaust. Við höfum heyrt það í dag, að enda þótt fjvn. með samþykki ríkisstj. hafi hækkað framlög til vega frá því, sem var í frv. um 2 millj. kr., þá eru þm. ekki ánægðir, þeir óska eftir meiri framkvæmdum og hærri framlögum, enda þótt það sé ekki fært og við það verði að sitja, sem komið er. Ef við lítum á framlög til skólabygginga, barnaskóla, gagnfræðaskóla, héraðsskóla o. s. frv., þá er ljóst, að þar á að skera stórkostlega niður í frv.

Fjvn. hefur að vísu reynt að bæta úr því með samþykki ríkisstj. og hækkað framlagið, en þá er það ekki nóg, ef það ætti að koma til móts við það, sem Alþ. vildi vera láta. Það er komið svo, að það eru ekki neinir möguleikar á því, að hægt sé að framfylgja þeim l., sem fyrrv. stjórn setti hér á Alþ. 1945—1946 — það er ekki hægt að framkvæma þau. Og svo kemur frsm. fjvn. og talar um, hvað allt sé glæsilegt fram undan og afkoman í góðu lagi. Mig furðar alveg á því að heyra slíkt frá honum. Og hvað höfum við gert í fjvn? Jú, við höfum hækkað tekjuáætlun fjárl. um 20 millj. kr., og ég fyrir mitt leyti var óánægður með þá ákvörðun, enda þótt ég sætti mig við hana, úr því sem komið var, því að sýnt var, að einhvern veginn varð að reyna að fá eitthvað upp í kostnaðinn. En ég tel sumar hækkanir á tekjuáætlun n. gerðar út í blá-inn og er hræddur um, að það muni ekki koma öll kurl til grafar í þeim efnum. Ég játa það, að s. l. ár var mikið tekjuár fyrir ríkissjóð, enda voru þá fluttar inn erlendar vörur fyrir 60 millj. kr., en við vitum, að við munum ekki hafa upp á svo mikið að hlaupa á þessu ári, þar sem sjóðir eru ekki fyrir hendi eins og á s. l. ári. Nú er ekki upp á annað að hlaupa en það, sem við öflum á þessu ári. Í fyrra höfðum við varasjóð upp á að hlaupa, en nú hefur hann verið notaður til fulls og flutt inn fyrir 600 millj. kr., og það hefur gefið miklar tekjur í tollum í ríkissjóð. Verðtollurinn á s. l. ári gaf 62 millj. kr., en er nú áætlaður 50 millj. kr., og ég er hræddur um, að þessi tekjuliður kunni að verða of hátt reiknaður, því að ennþá a. m. k. getum við ekkert um það sagt, hvað miklum gjaldeyri við höfum úr að spila, þar sem ekki er ennþá búið að semja um sölu á neinni útflutningsvöru. Ég skal ekkert segja um þá hækkun, sem gerð er á tóbaki og áfengi, það má vel vera, að þeir liðir kunni að standast áætlun, en ég held samt, að sú áætlun standist frekar en tollarnir. Ég er þess fullviss, að það má takast vel til með sölu á okkar afurðum, ef tekjuáætlunin á að hrökkva til, hvað tollana áhrærir, eins og nú er gert ráð fyrir í brtt. n. og frv. eins og það lá fyrir.

Þá get ég minnzt á aðrar tekjuáætlanir, sem n. gerði, t. d. um póst og síma. Það kom fyrir í tíð fyrrv. stjórnar, sem aldrei hefur komið fyrir áður, að síminn var með 1 millj. kr. tekjuhalla. Þeir, sem fyrir þeim stofnunum standa, segja, að það liggi aðallega í því, að fyrrv. stjórn hafi gefið út ýmsar reglugerðir viðvíkjandi þeim stofnunum, sem þannig hafi farið með hag þeirra, að ekki hafi verið hægt að reka þær öðruvísi en með margra millj. kr. greiðsluhalla. Ef þessar stofnanir eiga að bera sig, þá verður núverandi ríkisstj. að taka í taumana og afnema þessar reglugerðir, því að með þeim er ókleift, að þær beri sig. Það er komið svo t. d. með Landssímann, að eftirvinnulaunin eru eins há eins og föstu launin, þrátt fyrir það að það væri meiningin, þegar launal. voru sett, að öll eftir- og aukavinna væri afnumin. Ég þori að fullyrða, að nú, eftir 2 ár frá því að launal. voru sett, er mikið meira um aukavinnu og eftirvinnu en áður var, og þar í liggur þetta, að nú er ekki hægt að reka Landssímann nema með millj. kr. rekstrarhalla. Þessu verður að breyta, ef vel á að fara, og fjvn. treystir því, og þess vegna fellst hún á að strika út þessa tekjurýrnun og tekjuhalla í frv. Hún treystir því, að núverandi stjórn kippi í taumana og sjái um, að þessi stofnun beri sig, eins og hún hefur alltaf gert — í því trausti er þetta gert. Það mætti minnast á ótal margt fleira, en ég skal ekki þreyta umr. lengur, þetta er gert að gefnu tilefni frá form. n., þar sem hann talaði um, hvað það væri bjart fram undan og hvað hagur ríkissjóðs stæði með miklum blóma. Við skulum vona, að úr rætist og að gifta okkar verði það mikil, að hægt verði að afgreiða tekjuhallalaus fjárl. og að það verði meira en á pappírnum. En eins og útlitið er í dag, er erfitt að spá nokkru um slíkt, og ég held, að það sé ekki vert, eins og nú er, að gera ráð fyrir allt of miklu bjartsýni. Það er alltaf gott að vera bjartsýnn, en bjartsýnin verður að byggjast á einhverju viti og rökum, ef vel á að fara.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 564, en of skammt var liðið frá útbýtingu þeirra, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr. Ég á hér enga brtt. og hv. frsm. fjvn. hefur gert grein fyrir brtt. n. og innt að því leyti af hendi þau störf hennar vegna, sem gera ber við þessa umr. málsins. En tilefnið til þess, að ég vil segja hér nokkur orð, er það, að hv. frsm. fjvn. hélt hér stórpólitíska ræðu, og sú stórpólitíska ræða var ekki laus við að bera nokkurn keim af áróðri. Ég vildi með fáum orðum gera grein fyrir því, að þessi ræða eða sá hluti hennar, sem mér fannst vera nokkuð áróðurskenndur, væri ekki fluttur fyrir mína hönd. Auk þess minntist hv. frsm. á það alveg réttilega, að það hefði verið nokkur ágreiningur í n. um hækkanir á tekjuáætluninni, sem n. hafði borið fram brtt. um, þó að ágreiningur-

inn ylli því engan veginn að n. stæði ekki öll saman um þær niðurstöður, sem felast í brtt. n. En af því að hv. frsm. fór að draga fram í þessu sambandi sitt sjónarmið, sem sé það, að áætlunin væri síður en svo óvarleg, heldur væri ástæða til að hækka hana enn frá því, sem er, þá þykir mér hlýða að láta einnig koma fram það sjónarmið, sem byggt er á nokkrum efa í því efni, að þessi áætlun geti talizt varleg.

Hv. frsm. minntist einnig á frestun á afgreiðslu fjárl. og sagði, að hann hefði verið á móti henni, og mátti skilja á honum, að hann hefði staðið einn í n. um þá afstöðu. En það voru vissulega fleiri, sem vildu, að takast hefði mátt að afgreiða þessi fjárl., eins og gert er ráð fyrir í stjskr., þannig að hægt væri að hefja greiðslur samkvæmt þeim strax um nýár. Hv. frsm. stóð vissulega ekki einn um þessa afstöðu. En hvað var hér að gera, hvernig átti að ganga frá fjárl., áður en stjórnarkreppan var leyst? Ég sé ekki, að þess hafi verið neinn kostur, og þess vegna varð að taka afleiðingunum af því, hve langan tíma það tók að koma á starfhæfri ríkisstj. á Alþ. Nú eru við þessa umr. komnar fram brtt. frá einstökum þm., til viðbótar hækkunartill. fjvn., upp á 21 millj. kr., og ég ætla, að auk þessa felist heimildir handa ríkisstj. til þess að greiða samkvæmt 22. gr. fjárl. um 5 millj. kr. Nú verð ég að segja það, að það er orðið nokkurt verkefni fyrir núverandi ríkisstj. að standa vörð um það, að ekki verði svo gífurlega hlaðið á fjárl. eins og farið er fram á í þessum brtt., til viðbótar þeim hækkunum, sem n. hefur borið fram. Afgreiðsla fjárl. nú mótast af fjármálaástandinu eins og það er hjá okkur nú. Hún ber ljós merki þeirrar geysilegu verðbólgu, sem við höfum orðið við að búa um skeið og ennþá er í uppsiglingu eða hefur verið í uppsiglingu allt til þess, að nú hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að slá þar nokkuð á — ráðstafanir, sem ber þó að með nokkuð einkennilegum hætti, sem sé þeim, að borga fé úr ríkissjóði til þess að draga úr verðbólgunni. Þetta fjármálaástand markast enn fremur af þeirri löggjöf, sem sett hefur verið á tveim undanförnum þingum — löggjöf, sem tekin var upp í stefnuskrá fyrrv. stjórnar. Má í því sambandi t. d. benda á launal., breyt. á kennslulöggjöfinni og skólalöggjöfinni, og loks breytingar á tryggingalöggjöfinni. Þessar breyt. hafa í för með sér stórkostleg útgjöld fyrir ríkissjóð, sem við horfumst nú í augu við, og eru þó, nema sumar þeirra, rétt á byrjunarstigi, og má í því sambandi benda á, að það er a. m. k. 12 millj. kr. árleg aukning á útgjöldum ríkissjóðs, sem felst í launalöggjöfinni, og tryggingalöggjöfin hefur um 14 millj. kr. aukningu á árlegum útgjöldum í för með sér, og er þar þó aðeins verið að byrja á framkvæmdum.

Ég get ekki nefnt tölur í sambandi við skólalöggjöfina, en það er vitað, að þar er um geysilegar fjárhæðir að ræða, eins og hv. frsm. kom inn á í framsöguræðu sinni áðan.

Nú horfumst við í augu við það að eiga að koma saman fjárl., fá tekjur og gjöld fjárl. til að standast á. Það er rétt í þessu sambandi að koma inn á það atriði, hvað það er, sem hefur bjargað því á undanförnum árum, að ríkisjóður er nú ekki kominn í greiðsluþrot, og skal ég í því sambandi minnast á afkomu ríkissjóðs árið 1945 og árið 1946, eftir því sem séð verður. Hvað hefur þá bjargað því, að ríkissjóður hefur ekki komizt í greiðsluþrot? Það er ekkert annað en varleg áætlun á tekjuliðunum, varleg áætlun á tekjuliðum, sem fyrrv. fjmrh. hefur staðið að, og hann markar sömu stefnuna í því fjárlagafrv., sem hann hefur lagt fyrir þetta þing. En eftir því sem virðist, er nú séð fyrir endalok þeirrar stefnu, hvað afgreiðslu þessara fjárl. snertir. Hv. frsm. minntist hér á afkomu ríkisbúskaparins 1945 og líka 1946, og hann sagði, að tekjuafgangur 1945 hefði orðið 14 millj. kr. En með þessu er ekki öll sagan sögð um afkomuna 1945 hjá ríkissjóði. Tekjur ársins 1945 eru áætlaðar í fjárl. 108700000 kr., en urðu 165800000 kr. Gjöldin voru hins vegar áætluð 100700000 kr., en urðu 143700000 kr., þannig að það varð rekstrarhagnaður á rekstrarreikningi um 22 millj. kr. Á sjóðsyfirliti urðu tekjurnar 175600000 kr., en gjöldin urðu 187700000 kr., þannig að það varð greiðsluhalli á sjóðsyfirliti 1945 12100000 kr Þótt það yrði greiðsluhalli, þá skapaðist við þetta allmikil eign hjá ríkinu. Það var borgað nokkuð af skuldum, greitt var á þessu ári það, sem eftir stóð af enska láninu, 8—10 millj. kr., og léttir það á árlegum útgjöldum ríkissjóðs, hvað snertir vexti af þessu láni.

Hitt er svo aftur að athuga í sambandi við eignaaukninguna, að fæst af þessu gefur nokkrar tekjur, þótt færslan sé með þessum hætti í fjárl., að gert er þarna upp á milli þess, hvort tekjurnar gengju til venjulegra útgjalda eða til þeirra útgjalda, sem aftur skapa eign hjá ríkissjóði.

En þannig varð þá niðurstaðan af þessu ári, að það varð greiðsluhalli á sjóðsyfirliti í sambandi við þessa eignaaukningu, m. ö. o. það var ekkert handbært fé af tekjum ársins til nota á árinu 1946.

Viðvíkjandi árinu 1946, þá er upplýst, að tekjurnar námu 200 millj. kr. En nú gat ég ekki fengið upplýsingar í fjmrn. um það, hver væri hin raunverulega niðurstaða af fjárl. ársins 1946. Hins vegar fékk ég þær upplýsingar, að líkindi væru til, að tekjuafgangur á rekstrarreikningi yrði einhver, en tekjur og gjöld á sjóðsyfirliti mundu nokkurn veginn standa í járnum. Og af þeim miklu tekjum, sem fengust árið 1946, er nú ekkert handbært til að nota á árinu 1947, því að öllum tekjunum hefur verið ráðstafað. Að vísu hefur nokkrum hluta teknanna verið varið til að skapa eignir, en það gefur ekki handbært fé. En það er margt fleira, sem kemur til greina, og við verðum að horfast í augu við ástandið eins og það er. Í dag skuldar ríkissjóður í Landsbankanum 19800000 kr. Þessi skuld hefur þó ekki öll farið í eyðslu, því að tekið var 10 millj. kr. lán í sambandi við byggingu fiskibáta innanlands, 1100000 kr. til þess að greiða skuldir landssmiðjunnar og 1½ milljón í sambandi við afskipti ríkisins af byggingu fiskibáta í Svíþjóð. Tekið var og í sama skyni 10 millj. kr. lán úr fiskveiðasjóði, en enn þá er langt frá því, að full skil séu gerð milli ríkissjóðs og kaupenda Svíþjóðarbátanna. Ég fekk enn fremur upplýsingar um það, að sama dag árið 1946 skuldaði ríkissjóður á aðra milljón króna í Landsbankanum. Núverandi fjmrh. hefur ekkert handbært fé frá árinu 1946, en tekur við um 20 milljóna skuld í Landsbankanum.

Það er rétt að gera sér fulla grein fyrir því, hvernig málin standa, því að það varðar okkur og alla þjóðina miklu. Þær breytingar á tekjuáætlun-

inni, sem fjvn. hefur gert, eru ekki óvarlegar, ef miðað er við útkomu ársins 1946. En þá er að athuga, hvort gætilegt sé að gera ráð fyrir sams konar tekjum árið 1947 og voru 1946. Samkvæmt áliti hagfræðinganna var eytt á árinu 1946 gjaldeyri, sem nam 600 milljónum kr. Verðmæti útflutningsins nam 291 milljón, og eytt var gjaldeyrisforða, er nam 251 millj. kr. Þetta gerir 540 milljónir. Svo koma auk þessa duldar greiðslur, sem hagfræðingarnir áætla 50 milljónir, og er því gjaldeyriseyðslan á árinu 1946 um 600 millj. króna. En eru nú líkindi til þess, að við getum gert ráð fyrir, að við getum varið 600 millj. kr. til vörukaupa frá útlöndum á yfirstandandi ári? Nú er upplýst, að sá gjaldeyrisforði, er safnað var á árunum 1940, 1941, 1942 og 1943, sé að þverra eða þegar að verulegu leyti þorrinn. Um áramót voru til 216 millj. kr., en mikill meiri hluti þeirrar upphæðar var á vegum nýbyggingarráðs. En nú er upplýst, að gefin hafa verið innflutningsleyfi á alla þessa upphæð eða meira til, svo að mér skilst, að þeir möguleikar, sem við höfðum til aukningar á gjaldeyri fram yfir útflutningsverðmæti, séu gerbreyttir frá því, sem var árið 1946. Okkur ber vissulega að vera vongóðir um, að útflutningsverðmæti gefi mikinn gjaldeyri, og það er rétt hjá hv. frsm., að þorskaflinn í dag er meiri en á sama tíma í fyrra. Þessu ber vissulega að fagna, en það, sem er skuggalegt við þetta, er það, að ekkert af aflanum hefur verið selt, svo að vitað sé. Við vitum ekki, hvaða verð við fáum fyrir aflann, en aðstaða okkar er erfið vegna samkeppni um markaði, þar eð við þurfum að fá hærra verð en aðrir vegna verðbólgunnar innanlands og hins mikla tilkostnaðar við að afla vörunnar og gera hana söluhæfa. Þetta skapar óskyggilega erfiðleika, sem við sjáum enn ekki út yfir. Hv. frsm. minntist á nokkur atriði í rökstuðningi sínum fyrir því, að ekki væri of langt gengið í hækkuninni á tekjuáætluninni. Hann minntist á, að ábyrgð ríkissjóðs vegna útflutnings á sjávarafurðum sé 30% hærri en á síðasta ári. Þetta er alveg rétt. En hvernig er aðstaða þeirra manna, er njóta eiga hlunnindanna, ef verðið brestur? Hvaða úrræði eru þá? Ríkið á enga sjóði til að grípa til. Þá er aðeins um tvær leiðir að velja. Önnur er gengislækkun, en hin, og raunverulega eina leiðin, er að fara ofan í vasa borgaranna, heimta af þeim nýja skatta og meðal annars þeirra, er njóta eiga hlunnindanna af ábyrgð ríkissjóðs. En aðrar leiðir eru ekki fyrir hendi. Ég veit ekki, hvað gengislækkun hrekkur til, en hin leiðin fer eftir því, hve miklu skakkar á verðinu og tryggingunni. Mér finnst því hæpið að nota það, að ríkið hefur gengið í þessa ábyrgð, sem röksemd fyrir því að hækka tekjuáætlunina. Hvað viðvíkur togaraútgerðinni, þá er mér sagt, að togararnir selji nú á hámarksverði, sem ákveðið er í Englandi. Samt sem áður berst togaraútgerðin í bökkum, þótt hún fái nú það hámarksverð, sem ekki fæst alltaf. Það munu jafnvel dæmi til þess, að togaraútgerðin sé að einhverju leyti rekin með tapi. Nú fáum við að vísu stærri og fullkomnari skip á þessu ári, en þau koma smátt og smátt, og þó að afkoma þeirra verði kannske eitthvað betri en þeirra togara, er við nú eigum, þá verður það ekki afgerandi um afkomu þessa árs. Hv. frsm. gat þess réttilega, að miklar vonir stæðu í síldinni. En við vitum aldrei, hvernig síldveiðarnar fara, auk þess sem síldin veiðist ekki fyrr en seinnipart sumars. Við vonum vissulega, að síldveiðarnar gangi vel, en reynsla tveggja undanfarandi ára sýnir, að þær geta brugðizt. Ég held þess vegna, að viðhorfið í þessum efnum sé mjög vafasamt og tvíeggjað, og því hefði ég talið hyggilegra, að stefna fyrrv. fjmrh. um varfærni í tekjuáætluninni hefði notið sín betur en horfur eru á, að ætli að verða við afgreiðslu þessara fjárlaga. Þess ber að gæta, að viðhorfið nú hér á þingi er ekki að dregið verði úr útgjöldum ríkisins, heldur þvert á móti hefur verið til þess gripið til að minnka tekjuhallann að hækka tekjuáætlunina, þó að af því leiði, að fjárlög verði nú afgreidd með minni fyrirhyggju en fyrrv. fjmrh. gaf tilefni til, og það var þetta ástand, sem olli því, að sá skoðanamunur, sem fram kom í n. um þetta atriði, olli ekki klofningi, og skal ég ekki skjóta mér undan ábyrgð á því. Það þarf nú að vinna að öflun þeirra tekna, sem kostur er á, til að standa við þá yfirlýsingu núverandi ríkisstj. að afgreiða rekstrarhallalaus fjárl., sem ég tel mig einnig bera ábyrgð á sem einn af stuðningsmönnum stjórnarinnar. Það var því eigi hjá því komizt að hækka tekjuáætlunina, en varlegt var það ekki. Það var neyðarástand, sem skapaði þessar varhugaverðu niðurstöður.

Hv. frsm. talaði hér um stórhug fjvn. Mér kom þetta nokkuð einkennilega fyrir, af því að ég veit hreint ekki, í hverju þessi stórhugur er fólginn. Afskipti n. af frv. mótuðust fyrst og fremst af því, að hún var í nauðvörn, sem og ríkisstj. og Alþ. allt. Það er lagt til af n. að hækka rekstrarútgjöldin um 52 millj. kr., og á sjóðsyfirliti er hækkunin um 2600000 kr. En ég er að velta því fyrir mér, eins og einu sinni stóð í Morgunblaðinu, hvaða stórhugur liggi á bak við þetta. Hækkunartill. eru fólgnar í því að leiðrétta áætlunarskekkjur og í því að taka inn í frv. 35 millj. kr. framlag til dýrtíðarráðstafana, sem er í samræmi við stefnu ríkisstj. Það er þó ekki alveg rétt, því að 10 milljónir eru þar vegna vantalinnar vísitölu á fjárlagafrv., þar sem upphaflega er reiknað með vísitölu 290, en er nú reiknað með 310 stigum, og þarf 10 millj. kr. til þess að mæta þessum mun. Það eru því ekki nema 25 milljónir, sem fara í niðurgreiðslur, og er dregið í efa, að þetta sé nóg. Þetta er vitanlega áætlunarupphæð, og fer eftir öllum aðstæðum, hversu mikil hún verður. Þetta markar því engan stórhug hjá n., og það var gert í samráði við ríkisstj. og í framhaldi af þeirri stefnu, sem við höfum búið við undanfarið. Hækkað var nokkuð framlag til skólamála í till. n., en það er aðeins afleiðing af löggjöf, sem hér var sett fyrir skemmstu. Framlag ríkissjóðs til skólabygginga er lögboðinn hluti gegn framlagi þeirra, er að byggingunum standa. Reynslan hefur sýnt, að í skjóli þessarar nýju löggjafar, sem leggur ríkinu auknar skyldur á herðar, en dregur jafnframt hlutfallslegu úr útgjöldum sveitarstjórna, þá hafa sveitarfélögin orðið djarfari og lagt í svo miklar byggingar, að ríkissjóður þurfti að leggja fram allt að 10 milljónum kr. Þetta var nú allmikið skorið niður, en þó hækkað í till. n. frá því, sem var í frv. En þetta var ákveðið af ríkisstj., en ekki af n. Sama er að segja um aukið framlag til raforkumála. Um vegi, brýr og hafnir má segja, að n. hafi ýtt á eftir, en niðurstaðan af starfi n. var sú, að ekki voru teknar inn í till. hærri upphæðir en

ríkisstj. samþykkti. N. hafði ætlað að sigla hærri byr, en það reyndist ekki fært. Þrátt fyrir gífurlega hækkun á þessu frv., er þó ekki hærra risið en það, að framlag til vega er aðeins örlítið hærra en áætlað var á síðustu fjárl. Það er þó mun lægri upphæð en var veitt s. l. ár, því að ríkisstj. veitti umframgreiðslur til staða, þar sem nauðsyn bar til að fullgera vegi. Framlag til brúa er svipað og s. l. ár, en framlag til hafnarmannvirkja er allverulega hækkað. Það er aðeins eðlileg afleiðing af aukningu flotans, og til þess að geta hagnýtt hin nýju skip, verður að búa þeim þau skilyrði í höfuðverstöðvum landsins, að gerlegt sé að halda þeim út á vertíðinni. Og eins og tekið er fram í nál., er svo naumt skorið í þessu efni, að aðstaðan til útgerðar þessara stóru báta er ákaflega hæpin og útgerðarmenn eru settir í mikla hættu með það, að bátunum hlekkist á, ef ekki rætist úr. Og þótt þessi fjárhæð gæti vaxið, er það engan veginn öruggt. Í þessu felst engin ásökun frá minni hendi í garð hv. ríkisstj. Hún var tilneydd að skera þessar upphæðir niður. Það skapast af því ástandi, sem nú ríkir, að ekki er hægt að ganga lengra í þessu efni, af því að það getur orðið svo, að vonir manna bresti að meira eða minna leyti.

Hv. frsm. talaði mikið um bjartsýni og stórhug hjá fjvn. Ég vildi óska, að við hefðum búið hér við þær fjárhagskringumstæður, að sá stórhugur hefði getað fengið að njóta sín betur en nokkrir möguleikar eru nú á. Það er rétt, að stórhugar gætti í fjvn. En eins og ríkjandi fjárhagskringumstæður hafa sett núverandi ríkisstj. skorður í sambandi við afskipti hennar af fjárveitingum, eins hafa þær kringumstæður sett fjvn. skorður um hennar till. Stórhugur og bjartsýni eru góðar dyggðir, en það verður að sníða stakkinn eftir vextinum, því aðeins geta þessar fögru dyggðir notið sín, að öllu sé í hóf stillt, en ekki rasað um ráð fram.

Hv. frsm. sagði, að fjvn. hefði ekki gert sínar till. af neinu ábyrgðarleysi, heldur samkvæmt því, sem hún hefði talið rétt og skynsamlegt. Og hann sagði, að vegna aðgerða fyrrv. ríkisstj. væru atvinnuvegirnir nægilega traustir til að taka á sig ábyrgðina af þeim till. Ég óska, að þessar vonir hans mættu rætast. En það eru nú ýmsar blikur á lofti, og úr því að hv. frsm. fór að geta um aðgerðir fyrrv. ríkisstj. í sambandi við atvinnuvegi og framkvæmdir, þá hefði hann jafnframt átt að minnast á aðgerðir annarra í því efni, þeirra manna, sem hafa aflað fjárins til nýsköpunarinnar, og þeirra, sem eiga að bera hitann og þungann í þeim erfiðu aðstæðum, sem við erum nú í, þegar nauðsynlegt er að gera þessi nýju tæki arðbær. Þessir menn hafa ekki síður en fyrrv. ríkisstj. lagt sitt fram, það er bezt að gera ekki þar upp á milli. Úr því að hv. frsm. minntist á þetta, er rétt, að hver hafi þann heiður, sem honum ber. Ég vil ekki slá neinum skugga á fyrrv. ríkisstj. eða hennar þátt. Hún hefur eflaust gert margt gott og vel. En aðrir hafa líka lagt mikið af mörkum, og án þess framlags er langt frá, að fyrrv. ríkisstj. hefði getað tekið að sér hlutverk nýsköpunarinnar, því að án fjárins og öflunar þess hefði hún verið ómegnug.

Hv. frsm. sagði, að allt ylti á því, að ríkisvaldið á hverjum tíma væri hvetjandi, en ekki letjandi. Það er að vísu mikils vert að öllum jafnaði. En kröfur, áræði og framtak einstaklinga og félaga, sem að atvinnurekstri standa, hefur allt verið svo risavaxið, að ríkisvaldið sér nú enga möguleika á að sinna öllu, og stendur þetta því í ófugu hlutfalli við það, sem hv. frsm. lýsti, og er sorglegt til þess að vita, því að æskilegt væri, að aðstæður væru til þess fyrir ríkið að vera hvetjandi um þessa hluti.

Mér hefur verið sagt, að hér hafi verið rætt um fjárframlag til Hvalfjarðarferju, og bið ég hv. frsm. að afsaka, að ég er að blanda mér inn í það mál, því að hann heldur á því af sínum mikla dugnaði. En ég er þessu máli mjög kunnugur og mig langar því að víkja að því nokkrum orðum. Mér er sagt, að hér hafi verið ráðizt á þessa framkvæmd. Hún er þannig til orðin, að á síðasta þingi báru þm. úr öllum flokkum fram þáltill. um málið, en hún kom svo seint fram, að hún náði ekki endanlegri afgreiðslu. Meiri hluti fjvn. lagði þessari till. hins vegar lið, og létu þessir þm. ríkisstj. vita vilja sinn í þessu efni. Hún réðst síðan í þessar framkvæmdir, sem eru tvíþættar báðum megin fjarðarins, vegagerð og lendingarbætur. Mér er sagt, að komið hafi fram sú skoðun hér í umr., að hyggilegra hefði verið að verja þessu fé til vegarins inn fyrir Hvalfjörð. En með ferjunni sparast 40—50 km langur vegarkafli og það sá kaflinn, sem langerfiðastur er yfirferðar, t. d. um snarbrattar hlíðar innst í Hvalfirðinum, þar sem vegurinn liggur undir skriðuföllum og snjóskriðum og er sérstaklega erfiður yfirferðar að vetri til. Af þessum ástæðum spratt upphaflega hugmyndin um ferjuna. Akraneskaupstaður hefur keypt tvö ferjuskip, og málið er komið á góðan rekspöl, en töluvert skortir á, og er þessi fjárveiting nú miðuð við það. Og hv. samgmrh. vill fá heimild í 22. gr. til að mega ljúka verkinu. Mér er kunnugt um, að bæði norðan- og vestanlands fagna menn því mjög að fá ferju yfir Hvalfjörð, því að með því styttist leiðin milli Reykjavíkur og þessara landsfjórðunga til muna og menn þyrftu ekki lengur að fara inn fyrir Hvalfjörð og kæmust þar með hjá þeim erfiðleikum, sem eru og verða því alltaf samfara. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram og ljúka þar með máli mínu.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni yfir þeim umr., sem fram hafa farið um framsöguræðu mína, og tel þær hollari en langar ræður um vegarspotta eða annað því um líkt.

Ég vil þá snúa mér að þm. Borgf. Hann hélt því fram, að ég hefði flutt hér stórpólitíska ræðu, og það getur vel verið, en hann flutti hér líka pólitíska ræðu, en hins vegar er það annað mál, hvaða merki hann reisti í sinni ræðu.

Annars undirstrikaði þm. Borgf. margt í minni ræðu, en hrakti ekkert. Þó að hann hafi annan skilning á málunum en ég, þá er það allt annað mál. Hann sagðist ekki gera mín orð að sínum, enda talaði ég alls ekki fyrir hans hönd, því að ég tók það fram í upphafi, að þar sem ég fór út fyrir nál. sjálft, talaði ég aðeins fyrir minni eigin skoðun. Hann hefur annan skilning á þessum málum en ég, og fyrir það lasta ég hann alls ekki, en þm. geta dæmt um, hvor skoðunin þeim finnst réttari. Þm. Borgf. sagði, að ég einn hefði viljað

afgreiða fjárlög á réttum tíma, þrátt fyrir það að engin ábyrg stjórn hefði verið til staðar. Það er rétt, að það er mín skoðun, að það hafi alls ekki verið ógerlegt. Ég tel, að þingflokkarnir verði að bera ábyrgð á gerðum Alþingis og þá ekki hvað sízt fjárl., og ég skil ekki, að þm. Borgf. láti það nokkru ráða um sitt atkv. í svona málum, hvaða ríkisstj. situr. Ríkisstj. er aðeins framkvæmdarvald, og það er vilji meiri hluta Alþingis, sem hún á að framkvæma. Það má líka benda á það, að hér voru afgr. fjárl. á Alþ. eins og venjulega, þegar utanþingsstjórn var við völd. Þá sagði þm. Borgf. að það ástand, sem hér ríkir, sé orðið til vegna verðbólgunnar. Þetta vita allir, en það má líka benda á, að það voru fyrst og fremst amerískir dollarar, sem ollu dýrtíðinni. Með þeim var vinnuafli boðið upp og kaupgetan með því aukin. Þetta hefur ekki tekizt að laga, því að það hefur ekki náðst samkomulag um leiðir til þess.

Þm. Borgf. talaði um, að afgreiðsla fjárl. væri svo erfið nú vegna þess, að útgjöldin í sambandi við þau lög, sem síðasta Alþingi setti, væru svo mikil, einkum þó vegna þriggja lagabálka, þ. e. skólalaganna, launalaganna og tryggingalaganna. Ég verð að segja það, að það er ekki stórhugur ríkjandi hjá þeim mönnum, sem ekki vilja, að þessi lög verði framkvæmd, en það verða þau ekki, ef Alþ. veitir ekki fé til þeirra á fjárl. Fjvn. undirstrikar, að hún vill, að þessi lög verði framkvæmd og nái sem bezt tilgangi sínum. Þm. sagði, að ekkert nema nógu varleg tekjuáætlun gæti bjargað. Ég skil það ekki, að áætlun skapi tekjur, en með djörfum áætlunum þarf auðvitað dugandi framkvæmd. Allar þær tölur, sem þm. fór með í sambandi við árið 1945, voru réttar, en svo fer hann bara að álasa ríkisstj. fyrir eyðslu. (**PO**: Ég skýrði aðeins frá staðreyndum.) Telur þm. Borgf. það eyðslu eða sóun, ef fé er varið til kaupa á hlutum, sem síðan eru eignir? Ef þm. keypti kýr fyrir 50 þús., teldi hann sig þá hafa sóað þessum þúsundum? Ég vil því taka það fram, að það er ekki hægt að gera hvort tveggja, að geyma fé og eyða því sama fé til kaupa á atvinnutækjum. Það má benda á það í þessu sambandi, að fyrir nokkuð mikla upphæð af okkar fé keyptum við togara, einn þeirra er þegar kominn til landsins og hefur nú farið sína fyrstu ferð til Englands og seldi betur en dæmi eru til áður. Slíkt gefur okkur góðar vonir. Þó að hagur ríkissjóðs sé ekki góður nú, þá er rétt að benda á það, að við eigum mikið af afurðum í landinu, en þær eru okkar gjaldeyrir.

Þm. Borgf. spurði, hvernig færi, ef verðið breyttist á fiskinum. Ég tók það fram, að með ábyrgðinni á fiskinum hefði ríkissjóður óbeint skapað sér tekjur, því að hefði þetta ekki verið gert, þá væri mikill hluti af fiskiflota okkar ekki farinn af stað enn og þar af leiðandi ekki sá fiskur kominn á land, sem nú er. Það kann að vera, að ekki verði hægt að forðast skell af þessum ráðstöfunum, en hvernig hefði þá farið, ef fylgt hefði verið till. þm. Borgf. og 1. þm. Rang. og líka tekin ábyrgð á landbúnaðarafurðum? Það hefði getað skapað algert gjaldþrot. (**PO**: Það var bara sanngirniskrafa.) En sem betur fór réðu aðrir þá betur fyrir þessa þm. (**PO**: Það var ósanngirni, sem réð.) Þm. Borgf. sagði, að fjvn. hefði verið í nauðvörn með fjárl., en ég fæ ekki skilið þá, sem telja það nauðvörn að samþykkja nál. 200 millj. kr. gjaldaliði. Þm. Str. réðst mjög á fjármálaástandið, en á sama tíma flytur hann brtt. við fjárl., sem nema hvorki meira né minna en 570 þús. fyrir hans kjördæmi eitt. Ef allir þm. tækju upp sama hátt, þá mundu brtt. vera upp á 30 milljónir. Ég tek því ekki alvarlega gagnrýni þm. Str. eða þó að hann mótmæli réttum tölum og fullyrði, að áróðursmenn hafi rétt fyrir sér. Það hafa nú verið fluttar langar ræður um ástandið og hversu slæmt það sé. Þessir sömu menn standa að núverandi ríkisstj., en hún hefur það á sinni stefnuskrá að gefa út hallalaus fjárlög. Þessir þm. verða því að styðja að því eða þá að svíkja stjórnina, eða í þriðja lagi að éta ofan í sig allt, sem þeir hafa sagt, og þeir eiga ekki aðrar útgöngudyr, því að ég trúi því ekki á þessa ágætu menn, að þeir samþykki 200 millj. kr. útgjöld, ef þeir hafa ekki von um, að atvinnuvegirnir beri þau. Það væri slíkt ábyrgðarleysi, að mér dytti ekki í hug að trúa því um jafnágæta menn. Sannleikurinn er, að í hjarta sínu viðurkenna þeir, að þeir álíti, að atvinnuvegirnir þoli það. En ekki geta þeir sagt, að það sé ákveðnum mönnum eða ákveðnum flokkum að þakka.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði gleymt að geta þeirra manna, sem hefðu aflað. Ég vil biðja hv. þm. Borgf. að lesa framsöguræðu mína. Þar minntist ég líka á þessa menn. Ég minntist þess alveg sérstaklega, að einmitt fyrir skilning fyrrv. hæstv. fjmrh., þann skilning, að heppilegast væri fyrir þjóðfélagið að hafa sem mest frelsi í viðskiptamálum, þá hefði hann stutt athafnamennina til framkvæmda. Hverjir eru svo þessir athafnamenn? Ég tel sem athafnamenn ekki aðeins þá, sem eiga togara, heldur hvern einasta mann, sem aflar fyrir þjóðarbúið. Og ég minntist þeirra manna í ræðu minni, svo að það var óþarfi af hv. þm. Borgf. að ráðast á mig fyrir það, að ég hefði gleymt þeim, því að það gerði ég ekki.

Hv. þm. Borgf. fullyrti líka, að á þessu þingi hefði ríkisvaldið orðið letjandi en ekki hvetjandi. — Ég hef sannarlega ekki orðið var við það, að hæstv. ríkisstj. hafi verið letjandi hér á þinginu. Sannarlega ekki. Mér hefur einmitt fundizt, að hún væri mjög hvetjandi. A. m. k. hvatti hún okkur í fjvn. til að hækka töluvert þá liði í útgjöldum fjárl., sem við leggjum til, að verði hækkaðir. Og þetta höfum við gert í fullkomnu samræmi við vilja hæstv. ríkisstj. Hitt er annað mál, að hæstv. ríkisstj. taldi varlegra að fara ekki eins hátt með þessa liði og hin stórhuga og bjartsýna fjvn. vildi fara. Það var ekki af því, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki trú á atvinnuvegunum, heldur af því, að hún áleit — sem er alveg rétt — mjög mikið vafamál, hversu langt eigi að fara í því að taka vinnuafl frá atvinnuvegunum.

Ég hef þá svarað hv. þm. Borgf. út af hans ræðu. Mér þykir að vísu vænt um, að hann vakti þessar umr., því að ég tel, að það sé miklu heppilegra fyrir hv. alþm., ef þeir geta eitthvað af umr. um fjárl. lært, heldur en að hlusta hér á mjög leiðinlegar ræður um nokkra vegarspotta.

Ég hef nú í þessu svari mínu svarað að nokkru hv. 1. þm. Rang. Vil ég þó bæta þar einu við. Aðalásökunarefni hans gagnvart fyrrv. ríkisstj. var rekstrarhallinn á landssímanum, og sá halli átti að vera skýrasta táknið um það, hversu ákaflega illa hefði verið stjórnað. — En hvaða ráðh. hefur komið þessari óstjórn á? Skyldi sá hæstv. ráðh.

hafa batnað svo mjög við það að fá atkv. hv. 1. þm. Rang.? Ég er ekki alveg viss um það. Ég held, að þessi ummæli hv. 1. þm. Rang. geti ekki orðið tekin sem alveg gild rök. Hitt er allt annað atriði, að ekki aðeins fjvn., heldur fleiri hafa bent á þetta atriði og talið sjálfsagt, að þetta yrði að lagfæra. Mþn. hefur verið sett í þetta mál, og ég hef átt kost á því í dag að lesa hennar till. Og mér þykir vænt um að sjá, að hún er nákvæmlega á sömu línu og fjvn. í þessu máli, nefnilega álítur, að þessi stofnun, landssíminn, sem hefur alltaf gefið arð síðan 1908, hún eigi að gera það enn. Og mér finnst ekki nema eðlilegt, að sú krafa verði gerð til þeirra manna, sem þessari stofnun stjórna. Það er ekkert undarlegt og sýnir ekkert erfitt fjármálaástand í landinu, þó að fjvn. hafi orðið að skera niður eitthvað af þeim till., sem óskað var eftir til skólaframkvæmda eða annarra mála hliðstæðra. Hv. þm. öllum er kunnugt um, að hver einasta stofnun hér, hvort sem er hjá íþróttafulltrúa, fræðslumálastjóra eða öðrum mönnum hér, sem eru fulltrúar ríkisvaldsins, óskar eftir að fá sem mest til sinna mála af framlögum frá ríkinu. Það er ekki nema ákaflega mannlegt. Fræðslumálastjóri veit, að það hefur verið samin löggjöf, þar sem ákveðið er, að það eigi að byggja upp skólana. Hann hefur sagt, að það mundi kosta 10 millj. kr. á ári í a. m. k. 10—15 ár. Ég held, að það verði ekki hægt að ásaka neina fjármálastjórn í landinu — hvorki núverandi, fyrrverandi eða komandi —, þó að það beri við, að ekki sé hægt að láta allan þann skerf á einu ári, sem á að fara til slíkra mála frá ríkinu. Þar er um framtíðarmál að ræða, sem þarf að byggja upp og verður byggt upp. Hitt er svo spursmál, hvaða leiðir á að fara, hvort eigi að taka lán til þess að byggja upp þessar stofnanir eða taka til þess fé af gróða. — Og mér virðist eðlilegast að dreifa þessu ekki aðeins á 5—6 ár, heldur kannske heilan mannsaldur. Ég hef bent á, m. a. í n., að miklu væri eðlilegra að taka 10 millj. kr. lán til þessara skólamála og dreifa kostnaðinum á t. d. 10 ár en að láta þessa byrði hvíla á einu eða tveimur árum. Ég tel ekki sanngjarnt að krefjast þess, að ein kynslóð byggi upp allt, sem byggja þarf í þessu landi, brýr, hafnir, vegi, skóla o. s. frv., og sízt tel ég sanngirni í að ætlast til þess, að lagt sé allt fé í það, sem til þess þarf, á einu eða tveimur árum.

Ég sé ekki ástæðu til að svara frekar hinum stórpólitísku ræðum, sem haldnar hafa verið hér um fjárlagafrv. og brtt. n.

Hv. 8. landsk. þm. hefur borið fram sérstaka brtt. hér, ásamt hv. 6. landsk. þm., um ýmislegt, m. a. um flughafnir eða framlög til flughafna. Þetta var allt rætt í fjvn., og ég er satt að segja nokkuð hissa á því, að þetta skuli vera borið fram hér í þinginu, alveg sérstaklega sú brtt., sem ég nefndi, því að hv. flm. er það báðum kunnugt, að n. gerði ekki till. um framlag til flughafnar á Austurlandi af því, að ekki hefur verið hægt að koma sér saman um, hvar hún eigi að vera. Sumir vilja hafa hana á Eskifirði, en aðrir á Reyðarfirði. Og meðan nógum öðrum verkefnum er að sinna, þá er ekki þess að vænta, að fjvn. taki upp í till. sínar fjárfúlgur til mannvirkja, sem ekki einu sinni eru komin á pappírinn, hvað þá meira. — Viðvíkjandi brtt. um sundskyldu vil ég aðeins benda á, að sú upphæð, sem tekin er inn á fjárlagafrv. í því efni, er það, sem gefið var upp af sjálfum íþróttafulltrúa til n. í bréfi. Og þetta atriði var þrautrætt í fjvn. Það hefur aftur og aftur komið síðar frá fulltrúanum áréttting um það, að æskilegt væri að tvöfalda þetta. En þá kom annað bréf, frá fræðslumálastjóra, þar sem hann telur, að 20 þús. kr. viðbót sé meira en nóg við þessar 120 þús. kr. í frv. Fjvn. hafði þannig þess vegna ekki ástæðu til að leggja til, að þessi upphæð yrði tvöfölduð, eins og þessir tveir hv. þm. vilja gera, og fellst heldur ekki á það.

Þá hafa komið fram ýmsar brtt. um vegamál. Ég þarf ekki að ræða sérstaklega um hverja vegatill. fyrir sig, en vildi skýra það mál almennt. Það var samkomulag um það við hæstv. ríkisstj., að fjvn. mætti skipta 7 millj. kr. til vega. — Ég vil í sambandi við þessi vegamál öll benda á það, að vegamálastjórinn og hæstv. samgmrh. hafa tekið 2 millj. kr. til vegaframkvæmda fram yfir það, sem veitt var til þeirra mála á síðustu fjárl. Og þessir aðilar hafa veitt þessu fé m. a. í marga af þeim vegum, sem þm. koma nú og vilja fá meira fé til en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. og í brtt. fjvn. Fjvn. vildi ekki taka þetta fé, sem þannig var tekið, inn á fjárl., hvorki hluta af því né það allt til endurgreiðslu. Valdið til þess að veita þetta fé, 2 millj. kr. til vegaframkvæmda, hafa tekið sér fyrrv. hæstv. ríkisstj. og þeir menn aðrir, sem stjórnað hafa þessum málum — og vegamálin eru nú undir stjórn sama hæstv. ráðh. — án þess að hafa ályktun Alþ. til þess. Og þessum aðilum ber þá einnig að glíma við það, hvernig þeir fá þessa fjárgreiðslu samþ. Ef þeir geta tekið þessa upphæð inn á útgjöld s. l. árs í fjárl., þá þeir um það. En fjvn. vildi ekkert skipta sér af þessu máli og vildi ekki taka þessa greiðslu sem fjárveitingu eftir á. — Um Ármúlaveg í sambandi við þessar 50 þús. kr., sem unnið var í þeim vegi í fyrra, er það að segja, að þessar 30 þús. kr., sem nú eru ætlaðar til þess vegar, eru ekki ætlaðar til annars en að vinna fyrir í þeim vegi á þessu ári. Nákvæmlega það sama er að segja um framlagið til Bitruvegar, sem hv. þm. Str. talaði um. Það hafa verið greiddar 120 þús. kr. fram yfir það á síðasta ári, sem veitt var á fjárl. Og ég fullyrði, að ef fjvn. hefði haft yfir að ráða þessum nefndu 2 millj. kr., mundi þessu fé ekki hafa verið úthlutað eins og gert hefur verið. Og það er eina leiðin til þess að halda fjárveitingarvaldinu yfir vegafénu í höndum fjvn. og Alþ. að láta þá aðila, sem taka fé til vegaframkvæmda þess opinbera umfram það, sem heimilað er á fjárl., glíma við það sjálfa, hvernig á að færa þær greiðslur. Ég sé ekki, að það sé neitt því til fyrirstöðu að taka litlar upphæðir, svo sem 10 eða 20 þús. kr., og færa frá einum vegi til annars innan sama héraðs. En þegar tekin er nærri ein millj. kr. úr héruðum af vegafé til þess að láta vinna fyrir það fé í öðrum héruðum, þá fer að vandast málið. Og ég get sagt hv. þm. það, m. a. hv. 3. landsk. þm., að það hefur verið tekið fé svo hundruðum þús. kr. skiptir til vega eingöngu í þeim sýslum, sem minna þurfa í raun og veru að fá af fé til vega en aðrar sýslur. Og slíkt ranglæti er ekki hægt að þola.

Ég get einnig rætt í heild brtt. um hafnarmálin. Það er rétt, að til hafnarmála þyrfti að leggja fram

meira fé en hægt er nú að veita. Það var samkomulag hjá fjvn. við hæstv. ríkisstj. um það, að það mætti fara upp undir 7 millj. kr. Þessu fé hefur af fjvn. verið skipt eins réttlátlega og fjvn. hefur vit á og samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja. Hennar dómur er auðvitað ekki neinn Salómonsdómur í því máli. En ég vil benda á, að hæstv. ráðh. hefur einnig yfir að ráða 1½ millj. kr. í hafnarbótasjóði, sem hann getur fyllt í eyður til jafnaðar, þar sem fjvn. kunna að hafa verið eitthvað mislagðar hendur. Og get ég ekki annað en vísað þeim mönnum, sem eru nú með sínar till. um þau efni, að sækja þar á og sækja fast, en sækja minna með sínar till. sem brtt. við fjárl. í þessu efni. Það hafa verið búin til l. um það að taka af Alþ. fjárveitingarvaldið í þessu efni, að því er snertir þessar 1½ millj. kr. — Og það mætti segja mér, að hæstv. samgmrh. mundi hafa að síðustu allt féð til hafnarbóta undir sinni ráðstöfun. Það var því tekin sú leið, ekki aðeins í samráði við vitamálastjóra, heldur einnig í samráði við hæstv. ráðh., að engin höfn skyldi fá meira en 330 þús. kr. Og þannig var skipt fé á átta hafnir. Hinu hafnarfénu var skipt milli aðila eftir upplýsingum, sem fyrir lágu. — Ég vildi, í sambandi við t. d. Akureyri og fleiri staði, benda á, að það er alveg vafasamt, hvort á að leggja eins mikla áherzlu á að veita fé til sumra hafna — þ. á m. til Norður-Ísafjarðarsýslu — til endurbyggingar á gömlum hafnarmannvirkjum, því að mikið af þessu fé fer beinlínis til þess að endurbyggja eða gera við gömul, maðksmogin og fúin hafnarmannvirki, eins og t. d. á Akureyri, sem er ekkert annað en viðhald. Sama er að segja um bryggjuna í Norður-Ísafjarðarsýslu, eftir því sem hv. 3. landsk. þm. gat um. Það er spursmál, hvort það er í anda hafnarl., að ríkissjóður skuli ekki aðeins byggja fyrst upp hafnir, og þá leggja í þær 40—50%, og svo halda höfnunum við. Ég hygg, að það sé vafasamt, að það sé í anda hafnarl. En meginhlutinn af því fé til hafna, sem beðið er um í kvöld, er til þess að halda við höfnum. T. d. á framlagið til Húsavíkur sennilega að fara til þess að endurbyggja hafnarmannvirki, sem áður var byggt. (**StgrA**: Ríkissjóður hefur ekki lagt til bryggjunnar á Akureyri.) Ég veit ekki, hvort hann hefur gert það fyrr. En ég tók þetta svona meir almennt.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði í sinni ræðu, að ekkert hefði verið gert fyrir Skagfirðinga til hafnarbóta. — Skipting fjvn. á fénu, sem til hafnarmála skyldi veitt, var ekki gerð eftir þeim mælikvarða, hvort í vissum héruðum hafi verið gerðar einhverjar vissar framkvæmdir sérstaklega, heldur með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fyrir lágu, til þess að reyna að mæta þeirri nauðsyn að bæta úr því, sem þarf, viðvíkjandi hafnarmálum. Og um Haganesvík sérstaklega lá ekki heldur frá vitamálastjóra fyrir nein áætlun um, að þar væri svo aðkallandi nauðsyn að leggja fram annað eða meira fé til þeirra mála en hann sjálfur lagði til. Það er í þessum málum þannig, að langmest fé fer til þess að endurgreiða þær skuldir, sem þegar hvíla á ríkissjóði í sambandi við hafnarframkvæmdir. En það er alls ekki skylda ríkissjóðs að hafa alltaf til handbært fé á móti því, sem lagt er fram til þessara mála heima fyrir á hverjum stað. Það er sagt í l., að gera skuli þessi eða hin hafnarmannvirki, þegar fé sé veitt til þess á fjárl. Það hefur verið skoðun margra, að þegar svo sé til tekið um mannvirki í l., sem ráðgert er að reisa, og búið er að leggja fram fé heima fyrir á móti tillagi ríkissjóðs, þá eigi ríkissjóður þegar að leggja fram fé að sínum hluta. Þetta er rangt. Nýlega er búið að leysa hluta ríkissjóðs til hafnar á Raufarhöfn, sem staðið hefur á í 10 ár, af því að ríkissjóður hefur ekki talið skyldu sína að greiða þetta fé þegar, þó að búið væri að leggja þarna fram fé heima fyrir til mannvirkisins. En ríkissjóður gefur þau fríðindi að ábyrgjast lán í slíkum tilfellum fyrir viðkomandi staði til slíkra framkvæmda, 60% af öllu því, sem viðkomandi ráðh. eða vitamálastjóri hefur viðurkennt, að ætla megi, að mannvirkið muni kosta. Og byrjað hefur svo verið að byggja fyrir slíkt fé, t. d. á Akranesi, þar sem ráðizt hefur verið þannig í stórkostlegar framkvæmdir — og svo er reynt að þoka þessu fé úr ríkissjóði, eftir því sem hann hefur ráð á.

Í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði hér um skógrækt, vil ég upplýsa, að skógræktin fær á þessu ári 174 þús. kr. meira en í fyrra. Það er því rangt, að skorið hafi verið niður tillagið til skógræktarinnar, en því hefur verið haldið fram af skógræktarstjóra, að svo hafi verið gert. En ég hef fengið það viðurkennt af skógræktarstjóra, sem ég sagði um þetta atriði nú. Fjvn. vildi ekki leggja fé í girðingar og til vélakaupa eftir þeim útreikningum, sem henni voru sýndir. Eins og ég sagði í dag, hef ég ekkert á móti því, að menn klæði landið skógi. En ég vil þá, að það gerist og byggist á öðru en fölskum rökum. Og útreikningar um það verða að vera byggðir á réttum forsendum.

Um búreikningaskrifstofuna vil ég líka segja hv. 1. þm. Skagf. það, sem ég hélt, að honum væri kunnugt um, að fyrir mörgum árum lá þetta undir Búnaðarfélag Íslands, og fékk það til þess 5 þús. kr. á ári. Í fyrra eru svo látnar 20 þús. kr. til þessa, en framlagið hækkað nú í frv. upp í 40 þús. kr. Þeir óskuðu eftir að fá þetta framlag hækkað í 59 þús. kr. — Það virðist vera stefna, þar sem á að mynda einhvers konar stjórnardeild um viss mál, að fyrst er fenginn forstjóri, síðan skrifstofa, þá stúlka og síðast ferðakostnaður. — Frá mínu sjónarmiði á þessi búreikningaskrifstofa að heyra undir starfsemi Búnaðarfélags Íslands. Og þegar fjvn. hefur sýnt því þá viðsýni að leggja til, að framlag til starfsemi búnaðarfélagsins verði hækkað um 200 þús. kr. frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., þá tel ég sannarlega, að hv. 1. þm. Skagf. megi vel við una viðkomandi þessu atriði. Ég tel, að þessi kennsla eigi að fara fram í búnaðarskólum, þannig að þeir menn, sem þaðan koma, geti haldið þessa 40 búreikninga, sem er hámarkið, sem haldið hefur verið af búreikningum á landinu, eftir því sem við höfum fengið upplýsingar um hingað til.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða við hv. þm. Skagf. um hans vegamál. Ég hef þegar rætt almennt um vegamálin, sem gildir að sjálfsögðu um hans sýslu eins og önnur héruð á landinu.

Hvað við kemur hv. þm. A-Húnv., þá vil ég benda honum á, að sá vegur, sem hann talaði hér um, Norðurárdalsvegur, er sama og Gönguskarðsvegur milli Skagastrandar og Sauðárkróks og fjvn. leggur til, að veittar verði 100 þús. kr. til þess vegar, en 120 þús. kr. til Skagastrandarvegar. En það er atriði, sem verður að gerast upp

milli hæstv. ríkisstj. og vegamálastjóra og samgmrh. og viðkomandi sveitarfélaga, hvernig þessu fé skuli skipt á einstaka kafla þessara vega. Og ég held, að það sé nú svo mikil blíða á milli þessara aðila og hv. þm. A-Húnv., að ekki þurfi að deila um það hér, hvernig þessu fé skuli skipt, hve mikið skuli koma á hvern stað. En ég vænti, að eftir þessar skýringar sjái hv. þm. A-Húnv. sér fært að taka sínar brtt. til baka. Í Skagastrandarveginn var greitt á annað hundrað þús. kr. meira framlag á síðasta ári en ákveðið var í fjárl. En það hafði ekki nein áhrif út af fyrir sig á skiptingu vegafjárins hjá fjvn. Og því er þó ekki að neita, að sæmilega sé séð fyrir vegaframlögum í þetta hérað, a. m. k. í samanburði við önnur héruð, sem mjög eru afskipt. En ef það er eins nauðsynlegt að koma þessum vegi, sem hv. þm. A-Húnv. nefndi, áfram eins og af er látið, á að geta verið samkomulag um það innan héraðs að nota t. d. fé, sem ætlað er í Svínvetningabraut, til þess að koma þessum vegi áfram, meðan ekki er' farið að byggja brúna á Svínvetningabrautinni. Við höfum gert ráð fyrir slíku samkomulagi í hverju héraði, þannig að framlögin verði ekki látin fara yfir visst hámark til vega í sýslunni. Hv. þm. A-Húnv. upplýsti, að þessi brú kostaði 13 þús. kr. — Það hefur verið rætt í fjvn., hvort það væri yfirleitt rétt að veita fé í brýr á fjárl., eins og gert hefur verið, þar sem vitað er, að það fé bíður oft árum saman, áður en hægt er að framkvæma brúargerðirnar, og hvort ekki væri rétt að taka fremur stór lán til þess, sem gert væri ráð fyrir að endurgreiða á vissu árabili. En það þótti ekki rétt að kippa burt fjárveitingu til brúa, sem byrjað hafði verið að veita fé til á þann hátt, sem verið hefur, enda er brúafé raunverulega eingöngu samþ. af fjvn. eins og till. komu um frá vegamálastjóra. — Ég hef að vísu heyrt af vörum sumra hv. þm., að hann sé ekki óskeikull í réttlætinu í þeim málum. En ég hef líka heyrt frá hv. þm., þegar vegamálastjóri hefur fylgt till. þeirra um framlög, þá sé það sérstaklega talið til meðmæla því, að féð verði lagt fram, að vegamálastjóri hafi mælt með því, og það hefur verið notað sem sterk rök með fjárframlögunum. Ég hef ekki haldið því fram. En þeir hv. þm., sem nú halda því fram, að það séu ekki óskeikul rök fyrir að taka ekki upp fé til vegar, að vegamálastjóri leggur það ekki til, þeir héldu því fram á síðasta þingi, þegar þeim þótti sér vera hagur að því að halda því fram, að till. vegamálastjóra ætti að virða mikils. Og m. a. á þetta við hv. þm. Str.

Hvað viðvíkur Hvalfjarðarveginum, þá hefur hv. þm. Borgf. skýrt það mál. Samkvæmt bréfi frá vegamálastjóra þá er allur sá kafli, sem búið er að vinna, í þjóðvegatölu. Að vísu er hugsað, að þetta kosti meira í framtíðinni en hér er lagt til, en það eru fyrir því gögn, að nokkuð af veginum er í þjóðvegatölu og einmitt sá vegur, sem unnið er í. Sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í það atriði. Það má alltaf deila um, hvort þetta eða hitt sé réttlátt, en ég held, að ekkert, sem heyrir undir vegamálaráðh., hafi verið sótt jafnfast og þetta atriði, og það er eðlilegt, að fjvn. beygi sig nokkuð undir það, a. m. k. sá hluti hennar, sem styður þann hæstv. ráðh. Það er þá á hans ábyrgð að nokkru leyti og þeirra, sem honum fylgja, hvort hér er verið að sinna aðkallandi þörf eða hvort það er óþarfi.

Viðvíkjandi aths. frá hv. þm. A-Sk. þá var hann að tala um endurveitingu, 8 þús. kr., til fyrirhleðslu. Ég verð að segja, að fyrst ekki var meira aðkallandi en þetta að byrja á því verki, þá sé ég ekki, að það sé alveg nauðsynlegt að taka þetta upp í fjárl. nú. Þeir fengu tækifæri á s. l. ári til að vinna þetta verk, en hafa ekki gert það. Það var tekið upp í fjárl. s. l. árs, en fjárveitingin ekki notuð, og þá veit ég ekki, hvort þetta er svo aðkallandi, að rétt sé að taka það upp aftur nú.

En hvað viðvíkur erindi hans um fjárupphæð til viðgerðar á hafnsögubát, þá er hér farið alveg inn á nýja braut. Fjvn. hafði þetta mál til athugunar, og það er þess vegna óþarfi að taka till. aftur, að fjvn. hefur sagt um hana sitt síðasta orð. Ég held, að þessi maður sé ekki í þjónustu ríkisins, hann er í þjónustu hafnarinnar á Hornafirði. Hann er ekki í þjónustu ríkisins, þó að hann sé leiðsögumaður fyrir skip, sem ríkið á. Hann væri þá í minni þjónustu, ef hann vísaði inn skipi, sem ég á. Ef þessi maður hefði verið nægilega hyggginn til að vátryggja bátinn, þá hefði hann ekki þurft að ónáða hv. þm. með þessari kröfu. Ef á að styrkja af ríkisfé bát, sem fer út til að vísa skipum til hafnar, þá veit ég ekki, hvar á að enda. Ég vil ekki vera með í að byrja þann leik.

Viðvíkjandi hv. 2. þm. S-M. vil ég segja, hvað viðvíkur till. hans um Eskifjarðarveg, að það er svo mikil þörf á vegaumbótum í landinu, þar sem ekki er hægt að aka bílum, að fjvn. verður að láta það ganga fyrir þeim leiðum, sem eru þó færar bílum, en hv. þm. upplýsti, að þessi vegur væri bílfær, kannske meiri hluta ársins. Hv. þm. hefur upplýst, að 300 þús. kr. séu óeyddar frá Oddsskarðsveginum frá s. l. ári, og sennilega hefði verið hægt að komast að samkomulagi um að fá eitthvað af því fé til að ljúka við þennan veg, sem hann hefur mestan áhuga fyrir.

Hann segir, að árnar í Skriðdal séu mannskæðustu ár á landinu. Ég skal ekki segja um það, en vísa til þess, sem ég hef sagt um brýrnar, að um það mál hefur verið farið eftir till. vegamálastjóra.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um annað mál, sem hv. þm. minntist á og er stórmál, en það er raforkumálið. Það var ekki annað hægt að skilja en að hann hefði tekið að sér það mikla vandamál að ræða þessi mál við raforkumálastjóra, en fjvn. hefði ekki gert því nein skil. Þetta er misskilningur. Fjvn. hefur rætt þetta við raforkumálastjóra og ekki eingöngu við hann, heldur raforkumálaráðh. Það lágu fyrir n. upplýsingar um allar þær virkjanir, sem hann talaði um. En hann hefði átt að kynna sér það líka, að það er gert ráð fyrir 15,8 millj. kr. til niðurgreiðslu á þessum mannvirkjum, til þess að hægt sé að láta þau bera sig, áður en hægt er að láta þau standa undir sér. Af sumum þarf að greiða 99%, og þá geta þau staðið undir 1% af kostnaðinum, meðaltalið er 85,5%. Það hefði verið vel þess vert fyrir hv. þm. að kynna sér, hvort ekki er kannske farið inn á þessa braut nokkuð hugsunarlaust. Það verður að gera sér ljóst, að þessar milljónir, sem hér er verið að taka, eru líka teknar af öðrum landsmönnum. Það er ekki hægt að taka þessar milljónir af einstökum héruðum til þessara lína til

að afskrifa þar 99% og láta þá sömu mönnum, sem verða að standa undir þessum miklu byrðum, blæða í tugi ára án þess að fá nokkra línu sjálfir. Ég mótmæli, að það sé gert. Hér verður að taka upp ákveðið skipulag, byrja á því, að þingið ákveði, hvaða línur eigi að byggja. Það hefur m. a. verið ákveðin lína austur í Rangárvallasýslu, ákveðið á heimildagrein að verja 1,8 millj. kr. til að kaupa efni í þá línu, einnig ýmsar aðrar, en það verður að spyrna fótum við, áður en það er orðið of seint. Ég hefði sízt vænzt þess frá þeim, sem þekkja til á Siglufirði, að þeir kæmu með stórkostlegar till. um að leggja fé til þessara mála, vitandi það, að þar er ástandið þannig á fyrsta ári, að það verður, eftir að búið er að ganga í 85% ábyrgð, að velta hálfrar millj. kr. lán, til að fyrirtækið geti borið sig bara í hálft ár, rekstrarlán. Nei, ég veit ekki, hvort ég er meiri fjandmaður rafmagnsmálanna á Íslandi en aðrir, en ég veit, að mesti fjandskapurinn við rafmagnsmálin á Íslandi er að bera fram svona till., því að það er til að drepa málin, áður en þau fæðast. Fjvn. mun í heild halda fund með raforkuráði og raforkumálastjóra og þarf þar sannarlega ekki neina aðstoð eða leiðbeiningu frá hv. 2. þm. S.-M. Hún mun halda fund með raforkuráði ásamt raforkumálaráðh. um þetta stóra vandamál fyrir 3. umr. og þá enn fremur athuga jarðboranirnar. Hv. þm. hefði því getað sparað sér allt það frumhlaup, sem hann hefur gert í þessu máli. Sama er að segja um styrkinn til fræðimannanna. Hann hefði getað sparað sér það, ef hann hefði lesið nál., því að þar stendur, að það mál muni verða athugað nánar til 3. umr. Sannleikurinn er, að n. fékk lista yfir, hvernig úthlutuninni væri hagað, og þar kom í ljós, að þar var úthlutað fé til manna, sem voru á fullum launum, þar á meðal til Guðjóns skólastjóra Guðjónssonar og Finns Sigmundssonar. Ég sé ekki neina þörf á að taka fé úr ríkissjóði til að greiða þeim mönnum, sem eru á fullum launum hjá ríkinu, en hafa þó aðstöðu til að afla sér aukatekna fyrir gífurlega há ritlaun, eins og ég veit, að sumir þessara manna hafa fengið fyrir þessi störf, m. a. fyrir „Húsfreyjuna á Bessastöðum". Hins er líka að minnast, að á þessum lista eru menn, sem við erum fyllilega sammála um, að eigi ekki að taka tekjur af, eins og Þorsteinn Þ. Þorsteinsson í Vesturheimi. Þess vegna munum við athuga þetta, en ég mun ekki greiða atkv. með því að greiða slíkar tekjur til manna, sem hafa full laun og þar á ofan aðstöðu til að vinna fræðistörfin fyrir mikið fé.

Þá er það barnaverndarráð. Það er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við barnaverndarráð verði sá sami og á síðasta ári. Í sambandi við það vil ég leyfa mér að benda á, að þegar hér var á ferðinni um daginn frv. um barnaverndarnefnd, þá var því lýst yfir og færð rök fyrir því við mig, að það mætti ekki hafa þar ákvæði um, að barnaverndarráð skyldi gera þetta eða hitt, því að heppilegast væri, að það væri lagt niður. (**AJ**: Hver gerði það?) Það get ég sagt hv. þm. annars staðar en hér. Þess vegna get ég ekki séð neina ástæðu til, að þetta framlag sé hækkað. Ég skal ekkert segja, hvað hæstv. ríkisstj. gerir með að greiða þessum manni, en ég vil benda á, að þau gögn, sem liggja fyrir fjvn., sýna, að þetta er ekkert nema bitlingur til ákveðins manns. (**AJ**: Það „interesserar" mig ekki.) Það „interesserar" fjvn. Í sambandi við Matthías Jónasson og þetta starf liggur fyrir bréf frá honum, þar sem hann lýsir yfir, að hann hafi orðið að vinna upp allt verk þess manns, sem var í þessu starfi á undan honum, og það verk hafi allt verið ónýtt. Svo getur verið, að það komi annar eftir Matthías Jónasson og verði að vinna allt hans verk upp og það reynist líka ónýtt. Meðan þessi mál liggja þannig fyrir, þá sé ég ekki ástæðu til að hafa þar sérstakan ráðunaut, fyrst einn mann og svo annan til að snúa kringum sig.

Viðvíkjandi fyrirspurn, sem hv. 1. þm. N-M. gerði, þá þarf ég ekki mikið að ræða um vegatill., ég hef þegar svarað því, en þessum styrk til ferjuhalds hefur verið skipt af vegamálastjóra, og sé ég ekki ástæðu til, að n. fari að taka upp þá skiptingu sjálf. Það er eins með fleiri styrki, svo sem sjúkravitjunarstyrki, sem ekki þótti ástæða til að skipta í frv. sjálfu. Ég vil ekki kenna fjvn. um, þó að kjósandi hans hafi nærri því farið í gegnum botninn á kláfnum. Hv. þm. var kunnugt um, að þessi fjárveiting var til. Hann var þá sjálfur á þingi og hefði getað fengið um það allar upplýsingar, hvernig átti að nota féð. Hann er allt of duglegur þm. til þess, að hann geti haft það sér til afsökunar, að hann hafi ekki fengið upplýsingar hjá vegamálastjóra, áður en botninn bilaði í troginu.

Um ræktunarvegina er það að segja, að það var aðeins af vangá, að till. var ekki sundurliðuð. Það átti að taka sundurliðunina upp og verður gert við 3. umr., en þessi upphæð á að skiptast á sama hátt og undanfarin ár, nema ræktunarvegur í Flatey á að fá 2 þús. kr. hækkun. Það lá fyrir bréf, þar sem mikil áherzla var lögð á að fá hækkun til þessa vegar. Það lágu fyrir undirskriftir um að fá 45 þús. kr. til þessa vegar. N. féllst á að hækka þessa fjárveitingu um 2 þús. kr.

Sama er að segja um dýralæknana. Þessari fjárveitingu hefur verið skipt af fjvn. Yfirdýralæknir, hv. þm. Ak., hefur gert till. um þetta, sent þær til n., hún síðan sett sína undirskrift undir þær og sent stjórnarráðinu. Sé ég ekki neina sérstaka ástæðu til að breyta því formi frekar en fyrr. Um fjárveitinguna til Hallormsstaðarskóla og eins brtt. sem hann minntist á við 22. gr., þá skal það verða athugað fyrir 3. umr. Það hefur yfirleitt ekki verið tekið neitt inn á þá gr. N. hefur ekki viljað gera það nema í samráði við hæstv. ríkisstj., en það skal verða athugað samkvæmt ábendingu frá hv. þm.

Ég get ekki fallizt á að hækka um 6 þús. vegatill. þá, sem hann minntist á, það verður að vera samkomulag innan héraðs. Hann upplýsir, að svo og svo mikið af vegum þar hafi verið lagt fyrir fé vinnumanna í hans kjördæmi, og mun það ekki verða lagt niður, meðan hann fær einhverju að ráða, sem hann getur ráðið með sínum dugnaði.

Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. þm. Str. miklu meira en ég hef gert, en ég vil leyfa mér að benda á það, sem ég tók fram áður, að mikið fé er lagt til Bitruvegar og Bitruvegur er ekki aðalleiðin inn í sýsluna. Þetta er önnur leið af tveimur. Það er búið að leggja annan veginn fyrir mörgum árum. Það var m. a. gert, þegar hann fór hér með ríkisstj., og hér er þá ætlazt til, að sé látið ganga fyrir öðrum vegum á landinu að koma tveimur vegum inn í sýsluna, sem mætast á Hólmavík, og er þá kom-

inn hringvegur um sýsluna. Ég held, að það mundu margir verða ánægðir, þó að þeir fengju ekki nema einn veg. Hitt er annað mál, að leggja svo mikið kapp á að fá þennan veg að láta fara til hans allt það vegafé, sem veitt er í sýsluna. En það er ekki rétt, þegar búið er að færa þannig til, þá sé komið og farið fram á, að veitt sé fé til þeirra vega, sem fé hefur þannig verið tekið frá með samkomulagi, eins hv. þm. Str. gerði hér áðan. Sé ég svo ekki ástæðu til að fara frekar út í það.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða mikið um till. hv. 6. landsk. Ég hef nokkuð farið inn á það áður, en ég álít, að hann hefði getað beðið með að ræða um heimavistarhúsið á Akureyri. Hann veit, að það er til umr. í n. enn. Þetta er langtum meiri auglýsingastarfsemi en nokkuð annað. Hann veit, að n. er ekki búin að ganga frá þeim málum og hefur skrifað undir nál., þar sem tekið er fram, að ekki sé búið að ganga frá því, og svo kemur hann og flokksbróðir hans og krefst þess, að gengið sé frá þessu máli í þinginu, meðan þeir vita, að það er enn til athugunar í n. Ég tek ekki sem nein sérstök rök neitt af því, sem fram hefur verið fært af honum og skólameistara, að þarna sé svo voðaleg eldhætta. Ég veit ekki betur en þetta hús sé búið að standa síðan um aldamót. Ef ætti nú að setja 3½ milljón í þetta hús vegna þess, að ekki sé óhætt að búa þarna vegna eldhættu, þá ætti nú þegar að loka gamla Landakotsspítalanum vegna eldhættu, þar sem margir tugir sjúklinga búa. En það er til hætta víðar en þar sem eldhættan er. Það er bílahætta á götunum. Og eigum við þá að hætta að ganga um göturnar vegna bílahættu? Þetta eru ekki rök fyrir mig. Nú er hér aðeins um að ræða 500 þús. kr., en það þarf a. m. k. 3½ millj. kr. Þess vegna þarf miklu stærra átak en að samþykkja þessa till.

Ég hef nokkuð rætt till. hv. 3. landsk. og skýrt honum frá þessu með vegaféð, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það, en viðvíkjandi Ósá þá vil ég benda honum á, að þar er farið eftir till. vegamálastjóra, og það er þá hans mál að svara fyrir það.

Viðvíkjandi sjómannaskóla Ísafjarðar vil ég upplýsa, að n. hefur haft þetta mál til athugunar og sent það til umsagnar skólastjóra stýrimannaskólans hér, sem hefur eindregið lagt á móti því að greiða þetta til skólans. Það er þegar sjómannaskóli í Reykjavík, sem á að vera fyrir allt landið. Mér er ekki kunnugt um, að það séu lagafyrirmæli um, að byggja skuli sjómannaskóla á Ísafirði, og meðan það ekki er, þá er þess ekki að vænta, að fjvn. vilji samþykkja slíkar greiðslur. (**HV**: Það eru l. um, að kennsla megi fara þar fram.) Já, en það eru ekki l. um að setja 700 þús. kr. í byggingu þar og síðan svo og svo mikið til rekstrar á hverju ári.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. V-Húnv. um brýr á brúal., hvort þær séu á þjóðvegum eða sýsluvegum, þá er mér kunnugt um Bakkadalsá og Kleifá, að þær eru báðar á þjóðvegum.

Ég held, að ég hafi þá svarað mestu af því, sem komið hefur fram, enda er búið að þreyta menn langt fram á nótt, og skal ég láta máli mínu lokið, nema sérstakt tilefni gefist til. Ég vil þó geta þess, að fjvn. á brtt. á þskj. 564, II, sem er leiðrétting við 18. gr., að niður falli nöfn ýmissa manna, sem vitað er um að hafa látizt. Einnig er hér brtt. á þskj. 560 frá fjvn., XXXIX, sem er einnig leiðrétting við 18. gr., sem ég veit, að verður samþ. Skal ég svo ekki fara frekari orðum um málið að sinni.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 22. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 14, n. 449 og 543, 542, 545, 560, 564).

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég bjóst ekki við, að röðin kæmi svona snemma að mér, og lofa ég að lengja ekki þessar umr. mikið úr þessu.

Það var auðheyrt á hv. frsm. fjvn., að það er orðið miklu lægra á honum risið en í gær, þegar hann hélt framsöguræðu sína. Það var auðheyrt, að hann var farinn að íhuga það nánar, að þau orð, sem hann viðhafði um þetta glæsilega útlit í fjármálunum, hafi ekki fundið þann hljómgrunn hjá hv. þm., að það hefði verið hyggilegt af honum að tala eins og hann gerði, enda megum við vel við una, að hann er nú farinn að sjá að sér í þessum efnum, því að það er skylda frsm. fjvn., að hann hafi yfirsýn um það, hvernig við stöndum. Hann talaði enn um það, hve mikinn stórhug fyrrv. ríkisstj. hefði sýnt með því, að því er hann sagði, að eyða öllum þeim tekjum, sem í ríkissjóðinn hafa komið á undanförnum árum. Jú, það var mikið rétt. Henni tókst að eyða öllum þeim stóru upphæðum — og miklu meira. Og það er það, sem við verðum að horfast í augu við, að við eigum enga varasjóði til þess að eyða, heldur verðum við að lifa af því, sem við öflum frá ári til árs. Varasjóðirnir, sem til voru, eru uppétnir, og má því búast við, að stórhugurinn fari eitthvað að minnka hjá þessum þm. og ýmsum öðrum. Og ég vil vara þm. við því að taka trúanleg ummæli hv. frsm. hér í gærdag, vara við því, að útlitið er ekki eins gott og hann vill vera láta. Ég vænti þess því, að hv. þm. hugsi sig vel um, þegar að atkvgr. kemur, og gæti hófs í að greiða atkv. með ýmsum till., sem hér hafa komið fram og miða til mikillar hækkunar frá till. n.

Hv. frsm. sagði, að við ættum mikil verðmæti í frystihúsunum kringum land. Við eigum þar mikil verðmæti, en því miður vitum við ekki ennþá, hve miklu þau verðmæti nema. Vonandi verður það há upphæð, sem við fáum þarna, en enn sem komið er getum við ekki byggt á því, þar sem allt er í óvissu um það, hve mikið við fáum fyrir þennan afla, sem við eigum hér í geymslu, en líka nógar holur til að taka við því fé, sem fyrir hann fæst.

Þá hélt hv. frsm. því fram, að það sæti illa á mér að tala um, að fjárhagsástandið væri ekki í lagi, því að ég hefði stuðlað að því með atkv. mínu á fyrra þingi, að hér hefði orðið ríkisgjaldþrot, hefði ég fengið að ráða. Átti hann við það, að ég hafði ásamt fleirum á fyrra þingi fyrir jólin í vetur greitt atkv. með því að veita bátaútveginum ríkisábyrgð og flutti þá jafnframt till. um það, að sams konar ábyrgð yrði tekin á öllum landbúnaðarafurðum. Ég fæ nú ekki skilið, hvernig þetta má verða. Við vitum, að landbúnaðarútflutningurinn er að verðmæti lítill hluti af því, sem við fáum fyrir sjávarafurðirnar. Ég býst við, að s. l. ár hafi þessi útflutningur numið 10—12

millj. kr., og þótt ríkisstj. hefði orðið að bæta einhverju við það verð, sem nú er á landbúnaðarafurðum, þá hefði það ekki getað orkað neinu gjaldþroti. Hitt er alvarlegast, þegar við verðum að taka ábyrgð á aðalútflutningsafurðum okkar, sjávarútveginum.

Þá hélt hv. frsm. því fram, að fjvn. hefði ekki verið í nauðvörn við afgreiðslu fjárl. Má vera, að við höfum ekki verið það, en satt að segja höfum við verið í algerðum vandræðum og erum það ennþá með að láta enda fjárl. ná saman. Risið á okkur er ekki hærra en það, að nú skilum við þessu nál. með 30 millj. króna greiðsluhalla, þótt tekjurnar hafi að mínu áliti hækkað allt of mikið frá því, sem fært er, þegar miðað er við reynslu undanfarinna ára. Hann hélt því fram, að núverandi stjórn hefði hvatt til að hækka útgjöldin. Það er rétt, en af hverju? Hún var neydd til þess, til þess að reyna að halda í horfinu og framkvæma þau l., sem Alþ. hefur sett s. l. tvö ár. Og þótt hækkað hafi verið t. d. framlag til skólabygginga, er það hvergi nærri nóg til þess að halda í horfinu, og verður þó að reyna að sjá til þess, að þær byggingar, sem þegar er byrjað á, stöðvist ekki. Undanfarin ár hefur oft verið hægt fyrir viðkomandi héruð að fá lán til framkvæmda út á væntanlegan styrk ríkissjóðs, en það er nú ekki hægt lengur, og verður ríkið þó að reyna að standa við loforð sín, að þetta geti haldið áfram, og þess vegna hafa þessi útgjöld hækkað frá því, sem var á frv.

Þá hélt frsm. því fram, að aðalárásarefni mitt á frv. ríkisstj. hefði verið, hvernig komið var með rekstrarhallann hjá landssímanum. Ég gat um landssímann, tók hann sem dæmi um stofnun, sem alltaf hafði sýnt stóran rekstrarhagnað á undanförnum árum. En nú er svo komið með hann, eins og svo margar aðrar stofnanir, að hann verður ekki rekinn nema með halla. Það er það sama, sem liggur til grundvallar því og að svo var komið með útveg okkar fyrir áramótin, að engin fleyta vildi fara á flot nema fá ríkisábyrgð fyrir rekstrarhalla. Hv. þm. þótti undarlegt, að ég skyldi geta stutt núv. samgmrh., sem hefði stjórnað þessum málum áður, og spurði, hvort hann mundi hafa batnað við það að ég fylgdi honum, en þetta er ekki hans sök. Ég ætla ekki að fara að réttlæta hann hér, en vil benda frsm. á það, sem hann veit um, að gefin var út reglugerð, ekki af samgmrn., heldur af öllum ráðuneytum, sem segir bezt, hvernig komið er fjárhag landssímans. Þetta veit form. fjvn., og ætti hann að taka það til athugunar.

Þá sagði hv. frsm., að fyrrv. fjmrh. hefði haft margs konar till. á prjónunum í dýrtíðarmálunum, sem aldrei hefðu fengið nægan byr hjá Alþ. Hverjar eru þær till.? Hann hélt því fram, að hann hefði vikið úr ráðherrastólnum vegna þessara till., af því að þær hafi ekki fengið nógu mikið fylgi. Hvar eru þessar till.? Ég hef a. m. k. ekki orðið var við þær. Hann hefur oft lýst yfir því, að stefnan, sem hann fylgdi, hafi verið ómöguleg. En ég man ekki eftir, að hann kæmi með nein ráð til þess að fá því breytt. Nei, ég held allir fjvnm. geti verið á einu máli um það, að gæta beri allrar varúðar með afkomu ríkissjóðs, og finn ég ástæðu til að vara mjög við því, að þær till., sem hér liggja fyrir, verði samþ.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal ekki blanda mér í þær almennu umr., sem hér hafa farið fram um horfur í fjármálunum, en vildi aðeins víkja að nokkrum atriðum.

Í till. fjvn. er gert ráð fyrir að hækka verulega fjárveitinguna á frv. til byggingar barnaskóla, til stofnunar héraðsskóla og byggingar húsmæðraskóla. Ég get verið fjvn. þakklátur fyrir þann skilning, sem hún hefur sýnt í þessum efnum, og þykir mér rétt að taka það fram, sem hér er áður bent á, að þótt þessar fjárveitingar séu talsvert ríflegar og ríflegri en áður hefur þekkzt, miklu hærri en á síðustu fjárl., þá eru þær langt frá því að vera fullnægjandi. En samt sem áður, þegar litið er til þeirra erfiðleika, sem n. hefur átt við að etja við afgreiðslu fjárl., get ég þakkað henni fyrir þann skilning, sem kemur fram í því að leggja til þessar hækkanir. Það er rétt, að þm. viti, að þótt þetta séu háar fjárveitingar, verður erfitt að fullnægja eftirspurn eftir fjármunum í þessar skólabyggingar og nokkur dráttur getur orðið á greiðslum í sambandi við skólabyggingar, sem eru komnar á stað, því að óhugsandi er að stöðva það, að einhverjar nýjar byggingar fari á stað, en það gæti orðið til þess að draga lengur en æskilegt væri greiðslur til skóla, sem eru í byggingu. — Þessi orð vildi ég láta falla um þessa liði og get skilið, að ekki sé unnt að hafa þessar fjárveitingar hærri, þó að þær hefðu þurft að vera það.

Síðan vil ég minnast á tvær eða þrjár af till. fjvn. og þá fyrst á till. um, að sérstakur styrkur til vísindamanna og fræðimanna falli niður. Fjvn. hefur ekki minnzt á þetta atriði við mig, og vildi ég nú fara fram á það við fjvn., að þessi till. yrði tekin til baka til 3. umr. til nánari athugunar. — Þá er það till. nr. 59, kostnaður við barnaverndarráð. Ég hef kynnt mér þetta nokkru nánar, síðan ég sá þessa till., og vildi óska eftir, að fjvn. sæi sér fært að taka þetta til nánari athugunar fyrir 3. umr. Skal ég svo ekki ræða meira um það atriði.

Þá eru það brtt. á þskj. 545, frá þeim hv. 8. og 6. landsk. þm. 3. brtt. er um að hækka framlagið til sundmála úr 120000 í 240000, en þetta eru greiðslur vegna sundnámsskyldu í skólum. Vildi ég fara fram á, að hv. flm. till. tækju hana til baka til 3. umr., svo að mér gæti gefizt tóm til að ræða þetta mál nánar við fjvn. fyrir þá umr.

Þá er till. á þskj. 560 frá hv. 4. landsk., um að hækka framlag til menntaskólans í Reykjavík. Þetta mál hefur verið til umr. milli mín og fjvn., og hefur það verið til nokkurrar athugunar í ríkisstj., hvað gera mætti í sambandi við menntaskólabyggingu í Reykjavík og á Akureyri. Vil ég því mælast til, að hv. flm., ef honum er það ekki móti skapi, dragi þessa till. til baka til 3. umr.

Þá er næsta till. á undan, till. hv. 2. þm. S-M. um 100 þús. kr. til flugskýlis og dráttarbrautar á Eskifirði. Undanfarna daga hef ég rætt ýtarlega við flugmálastjórann um, hverjar framkvæmdir í flugmálum væru mest aðkallandi. Eftir að hafa rætt málið við hann, hef ég fallizt á þá skoðun hans, að tvennt væri mest aðkallandi: Annars vegar að koma upp radarstefnuvita á Skaga, og hins vegar bygging flugskýlis á Austurlandi. Viðvíkjandi þessu sendi flugmálastjórn og ráðuneyti sameiginlega erindi til fjvn. og til athugunar fyrir ríkisstj., hvort ekki sé hægt að gera eitthvað í

þessu máli í sambandi við fjárlagafrv. Ég vil fara fram á það við hv. 2. þm. S-M., að hann taki þessa till. aftur til 3. umr. (**AJ**: Ég er búinn að því.) Ég bíðst afsökunar á því, að ég var þá ekki viðstaddur hér. Annars var ég búinn að tala um það við hv. þm., því að þá sést, hvort nokkuð nýtt kemur fram um flugskýlisbygginguna á Eskifirði.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vildi fara hér nokkrum orðum um brtt. þær á þskj. 560, sem ég flyt einn og með öðrum. Í fyrsta lagi er það í sambandi við ákvæði 12. gr. fjárlagafrv. um styrk til sjúkrahúsa, sem er í tvennu lagi. Þar er gert ráð fyrir, að aðeins sjúkrahúsin á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði fái styrk samkv. fyrri liðnum. Ég skil ekki ástæðuna fyrir því, að Vestmannaeyjar og Siglufjörður skuli settir hjá við ákvörðun um úthlutun á styrknum. Ég legg því til, að Vestmannaeyjum og Siglufirði verði bætt þarna inn í.

Þá flyt ég brtt. um að gera Sandgerði að betri fiskihöfn, og eru þær brtt. fólgnar í tvennu. Í fyrsta lagi, að lagður verði vegur beint til Keflavíkur frá Sandgerði. Þennan veg er fljótlegt og þægilegt að leggja, þar eð þannig hagar til um landslag, og legg ég til, að 250 þús. verði veittar í þessu skyni. Hin till. er viðvíkjandi því, að framlag til hafnargerðar í Sandgerði verði aukið úr 150 þús. í 300 þús. Varatill. er 250 þús. Sandgerði er ágæt höfn og oft hægt að róa þaðan, þó að ekki gefi á sjóinn úr öðrum höfnum í nágrenninu. Þaðan er gott að sjá til veðurs, og veðurskilyrði fyrir utan nesið góð, enda sækja til Sandgerðis fjöldamargir bátar víðsvegar að, og þeim fjölgar stöðugt, sem vilja hafa viðlegupláss þar. Samkvæmt upplýsingum frá einum hreppsnefndarmanni á staðnum er þetta framlag ríkissjóðs það allra minnsta, sem hægt er að komast af með til hafnarmannvirkja. Þessar framkvæmdir yrðu ekki aðeins fyrir þorpið, heldur kæmu þær miklum hluta af landinu að gagni, því að eins og ég hef áður sagt, sækja til Sandgerðis bátar svo að segja alls staðar af landinu sökum þess, hve gott er að hafa þar viðlegupláss. Þótt bátar hafi sótt mikið til Hafnarfjarðar, þá er samt miklu þægilegra og betra að róa frá Sandgerði, og á það sérstaklega við smærri bátana. Um fiskinn er það að segja, að hann verður að flytja til Keflavíkur og jafnvel til Reykjavíkur, og tekur það eðlilega mikinn tíma. Leiðin frá Keflavík liggur nú um Garðskaga hjá Útskálum, en ef hinn nýi vegur, sem ég hef minnzt á, verður lagður, styttist leiðin um 8 km, og það mundi muna því, að löndun í Sandgerði tæki um það bil helmingi skemmri tíma, því að iðulega verða bátarnir að bíða löndunar vegna þess, hve seint gengur að koma fiskinum burtu. Lagning þessa vegar er mikið áhugamál Sandgerðisbúa, ekki sízt þeirra, sem á litlu bátunum róa.

Þá flyt ég ásamt hv. 2. þm. Reykv. brtt. um nýjan lið við heimildagr. fjárlagafrv., 22. gr., og fjallar hann um viðbótarframlag af hálfu ríkisins til fiskihafna vegna aukningar fiskiflotans, og skal það viðbótarframlag vera allt að 3 millj. kr. Á síðustu fjárl. voru veittar 2 millj. kr. í þessu skyni, en komið hefur í ljós, að mikið þarf enn að gera fyrir fiskihafnir okkar, svo að vel sé, og verður því að halda heimildinni áfram og fjölga og bæta viðleguplássin, eftir því sem unnt er. Á síðustu vertíð horfði til stórvandræða vegna þess, hve vont var fyrir bátana að fá viðlegupláss, og gátu sumir ekki ráðið menn á báta sína fyrr en seint og um síðir sakir óvissu í þessu efni. Nokkuð hefur þó rætzt úr þessu síðan.

Þá er ég meðflm. hv. 2. þm. S-M. um framlag til raforkuframkvæmda. Ég er hissa á þeirri röksemdafærslu hv. þm. Barð., frsm. fjvn., á móti þessari brtt. Hann upplýsti, að hann hefði frá raforkumálastjóra áætlun um raforkuframkvæmdir og raforkuleiðslur og hvað þyrfti að borga úr ríkissjóði til þess, að þær gætu staðið undir sér, og kvað hann hæstu greiðslu vera 99% af stofnkostnaði, til þess að þær gætu það. Þær stæðu aðeins undir rekstrarkostnaði og væru þannig á vegi staddar, að borga þyrfti að meðaltali úr ríkissjóði 85% af stofnkostnaði, svo að þær bæru sig. Þetta eru slæmar fréttir og ekki fýsilegt að leggja í að byggja rafveitur. Þó tel ég, að 15 millj. kr. mundu nægja til þess að byggja þær veitur, sem rafmagnsstjóri telur nauðsynlegt að koma upp á næstunni. Ég get ekki séð, að það sé skemmd við málið að veita 3 millj. kr. til þessara framkvæmda. Ég skil ekki þá röksemdafærslu hv. þm. Barð., að þó að það þurfi 15 millj. kr. til framkvæmdanna, þá sé það skemmd við málið að veita 3 millj. kr. til þess. Því, sem hv. þm. Barð. minntist á viðvíkjandi rafveitu Siglufjarðar og hversu hörmulegt væri með hana, vil ég svara nokkrum orðum. Fagmönnum þykir ekkert tiltökumál, þó að það verði rekstrarhalli á 12—14 millj. fyrirtæki fyrstu árin. Ég vil t. d. nefna Sogsvirkjunina. Ekki var annað séð til að byrja með en að halli yrði á henni 8 fyrstu árin, en engu að síður var ráðizt í að byggja hana. Það varð þó enginn halli á rekstri hennar, eins og búizt var við, og var það sökum sérstaklega góðra aðstæðna. Sogsvirkjunin var auk þess miklu minna átak fyrir Reykjavíkurbæ en rafveita Siglufjarðar fyrir Siglufjörð. Það er ekki hægt að snúast á móti virkjunum fyrir þá sök eina, að líkindi eru til þess, að undirballans verði á þeim fyrstu árin. Hvað viðvíkur rafveitunni á Siglufirði, er ekki hægt að segja með vissu, hversu mikill hann verður, en líkur fyrir því, að hann verði eitthvað á 2. millj. kr. Mun verða að gæta þess, að hér er um að ræða mannvirki, sem endast um 60—100 ár, og því ekkert tiltakanlegt, þótt þau tapi til að byrja með, því að þau koma til með að borga sig margfaldlega síðar, svo framarlega sem allt fer eftir líkindum og fólk flyzt ekki burtu úr bæjunum. Öll þau mannvirki, sem byggjast á vatnsafli, eru viss með að borga sig með tímanum. Á Siglufirði hefur verið lögð áherzla á að selja orkuna til þess að undirballans verði ekki á rafveitunni. Ég hygg, að hvað snertir afkomu bæði ríkis og bæjar, þá borgi sig alls ekki að selja orkuna og þar með festa hana, þó svo það verði undirballans fyrstu árin. Það hefur mest að segja, að rafveitan borgi sig með tímanum, og því óráð að festa orkuna í flaustri til hinna og þessara smáhluta, því að svo getur farið, að þegar byggja þarf stóriðnfyrirtæki, sem byggjast á raforku, að það væri engin orka orðin til þeirra hluta, og nú er vitað, að slík fyrirtæki gætu keypt orkuna miklum mun dýrari, auk þess sem þau mundu veita fjölda manna atvinnu og stuðla að vexti og viðgangi nytsams iðnaðar, sem yrði til mikilla hagsbóta bæði fyrir ríki og bæ. Ég vildi í þessu sambandi benda

á herzlustöð á Siglufirði, sem kæmi til með að verða byggð þar í framtíðinni. Það væri í meira lagi ömurlegt að vera þá búinn að festa orkuna svo mjög, að ekki fengist nein orka til fyrirtækisins og annarra atvinnufyrirtækja, sem byggjast á raforku. Það væri glapræði, sem ekki einungis yrði Siglufjarðarbæ, eða öðrum hlutaðeigandi kaupstað, til tjóns, heldur væri það tjón fyrir alla þjóðina. Ég tel því engan veginn rétt að vera með svigurmæli til þess að knýja bæjarstjórnina til þess að selja orkuna nú þegar, til þess að veitan geti strax staðið undir sér sjálf án aðstoðar ríkissjóðs. Það er meiri hætta fólgin í því — bæði fyrir ríki og bæ — að festa orkuna til ýmissa smáfyrirtækja en þótt rafveitan tapaði til að byrja með, en gæti síðan selt orkuna ýmsum stóriðnfyrirtækjum, sem gætu, eins og ég hef áður sagt, keypt orkuna hærra verði og orðið til stórmikillar nytsemdar bæði fyrir ríki og bæ. Ef á að taka þá stefnu, að nýbyggðar rafveitur geti strax staðið undir sér sjálfar, þá eru mörg þorp og bær dæmd til að líða lengi af þessum sökum, og því er áríðandi, að fé sé fyrir hendi til þess að styrkja þær fyrstu árin, svo að þær neyðist ekki til að selja orkuna ódýrt, í stað þess að geyma hana til rekstrar nytsamra stóriðnaðarfyrirtækja og þannig vera til nytsemdar bæði bæ og ríki.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. snerist þannig við hinni mjög svo hóflegu gagnrýni af minni hendi viðkomandi framsöguræðu hans, að ég verð að segja hér nokkur orð, þó að það sé í sjálfu sér tilgangslaust að vera að karpa um þetta. Mér fannst alveg óviðeigandi af hv. frsm., þegar hann talar hér fyrir hönd óskiptrar n., að blanda sínum eigin sjónarmiðum svo inn í, að ókunnir gætu haldið, að þetta væri álit n. Mér þætti vænt um það, ef hv. frsm. fjvn. gæti dregið af þessari gagnrýni minni nokkurn lærdóm, og mér væri það sönn ánægja, ef svo mætti verða.

Hv. frsm. vék að nokkrum atriðum, sem ég drap á í ræðu minni, þar á meðal að ég taldi, að við hefðum búið vel í haginn fyrir fjárhagsafkomu ríkisins að undanförnu með gætilegri tekjuáætlun. Þetta taldi hann firru og fjarstæðu. Nú hefur það ætíð verið svo á þingum, að útgjöldin hafa verið færð með jöfnuði við tekjurnar, þannig að ef tekjur hefðu ekki alltaf farið fram úr áætlun, þá hafði ekkert verið til að mæta þeirri sífelldu hækkun, sem alltaf hefur verið gerð á gjaldabálki ríkisins. Allir sjá, hvað það hefði í för með sér, ef fjárl. væru afgr. þannig, að ekki væru líkindi fyrir, að meira kæmi inn en ráð er fyrir gert á fjárl. Þetta er reynsla margra ára, en þó fer hv. frsm. að berja höfðinu við steininn og reyna að andmæla því. En ekki meira um það. Ég varpaði nýju og skýrara ljósi yfir fjárhagsafkomu áranna 1945—1946 en hv. frsm. gerði í framsöguræðu sinni. Hann skýrði þannig frá afkomu þessara ára, að árið 1945 hefði verið 14 millj. kr. tekjuafgangur og árið 1946 30 millj. kr. afgangur. Ég skýrði frá því, að á því ári hefði verið rekstrarhalli á sjóðsyfirliti. Ég skýrði enn fremur frá því, að ég hefði aflað mér upplýsinga, sem þó liggja ekki fyrir tölur um, að þótt það hefði verið 25 millj. kr. tekjuafgangur á rekstrarreikningi, mundi niðurstaðan verða sú í bezta lagi, að gjöld og tekjur stæðust á í sjóðsyfirliti. Það, sem verulegu máli skiptir í sambandi við afgreiðslu fjárlaga nú, er það, að af þeim miklu tekjum, sem runnu í ríkissjóðinn á árunum 1945—1946, hefur núverandi hv. fjmrh. ekki eyri handbæran til þess að ráðstafa eða grípa til á því ári, sem nú er að líða. Þess vegna verður greiðslugeta ríkissjóðs nú að byggjast á því, að inn komi nógar tekjur til að standa undir daglegum útgjöldum, ef eigi á að leysa vandann með nýjum lántökum. Það er ekki aðeins svo, að hv. núverandi fjmrh. hafi þannig komið að tómum kofanum, heldur tekur hann við 20 millj. kr. yfirdráttarskuld hjá Landsbanka Íslands.

Ég verð að segja það, að eftir því sem horfir um bátaábyrgðina og fisksölu má telja, að ríkissjóður sleppi vel, ef hann þarf ekki að borga meira en 10 millj. kr. vegna ábyrgðarinnar, vel getur þetta orðið helmingi meira. Það verður því ekki annað sagt en að aðkoma hv. fjmrh. sé napurleg, er hann nú tekur við þessu starfi, sem honum hefur verið lagt á herðar, og er hann sízt af öllu öfundsverður af því, þar sem svo er í pottinn búið, hvað þessi mál snertir, sem ég hef lýst.

Það hafa komið hér fram tvenns konar sjónarmið, hvað snertir tekjuáætlun þá, er fjvn. hefur gert, annars vegar bjartsýni og stórhugur hv. frsm. n. og hins vegar nokkur varygð gagnvart þessari áætlun, sem fram hefur komið hjá mér. Ég hef að vísu staðið að þessari áætlun í n., þótt ég gerði það sem nauðvörn og út frá þeirri hugsun, sem ég hef áður lýst, en hv. frsm. lítur svo björtum augum á þetta mál, að hann telur, að þessi áætlun muni ekki aðeins standast, heldur megi jafnvel gera ráð fyrir enn hærri tekjum. Reynslan mun svo dæma um þessi sjónarmið, og er því þarflaust að deila frekar um það.

Það er greinilegt, að nú verðum við að miða innkaup okkar miklu meir við þann gjaldeyri, sem við fáum fyrir afurðir okkar á árinu, en við gerðum t. d. s. l. ár, þegar við gátum tekið jafnmikið af þeim gjaldeyrisforða, sem við áttum í kistuhandraðanum, eins og ég lýsti áðan, til viðbótar því, sem til féll á árinu og var fullur helmingur þess, sem gjaldeyriseyðslan varð. Býst ég varla við því, að hv. frsm. hugsi sér það, að tekið verði gjaldeyrislán til þess að auka innflutninginn og hækka tolltekjurnar, ef tekjurnar bresta, og að bjartsýni hans leiði hann svo úrleiðis í þessum málum.

Ég minntist lítillega hér áður á þau orð, sem hv. frsm. viðhafði í framsöguræðu sinni, að ríkisvaldið ætti frekar að vera hvetjandi en letjandi, og benti ég á, að þetta kæmi fram í gagnstæðri mynd, þar sem það yrði að skera niður óskir alls almennings um fjárframlög frá ríkinu. Hann vildi hins vegar ekki viðurkenna þetta, og skiptir það í sjálfu sér ekki miklu máli, hvað hann segir um þetta. Enn fremur má benda á það, að nú er verið að gera ráðstafanir hér á Alþ., sem hníga ekki í þá átt, að ríkisvaldið sé fremur hvetjandi en letjandi á ýmsum sviðum athafnalífsins í landinu, þar sem hér er verið að stofna ráð, sem á að fela allmikið vald, m. a. það að taka fram fyrir hendur manna um húsabyggingar og aðrar framkvæmdir. Skal ég ekki leggja neinn dóm á það, þessar ráðstafanir sýna ljóslega, að fjárhagsástandið er þess eðlis, að ríkið verður að vera

fremur letjandi en hvetjandi, og þess vegna fær ályktun hv. frsm. ekki staðizt. Það þýðir ekki að mæla því í gegn, að þetta er afleiðing þess, hve fjármálastjórn vor hefur verið með miklum losarabrag að undanförnu.

Hv. frsm. minntist á það í sambandi við þessi mál, að hann hefði viljað leysa vandamál, sem væri allmikið aðkallandi, sem sé byggingu menntaskóla, frekar með þeim hætti, að stofnað væri til lántöku til framkvæmdarinnar, heldur en að veita til hennar meira fé á fjárl. Ég álít í þessu sambandi, að rétt sé að athuga, hvort við stæðum svo miklu nær þeirri framkvæmd, þótt Alþ. veitti ríkisstj. heimild til lántöku í þessu skyni. Get ég bent á margar slíkar lántökuheimildir, sem veittar hafa verið. T. d. vil ég benda á, að Alþ. hefur veitt ríkisstj. heimild til 5 millj. kr. lántöku til byggingar kaupstaðar á Norðurlandi, — 10 millj. kr. til byggingar landshafnar við sunnanverðan Faxaflóa, — 7 millj. kr. til byggingar síldarherzlustöðvar á Siglufirði, — 6 millj. kr. til byggingar strandferðaskipa, — auk þessa o. fl. stendur ríkisstj. að byggingu niðursuðuverksmiðju við Grandagarð hér í bæ, sem ekki verður reist nema fyrir lánsfé, sem nemur nokkrum millj. kr. Margt er enn ótalið af þessu tagi. Af þessu er auðsætt, að hv. ríkisstj. vantar ekki heimildir frá Alþ. til lántöku til þess að gera ýmsar framkvæmdir, en hvernig er ástandið um útvegun lánsfjár til framkvæmdanna? Það er líka þáttur í fjármálalífi þjóðarinnar, sem ætti að koma til athugunar í sambandi við afgreiðslu fjárl., og ekki sízt eins og nú stendur á. Ég hef nokkuð haft af því að segja að útvega lán — og meira að segja út á ríkisábyrgðir — til framkvæmda, sem verið er að framkvæma í mínu héraði, og hef ég þar komizt að raun um, að lánamöguleikar bankanna eru að stöðvast og maður kemur að næstum luktum dyrum í slíkum erindagerðum. Er mér sagt, að þetta sé ekki einasta þannig inn á við, heldur er gjaldeyrisástandið orðið þannig, að a. m. k. annar bankinn hér, sem hefur gjaldeyrisyfirfærslur með höndum, á ekki greitt um það að leysa út gjaldeyrisskuldir, eins og nú er.

Einnig má benda á atriði, þar sem fram kemur, að ríkisvaldið er fremur letjandi en hvetjandi, að nú á að fara að gera hér svo kallaða eignakönnun. Það er verið að semja frv. um þetta efni, sem við hv. þm. Barð. stöndum báðir að, þar eð við stöndum á bak við þá ríkisstj., sem ætlar að bera frv. fram.

Hv. frsm. virtist vera hneykslaður á því, að ég sagði, að fjvn. hefði verið í nauðvörn, þegar hún var að gera sínar till. viðvíkjandi fjárlagafrv. og skilaði þeim af sér inn í þingið. Þessu mótmælti hann algerlega. Ég sagði, að hv. ríkisstj. væri í nauðvörn og Alþ. allt, og stend ég enn við þessar fullyrðingar. Hvað er það annað en nauðvörn, þegar hækka þarf alla skatta til þess að geta mætt útgjöldum ríkisins og þegar þarf að hækka tekjuáætlunarliði þannig, að það orkar mjög tvímælis, að hægt verði að afla þeirra tekna, sem áætlunin fjallar um? Og þessari nauðvörn lýkur ekki með afgreiðslu þessara fjárl. Ég veit, að afgreiðsla þeirra hlýtur að verða á þá lund, að Alþ. varpar þessari nauðvörn af sér yfir á hv. ríkisstj. og fyrst og fremst hv. fjmrh., og það gæti vel borið svo að, að fjmrh. og ríkisstj. öll yrði að grípa til töluvert róttækra ráðstafana til þess að forða ríkissjóði frá greiðsluþroti, en ég ber það mikið traust til hv. fjmrh. og ríkisstj., að ég vænti þess, að hún grípi til slíkra mótráðstafana frekar í tíma en ótíma og að til þess þurfi ekki að koma, að ríkissjóður komist í greiðsluþrot.

Hv. frsm. lagði á það mikla áherzlu — og mig minnir að hann berði í borðið, þegar hann var að tala um það —, að ég og hv. 1. þm. Rang. værum komnir í sjálfheldu, þar sem við viðurkenndum, að sú tekjuhækkunaráætlun, sem við stæðum að, væri hæpin, en hefðum hins vegar gengið inn á hana, þegar n. skilaði henni frá sér. Ég gerði grein fyrir því í gær, hvernig á þessu stæði. Það er núverandi ástand, sem gerir þetta óhjákvæmilegt, enda þótt það sé ekki til frambúðar. Ég lýsti því hreinskilnislega yfir, að eins og afgreiðsla fjárl. blasir við nú, þá verður hún með þeim hætti, að erfitt reynist að standa undir þessum útgjöldum, ef ekki tekst að ná samkomulagi um nýja tekjustofna. Eins og ég sagði áðan, mun það verða niðurstaða þessa þings að yfirfæra þennan vanda á hv. ríkisstj., og erum við hv. 1. þm. Rang. því ekki í neinni sjálfheldu í sambandi við þessi mál. Ég er og þeirrar skoðunar, að þegar áróðursvíman, sem hv. þm. Barð. var haldinn af í sinni framsöguræðu, rennur af honum, þá mun hann koma til með að líta á þessi mál af meiri varúð, eins og sakir standa nú.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Við þessar umr. hafa verið töluð mörg varnaðarorð og það ekki að ófyrirsynju. Annars er það ekki ætlun mín að blanda mér í deilur eða ágreining, sem fram hefur komið í umr., sem í sjálfu sér er ekkert einstakt atriði. Engan þarf heldur að undra, þótt orð falli jafnvel frá nm. hv. fjvn. nokkuð á sinn hvern veg um afgreiðslu fjárl. Ég álít, að það sé ekki ofmælt, þótt hér sé sagt, að þessi afgreiðsla horfir þannig við, að hún geti vel stefnt í vandræðaátt, ef heppnin er ekki með í svo að segja hverju spori. Ég veit, að hv. fjvnm. hafa langt frá því átt þægilega aðstöðu með að ná jafnvel þeirri niðurstöðu, sem fyrir liggur í till. n. eða hv. meiri hl. hennar, en til hins erfiða ástands í fjármálum okkar nú liggja ekki ein, heldur margar ástæður. Þegar ég tók við þessu embætti af fyrirrennara mínum, tjáði hv. form. fjvn. mér, að auk þess sem fjárlagafrv. væri lagt fyrir þingið með 10 millj. kr. tekjuhalla, þar sem ætlaðar væru rúmlega 146 millj. kr. til útgjalda, lægju till. í n. um hækkanir á ýmsum útgjaldaliðum, sem komnar væru beinlínis frá ríkisstj. eða ríkisstofnunum, er næmu 27½ millj. kr., þess utan væri viðbúið, að hækkunartill. yrðu bornar fram um fjárveitingar til vega, brúargerða og hafnarframkvæmda, er næmu um það bil 12 millj. kr. Nú þótti öllum ekki vænlega við horfa, því að vitað var, að sú stjórn, sem nú situr að völdum, hafði lýst því yfir, að hún ætlaði sér að afgreiða rekstrarhallalaus fjárl., og enn fremur hafði hún lýst því yfir, að reynt yrði með fjárframlögum úr ríkissjóði að halda vísitölunni niðri í 310 stigum, sem að sjálfsögðu krefðist beinna fjárframlaga, sem á hverjum tíma yrðu að bætast við þau önnur útgjöld, sem ríkissjóður ætti að greiða samkv. l., og það, sem fjárveitingavaldið telur sig neytt til að taka með. Nú hafa viðræður farið fram milli hv. fjvn.

og fjmrh. annars vegar og annarra ráðh., sem hafa yfir hinum ýmsu stjórnardeildum að segja, hins vegar, og var þar stefnt að því að fá nokkra lækkun á þeim fjárveitingabeiðnum, sem fyrir lágu frá ríkisstj. og ríkisstofnunum snertandi ýmis mál, t. d. skólamál, vegamál og hafnarmál. Vil ég láta í ljós ánægju mína yfir því, að þessar viðræður urðu ekki með öllu tilgangslausar, og virtust mér hinir ráðh. og hv. fjvnm. hafa augun opin fyrir því, að eitthvað yrði að slaka til í þessum efnum.

Nokkurt samkomulag náðist milli hv. fjvn. og mín, og skal ég lýsa, á hvaða forsendum það náðist. Verðbólgan hefur haft djúp og örlagarík áhrif á líf okkar hér á landi, og þau áhrif hafa náð jafnt til löggjafarstofnunar þjóðarinnar og til fólksins víðs vegar á landinu. Sem dæmi um, hvað dýrtíð og verðbólga hafa hækkað rekstrarútgjöld ríkisins, vil ég benda á, að þegar stríðið hófst, námu rekstrarútgjöld því sem næst 19⅓ millj. kr., og þau vaxa ekki gífurlega fyrr en árið 1942, en þá fara þau upp í 76 millj. kr., og úr því fara þau mjög vaxandi, svo að árið 1945 nema þau 143,8 millj. Ég hef reynt að fá rekstrarútgjöldin fyrir árið 1946, en ég hef ekki þær tölur nú, en býst við að fá þær fyrir 3. umr. Þó að engin breyting yrði, mundu útgjöldin verða um 200 millj. við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. Þessar tölur sýna, hvaða óskapleg áhrif verðbólgan hefur haft á tilkostnað ríkisins, og mjög erfitt er að vinna bug á þessari útgjaldaupphæð nema með samstilltu átaki, og á svipstundu er það fast að því ómögulegt, nema Alþ. væri reiðubúið að breyta mörgum lögum, sem krefjast aukinna útgjalda árlega. Það kom gleggst fram í umr. í fjvn., að það eru einmitt ákvarðanir frá fyrri þingum, sem reynast svo þungar í skauti, hvað snertir fjárútlát, að þær ráða miklu nú, hvað verður að ráðgera mikil útgjöld. T. d. má þar nefna fræðslulögin, launalögin og tryggingalöggjöfina. Og þegar talað er um þetta, þá er þýðingarlítið að metast á um, hvaða landsmálaflokkur eigi þar mesta sök á, og mundi þá hver eiga högg í annars garði. Hitt er skylt að horfast í augu við og viðurkenna, að á þessari braut getur Alþ. ekki haldið áfram til lengdar, án þess að til mikils skaða verði fyrir þjóðfélagið um ófyrirsjáanlegan tíma. Hitt er jafnaugljóst, að eins og var í pottinn búið fyrir núverandi ríkisstj. eftir 117 daga strit til stjórnarmyndunar, þá var henni ekki önnur leið opin en sú, sem hér er reynt að þræða, þótt hún kunni líka að reynast ófær. Það er bezt að viðurkenna það, að við höfum enga vissu fyrir, að afkoma atvinnuveganna verði góð á þessu ári. Við vonum, að svo verði, og við verðum að vinna að því, en um vissu í því efni er ekki að tala. Ég hef ekki aðstöðu til að áfellast hv. fjvn. fyrir till. hennar. Til þess er ég of nákominn þeirri afgreiðslu, og taldi ég ekki unnt að ganga svo í berhögg við aðra í ríkisstj., sem þurfa nokkurt fé til sinna verksviða, að ég gæti ætlazt til, að þeir hyggju miklu nær sér en þeir gerðu. Ég get sem sagt ekki áfellzt hv. fjvn. þrátt fyrir þær horfur, er ég hef lýst. En nú eru bornar fram mjög háar brtt. af hv. þm., og ég held, að ef þær yrðu samþ. allar, mundi það þýða 20 millj. kr. hækkun á rekstrarútgjöldum fjárl., auk margra milljóna, sem ætlazt er til að færa á 22. gr., en hún felur í sér allvíðtækar heimildir. Ég þykist viss um, að enginn þm. muni taka það illa upp, þó að ég láti í ljós, að mér finnst, að ekki komi til mála að samþykkja hækkun við fjárl., svo að nokkru verulegu nemi. Ég segi, svo að nokkru nemi, því að svo blindur er ég ekki, að ég sjái ekki, að oft verður að víkja til hliðar í ýmsum efnum og sýna liðkun og tillæti. En um verulegar hækkanir má ekki vera að ræða.

Það hefur komið fram í umr. um þetta mál og vakið furðu og jafnvel nokkra óánægju hjá hv. þm., þar sem vitað er, að tekjur ríkisins voru um 200 millj. á síðasta ári, að þá skuli ekkert vera í sjóði, heldur margra milljóna skuld í landsbankanum. Ég vil nú leitast við að skýra þetta að nokkru, þótt ekki snerti þetta núverandi ríkisstj. Það hafa verið samþ., eins og hv. þm. Borgf. benti á, ýmis ákvæði og lög, þar sem um lánsheimildir er að ræða til ýmissa framkvæmda. Ég vona, að það verði afsakað, þó að ég endurtaki eitthvað af því, sem hv. þm. hefur sagt, því að ég hef hér yfirlit yfir þær lánsheimildir, er þingið veitti stjórninni 1945 og 1946. Þá er fyrst að telja, að samkv. l. nr. 90 1945, um kaup á strandferðaskipum, er 7 millj. kr. lánsheimild. Þetta lán hefur ekki verið tekið, en lagt fram úr ríkissjóði 2275 þús. kr. Samkv. l. nr. 104 1945 var ríkisstj. heimilað að taka 4 millj. að láni til að aðstoða síldarútvegsmenn. Sú heimild hefur verið notuð. Hefur 1 millj. verið greidd, en eftirstöðvar 3 millj. Samkv. fjárl. 1945, 22. gr., var samþ. heimild um 2 millj. til fiskihafna, 1 millj. var tekin að láni, og ónotuð 1 millj. færð á rekstur ársins 1946. Samkv. l. nr. 59 1945, um aukið húsnæði í þarfir ríkisins, var upphæð ekki tiltekin og ekki notuð, en greitt vegna Arnarhváls 1,75 millj. kr. Samkv. l. 52 1945, um byggingu rafveitna, voru heimilaðar 12 millj. Sú heimild var ekki notuð, en hins vegar fengnar úr raforkusjóði 10 millj. 175 þús. kr. Samkv. l. nr. 105 1945, um þátttöku í alþjóðabanka, var heimiluð lántaka innanlands, sem svaraði 2 millj. dollara. Það lán var tekið í landsbankanum. Þá var samkv. l. nr. 109 1945, um togarakaup ríkisins, veitt 60 millj. kr. lántökuheimild, og var sú heimild notuð. Samkv. l. nr. 19 1946 voru til síma heimilaðar 12 millj. kr., en aðeins 6 millj. teknar, en þörf á hinum 6 millj. Samkv. l. nr. 32 1946 voru heimilaðar til að byggja Austurveg 20 millj. kr. Sú heimild var ekki notuð. Samkv. l. um tunnusmíði voru heimilaðar 3 millj. kr. Það var ekki notað, en lagðar fram úr ríkissjóði 885 þús. kr. Samkv. l. nr. 35 1946, um landnám í sveitum, var óákveðin upphæð heimiluð. Samkv. l. um gistihús í Reykjavík voru heimilaðar 5 millj. kr., og voru þær ekki notaðar. Samkv. l. nr. 42, um Höfðakaupstað, voru heimilaðar 5 millj. kr., sem ekki voru notaðar, en greitt um 900 þús. kr. Samkv. l. nr. 47 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju, 3 millj. Þær voru ekki notaðar, en 170 þús. kr. greiddar úr ríkissjóði. Samkv. l. nr. 54 1946, um skipakaup ríkisins, voru 30 millj. kr. heimilaðar. Lán í landsbankanum 1 millj. 630 þús. kr., en svo eru í yfirdrætti ríkisins í landsbankanum um 11 millj. 550 þús., og það eru peningar, sem notaðir eru til að byggja báta, en skuld við fiskveiðasjóð yfir 13 millj. kr. vegna Svíþjóðarbátanna. Samkv. l. nr. 25 1946, um landshöfn í Keflavík, voru heimilaðar 10 millj. kr. Sú lánsheimild var ekki notuð, en lagðar fram úr ríkissjóði 1 millj. 150 þús. kr. Samkv. l. nr. 57, um

nýjar síldarverksmiðjur, 27 millj. kr. Heimildin hefur verið notuð og hrekkur ekki til. Nú liggur fyrir frv. um viðbótarlánsheimild í þessu skyni, og tel ég nauðsynlegt, að það verði samþ. Samkv. l. nr. 82 1946, um lán til að reisa lýsisherzluverksmiðju, 7 millj. Lánsheimildin hefur ekki verið notuð, en fram lagðar úr ríkissjóði 265 þús. kr. Þessar tölur, sem ég hef hér talið, og það, sem greitt hefur verið úr ríkissjóði í þessar ýmsu framkvæmdir, nemur um 100 millj. kr. Og þegar við bætast þær 11 millj. kr., sem yfirdregnar eru í landsbankanum vegna skipakaupa, þá er sýnt, að hér er sú upphæð, sem að öðrum kosti væri í kassa ríkisins. Nú er vitað, að ekki er hlaupið að því að fá lán, og er það erfiðara nú en verið hefur undanfarið.

Af þessu, sem ég hef lagt fram, er sýnilegt, að hv. Alþ. er óspart á að samþykkja ýmsar framkvæmdir og gefa ríkisstj. víðtækar heimildir til lántöku, og er það í sama anda og hin síhækkandi fjárlagaútgjöld, sem ég lýsti í upphafi. Mér virðist því mikil þörf á að vita betur fótum sínum forráð en hingað til. Það er bráðnauðsynlegt, og þýðir ekkert fyrir þjóðina að loka augunum fyrir slíkum staðreyndum. Við erum komnir á það stig, að við megum ekki, hvorki þeir, sem á Alþ. sitja, né aðrir, loka augunum fyrir þeim verkefnum, sem nú eru fyrir hendi. Við erum komnir á það stig með framleiðsluna, ekki síst þá framleiðslu, sem selja þarf í samkeppni á erlendum markaði, að við verðum að krefjast meira fyrir okkar vörur en aðrar þjóðir, og það gefur alveg auga leið, að þannig getur þetta ekki haldið áfram. Og það gefur jafnt auga leið því, að við getum ekki stafflaust haldið áfram að spenna upp útgjöld ríkissjóðs án þess að vega þá aftur í sama knérunn. Meðalútflutningsverðmæti áranna 1944, 1945 og 1946 munu hafa verið 271 millj. kr. Nú erum við nálægt því að afgreiða fjárlög, sem hafa í för með sér 200 millj. kr. útgjöld á rekstrarreikningi, en raunveruleg útgjöld, þegar sjóðsreikningurinn er talinn með, eru langt yfir 200 milljónir. 20. gr., sem var með 16 millj. kr. út, hækkaði fjvn. um 2,5 millj., svo að þar skortir lítið á 19 millj., og fyrir þeim útgjöldum þarf eins að hafa peninga og þeim, sem færðar eru á hinn svokallaða rekstrarreikning. Það er því svo, að meðalútflutningsverðmæti áranna 1944—1946 er 271 millj. kr., en við því er að búast, að á þessu ári þurfi að greiða 220 millj. kr. í útgjöld ríkisins. Ég held, að við hljótum allir að sjá, að hér þarf að breyta til, ekki þannig, að við notuð sömu svipuna hver á annan og finnum út, hvar í flokki menn standa fyrir hinu eða þessu, heldur reynum að skapa það almenningsálit hjá þjóðinni, að þessi verðbólgustefna er þjóðarvoði, hún er sjúk og óheilbrigð og leiðir af sér tortímingu, og þeir, sem með völdin fara, verða að skilja þetta og taka höndum saman um að laga þetta með heilbrigðum ráðstöfunum, og þjóðin verður að skilja það, að ef svona heldur áfram, leiðir af því menningartjón. Hv. þm. sagði, að það væri betra eða auðveldara að leggja heilræðin en halda þau, og er það vissulega fullkomlega rétt. Á þeim fundum, sem ég átti með hv. fjvn., þar sem um það var talað, hvernig þessum málum yrði komið í sem bezt horf, þá féllst ég á þær hækkanir, sem n. lagði til og hefur látið frá sér fara, þó með nokkrum skilyrðum. En það má ekki kenna fjvn. alla hækkunarliðina, þar á stj. líka mikinn þátt í, en hún var bundin því loforði að afgreiða rekstrarhallalaus fjárl., og þá varð n. að færa í útgjaldaliðina sem því svaraði. Þá hafa og komið dýrtíðarráðstafanir, sem taka þurfti tillit til, og voru þau útgjöld áætluð 35 millj. kr. Um það hefur verið rætt, að hækkanir n. á tekjuliðunum séu ekki varlega gerðar. Ég get vel trúað, að þar sé fullkomlega áætlað, en hv. n. eða þeir, sem að því standa, eru þó ekki einir um þetta, því að það var eftir ósk, að þessi breyt. var gerð á tekjuliðunum, og eftir að búið var að hækka verð á tóbaki og áfengi, þá leit ég svo á, að gera mætti ráð fyrir eitthvað meiri ágóða af því en áður, og svo það, að mér ofbauð að eiga að benda á nýja tekjustofna til að fylla algerlega í þá útgjaldahít, sem eftir stendur ófullnægt, þegar hækkunartill. n., 53 milljónir, að viðbættum þeim 19 milljónum, eða um það bil, sem koma til með að standa á 20. gr., eru teknar til greina. Það er bæði það, að manni ofbýður að eiga að koma með till. um nýjar skattahækkanir, og svo er ekki hlaupið að því að finna þær, svo að öruggt sé, að komi að gagni. Ég skal viðurkenna, að það er teflt á tæpasta vað með þær hækkanir, sem gert er ráð fyrir á tekjuáætluninni, sérstaklega verðtollinn, ef illa tækist til, og það er mikil þörf að draga úr aðflutningi á vörum á þessu ári, samanborið við árið, sem leið, en það er innflutningurinn, sem gefur drýgstar tekjur í ríkissjóðinn, og mikil höft á aðflutningi á vörum hlytu óhjákvæmilega að skilja eftir miklar eyður í tekjustofni þeirra ára, er slíkar ráðstafanir eru framkvæmdar, þegar svo við þetta bætist, að enn er algerlega óséð fyrir um sölu afurðanna þetta ár. Því dettur mér ekki í hug að mótmæla því, að það sé á rökum reist, þegar bent er á það, að teflt sé á tæpasta vað. En ég vísa á hinn bóginn til þess, að svo stendur á með afgreiðslu þessara mála, eins og hér hefur verið komizt að orði, að nokkur nauðvörn er fyrir hendi í þeim efnum, og það verður svo því miður til frambúðar, utan að stefnubreyting nái yfirhöndinni hjá Alþ. í afgreiðslu fjárl., og ekki einungis í afgreiðslu fjárl., heldur einnig afgreiðslu laga, sem leiða af sér sívaxandi útgjöld fyrir ríkissjóðinn. Ég skal svo ekki fara hér um öllu fleiri orðum.

Ég lét svo um mælt við hv. fjvn., að ég fyrir mitt leyti mundi sætta mig við þá afgreiðslu, sem hún lagði til í samráði við mig og samráðherra mína í ríkisstj., með eftirfarandi skilyrðum. Í fyrsta lagi, að ekki yrði breytt verulega frá því, sem um var talað í n., hvorki af hennar hálfu eða Alþ., hvað snertir útgjöldin. Í öðru lagi, að samkomulag um hagkvæma tekjuaukningu til þess að mæta halla á fjárl. og auknum útgjöldum yrði innan ríkisstj. og Alþ. Í þriðja lagi yrði að samþykkja heimild fyrir ríkisstj. til að skera niður fjárveitingar, a. m. k. þær, sem ekki hefur verið veitt til áður, ef ríkisstj. þætti nauður til bera. Ég geri ráð fyrir, að það þyki ekki óeðlilegt, að þessi skilyrði skuli fram sett. Það hefur borið við, að tekjuöflunarfrv., jafnvel þau, sem fyrrv. ríkisstj. hafði lagt fram, hafa mætt andstöðu úr óliklegustu átt. Tekjuöflunarfrv., sem þessi stjórn hefur borið fram, hafa líka sætt andstöðu frá vissum hliðum, og er ekki úr vegi að benda á það við afgreiðslu fjárl. og í sambandi við þær brtt., sem fyrir liggja til hækkunar, að það getur ekki farið saman að hækka út-

gjöldin, en synja stjórninni um lögfestingu á tekjuöflunarákvæðum, sem eru flutt fram til þess að mæta nauðsynjum þeim, sem kalla eftir fé. Ef til vill hefði mátt komast lengra í því að ná jafnvægi á þessa hluti, ef ekki hefði verið komið svo langt fram á þing, þegar stjórnarskipti urðu, og því frekar tiltækilegt að fara þær leiðir, sem fyrr eða síðar verður að fara, en það er stórfelld breyting á ýmiss konar löggjöf, sem sett hefur verið á síðustu 2 árum og er að verða gjaldþoli ríkisins og borgaranna ofvaxin. Ég segi þetta ekki út í bláinn eða af neinni niðurskurðarlöngun, en þetta eru hlutir, sem verður að gera, og þetta er svo almennt og viðtækt, að til þess að ná árangri við að færa fjárlög í viðunandi og hóflegt horf, er nauðsyn að gera miklar og víðtækar breytingar á ýmsum lögum, en það er ekki hægt nema með löngum tíma og við séu höfð ráð beztu manna, og til þess þarf betra ráðrúm og frekari tíma en núverandi stjórn hefur haft, ef fjárlagaafgreiðsla ætti ekki að dragast óhæfilega lengi.

Væri gott, að hv. þm. reyndu að aðstoða fjvn. í því að halda frv. og afgreiðslu málsins sem næst því, sem n. hefur lagt til, og sjái það hver og einn, hvílík nauðsyn það er, en hækki ekki útgjöldin til mikilla muna.

Arnfinnur Jónsson: Herra forseti. Í miðnæturræðu hv. form. fjvn. var einn kafli fluttur af meiri gorgeir en tíðkast, og er það illa sæmandi form. n. að tala svo, en það skiptir miklu, ef rangfært er og snúið út úr því, sem menn flytja í ræðum sínum. Ég verð því að snúa máli mínu hér að nokkru til þessa hv. þm.

Í fyrsta lagi. Hið eina, sem hv. þm. fór rétt með úr ræðu minni, var, að ég hafði ekki getið um, hvort Eskifjarðarvegur væri snjóþungur eða ekki. Eins er með þann veg sem aðra rudda vegi, að hann fyllist snjó og í leysingum rennur mikið úr veginum, og verður hann þá ófær á mjög skömmum tíma. Ef þessar upplýsingar skipta ekki máli, þá er auðvelt fyrir hv. þm. Barð. að fá nánari upplýsingar varðandi þetta með því að hafa tal af kunnugum mönnum þar eystra. Hv. þm. fullyrti, að nú lægju fyrir 300 þús. kr. til Oddsskarðsvegar, sem óunnið væri fyrir, og ég leyfi mér þá að endurtaka, að þá er meiri von um, að sá vegur flytjist nær, og styrkir það aðeins, að gera skuli veginn að fullu, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni.

Í öðru lagi er um að ræða brýr á tveimur ám í Skriðdal, sem hv. þm. vék að. Ég sagði þessar ár einhver hættulegustu vatnsföll á Austurlandi og mannskæðustu, en ekki hættulegustu vatnsföll landsins, eins og hv. þm. sneri út úr máli mínu. Það má vera, að Jökulsá á Dal hafi grandað fleiri manneskjum en Skriðdalsárnar, en ég get getið þess hér, að bæði afi minn og 16 árum síðar systir mín fórust í þessum ám, og er það því von mín, að hér verði svo bætt úr málum, að Skriðdalsár verði brúaðar og verði ekki fleiri að fjörtjóni.

Ég sé nú, að hv. frsm. á hér tvær brtt. um tvær brýr í sínu kjördæmi, og til hvorrar brúar vill hann fá 75 þús. kr., en það er 30 þús. kr. minna en ég fer fram á til hinna tveggja brúa. Það má vera, að þessar ár í kjördæmi hv. þm. séu hættulegar, og vildi ég ekki stuðla að því, að þeim brúm yrði kippt til baka, en ég vildi, að hv. Alþ. tæki vel undir það að Geitdals- og Múlaár yrðu ekki fleiri mönnum að bana, með því að samþykkja till. mínar.

Í þriðja lagi talaði hv. frsm. langt mál um rafveitumál og hefur hv. þm. Siglf. svarað honum þar. Hv. þm. gat þess, að þessi mál yrðu tekin til nánari athugunar að nýju, og er gott eitt um það að segja, að það skuli vaka fyrir hv. fjvn. að taka þetta til endurskoðunar, en ekki spillti þótt þær 3 milljónir króna, sem við förum fram á, gætu bundið málið, og ef það yrði of há upphæð, þá má leiðrétta það við 3. umr. Hins vegar snýst hugur minn svo, að 3 millj. kr. reynist frekar of lágt en of mikið.

Í fjórða lagi sagði frsm. fjvn., að styrkur til vísinda- og fræðimanna verði endurskoðaður til 3. umr., og gat hann þess, að það, sem nú tefði, væri, að ýmsir þessara fræði- og vísindamanna sætu á fullum launum og hefðu því fjárhagslega ekki þörf fyrir viðurkenningar af hálfu ríkisins. Þetta er engin afsökun hjá hv. þm. Hæsta fjárveiting til þessa mun nema um 1500 kr., og er það nú ekki svo há upphæð, en hins vegar væri rétt, að þeir, sem mest eru þurfi, fengju hlutfallslega mest, en auk þess ber að sýna þeim mönnum viðurkenningu, sem vinna þessi störf hvað mest í frítímum frá öðrum störfum, og sýna, að Alþ. kunni að meta vísinda- og fræðslustörf þessara manna.

Þá er það í fimmta lagi atriði í ræðu frsm., þar sem mér blöskraði alveg, hve þm. gat hallað réttu máli. Hann sagðist ekki fallast á, að 40 þús. kr. yrði veittar til barnaverndarráðs í stað 20 þús. króna, en samkvæmt reikningum kostaði starf barnaverndarráðs 27 þús. krónur s. l. ár og nam það hálfum launum hjá barnaverndarráði á móti Reykjavíkurbæ. Þetta er augljós sjálfsblekking að ætla að færa þetta niður, því að starfsemi þessi verður ekki dregin saman, en frsm. fullyrti, að barnaverndarnefnd Reykjavíkur heimtaði, að barnaverndarráð yrði lagt niður. Hv. þm. hafa heyrt, hvað ég hef áður sagt, en ég vil leyfa mér máli mínu til frekari staðfestingar að lesa hér kafla úr bréfi frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur, þar sem hún mótmælir frv. því um barnavernd, sem komið er frá Ed. Með leyfi hæstv. forseta hljóðar bréf þetta svo: „Frv. til laga um vernd barna og ungmenna, sem nú liggur fyrir Alþ., var endurskoðað af barnaverndarnefnd Reykjavíkur s. l. haust. Gerði n. við það nokkrar brtt., sem flestar voru teknar til greina, eins og um getur í grg. frv.

Í Ed. komu fram nokkrar brtt. við frv., og voru flestar þeirra samþykktar. Það eð n. telur sumar þessar till. sízt til bóta vill hún taka eftirfarandi fram:

Við 16. gr. hefur verið gerð sú breyting, að á eftir orðunum „er heimilt“ kemur: ef tilefni gefst til að dómi barnaverndarráðs. — Það ætti öllum að vera ljóst, að til þess að geta rannsakað kærur um illa aðbúð eða meðferð barna verða barnaverndarnefndir að fara heim á viðkomandi heimili til þess að kynna sér allar aðstæður. Til þess þurfa n. vitanlega lagaheimild. Nú eiga barnaverndarnefndir að vera kosnar þannig, að nm. beri sem bezt skyn á þau mál, sem n. þurfa að fjalla um, sbr. 6. gr. frv. Það virðist því gæta einkennilegrar tortryggni hjá flm. till., er hann treystir ekki barnaverndarnefndum til þess að hafa umboð til að

fara inn á heimili án leyfis barnaverndarráðs. En burtséð frá þessu einkennilega vantrausti virðist næsta óskiljanlegt, hvernig hann hugsar sér framkvæmdir í störfum barnaverndarnefnda samkv. þessari gr. Í hvert skipti, er kæra berst til barnaverndarnefnda úti á landi eða þær álíta þörf á athugun á aðbúð barns eða meðferð, verða þær að leita til barnaverndarráðs um leyfi til þess að fara heim á heimilið. Og ekki getur barnaverndarráð gefið slíkt leyfi án undangenginnar athugunar, og verður því sennilega að senda fulltrúa sinn í staðinn til þess að skera úr um, hvort barnaverndarnefnd væri heimilt að fara heim á heimilið. Þessu má líkja við það, að lögreglu væri ekki heimilt að fara heim á heimili, nema hafa í hvert sinn persónulegt leyfi lögreglustjóra eða sakadómara. Nú hefur það komið fyrir, að barnaverndarnefnd hefur orðið að taka barn fyrirvaralaust af heimili til þess að vernda það fyrir andlegum og líkamlegum meiðingum og jafnvel limlestingum. Verði umrædd brtt. að lögum, verður barnaverndarnefnd að bíða samþykkis barnaverndarráðs til framkvæmda, þótt hún viti, að slíkt getur haft þær afleiðingar fyrir viðkomandi barn, að það bíði þess aldrei bætur. Þá virðist ekki vera ljóst, hvers vegna barnaverndarráð á að veita umræddа heimild í hvert sinn, eða hvers vegna barnaverndarnefndir eru taldar svo mjög dómbærari á þessi mál heldur en barnaverndarráð. Hver sem er getur kært barnaverndarnefnd fyrir barnaverndarráði, sbr. 54. gr. frv., ef honum finnst hann órétti beittur af barnaverndarnefnd."

Ég legg nú þetta undir endanlegan dóm þm., hvort hér er lagt til að leggja barnaverndarráð niður.

Hér er einnig bréf um sama efni frá barnaverndarráði sjálfu, og leyfi ég mér að lesa það bréf upp einnig, með leyfi hæstv. forseta: „Barnaverndarráð hefur á fundi sínum í dag athugað frv. til laga um barnavernd og breytingar við það, sem samþykktar hafa verið í efri deild Alþingis. Ráðið féllst á breytingar þessar, nema þá breytinguna á 16. gr. frv. Leggur ráðið áherzlu á, að grein þessi sé orðuð á þann veg, sem hún var upphaflega í frv. Ef breyt. þessi næði fram að ganga, mundi hjálpar- og eftirlitsstarf barnaverndarnefnda tefjast og torveldast mjög, þar sem þær þyrftu í hvert sinn að fá leyfi barnaverndarráðs til þess að fara á heimili eða hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis. Yrði slíkt ógerlegt í framkvæmd og mundi auka mjög óþarfa og skaðsamlega skriffinnsku. Með engri þjóð mun þessi háttur vera hafður á framkvæmd barnaverndarmála."

Svo hljóðar þetta bréf, og svo segist frsm. ráða af þessu, að barnaverndarnefnd Reykjavíkur leggi til, að barnaverndarráð verði lagt niður. Þetta er hrein vitleysa hjá hv. þm. Hér er ekki stafur um það.

Í sjötta lagi er eitt atriði enn varðandi ræðu þm. Barð., þar sem hann dylgjaði mjög ómaklega í garð látins skólamanns, þótt hann nefndi hann ekki með nafni. En þessi maður var Sigurður Thorlacíus. Frsm. lét þau orð falla varðandi hinar gagnmerku rannsóknir Sigurðar heitins á þroskastigi íslenzkra barna, að eftirmaður hans í því starfi, dr. Matthías Jónasson, hefði orðið að vinna allt hans verk upp að nýju. Þetta er alla staði alrangt og mjög ómakleg ummæli. Ég hef átt tal við dr. Matthías varðandi þetta og fengið afrit að skýrslu hans um þessi störf í menntmrn. Og ég er til knúinn að reyna enn á þolinmæði hæstv. forseta og hv. þdm. og lesa hér upp kafla úr þessari skýrslu. Skýrslan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Starfið var hafið í sept. 1945. Undirritaður veitti móttöku nokkrum gögnum um rannsóknir á greindarprófum, sem Sigurður heitinn Thorlacius hafði haft á hendi. Af tveim ástæðum þótti rétt að snúa sér fyrst að þessu:

1. Til þess að nota þá reynslu, sem þegar hafði fengizt í rannsóknarstarfi Sigurðar heitins.
2. Til þess að fullnægja brýnni þörf barnaskólanna um hagnýtt kerfi til greindarprófunar.

Umrædd gögn eru skýrslur yfir greindarpróf á ca. 700 börnum, prófuð eftir tveim fransk-enskum kerfum, nálægt 350 börn eftir hvoru. Kerfin voru notuð óbreytt í íslenzkri þýðingu. Vann undirritaður að því síðustu mánuði ársins 1945 að fara gegnum söfn Sigurðar, meta prófin, taka niðurstöðurnar upp á töflur og línurit og draga sínar ályktanir af þeim um framhald verksins. Sýnist honum rétt að byrja verkið að nýju á annan hátt, þannig að prófverkefnin væru frá byrjun samin fyrir íslenzk börn og miðuð við íslenzka staðhætti.

Tók undirritaður þá að vinna að samningu þessa nýja kerfis. Er þar stuðzt við hið bezta í erlendum kerfum, aðallega við hið nýja kerfi ameríska sálfræðingsins L. M. Terman. Er hér að öllu leyti byggt á reynslugrundvelli. Prófin sjálf eru prófuð á börnunum og þeim breytt til samræmis við það meðalgreindarstig, sem kemur í ljós. Rannsóknir þessar eru tímafrekar og krefjast mikillar nákvæmni. Má geta þess, að hjá Terman og samverkamönnum hans (en hann hafði 9 sálfræðinga í þjónustu sinni, er hann samdi kerfi sitt) tók prófið með hvert barn 3 klukkustundir. Hefur undirritaður valið einfaldara kerfi, enda treysti hann sér ekki til að vinna svo yfirgripsmikið starf, meðan óvíst var um fjárhag rannsóknanna og aðstoð við verkið. Er þó gert ráð fyrir, að auka megi við „gagnprófunarkerfi", þegar vill. Alls eru samin prófverkefni fyrir árin 2—11, eða 117 verkefni, mörg þeirra innbyrðis sundurliðuð. Hafa allir þessir aldursflokkar verið prófaðir nokkuð, í allt á 700 börnum. Allar skýrslur eru reiknaðar út jafnóðum og gerðar töflur eða línurit yfir niðurstöðurnar."

Hér læt ég staðar numið í skýrslunni, en út af þessu fékk hv. þm. þá flugu, að dr. Matthías hefði unnið upp allt starf Sigurðar Thorlacius. Ef hv. þm. vill svo fá nánari upplýsingar hér um, þá getur hann fengið upplýsingar í skýrslu dr. Matthíasar í menntmrn. um störf Sigurðar, sem Matthías segist vera að vinna úr.

Sigurður heitinn Thorlacius ætlaði að vinna úr þessum úrlausnum, en vannst ekki tími til þess, og hefur dr. Matthías Jónasson verið að vinna úr þessum úrlausnum og fara í gegnum þessi söfn Sigurðar heitins, meta prófin og taka niðurstöður og gera línurit til þess að fá heildarniðurstöður til þess síðar meir að „byrja upp", eins og hv. þm. kallar það. En hvað skyldi það annars vera, sem hv. þm. Barð. kallar að byrja upp?

Þetta er í fyrsta sinn, sem gerð er tilraun til þess að finna aðferð, sem sérstaklega hentar hér á Íslandi. Hér eru ekki til nema þýðingar úr er-

lendum bókum, bæði enskum og frönskum, svo sem enska kerfið, sem dr. Símon Jóh. Ágústsson þýddi, og ameríska prófið, sem Sigurður heitinn þýddi sjálfur. Dr. Matthíasi Jónassyni sýndist rétt að taka þetta á annan hátt, þannig að prófverkefnin væru frá byrjun samin fyrir íslenzk börn og miðuð við íslenzka staðhætti. Það er auðséð, að bæði prófin, sem notuð hafa verið, henta ekki eins vel fyrir íslenzk börn og þar sem þau eru upprunnin, t. d. eins og hið nýja kerfi ameríska sálfræðingsins L. M. Terman, sem mun henta vel fyrir amerísk börn. Og það, sem Sigurður heitinn var sjálfur að reyna, var að ganga úr skugga um, hvernig íslenzk börn svöruðu prófunum og hvort prófið hentaði betur hér og hvað það er í þessum prófum, öðru eða báðum, sem bezt mundi henta fyrir íslenzk börn.

Það liggur í augum uppi, að svona próf, sem eingöngu hafa verið reynd í löndum, þar sem staðhættir eru mjög ólíkir því, sem hér er, að þá hljóti að þurfa að vera munur á verkefnum og hvernig prófdæmin eru lögð fyrir börnin. Það getur átt við í einu landi, sem ekki reynist jafngott í öðru, enda kom það í ljós. Það var Sigurður heitinn sjálfur búinn að sjá án þess að vera búinn að vinna úr þessum prófum, og það sá dr. Matthías Jónasson einnig vel, og þess vegna tók hann upp hið nýja starf, sem hv. þm. Barð. kallar að vinna upp, að reyna að finna verkefni í staðinn fyrir þau, sem komið hafði í ljós, að ekki hentuðu íslenzkum börnum. Og það er þetta verk, sem nú er verið að vinna, og það tekur áreiðanlega ekki minna en 2—3 ár, og mér dettur ekki í hug að ætla, að það taki skemmri tíma, þótt dr. Matthías fengi aðstoðarmann, sem hann nauðsynlega þarf og hér er farið fram á, því að það tekur oft upp í 3 tíma að vinna að þessu verkefni fyrir hvert barn, og af því geta menn hugsað sér, hvaða tíma það tekur að prófa þannig 700 börn, sem Sigurður heitinn var búinn að gera og dr. Matthías er búinn að gera. Og svo er eftir að meta og vega árangurinn af þessu til þess að komast að niðurstöðu um prófið.

Ég var svona langorður um þetta, af því að mig furðar svo sérstaklega á því, að hv. þm. Barð. skyldi leyfa sér að hafa þessi orð eftir dr. Matthíasi Jónassyni í þessu sambandi. Mér fannst þau óskiljanleg eftir allt það, sem ég hef heyrt dr. Matthías tala um verk Sigurðar heitins, og eins og ég hef heyrt hann meta þau mikils.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal verða stuttorður, enda er liðið á daginn.

Ég vil leyfa mér að þakka hv. frsm. fjvn. fyrir þann velvilja, sem hann virtist sýna minni litlu brtt., og fyrir þann velvilja, sem hann virtist sýna þeim 2 brtt. við 22. gr., sem stóðu í síðustu fjárl., en höfðu verið felldar niður nú. Ég vil vona, að sá velvilji snúist upp í ást í fjvn., svo að hægt verði að koma þessu öllu áleiðis til manns. En enn þá eru þetta svolitlir hvítvoðungar.

En svo þakka ég honum ekki meira. Og þegar hann talaði um styrkinn til ferjuhalds, talaði hann eins og hann vissi ekki, um hvað hann væri að tala. Og þegar hann var að tala um framlagið til dýralækna, var það alveg það sama. Hann sagði, að yfirdýralæknir gerði lista yfir, hvernig styrknum væri skipt. Þetta hefur hann aldrei gert. Fjvn. hefur gert það. Hvort hún hefur farið að till. hans, skal ég ekki um segja. En ég vil krefjast þess, af því að ég hef tekið á móti svona styrkjum fyrir menn nú undanfarin ár, að fá að sjá þennan lista, ef það verður ekki sundurliðað í fjárl., því að ef þeir tveir menn, sem ég hef gagnvart ríkisvaldinu umboð fyrir eða þeirra sýslu- og bæjarfélag, sem þeir starfa í, eru ekki þarna með, þá tek ég það upp. Þess vegna krefst ég þess að fá að lesa þennan lista, ef ekki á að sundurliða þetta.

Hvað viðvíkur ferjustyrknum, þá er hann 1945 12 þús. kr., að mig minnir, og var svo lækkaður niður í 5 þús. kr., og nú er hann það líka.

Nú hagar svo til í Norður-Múlasýslu, að 11 ferjur eru í sýslunni, og fjórar af þeim eru yfir ár, sem aldrei eru reiðar og alltaf þarf að ferja yfir. Það er ekki hægt að ætla sér að fara yfir þær á annan hátt, nema þá að sundríða eða kannske fara yfir þær á ís að vetrinum. Engar slíkar ár eru til í Barðastrandarsýslu eða á Vestfjörðum. Tvær af þessum ám í Norður-Múlasýslu hafa fengið ferjustyrk, tvær ekki. Það má að vísu nefna tilsvarandi vatnsföll, sem ferjað er yfir, Hvítá hjá Iðu og Þjórsá hjá Þjórsárholti. Þjórsá er reið, Hvítá ekki. 5 af hinum ferjunum eru yfir ár, sem eru reiðar, þegar þær leggur að vetrinum, annars aldrei. Og þær hafa ekki notið styrks nærri því alltaf. Þær hafa notið styrks til þess að gera við þær. Tilsvarandi vatnsföll eru í Skagafirði, sem notið hafa líka styrks síðasta ár. Það má heita, að sú sýsla, sem ég er umboðsmaður fyrir, hafi alveg sérstöðu hvað ferjumálin snertir, og ég kann ekki við að hafa þennan styrk svona falinn, svo að enginn geti séð, hvert hann á að fara. Ef hv. fjvn. sér sér ekki fært af einhverjum ástæðum, sem ég veit ekki, hverjar ættu að vera, að láta sundurliða styrkinn, vil ég undir öllum kringumstæðum vita um þetta fyrir 3. umr., hvort n. sér sér fært eða ekki að sundurliða þetta, annars mun ég koma með það fyrir 3. umr. Og ef hún fellir niður einhvern styrkinn, sem ég tel, að Norður-Múlasýsla eigi að fá, að minnsta kosti til samræmis við aðrar sýslur, og hún á fullkominn rétt á, þá mun ég bera fram brtt. um það.

Hvað viðvíkur styrknum til þess að halda uppi byggð, þá var hann á fjárl. um 11 þús. kr., og skiptist hann á milli staða, sem voru afskekktastir og uppi við fjöll víðs vegar um landið, til þess að geta tekið á móti ferðamönnum. Svo var hann færður upp í 100 þús. kr. í fyrra, og nú er hann ætlaður 200 þús. kr. og engin frekari grein gerð fyrir því. Ég hef spurt um það, en ekkert svar fengið. Hins vegar sagði form. fjvn. mér það privat, að þetta væri styrkur til byggingar í Fornahvammi. Því þá ekki að setja þetta á stofnkostnað til byggingar í Fornahvammi? Það var gert t. d. viðkomandi byggingunni í Múlakoti. Þessi styrkur, sem hér er um að ræða, hefur hingað til verið veittur til staða eða bæja til þess að geta tekið fyrirvaralaust á móti ferðamönnum, sem koma kannske illa til reika af fjöllum, en ekki þar sem þjóðvegur liggur, og hafa þessir styrkir verið sáralitlir. Ég álít, að það sé alveg sjálfsagt fyrir hv. fjvn. að sundurliða þetta, og ég mælist til, að svo verði gert.

Þá vil ég benda hv. n. á, sem ég hef bent henni á áður, að ég er alveg undrandi yfir þeirri með-

ferð, sem Hvalfjarðarferjuvegurinn hefur fengið. Það er upplýst af hv. þm. Borgf., að hann er tekinn upp af ríkisstj., án þess að hv. Alþ. hafi samþ. hann, og var byrjað að vinna í honum fyrir mikið fé á síðasta ári. Þetta er vegur og fyrirtæki, sem kostar hátt á 2. millj. kr. Og það er sagt, að ekki hafi komið þar til nema meðmæli fjvn. Hvers konar einræði er það, ef ríkisstj. getur lagt í fyrirtæki, sem kostar um 2 millj. kr. og byggt er fyrir fé ríkisins, án þess að spyrja Alþ. að? Til hvers er að hafa Alþ., ef það þykir sjálfsagt að leggja í slík fyrirtæki án þess að hafa vilja þess að baki sér? Og hvers konar einræði er það, sem fjvn. tekur sér að leggja fyrir, að þetta sé gert án þess að bera það undir Alþ.? Hv. form. fjvn. sagði í gær, að það, sem búið væri að vinna, væri á þjóðvegi, og það sem ætti að vinna, væri á þjóðvegi. Hvers vegna er þá verið að skilja sundur Akrafjallsveg og Hvalfjarðarferjuveg? Því ekki að kalla þetta Akrafjallsveg?

Þessa Hvalfjarðarferjuvegar hefur aldrei verið getið fyrr í l. um þjóðvegi, þó að hann sé talin með þjóðvegum hér. Og mér finnst þessi vinnubrögð svo fjarri lagi hjá ríkisstj., og að taka þennan lið hér upp svona, finnst mér ekkert vit í. Ég mun eindregið greiða atkv. gegn honum, því að það er engin meining að láta ríkisstj., hver sem hún er, komast upp með slíkt án þess að leggja það fyrir Alþ. og fá samþykki þess. Og það er heldur engin meining að taka það gott og gilt, að fjvn. taki sér slíkt einræðisvald. Þar að auki er ég sannfærður um það, að þessar ferjur koma aldrei að hálfu gagni og verða baggi á öllum, sem koma nálægt þeim í framtíðinni. En þó tekur það út yfir, að ríkið skuli eiga að leggja þennan veg og byggja bryggjur, en eiga svo að leyfa Akraneshreppi einokunarvald yfir öllu, sem þar fer yfir, ef það er rétt, að Akraneshreppur eigi að reka ferjuna, en taka svo gjald af bílum, til þess að þetta beri sig, og líklega setja hlið á veginn fyrir Hvalfjörðinn. (GJ: Eða sauðfjárgirðingu.) Hún er þarna rétt hjá.

Ég tel þetta svo fráleit vinnubrögð, hvernig þetta mál er fram komið, hvað viðkemur þessum lið, að ekkert vit sé í því að samþykkja hann.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við 2. umr. þessa máls, en mér hefur gefið tilefni til þess að segja nokkur orð deila, sem hefur átt sér stað milli hv. frsm. og hv. þm. Borgf. annars vegar og hins vegar milli hv. frsm. og hv. 1. þm. Rang.

Það munu margir, sem sjá nál. fjvn., og sjá, að n. hefur orðið sammála um það, furða sig á því, að það skuli rísa upp deila milli hv. nm. aðallega um það, hvort tekjuáætlunin er varleg eða óvarleg. Það getur vel verið, að það sé ástæða til þess að deila um það, hvort svo sé. En þeir hv. fjvnm., sem staðið hafa að því að samþykkja þessa tekjuáætlun, án þess að ágreiningur væri þar um, ættu ekki nú að vera að deila um það, sem þeir hafa samþ. með sinni undirskrift.

Ég fyrir mitt leyti vil gera grein fyrir því, hvers vegna ég var með þeirri hækkun, sem áætluð er. Ég verð að viðurkenna, að ég álít það ekki óvarlegt. Það kann að vera af því, að ég sé ekki eins varfærinn og sumir hinna hv. nm., sem hér hafa talað. Það kann að vera, að ég vilji afgreiða fjárl. með meiri bjartsýni en sumir aðrir nm., sem hér eiga hlut að máli. Ég vil þess vegna leyfa mér að færa nokkur rök fyrir því, að þessi tekjuáætlun sé ekki gálaus, þótt fyrir fram sé auðvitað aldrei hægt að ábyrgjast um slíkt. En þessi áætlun er vissulega byggð á reynslu undanfarinna ára, þ. e. a. s. verðtollurinn, að hann reyndist s. l. ár 60 millj. kr. Fjvn. hefur leyft sér að áætla hann nú 50 millj. kr. eða 24% minna en hann reyndist s. l. ár. Þetta kalla nú ýmsir óvarlegt, og þeir rökstyðja það með því, að það séu engar líkur til, að innflutningur á árinu verði nokkuð líkur því, sem hann var s. l. ár.

Hv. þm. Borgf. sagði hér í gær, að gjaldeyriseyðslan hefði orðið á s. l. ári hátt á 6. hundrað millj. kr. Það má vel vera, að þetta sé rétt hjá honum. En hitt er ekki rétt, að fluttar hafi verið inn vörur fyrir þessa upphæð á s. l. ári. Mig minnir, að ég hafi séð það í ábyggilegum heimildum, að vöruinnflutningurinn á s. l. ári hafi verið samtals fyrir 440 millj. kr. eða þar um bil. Sú gjaldeyriseyðsla, sem þarna er fram yfir á s. l. ári, stafar af fyrirframgreiðslum upp í skip og vélar, sem fluttar verða inn á þessu ári. Og slíkur gjaldeyrir, sem þannig fer úr landi, gefur ekki tekjur með tollum í ríkissjóð, sem kunnugt er. Bátar og vélar, sem flutt hafa verið inn á vegum nýbyggingarráðs á s. l. ári, eru flutt inn eftir alveg sérstökum ákvæðum til uppbyggingar atvinnuveganna og munu hafa verið flutt inn fyrir á 2. hundrað millj. kr., að mig minnir. Eðlilegur vöruinnflutningur mun hins vegar ekki hafa verið fyrir meira en 3 hundruð millj. kr. Og eru það vörur þær, sem gefið hafa hinar eiginlegu tolltekjur eða mest borga af þessum um 60 millj. kr., sem ég nefndi áðan. Ég skal ekkert segja um það, hvort þetta er eðlilegur innflutningur eða ekki, sem gefi ríkissjóði verðtoll, sem verði minni í ár en á s. l. ári, en mér þykir líklegt, að það verði ekki mikill munur á því, sem flutt er inn af venjulegum nauðsynjavörum á þessu ári og á s. l. ári. Jafnvel þó að vörumagnið minnkaði eitthvað, minnkar verðmætið ekki, því að verðlagið er það hækkandi á heimsmarkaðinum á flestum þeim vörum, sem við þurfum að kaupa.

Nú mun einhver segja, að þjóðin verði að sníða sér stakk eftir vexti og miða innflutninginn á hverjum tíma við það, sem hún framleiðir og hefur efni á að borga, og það er rétt. Það kann að vera, að það sé óeðlileg bjartsýni af mér að láta mér detta í hug, að útflutningurinn á þessu ári verði jafnvel meiri en hann var á s. l. ári og að gjaldeyrisástæður þjóðarinnar á yfirstandandi ári verði betri en þær hafa verið. Það má vera, að ýmsir af þeim, sem mál mitt heyra, telji þetta gálauslegt að halda slíku fram. En það hefur nú verið upplýst, að fiskaflinn er nú orðinn mun meiri en hann var á sama tíma í fyrra. Það er einnig vitað, að fiskiflotinn er nú miklu stærri — það munar hundruðum og jafnvel þúsundum smál., sem hann er stærri nú en á síðasta ári. Og möguleikarnir til þess að afla verðmæta úr sjónum nú eru þess vegna miklu meiri en þeir voru á s. l. ári.

En þá komum við að þeirri hlið málsins, sem ýmsir velta fyrir sér, og það er, hvernig takist nú að selja þennan afla. Það fer eftir því, hvernig gjaldeyrisástand þjóðarinnar verður, hvernig það tekst. Það er að vísu vitanlegt, að það er ekkert

hægt að fullyrða um það. En sérstakt má það teljast, ef ekki er hægt að selja á þessum tímum matvæli fyrir sæmilegt verð, á meðan flestar Evrópuþjóðirnar svelta og verða að herða að sér sultarólina. Hvað sem segja má um fisksöluna, má telja víst, að síldarafurðir seljast á þessu ári fyrir miklu hærra verð en á fyrra ári. Það er talið víst, þó að ekki hafi farið fram samningar, sem búið er að undirskrifa í þessu efni, að hægt verði að fá mikið verð fyrir þessar afurðir.

S. l. tvö ár brást aflinn mjög tilfinnanlega, en þar sem fiskveiðifloti landsmanna er nú orðinn mun stærri en hann hefur áður verið, þá er vitað, að ef síldin bregzt nú ekki alveg í þriðja sinn, mun þjóðin fá í gjaldeyri á þessu ári fyrir síldarafurðir hærri upphæð en nokkru sinni fyrr og kannske miklu hærri upphæð en við höfum látið okkur dreyma um. En til þess að svo megi verða, þarf síldin að veiðast, og það vissum við líka fyrir fram.

Ég held, að það sé ekki svo mikil bjartsýni í því að ætla, að framleiðslan verði það mikil á þessu ári, að gjaldeyrir hennar nægi til þess að flytja inn a. m. k. nauðsynjavörur þjóðarinnar svipað og á s. l. ári. Og mér finnst það þess vegna engin fjarstæða að ætla, að verðtollurinn yrði svipaður því, sem hann var t. d. á árinu 1946. En af því að fjvn. vildi vera varkár í áætlun sinni, áætlaði hún verðtollinn um 12 millj. kr. lægri en hann reyndist s. l. ár.

Þá eru það 2 aðrir liðir, sem hafa verið hækkaðir af fjvn. Það eru tóbaks- og áfengisliðirnir. Árið 1946 gaf tóbakið 16½ millj. kr., en er nú áætlað 15,5 millj. Og er þá ekki tekin með hækkun sú, sem nýlega hefur verið gerð á tóbaki og nemur um 20%. Sala á tóbaki má minnka mikið, til þess að hún gefi ekki 15,5 millj. kr., þar sem varan hefur verið hækkuð jafnmikið og ég hef bent á. Ég vil álíta, að það sýni varkárni fjvn., að ekki skyldi vera farið hærra með þennan lið. Það hefði vel mátt verja það, þótt tóbakstekjurnar hefðu verið áætlaðar 16—17 millj. með tilliti til þessarar hækkunar. Áfengið gaf á s. l. ári um 39 millj. kr. Það hefur nú verið hækkað um 21%. En þrátt fyrir það hefur fjvn. ekki áætlað nettótekjur áfengisverzlunarinnar nema 36 millj. kr. Það munu einhverjir segja, að það sé nóg að áætla þennan lið svona hátt, það sé nóg að troða svona miklu áfengi í þjóðina. Og það er rétt. En það er tilgangslaust að neita staðreyndum. Það er staðreynd, að áfengisverzlunin gaf af sér 39 millj. kr. á s. l. ári með því verði, sem þá var á áfenginu. Og það eru litlar líkur til þess, að þeir, sem nota áfengi, dragi verulega úr kaupum sínum, þótt verðið hafi verið hækkað um 21%. Það eru líkur til, að salan verði svipuð og í fyrra. Þessi áætlun er því ákaflega varleg. Þegar við tökum þessa 3 liði, þar sem tekjuáætlunin hefur verið hækkuð, þá er munurinn á áætluninni nú og því, sem þessir liðir gerðu í fyrra, um 20 millj. kr. Þessir liðir gáfu sem sagt 20 millj. kr. meira í fyrra en þeir eru nú áætlaðir af fjvn. Þar að auki hefur bæði tóbak og áfengi verið hækkað, eins og áður er sagt. Þetta skyldu þeir athuga, sem halda því fram, að þessi áætlun fjvn. sé óvarleg. Það er skylda alþm. að sýna varfærni í fjármálum. En það er ekki nóg að tala um varfærni. Þeir, sem tala hæst, verða að sýna í verki, að þeir vilji vera varkárir.

2 hv. þm. úr fjvn. hafa talað mikið um varfærni í þinginu. Það má vel vera, að þeir séu meiri fjármálamenn en almennt gerist. Þeir hafa talað um það, að ríkissjóður væri illa staddur á þessum tímum. Og meðan þeir hafa haldið þessar ræður sínar, hafa þeir ekki séð annað fram undan en svartan bakkann, sem væri að steypast yfir. Ég vildi óska þess, að ríkissjóður væri betur staddur en hann er. En þótt ég hafi þá ósk fram að bera, þá verð ég að segja, að ef það er staðreynd, að raunverulegur tekjuafgangur ríkissjóðs á síðasta ári hafi verið 25 millj. kr., eins og hv. þm. Borgf. gat um, þá er þetta ekki eins slæmt og margir vilja vera láta. Hv. þm. Borgf. upplýsti, að tekjuafgangur ríkissjóðs á síðasta ári væri 25 millj. kr. Það er bara ekki svo lítill gróði. Meira hefði það vitaskuld mátt vera. En þegar verið er að tala um gjaldþol ríkissjóðs og um, að hann sé kominn að gjaldþroti, þá er rétt að rifja það upp, að ekki alls fyrir löngu báru ýmsir hv. þm. mikið traust til gjaldgetu ríkissjóðs. Ég vil minna á, að laust fyrir jólin var til umr. frv. til l. um að taka ábyrgð á bátafiskinum. Þá voru ýmsir hv. þm., sem vildu láta ríkissjóð greiða þann halla, sem kynni að verða á fiskverðinu. Það er kunnugt, að útvegsmenn fóru fram á að fá tryggingu á fiskverðinu, sem var nær 65 aurar á hvert kg. Það var vitað, að ekki var búið að semja um sölu á fiskinum, og það gat því orðið áhætta fyrir ríkissjóð að taka ábyrgð á þessu verði. Flestir þm. vissu, að ekkert vit var í því að hugsa sér, að ríkissjóður greiddi með aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum. Flestir þm. vissu, að það var útilokað, að ríkissjóður gæti þetta, því að ef um slíkt var að ræða, þá hlaut það að nema milljónum og tugmilljónum kr. Og ef ríkissjóður greiðir með aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, þá er dæmið ljóslega einhvern veginn orðið öfugt. Hins vegar voru margir hv. þm., sem nú tala hvað mest um varfærni, sem töldu rétt að gera kröfu á ríkissjóð í þessu efni. En þeir, sem vildu sýna varfærni fyrir hönd ríkissjóðs, þeir samþ. að færa þarna á milli hinna ýmsu atvinnugreina sjávarútvegsins og taka hinn svokallaða síldarskatt. Þótt ekki væri vitað, hvaða verð væri fáanlegt fyrir þorskinn, þá var það vitað, að síldarafurðir mundu hækka í verði frá því, sem þær voru á s. l. ári, og síldveiðarnar, ef þær ekki brygðust með öllu, mundu á þessu ári þola, að kúfurinn væri tekinn af verði síldarinnar til að jafna þann halla, sem kynni að verða á þorskveiðunum. En þeir sem tala hvað mest um varfærni og böl dýrtíðarinnar, þeir vildu láta hækka síldarmálið upp í 50—60 kr., borgað út til sjómannanna, en gera hins vegar þá kröfu, að ríkissjóður greiddi það tap, sem yrði á þorskveiðunum. Þetta hafa þessir menn hlotið að vilja vegna þess, að þeir báru mikið traust til gjaldgetu ríkissjóðs, og af því, að þeir vildu vera varfærnir í fjármálum. Hitt er svo annað mál, að þeir, sem fylgzt hafa með gangi þessara mála, taka ekki alvarlega allt, sem þessir ræðumenn tala, ef jafnframt er hugsað um það, sem áður var gert. Og hvað er að segja um dýrtíðina? Við getum verið sammála um, að verðbólgan er of mikil og æskilegt væri að kveða hana niður. En hvernig væri með verðbólguna hjá okkur og hvernig væri með atvinnuvegina á þessu ári, ef farið hefði verið að ráðum þessara varfærnu manna með það að hækka síldarmálið úr 31 kr.

upp í 50—60 kr.? Mundi það hafa lækkað dýrtíðina? Ég segi nei. Það hefði hækkað dýrtíðina. Við höfum horft á það undanfarin ár, að dýrtíðin hefur færzt í aukana. Hún hefur stigið smátt og smátt og dýrtíðardraugurinn hefur magnazt, þótt ríkisstj. eftir ríkisstj. hafi lagt kapp á að kveða hann niður. Ef farið hefði verið að ráðum þessara varfærnu manna, hefði dýrtíðarhjólið ekki snúizt hægt og hægt, heldur hefði það farið á fulla ferð og dýrtíðarvísitalan stigið úr 310 stigum upp í 400 stig eða hver veit hvað. Og dettur nokkrum manni í hug, að atvinnuvegir landsmanna hefðu ekki liðið við þetta? Dettur nokkrum manni í hug, að menn hefðu unnið í landi fyrir sama tímakaup, ef kaupgjald til þeirra, sem fóru á síldveiðar, hefði hækkað um helming? Ég held ekki. En ástæðan til þess, að ég minni á þetta nú, er sú, að ég vil minna á, að þessir menn, sem nú tala mest um varfærni, hafa ekki alltaf verið varfærnir, þegar um afgreiðslu ábyrgðarmiklla mála hefur verið að ræða. Og mér kemur á óvart, þegar sá flokkur, er mest hefur talað um böl dýrtíðarinnar undanfarin ár, sem mest hefur talað um varfærni í fjármálum, skuli hafa komið fram í fullu ábyrgðarleysi í þessu máli. Og nú þegar talað er um varfærni í þessu máli, þá er það að vísu gott, en það er ekki hægt að taka þetta allt mjög alvarlega.

Ég skal ekki vera langorður, því að það er orðið áliðið dags og meiningin að ljúka þessari umr. sem fyrst. En áður en ég sezt niður, vil ég minnast aðeins á dýrtíðina. Núverandi stjórn hefur það á stefnuskrá sinni að kveða niður dýrtíðina, helzt lækka hana, ef mögulegt er. Þetta hefur reynzt erfitt undanfarin ár. Utanþingsstjórnin svokallaða, er settist að völdum 1942, hafði það fyrst og fremst á stefnuskrá sinni að kveða niður dýrtíðina. Hún byrjaði með því að greiða niður vísitöluna, en þá var vísitalan 272 stig. Þegar hún fór frá völdum var vísitalan raunverulega 300 eða 310 stig, ef niðurgreiðslum hefði verið hætt. Það reyndist ekki fært þrátt fyrir góðan vilja að kveða niður dýrtíðina, og kom þar margt til, svo sem eftirspurn eftir fólki, hækkað vöruverð o. s. frv. Þegar stjórnin var mynduð 1944, hafði hún einnig á stefnuskrá sinni að lækka dýrtíðina. En það fór á sömu leið. Hún greiddi aðeins vísitöluna niður, og þar við sat. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur hug á að fara sömu leið og greiða vísitöluna niður, þótt henni sé það ljóst, að slíkt er engin lækning á hinni raunverulegu dýrtíð. Hún hlýtur að hafa gert sér það ljóst, að þótt hún hugsi sér á þessu ári að verja 25—35 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana, þá er það ekki nein lækning á dýrtíðinni. Dýrtíðardraugurinn dafnar enn sem fyrr og er erfiður viðfangs, eins og verið hefur. Undanfarin ár hefur fólkið sjálft í landinu ekki kært sig mikið um það, að dýrtíðin yrði kveðin niður. Það er vegna þess, að því hefur þótt gott að fá margar kr. í kaup og það hefur séð, að þrátt fyrir dýrtíðina hafa atvinnuvegirnir gengið og borið sig sæmilega. Fram til þessara áramóta hafa atvinnuvegirnir borið sig sæmilega, en hvernig þetta gengur í ár, fer eftir því, hvernig gengur með sölu á afurðunum. Og úr því verður bráðum skorið. Menn eru misjafnlega bjartsýnir í því efni. Það er þó vitað, að síldarvörur munu seljast góðu verði. Og þrátt fyrir misjafnar fréttir af þeim n., sem nú eru að semja um sölu á fiskinum, þá er samt von til þess, að sæmilegt verð fáist fyrir fiskinn, svo að ríkissjóður þurfi ekki að hlaupa undir bagga, til þess að útgerðin fái það, sem hún telur sig þurfa. Þess vegna munu ýmsir segja enn í dag, að dýrtíðin sé ekki eins mikið böl og af hafi verið látið. Hins vegar vil ég benda á, að þótt atvinnuvegirnir geti borið sig með vísitölu 310, þá er það ekki nóg, því að raunveruleg vísitala nú, ef hún væri ekki borguð niður, væri 340 eða þar yfir. Það er neyðarúrræði að þurfa að borga úr ríkissjóði 25—35 millj. kr. til niðurgreiðslna. Ég vil benda á, að ef hægt væri að koma í veg fyrir þetta, þá væri fjárlagafrv. nú rekstrarhallalaust. Hv. frsm. talaði um það í gær, að fyrrv. fjmrh. hefði ekki viljað halda niðurgreiðslunum áfram og hefði farið frá völdum þess vegna. Ég býst við, að þetta sé rétt. En eins og sakir standa, virðast niðurgreiðslurnar nauðsynlegar, meðan ekki fást önnur úrræði til bjargar. Það er sýnilegt, að atvinnuvegirnir geta ekki gengið, ef kaupgjald væri greitt eftir vísitölu 340 eða 350. Og meðan ekki fæst samkomulag um raunhæfa niðurfærslu dýrtíðarinnar, þá er ekki um aðra leið að ræða en greiða niður. Það hefur verið talað um, að þetta fjárlagafrv. væri hátt og sú stefna, sem ríkt hefði undanfarið, gæti ekki gengið lengur og það yrði að spyrna við fótum. Það er rétt, frv. er mjög hátt. Og vitanlega eru í frv. ýmsir liðir, sem æskilegt væri að lækka. Þó vill n. benda á, að fjárframlög til verklegra framkvæmda eru hærri í þessu frv. en nokkru öðru fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fyrir til afgreiðslu á þingi á Íslandi.

Ég mun ekki hafa orð mín miklu fleiri, en vil þó aðeins benda á, að það er gott að vera varfærinn, en það er líka gott að vera mátulega bjartsýnn, því að hinir bjartsýnu menn eru þó undirstaðan undir framtakinu, bjartsýnin er skilyrði til þess, að eitthvað sé gert. Og skynsamleg bjartsýni á ekkert skylt við gáleysi eða óvarfærni, því að sá, sem er bjartsýnn, getur líka verið varfærinn. Hann getur bæði verið varfærinn og athugull. Og afkoma þjóðarinnar byggist á því, að einstaklingarnir eigi nægа bjartsýni, að þeir séu ekki svo svartsýnir, að þeir sjái aðeins svartan bakkann fram undan. Úr slíkum hugsunarhætti sprettur aðeins vonleysi og framtaksleysi. Það, sem við höfum horft upp á s. l. ár, er, að þjóðin hefur viljað sýna framtak og framfarir. Og slíku ber að fagna. Þessi litla þjóð hlýtur fyrst og fremst að byggja á dugnaði einstaklinganna, á því að þeir megi njóta sín sem bezt. Hv. þm. Borgf. talaði um frv. um fjárhagsráð og fagnaði því, að það væri á leiðinni og yrði brátt að l. Það má vel vera, að ýmislegt gott megi af því frv. leiða, en það getur verið gengið of langt í því að hefta einstaklingana í því að ráðast í framkvæmdir og gera þá hluti, sem mega verða þjóðlífinu til gagns og til að afla ríkissjóði tekna. Ég vona, að sú gifta fylgi Alþ., að það frv. verði í þeim búningi, þegar það verður að l., að af því skapist engin hætta, og þeir menn, sem valdir verða í fjárhagsráðið, hafi nægt viðsýni og vorhug til að bera, til þess að það verði þjóðinni til blessunar. Ég held, að þessi ósk verði að fylgja, þegar við lýsum yfir ánægju okkar yfir því, að þetta frv. er á leiðinni.

Hv. þm. Borgf. talaði um, að það væri napurleg aðkoma hjá núv. fjmrh. að taka við ríkissjóðnum í því ástandi, sem hann væri í nú. Ég veit,

að núv. hæstv. fjmrh. hann gerir sér ljóst, hvernig þetta er. Ég gæti trúað því, að hæstv. fjmrh. hefði jafnvel búizt við því, að afkoma s. l. árs væri verri en hún var. Og satt að segja gerði ég ráð fyrir því, þar sem svo miklar sögur og háværar höfðu um það heyrzt undanfarið, að þjóðarskútan væri að sökkva. Mér hafði satt að segja ekki þótt það hugsanlegt, að raunverulegur tekjuafgangur ríkissjóðs væri 25 millj. kr. Og ég verð að segja það, að fyrst íslenzka ríkið hefur á s. l. ári aukið eignir sínar um 25 millj. kr., þá er ekki eins napurlegt um að litast og ætla hefði mátt, enda þótt við getum verið sammála um, að æskilegt væri, að peningar væru í sjóðum og meira væri úr að spila en raun ber vitni um. Ég veit, að núv. hæstv. fjmrh. veit, að það getur verið meira virði fyrir hvert eitt fyrirtæki að auka sín raunverulegu, varanlegu verðmæti í framkvæmdum en að eiga peninga í sjóði. Afkoma hvers fyrirtækis er ekki eingöngu metin eftir því, hvort það leggur peninga fyrir í sjóði, heldur hvort það eykur eignir sínar raunverulega eða ekki. Ég treysti hæstv. núv. fjmrh. til þess að fara vel með fjármuni ríkissjóðs. Svo vel þekki ég hæstv. fjmrh., að ég hygg, að hann sé vel fær í því starfi. Og ég er sannfærður um, að hann undirstrikar ekki þessi ummæli hv. þm. Borgf., að það sé svo napurlegt fyrir hann að taka nú við eins og hv. þm. vildi vera láta, sem sé að ekkert sé fram undan nema svart þykknið og þjóðarskútan sé að sökkva. Við skulum ekki, hv. þm., ganga með það í höfðinu, að þjóðarskútan sé að sökkva. Ef við hugsum þannig, getur þjóðin einskis góðs af okkur vænzt. Aðeins með því að trúa á íslenzka atvinnuvegi, aðeins með því að treysta á það, að landið okkar og fiskimið séu nógu rík til þess að skapa þjóðinni góð lífskjör, getum við hér á Alþ. gert skyldu okkar, annars drögum við þjóðina niður í það fen afbakaðs miðaldahugsunarháttar, er hún var sokkin í, þegar hún svalt og hafði ekkert úr að spila.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég hef flutt þáltill. út af Geir Sigurðssyni lögregluþjóni og fært þar fram nokkur rök fyrir því, að full ástæða sé til að bæta honum örkuml hans. Og þó að málið sé lítið, að því er kostnað snertir, þá er öruggara til þess að ná eyrum og augum hv. þm., að það komi prentað fram.

Þessi maður fór ungur að aldri í lögregluna í Reykjavík árið 1929 og reyndist þar vel. Svo var hann, eins og aðrir lögreglumenn, kvaddur til þess að vera við 9. nóv. 1932, þegar deilur urðu út af málum milli ýmissa reykvíkra borgara, svo sem kunnugt er. Út af átökum þar fékk þessi maður svo mikil meiðsl, að hann er örkumlamaður síðan. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur veitt honum 250 kr. á mánuði og dýrtíðaruppbót. En ef hann hefði verið heill heilsu, en ekki tapað henni í þjónustu bæjarins og landsins, mundi hann nú hafa haft yfir 700 kr. í laun á mánuði auk dýrtíðaruppbótar. — Nú hef ég farið fram á, að ríkið greiði honum sömu örkumlaþóknun og bærinn, og hygg ég, að þetta megi sanngjarnt þykja, þó að ekki væri náttúrlega ríkislögregla þá, því að vitað var, að lögreglan á staðnum var undir umsjón ríkisvaldsins og að bæði ríkisstj. og bæjarstjórn sem yfirstjórn lögreglunnar voru sammála um, að lögreglan ætti að grípa inn í á þessari stundu. — Ég álít því, að það mæli full sanngirni með því, að við veitum þessum manni þessa litlu upphæð, og vil ég svo ekki fara um það fleiri orðum.

Þá hef ég flutt brtt. um framlag til lendingarbóta í Grenivík, 100 þús. kr., gegn jafnmiklu framlagi heiman að á staðnum. Þetta þorp hefur fram að þessu lifað að mestu af sjósókn á opnum bátum. Hins vegar hafa sjómenn, sem þarna búa og eru ríkisleiguliðar, flestir túnbletti og garða. En við þær breyt., sem orðið hafa á atvinnuháttum upp á síðkastið, að menn nota nú orðið lítið opna báta, hefur það farið svo einnig á þessum stað, að sjómenn þarna hafa margir sótt til atvinnu algerlega í burtu til annarra staða, af því að það var ekki lengur talið hæfilegt að sækja sjó á opnum smábátum. Og til þess að flæmast ekki frá sínum eignum þarna og aðsetursstað hafa þeir tekið það fyrir að eignast tvo stóra mótorbáta. Hafa þeir lagt í það 300 þús. kr. af sinni fátækt, bæði menn úr þorpinu og sveitinni í kring. Líklega kosta þessir bátar um eina og hálfa millj. kr. með öllu tilheyrandi. En á Grenivík er engin bryggja, og er tilætlun vitamálastjórnarinnar að gera þar bryggju, sem kosta mun um 400 þús. kr., og er það meiningin, að ríkið greiði helminginn. Ef þetta er veitt sem greiðsla á fjárl., sem ég legg hér til, væri þetta fyrri greiðsla af tveimur til þessarar nýju bryggju. Og er ætlazt til þess, að hún geti síðar orðið armur að bátakví, en út í það er ekki farið hér.

Þá hef ég flutt þáltill. um það, að lagðar verði grafhellur á leiði sjö þjóðskálda í því skyni, að grafir þeirra týndust ekki eða væru vansæmdar. Um það vil ég fara fáeinum orðum.

Í kirkjugarðinum í Reykjavík má kalla, að tveir minnisvarðar séu virðulegastir. Það er minnisvarði Jóns Sigurðssonar, sem vinir hans og velunnarar reistu honum, og minnisvarði Sigurðar Breiðfjörðs, sem var reistur af fátækum konum hér í Reykjavík. Þetta er höggvinn steinn, líklega sunnan úr Öskjuhlíð, reistur Sigurði Breiðfjörð, sem var einn af okkar skáldum, sem naut að vísu ekki frægðar á þeirri tíð og þeirri stund, sem hann lifði, og ekki meiri viðurkenningar en það, að það var álit manna, að hann hefði dáið úr hungri og vegna vanrækslu. En þessar fátæku konur, sem ég minntist á, hér í Reykjavík höfðu þann skilning á skáldskap þessa manns og virtu hann svo mikils, að þær sýndu honum látnum þá virðingu að láta gröf hans ekki týnast. Enginn mun mótmæla því, að þær gerðu þar rétt.

Nú hefur íslenzka mannfélagið vanrækt leiði þeirra skálda, sem meir hefur verið hossað í lifanda lífi en Sigurði Breiðfjörð, og er það lítill sómi fyrir okkar mannfélag og í ósamræmi við það, sem þjóðin finnur til, því að ljóð þessara skálda eru til svo að segja á hverju heimili á landinu og eru þar í góðu gengi. Það ber þess vegna að líta frekar á þetta sem gleymsku eða vöntun í uppeldi okkar þjóðar, að við skulum ekki sinna betur minningu skálda okkar að þessu leyti að láta grafir þeirra ekki týnast. Hefur nú aðbúð skálda okkar í peningalegum efnum mjög batnað hin síðari ár. Og mætti því líta svo á, að ekki væri óeðlilegt, að vel væri skilið við þá menn, sem gefa okkur það, sem skáldin gera, þannig að grafir þeirra væru varðveittar frá því að týnast. Nú er satt bezt að segja, að í þessum efnum er ekki myndarlega til verka gengið hér hjá okkur.

Það er að vísu lítilfjörlegur legsteinn á leiði Bjarna skálds Thorarensens á Möðruvöllum í Hörgárdal, og sýnir það ræktarleysi okkar, að ekki er virðulegar um gröf hans búið, þessa skálds, sem er fyrsta stórskáld okkar á eftir Hallgrími Péturssyni og var amtmaður og virðingarmaður. Og samt sem áður eru líkur til, að þessi legsteinn, sem talinn er að vera á gröf Bjarna amtmanns Thorarensens, sé kannske ekki á hans leiði, og úr því væri ekki hægt að skera, nema með því að grafa upp leiðin, sem þarna eru, og athuga, hvar silfurkrossinn er, sem á að vera á kistu amtmannsins.

Um Bólu-Hjálmar er það að segja, að hans gröf hefur ekki verið sinnt, fyrr en Stefán Jónsson sagnfræðingur á Höskuldsstöðum staðsetti hana fyrir nokkrum árum eftir sinni þekkingu og kunnugra manna í Skagafirði. Og var þess vegna gengið frá því leiði.

Kristján Jónsson skáld, sem dó 27 ára og hefur þó skilið eftir sig ódauðleg ljóð, er grafinn á Hofi í Vopnafirði, og er hans leiði ekki týnt.

Þá má heita furðulegt um það skáld, sem kannske hefur verið í mestri uppsiglingu nú á síðari árum meðal eldri manna, Grím Thomsen, sem var einn af mestu höfðingjum þessa lands, fyrir utan það að vera höfuðskáld þjóðarinnar, og er grafinn á Bessastöðum, að þrátt fyrir alla aðhlynningu, sem Bessastaðir hafa fengið, þá hefur svo ómyndarlega verið gengið frá leiði þessa manns, að til minnkunar er fyrir landið. Má búast við, að bætt verði úr þessu. En ég nefni þetta til dæmis um það, hve illa hefur verið búið að gröfum skálda okkar. Og ber ég fram þessa brtt. til þess, að við þm. sýnum, að við höfum ekki minni smekk fyrir þessu en þær umkomulitlu konur, sem heiðruðu minningu Sigurðar heitins Breiðfjörðs og settu legstein á leiði hans.

Um Guðmund Friðjónsson á Sandi, Guðmund Kabman og Unni Benediktsdóttur (Huldu) er það að segja, að það er ekki óeðlilegt, þó að ekkert hafi verið sérstaklega gert enn viðkomandi leiðum þeirra. En þetta eru allt fræg skáld, sem ég hef nefnt hér. Og um Guðmund Kamban er það að segja, að mér sýnist vera nokkuð sérstök ástæða til þess, að við landar hans sýndum honum þá hinztu virðingu á þann hátt, sem ég legg hér til, vegna þess að hann ekki aðeins vann fyrir land sitt sem mikill rithöfundur, heldur dó hann líka fyrir land sitt.

Mun ég svo ekki fara fleiri orðum um þessa brtt.

Ég hef við 22. gr. flutt brtt. um utanferðir nokkurra embættismanna. En hún er ekki alls kostar heppilega orðuð, og mun ég því taka hana aftur til 3. umr. og orða hana nokkuð öðruvísi.

Þá á ég eina brtt. á þskj. nr. 564, um að verja fjárhæð þeirri, sem veitt var í fjárl. 1946 til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík, en ekki notuð, til að kaupa eða byggja rektorsbústað nærri skólanum. Þessi brtt. er í eðlilegu áframhaldi af þeim umr., sem urðu hér í vetur og hv. fjvn. tók þá afstöðu til, um að leita að bústað handa rektor, sem tókst þá ekki að finna nærri skólanum. Nú er það mála sannast, að fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafði nokkuð undarlegar hugmyndir um stað fyrir menntaskólann og hugsaði sér einu sinni að bera undir þingið að flytja skólann inn í Laugarnes og síðar inn á Golfskálahæð. — Síðan mun þessari fjárhæð hafa verið varið til undirbúnings skólans í Laugarnesi. En svo kom í ljós, að hann gat ekki fengið þetta land. Stendur þetta fé þess vegna þarna að öllum líkindum að nokkru leyti á ábyrgð bæjarins, þótt ekki sé formlega. Sýnist mér rétt, að þetta fé sé endurkrafið, og finnst mér eðlilegt, að því verði varið til þess að byggja rektorsbústað nærri menntaskólanum.

Forseti (JPálm): Ég vildi gjarnan fá afbrigði hér fyrir brtt. á þskj. 566, sem er of seint fram komin.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það voru aðeins þrjú atriði í tilefni af svarræðu hv. form. fjvn. s. l. nótt, sem ég vildi tala um. — Þegar ég talaði fyrir brtt. mínum, lagði ég mesta áherzlu á, að brtt. mín á þskj. 560, VII,b, þ. e. um Ármúlaveg, næði fram að ganga. Þar hef ég lagt til, að fjárveiting til þessa vegar, sem á brtt. fjvn. er gert ráð fyrir, að verði 30 þús. kr., verði 100 þús. kr. Ég rakti sögu þessa máls s. l. nótt og gat þess, að fjárupphæð til þessa vegar hefði verið lögð fram s. l. haust af þremur bændum í Nauteyrarhreppi og hefði það, sem þegar hefði verið unnið að þessum vegi, ekki verið borgað að einum einasta eyri úr ríkissjóði. Þessu svaraði hv. form. fjvn. þannig, að það væri ætlun fjvn., að þessar 30 þús. kr., sem fjvn. hefði tekið hér í brtt. sínar til þessa vegar, ættu að fara einungis til framkvæmda á árinu 1947 til áframhaldslagningar þessa vegar, en upphæðin, sem unnið hefði verið fyrir á s. l. sumri fyrir lánsfé bændanna í Nauteyrarhreppi, ætti að áliti fjvn. að koma á fjáraukal. ársins 1946. — Ég get fallizt á, að þær fjárupphæðir, sem ríkisstj. lét vinna fyrir við vegagerðir á árinu 1946 án þess að hafa heimildir til þess á fjárl., eigi af endurskoðendum ríkisreikninganna að færast á fjáraukalög þess árs, þegar endurskoðendurnir reka sig á upphæðir, sem þannig hefur verið unnið fyrir, en ekki eru fjárveitingar fyrir á fjárl. En hér er ekki um slíka upphæð að ræða, heldur upphæð, sem ríkissjóður hefur alls ekki lagt út á neinn hátt, hvorki með eða án heimildar, heldur hefur hér aðeins verið lagt fram fé af einstaklingum, sem svo er búið að leggja veg fyrir. Ég held því, að málið liggi þannig fyrir, að það komi alls ekki till. frá endurskoðendum ríkisreikninganna um, að þessi upphæð verði færð á fjáraukal. fyrir árið 1946. Og fjárveitingin til þessa vegar á árinu 1947 þarf því að nema þeirri upphæð, sem unnið var fyrir þarna s. l. haust í þessum vegi, og í viðbót þeirri upphæð, sem fjvn. ætlast til, að unnið verði fyrir í þessum vegi árið 1947. Nú var unnið þarna í þessum vegi á s. l. hausti fyrir 50 þús. kr. Og ef ætti að ljúka þessum vegi út eftir Nauteyrarhreppnum, þá þyrfti að veita á þessu ári og vinna fyrir á komandi sumri 50 þús. kr., þannig að það þyrfti að veita á fjárl. nú 100 þús. kr. til þessa vegar. Ég held því, að það sé á misskilningi byggt hjá hv. form. fjvn., að þessi upphæð, sem hér um ræðir og greidd var af þessum einstaklingum, eigi að færast á fjáraukalög. Og til þess að vera viss um, að ég væði ekki reyk um þetta, hafði ég tal af Pétri Magnússyni, fyrrv. hæstv. fjmrh., og

spurði hann, hvað rétt væri í þessu. Og sagði hann mér, að það væri þá alveg ný „metóða", ef þessi skilningur hv. form. fjvn. væri réttur um þessa upphæð, sem aldrei hefði verið greidd úr ríkissjóði. Og hv. 1. þm. Reykv., fyrrv. hæstv. fjmrh., taldi, að upphæðin þyrfti öll að koma á fjárl. fyrir árið 1947, sú upphæð, sem unnið hefði verið fyrir á s. l. hausti á þessum stað, og sú upphæð, sem ætti að vinna fyrir þar á þessu ári, enda greiddu fyrrv. hæstv. fjmrh. og samgmrh. fyrir því, að svo væri gert. — Ég vil því treysta því, að þessi brtt. mín nái fram að ganga og að þessir bændur í Nauteyrarhreppnum, sem lögðu fram fé í haust vegna þessarar vegagerðar og tóku á sig vaxtabyrði vegna þess frá því í september og þangað til í desember s. l., verði ekki látnir bera vaxtabyrði af þessu láni á þessu ári einnig.

Þá var það önnur brtt., sem hv. form. og frsm. fjvn. fór nokkrum orðum um líka, á þskj. 560, XXVII, um 50 þús. kr. framlag til lendingarbóta á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, á stað 25 þús. kr., sem gert er ráð fyrir í brtt. hv. fjvn. Ég flyt þessa brtt. Og hv. frsm. fjvn. svaraði því til út af þessari brtt., að það væri ekki rétt að áliti fjvn. að verja tvívegis fé til sama mannvirkisins, því að þarna þyrfti að byggja upp þessa bryggju. Ég get tekið undir þetta sjónarmið hv. frsm. fjvn., að það sé ekki rétt, að ríkissjóður leggi tvívegis fram fé til þess að byggja tvisvar upp sömu bryggju frá grunni. En hér er því alls ekki til að dreifa, því að bryggjan þarna á Reykjanesinu hefur ekki verið byggð fyrir ríkisfé, þó að til þessa mannvirkis hafi verið veittar 5 þús. kr. einu sinni úr ríkissjóði. En nú er þessi bryggja komin svo, að það þarf að endurreisa hana. Og verði það gert, verða héraðsbúar að leggja fram til þess mikið fé einnig. En 25 þús. kr. framlag til þessa mannvirkis er gagnslítið, og legg ég því til, að það verði hækkað í 50 þús. kr. Fjárveitingar til mannvirkja á fyrst og fremst að miða við það, að þær komi að gagni til þeirra hluta, sem þær eiga að notast. Þess vegna tel ég sanngjarnt, ef á að hjálpa til að byggja bryggjuna á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, að veittar verði til hennar 50 þús. kr. nú á fjárl., sem er það minnsta, sem hægt er að komast af með, þó að viðbættu ríflegu framlagi úr héraði.

Þá er brtt. okkar hv. þm. Ísaf. og mín á þskj. 564, III, sem er beiðni um 125 þús. kr. fjárveitingu til byggingar skólahúss til sjómannakennslu á Ísafirði gegn jafnháu framlagi annars staðar að. — Hv. frsm. fjvn. upplýsti, að fjvn. hefði leitað umsagnar skólastjóra stýrmannaskólans í Reykjavík út af því erindi, og hefði skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík lagt á móti því, að veittur yrði nokkur eyrir til byggingar skólahúss til sjómannakennslu á Ísafirði. Það er þokkaleg tillaga frá forstöðumanni þessarar menntastofnunar hér, skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík, annað eins og þetta! Eftir l. frá 1945 er ákveðið í reglugerð, að námskeið skuli haldin annað hvert ár samtímis á fjórum stöðum utan Reykjavíkur, Ísafirði, Akureyri, Vestmannaeyjum og Neskaupstað, sem veiti mönnum fræðslu til þess að öðlast skipstjórnarréttindi. Og það er líka heimilt samkv. gildandi l., að fram fari á sama hátt á Ísafirði og þessum öðrum kaupstöðum kennsla í stýrimannafræði. Það er ekki hægt að framkvæma þessi lögboð, svo að vel sé, nema byggð séu hús til þessara hluta. Og að framkvæma þetta hefur reynzt mjög torvelt á undanförnum árum vegna húsnæðisleysis. Þess vegna hefur sjómannastéttin beitt sér fyrir því, að þetta hús verði byggt á Ísafirði fyrir þessa lögboðnu kennslu. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að lesa hér upp örfáar línur úr grg., sem nefnd Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar á Ísafirði lét fylgja bréfi um þetta mál til hv. fjvn. Með leyfi hæstv. forseta, segir svo í þessu skjali:

„Nauðsyn fiskimannaskóla á Ísafirði hefur lengi verið brýn og verður sífellt meir og meir aðkallandi með hverju líðandi ári, þrátt fyrir sjómannaskólann nýja, því að það er endurtekin staðreynd undanfarinna ára, að þeir vestfirzku sjómenn, sem leita til Reykjavíkur til náms, staðnæmast þar langflestir og eru sem tapaðir sínu heimahéraði. Þarf ekki langt að leita til þess að sjá, að Vestfirðingar hafa mannað sunnlenzka fiskiflotann að mjög miklu leyti, og má í því sambandi nefna togaraskipstjórana Aðalstein Pálsson, Bjarna og Halldór Ingimarssyni og Jón Björn Elíasson og marga fleiri. Um vélbátaflotann sunnlenzka gegnir sama máli. Vestfirðingar eru þar fjölmennir sem skipstjórar, vélstjórar og hásetar. Sú blóðtaka, sem leiðir af áframhaldandi útstreymi ungra og dugandi manna, er meiri en héruðin fá þolað. Haldi svo fram sem nú, þá horfir til auðnar."

Ég vil halda því fram, að það sé langt frá því að vera mannsæmandi, að samtímis því, sem Reykvíkingar kveinka sér sárlega undan aðstreymi fólks utan af landi til Reykjavíkur og það svo, að dag eftir dag er sá söngur sunginn í Reykjavíkurblöðunum, eins og Reykvíkingar kannast við, að þúsundir manna séu ólöglega búsettir í Reykjavík, sem hefðu flutzt hingað á síðustu árum, og svo fast að kveðið, að sagt er jafnvel, að það sé vafasamt, hvort það sé skylda, að Reykvíkingar byggi yfir þennan „landshornalýð", sem þeir menn eru þar kallaðir, sem hingað hafa flutzt á síðustu árum, — að samtímis þessu sé af forstöðumanni menntastofnunar þeirrar, sem stýrimannaskólinn er, reynt að láta menntastofnanir hér í Reykjavík vera þannig fyrir alla þjóðina, að hún nauðug, viljug verði að sækja sína kennslu í sjómannafræði til Reykjavíkur með þeim afleiðingum, að menn flytjast hingað til Reykjavíkur, en staðið á móti því, að aðrir staðir fái að koma upp menntastofnunum fyrir sig til þess að mennta sína sjómannastétt. Og það eru svo höfð hrakyrði um þetta fólk, sem þetta fyrirkomulag, að kennslan í sjómannafræði er einokuð þannig, ýtir undir, að flyzt til Reykjavíkur, sem sagt fyrir það, að dugandi menn utan af landi bætast í sjómannastéttina sunnlenzku og reykvísku, meðfram fyrir aðgerðir ráðamannanna í þessum greinum menntamálanna. — En til þess að minnka eða stöðva fólksstrauminn til Reykjavíkur þarf að gera annað en að einoka þannig fræðslumöguleika sjómannastéttarinnar. Til þess þarf að gera eitthvað til þess, að lífvænlegra verði utan Reykjavíkur en nú er, bæði með samgöngubótum, lendingarbótum og með því að fullnægja rafmagnsþörf byggðarlaganna úti á landi, bæði þorpanna, kaupstaðanna og dreifbýlisins. — Svo þegar þetta hefur ekki verið gert, eins og þurft hefði að vera, er þetta fólk, sem flyzt til Reykjavíkur, m. a. fyrir aðgerðir hins

opinbera, kallað „landshornalýður". Og það þykir mér hart!

Til þess að sýna fram á, að Ísfirðingar sjálfir vilja nokkuð á sig leggja fyrir þetta mál, vil ég lesa hér í framhaldi af því, sem ég áðan las úr grg. frá þessum mönnum í skipstjóra- og stýrimannafél. Bylgjunni á Ísafirði. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér heima hefur það gerzt í þessu máli, að skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan kaus nefnd til forgöngu um stofnun og starfrækslu fiskimannaskóla hér. Nefnd þessi hefur leitað undirtekta ýmissa félaga og einstaklinga svo og bæjarstjórnar Ísafjarðar um stofnun skólans og hvarvetna hlotið óskipt fylgi.

Ísfirðingar hafa þegar lofað að leggja fram á annað hundrað þúsund krónur til væntanlegrar skólabyggingar, og um helmingur hins lofaða framlags héraðsbúa er þegar greiddur. Við teljum víst, að framlög héraðsbúa aukist enn að miklum mun, og þykir líklegt, að framlag þeirra verði ekki minna en 200 þús. kr., ef Alþingi tekur vel og sanngjarnlega í þetta mikils verða mál, svo að það komist til framkvæmda sem fyrst."

Ég vil nú vænta þess, að hv. fjvn., þrátt fyrir svar skólastjóra stýrmannaskólans í Reykjavík, sem virðist leggja á það höfuðkapp að einoka hér í Reykjavík alla fræðslu sjómannastéttarinnar, athugi þetta mál á ný og gaumgæfilega, hvort ekki eigi að gera mögulegt að halda uppi þeirri sjómannafræðslu á Ísafirði og annars staðar í bæjum úti um land, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæmd verði gildandi lagaákvæði um þetta efni, a. m. k. svo, að ef til vill gæti það stuðlað að því, að sjómenn geti haldizt á þeim stöðum á landinu, þar sem þeirra er mest þörf.

Ég strika ekki yfir það, sem ég sagði í fyrri nótt um það, að mínar aðrar brtt. fái góðar undirtektir hjá hv. fjvn., en ég legg megin- og höfuðáherzlu á Ármúlaveg, sem ég gerði að umræðuefni í minni ræðu fyrst, og að ekki verði daufheyrzt við þeirri ósk sjómannastéttarinnar á Ísafirði, að Alþ. sjái sér fært að leggja 125 þús. kr. til sjómannaskóla á Ísafirði gegn fjárframlagi bæjarins.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að svara hér nokkrum fyrirspurnum, sem hefur verið beint til mín, og þó sérstaklega síðari ræðu hæstv. fjmrh. annars vegar og hv. þm. Borgf. hins vegar, og svo að litlu leyti hv. 1. þm. Rang. og hæstv. menntmrh., sem ég sé að hér er mættur. Hann óskaði eftir því, að nokkur atriði yrðu tekin aftur.

Styrkurinn til fræðimanna, hef ég lýst yfir, að verður tekinn aftur til frekari athugunar og einnig till. um styrk til barnaverndarráðs, og mun n. athuga það mál nánar til 3. umr. Öll gögn varðandi það mál liggja hjá fjvn., sem ég skal lofa honum að hafa aðgang að.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. er enn ekki mættur, en meðan svo er ekki, mun ég víkja að ræðum annarra hv. þm. um þetta mál.

Hv. þm. Siglf. lagði nokkra áherzlu á, að tekinn yrði upp í frv. styrkur til sjúkrahúss á Siglufirði og á öðrum tveim stöðum samkv. hans till. Það hafa hins vegar ekki komið nein fyrirmæli um þetta til fjvn., hvorki frá honum né landlækni eða frá viðkomandi héruðum. Vil ég í þessu sambandi vísa honum beint til landlæknis og vænti þess, að hann ræði þetta mál við hann, en strax og erindi berst um þetta frá landlækni, mun ég leggja það fyrir fjvn. og taka það til meðferðar. — Þá leggur hv. þm. Siglf. til, að tekin verði upp í frv. allstór fjárfúlga til vegagerðar fyrir Sandgerðishrepp. Ég hefði nú haldið, að þessi sýsla, sem hefur hér tvo þm., þyrfti ekki að fá lánaðan þm. norðan af Siglufirði til þess að gæta sinna hagsmuna hér á Alþ. Ég get upplýst, að þessi vegur, sem hann ætlast til að leggja 250 þús. kr. í, er ekki einu sinni á vegal., og hefur ekkert samkomulag orðið um hann ennþá, auk þess sem vitað er, að vegasamband við Sandgerðishrepp er þannig, að bæði Siglufjörður og margir aðrir staðir á landinu væru ánægðir, ef þeir væru eins vel settir í þessum sökum og hann, svo að ég geri ekki ráð fyrir, að n. leggi til, að till. hans verði samþ. — Einnig ber hann fram till. um aukið fjárframlag til lendingarbóta við Sandgerði. Ég hef lýst afstöðu fjvn. til hafnarmálanna yfirleitt, og þarf ég því ekki að ræða þau mál frekar, en vil aðeins benda á — eins og honum er kunnugt um —, að samið hefur verið um að verja stórfé til landshafnar, sem á að gera skammt frá Sandgerði. — Þá leggur sami hv. þm. til ásamt hv. 2. þm. Reykv., að ríkisstj. verði veitt heimild til að taka allt að 3 millj. kr. lán sem viðbótarframlag til fiskihafna. Eins og ég hef lýst yfir áður, mun verða rætt um heimildagr. fyrir 3. umr. við hæstv. ríkisstj., og verður þá þessi till. einnig tekin til athugunar. Teldi ég því heppilegra, ef hann vildi taka hana aftur til 3. umr., af því að enn er ekki búið að ganga fyllilega frá þessari gr.

Hvað fjárframlög til raforkumála snertir, gerði ég nokkra grein fyrir þeim í ræðu minni í fyrrinótt, og skal ég því ekki fara frekar inn á þau atriði. Ég vil þó aðeins benda á það, að þróunin í rafmagnsmálum Siglufjarðar var hér ekki til umr., og hefði hv. þm. Siglf. því getað sparað sér mest af því, sem hann sagði um þau mál. Ég vík hins vegar ekki frá því, að þetta mikla mál þurfi fyrst og fremst þann undirbúning, að alltaf sé tryggt í hvert skipti, að fyrirtæki, sem ráðizt er í framkvæmd á, þurfi ekki að stöðvast vegna fjárskorts, þegar það er komið í gang. Hver rétt hugsandi viðskiptafræðingur hugsar ekki aðeins um það, hvernig koma eigi fyrirtæki af stað, heldur einnig, hvernig eigi að reka það, en slík forsjá var ekki við höfð á Siglufirði. Það var ekki aðeins, að fé fór þar langt fram úr því, sem áætlað var, heldur fór hin verklega framkvæmd þess þannig fram, að stórkostlega vítavert er, og hefur ríkissjóður orðið að þola þungar fjárhagslegar raunir fyrir gerðir þessara manna. Hv. þm. Siglf. benti á sjáanlegan taprekstur þessa fyrirtækis, og finnst mér því enn meiri ástæða til að fara varlega út í þessi mál nú.

Ég sé nú, að hæstv. fjmrh. er hér mættur, og vildi ég gera nokkrar aths. við ræðu hans frá í dag. Hæstv. ráðh. tók undir það með hv. þm. Borgf., að ástandið í fjármálum landsins væri mjög ömurlegt. Hæstv. ráðh. lýsti því m. a. yfir, að það mundi vera nauðsynlegt að endurskoða og jafnvel afnema suma af þeim lagabálkum, sem samþ. hafa verið hér á 2 undanförnum árum, og tilnefndi hann 3 lög í því sambandi. Ég veit ekki, hvort eigi að skilja þetta þannig, að þessi l. eigi

að vera þau fyrstu, sem eigi að fara á höggstokkinn, en þeir, sem ekki vita betur, gátu þó ekki skilið orð hæstv. ráðh. öðruvísi. — Ég var ekki fylgismaður launal. á sínum tíma. Það var ákveðið í stefnuskrá fyrrv. ríkisstj., að þau l. ættu að samþykkjast, og lýsti ég því þá yfir, að þótt samþykkt þeirra kynni að velta á mínu atkv., mundi ég ekki gefa þeim atkv. mitt, af því að ég áleit, að ekki væri rétt að semja og samþykkja ný launal. á þeim verðbólgutímum, sem þá voru, og sérstaklega þar sem þau fóru langt fram úr allri sanngirni. Ég mundi hins vegar nú greiða atkv. móti því, að þessi l. yrðu afnumin, af því að ástandið í landinu hefur gerbreytzt, síðan þau voru sett. Ég hygg, að fyrst þurfi að gera annað en að afnema l., og það er að uppfylla þau loforð, sem voru gefin, þegar l. voru samþ., um, að allar aukalaunagreiðslur skyldu falla niður. Ýmsir menn í opinberri þjónustu höfðu notið ýmissa fríðinda, áður en l. voru samþ., m. a. hafði rektor menntaskólans sérstakt risnufé, af því að laun hans voru svo lág, en eftir að nýju launal. voru sett og hann fékk laun sín hækkuð, var ekkert af þessum fríðindum tekið burtu, og hann fékk áfram að halda þessu risnufé. Er þetta aðeins eitt af mörgum sams konar tilfellum. Þá var því m. a. lofað, að allar aukalaunagreiðslur ættu að hverfa hjá landssímanum. Nú er það hins vegar upplýst, að sumir venjulegir starfsmenn þar hafa haft þar á s. l. ári um 50—60 þús. kr. í árstekjur, hvar af um 20 þús. kr. hafa verið fyrir aukavinnu. Ég teldi það því meira verkefni og eðlilegra, að hann beitti sér fyrir því að laga þetta misræmi, sem alls staðar kemur fram í þessum sökum, áður en hann hyggst afnema lögin.

Þá tilnefndi hæstv. fjmrh. einnig fræðslulöggjöfina. Ég greiddi líka atkv. á móti þeim l., ekki af því að ég væri móti l. í heild, heldur vegna þess, að ég var á móti nokkrum ákvæðum í þeim, m. a. því, að kennarar skyldu eftir 10 ára kennslustörf fá árs frí á fullum launum, þar sem þeim er þó gefið þriggja mánaða frí á sumrin og halda fullum launum. Auk þess skuli ríkið byggja yfir þessa menn. Ég veit ekki til, að aðrir embættismenn hér á landi hafi slík kjör. Ég var á móti öllum þessum atriðum, áður en l. voru samþ., en ábendingar mínar um þá hættu, sem þetta hefði í för með sér, voru þá ekki teknar alvarlega. Nú er þó svo komið, að hæstv. fjmrh. hefur tekið þetta sem eitt af þeim l., sem þurfi að breyta, og mun ég ekki sjá mér fært að greiða atkv. með því, að þau verði afnumin. Er það fyrst og fremst vegna þeirra loforða, sem gefin hafa verið í þessum efnum, og þess, að ég tel þeim útgjöldum vel varið, sem ganga til menntunar alþýðunnar. Ég er ekki viss um það, að íslenzka þjóðin hefði staðizt eins vel það brimrót, sem yfir hana gekk á hernámstímunum, ef alþýðan hefði ekki verið eins vel menntuð og hún er. Teldi ég miður farið, ef byrjað væri á því að afnema þessi lög.

Enn fremur minntist hæstv. ráðh. á tryggingalöggjöfina í þessu sambandi. Strax og frv. um þessi l. kom fram lýsti ég því yfir, að ég væri fylgjandi þeim. Fyrir þessa yfirlýsingu mína lenti ég í því að vinna í 10 vikur að breyt. á frv. og ná samkomulagi um málið með þáverandi hv. 3. landsk. (HG), og því meir sem ég kynntist því, því vissari var ég um, að hér væri um gott mál og nauðsynlegt að ræða. Ég hef enn ekki heyrt færð fram nein rök, sem sannfæra mig um, að við getum ekki staðið undir þessari löggjöf, því að sú þjóð, sem telur sig geta staðið undir að tryggja sumar stéttir sínar fyrir afkomu atvinnuveganna, á sannarlega ekki síður að hafa ráð á að tryggja þjóðina fyrir því, er tryggingalöggjöfin fjallar um. Ég vil jafnvel ganga svo langt að lýsa því yfir, að ef hæstv. ríkisstj. ætlar að byrja á því að afnema tryggingarl., mun ég ekki styðja hana lengur.

Hæstv. fjmrh. sagði, að engin vissa væri fyrir afkomu atvinnuveganna, en ég álít, að fyllsta ástæða sé til að ætla, að aldrei hafi komið eins tekjuháttur ár yfir landið og í ár, og ég var satt að segja undrandi yfir að heyra slíkt frá manni, sem hefur jafnmikla þekkingu á atvinnuvegunum og hæstv. fjmrh., ef hann lokar augunum fyrir þeim möguleikum, sem ríkissjóður hefur um afkomu sína í ár. Togarafloti okkar er nú að margfaldast og fyrsti nýi togarinn af þeim 30, sem fyrrverandi ríkisstj. samdi um smíði á í Englandi, er kominn til landsins og hefur aflað á skemmri tíma miklu meir en við höfum nokkurn tíma átt að venjast. Annar slíkur togari er væntanlegur til landsins eftir örfáa daga og síðan hver af öðrum á næstu mánuðum og næsta ári, og vitað er, að hvert þessara skipa á eftir að afla erlends gjaldeyris fyrir ekki minni upphæð en 5 til 6 millj. kr. á ári. Hæstv. ráðh. veit, hver aflinn er nú og að ríkissjóður hefur tekið á sig að ábyrgjast söluverð aflans. Hann veit enn fremur, að það er boðið tvöfalt verð fyrir lýsið á móts við það, sem var á því í fyrra, og það má því vera meiri svartsýnin að halda, að þetta verði ekki sérstaklega mikið tekjuár fyrir ríkissjóð.

Hitt er annað atriði, að útgjöldin geta orðið mikil. Og ef haldið er á þá braut að taka milljónir og aftur milljónir og eyða fram yfir það, sem þingið hefur leyft, þá er náttúrlega enginn kassi nógu stór og djúpur til þess að ausa fé úr, ef hann á ekki að verða fljótlega þurrausinn. En haldi fjmrh. sig innan þeirra takmarka, hvort sem það verða 200 eða 210 millj. kr., sem gjöld eru ákveðin á fjárl., og leyfi engar greiðslur úr ríkissjóði aðrar en þær, sem hér eru ákveðnar í frv. og í brtt. n., þá er ég viss um, að hann getur sofið rólegur fyrir því, að nýsköpunin, sem hann hefur ásamt öðrum unnið að, er nægilega traust til þess að standa undir þessum fjárl. Og ég hefði heldur óskað að fá þessa yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh. en þá myrku yfirlýsingu, sem kom frá honum áðan.

Ég vil í sambandi við þau l., sem samþ. hafa verið á síðustu árum, beina þessu til hv. þm.: Hvers vegna hefur hv. þm. Borgf. og þessir myrksýnu menn ekki minnzt á ein l. um 5 millj. kr. útgjöld ríkisins til nýbýla og jarðræktar í sveitum? Ég vil ekki gerast talsmaður þess, að þau l. verði afnumin, en þau eiga þó ekki meiri rétt á sér en fræðslul. og tryggingal. En þannig ætti að vera búið að okkar þjóðfélagsþegnum, að þeir gætu byggt yfir sig án þess að fá milljónir úr ríkissjóði til að gera það, og ég held, að það sé heppilegra að búa þannig að þeim, að þeir þurfi þess ekki. Og sama er að segja um þær fjárfúlgur, sem greiddar eru til þess að byggja verkamannabústaði. Hafi verkamenn nokkurn tíma haft ráð á því að byggja yfir sig húsnæði, þá hafa þeir það nú og það miklu

fremur en þeir hafa haft áður. — Ég vil ekki mæla með því, að þessi l., sem hæstv. fjmrh. nefndi, verði afnumin. En ef það á að afnema einhver l., og eigi ekki að hafa það eins og á tombólu að láta tilviljun ráða valinu, þá koma þessi l. til umr., áður en þau verða afnumin. Og nákvæmlega það sama ætti þá að láta gilda um l. um jarðræktarstyrkina. Ef ástandið er svona í landinu, eins og hæstv. fjmrh. vildi láta á sér skilja, þá er spursmál, hvort ekki á að afnema þá styrki. Það eru stórkostlega aukin framlög í þessa styrki á hverju ári. Og það verður ennþá stórkostlegra, því fleiri vélar sem ríkið kaupir handa bændum til að vinna með. Og það var eina upphæðin á fjárl., sem þannig stóð á um, að maður, sem er gagnkunnugur þessum málum, sem á að bera ákaflega mikla ábyrgð á þessum málum, kom til mín sem formanns fjvn. og sagði: „Það er hægt að lækka upphæðina til vélakaupasjóðs um 300 þús. kr.“ En hvaða menn stóðu mest á móti því, að svo væri gert? Það var hv. þm. Borgf., sem sló í borðið og sagði: „Það kemur ekki til mála, að við þessu verði hreyft.“ Hann var þá ekki myrksýnn á ástandið í fjármálum ríkisins. Og ég veit vel, að sá hv. þm. vissi vel, hvað hann var þá að segja. Mér eða okkur hinum í fjvn. datt ekki í hug að taka upp baráttu fyrir því, að þessi 300 þús. kr. lækkun væri gerð á framlaginu til vélakaupasjóðs, — vegna þess að ég, hvað sem hver segir, er þeirrar skoðunar enn, að fjárl. séu ekki óvarlega afgr. samkv. brtt. fjvn., þvert ofan í skoðun hæstv. fjmrh. Ég hefði nefnilega aldrei fengizt til þess að láta athugasemdalaust nafn mitt undir afgreiðslu fjárl., eftir að hafa pælt í þessum málum og séð öll gögn, sem fyrir hafa legið, allan þann tíma, sem þingið er búið að standa, ef ég hefði ekki persónulega trú á því, að fjárl. væru ekki óvarlega afgreidd.

Hæstv. fjmrh. minntist á, að meðaltalsútflutningur áranna 1945 og 1946 hefði verið 271 millj. kr., og notaði það sem mælikvarða til þess að bera saman ríkistekjurnar og útflutninginn. En hvað er útflutningurinn 1946? Og hvers vegna er tekið meðaltal af útflutningi þessara tveggja ára? Útflutningurinn árið 1946 er miklu meiri en þetta. Og hvað verður útflutningurinn 1947? Ég skal viðurkenna það, að hlutföllin milli ríkisgjaldanna og útflutningsins eru kannske að verða óskyggilega óeðlileg. En ég held, að mikið af þeim útgjöldum einmitt, sem nú eru á fjárl. og brtt. n., fari einmitt til þess að auka framleiðsluna og þar með útflutninginn. Og það er sannarlega mikill eðlismunur á því, hvort útgjöld úr ríkissjóði fara til þess að auka framleiðsluna eða útgjöldin eru eingöngu til eyðslu.

Hæstv. fjmrh. sagði, að verðbólgan væri sjúkdómur, sem leiddi til tortímingar. Það er rétt, að sé ekki spyrnt við fótum, þá er hætta á þessu. Það er með það alveg eins og mann, sem er á báti og getur hlaðið í góðviðri, en ef að hvessir, verður hann að kasta út. — En ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, hvaða hætta það er, sem hefur vaxið mest upp á síðkastið og er orðin svo óskyggileg, að ég held, að það væri vert fyrir hæstv. ríkisstj. sameiginlega að athuga hana. Það er sú peningakreppa, sem verið er að búa til í landinu í dag — sem við erum að búa til, og það allt síðan í ágúst í sumar s. l., því að stöðugt hefur verið þrengt að lánum hjá bönkunum til framleiðslunnar. Allt síðan það fréttist, að fyrrv. hæstv. ríkisstj. vildi fara frá stjórn, hefur þessi hræðsla þegnanna aukizt. Og þessi hræðsla hefur aukizt svo, að bankarnir hafa bókstaflega orðið að herða svo að nú, að þeir þora ekki að lána, þó að fullar tryggingar séu fyrir hendi. Eftir því sem vald ákveðins flokks yfir þessum málum hefur aukizt, eftir því hefur hræðsla fólksins í þessum málum aukizt. Og þarna steðjar að miklu meiri hætta en af nokkru öðru gagnvart atvinnulífi landsmanna í dag. Ég bendi hæstv. fjmrh. á það, að það getur vel verið, að hann fái þar verkefni til að leysa. Ríkissjóður ábyrgist 2250,00 kr. verð fyrir hvert tonn af saltfiski. Hvað lána bankarnir í þessu sambandi? Þeir þora ekki að lána þetta allt, heldur lána þeir 1450,00 kr. á tonn út á þessa ábyrgð. Athafnamennirnir eru bókstaflega í kreppu fyrir þessar ráðstafanir. Og það getur sannarlega komið illa við hag ríkissjóðs. Og það væri miklu betri fjárlagaafgreiðsla, þó að við ættum að bæta 10 millj. kr. útgjöldum á fjárlagafrv., ef við gætum leyst þennan vanda, því að þegar bankarnir eru búnir að skapa kreppu með því að stöðva útlán, þá er viðtækari kreppa fram undan. — En ákaflega mikil orsök þess, hve bankarnir eru farnir að tregðast við að lána, er það, að fólkið rífur út úr bönkunum sparifé sitt af hræðslu við væntanlegar aðgerðir ríkisstj., sem enginn maður veit, hverjar eiga að verða. Það hefur verið talað hér um fjárhagsráð. Og tildrögin til þess er hið svo nefnda hagfræðingaálit, sem ríkisstj. hefði átt að koma í veg fyrir, að kæmi fyrir almenningssjónir, svo fávíslegt sem það er á öllum sviðum. Og við útkomu þess byrjaði sú hræðsla, sem ennþá býr með fólkinu. Ég veit um einn sparisjóð, þar sem tekin var út á einni viku ein millj. kr. Hvers vegna? Af því að fólkið þorir ekki að láta peningana vera frjálsa, meðan ástandið er svona. Ég þarf ekki að minna hæstv. ríkisstj. á það, hvað ég sagði við hana á einkafundi. Ég ætla ekki að segja það hér. En ég vil biðja hæstv. fjmrh. að minnast þeirra orða. Það getur verið, að reynslan kenni honum, að það hefði verið gott að athuga það áður, sem ég sagði þá.

Svo er 35 millj. kr. úthlutunin á fé til þess að greiða niður dýrtíðina. Ég verð að segja, að ég álít, að það eigi að halda þessum lið alveg sérstökum. Það er langbezt að láta fólkið finna það greinilega, að það verður að bera þessi sérstöku útgjöld vegna dýrtíðarinnar. Þjóðin hefur ekki fengizt til að taka upp samninga út af dýrtíðarmálunum. Ég minntist nokkuð á þetta í minni frumræðu. Og úr því að fólkið vill ekki reyna að ráða bót á þessum vanda með samningum, þá verður að taka þetta fé af fólkinu til þess að borga niður dýrtíðina. Og ég álít, að það eigi ekki að taka fé til þess sem dulda skatta, heldur þannig, að fólkið viti, hver einstakur maður, að með þessari eða hinni tiltekinni greiðslu er hann að greiða niður dýrtíðina. Dýrtíðin getur aldrei lækkað, nema fólkið vilji taka upp baráttu gegn henni. Alþ. og ríkisstj. geta ekki verið svo sterk að geta ráðið við að lækka dýrtíðina, ef fólkið í heild vill það ekki. — Það var talið sjálfsagt að láta laun hækka í landinu, af því að það þykir rétt að skipta tekjunum milli fólksins. Og þetta hefur verið gert. Nú er svo komið, að fólkið

hefur í þessu efni fengið sinn skerf. En atvinnulífið þolir nú ekki lengur, að haldið sé áfram á kauphækkunarbrautinni á þann hátt, sem gert hefur verið. Og það var í samningnum, sem birtur hefur verið af hæstv. ríkisstj. sem stefna stjórnarinnar, að það yrði tekin upp samvinna um þau mál að samræma kaupgreiðslur í landinu getu atvinnuveganna. — Það getur verið, að það hafi verið eitt af því, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. gat ekki samið um. En ég hef ekki séð bóla á neinum nýjum lausnum í þeim efnum hjá þessari núverandi hæstv. ríkisstj. Ég get ekki séð, að neitt sé að gert af hennar hálfu í þeim efnum. — Og fólkið verður að vita, til hvers notaðar eru þessar 35 millj. kr., sem fara munu til niðurgreiðslu dýrtíðarinnar, að þær fara til þess, en ekki til vega í Barðastrandarsýslu eða ræktunarvegar í Vestmannaeyjum eða annarra slíkra hluta.

Hæstv. fjmrh. sagði, að hann gæti sætt sig við afgreiðslu fjárl. með því skilyrði, að ekki yrði farið með útgjöldin fram yfir hans till., m. ö. o. með því skilyrði, að ekki yrði farið fram yfir till. fjvn. í því efni. Ég vænti þess, að það verði þá haldið svo sterkri hendi utan um þetta mál hér á hæstv. Alþ., að engin, ekki ein einasta till. þar fram yfir verði samþ. við fjárl. En mér fannst bara hæstv. fjmrh., þrátt fyrir hans aðvaranir og myrksýni í þessum málum, gefa tauminn nokkuð lausan í ummælum sínum um þetta að öðru leyti. Og ef hæstv. ráðh. vill ekki halda þessari stefnu sinni og drepa allar till. aðrar til breyt. á fjárlagafrv. en brtt. fjvn., (**HV**: Ekki brtt. fyrir Barðastrandarsýslu.) þá virðist mér betra að segja sem svo: Álit fjvn. er enginn Salómonsdómur, og það er ekki hægt að ætlast til þess, að það sé það, og við skulum athuga, hvort ekki er rétt að jafna eitthvað til brtt. fjvn. við fjárl. Ég get sætt mig við að taka upp umr. um, hvort ekki er rétt að jafna þannig til um till., og kemur þá til álita, hvort ekki er rétt fyrir hæstv. fjmrh. að óska eftir frestun þessarar umr. og að þessu öllu verði frestað, þar til hann hefur komizt að samkomulagi um þessi atriði. Það væri kannske það eðlilegasta. Svo sagði hæstv. ráðh., að annað skilyrðið væri samkomulag um haldgóða tekjustofna. Já, hvernig er um samkomulagið? — Nú eru t. d. greiddar 500—600 þús. kr. af útvarpstækjum, og ég held, að það mætti tvöfalda þetta, án þess að fólkið fyndi til þess. Ég held, að það gengi ekki inn í vísitöluna. Ég held, að hæstv. núverandi menntmrh. hafi gefið leyfi til þess, að stofnun, sem undir hann heyrir, ríkisútvarpið, sem hefur þarna tekjustofn upp á 600 þús. kr. og skuldar ríkissjóði 2 millj. kr., það skuli lána einu einkafyrirtæki kaupmanna hér í Reykjavík 500 þús. kr. til 10 ára. Ég leyfi mér að spyrja: Er þetta ábending um það, að ríkiskassinn sé tómur? Ég held ekki. Bréf um þetta lán er undirskrifað f. h. ráðh. af Birgi Thorlaciusi og einum fulltrúa, 13. marz s. l., og er um það, að ríkisútvarpið láni Silla og Valda 510 þús. kr. með 5% vöxtum. — Úr því að ég er neyddur til að verja mig og mína bjartsýni, þá er bezt, að það komi fram, hvernig bjartsýnin er hjá öðrum. — Ég er ekki viss um, hvort hægt er að gera svona hluti, eins og að lána svona, nema með samþykki Alþ. Það ætti ekki að þurfa að vera neitt ósamkomulag um það á Alþ. að taka undan útvarpinu þá tekjustofna, sem lánaðir voru útvarpinu á þeim tíma, þegar útvarpið var í fjárþröng. Nú hefur útvarpið miklar tekjur og leggur mikið fé fyrir á hverju ári í útvarpshöll, sem á að byggja, og hefur borgað á sjötta hundrað þús. kr. fyrir teikningar að þessari höll, þó að ekki sé farið að leggja hornsteininn enn. Ég held því, að útvarpið hafi ekki þörf fyrir afnotagjald útvarpstækja lengur, heldur megi það renna í ríkissjóð. Og hvers vegna er ekki reynt að gera ráðstafanir út af landssmiðjunni? Hún skuldar nú ríkissjóði rúml. 700 þús. kr., fyrir utan það, að hún hefur sótt daglega eða vikulega, að mér er sagt, peninga í ríkissjóð til þess að greiða með vinnulaun. Á sama tíma greiða önnur sams konar iðnfyrirtæki fleiri hundruð þús. kr. í ríkissjóð í opinberum gjöldum. Og hvers vegna má ekki minnast á þetta mál? Af því að form. stjórnar þessarar stofnunar var framsóknarmaður, Pálmi Loftsson! Hann hefur haft með höndum stjórn þessa fyrirtækis, síðan Vilhjálmur Þór skipaði hann ólöglega í þá stjórn, því að það eru engin fyrirmæli um að skipa þannig þá stjórn, eins og þá var gert. Og hvers vegna má ekki minnast á að gera einhverjar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að áframhaldandi verði 450 þús. kr. tap á ári á vöruuppskipun og útskipun í Reykjavík? — Það væri ekki óeðlilegt, þó að ríkiskassinn ætti erfitt uppdráttar, ef allir framsóknar-embættismenn hefðu gert svona vel sitt verk á undanförnum árum eins og Pálmi Loftsson. — Ég er svo bjartsýnn, að ég held, að það mætti laga svolítið rekstrarútkomu þessara fyrirtækja. Og ég er viss um, að það stríðir á móti eðli hæstv. menntmrh. (EystJ) að vera aðili að stjórn, þar sem hann veit um svona sukk eins og hjá þessum manni, þó að það sé ágætur flokksbróðir hans.

Þá var þriðja atriðið hjá hæstv. fjmrh., að hann talaði um að veita heimild til þess í heild að skera niður greiðslur úr ríkissjóði. Hvað á hún að vera víðtæk, þessi heimild? Ef það á að vera mögulegt að skera niður allar greiðslur á fjárl., hvaða vit er þá í því að vera að samþykkja fjárl. yfirleitt? Ég man eftir, að á síðustu fjárl. var sett inn nokkurn veginn svona ákvæði, að það mætti skera niður framlög til verklegra framkvæmda. En ég hef aldrei fyrr heyrt lagt til að samþykkja heimild til þess að skera niður greiðslur á fjárl. yfirleitt, því að sumt, sem samþ. er um útgjöld á fjárl., er ekki hægt að skera niður. Ég álít því, að það beri að fresta meðferð fjárl. til þess að athuga þessa stefnu hæstv. fjmrh. betur, nema hæstv. fjmrh. vilji gefa hér þá yfirlýsingu í kvöld, að hann tali eins og honum ber sem fjmrh., af því að honum beri skylda til þess að vera myrksýnn, og þá horfir málið öðruvísi við. Og ef fyrirvari hæstv. fjmrh. er af þessari síðast nefndu ástæðu, þá skoða ég hann í allt öðru ljósi. En sé þessi fyrirvari meining hæstv. fjmrh., þá held ég því fram, að fjvn. hafi miklu meiri bjartsýni og miklu meiri stórhug en ríkisstj. hefur.

Þá skal ég koma nokkru meir inn á ræðu hv. þm. Borgf. Hann hefur nú flúið úr fundarsalnum undan væntanlegum svörum. Það var einu sinni búið að reka ofan í hann hér allar þær fullyrðingar (**HV**: Hann hefur þá líklega ekki farið upp á Akranes?) Nei, ég hef heyrt, að hann sé við störf í Búnaðarfélagi Íslands, sem lagt er til í brtt. fjvn., að styrkur verði hækkaður til um 200 þús. kr. Hv. þm. Borgf. taldi það óeðlilegt, að ég, sem

væri frsm. fjvn., blandaði mínum sérskoðunum inn í framsöguræðu mína um fjárl. Ég vil taka það fram, eins og hv. 1. þm. Rang. og hv. 2. þm. Reykv. geta borið um, að þegar ég skrifaði undir álit fjvn. — en strikuð höfðu verið út ýmis ákvæði, til þess að ná samkomulagi um að skila nál. frá óklofinni n. — þá lýsti ég yfir í fjvn., að ég teldi mig óbundinn, þannig að ég mætti ræða málið frá mínu sjónarmiði. Hv. meðnm. mínum í fjvn. kom því ekki á óvart, að ég lét mínar persónulegu skoðanir í ljós um ýmsa hluti í minni framsöguræðu. Og ég tók einmitt fram í þeirri ræðu, að hvert orð, sem ég segði í minni ræðu, sem færi eitthvað út fyrir það, sem sagt er í nál. frá fjvn., talaði ég á mína eigin ábyrgð, en ekki fyrir hönd n. Hvað er svo við mig að sakast fyrir þessi orð? Ég hef ekki sagt þau fyrir hönd n. Mér datt t. d. aldrei í hug, að hv. þm. Borgf. mundi vilja fallast á að skrifa undir nokkurt hrós um fyrrv. hæstv. ríkisstj. (**HelgJ**: Það er ekki hægt.) En að hv. meðnm. mínir í fjvn. væru svo starblindir að álíta, að ég mætti ekki fara viðurkenningarorðum um hana með þeim fyrirvara, að það væru aðeins mín orð, en ekki sagt fyrir hönd fjvn., það kom mér heldur ekki í hug. Ég sagði, að fjvn. væri stórhuga og ég héldi, að þessi stórhugur fjvn. byggðist á framkvæmdum fyrrv. hæstv. ríkisstj., og af því stafaði þessi reiðilestur hv. þm. En mér dettur ekki í hug að halda, að þessir menn séu svo ábyrgðarlausir að skila undirrituðu nál., þar sem lagt er til, að fjárl. með um 200 millj. kr. gjöldum verði samþ., ef þeir halda ekki, að það sé óhætt, heldur séu þeir með því að hjálpa til við að koma ríkissjóði út í fen. Hvaða ábyrgð væri það? — Þessir menn hafa skuldbundið sig til þess að skila fjárl. hallalausum, og þeir hljóta þá að taka á sig þá ábyrgð að leggja á þjóðina nýja skatta, því að annars verða þeir að svíkja sína eigin þjóð, sem þeir elska svo heitt og vilja styðja. Sannleikurinn er sá, að þeir hafa hvað eftir annað viðurkennt, að það sé alveg öruggt og víst, að þessar tekjur fáist, sem þarf til þess, að fjárl. verði hallalaus, ef atvinna og þjóðarhagur verður eftir því, sem nú er útlit fyrir, á þessu ári. Þessir menn vilja bara ekki á þessu stigi málsins láta það koma fram, af því að þá halda þeir, að þjóðin muni ekki þakka þeim, heldur öðrum, sem þeir elska ekki eins mikið. Þess vegna eru allar þessar umr. hér á Alþ. Og svo sýndi það sig bezt, hvernig þetta ruglast allt í heila hv. þm. Borgf., jafngreindur maður og hann er, er hann var að tala hér um rekstrarhalla á sjóðsyfirliti og blandaði öllu saman, því að vitanlega er rekstrarhallinn á rekstraryfirlitinu, en greiðslujöfnuður á sjóðsyfirlitinu. Og þessa vitleysu endurtók hann hvað eftir annað. Hér er um hreina framsóknaraðferð að ræða, að segja sömu vitleysuna svo oft, að maður sé loks farinn að trúa henni sjálfur.

Já, og svo sagði hv. þm. Borgf., að það væri engin trygging fyrir afkomu þessa árs, þótt allar tekjurnar nægðu til þess að greiða rekstrarútgjöldin, þær þyrftu einnig að nægja til að greiða allt út af 20. gr. Ég skil þetta ekki. Ef Alþ. ætlar ekki að leggja í neinar verklegar framkvæmdir, t. d. kaup á vitaskipi, ef það hefur sett sér að gera ekkert nema í gróðaskyni, þá get ég vel skilið, að hv. þm. Borgf. geti ekki sofið á hverri nóttu. En það er ekki nóg, að hv. þm. Borgf. blandi saman greiðslujöfnuði og rekstrarhalla, heldur bætir hann við rekstrarhallann því fé, sem ríkið vill nota til uppbyggingar atvinnufyrirtækjum, sem ýmist gefa tekjur eða standa alveg undir sér, m. a. standa 25 milljónir af slíku fé sem rekstrarhagnaður á reikningi síðasta árs, af því að búið var að lána þetta til manna, sem standa í ýmsum framkvæmdum, m. a. skipakaupum. Þannig eru nú rökin.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði farið rangt með eina tölu, ég hefði sagt að rekstrarhagnaður 1945 hefði verið 14 milljónir, en hann hefði verið 22. Ég sagði aldrei, að hann hefði verið 14 milljónir. Ég sagði, að tekjur og gjöld hefðu farið fram úr áætlun og að rekstrarhagnaðurinn 1945 hefði orðið 14 milljónum króna meiri en gert var ráð fyrir. Það var gert ráð fyrir, að hann yrði 8 milljónir, en hann varð 22 milljónir. Og þegar reynt er að afbaka jafneinfalt atriði og þetta, þá er ekki að furða, þótt mönnum verði hált á flóknari viðskiptalegum verkefnum.

Þá hélt hv. þm. Borgf. því fram, að ríkisstj. gæti ekki verið hvetjandi nú. Ég veit ekki betur en hæstv. menntmrh. væri nokkuð hvetjandi í fjvn., og hann vitnaði hér, eins og kristilegum þegn sómdi, á móti hv. þm. Borgf., varðandi það, sem undir hans ráðuneyti heyrir, svo að ekki getur þetta átt við hann. Og mér fannst hæstv. landbrh. vera hvetjandi um stærri átök, t. d. varðandi virkjun gufu og raforku, og eini ráðh., sem þetta á þá við, er hæstv. fjmrh., en ég hygg, að ekki verði á móti því mælt, að ríkisstj. hefur til þessa verið hvetjandi, og ég tel það meginatriði, að hún sé það á hverjum tíma, því að ef svo er ekki, næst ekki allt út úr hverjum einstakling, sem hann getur áorkað fyrir þjóðfélagið.

Ég las það í Tímanum nýlega, að sem betur færi hefðu engir milljónamæringar verið hér á landi fyrr en nú. Þetta er hvorki óeðlilegur né óvenjulegur hungurtónn úr herbúðum þeirra manna, sem varla geta hugsað sér, að nokkur maður hafi almennilega ofan í sig að éta, eða telja það þjóðarböl, ef einhver á eitthvað. Eins og allir vita, eru tekin til ríkisþarfa 90% af tekjum, sem eru fram yfir 200 þús. kr., og geta þeir þá reiknað út, sem vilja, hve mikið sá er búinn að greiða í ríkissjóð, sem á orðið eina milljón. Hv. þm. Borgf. spurði, hvort ríkisstj. mundi geta fengið lán, ef á þyrfti að halda, og hefur hæstv. fjmrh. lýst því, hvernig viðhorfið er í því efni, svo að ég fer ekki að blanda mér í það að neinu ráði. En þegar hv. þm. Borgf. er að býsnast yfir þeim glæfraskap eða bjartsýni að leyfa ríkinu að taka og ábyrgjast öll þau lán, sem hæstv. fjmrh. hefur nú gefið upplýsingar um, þá held ég, að hæstv. ráðh. hafi veitt samþykki sitt til þeirra lána á sínum tíma, og ekki mun hv. þm. Borgf. hafa verið á móti þeim öllum. Ég held, að hann hafi vel þegið stórar ábyrgðir fyrir Andakílsárvirkjunina, sem ekki eru kannske alveg áhættulausar fyrir ríkið. Ég hef ekki séð, að hann hafi skyrpt á móti þessum ríkisábyrgðum. En sem svar við spurningu hans um lánstraust ríkisins, þá tel ég það velta á miklu, hvaða traust ríkisstj. skapar sér meðal almennings. Ef hún kemur því inn hjá fólki, eða fylgismenn hennar, að allt sé að fara norður og niður og í kaldakol í fjármálum landsins, hvernig er þá hægt að búast við, að nokkur

vilji lána ríkinu? Væri ég forstjóri lánsstofnunar, sem beðin hefði verið að lána íslenzka ríkinu, og væri ég búinn að hlýða á ræður þeirra hæstv. fjmrh. og hv. þm. Borgf. eða slíkra ábyrgra manna, þá er ég hræddur um, að ég vildi fá duglega uppáskrift á víxilinn, áður en ég keypti hann. Sannleikurinn er sá, að lánstraust er hægt að eyðileggja með svona umræðum, og það er ekki vel gert, svo erfið sem glíman við lánsstofnanirnar nú er, að vera að kynda þá elda og skapa vantraust gagnvart ríkisstj., eins og hv. þm. Borgf. gerði í sinni ræðu. Ég gæti t. d. trúað, að lýsing hans á hinni fyrirhuguðu eignakönnun stuðlaði ekki beint að því, að menn hlypu af stað með peninga sína í bankann, ef þeir tækju nokkuð tillit til orða þessa þm., sem ekki virðist síður vera stuðningsmaður ríkisstj. en ég. Skyldi þessi ræða hv. þm. Borgf. ekki verða til þess, að það fólk, sem nú sefur með peninga sína undir koddanum, þyrpist með þá í landsbankann á mánudagsmorguninn.

Þá sagðist hv. þm. Borgf. ekkert draga í land af fullyrðingum sínum um það, að ríkisstj. og Alþ. væru í nauðvörn með afgreiðslu fjárl., og hæstv. fjmrh. undirstrikaði það með sinni ræðu. Ég skal nú nokkuð fara út í það. Hvaða nauðung knúði okkur til að samþykkja 100 þús. kr. hækkun til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri? Ég heyri, að hv. 1. þm. Rang. segir, að það hafi verið þörfin. Já, það er alveg rétt, þörfin var fyrir hendi, og við trúðum því, að þetta framlag mundi margborga sig í bættu heilsufari og öryggi fólksins, og því samþykktum við þessa hækkun með glöðu geði. En það var enginn, sem píndi það út úr okkur, það var hreint ekki um neina nauðung að ræða. Sannleikurinn er sá, að Akureyringar hafa, m. a. fyrir viturlegar aðgerðir fyrrv. ríkisstj., sjálfir safnað fyrir fram miklu fé til þessa sjúkrahúss, sem mun kosta 5 milljónir og þeir ætla að reka sjálfir.

Þá kem ég inn á 13. gr. Hvaða nauður rak fjvn. til að veita 7 milljónir króna til vega? Aftur er það þörf landsmanna. Nákvæmlega hið sama er um brýrnar að segja, framlag til þeirra var hækkað um eina milljón. Þar var það aftur þörfin, en engin nauðung, sem fjvn. tók tillit til. En þrátt fyrir barlóm sinn um hækkun gjaldanna veit ég ekki betur en hv. 1. þm. Rang. ætli að flytja brtt. um nýtt tveggja milljóna kr. framlag til brúar á Þjórsá, af því að hún er nálægt hans kjördæmi. En ég veit ekki betur en sú stefna hafi ríkt að undanförnu að treysta vegi og brýr á Suðurlandi meir og meir fyrir allt frá 3 upp í 12 tonna bíla, þótt ekki hafi farið með völdin afturhaldsstjórn, sem þessir þm. fylgja meira í anda og sannleika en núverandi ríkisstj. Og hvaða nauður rak svo til að byggja fjós á Hvanneyri? Það eru hundrað þús. kr. þar. Já, framsóknarkúnum var svo kalt, að það þurfti að veita 100 þús. kr. til fjóssins. Þá var kassinn ekki tómur. Og hv. þm. Borgf. knúði þetta fram, eftir að búið var að ganga frá þessum málum, er hann fann út, að kúnum hlyti að vera svo kalt. Eða þá styrkur til byggingar barnaskóla, sem hækkaður var í 4½ milljón króna úr 2 milljónum. En fjvn. gerði þetta í fullu trausti og með gleði, að beiðni hæstv. menntmrh. og annarra, er að þessum málum vinna, að hækka þetta. Sama er að segja um 700 þús. kr. hækkun til byggingar húsmæðraskóla. N. gat þurrkað þá upphæð alveg út, ef hún vildi, og það var skylda hennar að gera það, ef hún hefði ekki haft trú á, að hægt væri að leggja fram fé, því að hún væri að blekkja menn, sem vinna að undirbúningi framkvæmda, sem fé er veitt til, ef ekkert fé væri svo til og því væri lýst yfir í öðru orðinu. Ég vildi ekki vera þátttakandi í svo ljótum leik.

Þá er framlag til íþróttasjóðs hækkað um 300 þús. kr. Hvaða nauður rak til þess? Ekki hefði nú verið hætt við allar íþróttir, þótt þessari upphæð hefði ekki verið bætt við 700 þús. kr. í eitt ár. Nei, þetta var gert í fullri bjartsýni, en ekki af neinni nauðung, það var ekki einu sinni kosningaundirbúningur fyrir dyrum.

Eða þá fjárveiting til þátttöku Íslands í Ólympíuleikunum, hún er síður en svo alveg bráðnauðsynleg. En n. mætti hér með skilningi ósk frá mönnum, sem langar til að auglýsa landið, en glansinn færi af þessu, ef í því skyni þyrfti að kreista síðustu blóðdropana undan nöglum þjóðarinnar.

Eða þakið á Hólakirkju, 88 þús. kr. hækkun til þess. Ekki hleypur kirkjan af stað, hún hefur staðið þarna síðan á 18. öld. En hv. þm. Borgf. var fyrstur upp með hendina með þessari hækkun, og hann vildi m. a. s. samþykkja að láta byggja kór líka. Hann var sannarlega ekki að skoða í kassann þá.

Og svo eru það nú tuttugu og fimm þúsundirnar til Jóns míns Dúasonar, og ég gæti trúað, að það hefði ekki legið lítil nauðung eða nauðvörn til grundvallar því að taka þessa upphæð inn. Og ég vil nú spyrja hv. 1. þm. Rang.: Getur hann leyft sér að greiða atkv. með þessari fjárveitingu með öðru móti en því að éta þar með ofan í sig allt, sem hann hefur sagt í þessu sambandi? Því ef hann greiðir atkv. með þessu, er hann þar með að bæta steini (að vísu litlum) í hleðslu þeirrar fjármálaskútu, sem að hans eigin dómi er marandi í hálfu kafi og alveg komin að því að sökkva, og þá þarf ekki stóran stein til að sökkva henni með öllu.

Eða þá rímur Guðmundar Bergþórssonar, þar eru 20 þús. kr., nýr liður. Það er ekki lítil nauðsyn, sem ber til slíks, en um það var slegin skjaldborg.

Eða 800 þúsund til búnaðarfélagsins. Þar var ekki um neina nauðung að ræða, heldur aðeins fullan skilning á starfi þess, en ég hefði ekki samþ. þá fjárveitingu, ef ég væri ekki þeirrar skoðunar, sem ég hef lýst. En ég þarf ekki að ræða um það, hver rétti fyrstur upp höndina með þessu.

Þá eru það fyrirhleðslur Markarfljóts og Þverár, framlag til þeirra framkvæmda var hækkað um 100 þús. kr., úr 200 í 300 þús. Kannske hv. 1. þm. Rang. hafi ekki verið á móti þessari fjárveitingu? Kannske hann hafi heldur viljað láta þjóðarskútuna sökkva en Markarfljót renna út úr farvegi sínum, þó að það hafi nú runnið, áður en hann kom þarna austur.

Og svo eru fleiri fyrirhleðslur, t. d. Jökulsá í Lóni, 150 þús. kr., og ég hef fyrir satt, að þeir yfirbjartsýnu í n. hafi ekki verið þar að verki, heldur hafi þetta verið sett inn af hinum kolsvörtu afturhaldsmönnum, sem þó tala mest um, að allt sé að sökkva. Þá eru auk þess fyrirhleðslur: 50 þús. kr. til Kaldaklifsár undir Eyjafjöllum og 12 þús. kr. til Hólmsár á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu, sem ekki voru í frv. Það getur

verið, að hinir stórhuga í n. hafi barizt fyrir þessari hækkun, en víst er, að ekki hefði mitt atkv. dugað til að samþykkja þetta, aðrir hafa áreiðanlega orðið að rétta upp höndina með.

Eða þá 50 þús. kr. styrkurinn til búvélaverkstæðis, sem sóttur var sem fastast, og þetta verkstæði er byggt upp úr gömlum bragga. Ég ætla ekki að reyna að lýsa þeim slag, sem stóð um þetta, og sannarlega gætti ekki afturhaldssemi hjá þeim, sem vildu kasta 150 þús. kr. í það fyrirtæki.

Þá er nýr liður, ein milljón áætluð til nýrra raforkuframkvæmda. Það er að vísu lítið, en enginn hefði lagt þetta til, ef ekkert væri í kassanum, jafnvel þótt eitthvað af þessu fé fari til að lýsa upp Hvolhreppinn.

Eða 200 þús. kr. hækkun á byggingarstyrk til Sambands íslenzkra berklasjúklinga. Engin lög mæla fyrir um þá hækkun úr 400 þús. í 600 þús. Fjvn. þótti sjálfsagt að hækka þetta, enda þótt gjafir til þessarar stofnunar hafi notið skattfrelsis með sérstökum l. N. vildi reyna að stuðla að því að hjálpa heilsu þessara manna, og mætti heita, að þar hefði verið um nauðvörn að ræða.

Þá hefur verið talað um 1650 þús. kr., sem veittar eru til kaupa á dýpkunarskipi, en ég vil aðeins segja það um þá framkvæmd, að ég vildi gjarnan eiga þetta skip, það er hlutur, sem áreiðanlega borgar sig.

En ekki má gleyma milljóninni til prestsseturshúsanna og hvernig það er allt til komið. Varðandi þá einu fjárveitingu má segja, að um nauðvörn hafi verið að ræða, því að fyrir fjvn. lá bréf frá kirkjumrh., þar sem hann tjáir n., að búið sé að lofa allri þessari upphæð fyrir fram og hana verði ríkið að greiða, hvort sem fjvn. segði já eða nei. Þarna *má því ef til vill segja*, að um nauðung hafi verið að ræða, úr því að fjvn. hafði þá ekki manndóm í sér til að segja nei. En það er ekki rétt að ráðast á mig fyrir það, ég mun ekki hafa orðið fyrstur til að gefa eftir í því máli.

Þá vil ég leyfa mér að benda á það hér, hvort það lýsir virkilega þeim hugsunarhætti, sem er hjá hv. þm. Borgf., sem kom nú fram hjá honum í gær og áður við þessar umr., að hann var fylgismaður þess í sjútvn. Nd. að flytja frv. um það að krefjast þess, að ríkissjóður legði milljónir í að byggja verbúðir fyrir á þessu ári, þó að það sé ákveðið í hafnarl., að ríkissjóður greiði 40% og allt að 50% í styrk til slíkra bygginga samkv. hafnarl. Og snemma á þessu þingi var flutt frv. um, að ríkissjóður hlypi þá strax í að byggja verbúðir á Akranesi fyrir sjómenn. Hv. þm. Borgf. var ekki svartsýnn þá. Þetta frv. var sent til hv. Ed., og hún bjargaði málinu og forðaði Alþ. frá því frumhlaupi. Ég held, að það væri hollt fyrir hv. þm. Borgf. að athuga það, þegar hann er á *ferðinni með till. um framlög fyrir sitt kjördæmi*, að reyna að sjá til þess að bjarga hæstv. Alþ. frá því að fara út í fen eyðslu og ráðleysis, ef hann er svo svartsýnn á ástandið í fjármálunum eins og hann lætur. Ég hafði ekki orðið var við það svartsýnis-kolniðamyrkur hjá þessum hv. þm., meðan ég starfaði með honum í fjvn., sem komið hefur fram í orðum hans við þessa umr. um fjárl. Ef frv. hv. þm. Borgf. næðu öll fram að ganga, mundu útgjöld þeirra vegna nema mörgum millj. kr. En ég skal ekki segja, nema hv. Ed. geti stöðvað þau til þess að koma í veg fyrir allt of mikla eyðslu, sem hv. þm. Borgf. er svo áhyggjufullur út af eftir orðum hans að dæma. Hér er einnig á ferð þáltill. frá þessum hv. þm. um, að endurgreitt verði aðflutningsgjald af bátum allt síðan 1945, sem mundi muna ríkissjóð talsvert á aðra millj. kr. Og fleiri till. liggja fyrir frá honum í sömu átt, hvað hag ríkissjóðs snertir. Nú hefur hv. þm. Borgf. aflað sér þess trausts hjá þjóðinni, að hann sé langsparsamasti maðurinn, sem á Alþ. situr, og er búinn að hafa þetta traust um mörg ár. En hvernig verður sá maður tekinn alvarlega, sem undirskrifar án fyrirvara álit fjvn. um 200 millj. kr. útgjöld annars vegar og á hins vegar slíkar till. í þinginu, sem ég hef getið, þó að hann komi svo og lýsi yfir því *hér með þriggja til fjögurra klst. ræðum samanlagt*, að það sé allt saman tóm vitleysa í raun og veru, sem hann hefur sagt með sinni undirskrift undir útgjöld fjárl. og flutningi sinna till., það sé ómögulegt að greiða neitt af þessu? M. a. mála, sem hv. þm. Borgf. hefur barizt fyrir sitt kjördæmi, þá veit ég ekki betur en að hann hafi sótt það mjög fast — ekki í fjvn., hann var sanngjarn þar —, en við samgmrh. að tryggja sér góðan skerf af fé úr hafnarbótasjóði fyrir Akranes. En hvers vegna? Vegna þess, að Akranes hefur sýnt þann stórhug og þá viðsýni að byggja höfn, sem kostar milljónir kr., og gera aðrar framkvæmdir í trausti þess, að nýsköpunin bregðist ekki. Og sjálfsagt vill hv. þm. Borgf. fá eitthvað fé úr ríkissjóði á móti þessu — úr hinum „stóra, botnlausa kassa". — Ég hygg, að þessi dæmi nægi til þess að sýna, að hv. þm. Borgf. *álíti* ekki, að ástandið sé eins ískyggilegt og hann talar um, heldur sé ástæðan hitt, að hann þoldi ekki, að það væri sagt satt um það, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. *hafði vel gert, af því hann var ekki stuðningsmaður hennar*, með því, sem hún vann að nýsköpun atvinnuveganna í landinu. Og út af því var allur reiðilesturinn og þyturinn í hv. þm. Borgf. hér við þessa umr. — Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði haldið því fram, að hann og hv. 1. þm. Rang. hefðu verið komnir í sjálfheldu, þegar þeir hefðu gengið inn á tekjuáætlunina, sem þeir hefðu talið of háa. Ég hef aldrei haldið þessu fram. Samþykki þessara tveggja hv. þm. viðkomandi tekjuáætluninni kom til af því, að þeir trúðu því, að hún ekki aðeins stæðist, heldur yrði afkoman í því efni miklu betri en áætlunin gerir ráð fyrir. En það er annað, sem þeir hafa gert samning um og lýst yfir, að þeir skyldu vera með í því að skila tekjuhallalausum fjárl. Ef þeir ekki vilja áætla tekjurnar sanngjarnlega, þá er þeim nauðsynlegt að vera með í að leggja nýja skatta á þjóðina. Og þá er bezt, að þjóðin fái að vita, að það vilja ekki aðeins þeir menn, sem telja varlega áætlaðar tekjurnar, heldur einnig hinir, sem telja tekjuáætlunina *of háa*. Þessir hv. þm. verða annaðhvort að lækka gjaldatill. sínar eða koma hreinskilnislega til þjóðarinnar — ef þeir álíta tekjuáætlunina óvarlega — og segja við þjóðina, að þeir verði að pína út úr henni mikla aukna skatta, eða í þriðja lagi verða þeir að ganga hreinlega frá sínum loforðum við þjóðina um að skila tekjuhallalausum fjárl. Það er þessi sjálfhelda, sem þeir eru komnir í, og engin önnur.

Þá sagði hv. þm., að þegar áróðursvíman væri runnin af mér, þá sæi ég, að það væri betra að

kasta ekki varúðarráðstöfunum fyrir borð. Ég segi fyrir mína parta, að ég þykist ekki hafa haldið uppi neinum áróðri. Ég þori vel að leggja mína framsöguræðu fyrir dóm hvers sem er, þegar hún liggur fyrir prentuð. Í henni er ekki áróður, heldur skýrt frá staðreyndum, og hefur ekki verið gerð tilraun til að hrekja þá ræðu. Þær staðreyndir hafa verið staðfestar hvað eftir annað, m. a. af hv. þm. Borgf., sem hvað eftir annað hefur gert það með því að viðurkenna, að þær tölur, sem ég fór með, væru sannar. Enda voru þær teknar frá góðum heimildum. Ég hef því ekki rekið hér neinn áróður. En það er hv. þm. Borgf., sem hér hefur tekið upp sterkan áróður gegn þeirri ríkisstj., sem hann vildi ekki styðja, og með stjórn, sem við styðjum báðir. Og ég er ekki viss um, hvort ég styð nokkru verr þá hæstv. ráðh., sem komu inn í núverandi ríkisstj., en ekki voru í fyrrv. hæstv. ríkisstj., heldur en þá, sem fóru. Hv. alþm. minnast þess kannske, að ég hef engu síður átt í glímu við þá og þeirra flokka á sínum tíma, sem fóru, heldur en þá, sem komu. Og hv. 1. þm. Rang. veit vel, hvað í því sambandi hefur gerzt í fjvn. á s. l. tveimur árum.

Ég skal svo svara nokkru hv. 1. þm. Rang., þó að mikið af því, sem ég sagði gagnvart ræðu hv. þm. Borgf., ætti einnig við hv. 1. þm. Rang. Þessi hv. þm. sagði, að það hefði farið að minnka á mér risið, þegar komið var fram yfir lágnættið, einhvern tíma við þessar umr. móts við það, sem hefði verið um hádegi einhvers dags, og var að tala um, að allir sjóðir væru upp étnir. Ég veit ekki, hvað er að éta upp í þessu sambandi (**HelgJ**: Að tæma kassann.) Ég veit ekki til þess, að það hafi hingað til verið kallað að éta upp fé ríkissjóðs, þó að borgaðar hafi verið skuldir og lagt hafi verið fé í arðbær fyrirtæki, sem margar milljónir kr. hafa nú farið til úr ríkissjóði. — Svo fór hv. 1. þm. Rang. að vara hv. þm. við því að samþykkja nú mikið af brtt. hér við fjárl. (**HelgJ**: Nema frá fjvn.) Ég hef ekki lagt til, að nein brtt. verði samþ. fram yfir þær brtt., sem fram koma frá fjvn.

Þá vil ég aðeins svara nokkrum fyrirspurnum, sem gerðar hafa verið til mín. Till. hv. þm. S-Þ. um greiðslu til Geirs Sigurðssonar mun verða tekin til athugunar í fjvn. En erindi hefur ekki komið til n. enn um þá greiðslu, og hefur fjvn. því ekki tekið afstöðu til málsins. Sama er að segja um þáltill. sama hv. þm. viðkomandi Grenivík. Ég sá ekki ástæðu til þess, úr því að hv. þm. vildi hafa þann hátt á að bera fram þáltill. um þetta, að taka það inn á brtt. n. Það er þá bezt, að hann bíði eftir því, hvað fjvnm. segja um það atriði. Sama er að segja um till. um grafhellur og um fé til ferðalaga fyrir forstöðumenn ríkisstofnana og a. n. l. um brtt. varðandi menntaskóla. Ég sé ekki ástæðu til, að fjvn. taki þessi mál sérstaklega til athugunar gagnvart þessari umr., eins og þær till. ber hér að, sem brtt. við fjárlagafrv.

Hv. 3. landsk. (HV) vil ég segja það, að ég hygg, að það gæti nokkuð mikils misskilnings hjá honum út af þessu fé, sem unnið hefur verið fyrir í vegagerð á síðasta ári í Norður-Ísafjarðarsýslu og hann hefur talað um. Hann talaði um, að það væri ekki fé ríkissjóðs. Vitanlega er það ekkert annað en fé ríkissjóðs. Það er fé, sem ákveðnir menn hafa lánað ríkissjóði, til þess að gera þessar ákveðnu framkvæmdir. Þessir menn eiga ekki að gera þessar framkvæmdir, heldur ríkissjóður. Og till. fjvn. um vegaframlög taka ekki til þeirra greiðslna, sem þannig utan við fjárl. hafa verið greiddar af hálfu ríkissjóðs, hvar sem er á landinu, vegna þess að það var ákveðið af fjvn., að þeir menn, sem þannig hefðu tekið fé til vegaframkvæmda, um 2 millj., úr ríkissjóði, skyldu sjálfir bera ábyrgð á því og fá að glíma við sínar gerðir í þeim málum. Fjvn. vill ekki skipta sér neitt af þeim greiðslum, en mótmælir því harðlega að hafa þann hátt á um greiðslur á fé til vegaframkvæmda. Og vegamálastjóri og samgmrh. hafa tekið 943 þús. kr. af vegafénu á s. l. ári og fært það til á milli héraða. Ég veit ekki, hvaðan þeir hafa tekið aukaframlag í Bolungavíkurveginn. Kannske úr Rangárvallasýslu eða Oddsskarði. Ég veit það ekki, en frá einhverri fjárveitingu hafa þeir tekið það, því að því hefur verið lýst yfir af vegamálastjóra og hæstv. samgmrh., að vegafé væri ekki geymt frá fjárveitingum þess árs. (**HV**: Það kemur á aukafjárlög.) Og fjvn. mun ekki taka upp þessa upphæð, ekki undir neinum kringumstæðum. Það er því óþarfi fyrir hv. þm. að taka aftur þessa brtt. til 3. umr., því að ég veit, að ef fjvn. færi að raska því, sem hún nú leggur til viðkomandi vegamálum, mundi það skapa alls konar erfiðleika út af því, sem búið er að ákveða í sambandi við vegamálin.

Ég hafði aldrei sagt, að það væri álit fjvn., að ekki væri rétt að veita tvívegis fé til sömu bryggju. Ég sagði, að það væri mjög mikið vafamál — minntist ekkert á, hvað fjvn. segði —, hvort það væri ekki á móti anda hafnarl. Og það er allt annað atriði. Svo talaði hv. 3. landsk. um, að það „væri þokkaleg tillaga frá skólastjóra stýrimannaskólans" að vilja ekki mæla með því, að 125 þús. kr. verði veittar til byggingar sjómannaskóla á Ísafirði. Það er náttúrlega mál, sem þessir tveir menn geta rætt um. En ég vil leyfa mér að benda hv. 3. landsk. þm. á það, að ég teldi eðlilegast, til þess að tryggja greiðslu í framtíðinni til þessa máls, að bera fyrst fram frv. um það, að það skuli stofna sjómannaskóla á Ísafirði. Það stendur aðeins í l., ef ég man rétt, að þar skuli fara fram námskeið í þessum fræðum, og sama gildir um fleiri staði annars staðar á landinu. Nú er það ekki sama og að reisa skóla fyrir um 700 þús. kr. á hverjum þessara staða (**HV**: Námskeiðin þurfa að vera undir þaki.) Það er mikið annað mál, hvort á að sjá fyrir þaki yfir námskeið, sem á að standa í 3—4 vikur, eða það á að byggja sjómannaskóla. Og mega þessi ummæli mín ekki takast þannig, að ég sé því mótmæltur, að sjómannaskóli verði reistur á Ísafirði. Síður en svo. En eftir því, hvernig löggjöfin er sniðin, er ekki ætlazt til þess, að settir verði upp héraðssjómannaskólar um landið fyrst um sinn. Það gerir ekki til, þó að þetta sé rætt, en ef það á að fást fram, hygg ég, að þurfi að bera fram frv. um það.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. N-M. gerði fyrirspurn um skiptingu á fé til dýralækna, þá skal ég ræða um þetta atriði við fjvn., hvort hún vill t. d. ganga frá þessari skiptingu á fénu nú, áður en hún lýkur störfum, og þá láta bóka það í fundargerðabók sína. Ég teldi það ekki á nokkurn hátt óeðlilegt, en sé hins vegar ekki ástæðu til þess að setja ákvæði inn í fjárl. um skiptingu á þess-

um fáu krónum. Sama er að segja um styrkinn til ferjuhalds. Ég tel rétt að fá till. frá vegamálastjóra um það, hvernig þessu skuli skipt, og ræða um það við fjvn., hvort hún vill færa það inn í gerðabók, þannig að þar séu a. m. k. gögn til, sem menn geti gengið að, um það, hvað skuli fara í hvert hérað af þessu fé. — En á þessum lið, sem hv. 1. þm. N-M. gerði að umtalsefni, er beinn byggingarstyrkur til Fornahvamms 200 þús. kr., og er til athugunar, hvort ekki á að taka þessa greiðslu upp á 20. gr., því að þar er um eignahreyfingu að ræða, þó að þetta hafi verið sett á rekstrarreikning. — Hins vegar vil ég upplýsa, að einstakir aðrir staðir hafa fengið nokkurt tillag úr þeim sjóði, sem kemur af sérleyfisgjöldum af bifreiðum, sem hefur verið skipt af vegamálastjóra og póst- og símamálastjóra sameiginlega, eftir því sem þörf hefur verið fyrir.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um Hvalfjarðarferjuna. Sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég hef þegar sagt hér um það mál. Það liggja gögn fyrir um það frá vegamálastjóra, að þessi hluti vegarins þarna, sem unnið hefur verið fyrir, sé í þjóðvegatölu. En í sambandi við það, að hann ávítaði fjvn. fyrir að hafa átt þátt í, að þessu fé var þannig varið á síðasta ári, vil ég taka fram, að ég átti engan þátt í því. Ég var ekki á því undirskriftarskjali, sem afhent var ráðh., og ber þar af leiðandi enga ábyrgð á því skjali, en hins vegar fulla ábyrgð á þeirri upphæð, sem tekin var inn í fjárl. til þessa samkv. ósk n. — En mér sýnist fyrir það jafnathyglisvert, þegar tekið er fé utan við fjárl. til ýmissa framkvæmda, m. a. 2 millj. kr. til vegagerða og í ýmsar aðrar greiðslur. Og tel ég rétt að víta það. En fjvn. á enga sök á því. — Ég hygg, að það sé misskilningur, að Akraneskaupstaður ætli sér að reka þessar ferjur. En það var sett að skilyrði af fyrrv. hæstv. fjmrh. fyrir fjárgreiðslunni í lendingarbætur þarna, að hún yrði framkvæmd eftir l., sem um það giltu fyrir Akraneskaupstað. En mér skilst, að Akraneskaupstaður hafi þverneitað að koma þarna á móti með sinni þátttöku. Hvernig leystist úr því máli eða leysist, veit ég ekki. Það er mál milli fyrrv. hæstv. ráðh. og Akraneskaupstaðar.

Mér virtist hv. 2. þm. S-M. hafa misskilið atriði í því máli, sem hann gerði að umtalsefni. Hann sagði, að ég hefði hallað á minningu Sigurðar heitins Thorlaciusar skólastjóra. Það er ekki rétt. Ég hef ekkert farið út í það atriði, nema byggt á þeirri skýringu, sem kom fram í þessu sambandi, um, að það verði að vinna verkið allt upp aftur. Hvaða skilning hann leggur í það, hv. 2. þm. S.-M., veit ég ekki. Ég veit ekki, hvaða skilning barnakennarar leggja almennt í skrifað mál. En við í fjvn. lögðum þann skilning í þetta, að það þyrfti að vinna allt verkið upp aftur. — En ég vildi sættast á það við hæstv. menntmrh., að hann athugi það og geri viðeigandi framkvæmdir í því — úr því að Sigurður heitinn Thorlacius skólastjóri var þessi afburða maður í þessum efnum, er að gáfnaprófum laut, og það gat samrýmzt þessu hans starfi, að hann væri skólastjóri einnig —, að Matthías Jónasson verði nú settur skólastjóri við þennan barnaskóla, svo að hann af ást til þessarar starfsemi gæti unnið að þessu með skólastjórastörfunum, eins og Sigurður heitinn gerði, og að hv. 2. þm. S-M. af sömu ást á þessu gáfnaprófsstarfi viki á meðan úr skólastjórastöðunni. Þetta gæti verið mál á milli þessara hv. þm., ef hv. 2. þm. S-M. hefur eins mikla tilhneigingu til að bjarga þessari starfsemi frá því að falla niður og kom fram í ræðu hans. Hann sagði, að þetta mundi ekki taka nema tvö til þrjú ár, og kannske mætti finna eitthvert starf handa hv. 2. þm. S-M. á meðan, sem nú er skólastjóri Austurbæjarskólans, úr því að þetta tvennt sameinast svona ágætlega vel, að vera þar skólastjóri og starfa að þessu verki, sem Matthías Jónasson hyggst að vinna í þessu efni.

Ég held, að það hafi ekki verið annað af aths., sem gerðar voru hér, sem ég þarf að svara. Leyfi ég mér að láta ræðu minni lokið og býst þá kannske við að verða síðastur á mælendaskrá og umr. verði slitið eftir þessa ýtarlegu ræðu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er í raun og veru ekki ástæða fyrir mig til þess að vera langorður, þó að hér hafi verið haldin löng ræða og víða verið komið við. Annars verð ég að segja það, að mér finnst vera talsvert mikill munur á því að heyra hv. form. fjvn. og frsm. tala um þessi mál, og þá sérstaklega um fjárlagafrv. og brtt. við það og afgreiðslu á því frá hv. fjvn., annars vegar á þeim fundum, a. m. k. sem ég var til kvaddur til að vera á með fjvn. til að ræða þessi mál, og hins vegar þeim skoðunum og fullyrðingum, sem nú koma fram hjá hv. frsm. fjvn., og þeim stóryrðum, sem rignir nú yfir mig og aðra frá þessum hv. þm., frsm. fjvn., að því er mig snertir fyrir það eiginlega, að ég skuli láta í ljós nokkra skoðun á þessu máli. Þegar við sátum saman í fjvn., þessi hv. þm. og ég, og rætt var um hina stóru útgjaldaliði og þær till. um gjaldahækkanir, sem fyrir lágu og verið var að reyna að sneiða hjá eða höggva í, þá virtist mér yfir höfuð ekki ákaflega mikil bjartsýni ríkjandi í fjvn. Þá voru allir — og að ég álít af eðlilegum ástæðum — heldur alvörugefnir og þóttust sjá fram á mikil vandkvæði á því að fá þá afgreiðslu á fjárlagafrv., að verjandi væri fyrir hæstv. Alþ. að skilja þannig við það sem lög. Þetta fannst mér yfir höfuð vera sá tónn, sem ríkti í fjvn. á þeim þó nokkuð mörgu fundum, sem ég sat með fjvn., stundum ásamt öðrum ráðh. En hér kveður nú talsvert við annan tón hjá hv. frsm. n., því að hér eru menn af honum flokkaðir í stórhuga og bjartsýna menn annars vegar og hins vegar svartsýna menn, sem eiginlega sé ekki takandi mark á o. s. frv.

Hvað er það svo, sem ég lagði til þessara mála, þegar ég talaði hér í kvöld? Ég gerðist svo djarfur að benda á, að þessi stórstíga hækkun á ríkisútgjöldum, sem m. a. stafaði af margvíslegum l., sem samþ. hafa verið á síðustu árum, væri orðin okkur ofvaxin til þess að mæta henni. Ég benti á, að það færi að verða næsta erfitt og mundi núna verða alveg nóg að færast í fang að finna tekjur til þess að mæta þessum útgjöldum. Og hvað var það svo annað, sem ég sagði? Ég sagði, að verðbólgan yfir höfuð væri orðin þess valdandi, að við yrðum að heimta stórum hærra verð fyrir útflutningsafurðir okkar en keppinautar okkar um markaðinn fyrir þær vörur. Og ég dró af því þær ályktanir, að eftir minni hyggju gæti það ekki gengið til frambúðar og að hér yrði að breyta um stefnu, innan þings og utan, ef ekki ætti verr að

fara. Þetta er það, sem að dómi hv. form. og frsm. fjvn. er alveg óleyfileg svartsýni og í algerðri mótsögn, að hans dómi, við þann stórhug og þá bjartsýni, sem ríkir í hv. fjvn. — Það kann að vera stundum nokkuð skammt öfganna á milli. En ég er ákaflega hræddur um það, að hv. frsm. fjvn. hafi hér talað allmjög á annan veg en þau orð voru, sem hann lét falla utan funda í fjvn. og á þeim fundum meðan fjárlagafrv. var til meðferðar í fjvn. Ég varð satt að segja ekki var við annað þá en að þessi hv. þm. liti á þetta svipuðum augum og ég hef hér sagt, þannig að við værum komnir á allt of mikinn hættustig í þessum efnum. Það getur vel verið, að ég hafi misskilið þennan hv. þm. og að hann hafi þá verið og sé enn þeirrar skoðunar, að það sé — eins og sagt er á götunni — „allt í lagi", hversu mörgum tugum eða hundruðum milljóna sem kingt er niður á útgjaldahlið fjárl., sem verður svo að finna mótvigt á móti með sköttum og tollum og öðrum kröfum ríkissjóði til handa.

Ég benti á, að ef löggjöfin er ákveðin svo, að hún leggur þjóðinni allt of þungar skyldur á herðar um tekjuöflun til ríkissjóðs, svo að til vandræða horfir, þá er ekki nema einn vegur til að bjarga því við, að lagfæra þá löggjöf. Hv. frsm. fjvn. fer hér nokkuð fljótt yfir sögu, því að hann fær út úr þessum orðum mínum það, að ég vilji helzt afnema heilan hóp af lögum. Það er kannske nokkur munur á því, hvort menn vilja afnema lög, eða hins vegar, hvort þeir vilja breyta þeim og færa þau í hagkvæmara horf eftir ástæðum.

Annars skal ég ekki þreyta kappræður við hv. þm. Barð. út af þessu. En ég vil frábiðja mig því, að hafa verið með nokkrar ásakanir á fyrrv. hæstv. ríkisstj., ef hann hefur átt þar við mig. En það var ekki gott að greina, eftir orðum þessa hv. þm., hvort hann átti þar við mig. Ég gaf hér meira að segja upplýsingar, byggðar á staðfestum tölum frá ríkisstj., til þess að sýna, að þessi skortur á fé, sem nú er til staðar í ríkissjóði, væri til kominn af eðlilegum ástæðum, af því að það hefði verið greitt úr ríkissjóði til ýmissa fyrirtækja, sem búið hefði verið að heimila að taka lán til, en hefði ekki verið enn gert. Það voru engar ásakanir í því af minni hálfu á fyrrv. hæstv. ríkisstj., þótt ég gæfi þessa skýrslu, heldur var ég blátt áfram að skýra þetta atriði.

Ég vil benda á til að sýna, hvað hv. frsm. fjvn. tekur sterk orð sér í munn, að hann minntist hér á eina löggjöf og sagði um hana, að hvaða byrði sem lögð væri á ríkissjóðinn til þess að framkvæma þau l., væri sjálfsagt að láta þau standa óbreytt. Svona fullyrðingar út í loftið sýna bezt, hvað það er ákaflega vægast sagt óyfirvegað, sem farið er með. Og þess hefur gætt fullmikið í þessum umr., að hv. frsm. fjvn. hafi fundið sig til knúðan, vegna mótmæla af hálfu annarra hv. þm., að fara um málin hvössum orðum.

Svo held ég, að óþarfi hafi verið að draga fyrrv. hæstv. ríkisstj. inn í þessar umr., eins og hér hefur verið gert. Ég sé ekki, að nauður hafi rekið til þess og að það sé ekki um það að ræða hér, hvað hún hefur gert, heldur það vandamál, sem þingið á nú við að stríða, að afgreiða fjárl. sómasamlega og að finna það, sem ég kallaði haldkvæma tekjustofna, til þess að vega upp á móti greiðslunum. Það er ekki frekar mál fyrrv. hæstv. ríkisstj. en mál þeirra, sem ekki voru og ekki eru í ríkisstj. Það er vandamál þingsins í heild. Og þetta vandamál, skilst mér, að við höfum allir verið til kvaddir til að leysa og að það sé það, sem á að ráða gerðum okkar og stefnu, að ráða til lykta þessu vandamáli í þetta sinn og með hliðsjón af framtíðinni, að svo miklu leyti sem unnt er og í okkar valdi stendur.

Loks skal ég segja nokkur orð í sambandi við áskorun, sem hv. þm. beindi til mín, um að ég gæfi yfirlýsingu í sambandi við þau skilyrði, sem ég setti fram í fjvn. á sínum tíma og hann þá virtist ekkert hafa við að athuga. Ég ætla ekki að setja nein ný skilyrði. En ég stend við þá hluti, sem ég hef sagt í sambandi við þetta. Úr því að þess var krafizt af mér, að ég segði til um það, hvað ég gæti samþ., að gengið yrði langt í fjvn. til breyt. á fjárlagafrv., þá sagði ég þetta, sem ég til tók í minni fyrri ræðu, að samþykki mitt í því efni yrði að vera að því tilskildu, að samkomulag yrði um öflun tekna á móti, og enn fremur að því tilskildu, að ríkar skorður yrðu við því settar, að ekki væri krafizt, að aðrar fjárveitingar yrðu af hendi greiddar en eftir samþ. Alþ., hvernig sem viðhorfið væri. Og þetta er engin ný bóla, þó að fjmrh. setji þessi skilyrði. Og það hefur oft staðið á 22. gr. fjárl. ýmislega orðuð heimild fyrir ríkisstj. í því efni, til þess að hún geti verið viðbúin örðugleikum, sem fyrir kunna að koma. Þegar ég ræddi um þetta, var á fundi í fjvn. ekkert haft við þetta að athuga í sambandi við þessi fjárl., og ég held, að öllum þar hafi þótt þetta eðlilegt ákvæði. Og margir aðrir en ég tóku undir það, að þetta síðastnefnda atriði yrði að vera vel skorðað.

Yfir höfuð álít ég, að með samþykkt á brtt. hv. fjvn. sé komið það langt á útgjaldabrautinni, að hér megi ekki vera um verulegar hækkanir á fjárlagafrv. aðrar að ræða, ef við eigum að geta staðið við það að afgreiða fjárlög rekstrarhallalaust. Kann að reynast fullerfitt að ná því marki, og því rétt, eins og ég sagði, að hér sé reynt að stinga við fótum, þó að hins vegar sé aldrei hægt að tiltaka, að að þessari eða hinni krónunni megi fara með útgjöldin og ekki lengra.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hv. frsm. fjvn. kastaði hér hnútum víða um salinn, og hefði getað verið ástæða til að svara ýmsu af því, sem hann tók fram. En ég skal yfirleitt sleppa því. Það voru aðeins tvö atriði, sem ég vildi minnast á, sem snerta mitt starf. Fyrst og fremst viðvíkjandi því, að hv. form. og frsm. fjvn. vildi benda mönnum á þá leið að gera nú lagabreyt. þannig, að ágóði viðtækjaverzlunarinnar renni í ríkissjóð, en ekki til útvarpsins. Ég vil nú mjög eindregið óska eftir því, að ekki verði horfið að þessu ráði. Frá upphafi hefur útvarpinu verið ætluð þessi tekjuöflun. Og þó að dálitill tekjuafgangur hafi orðið hjá útvarpinu nú um sinn, sem lagður hefur verið í byggingarsjóð, þá skortir á, að sá byggingarsjóður sé nægilega öflugur. Og svo er hitt, að margt getur komið fyrir viðvíkjandi rekstrinum, sem geri það að verkum, að útvarpinu veiti ekki af þessum tekjum.

Hitt atriðið er það, að hv. frsm. fjvn. sagði, og það nokkuð í aðfinningartón, að það væri farið að

lána fé frá útvarpinu kaupmönnum hér í bænum. En það mál er vaxið eins og nú skal frá sagt.

Útvarpið á nokkurn byggingarsjóð. Og það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að gera teikningar að útvarpsbyggingu, sem hv. frsm. fjvn. minntist á. Ég hef nú látið segja mér það af forráðamönnum útvarpsins, að húsakynni þess séu óviðunandi, þannig að annaðhvort yrði að leggja út í byggingu handa útvarpinu eða þá hitt að leigja húsnæði handa því. Og um það leyti er ég tók við ráðherrastarfi, skýrði útvarpsstjóri mér frá, að hann ætti kost á að fá leigt húsnæði hjá Silla og Valda, en þetta húsnæði væri ekki hægt að fá leigt nema með því að borga allmikið af leigu fyrir fram og þetta væri því í raun og veru lán, en yrðu þó borgaðir vextir af fyrirframgreiðslunni á leigunni. Og vegna þess að ég álít það ranga stefnu að byggja útvarpshús í bráð, og reyndar óframkvæmanlegt, vildi ég ekki setja fót fyrir það, að þetta húsnæði yrði tekið á leigu, og þá með því skilyrði, sem sett var. En leigan á að vera eftir mati húsaleigunefndar. Ég hef ekki getað séð, að það væri á móti tilgangi byggingarsjóðs, þó að fé hans væri notað til þess að tryggja útvarpinu húsnæði á þennan hátt. Það má kannske segja, að það geti orkað tvímælis, hvort það hafi átt að fara nákvæmlega svona að þessu eins og gert var. En ég féllst á þessa till. útvarpsstjóra, af því að ég trúði því, að það væri mjög erfitt að fá húsnæði með húsnæðismatsverði, án þess að greiða fyrirfram leigu. En bygging útvarpshúss hlýtur að dragast svo, að ekki þurfi á þessu fé að halda í þá byggingu á þeim tíma, sem það er raunverulega lánað á þann hátt, sem ég hef tilgreint.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Það, sem kom mér til að biðja um orðið hér, var ræða hv. 2. þm. Rang. Mér virtist hann vera undrandi yfir því, að það skyldu koma fram raddir frá okkur fjvnm. um það, að við teldum, að tekjuliðir fjárlagafrv. væru óvarlegar áætlaðir en æskilegt væri. Og máli sínu til stuðnings vísaði hann til þess, að undir nál. fjvn. hefði verið skrifað fyrirvaralaust af nm. Þessi hv. þm. vissi það þó vel, að það voru a. m. k. þrír nm., sem tóku það fram, að þeir teldu vissa liði á tekjuhlið fjárlagafrv. óvarlegar áætlaða en æskilegt væri. Þetta var ekki fyrst og fremst af því, að þeir óttuðust, að einstakir tekjuliðir kynnu að bila, frá því sem gert er ráð fyrir tekjum af þeim í frv. — þeir tóku þetta fram —, heldur bentu þeir á það, að þótt svo ekki yrði, væri a. m. k. hætt við, að þessir tekjuliðir mundu ekki reynast það miklu tekjuhærri en þeir voru áætlaðir, að vona mætti, að tekjurnar reyndust það mikið fram yfir áætlun, sem reynslan sýnir, að þyrfti að vera til þess að mæta útgjöldum, sem ekki væri fyrir séð á fjárlagafrv. — Ég vildi að gefnu tilefni taka fram, að ég var einn af þeim mönnum, sem hafði þetta viðhorf í fjvn., þó að ekki yrði af því, að við létum það koma fram í nál.

Um þá bjartsýni, sem þessi sami hv. þm. lét í ljós um framtíðarhorfur bæði ríkissjóðs og þjóðarinnar, ætla ég ekki að fara að tala nú. Ég vil aðeins leyfa mér að vísa í því efni til ræðu hæstv. fjmrh. og þeirra varnaðarorða, sem hann lét á því sviði falla í sinni ræðu hér í dag.

Ég má varla hafa þetta öllu lengra. Það er nú orðið áliðið kvölds. En ég vil samt vona, að mér verði virt til vorkunnar, þótt ég hafi nokkuð hrifizt með af þessari snjöllu ræðu hv. þm. Barð., þegar jafnvel dauðir hlutir hafa tekið undir, eins og t. d. borðið fyrir framan þann hv. þm. Ég verð að taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði nú, að ég í raun og veru kannast ekki við hv. þm. Barð. í ræðum sínum nú, hvorki sem form. fjvn. og ekki heldur sem frsm. n. á þann hátt, sem ég bjóst við, að hann kæmi fram sem frsm. fjvn. En hinu ber að játa, að ég hef áður heyrt til hans sem þm. Barð. í fjvn. þannig, sem minnir mig á hans framsöguræðu hér, m. a. þegar hann krafðist svona um tíunda hluta af öllu vegafénu í sína sýslu.

Ég vil taka undir það, sem tveir hv. fjvnm. hafa tekið fram, að ég vil frábiðja mér alla bjartsýni í sambandi við þetta fjárlagafrv. Það játa ég, að það er kannske vanmáttartilfinning, sem ég hef fundið hjá mér í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv., sem maður finnur til, þegar maður ræður ekki við það verkefni, sem maður hefur við að glíma. Og ég skal einnig játa það, að ég varð heldur aldrei var við bjartsýni hjá hv. form. fjvn. í störfum hans í fjvn. Ég varð ekki var við, að það væri bjartsýni, þegar hann réttilega var að benda okkur á það í n. í umr., hversu illa horfði fyrir atvinnuvegunum nú og hvernig þessi eða hinn togarinn hefði selt og hversu þessi og þessi togarinn væri búinn að tapa mörgum þúsundum á hverjum tíma. Og það var engin sérstök bjartsýni, sem mótaði starf hans þá í n. Mér fannst hann sem nm. í fjvn. vilja taka málin eins og nauðsyn krafðist. — Um stórhugann er sama að segja. Það er raunalegt að þurfa að játa, að þessi stórhugur kom a. m. k. ekki fram í fjárlagafrv. Og hann kom heldur ekki fram í fjárveitingartill. fjvn., lengi fram eftir vetrinum, hvorki um skólamál, brúamál, flugmál eða önnur mál, sem aðkallandi þörf er að leysa. Ég játa, að fjvn. hafði að lokum aðstöðu til þess að leggja til, að meira væri veitt til þessara mála sumra en til stóð um tíma, þannig að betur rættist úr en á horfðist.

Mér skildist hv. frsm. vera að reyna að sanna í þessari síðustu ræðu sinni bjartsýni sína og fjvn. með því að nefna ýmsar þær brtt., sem hún kemur fram með, og tek ég til dæmis m. a. 90 þús. kr. til viðgerðar Hólakirkju. Ég get ekki kallað það bjartsýni, þó að ég vilji ekki bera á móti þeim rökum, sem þessi hv. þm. færði fram máli sínu til sönnunar, að fyrst kirkjan hefði staðið þarna síðan á 17. öld, þá hefði hún ekki hlaupið burt, þó að ekki væri veitt fé til hennar nú. Það er rétt, hún hefði ekkert hlaupið. — Alveg eins skal ég minna á það, að það er kannske ekki hægt að bera á móti því, að það séu rök, sem fram kom í svari hans við fjárbeiðni til menntaskólans á Akureyri, sem þessi hv. þm. ályktaði, er bent var á, að það hús, sem um var að ræða að byggja upp, væri timburhús og því í eldhættu og þar byggju margir menn, sem væru í hættu, ef eldur kæmi þar upp. Þá sagði hv. form. fjvn., að það væri ekki mikil ástæða til að gera mikið úr þessu, þar sem hús þetta hefði verið byggt um aldamót og væri óbrunnið enn. Þetta eru náttúrlega rök í lagi! — En það eru bara ekki rök í sambandi við það, sem um er að ræða hér, því að treg hafa verið bjartsýnin og stórhugurinn hjá fjvn. í vetur. Það

stendur og varla til, að fjárlagafrv. hafi borið með sér merki þessara elginda, þegar það kom í hendur fjvn., þegar fyrrv. hæstv. fjmrh. virtist ekki hafa treyst sér til þess að horfast í augu við ýmsar staðreyndir, sem fyrirsjáanlegt var, að horfast þyrfti í augu við og taka til greina. Gilti það um framlag til dýrtíðarráðstafana og margt og margt annað.

Þetta var sem sagt allt á sömu bókina lært. Og ég sé ekki, að við í fjvn. þurfum sérstaklega að hrósa okkur neitt í þessu sambandi, heldur miklu fremur að hryggjast yfir því að þurfa að leggja fjárlagafrv. fram fyrir Alþ. eins og við höfum neyðzt til að gera. Og það væri ástæða til að fara fleiri orðum um það. En ég skal samkv. beiðni hæstv. forseta um, að menn stytti fremur mál sitt, láta við þetta sitja að sinni.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Í íslenzku máli er talað um hausthug og vorhug. Ég man það í haust, þegar fjvn. settist á rökstólana, að þá var ekki mikið af þeim stórhug og bjartsýni hjá okkar virðulega fjvn-form. eins og var hér í dag og í gær. Hann lýsti því í haust með mörgum orðum, og að mínu álíti alveg réttilega, hvernig komið væri fyrir atvinnuvegum okkar. Hann lýsti því, hvernig komið væri með sína eigin togara. Og ég sá, að hann var raunamæddur á svip, þegar hann sagði frá því, að á útgerðinni hefði hann tapað 300 þús. kr., þannig væri komið fyrir okkar atvinnuvegum, að ekki væri hægt að láta þá bera sig, og það þrátt fyrir það, að salan væri sæmileg, og þrátt fyrir ágæta stjórn á framleiðslutækjum þessum. Og hann gat þess þá með þungum og ákveðnum orðum — og þá smáll meir í borðinu en í dag fyrir framan hann —, að sumir hæstv. ráðh., sem áttu sæti í ríkisstj., mættu aldrei koma nálægt neinum atvinnurekstri, því að í öllu, sem þeir kæmu nálægt, væri sama sukkið og óreiðan, eins og allir vissu, sem nokkuð hefðu kynnzt þessum málum. En nú hefur hv. form. fjvn. alveg skipt um skoðun um væntanlega afkomu atvinnuveganna. Og ég veit, af hverju það er. Nú er hann búinn að fá nýja ríkisstj. Og enda þótt kassinn sé tómur, þegar hún tekur við, þá vonumst við nú til þess, og ekki sízt hv. form. fjvn., að eitthvað kunni að koma í kassann. Og þess vegna erum við samþykkir þessum stórhuga till., um að byggja skóla, verja landbroti, byggja brýr og yfir kýr, til þess að þær gefi arð, o. s. frv., o. s. frv., í því trausti, að það verði betur farið með það fé, sem þjóðin aflar, en á undanfarandi árum hefur verið gert. Og í því trausti höfum við samþ. það fjárlagafrv. ásamt brtt., sem hér liggur fyrir.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil bara að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Rang. lýsa algerlega ósönn þau ummæli, sem hann hafði hér eftir mér um fyrrv. hæstv. ráðh. Þau eru algerlega ósönn. — Tel ég ekki ástæðu til að ræða meira við hann um þetta á þessu stigi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 24. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 542,1 samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 542,2—6 samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 542,7 samþ. með 31:2 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 542,8—10 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 542,11 tekin aftur.
11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 542,12 samþ. með 30:2 atkv.
— 560,I tekin aftur.
— 542,13 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 560,II felld með 24:9 atkv.
— 560,III tekin aftur.
12. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 560,IV felld með 37:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, AJ, ÓTh, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GÍG.

nei: HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GTh, HÁ, HB, JPálm.

3 þm. (SB, BSt, GÞG) fjarstaddir.
Brtt. 542,14.1—2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 542,14.3 samþ. með 37:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, KTh, LJóh, AJ, PÞ, PM, PO, SigfS, SG, SEH, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁS, BBen, BK, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GSv, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, HermG, HermJ, IngJ.

nei: PZ, SK, JPálm.

ÓTh, StgrSt, ÁÁ, BG, BÁ, EE, GÞ, GÍG, GTh, HB greiddu ekki atkv.

2 þm. (SB, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 542,14.4—13 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 560,V.1 tekin aftur.
— 542,14.14 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 560,V.2 tekin aftur.
— 542,14.15—26 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 560,VI tekin aftur.
— 542,14.27 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 560,VII.a tekin aftur.
— 542,14.28—30 samþ. með 34 atkv.
— 560,VII.b tekin aftur.
— 542,14.31—32 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 560,VIII tekin aftur.
— 542,14.33—36 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 560,IX tekin aftur.
— 542,14.37—38 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 542,14.39—68 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 564,I tekin aftur.
— 542,14.69 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 560,X.1 tekin aftur.
— 542,14.70—95 samþ. með 40 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi beina þeirri spurningu til hv. fjvn., hvort hún vilji ekki taka aftur til 3. umr. liði 96, 98 og 99 á þskj. 542,14.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd n., að þessir liðir verða teknir aftur til 3. umr.

Brtt. 542,14.96 tekin aftur.
— 542,14.97 samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 542,14.98—99 teknar aftur.
— 542,14.100—102 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 542,15.1 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 560,X.2 felld með 37:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.
nei: HB, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, ÓTh, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, JPálm.
LJóh, BG greiddu ekki atkv.
2 þm. (SB, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 542,15.2—8 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 560,XII tekin aftur.
— 542,15.9—10 samþ. með 30:1 atkv.
— 560,XI tekin aftur.
— 542,15.11—12 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 560,XIII tekin aftur.
— 542,15.13—23 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 560,XIV tekin aftur.
— 542,15.24 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 542,15.25 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 560,XV tekin aftur.
— 542,15.26 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 560,XVI felld með 24:11 atkv.
— 560,XVII tekin aftur.
— 566,1 tekin aftur.
— 542,16 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 560,XVIII felld með 26:10 atkv.
— 542,17.a.1 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 560,XIX tekin aftur.
— 542,17.a.2—5 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 560,XX tekin aftur.
— 542,17.a.6 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 560,XXI tekin aftur.
— 542,17.a.7 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 560,XXII.1 tekin aftur.
— 542,17.a.8—15 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 560,XXII.2 tekin aftur.
— 542,17.a.16—25 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 542,17.b.1—14 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 560,XXIII felld með 38:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GTh, HermG, KTh, AJ.
nei: SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÍG, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PM, PO.
JPálm greiddi ekki atkv.
2 þm. (SB, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 542,17.b.15—17 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 560,XXIV tekin aftur.
— 542,17.b.18—21 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 560,XXVI tekin aftur.
— 542,17.b.22 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 560,XXV tekin aftur.
— 542,17.b.23—24 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 560,XXVII tekin aftur.
— 542,17.b.25 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 560,XXVIII aðaltill. felld með 34:11 atkv.
— 560,XXVIII varatill. felld með 36:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AJ, ÓTh, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GÍG, HermG, KTh, LJóh, JPálm.
nei: PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB.
2 þm. (SB, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 542,17.b.26—32 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 560,XXIX felld með 29:10 atkv.
— 542,17.b.33—36 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 545,1 felld með 29:10 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 542,18 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 545,2 felld með 25:11 atkv.
— 560,XXX.1 felld með 25:11 atkv.
— 560,XXX.2 tekin aftur.
— 542,19 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 542,20 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 542,21 samþ. með 27:1 atkv.
— 542,22 samþ. með 32:1 atkv.
— 542,23 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 545,3 tekin aftur.
— 545,4 aðaltill. felld með 33:11 atkv.
— 545,4 varatill. felld með 27: 16 atkv.
— 542,24 samþ. með 34:1 atkv.
— 542,25 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 545,5 samþ. með 25:10 atkv.
— 542,26 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 545,6 felld með 30:11 atkv.
— 542,27 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 542,28 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 542,29 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 542,30 samþ. með 37:1 atkv.
— 545,7 tekin aftur.
— 545,8 felld með 34:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, BG, BrB, EOl, GÞG, HermG, JóhH, KTh, AJ, SigfS, SG, StgrA, StgrSt, ÁkJ.
nei: BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SkG, StJSt, ÞÞ, ÁÁ, JPálm.
HV, SÁÓ greiddu ekki atkv.
2 þm. (BSt, SB) fjarstaddir.
Brtt. 542,31 samþ. með 25:5 atkv.
— 545,9 felld með 26:11 atkv.
— 542,32 samþ. með 34:1 atkv.
— 560,XXXI tekin aftur.
14. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 542,33 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 560,XXXII tekin aftur.
— 542,34 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 542,35 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 560,XXXIII.1 (aðal- og varatill.) teknar aftur.
— 545,10.a felld með 37:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS.
nei: BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, BÁ, JPálm.
EE, ÁÁ, BG greiddu ekki atkv.
2 þm. (SB, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 545,10.b felld með 30:9 atkv.
— 542,36 samþ. með 28:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, JörB, KTh, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH,

SK, SÁÓ, SkG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BG, BK, BrB, EOl, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, HÁ, HV, HelgJ, HermG, HermJ, IngJ.
nei: JS, LJóh, ÓTh, PZ, PM, StJSt, ÞÞ, ÁÁ, BBen, FJ, GJ, GÍG, HB, JJós.
AJ, StgrSt, BÁ, EE, GTh, GÞG, JóhH, JPálm greiddu ekki atkv.
2 þm. (SB, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 542,37.a samþ. með 38 shlj. atkv.
— 542,37.b samþ. með 32:1 atkv.
— 542,38 samþ. með 24:9 atkv.
— 542,39 samþ. með 34:7 atkv.
— 545,11.a—b teknar aftur.
— 542,40 tekin aftur.
— 542,41 samþ. með 30:2 atkv.
— 560,XXXIII.2 tekin aftur.
— 542,42 samþ. með 27:5 atkv.
— 542,43 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 545,12 felld með 26:15 atkv.
— 542,44 samþ. með 33:1 atkv.
— 560,XXXIV—XXXV teknar aftur.
15. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 542,45 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 542,46 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 542,47.a samþ. með 34 shlj. atkv.
— 542,47.b.1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 542,47.b.2 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 542,47.b.3 samþ. með 30:1 atkv.
— 542,48, 560,XXXVI, 545,13 og 542,49 teknar aftur.
— 542,50.a samþ. með 30:1 atkv.
— 542,50.b tekin aftur.
— 542,51 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 542,52 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 545,14 felld með 24:13 atkv.
— 542,53 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 542,54.a—c samþ. með 30 shlj. atkv.
— 560,XXXVII aðaltill. felld með 28:10 atkv.
— 560,XXXVII varatill. felld með 29:12 atkv.
— 542,54.d—e samþ. með 30 shlj. atkv.
— 542,55 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 560,XXXVIII tekin aftur.
16. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 542,56 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 542,57 samþ. með 29:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KTh, AJ, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, SÁÓ, SkG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, BG, BÁ, BK, BrB, EOl, EmJ, EystJ, GJ, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, HermG, HermJ, IngJ.
nei: JS, JJ, LJóh, ÓTh, PM, SK, ÞÞ, ÁÁ, BBen, EE, GÞ, GSv, GÍG, GTh, HB, JóhH.
StJSt, ÁS, FJ, JJós, JPálm greiddu ekki atkv.
2 þm. (SB, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 542,58 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 542,59 tekin aftur.
— 542,60.a samþ. með 32 shlj. atkv.
— 542,60.b samþ. með 29:1 atkv.
— 542,61 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 545,15 felld með 24:11 atkv.
— 542,62 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 545,16 aðaltill. felld með 36:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, HermG, KTh, AJ.
nei: SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÍG, GTh, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PM, PO, JPálm.
SÁÓ, BG, EE, GÞG greiddu ekki atkv.
2 þm. (SB, BSt) fjarstaddir.
9 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Í lögum nr. 42 frá 1946 er gert ráð fyrir því að veita bæjum lán til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Það gæti orðið um vaxtamismun að ræða, en það kemur ekki til greina, að hann verði 2 milljónir króna. Hins vegar gæti ef til vill orðið um einhvern vaxtamismun að ræða, og er rétt að athuga það nánar í n., en gegn þessu greiði ég atkv. og segi nei.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Þar sem um misskilning af hálfu hæstv. forsrh. er að ræða, þá segi ég já.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Þar sem þetta fé er hvergi nægilegt til þess að uppfylla skuldbindingar ríkisstj. og ríkið hefur hvergi nærri innt af hendi það, sem því ber samkv. l., þá segi ég nei.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Með skírskotun til framsöguræðu minnar þá segi ég nei.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. tók fram, þá er ríkið skuldbundið til þess að lána 85% byggingarkostnaðar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, en hefur því miður ekki getað staðið við það, og sumar sveitir hafa orðið að leggja út það fé, sem ríkissjóði bar að lána. Ég tel því nauðsynlegt að kippa þessu í lag, en hins vegar er það ekki tilgangurinn að leggja út fé, heldur að lána það. Með tilvísun til grg. hæstv. forsrh. segi ég nei.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég vísa til grg. hæstv. forsrh. og hv. þm. Snæf. og segi nei.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Með skírskotun til grg. hv. þm. Ísaf. segi ég nei.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Með skírskotun til grg. hv. þm. Snæf. segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Með því að ég ber takmarkað traust til núverandi ríkisstj., en bar þó minna traust til fyrrv. ríkisstj., þá leyfi ég mér að æskja, að hún vanræki ekki sett lög, en fylgi gildandi lögum. Ég segi nei.

Brtt. 545,16 varatill. tekin aftur.
17. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 542,63—64, 560,XXXIX.1, 542,65—73, 564,II.1, 542,74—76, 560,XXXIX.2—3, 542,77—88, 564,II.2, 542,89—91, 564,II.3, 542,92 samþ. með 36:1 atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 542,93 samþ. með 26 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 542,94—95, 560,XL—XLI, 545,17, 564,III, 560,XLII og 542,96 teknar aftur.
20. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreytingum, sem á eru orðn-

ar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 542,97.a samþ. með 26:6 atkv.
— 542,97.b samþ. með 26:3 atkv.
— 560,XLIII felld með 26:10 atkv.
— 560,XLIV—XLV teknar aftur.
— 560,XLVI samþ. með 35 shlj. atkv.
— 564,IV og 566,2 teknar aftur.
22. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að till., sem teknar hafa verið aftur til 3. umr., verður að endurflytja við 3. umr.

Á 45. fundi í Sþ., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 571, 691, 692, 700, 702, 703).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1947 var afgr. fyrir mánuði síðan til 2. umr., þá var rekstrarhalli frv. rúml. 30 millj. kr. Greiðslujöfnuður var óhagstæður um rúml. 42 millj. Og þar sem fyrir lágu ýmsar brtt. við frv., sem flestar höfðu verið teknar aftur til 3. umr., en námu samanlagt um 20—30 millj., þá var sýnilegt, að taka varð málið aftur til rækilegrar athugunar í fjvn. Það segir sig sjálft, að það hefur tekið langan tíma að afgreiða þetta mál, einkum þegar þess er gætt, að ríkisstj. hafði beitt sér fyrir því, að gerð væri víðtæk breyting á frv., frá því sem það var lagt fram, við 2. umr. Varð því að leita eftir samkomulagi við einstaka þm. og milli hinna ýmsu flokka um afgreiðslu fjárlagafrv. Þær brtt., sem bornar eru fram af n. sameiginlega, eru byggðar á þessu samkomulagi. En ekki hefur tekizt í fjvn. að ná samkomulagi um allar brtt., sem fram eru bornar. Á þskj. 691 eru brtt. frá n. í heild, en á þskj. 692 eru brtt. frá meiri hl. n. Ég mun nú fara nokkrum orðum um þessar brtt., eins og þær liggja fyrir. Mun ég fyrst ræða um brtt. á þskj. 691.

Fyrsta brtt. á þskj. 691 er við 2. gr. fjárl. Vörumagnstollurinn er hækkaður úr 12 millj. upp í 17 millj. og 400 þús. Verðtollurinn er hækkaður úr 50 millj. upp í 72 millj. og 500 þús. Innflutningsgjald af benzíni er hækkað úr 2 millj. upp í 5 millj. og 800 þús. Gjald af innlendum tollvörum hækkað úr 1 millj. og 500 þús. upp í 3 millj. Bifreiðaskatturinn er hækkaður úr 1 millj. og 500 þús. upp í 3 millj. og 300 þús. Er þetta gert samkv. útreikningi fjmrn. á þeim tekjum, sem 1. þau, er hér hafa verið til meðferðar undanfarið, munu gefa ríkissjóði. Það leiðir af sjálfu sér að taka þetta inn í fjárlagafrv. Vildi meiri hl. n. taka þetta inn á 2. gr., eins og ég hef lýst. En þótt ég teldi það ekki alls kostar rétt, eins og ég tók fram í hv. Ed., þá gerði ég ekki ágreining um það í n. Var það því sett þannig, eins og samkomulag varð um.

6. brtt. er um, að liðurinn orðist þannig: Til byggingar fangahúsa 357 þús. kr. Á fjárlagafrv. á þskj. 571 er þessi liður þannig, að 20 þús. eru ætlaðar í þessu augnamiði. En það þótti nauðsynlegt að hækka liðinn eins og hér er lagt til. — 7. brtt. er till., sem fjvn. tók aftur til 3. umr. Nú ber hún till. fram að nýju og leggur til, að liðurinn lækki um 50 þús., en er þó 20 þús. kr. hærri en í síðustu fjárl. Það var samkv. ósk hæstv. félmrh., að liðurinn var hafður hærri en á síðustu fjárl.

8. brtt. er við 13. gr. Þar er tekinn inn nýr liður, undirliður. Þetta var undirliður á þskj. 571 og var 43500 kr., en er nú hækkaður um 2000 kr. Var þessi samþ. gerð, áður en 2. umr. fór fram, en féll af vangá niður, bæði undirliðurinn og hækkunin. — 9. brtt. er við 13. gr. Þar er um að ræða nokkra hækkun til vöruflutninga til Öræfa í Austur- Skaftafellssýslu, eða úr 10000 kr. upp í 29800. Var samkomulag um þetta atriði. — 10. brtt. er hækkun til bátaferða, fyrir 500 þús. komi 916200 kr. Er það í samræmi við till. hv. samgmn., eins og hún hefur gert grein fyrir. — 11. brtt. er einnig varðandi 13. gr. Þar er um að ræða hækkun á tillagi til hafnarbótasjóðs um 350 þús. kr. Fjvn. hafði í raun og veru hækkað þetta framlag um 700 þús., áður en 2. umr. fór fram, en breyt. féll niður af vangá. — Þá er lagt til að taka upp nýjan lið, B-lið, til ferjuhafna: 1. Arngerðareyri 42500, 2. Gemlufall 17000 kr. og 3. Hvalfjörður 255000 kr.

12. brtt. er við 14. gr. Það eru tveir nýir liðir: Til stúdentaskipta o. fl. samkv. ráðstöfun stúdentaráðs 10000 kr. og til kaupa á herbergi í Árósaháskóla til afnota fyrir íslenzka stúdenta kr. 9000. — 13. brtt. er samkomulagstill. milli n. og menntmrh. Þessi till. var tekin aftur til 3. umr. sökum framlags til sundkennslu. Liðurinn er hækkaður úr 120 þús. upp í 170 þús. kr., og hefur hæstv. ráðh. fallizt á þessa hækkun.

Þá er 14. brtt. breyt. á 15. gr. Þessi till. var tekin aftur hjá n., en hún setti inn í hana 60 þús. kr. En eins og hv. þm. er kunnugt, hefur náttúrugripasafnið verið afhent ríkinu. Hæstv. menntmrh. þykir nauðsyn til bera, að þessu sé breytt. Nemur nú greiðslan kr. 84880. — Auk þess er tekinn upp nýr liður: 9000 kr. til hins ísl. náttúrufræðafélags. Það var eindregin ósk ráðuneytisins, að félagið fengi nokkurn styrk, þótt það hafi afhent safnið. — Þá er hér 15. brtt. Hún er einnig varðandi 15. gr., um að greiða 10 þús. kr. til bókhlöðu Stykkishólms. Hún er 100 ára gömul á þessu ári. Það var óskað eftir 50 þús. kr., en n. hefur ekki séð sér fært að veita meira en 10 þús. kr. — 16. brtt. er líka við 15. gr. Það er aðeins umorðun. Þessi upphæð var í frv. eftir 2. umr. Þetta er til Hins ísl. fræðafélags til útgáfustarfsemi. Áður hefur þetta verið bundið við að gefa út ákveðnar bækur, en þar sem þeirri útgáfustarfsemi er nú lokið, þá er þetta veitt til almennrar útgáfustarfsemi fyrir félagið. — 17. till. 10000 kr. framlag til ætt- og mannfræðifélagsins. — 18. till. 25000 kr. hækkun á grunnstyrk til skálda og listamanna. Og í staðinn fyrir 285 þús. kr. verðlagsuppbót komi 332500 kr. Þetta er ósk frá ríkisstj., sem fjvn. hefur fallizt á. — 19. brtt. er nýr liður: Til Þorsteins Hannessonar til söngnáms erlendis kr. 6000. Þetta er samkv. ósk frá ríkisstj. — 20. brtt. er um hækkun á framlagi til rannsóknaráðs, 15 þús. kr. hækkun.

21. brtt. er nýir liðir: a. Til sjóvarnargarðs á Álftanesi 51 þús. kr., b. Til sjóvarnargarðs á Garðskaga 42500. — Ég vil í sambandi við 15. gr. benda á, að fjvn. tók aftur til síðari umr. 87 þús. kr. lið vegna fræðimanna, sem hafði staðið í frv., þegar það var fyrst lagt fram. Fjvn. var sam-

mála um að bera ekki fram brtt. nú og að fella þennan lið niður. En hún væntir þess samt, að þeir, sem skipta þessu fé, gæti meira en verið hefur samkv. gögnum, er fyrir liggja, að fénu sé varið til þess, sem ætlað var í fjárl., þ. e. til fræðimanna og vísindamanna. En samkv. skjölum, er liggja fyrir frá menntamálaráði, er langmestu fénu varið til manna, sem flestir eru á fullum launum og það háum launum, og því hærri virðist styrkurinn vera, sem launin eru hærri hjá viðkomandi manni. Sumir þessara manna eru skólastjórar, kennarar og aðrir fastir starfsmenn hjá ríkinu, og er engin ástæða til að úthluta styrk þessum sem launahækkun. Þessu á að vera úthlutað sem viðurkenningu fyrir ákveðið verk, og væntir fjvn., að þetta verði tekið til athugunar hjá menntamálaráði, þegar það úthlutar þessu fé.

22. brtt. er um, að tekin sé upp aftur till. fjvn. um breyt. á liðnum á 16. gr. A.18, viðkomandi skógræktinni. Eins og menn muna, þá er þetta lækkað um 225 þús. kr. í brtt. frá því, sem það er í frv. En tillagið er þó 80 þús. kr. meira en skógræktin fékk á síðasta ári. Fjvn. hefur orðið sammála um að taka þessa brtt. upp aftur og væntir þess, að hér verði þetta framlag til skógræktarinnar lækkað um 225 þús. kr. samkv. þessari brtt. — Ég vil að gefnu tilefni taka fram, að vel getur komið til mála, að skógræktin þurfi að fá sérstaka fjárveitingu vegna Heklugossins til þeirra skóga í Rangárvallasýslu, sem ríkið á þar. En það er ekkert lagt fram hér sérstaklega til þeirrar starfsemi, og má búast við, að framlag til þessa verði tekið inn í þann lið, sem síðar meir kann að verða ráðstafað úr ríkissjóði vegna Heklugossins almennt. — Ég vil einnig taka fram í sambandi við þennan lið, að fyrir lágu erindi frá hv. þm. Skagf. um að verja nokkru fé úr ríkissjóði til skógvörzlunnar í Skagafirði. Fjvn. vildi ekki sundurliða kostnaðinn við skógræktina, en væntir þess, að skógræktarstjóri, sem hefur fengið þessa heildarupphæð til úthlutunar, láti halda uppi skógvörzlu í Skagafirði af þessu fé, eins og nauðsyn ber til, líkt og á öðrum stöðum á landinu. Ég tel, að hv. þm. Skagf. geti vel fellt sig við þá lausn málsins. — Þá er 23. brtt., sem fjvn. tók aftur við 2. umr., um lækkun á framlagi til búreikningaskrifstofu um 20 þús. kr. Fjvn. hefur tekið þessa brtt. upp aftur. Við 2. umr. var framlagið til Búnaðarfélags Íslands hækkað um 200 þús. kr., og þess er vænzt, að ef þessar 20 þús. kr. nægja ekki til þess að reka þessa starfsemi, búreikningaskrifstofuna, þá muni búnaðarfélagið hafa einhver ráð til þess að sjá um þessa starfsemi, eins og var, áður en þetta var gert að sérstakri stofnun. — 24. brtt. er um 100 þús. kr. hækkun á styrk til nýrra mjólkurstöðva, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar. Á fjárlagafrv. er þessi liður aðeins 300 þús. kr. til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar í Reykjavík. En fjvn. hefur fallizt á að hækka þennan lið um 100 þús. kr. og láta þetta ná til allra mjólkurstöðva á landinu, sem er gert í samráði við landbrh., bæði umorðunin á liðnum, sem í brtt. felst, og hækkunin á framlaginu upp í 400 þús. kr. — Þá hefur orðið samkomulag um að taka upp nýjan lið, til tóvinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Svalbarðseyri við Eyjafjörð, 30 þús. kr., samkvæmt ósk hæstv. ráðh. — 26. brtt. er um hækkun framlags til jarðborana og gufuvirkjunarrannsókna um 290 þús. kr., úr 333400 kr. í 623400 kr. Er þetta eftir ósk ráðuneytisins, og hefur fjvn. fallizt á að leggja til, að þetta verði samþykkt.

27. brtt. er nýr liður um framlag til elliheimilisins á Seyðisfirði, 2 þús. kr. — En 28. brtt. er tekin aftur upp af fjvn., þó nokkuð breytt. Fjvn. hafði tekið þessa brtt. aftur til 3. umr. Hún hafði lagt til við 2. umr., að í staðinn fyrir 40 þús. kr. kæmu 20 þús. kr. til kostnaðar við barnaverndarráð. En samkomulag hefur orðið um, að þetta framlag verði 30 þús. kr. — 29. brtt. er nýr liður, um, að til starfskvennaskóla Sumargjafar verði veittar 20 þús. kr. Er það samkv. ósk hæstv. menntmrh. — 30. brtt. er nýr liður, og er í tveimur liðum, a og b. A-liður um það, að til alþjóðaflóttamannastofnunarinnar verði veittar 200 þús. kr., sem er samkv. eindreginni ósk hæstv. ríkisstj. En b-liður er um að greiða til Geirs F. Sigurðssonar, fyrrv. lögregluþjóns, sjúkrastyrk vegna meiðsla, sem hann hafði fengið í þjónustu ríkisins, 6 þús. kr. Fjvn. þótti ekki rétt að taka þetta inn á 18. gr., enda er ekki ætlazt til þess, að greidd verði á þetta dýrtíðaruppbót. Er þetta aðeins tekið inn þetta ár, til að byrja með a. m. k. — 31. brtt. er um 25 þús. kr. hækkun á styrk til Hallveigarstaða, sem er einnig samkv. ósk hæstv. ríkisstj. — Og 32. brtt. er um 400 þús. kr. framlag til íbúðarhúsabygginga samkv. 3. kafla l. nr. 44 7. maí 1946, til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum. Þess hafði verið óskað frá hæstv. félmrn., að tekin væri upp 900 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni. En í fyrsta lagi lágu ekki fyrir nein gögn um, að raunverulega þyrfti þá upphæð fram að leggja í þessu skyni, auk þess sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt til aðeins, að styrkurinn væri 400 þús. kr. til þessa á fjárl.

33. brtt. er við 18. gr. Þar er gert ráð fyrir að hækka um rúmar 2 þús. kr. greiðslur til póstmanna. Vegna Hannesar Jónssonar á Núpsstað, sem hefur gegnt póstþjónustu á erfiðum leiðum í mörg ár, er hækkunin um 1137 kr. á árl, og vegna Carls Berndsens á Skagaströnd, sem hefur gegnt póstafgreiðslustarfi þar í 51 ár og mun vera sá embættismaður, sem hefur starfað mestan árafjölda fyrir ríkið og hefur nú látið af starfi rúmlega 70 ára gamall. Eru honum ætlaðar 1200 kr. í eftirlaun. Og báðum þessum mönnum er ætlað að fá dýrtíðaruppbót á þessi laun. — Þá er í 34. brtt. gert ráð fyrir, að hækkaður sé liðurinn II á 18. gr. Það er ætlað til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns í Reykjavík, sem lætur af störfum í sumar. — Og er það eina hækkunin á þeim lið. — 35. brtt. er um, að liðurinn Guðríður Jóhannsdóttir falli niður, sem er vegna þess, að fjvn. hefur fengið áreiðanlegar fregnir um, að hún hefur látizt, síðan 2. umr. fjárl. fór fram. — 36. og 37. brtt. eru aðeins leiðréttingar á heimilisfangi. — 38. brtt. er nýr liður, um, að Ragnheiður Jónasdóttir, ekkja Árna Jónssonar frá Múla, fái 3 þús. kr. árslaun, sem fjvn. hefur fallizt á.

39. brtt. er um hækkun á framlagi til vita, gerð í samráði við hæstv. ríkisstj., úr 350 þús. kr. í 680 þús. kr. eða um 330 þús. kr. Þetta er eitt af því, sem fjvn. var ekki búin að ganga frá við 2. umr., vegna þess að þetta er á 20. gr. — 40. brtt. er nýr liður, um flugskýli á Austurlandi, og er samkv. ósk frá hæstv. ríkisstj. að taka upp 255 þús. kr. til þess. — 41. brtt. er um, að framlag til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann á Akur-

eyri hækki úr 250 þús. kr. í 552500 kr. Það er hugsað að reyna að koma nokkru af þessari byggingu undir þak á næsta sumri, og er miðað við, að þetta fé muni hrökkva langdrægt til þess, að hægt verði að ljúka því. — Þá er 42. brtt., um að framlag til bygginga á prestssetrum hækki úr 450 þús. kr. í 850 þús. kr., eða um 400 þús. kr. — Þá er í sömu brtt., b-lið.1, lagt til að taka upp nýjan lið til byggingar stuttbylgjustöðvar í Gufunesi, 425 þús. kr., sem hefur verið óskað eftir af póst- og símamálastjóra, sem telur, að ekki sé hægt að starfrækja veðurathuganir í sambandi við flugferðir, nema þessi stöð komi upp. Taldi fjvn. rétt að fallast á rök póst- og símamálastjóra í þessu máli. — Þá er liðurinn 41,b.2 einnig nýr liður, um 1402500 kr. framlag til dýpkunarskips, sem væntanlegt er til landsins nú í næsta mánuði.

Þá hafði fjvn. ekki gert neinar brtt. við 22. gr. við 2. umr. En þær brtt. fjvn. liggja nú fyrir hér á þskj. nr. 691. Í fyrsta lagi er þar 44. brtt. aðeins leiðrétting, að í staðinn fyrir 1946 komi 1947, í IX. lið 22. gr. Þetta er í sambandi við styrk til landssýningar í Reykjavík, sem á að halda á árinu 1947. — 43. brtt. er hækkun á framlagi til að byggja embættisbústaði fyrir héraðsdómara. — 45. brtt. er nokkrir liðir, sem sumir hafa verið á fjárl. síðasta árs og sumir stöðugt á fjárl. undanfarinna ára, og nokkrir nýir liðir, sem ég skal gera nokkra grein fyrir. — A-liður er um að greiða til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað 5 þús. kr., sem staðið hefur á fjárl. undanfarið, og er fullkomið samkomulag um hann viðkomandi fjárl. þessa árs. — B-liður er um að greiða Matthíasi lækni Einarssyni prófessorslaun, er hann lætur af yfirlæknisstörfum í Landakotsspítala. Þetta var á fjárl. í fyrra. Hann hefur ekki enn látið af embætti, en það þótti rétt að taka þessa heimild einnig upp nú. — C-liður er um að greiða allt að 300 þús. kr. í endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. hrekkur ekki til. Það kom till. frá nýbýlastjóranum um að hækka framlagið til þessarar starfsemi um 600 þús. kr. En það varð að samkomulagi við hæstv. landbrh. að hafa þann hátt á að taka á heimildagr. 300 þús. kr. viðbót við það, sem er á fjárl. ætlað til þessa, og féllst fjvn. á að leggja til, að þetta yrði tekið upp. — Þá er undir d-lið að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Sláturfélag Austur-Húnvetninga til þess að stofna mjólkurbú, allt að helmingi stofnkostnaðar. Þetta er eingöngu endurveiting, sem stafar af því, að það var ekki búið að ganga frá lánveitingunni af sérstökum ástæðum á vissum tíma, og sá fjvn. ekki ástæðu til annars en að taka þetta upp aftur. — E-liður er um að greiða 6 þús. kr. til fyrirhleðslu í Staðará gegn greiðslu ⅓ kostnaðar annars staðar að. Það er endurveiting. — F-liður er um að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1946 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í Vestmannaeyjum. Þetta hefur jafnan verið samþ. á undanförnum árum, og sá ekki fjvn. ástæðu til annars en að taka þetta upp nú. — G-liður er um að greiða fyrrv. sakadómara, Bergi Jónssyni, full laun fyrir árið 1947. Það var fullt samkomulag um þetta í fjvn. — Þá er h-liður um að verja allt að 20 þús. kr. vegna þátttöku Íslendinga í málverkasýningu í Stokkhólmi og vegna sýningar á úrvali úr sömu sýningu í Reykjavík. Þetta er samkvæmt ósk hæstv. menntmrh., og hefur fjvn. fallizt á það. — I-liður er um að verja allt að 700 þús. kr. til endurbyggingar á Þjórsárbrú. Þetta er lagt til í samráði við hæstv. ríkisstj. og hæstv. samgmrh., sem taldi, að tæplega mundi þurfa meira fé til brúarframkvæmdarinnar en þær 700 þús. kr., sem hér er talað um, á þessu ári, og enda vafasamt, að undirbúningur væri kominn svo langt, að grípa þyrfti til þessarar heimildar. — J-liður er um að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs rekstrarlán fyrir Samband íslenzkra byggingarfélaga, allt að 750 þús. kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Fyrir þessu er meiri hl. í fjvn., þó hins vegar að komið hafi einnig þar fram nokkur ágreiningur, þá var hann ekki það stór, að það þætti ástæða til að bera hann fram á sérstöku þskj. — K-liður er um að veita Ingibjörgu Jóhannsdóttur allt að 50 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla á Löngumýri. Hefur fjvn. fallizt á að taka þessa brtt. upp. — L-liður er um að verja allt að 20 þús. kr. til þess að láta grafhellur á leiði nokkurra skálda. Í sambandi við þennan lið vil ég taka fram, að hér liggur fyrir þáltill. frá hv. þm. S-Þ., þar sem talið er upp, á hverra leiði slíkar hellur skuli lagðar, og vil ég í sambandi við þetta leyfa mér að taka hér fram, að vegna leiðis Guðmundar Kambans óska ég ekki eftir, að farið verði að verja fé úr ríkissjóði að svo stöddu til þess að leggja grafhellu á það. Sumpart tel ég sjálfsagt að fá um það samþykki ættingja hins látna skálds, og hins vegar tel ég líka, að fullkomlega ætti að ganga frá málum í sambandi við kröfur á hendur danska ríkinu út af þeim málum, áður en lagt er fé úr ríkissjóði til þessa. Óska ég, að hæstv. ráðh. hafi a. m. k. samráð um þetta við viðkomandi ættingja. Og ég vil í sambandi við þetta benda á, að mér þykir eðlilegt, að slíkt samráð væri haft við ættingja fleiri þessara skálda, sem um getur í áminnztri þáltill., þar sem þeir kunna að vera á lífi. — Hefur fjvn. fallizt á þessa heimild. — M-liður er um að verja allt að 225 þús. kr. til kaupa á Engey með öllu tilheyrandi. Ég geri ráð fyrir, að hér sé um hagkvæm kaup að ræða. — N-liður, sem fjvn. hefur fallizt á, er um að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar fávitahælis. O-liður er um að greiða allt að 100 þús. kr. til byggingar sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum gegn a. m. k. ⅔ hlutum annars staðar að. — P-liður er um að greiða Sigurði Guðmundssyni skólameistara full laun, ef hann lætur af embætti. Það er talað um samkv. bréfi, sem hann hefur ritað, að hann muni ef til vill láta af embætti á næsta hausti, og þá er ekki nema um nokkurn hluta úr ári að ræða, sem þessi heimild tekur til. — Q-liður er um að greiða Vigfúsi Einarssyni skrifstofustjóra full laun, ef hann lætur af embætti. Hefur fjvn. fallizt á það. — En ég vil leyfa mér að benda á, að hér sé farið inn á mjög vafasama braut, því ef á að taka þann hátt upp að heimila jafnan ríkissjóði að setja hvern embættismanninn eftir annan, sem lætur af embætti, á full laun, þá er mjög erfitt að stöðvast á þeirri braut við einn embættismann, þegar byrjað er á þessu gagnvart öðrum embættismönnum. Hins vegar hefur fjvn. á þessu stigi ekki viljað neita hæstv. ríkisstj. um að bera fram þessa brtt. En fjvn. vill hins vegar, áður en hún lýkur störfum á þessu þingi, senda hæstv. ríkisstj. bréf um 18.

gr. almennt, vegna þess að henni finnst þar um mikið ósamræmi að ræða. Og sú gr. þyrfti að athugast mjög rækilega fyrir næsta fjárlagaþing. — R-liður er um að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 400 þús. kr. lán fyrir Hveragerðishrepp til hitaveituframkvæmda, þó ekki yfir 85% af kostnaðarverði. Um þetta hefur fordæmi verið gefið áður viðkomandi Reykjavík. Fjvn. sér ekki ástæðu til annars en að leggja til, að þetta verði einnig gert hér. Hér ætti ekki að vera um áhættu að ræða fyrir ríkissjóð, vegna þess að það er enginn vandi að taka það mikið hitagjald á þessum stað, að fyrirtækið standist, enda á ríkisstj. að meta þær tryggingar, sem látnar eru í té fyrir þessari ábyrgð. — S-liður er um að ábyrgjast fyrir fiskiðjuver útvegsmanna og fiskimanna á þeim stöðum, sem ríkisstj. telur nauðsynlegt, vegna þess að útvegsmenn geti eigi reist þau af eigin rammleik, allt að þriggja milljóna króna lán, er hvíli á öðrum veðrétti í iðjuverinu, næst á eftir stofnlánadeildarláni, og megi lánin nema allt að 10% af stofnkostnaði þeirra, enda séu félögin stofnuð og rekin samkv. 3. gr. l. nr. 41 frá 29. apríl 1946. Þessi brtt. kom frá hæstv. ríkisstj. á síðasta augnabliki. Hún hefur ekki verið rædd mjög mikið í n., en fjvn. hefur fallizt á að bera hana fram. En einn af fjvnm. var ekki viðstaddur, þegar fjvn. tók þá ákvörðun að mæla með till., og mér er kunnugt um, að hann mun ekki vera fylgjandi þessari ábyrgð. Hins vegar er hér um ákaflega stórt „prinsíp" að ræða. En hæstv. ríkisstj. hafði óskað eftir þessu, og meiri hl. fjvn. hefur fallizt á að taka þetta inn að þessu sinni. Ég tek fram fyrir mitt leyti, að ég mundi ekki vilja, að þetta yrði tekið upp almennt, þó að þetta sé tekið upp í þetta skipti og látið standa eitt ár. — T-liður er um að greiða bætur samkv. gildandi slysatryggingal. til ekkjunnar Guðrúnar Ólafsdóttur Ási, Fellum, N-Múl., og barna hennar, vegna manns hennar, Guttorms Brynjólfssonar, er fórst ásamt þrem stúlkubörnum 8. nóv. 1946, er sprengja, sem skilin hafði verið eftir við heræfingar, sprakk á mel rétt hjá bænum í Ási. Hins vegar er ætlazt til, að þetta verði greitt úr ríkissjóði því aðeins, að slysið fáist ekki bætt frá hernaðaryfirvöldum Bretlands og Bandaríkjanna síðar. — Hér er undir lið u. heimild til að selja strandferðaskipið „Súðina", ef viðunanlegt boð fæst, og verja andvirðinu upp í greiðslukostnað við byggingu hinna nýju strandferðaskipa, sem verið er að smíða fyrir ríkissjóð. Ég vil taka fram í sambandi við þessa brtt., að ósk um þetta kom frá hæstv. ráðh. svo seint, að allir fjvnm. voru ekki á fundi, þegar hún var sett inn. Ég hygg þó, að ekki muni koma andmæli frá hv. nm. í fjvn., þó að ekki næðist til þeirra allra þessu viðkomandi. En meiri hl. fjvn. er meðmæltur þessari brtt., og þess vegna er hún sett á þetta þskj.

Ég hef þá nokkuð gert grein fyrir brtt. á þessu þskj. (nr. 691), sem er borið fram af fjvn. í heild. Þar eru að vísu ýmsir liðir, sem aðeins meiri hl. nm. var viðstaddur afgreiðslu á, þó að ekki hafi þótt ástæða vegna þeirra liða að kljúfa n.

En á þskj. nr. 692 eru brtt. frá meiri hl. fjvn., sem ekki náðist samkomulag um við fulltrúa Sósfl. í n., þar sem þeir klufu sig út úr. Er þetta dálítið táknrænt, þar sem þeir eru fúsir til þess að fylgja hækkunartill. fjvn., því að allar brtt. á þskj. 691 eru hækkunartill., að undanteknum þeim, sem eru um að taka aftur eða fella niður liði, af ástæðum, sem ég greindi. Hins vegar eru þeir ekki fúsir til að fylgja þeim lækkunartill., sem eru á þskj. nr. 692, og er það nokkuð einkennilegt, þegar litið er á þá afstöðu, sem þeir höfðu til tollamálanna, að í báðum hv. d. Alþ. voru þeir einir allra hv. þm., sem settu sig á móti þeim tekjuöflunarfrv. Hafa þeir þó ekki bent á neinar sérstakar leiðir til þess að afla tekna í stað þeirra leiða, sem til meðferðar voru, á móti þeim hækkunartill., sem þeir leggja til, að samþ. séu. — Um 1.—5. brtt. á þskj. 692 sé ég ekki ástæðu til að ræða hér, vegna þess að þær koma síðar til umr. á 20. gr. Þær eru allar færðar þar út. En sem heild vildi ég skýra þetta þskj., áður en ég fer í að skýra einstakar gr. þess.

Þegar ljóst var, eins og ég gat um í upphafi, að ná þyrfti 30 millj. kr. til þess að jafna greiðsluhallann frá því fjárlagafrv., sem var afgr. hér við 2. umr., og jafnframt var ljóst, að eftir var að setja inn þó nokkuð marga útgjaldaliði, bæði á 20. gr. og einnig nokkrar aðrar gr. frv., þá var sjáanlegt, að ekki var unnt að gera allt í senn, að skila hallalausum fjárl., eins og samningar stóðu til á milli stjórnarflokkanna, og afla ekki nýrra tekna til þess að mæta hallanum. Það hefur því verið farin sú óvenjulega leið að lækka marga þá liði, sem áður var búið að samþykkja við 2. umr. og ekki eru lögbundnir, þ. e. a. s. til verklegra framkvæmda. Hæstv. ríkisstj. hefur komið sér saman um, að þetta skyldi lækka um 15%, og óskað eftir því, að fjvn. gæti fallizt á það og flutt þessa brtt. Það er m. a. vegna þessara óska, að svo langur tími hefur farið til þess að reyna að fá um þetta samkomulag. Og það hefur þá að síðustu orðið samkomulag um þetta á þann veg, sem brtt. á þskj. nr. 692 bera með sér. Ég skal geta þess, að þó að þetta samkomulag sé þannig, þá eru margir og kannske allir fjvnm. óánægðir með niðurskurð á einstökum liðum eftir þessum brtt. En það mun jafnan svo um fjvn. og Alþ., að ef á að ná samkomulagi um afgreiðslu fjárl., þá eru ýmsir óánægðir með einstaka liði fjárl. Svo mun það alltaf verða, og finn ég ekki sérstaka ástæðu til að gera veður út af því. Það er þannig ekki víst, að einstakir fjvnm. séu ánægðir með hverja lækkun út af fyrir sig.

Það er sjálfsagt alltaf matsatriði, hvað á að skera niður og hvað ekki, og hef ég áður tekið það fram, að þegar á að skera niður á Alþ., þá eigi aðeins að skera niður þá krónuna, sem ekki gefur af sér aðra krónu. Ég er ekkert að segja um það, hvort þessari gullnu reglu hefur verið fylgt, en vil aðeins benda á þetta í sambandi við þá sérstöku niðurstöðu, sem er á fjárl.

12. gr. er skorin niður um 225 þús. kr., en 11. gr. hækkar um 287 þús. kr.

13. gr. er mest breytt. Þeirri gr. er bylt um. Þar eru dregin 15% frá framlagi á öllum nýjum akvegum, sem áður var búið að ganga frá og samþykkja, en þessi lækkun var ekki látin ná til viðhalds vega, vegna þess að það þótti ekki gerlegt. Hins vegar bætast við nokkrir liðir. Nú eru vegirnir 108 í staðinn fyrir 99 áður, og breyt. hefur orðið sú, að þegar búið er að setja þessa nýju vegi inn og skera allt hitt niður um 15%, þá er allur sparnaðurinn á þessum lið eftir allar byltingarnar kr.

579 þús. Ég vil ekkert um það segja, hvort þetta sé þess virði að hafa gert þetta. Það er skoðun stjórnarinnar, að þetta sé nauðsynlegt, en ef ekki hefði verið um að ræða nema þennan eina lið hefði ég talið vafasamt, að við hefðum átt að gera þá byltingu, sem hér hefur verið gerð.

Með brúargerðir er farið eins. Og það, sem vinnst við byltinguna þar, eru einar 120400 kr. Með fjallvegina er það eins. Sú bylting er kr. 18000,00. Svo er verið að hækka hér á vegum í Kópavogi, og eru það einu vegir á landinu, sem hækkaðir eru. — Svo eru það hafnargerðir. Þar er einnig bylting, teknir inn nýir liðir, en svo aftur lækkað um 15%, og það sparar kr. 477300. Þá verður útkoman á 13. gr., að hækkun verður kr. 1163000, en lækkun kr. 1379800, þannig að ágóði ríkissjóðs af allri þessari byltingastarfsemi verður kr. 216800. Þetta er það, sem hefur fengizt upp úr þeirri gr.

14. gr. hækkar um kr. 69000. En þar ber mest á lækkun, því að lækkunin er þar 40% eða kr. 1581000, og kemur þetta fram á barnaskólabyggingum, gagnfræða- og héraðsskólabyggingum og húsmæðraskólum.

Á 15. gr. er hækkun. Hún hækkar um kr. 147380.00.

Á 16. gr. er hækkun kr. 513500, en lokahækkun á henni er kr. 113000, þar sem lækkað er til tilraunastöðvarinnar á Reykhólum, til framræslu á löndum ríkissjóðs, til fyrirhleðslu á ám og byggingar iðnskóla í Reykjavík, en útkoman verður sem sagt kr. 113000 hækkun.

Á 17. gr. er hækkun kr. 643000, og eru þær hækkanir skýrðar á þskj. 691.

Á 18. gr. verður hækkun frá 2. umr. rúmar 14 þús. kr.

Þá verður mjög mikil breyting á 20. gr. Þar verður hækkun 3115000, en lækkun verður 1694200, svo að raunveruleg hækkun verður kr. 1420800. Hækkunarliðirnir eru: Vélar kr. 330000, flugskýli 255000, menntaskóli Akureyrar kr. 302500, prestssetur kr. 400000, stuttbylgjustöð í Gufunesi kr. 425000 og dýpkunarskip kr. 1402500.

Ég vil leyfa mér að taka fram, að fjvn. hafði hugsað sér að hækka tillagið til prestssetra, til vita, til dýpkunarskips og til menntaskólans á Akureyri, en aðrar hækkanir höfðu verið til umr. Lækkun á gr. er niðurskurður 15%.

Yfirlitið er þá þannig, að 11., 15., 16. og 17. gr. hafa hækkað, en 12., 13. og 14. gr. lækka, og lækkun gjaldanna nemur þá alls eftir allar byltingarnar kr. 825923. Rekstraryfirlitið er þannig, að samkv. þskj. 571 voru tekjurnar kr. 167239679 og samkv. till. á þskj. 691 bætast við tekjur, 35 millj. kr., svo að tekjurnar verða alls kr. 202239679. Gjöldin voru alls samkv. þskj. 571 eftir 2. umr. kr. 197318358, og verður lækkun samkv. till. n. kr. 825923, svo að gjöldin verða þannig kr. 196492435. Rekstrarafgangur verður þannig kr. 5747244.

Sjóðsyfirlitið verður þannig, að tekjur eru kr. 202239679. Inn á sjóð kr. 3896500, svo að þá verður sjóður kr. 206636179. En út yrðu gjöld kr. 196492435, út á 20. gr. kr. 17500628, svo að út er alls kr. 213993063. Þá yrði greiðslujöfnuður óhagstæður um kr. 7356884.00.

En auk þess eru samkv. heimildum á 22. gr. gjöld alls kr. 2016000, en af þessum gjöldum eru eignabreytingar kr. 725000, en auk þess eru heimildir til launagreiðslu til 4 embættismanna, sem ég hef minnzt á, enda ekki víst, að þurfi að nota hana.

Ábyrgðarheimildirnar eru eins og ég hef tekið fram 3 millj. og 400 þús. kr.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim breyt., sem fjvn. leggur til, að gerðar verði. Ég skal aðeins leyfa mér að geta þess, að brtt. á þskj. 700 er aðeins leiðrétting, og hefur hún ekki nein áhrif á niðurstöðuna.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Fyrir hönd fjvn. óska ég eftir því, að allar brtt. á þskj. 691 verði samþ. óbreyttar, og fyrir hönd meiri hl. fjvn. óska ég eftir því, að allar brtt. á þskj. 692 og brtt. á þskj. 700, sem aðeins eru leiðréttingar, verði einnig samþ. óbreyttar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir starf hennar og afgreiðslu hennar á þessu máli. Það ræður að líkum, að sú vinna og afgreiðsla, sem n. hefur haft með höndum, hefur verið með örðugra móti, eins og eðlilegt er, þegar um svo stórar fjárhæðir er að ræða sem þær, sem hér liggja fyrir í frv.

Eins og kunnugt er, þá var frv. lagt fram af fyrrv. fjmrh. með 146 millj. kr. útgjaldaliðum, ef ég man rétt, en tekjur voru þar ekki áætlaðar til fulls á móts við gjöldin, þannig að þá þegar var auðsætt, að ætla þyrfti nokkrar tekjur til viðbótar, jafnvel þótt ekki yrði hróflað við frv., eins og það var lagt fram. Það mun hafa verið um 10 millj. kr. halli á frv., þegar það var lagt fram. Síðan hefur, eins og hv. þm. er kunnugt, margt breytzt. Dýrtíðin hefur vaxið, og sú stjórn, sem á miðjum tíma tók við afgreiðslu þessa máls, ákvað að freista þess að mæta vaxandi dýrtíð enn um hríð með því að greiða niður vissar vörur, sem hækkuðu mjög vísitöluna, og hvað sem um þá reglu má segja, þá stendur það fast, að það er ekki í fyrsta sinn nú farið út á þá braut, heldur hefur hún verið reynd af fyrrv. stjórn. En þessi ákvörðun hlaut að hafa í för með sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóð, og þar af leiðandi þurfti að fara fram athugun á nýjum leiðum til tekjuöflunar, einkum þó að því athuguðu, að við þetta bættist það, að fjárlagafrv., sem lagt var fyrir Alþ. á sínum tíma, reiknaði með vísitölu 290, en við þessa afgreiðslu hefur orðið að taka tillit til miklu hærri vísitölu, eins og kunnugt er.

Nú þarf ég ekki að rekja, hvaða leiðir farnar hafa verið til þess að afla tekna. Það er öllum þm. kunnugt, og eins liggur það nú fyrir, hvað áætlað er, að þessar tekjur ríkissjóðs og aðrar tekjur ríkissjóðs þurfi að vera. Um þá áætlun er það að segja, að nú hefur að vísu verið stillt nokkuð í hóf, þegar miðað er við tekjur á sams konar liðum frá síðasta ári, en það þótti sýnt, að tekjur af ýmsum aðfluttum vörum — og þær hafa gefið mestar tekjur í ríkissjóðinn — mundu engan veginn verða jafnháar á árinu 1947 eins og þær voru á árinu 1946. Nú hefur það enn borið til, að síðan þeir rannsóknarmenn og sérfræðingar, sem þessa hluti athuguðu á sínum tíma og gerðu till. um áætlaðar tekjur — síðan þetta var gert, hefur útlitið mjög versnað vegna gjaldeyrisskorts, sem veldur því, að gjaldeyrisyfirvöld og bankar halda mjög að sér höndum um leyfisveitingar, en það leiðir aftur af sér stöðvun á innflutningi ýmiss konar varnings og nauðþurfta landsmanna, og sú stöðvun hlýtur á einhverju tímabili ársins að hafa í för

með sér stórminnkaðar tekjur fyrir ríkissjóð, þar sem byggt er á innflutningi erlendra vara. Verðtollurinn t. d. er ein drýgsta tekjulind ríkissjóðs. Hann hefur nú að vísu verið hækkaður, en það kemur því aðeins að gagni, að einhver innflutningur að verulegu leyti eigi sér stað. Ég skal svo ekki fjölyrða um það. Ég býst við, að úr því sem komið er, verði við þessa áætlun að sitja, en hitt vildi ég segja, að þótt ekki þyki fært, eða hafi ekki þótt fært að breyta núna tekjuáætluninni, þá ætla ég, að fyllilega megi draga í efa, að hún standist, svo framarlega að ekki rakni úr mjög bráðlega með fyrirgreiðslu á innflutningi á vörum til landsins, en það, að úr rakni, byggist hins vegar á möguleikum til þeirra hluta, sem sé þeim, að landinu bætist gjaldeyrir fyrir útfluttar afurðir, en eins og vitanlegt er, hafa samningar um sölu á íslenzkum afurðum við þær tvær stórþjóðir, sem staðið hefur verið í samningum við að opinberri tilhlutan, þ. e. a. s. við Rússa og Englendinga, ekki borið árangur enn sem komið er, svo að á þessu stigi málsins er allt í fullkominni óvissu um gjaldeyrismál þjóðarinnar á þessu ári. Það getur sem sé farið svo, að þótt vonir okkar um afkomu og tekjumöguleika ríkissjóðs séu nú, þegar komið er fram í seinni hluta aprílmánaðar, allt aðrar og daprari en þær glæstu vonir, sem menn gerðu sér hér á landi yfirleitt — og þá líka stjórn sú, sem þá sat — fyrr á árinu, þó að þær séu miklu daprari nú, þá er engan veginn víst, að jafnvel það, sem við vonum nú, geti fram gengið. Af þessum ástæðum er eðlilegt að mjög væri á það lítið að draga nokkuð úr útgjöldum, en það er, eins og vitanlegt er, ákaflega erfitt, þegar afgreiðsla fjárlaga hefur dregizt svo mjög fram yfir það, sem átti að vera, eins og raun ber vitni um, að breyta mjög mikið um frá því, sem áður hefur verið, og þar sem fjárl. mikið til byggjast á löggjöf, sem skuldbindur ríkissjóð til framlaga á einu og öðru sviði.

Hér hefur nú í framsöguræðu af hálfu hv. fjvn. verið nokkuð lýst þeim breyt., sem orðið hafa á þessu máli, síðan það var hér til 2. umr. Hv. frsm. sagði það réttilega, að drátturinn væri að miklu leyti sökum áhrifa frá ríkisstj. Ég vil ekki mótmæla því, að ríkisstj. hafi orðið að verða þess valdandi, án þess beinlínis að óska þess, að dráttur yrði á þessu máli við afgreiðslu þess, vegna þess meðal annars, sem ég minntist á áðan, að óvissa hefur ríkt í ýmsum atriðum, sem dag hvern var vænzt, að mundi geta horfið, og líka vegna þess, að leita hefur orðið eftir samkomulagi um afgreiðslu þessa máls, eins og vant er, hér á þessu háa Alþ. — samkomulagi, sem hægt væri að finna svo traustan þingmeirihluta til að standa saman um, að afgreiðsla fjárl. yrði með sómasamlegum hætti. Þá kom það og til, sem hér hefur verið á drepið, að auk þess, hve útgjaldabálkur fjárl. virðist verða geigvænlega hár, miðað við þær vonir til tekjuöflunar, sem ríkisstj. þótti eiga rétt á sér, þá var rætt um það og reynt að koma í framkvæmd nokkrum niðurfærslum á frv. í einstökum atriðum. Það er þessi niðurfærsla, sem minnzt hefur verið á hér, og hún er nú hvorki svo stórbrotin né í eðli sínu þannig, að hún verðskuldi það nafn, sem hv. frsm. valdi henni í ræðu sinni, sem sé að hún sé kölluð bylting, það er fjarri því, enda stóð ekkert slíkt til, og væri heldur ekki sérlega glæsilegt að gera neina byltingu í þessum efnum, ef hugsað væri til að fá meiri hl. þingsins til þess að standa saman þar að. Til þess að mikið væri unnt að lækka útgjaldaliði fjárl., þyrfti að breyta gildandi löggjöf á fjölmörgum sviðum. Slíkar breyt. eru þess eðlis og um þær eru svo skiptar skoðanir, að þess er engan veginn að vænta, að hægt sé að koma þeim á í fljótu bragði og því síður með byltingu. Hér er því aðeins um lítils háttar viðleitni að ræða til þess að færa nokkuð niður þá liði fjárl., sem ekki eru bundnir í öðrum l. en fjárl. Ýmsir munu segja, að það sé ómaklega niður borið að skera niður verklegar framkvæmdir. En þó er það nú svo, að ef á að ræða um það, hvað er lögboðið og hvað ekki lögboðið í fjárl., þá er það þannig, að það eru hinar verklegu framkvæmdir, sem þingið á hverjum tíma hefur í sinni hendi að hækka eða lækka. En ef hér kynni að vera að einhverju leyti of langt gengið, þá má á það benda, að fjárframlögin nú til opinberra framkvæmda eru í þessu frv., þegar tekið er tillit til brtt. þeirra, sem meiri hl. fjvn. hefur fallizt á, stórum hærri en nokkru sinni áður hefur verið. Í fjárl. fyrir 1945 eru hinar verklegu framkvæmdir 42933600 kr., og í fjárl. fyrir 1946 eru þær 58108100 kr. En í þessu frv., sem hér er verið að undirbúa til afgreiðslu, er ætlazt til, að verklegar framkvæmdir verði 73972100 kr., svo að þrátt fyrir þann litla niðurskurð, sem valið hefur verið orðið bylting, sem hann ekki á skilið, þá er ætlazt til, að verklegar framkvæmdir samkvæmt þeim till., sem hér liggja fyrir, verði með allra mesta móti. Um leið og þannig hefur verið gerð tilraun til þess að færa frv. nokkuð nær því marki, sem ríkisstj. setti sér í öndverðu, það er að afgreiða fjárl. rekstrarhallalaus, hefur samt sem áður orðið að taka tillit til ýmislegs þess, sem líka hefur orðið til þess að hækka útgjaldaliðina, ýmist á rekstrarreikningi eða á þeim útgjaldalið, sem heyrir undir 20. gr., þar sem ekki þótti fært annað en að gera þetta.

Hv. frsm. fjvn. hefur nú rakið þetta, og þarf ég því ekki að fjölyrða um það. Annað vildi ég þó segja: Samfara því, að hér hefur verið gerð tilraun til þess að lækka, þá ber þess að geta, að þeir atburðir hafa nú gerzt hér, meðan afgreiðsla þessa máls hefur verið höfð með höndum hér á Alþ., sem vitað er, að munu krefja nokkurra útgjalda, ef til vill líka úr ríkissjóði. Þar á ég við Heklugosið og afleiðingar þess. Á fjárl. hefur ekkert verið ætlað til þess að standa straum af kostnaði, sem kynni að verða óhjákvæmilegur fyrir ríkissjóð í sambandi við þá eyðileggingu, sem Heklugosið hefur valdið. Þetta er af þeirri ástæðu, að það þótti ekki fært að gera það, meðan ekki liggur nein áætlun fyrir í þessum efnum, en það veit enginn, hversu úr rætist. Þetta vildi ég aðeins drepa á í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að eðlilegt er, að til einhverra útgjalda komi af hálfu ríkissjóðs til að mæta örðugleikum þeim, sem þessi náttúruviðburður hefur valdið, og því tjóni, sem þarf að afstýra fyrir þá bændur, sem orðið hafa fyrir mestum búsifjum af völdum gossins.

Út af aths. hv. frsm. við fjárl. í einstökum atriðum hef ég fátt að segja, en vildi þó aðeins víkja að einstökum atriðum og þá helzt þeirri aths., er hann gerði við 22. gr. Það er viðvíkjandi þeirri till., er snertir þann virðingarvott, sem ætlazt er til,

að ríkisstj. kosti nokkru til, þ. e. a. s. til minningar ýmissa skálda, með því að prýða legstað þeirra. Ég tel ekkert annað en sjálfsagt, að slíkt sé aðeins gert í samráði við eftirlifandi ættingja skálda eða listamanna, eins og hv. frsm. lagði áherzlu á. Ég sé ekki, að nokkurt framkvæmdavald mundi, hvað það atriði snertir, ganga fram hjá ættingjum í þessu efni. Þá minntist hv. frsm. á það, að hann teldi það varhugaverða braut, sem Alþ. væri að komast inn á, að greiða full laun embættismönnum, sem frá færu. Ég tek undir þetta. Það er í sjálfu sér varhugavert og að vísu ekki verið mjög að gætt í þessum efnum. Hins vegar er það örðugt, þegar Alþ. hefur skapað fordæmi, eins og vitað er, að það hefur gert í þessum efnum, fyrir hvaða ríkisstj. og hvaða fjvn. sem er, að standa á móti slíku frá mönnum, sem ekki er hægt að segja um annað en að verðskuldi slíkan gerning af hálfu þingsins, eins og þeir, sem þegar hafa orðið þess aðnjótandi. Hitt fyndist mér skynsamleg ráðstöfun, að hv. fjvn. gerði till. til ríkisstj. í þessum efnum, og þá einnig, að hún byggi til einhverjar reglur fyrir fjárveitingum á 18. gr., eins og hv. frsm. minntist á. Að þessu sinni tel ég ekki rétt, að ég geri aths. við einstakar till., sem fram eru komnar, aðrar en þær, sem eru frá fjvn. Þeir þm., sem þær flytja, hafa enn ekki flutt sínar ræður eða rökstuðning þeim viðvíkjandi. Hins vegar ætla ég, að öllum muni vera ljóst, að útgjöld fjárl. eru orðin geysihá og ekki á þau bætandi. Þetta er óhætt að segja, hvað heildina snertir, án þess að gera einstakar till. að umtalsefni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég tel rétt, að það komi fram nú, sem ég ætla að segja um þetta mál, áður en lengra er haldið. Ég vil fyrst segja það út af einni brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. flytur um Snorragöng í Reykholti, að hann ætti að geta tekið hana til baka, því að það eru tök á því að halda við göngunum, án þess að sérstök fjárveiting sé sett inn. Um fjárl. vildi ég segja örfá orð frá sjónarmiði þess flokks, sem ég er umbjóðandi fyrir í ríkisstj.

Þegar búið var að athuga óskir, sem menn báru fram við 3. umr., og gera sér grein fyrir því, að óhjákvæmilegt var að taka þær að talsverðu leyti til greina, þá var augljóst, að fjárl. voru of há. Þá var það ráð tekið, þegar búið var að jafna á milli, eftir því sem meiri hl. fjvn. og ríkisstj. þótti fært, að lækka talsvert marga liði um 15%, og við framsóknarmenn í ríkisstj. töldum þessa ráðstöfun eðlilega og sjálfsagða, eins og komið var. Í þessu sambandi vil ég benda á, að það hefur komið fram í áliti minni hl., að það sé verið að skera niður verklegar framkvæmdir með þessari fjárlagaafgreiðslu. En þetta er misskilningur, því eins og hæstv. fjmrh. upplýsti, þá er það svo, að þrátt fyrir þessa lækkun eru meiri fjárveitingar til verklegra framkvæmda í þessu fjárlagafrv., eins og meiri hl. leggur til, en nokkru sinni áður, og það er ekki víst, að það verði hægt að koma öllum þessum framkvæmdum í verk vegna vinnuaflsskorts, og þess vegna komu fram till. í ríkisstj. um það, að hún hefði heimild til að fresta verklegum framkvæmdum, ef vinnuaflsskortur verður, enda er nauðsynlegt að hafa slíka heimild. En til viðbótar þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. gaf, vil ég til glöggvunar fyrir hv. þm. eyða svo sem tveim mínútum til þess að bregða upp svo sem 8—10 myndum af fjárveitingum til verklegra framkvæmda á s. l. ári og bera það saman við fjárlagafrv., sem fyrir liggur. Skal ég lesa upp nokkra liði, sem gefa hugmynd um þetta. Fyrst les ég liði, sem voru á fjárl. 1946, og síðan aðra, sem eru í ár.

	1946 þús.	1947 þús.	Hækkun þús.	Lækkun þús.
Til notendasíma í sveitum	800	1000	200	
— viðauka símakerfa	3000	2125		875
— læknisbústaða og sjúkrahúsa	1400	1275		125
— nýrra akvega	7470	6546		924
— vegaviðhalds	8000	9000	1000	
— brúargerða	2390	2829	439	
— hafnargerða og lendingarbóta	5121	7802,1	2681,1	
— byggingar barnaskóla	1700	3825	2125	
— stofnkostn. héraðsskóla og gagnfræðaskóla	2200	4250	2050	
— byggingar húsmæðraskóla	1300	1275		25
— landnáms og bygginga í sveitum	1332,5	5300	3967,5	
— vélasjóðs til verkfærakaupa	500	850	350	
— raforkuframkvæmda	500	3000	2500	
— byggingarsjóða og bygginga	450	1600	1150	

Af þessari upptalningu er það augljóst, að þó að þessi niðurfærsla sé gerð, þá eru fjárveitingar til verklegra framkvæmda yfirleitt hærri á fjárlagafrv. nú en þær voru 1946, og það eru meiri fjárveitingar til verklegra framkvæmda nú í fjárlagafrv. en nokkru sinni áður. Við ættum því ekki að þurfa að þreyta okkur á tali um niðurskurð fjárl. Hitt er miklu meira spursmál, hvort hægt verður að framkvæma þessi fjárl., sem hér liggja fyrir, vegna skorts á vinnuafli og annarrar bliku, sem nú er á lofti.

Mér fannst nauðsynlegt, að þessi samanburður kæmi hér fram snemma í umr., og er hann til viðbótar þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég get tekið upp þráðinn, sem hætti hjá hæstv. fjmrh., þegar hann minntist á 18. gr. fjárl. Ég vil skjóta því fram hér, að ég hafði áður dálítið með þessa gr. að gera, og er ekki að bera það af mér, að ýmislegt hafi farið inn, sem kannske hefði ekki átt inn að fara. En nú finnst mér, að það sé verið að auka enn meir ósamræmið. Ég get tekið einn lækni, sem fær 4000 kr. með verðlagsuppbót og hefur verið hvarflandi í sínu embætti, en annar læknir, sem

búinn er að vera í embætti í 30 ár, fær ekki nema 1100 kr. Það má telja presta og aðra embættismenn, sem nú eru að gefast upp, en hafa stundað embætti, sem fá fyrir neðan 1000 kr. En það er vandfarið meðalhófið í þessum efnum. Ég vil svo árétta það, sem mér skilst, að hv. frsm. fjvn. hafi verið að minnast á, að nú ætti ríkisstj., áður en hún semur næsta fjárlagafrv., að láta fara fram gagngerða athugun á gr. og koma henni til meira samræmis en áður hefur verið. Fjöldi manna er nú á 18. gr., sem alls ekki á þar heima. Það eru menn, sem fá fullkominn ellistyrk samkv. almannatryggingalögunum. Ég veit, að það er örðugt fyrir fjvn. að kippa þessu í lag, en það verður að gera og láta almannatryggingarnar bera sinn hluta, og hverfa þá margir menn af þessari gr.

Ég á hlut í brtt. á þskj. 702. Það er 18. brtt. á því þskj. og er um að veita ungum málara byggingarstyrk. Þessi ungi listmálari er sagður mjög efnilegur málari og prúðmenni í hvívetna, en er í húsnæðisvandræðum. Hér er aðeins farið fram á heimild, en það er ekki skylda ríkissjóðs að veita styrkinn, þótt till. sé samþ., og áður en slíkur styrkur er veittur, ber að athuga allar aðstæður, bæði fjárhag og aðstæður mannsins. En ég tel rétt, að Alþ. styrki þennan unga og efnilega málara. Þá vildi ég minnast á brtt., sem er í prentun. Hér á þskj. 691 er 17. brtt. um að veita 10000 kr. til ætt- og mannfræðifélagsins. Þessi veiting er hálf frá því í fyrra, en bæði var það, að ósk um þetta kom heldur seint, og heldur var þrengri fjárhagurinn, og ætla ég ekki að breyta um tölur á þessari till. Ég vona, að það verði lagað á næstu fjárl., ef unnt er. Nú er lokið útgáfu manntalsins frá 1703, sem er mjög merkilegt heimildarrit. En félagið ætlar að halda áfram útgáfustarfsemi sinni og gefa út manntalið frá 1816, og er það verk í prentun. Það verður látlaus og ekki dýr útgáfa, en þar verða settir fæðingarstaðir allra, er um getur, og kostar sú eftirgrennslan mikið fé og erfiði. Ég veit, að enginn hv. þm. er á móti því að veita 10 þús. kr. til félagsins. En ég vildi fella niður þá „klásúlu", sem sett var í fyrra, og að í stað hennar kæmi: „til útgáfu manntalsins frá 1816". Það er rétt, að Alþ. sjálft viti, til hvers veitt er, en sé ekki að skjóta því til annarra, og veit ég, að hv. þm. munu samþykkja þetta.

Ég hef þá lokið máli mínu og vildi leggja þar sérstaka áherzlu á, að ekki verði látið bíða að leiðrétta 18. gr. fjárl., og ber ég það traust til núverandi ríkisstj., að ég treysti henni til að koma þessum málum í viðunandi horf.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég mun ekki lengja mikið umræður um fjárl. og hef ekki gert það. Ég stend aðeins að einni brtt. á þskj. 702, það er XIX. liður á því þskj., um, að á heimildagrein fjárl. komi nýr liður, er hljóði svo: „Að taka allt að 15 millj. kr. lán til íbúðarhúsabygginga samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946." Mér sýnist alveg auðsætt, að þessa sé þörf. Það hefur verið upplýst af hæstv. forsrh., að eins og nú horfi, megi ætla, að verja þurfi 40 millj. kr. til að útrýma heilsuspillandi íbúðum, en í lögum þeim, sem vitnað er í í brtt., segir, að það eigi að gerast á fjórum árum. Ríkissjóður á í því skyni að leggja fram 75% kostnaðar sem 50 ára lán og 10% með öðrum kjörum. Ég verð að álíta, að í fjárl. þyrfti sérstaka upphæð til að mæta vaxtamismuni og enn fremur þeirri upphæð, er ríkissjóður þarf að greiða, ef sveitarfélögin afskrifa sinn hluta. Ég skal ekki fara lengra út í þetta, og hefur minni hl. fjvn. lagt til á þskj. 703 að hækka framlagið til íbúðarhúsabygginga um helming, en 75% þarf ríkissjóður að greiða, og eftir upplýsingum hæstv. forsrh. mun það nema 40 millj. kr. á næstu 4 árum. Nú er liðið eitt ár frá gildistöku laganna um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og er því ríkissjóði nauðsyn að afla lána til að framfylgja þeim. Reykvíkingar hafa þegar hafizt handa til að uppfylla sínar skyldur, og byggingar þær, sem Reykjavíkurbær hefur byggt, munu kosta 6—8 millj. kr., og mun bærinn hafa lagt fram um 5 millj., en ríkissjóður ekkert, og í bæjarstjórn hefur það verið dregið í efa af stuðningsmönnum stjórnarinnar, að hún geti innt skyldur sínar af hendi. Ég mun ekki efa það að óreyndu, að stjórnin framkvæmi nýsett lög, sem hæstv. forsrh. hefur mjög státað af. Skortur hefur verið á framkvæmdum í þessu skyni undanfarið, en ég vænti, að svo standi ekki lengi, og það er auðsætt, að stjórnin þarf á láni að halda til að afla fjár til framkvæmdanna. Vænti ég því, að hv. þm. sjái réttmæti þessarar till. Hún miðast við að framkvæma lög, og þeir, sem stóðu að þessari lagasetningu, munu vilja, að lögin nái tilgangi sínum, en það verður ekki, nema ríkið standi við skuldbindingar sínar.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Fjvn. hefur klofnað um þær till., sem síðast komu frá ríkisstj., en áður en ég vík að þeim, vildi ég gera nokkra grein fyrir brtt. minni hl. fjvn. á þskj. 703. Við hv. 6. landsk. höfðum flutt nokkrar brtt. við 2. umr. og tókum þá sumar þeirra aftur, og eru sumar þeirra teknar hér upp, að vísu ekki alveg að fullu.

Till. á þskj. 703 eru fjórar. Í fyrsta lagi er till. um að veita fé til Alþýðusambands Íslands til útgáfu á sögu verkalýðshreyfingarinnar og til söngvasafns verkamanna. Fyrir þessum till. var gerð grein við 2. umr., en ég vildi geta þess, að talan í till. á að vera 15000, en ekki 12000 kr. Við vitum vel, að verkalýðshreyfingin á merkilega sögu, sem vel er vert að skrifa og sanngjarnt, að ríkið veiti styrk til þess, eins og það styrkir alls konar útgáfustarfsemi. Sumir hv. þm. hafa ekki viljað veita styrk til þessa, þar sem þeir hafa talið, að það mundi hlutdrægt, sem búið væri að skrifa. En ég get upplýst, að ekkert hefur enn verið skrifað vegna fjárskorts. Um seinni lið fyrstu till. skal ég ekki hafa mörg orð. Hugmyndin er að gefa út söngvasafn til söngiðkana á vegum verkalýðshreyfingarinnar, og virðist ekki nema sanngjarnt að veita einhverja upphæð í því skyni.

2. brtt. á þskj. 703 er við 17. gr. og er nýr liður, sem er 30000 kr. fjárveiting til starfskvennaskóla Sumargjafar. Við hv. 6. landsk. höfðum við 2. umr. lagt til, að upphæðin yrði 32500 kr., en meiri hl. hafði lagt til 20000. Það fannst okkur of lítið og leggjum því fram þessa till. um 30000 kr. fjárveitingu gegn því, að Reykjavíkurbær greiði það, sem á vantar. — 3. brtt. er við 17. gr., og er þar lagt til að veita til íbúðarhúsabygginga, samkv. III. kafla l. nr. 44 7. maí 1946, 800000 þús. kr. í stað 400000, eins og meiri hl. leggur til. Hv. 6. þm. Reykv. sem talaði hér næstur á undan mér, gerði grein fyrir tekjuþörf ríkisins til að fram-

kvæma lög þau, sem hér um ræðir, og mun þessi upphæð, 800000 kr., sízt of há til að greiða vaxtamismun, er ríkinu ber að greiða, og það framlag, sem búast má við, að ríkissjóður þurfi að greiða, þar sem bæjarfélögin munu yfirleitt afskrifa sín 15%. Það er því sízt of há upphæð, sem farið er fram á í brtt. okkar í minni hl. fjvn.

Þá er 4. brtt. um í fyrsta lagi að greiða allt að 300 þús. kr. sem fyrstu greiðslu til byggingar búnaðarfélagshúss. Það er kunnugt öllum, sem þekkja til starfsemi búnaðarfélagsins, að húsakynni félagsins eru alveg óhæf, en félaginu eru falin mörg mikilvæg störf af hinu opinbera. Í fórum félagsins eru mörg merkileg skjöl, sem alveg eru óbætandi, en hús félagsins er gömul timburbygging í mikilli eldhættu, og þykir ekki forsvaranlegt að hafa opinberar stofnanir í slíku húsnæði. Því ber ríkissjóði skylda til að sjá búnaðarfélaginu fyrir húsnæði vegna þeirra verkefna, sem á félagið eru lögð af hinu opinbera, og þó að 300000 kr. séu greiddar, verður það of lítið, og má ekki dragast að hefjast handa um þessa húsbyggingu og nægilegar fjárveitingar í því skyni. Þá er h-liður 4. brtt. um að greiða allt að 300 þús. kr. sem fyrstu greiðslu til byggingar templarahallar í Reykjavík. Hér á Alþ. hafa verið bornar fram till. um takmörkun áfengisnautnar, og hefur oft verið drepið á, hve óheilbrigt sé, að ríkið skuli taka mikinn hluta tekna sinna af áfengi. Áfengisbölið er öllum kunnugt, og ríkinu ber að styðja þau öfl, sem mest og bezt vinna að útrýmingu þessa böls, en það er templararegla. Reglan býr hér við mjög lélegt húsnæði, sem brátt mun verða rifið, og er hún þá á götunni. Það er erfitt að reikna í tölum það tjón, sem af því hlýzt, ef reglan hætti starfsemi sinni, og því ekki til of mikils mælzt, þó að farið sé fram á, að hið opinbera hjálpi reglunni um sæmileg húsakynni. Því leggjum við til að til byggingar templarahallar verði veittar 300000 kr. á fjárl. þessa árs. Báðir þessir síðustu liðir, sem ég hef nú gert grein fyrir, voru upphaflega bornir fram af ríkisstj. og samþykktir í n., og tókum við flm. þá aðeins upp, er þeir höfðu verið felldir niður.

Þá vildi ég enn fremur minnast á brtt., er ég flyt á þskj. 702 ásamt 3 öðrum hv. þm., en hún er við 22. gr. og þess efnis að veita Gunnlaugi Scheving listmálara allt að 25 þús. kr. lán til byggingar vinnustofu. Við 2. umr. var gerð grein fyrir ástæðum hans, en hann hefur keypt hús austur í Hveragerði, en vantar vinnustofu og mun ekki hafa efni á að reisa hana af eigin rammleik. Því viljum við flm., að honum sé veitt lán í þessu skyni, svo að starf hans heftist ekki, enda hafa margir listamenn fengið slík lán áður, en það er kunnugt og má fullyrða, að hann á það ekki síður skilið en aðrir.

Þá hef ég lokið við að gera grein fyrir mínum brtt. og till. minni hl. fjvn. og vildi nú fara nokkrum orðum um þær till., sem ollu því, að n. klofnaði, till. um að lækka framlög, sem n. hafði áður samþ. Ég verð að segja það fyrst, að þessi afgreiðsla á fjárl. er óviðfelldin. Fyrst er búið að samþykkja svo og svo mikið í fjvn., síðan eru þær till. samþ. af meiri hl. þingsins, síðan lækkar n. þær till. aftur samkv. tilmælum ríkisstj., og síðan er þetta lagt fyrir þm., sem höfðu samþ. allt annað viku áður. Ég efast um, að slík afgreiðsla á fjárl. hafi áður þekkzt hér á Alþ. Mér virðist, að nægt hefði heimild í l. fyrir stjórnina til að draga úr útgjöldunum, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi.

En þá kem ég að niðurskurðartill. sjálfum á þskj. 692, og ætla þá sérstaklega að minnast á 12. gr. Þar er allmikil lækkun á fjárveitingu til læknisbústaða og sjúkraskýla og eins til fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að öll sjúkrahús landsins eru full og svo mikið kapp er lagt á að byggja læknisbústaði, að þeirri þörf hefði ekki verið fullnægt, þó að sú upphæð hefði staðið áfram á fjárl., er bæði fjvn. og Alþ. voru búin að samþykkja fyrir stuttu síðan.

Þá er það 13. gr. Þar er að vísu bætt við nokkrum nýjum liðum, en síðan eru allir aðrir liðir lækkaðir um 15%. Hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir því, að lækkunin á þessari gr. allri væri ekki mjög mikil, eða 216 þús. kr. Um gr. má segja, að þar sé fyrst og fremst fært til og á milli. Þegar Alþ. er búið að samþykkja fyrri till. fjvn., þá er það kokkað í ríkisstj. og af fáeinum ráðamönnum hennar að lækka og taka af fjárframlögum, sem áður hafa verið samþ. hér, og færa þetta yfir á annað, og síðan er þm. sagt að sætta sig við þetta. En þetta er óþolandi. Og ég vil benda á það, að þótt bætt hefði verið við hinum nýju liðum, án þess að aðrir liðir hefðu verið lækkaðir, þá hefði það ekki sett ríkið á hausinn. Hvað vegi og brýr snertir, þá er það alkunnugt, að þetta eru lífæðar atvinnuveganna úti um land, og ég bendi á það, sem hæstv. menntmrh. sagði í því sambandi, að vinnuafl mundi skorta til vega- og brúaframkvæmda. Ég veit ekki betur en hann og hans flokkur hafi talið sig málsvara fólksins í dreifbýlinu, og því er það einkennilegt og kemur úr hörðustu átt, er honum finnst nú Alþ. hafa gert of mikið fyrir fólkið úti á landi, og vill nú draga úr því, sem samþ. var við 2. umr.

Þá kem ég að lækkun framlaga til hafnargerða. Það er öllum hér kunnugt, að hér er um það að ræða, að með því að lækka þær upphæðir, sem áður voru samþykktar, þá er verið að gera erfiðara fyrir um hafnargerðir, sem þegar eru hafnar. Það lá fyrir fjvn., að ýmsir staðir hafa ekki ennþá fengið það framlag ríkisins til þessara hluta, sem þeir eiga heimting á samkv. l., þar á meðal Akranes og fleiri aðalfiskihafnir. Sumir staðir hafa orðið að bjarga sér með því að taka lán og skulda þetta framlag og verða auðvitað að standa undir vöxtum af þessum lánum, sem þeir hefðu ekki þurft að taka, ef ríkið hefði lagt fram það fé, sem það er skyldugt til samkv. l. Nú er það líka kunnugt, að flotinn hefur verið að stækka og stækkar meira á þessu ári en nokkru sinni áður, og því væri líka eðlilegt og nauðsynlegt að veita meira fé til hafnarframkvæmda en nokkru sinni áður. Ef ekki er unnið að því að bæta hafnarskilyrðin í vaxandi mæli og réttu hlutfalli við auknингu flotans, þá bíður framleiðslan við það ófyrirsjáanlegt tjón. Það er eins og hv. þm. Barð. sagði í Ed., þótt það væri reyndar við umr. í öðru máli, að sú króna, sem veitt er úr ríkissjóði til eflingar atvinnuvegunum, hún kemur þangað aftur og með aðra krónu með sér. Ég vil einmitt heimfæra þessi ummæli upp á hafnargerðirnar, og því gat ég ekki fallizt á þennan niðurskurð í fjvn.

Þá kem ég að niðurskurði á 14. gr. — Það er

undarlegt, að það skuli vera menntamálarh., sem gengur fram fyrir skjöldu til þess að verja niðurskurð á fjárl., þar sem mesta lækkunin heyrir undir hans ráðuneyti, þ. e. niðurskurðurinn á því fjármagni, sem verja átti til skólabygginga. Þetta sýnir einnig, hvað skuli vera olnbogabörnin hjá þeirri ríkisstj., sem nú situr að völdum.

Þá vil ég benda á það, að samkv. þeirri kröfu, sem flokkur hæstv. menntmrh. hefur gert um það, að allt landið yrði rafvirkjað án tillits til legu eða kostnaðar á hinum ýmsu stöðum, þá stangast það nokkuð á við orð menntmrh. nú, þegar hann mælir með því, að fjárveitingar til þessarar starfsemi skuli skornar niður, þó að þær virtust sannarlega miklu fremur of lágar fyrir en of háar.

Ég vil aðeins minnast á þau ummæli, sem nú er stöðugt stagazt á, en þau eru, að fjárl. séu of há. Þessu hefur líka verið stagazt á undanfarið, en þær spár hafa bara ekki rætzt. Ástæðan fyrir því er sú, að með háum fjárl. er atvinnulífið örvað og þá um leið trú fólksins á það, að það sé sitthvað hægt að gera í þessu landi. Það eru áreiðanlega fá ráð betri til þess að sigla fjármálum þjóðarinnar í voða en að draga úr öllu atvinnulífi og telja fólkinu trú um, að allt sé á heljarþröminni. Það er dálítið einkennilegt, að hér hafa tveir ráðh. verið að verja sínar aðgerðir með því, að ekki væri búið að selja allar afurðir ársins, en undanfarin tvö ár hafa fjárl. verið ákveðin löngu áður en nokkuð hefur verið selt.

Ég sé nú ekki sérstaka ástæðu til þess að fara út í hvern einstakan lið, enda væri það of mikil endurtekning, en ég vil aðeins drepa á ósamræmið, sem mér finnst vera í því að lækka framlag til menntaskólabyggingar í Reykjavík úr 500 þús. í 425 þús. en menntaskólinn á Akureyri heldur sínu óskertu. Í sambandi við framlögin til vega vil ég benda á það, að það er víða mjög bagalegt, að þau framlög verði lækkuð, þar sem þau eru miðuð við það að ljúka ákveðnum vegarköflum, sem brýn nauðsyn er á. Sömuleiðis er með framlög til brúargerða, en þar kemur lækkunin sér enn verr, því að þau framlög eru í upphafi miðuð við það, sem brýrnar kosta. Að vísu verður sú lausn á þessu máli, að það verða sumar hinna fyrirhuguðu brúa byggðar, en aðrar verða látnar ganga úr skaftinu. Sumum hefur þótt vald vegamálastjóra ærið nóg undanfarið í þessum málum, en ekki minnkar það nú með þessu fyrirkomulagi.

Þá vil ég svara því, hvers vegna ég og mínir flokksbræður viljum ekki fylgja þessum lækkunum, en það er vegna þess, að hér er farið fram á, að við greiðum atkv. á móti því, sem við áður erum búnir að samþykkja fyrir einni viku síðan, og þar með ætlazt til, að við göngum á bak þeim samþ., sem gerðar voru hér við 2. umr. Þá er okkur borið það á brýn, að við höfum verið á móti tollahækkun, en hins vegar hefðum við ekki verið á móti auknum útgjöldum, án þess að við bentum á nokkrar tekjuöflunarleiðir. Það er rétt, að við vorum á móti tollahækkun, en það er ekki rétt, að við höfum ekki bent á aðrar tekjuöflunarleiðir. Hins vegar mun það aldrei hafa þekkzt, að stjórnarandstaðan bæri fram tekjuöflunarfrv. fyrir ríkisstj. Þessar ásakanir eru því ekki til annars en slá ryki í augu þess fólks, sem ekki þekkir til um störf Alþingis.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Á þeim stutta tíma, sem núverandi ríkisstj. hefur setið, hefur henni tekizt að vinna ýmis afrek. Eitt það stærsta af þessum afrekum er það, að henni hefur tekizt að hleypa þeim mikla vindi úr þm. Barð., sem hann var svo mjög uppþembdur af við síðustu umr. fjárl. Þá barðist hann eins og ljón fyrir því frv., sem hér á niður að skera, og sagði meðal annars, að hann vildi ekki lengur sitja á Alþ., ef ekki ríkti þar bjartsýni og stórhugur.

En nú hefur þessi sami þm. fallizt á að skera niður öll framlög til verklegra framkvæmda um 15%. Ef slík framkoma er ekki rétt nefnd að fara í gegnum sjálfan sig, þá veit ég ekki, hvað er hægt að nefna slíkt.

Menntmrh. var að tala um, að skortur yrði á vinnuafli, og svo, að aðrar blikur væru á lofti. Ég skil nú ekki, hvað þessi hæstv. ráðh. á við með þessum öðrum blikum, en um hitt vil ég segja það, að eðlilegra mun vera, að það skorti vinnuafl en verkefni.

Ég flyt hér 4 brtt. á þskj. 702. Í fyrsta lagi um það, að styrkur til bókasafns verkamanna verði hækkaður úr 4 þús. kr. í 10 þús. kr. Það liggur í augum uppi, að ekki er hægt að halda við þessu bókasafni með svo litlu framlagi, sem gert var ráð fyrir, en með því að veita 10 þús. er nokkuð úr þessu bætt, og vænti ég því, að þessi till. verði samþ. — Önnur brtt. mín er um hækkun tli hafnargerðar í Hafnarfirði úr 280 þús. í 600 þús. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að hafnargerð í Hafnarfirði er mjög aðkallandi, því að auk þess sem höfnin er nauðsynleg fyrir kaupstaðinn sjálfan, er hún mjög þýðingarmikil fyrir ýmsa aðra aðila. — Þá flyt ég brtt. um nýjan lið þess efnis, að veittar verði 5 þús. kr. til lesstofu í Hafnarfirði. Fulltrúaráð verklýðsfélaganna hefur komið upp undirstöðu eða vísi að bókasafni, en lesstofuna vantar. Alþ. hefur áður veitt fé í sama tilgangi, bæði fyrir Reykjavík, Akureyri o. fl. Þess vegna tel ég ekki nema sjálfsagt, að Hafnarfjörður njóti sömu kjara. Ég legg til, að þessi upphæð verði 5 þús. kr., en ef það þykir of mikið, þá set ég 3 þús. kr. til vara. — Fjórða till. mín er um, að framlag til leikfélags Hafnarfjarðar hækki úr 3 þús. kr. í 6 þús. kr. Leikfélag Hafnarfjarðar heldur uppi leikstarfsemi bæði í Hafnarfirði, Sandgerði og Keflavík og á skilið að fá nokkra þóknun fyrir það, ef miðað er við, að leikfélag Akureyrar hefur fengið styrk fyrir hliðstæða starfsemi. Ég vænti svo, að sá stórhugur ríki áfram hjá form. fjvn., sem ríkti hér við 1. umr. fjárl., og að hann verði ekki ginnkeyptur fyrir þeim lækkunartill., sem bornar hafa verið fram.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil gera hér fyrirspurn til hæstv. fjmrh. varðandi landhelgisgæzlu og samninga þá, sem gerðir voru af fyrrverandi ríkisstj. við slysavarnasveit Vestfjarða um það, að byggð yrði björgunarskúta fyrir Vestfirði, sem um leið hefði á hendi landhelgisgæzlu. Eins og kunnugt er, voru keyptir 3 bátar í Englandi í þeim tilgangi, að þeir yrðu notaðir við landhelgisgæzluna, en þessir hraðbátar reyndust ekki nothæfir til þess starfs. Þessum bátum var því skilað aftur til Englands, og mun andvirði þeirra liggja þar inni á sérstökum reikningi. Nú vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki mundi hægt að nota þetta

fé til þess að uppfylla þennan samning, sem gerður var við slysavarnasveitina á Vestfjörðum.

Fari svo, að hæstv. fjmrh. svari þessu neitandi, mun ég ásamt öðrum hv. þm. frá Vestfjörðum bera fram brtt. við 22. gr., um að uppfylla þennan samning. En ef hins vegar hæstv. fjmrh. telur, að nota megi fé þetta í þessu skyni, þá mundi ég láta mér nægja þá yfirlýsingu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Ísaf. varðandi framkvæmd á samningi, sem gerður hafði verið 1945 milli ríkisstj. og aðila á Vestfjörðum um byggingu eða öflun björgunarskútu fyrir Vestfirði, og í sambandi við það varðandi þær upplýsingar hv. þm., að andvirði þeirra varðskipa þriggja, sem áttu að verða, sem keypt voru hingað til landsins og síðan send aftur til Englands, og meðferð þessa andvirðis, vil ég segja það, að þessir peningar, sem hv. þm. upplýsir, að muni vera nærri ein millj. kr., tilheyra náttúrlega varðgæzlunni við landið. Og ég tel sennilegt og sanngjarnt, að þeim verði varið til þess að ná því upprunalega marki, sem sett var, þegar skipin voru keypt, eftir því sem þessi fjárhæð kann að hrökkva til, og haldið að því sama verkefni og þá vitanlega tekið tillit til þeirra skuldbindinga, sem fyrir liggja af hálfu ríkisvaldsins gagnvart Vestfjörðum og þeim öðrum, ef nokkrir eru, sem samninga hafa við ríkisstj. um framkvæmd landhelgismála.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Það eru aðeins tvær brtt., sem ég hef leyft mér að flytja hér við fjárlagafrv. Það er ekki búið að prenta brtt., sem ég geri við 17. gr., um að hækka styrk til Kvenréttindafélags Íslands úr 15 þús. kr. í 30 þús. kr. Þessi upphæð er ekki há og engan veginn næg fyrir félagið til þess að standa straum af sinni miklu starfsemi, en hún mundi þó nægja til þess, að félagið þyrfti ekki að draga mjög úr starfsemi sinni, þó að ýmis nýmæli, sem það hefur á prjónunum, geti ekki komizt til framkvæmda. Það þjóðþrifastarf, sem Kvenréttindafélag Íslands hefur unnið, hefur hæstv. Alþ. fyrir löngu viðurkennt með því að veita félaginu styrk til starfsemi sinnar. Sá styrkur hefur undanfarið verið 50 þús. kr., en er nú orðinn lægri. Ég vænti þess, að hæstv. Alþ. sjái sér fært að veita á fjárl. þennan viðbótarstyrk.

Hin brtt. er á þskj. nr. 702, við 22. gr. frv., og er á þá leið, að ríkisstj. sé heimilað að verja allt að einni millj. kr. til byggingar farsóttasjúkrahúss í Reykjavík, enda leggi Reykjavíkurbær fram ⅓ hluta byggingarkostnaðar. Mér fannst réttara að hafa þetta orðalag á brtt., vegna þess að ég lít svo á, að það sé hagkvæmara, að ríki og bæjarfélag hafi samvinnu um lausn þessa máls, um stofnun slíks farsóttahúss, sem auðvitað yrði jafnframt til að einangra sjúklinga og kæmi þá öllum landslýð að notum, því að auðvitað er fólki hvaðanæva af landinu mikið í mun, að farsóttir breiðist ekki út um landið. Ætti að vera óþarfi að orðlengja um þetta, því að þörfin er öllum augljós fyrir löngu. Og hún verður æ brýnni með auknu þéttbýli og þröngbýli, eins og er hér í Reykjavík. En Reykjavíkurbær á ekki sjálfur farsóttahús. Farsóttahúsið í Þingholtsstræti er það eina, sem starfrækt er hér í bænum, og er það lítið og orðið gamalt og ófullnægjandi. En á slíku farsóttahúsi, sem hér er gert ráð fyrir, væri tækifæri til þess að einangra fyrst og fremst sjúklinga, sem vitað er um sjúkdóma í, og enn fremur þá sjúklinga, sem hefðu grunsamleg sjúkdómstilfelli, meðan verið væri að rannsaka sjúkdómana. En á þessu síðar talda hefur lítill eða enginn kostur verið að undanförnu. Ég vil í því sambandi minna á sjúkdómstilfelli, sem kom hér fyrir ekki fyrir löngu í Reykjavík, þegar barnaveiki kom upp hér í þéttbýlu hverfi. Það vildi svo óheppilega til, að sýkillinn fannst ekki við rannsókn, þó að hún væri margendurtekin og þó að hér væri um ótvíræða barnaveiki að ræða. Það fékkst ekki sjúkrahús fyrir þessa sjúklinga fyrr en fjórir af þeim voru sjúkir og einn látinn. Ég er ekki að áfellast yfirlækna farsóttasjúkrahússins fyrir þetta. Það er ekki nema eðlilegt, þegar pláss er lítið, að þeir heimti sýklarannsókn. En ef farsóttahús væri til fullnægjandi, kæmi slíkt ekki til mála. Í þessu tilfelli fannst sýkillinn ekki við ræktun, fyrr en sjúklingarnir höfðu legið 10 daga á farsóttasjúkrahúsinu. Það mætti nefna mörg fleiri dæmi um það, hve geigvænlegt er að eiga ekki næg farsóttasjúkrahús. Og í slíkri stofnun væri enn fremur mjög gott tækifæri fyrir lækna að rannsaka sóttir, sem til landsins berast. Og læknar hér í Reykjavík fundu sérstaklega sárt til þessa skorts á farsóttahúsi í haust s. l., þegar mænusótt barst hingað, sem var mjög með öðrum hætti en við höfðum átt að venjast áður. Við þann sjúkdóm ríður mjög mikið á góðri aðhlynningu. En það var þá eins og fyrri daginn, að mjög fáir sjúklingar komust að á sjúkrahúsinu. Þessi mænusótt leggst í mörgum tilfellum mjög á heilann og heilahimnur, og hefði verið nauðsynlegt að athuga hana nánar, því að grunur gat leikið á, að hún væri ekki óáþekk tveimur tegundum þessarar veiki, sem mjög hefur borið á í Bandaríkjunum og í Suður-Afríku. — Um nauðsynina á því, að sjúkdómar séu rækilega rannsakaðir ætti ekki að þurfa að eyða mörgum orðum hér.

Á 20. gr. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir tveggja millj. kr. framlagi til byggingar viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana. Þegar þess er gætt, að þörf er á a. m. k. 300—400 rúmum í viðbót þar — en það er álit hinnar stjórnskipuðu nefndar lækna og læknafélagsins, sem komst að þeirri niðurstöðu, að þetta sé nauðsynlegt, til þess að viðunandi megi telja —, og þegar þess er gætt, að ekki mun verða afgangur af þessu framlagi til farsóttasjúkrahúss, er nauðsynlegt að taka hér upp sérstakt framlag til þess. Mér er ljóst, að ein millj. kr. hrekkur þar ekki langt, jafnvel þó að Reykjavík leggi til hálfa milljón í viðbót. En ég sé ekki ástæðu til að bíða með að byrja á þessari byggingu, þangað til komin er stór fjárfúlga. Það hefur tíðkazt mjög í öðrum löndum að byggja smásjúkrahús fyrst fyrir hverja sótt. Það er að vísu dýrara, þegar til lengdar lætur, að byggja nokkurn hluta spítala fyrst. — En hér er um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að ég vona, að hæstv. Alþ. sýni því fullan skilning. Og hv. frsm. fjvn. komst svo að orði í framsöguræðu sinni, að hann vildi fylgja þeim brtt., sem tryggðu það, að ávinningur væri af hverri krónu, sem út væri látin. Og ég held, að allir geti orðið sammála um það, að fámenna þjóð munar mikið um hvern mann, sem

er úr leik vegna veikinda, þó að ekki sé nema vegna beins vinnutaps.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég hef flutt ásamt fleirum hv. þm. brtt. á þskj. nr. 702,IV, um styrk vegna aðstoðarmanns fyrir Matthías Jónasson við rannsóknir á þroskastigi skólabarna, 18 þús. kr. Við þetta starf er nauðsynlegt, að Matthías Jónasson hafi aðstoð, til þess að það verði honum kleift að inna það af hendi. Og það verður honum því aðeins kleift með því móti, að hann geti látið vinna slíkt skrifstofustarf fyrir sig. Þessi brtt. er áður kunn hér í þinginu, því að hún var borin fram við 2. umr. í annarri mynd.

Þá flyt ég, ásamt fleirum hv. þm., aðra brtt., þá XII. á þessu þskj., um heimild á 22. gr. til að greiða stúdentagörðunum í Reykjavík 100 þús. kr. vegna stofnkostnaðar. Stofnkostnaður garðanna eftir viðgerðina er nú rúml. 300 þús. kr. Og það er reynsla, sem við þekkjum frá upphafi, síðan garðarnir voru stofnaðir, að það er ekki hægt að leggja stofnkostnað eða rekstrarkostnað þeirra á stúdenta. Og auk þess sem stofnkostnaðurinn er rúml. 300 þús. kr., þá er lögð áherzla á það af garðstjórn, að bæta þurfi húsnæðið og gera það nægilegt fyrir félagslíf stúdenta. En slíkar breyt. mundu kosta mjög mikið, þannig að ef í slíkt ætti að ráðast, mundi til þess þurfa miklu meira fé en þetta, sem hér er till. um. En við sættum okkur við, að þetta verði veitt í ár og svo viðbótarstyrkur á næsta ári. En þótt ekki væri um annað talað en þá stofnskuld, sem hvílir nú á görðunum, þá er brýn nauðsyn á þessum styrk. Alþ. hefur áður veitt 300 þús. kr. til stofnkostnaðar. En garðarnir kostuðu á sinni tíð 1 millj. og 400 þús. kr., svo að það má segja, að ríkisvaldið hafi sloppið hér vel, því að stúdentar og velunnarar garðanna hafa safnað fé og sparað þannig ríkissjóði og háskólanum stórfé. Allar heimavistir við ríkisskólana á landinu aðrar eru kostaðar af ríkissjóði. — Við höfum komið okkur saman um að flytja þetta sem brtt. við heimildagr., svo að ráðh. geti dæmt um möguleikana til að borga þetta út á þessu ári.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég flyt hér aðeins fáar brtt. við fjárl. að þessu sinni. Áður en ég kem að því að mæla fyrir þeim, vil ég aðeins með örfáum orðum minnast á afgreiðslu hv. fjvn. á fjárveitingum, er varða kjördæmi mitt, Norður-Ísafjarðarsýslu. Ég tel, að þó að nokkrar upphæðir til vega þar séu allháar, til Bolungavíkurvegar t. d. 170 þús. kr. og til Súðavíkurvegar um 110 þús. kr., þá séu yfirleitt fjárveitingar til vega í Norður-Ísafjarðarsýslu langtum lægri en rök standa til. Ég hef við umr. fjárl. á hverju þingi á undanförnum árum bent á þá staðreynd, að þetta hérað hefur lengstum á því tímabili, þegar mest hefur verið unnið að vegaframkvæmdum í þessu landi, engan eyri fengið til þessara framkvæmda. Þetta hérað hefur verið svo að segja vegalaust. Þetta hefur frá ári til árs átt að heita að vera afsakað með því, að héraðið hefði allríflegan styrk til samgangna á sjó, það hefði haft um langt árabil og lengra árabil en nokkurt annað hérað allríflegan styrk til flóabátaferða. Það er rétt, að við Norður-Ísfirðingar tókum fyrstir upp flóabátaferðirnar með gufubátum. En ég hygg, að það liggi í augum uppi, að þó að fólkið í þessu héraði hafi með myndarskap byrjað á þessu á undan öðrum, þá sé það ósanngirni, að það eigi fyrir það að vera dæmt úr leik um það um langa framtíð, þegar um vegabætur ríkisins er að ræða. Kröfur hafa mjög aukizt um bættar samgöngur yfirleitt í landinu, og þær hafa gert það einnig í þessu héraði. — Þörfin hefur verið sú sama í þessu héraði fyrir vegabætur eins og í flestum öðrum héruðum og byggðarlögum þessa lands. Og þarfirnar í þessu efni eru þarna ekki aðeins þarfir fólksins í hinum dreifðu byggðum, heldur líka fólksins, sem er í þéttbýlinu, þorpum og stærri kaupstöðum, sem fær neyzluvörur sínar frá nærliggjandi sveitum. — Ég vil ekki láta hjá líða að benda á, að ég tel fullkomið ósamræmi í afgreiðslu fjvn. á vegaframlögum til þessa héraðs, miðað við ýmis önnur héruð, og það jafnvel héruð á Vestfjörðum. Ég er ekki að mæla á móti því eða harma það, að önnur héruð en mitt kjördæmi komist sem fyrst í akvegasamband við önnur byggðarlög landsins. En ég hygg, að í þessum efnum hafi þess ekki verið gætt sem skyldi að hafa samræmi í þessum framkvæmdum.

Ég hef, eins og aðrir hv. þm., gengið inn á það við hæstv. ríkisstj., að slegið yrði nokkuð af framlögum til verklegra framkvæmda. Ég hef talið, að nauðsyn bæri til þess, eins og komið er afgreiðslu fjárl. og fjárhag ríkissjóðs. En ég verð að segja, að á sama tíma sem verið er að kreista þessi 15% af einstökum vegafjárveitingum og hafnarfjárveitingum, þá koma sumar fjárveitingar, sem hæstv. ríkisstj. og fjvn. beita sér fyrir, nokkuð einkennilega fyrir sjónir. Á sama tíma sem verið er að setja l. um það, hvernig borgararnir megi haga sínum framkvæmdum, hvort ég eða Pétur eða Páll megi byggja hús og af hvaða stærð o. s. frv., þá finnst mér gæta ósamræmis milli þess og annars, sem hæstv. ríkisstj. leggur til. En á þessu stigi hirði ég ekki að ræða það miklu meira.

En ég vil sérstaklega undirstrika það, að til þess að sæmilega sé séð fyrir þörfum Norður-Ísafjarðarsýslu í samgöngumálum, þá þarf að stíga stærri skref en þau, sem mörkuð eru í þessum brtt., sem hér liggja fyrir. Það geta sjálfsagt fleiri hv. þm. sagt það sama viðkomandi sínum héruðum, en ég held, að fáir þm. geti bent á jafnlélegan skilning á þörfum síns héraðs í þessum efnum eins og við Norður-Ísfirðingar viðkomandi till. á Alþ. nú.

Ég flyt hér nokkrar brtt., ásamt hv. 3. landsk. þm. sumar og sumar einn. Ég bið hæstv. forseta afsökunar á því, að ég ræði þær nú, þó að þeim hafi ekki verið útbýtt. Fyrsta brtt., sem ég flyt, er um það, að hæstv. ríkisstj. verði heimilað að greiða Jörundi Gestssyni, bónda á Hellu í Steingrímsfirði, 5 þús. kr. til þess að koma upp hjá sér bátaviðgerðaverkstæði fyrir smærri báta. Á síðasta Alþ. fékk ég slíka samþ. um heimild til handa ríkisstj., og hún hefur verið notuð. Þessum bónda, sem er þjóðhagasmiður og kunnur í sínu héraði fyrir hagleik sinn, hefur þannig verið mögulegt að leggja grundvöll að þessari bátaviðgerðarstöð. En til þess að hún geti komið að fullum notum fyrir þá, sem til hennar þurfa að leita, þarf hann að fá fullkomin tæki o. s. frv. Og til þess þarf að gera nokkru meira, og það reyndar miklu meira en það, að þessar 5 þús. kr. hrökkvi til, sem ég legg til, að ríkisstj. verði heimilað að

greiða í þessu skyni. Ég vænti, að hæstv. Alþ. láti ekki staðar numið með það að hjálpa þessari virðingarverðu viðleitni þessa bónda í Steingrímsfirðinum, til þess að hann geti haldið þessu starfi áfram, ekki aðeins til hagsbóta fyrir hann, heldur fyrir þá útgerð, sem er þarna í Steingrímsfirðinum og víðar í Strandasýslu.

Þá flyt ég ásamt hv. 3. landsk. þm. brtt. um það að heimila ríkisstj. að greiða Jóni M. Jónssyni *bónda í Engidal* í Skutulsfirði 12 þús. kr. skaðabætur fyrir tjón, sem hann beið við það að vera í 12 ár settur í sóttkví á heimili sínu ásamt því, að honum var bönnuð afurðasala. Ég vil skýra frá því, hvernig þessu máli er varið.

Árið 1925 var þetta heimili grunað um, að þar væru taugaveikismitberar, og var heimilið þá sett í sóttkví og bannað að selja frá búi þessa bónda mjólk og mjólkurafurðir, sem var þá aðalframleiðsla bóndans eins og annarra bænda í nágrenni Ísafjarðarkaupstaðar. Nú var það svo, að það var *látin fara fram ýtarleg rannsókn*, eins og að líkum lætur, hvort þetta væri þannig, að heimilið væri hættulegt. Niðurstaðan varð sú, að árið 1927 fékk bóndinn vottorð um, að af honum væri engin smithætta og hann mætti fara frjáls allra sinna ferða, en heimilið átti samt sem áður að halda áfram að vera í þessari sóttkví, og afurðasölubanninu var ekki létt af í 12 ár. Allan þann tíma mátti þessi bóndi ekki selja mjólk eða mjólkurafurðir frá heimili sínu. Ég hirði ekki að rekja þessa sögu lengur. Það er ekki fyrr en 1937, sem þessu sölubanni er létt af. Það var mjög tilfinnanlegt tjón fyrir þann bónda, sem hafði nýlega keypt *ábýlisjörð sína, að mega ekki framleiða mjólk*. Það tjón, sem hann hefur beðið af þessu, nemur áreiðanlega ekki þeirri upphæð, sem farið er fram á í till. minni og hv. 3. landsk., heldur miklu meira. Ég vænti því, að á þetta mál verði litið sem sanngirnismál og Alþ. samþykki að leggja úr ríkissjóði þennan litla skerf til að létta þessum bónda það tjón, sem hann varð fyrir þarna.

Þá flyt ég ásamt hv. 3. landsk. till. um að heimila stjórninni að greiða fólki því, sem varð fyrir tilfinnanlegustu tjóni í snjóflóðunum í Skutulsfirði í vetur, 25 þús. kr. *bætur úr ríkissjóði*. Eins og þm. rekur minni til, þá féllu mjög mikil snjóflóð *síðari hluta vetrar í Skutulsfirði* í nágrenni Ísafjarðarkaupstaðar. Við það sópuðust á brott allmargir sumarbústaðir á Ísafirði og stórskemmdust eða sópuðust gersamlega á brott tvö íbúðarhús. Nú er það þannig, að það er ekki kleift að tryggja gegn snjóflóðahættu, og Brunabótafélag Íslands, sem þessi hús eru tryggð í, telur, að sér beri ekki skylda til að bæta þetta tjón. Það eru aðallega tvær fjölskyldur, sem biðu mjög tilfinnanlegt tjón vegna þessa snjóflóðs. Annað íbúðarhúsið stórskemmdist, en hitt fór á sjó út og gereyðilagðist, og eigandi þess *missti* þar aleigu sína, en hann hafði nýlega keypt húsið og eignazt umhverfi þess. Við flm. þessarar till. teljum ekki óeðlilegt, að ríkið hlaupi undir bagga með fólki, sem verður þannig fyrir sérstöku tjóni. Það má að vísu gera ráð fyrir því, að þetta fólk fái tjón sitt að einhverju leyti bætt vegna aðstoðar frá hjálpsömum samborgurum. Samt sem áður er þetta tjón það mikið, að það má gera ráð fyrir, að það fái ekki tjónið bætt nema að mjög litlu leyti. Þess vegna höfum við flm. þessarar till. viljað stuðla að því, að Alþ. veiti smávægilegan styrk þessu fólki, sem hefur orðið fyrir þessu skakkafalli.

Þá hef ég flutt ásamt hv. 3. landsk. brtt. við 22. gr., að ríkisstj. verði heimilað að verja fé til að byggja *björgunarskútu fyrir Vestfirði* í samræmi við þá samninga, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. gerði við slysavarnasveit Vestfjarða og Slysavarnafélag *Íslands um að byggja slíkt skip*. Þeir samningar voru gerðir, að ég hygg, 1945 og liggja fyrir í fullu gildi, en af því hefur enn ekki orðið, að þeir yrðu framkvæmdir. Ég flutti á síðasta reglulegu þingi, 1946, þáltill. um þetta mál, að fela ríkisstj. að framkvæma þennan samning. Sú till. varð af sérstökum ástæðum ekki útrædd. Ég taldi þá, að von væri til þess, þrátt fyrir að þessi till. náði ekki afgreiðslu, þó að n. hefði fjallað um málið og meiri hl. mælt með henni, að möguleikar kynnu að vera á því, að hafin yrði bygging skips á s.l. sumri. En svo reyndist ekki. Björgunarskútumál Vestfjarða er mjög vel undirbúið, og björgunarfélagssamtökin á *Vestfjörðum hafa gert samning* við ríkisstj. um, að málið yrði leyst á ákveðinn veg. Ég tel þess vegna eðlilegt og við flm. þessarar till., að þessu máli sé hreyft nú. Nokkru eftir að ég lagði þessa till. inn, átti ég tal við hæstv. fjmrh. um þetta mál. Hann tók málinu vel og tjáði sig vera því samþykkan, að hafizt yrði handa um byggingu björgunarskútu fyrir það fé, sem kom, er skilað var aftur hinum hraðskreiðu mótorskipum, sem keypt voru í Englandi. Ég fagna því mjög, að hæstv. fjmrh. tók þannig í málið. Ég var ekki viðstaddur hér, þegar hv. þm. Ísaf. beindi til hæstv. ráðh. fyrirspurn um þetta, en mér er tjáð, að hæstv. ráðh. hafi gefið hv. þm. Ísaf. þau svör, að ríkisstj. vildi framkvæma samninginn, og býst ég við, að við flm. getum mjög vel sætt okkur við þá yfirlýsingu hæstv. ráðh. Að vísu spillti það sízt fyrir að fá slíka till. samþ. sem þessa, sem ég hef nú lýst. Hún væri frekari undirstrikun á því, að Alþ. ætlaðist til þess, að við þennan samning yrði staðið. En ég og við flm. treystum orðum hæstv. fjmrh., og við munum taka til athugunar ef til vill að taka þessa till. aftur.

Ég held þá, að ég hafi mælt fyrir þeim brtt., *sem ég flyt hér* ásamt öðrum hv. þm. En ég vil leyfa mér í sambandi við brtt. hv. fjvn. að spyrjast fyrir um það, hvernig skilja beri 32. brtt. hennar á þskj. 691. Þar stendur: Til íbúðarhúsabygginga samkvæmt 3. kafla l. nr. 44 7. maí 1946, 400 þús. kr. Eins og hv. alþm. er kunnugt, þá var á síðasta þingi sett löggjöf um opinbera aðstoð ríkisins við byggingar verkamannafélaga og samvinnubústaða og enn fremur aðstoð ríkisins við íbúðarhúsabyggingar sveitarfélaga. Nú er það þannig, að 3. kafli, sem um þetta fjallar, hefur alls ekki verið framkvæmdur. Það eru að vísu einstök bæjarfélög, sem hafa hafizt handa að byggja samkvæmt því loforði, sem þar er gefið um aðstoð ríkisins, Reykjavík og Ísafjarðarkaupstaður. Mér er ekki fullkunnugt um, hvaða atbeina Reykjavík hefur fengið frá ríkinu í sambandi við þessi l. Ég hygg, að þeir hafi enn þá enga aðstoð fengið, en mér er fyllilega kunnugt um, að Ísafjörður hefur ennþá enga aðstoð fengið til þess að vinna að þessum málum, þó að honum sé heimilt að fá ekki svo óríflegan styrk til þess samkvæmt þessum kafla, en þessi kafli er á þessu stigi málsins gersamlega pappírsgagn, eins og að líkindum verður,

ef ríkissjóður sér sér ekki út eitthvert fé til þess að gera það kleift að standa við þessar skuldbindingar að l. Nú sé ég, að þarna eru áætlaðar 400 þús. kr. samkv. 3. kafla þessara l. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. félmrh., hvort þessi upphæð sé áætluð beint til þessara framkvæmda eða hvort það sé vaxtamismunur eða eitthvað slíkt. Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að ef þessi upphæð, 400 þús. kr., á að nægja til að standa við skuldbindingar l. um lán og styrk til þessara framkvæmda, þá hrökkva þær skammt.

Ég hygg, að ekki verði hjá því komizt, fyrst löggjafinn hefur sett þessi lagaákvæði, að sjá fyrir fé til þessara framkvæmda, sem hafnar eru samkvæmt loforði löggjafans. Það væri skrípaleikur, ef ríkið færi að gera sér leik að því að ginna opinbera aðila, sveitar- og bæjarstjórnir, út í framkvæmdir án þess að sýna lit á að standa við gefnar skuldbindingar. Það er áreiðanlega þörf á, að ríkið standi við gefnar skuldbindingar í þessu efni. Löggjöfin er sett fyrst og fremst af því, að brýn þörf er fyrir hendi, og er fyrst og fremst ætlazt til þess, að bæjarstjórnir og sveitarstjórnir setji sér það verkefni að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Mér er kunnugt, að á nokkrum stöðum fór rannsókn fram, hversu margar heilsuspillandi íbúðir væru á viðkomandi stöðum. Á Ísafirði, þar sem þessi rannsókn fór fram svo að segja daginn eftir, að l. voru sett, reyndust vera 32 íbúðir, sem væru heilsuspillandi og nauðsynlegt væri, að fólkið flyttist úr í heilsusamleg húsakynni. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hófst handa að byggja 12 íbúðir, og að svo miklu leyti sem þær eru komnar á rekspöl, hefur bærinn orðið að leggja fram hvern eyri sjálfur. Ég vil gjarnan heyra frá hæstv. félmrh. eða hv. frsm. fjvn., hvernig þessi fjárveiting er hugsuð.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að hafa fleiri orð um það mál, sem hér liggur fyrir. Ég tel, að það hafi ekki mikla þýðingu, þó að maður fari að gera ýmsar almennar aths., sem vissulega er þó ástæða til. Ég vék nokkuð að ýmsum atriðum í upphafi máls míns og get látið við það sitja, sem komið er.

Forseti (JPálm): Áður en lengra er farið, vil ég freista að fá afbrigði fyrir brtt. á þskj. 704, frá ýmsum. Er hún of seint fram komin, og þarf því afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það eru aðeins örfá orð til að svara fyrirspurn frá hv. þm. N-Ísf. varðandi 32. lið brtt. frá fjvn. á þskj. 691, þar sem ætlazt er til, að komi nýr liður: Til íbúðarhúsa samkvæmt 3. kafla l. nr. 44 7. maí 1946, 400 þús. kr. Hv. þm. spurði, hvort þessi liður væri ætlaður til að lána sveitarfélögum af þessari upphæð eða hvort hann væri hugsaður til að greiða vaxtamismun af væntanlegum lánum, útveguðum af ríkinu til handa kauptúnum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum. Það er vissulega svo, að þessi liður er hugsaður til að greiða þann vaxtamismun, sem verða kann í þessu efni. Hann er í sjálfu sér nokkuð áætlunarupphæð, þar sem ekki er vitað, hversu mikill slíkur vaxtamismunur kynni að verða. Í l. nr. 44 frá 1946 er gert ráð fyrir, að ríkissjóður eða ríkið útvegi kaupstöðum og kauptúnum lán til þess að byggja ný íbúðarhús til að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Er um það rætt í 3. kafla þessara l., sérstaklega í 31. gr. þar og í 33. gr. sömu l., að fé það, sem ríkissjóður lánar bæjar- og sveitarfélögum til íbúðarhúsabygginga samkvæmt þessum kafla, geti ríkið tekið að láni, og skal vaxtamismunurinn greiðast úr ríkissjóði. Þessi 400 þús. eru hugsuð sem vaxtamismunur eftir 33. gr. l. Hvort þessi upphæð er nægileg eða ekki nægileg, verður reynslan að skera úr, þegar þar að kemur, en sem sagt þá er, eins og hv. þm. tók fram, þörfin brýn til þessarar lánsútvegunar, og hafa þegar tveir kaupstaðir snúið sér til ríkissjóðs í þessu efni. Annar þeirra, Ísafjarðarkaupstaður, hefur af hæstv. fyrrv. stjórn fengið fyrirheit um lán í þessu skyni, og vil ég vænta þess, að það fyrirheit verði framkvæmt. Annar kaupstaður, Reykjavíkurbær, hefur farið fram á sams konar aðstoð, og vil ég einnig vænta, að unnt verði að sinna þeirri beiðni og framkvæma þannig þessa nauðsynlegu löggjöf, en þar hefur enn nokkuð skort á framkvæmdir vegna mannleysis. En það er skýrt, og ég vil, að þær upplýsingar komi fram að gefnu tilefni, að þessi 400 þús. kr. liður er hugsaður sem vaxtamismunur samkvæmt 33. gr. l.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér virðist á þeirri afstöðu, sem fram kemur í till. hv. meiri hl. fjvn. og enn fremur í ýmsum hugleiðingum, sem hér hafa komið fram af hálfu hæstv. fjmrh. og einnig hv. form. fjvn., að hér sé nú ekki sami stórhugur og oft áður. Svo undarlega fljótt ætlar að hverfa sá stórhugur, sem undanfarið hefur einkennt ráðstafanir Alþingis viðvíkjandi framkvæmdum og aðgerðum í okkar þjóðlífi. Nú virðist hann vera að byrja að víkja fyrir bölsýni, enda er þetta í fyrsta skipti í langan tíma, sem beinlínis er lagt til eftir 2. umr. að byrja á almennum niðurskurði á ýmsum verklegum framkvæmdum. Ég held, að þessi bölsýni og þessi niðurskurðartilhneiging, sem þar koma fram, eigi sér ekki rök, því síður að það sé ástæða til þess, eins og við horfir í okkar þjóðlífi, að fara nú inn á þessa braut. Það er talað um það, að um þessar mundir sé ekki eins gott útlit og áður um okkar afurðasölu. Ég verð að segja, að mér finnst einkennilegt að fá svona yfirlýsingar hér á þingi frá hæstv. ríkisstj., án þess að nokkur sönnun komi fram fyrir því, að útlitið sé nokkuð verra en búast mátti við. Ég held, að ef hæstv. ríkisstj. vill nota svona rök hér á þingi, þá eigi að gefa upplýsingar um, hvernig gangi með þessa samninga erlendis. Það er ekki til neins að veifa því framan í hv. þm., að samningar gangi illa og verr en vonir stóðu til, en segja svo ekki nokkurn skapaðan hlut ákveðið, í hverju þetta slæma ástand er fólgið. Fram að þessu hefur gengið vel hjá okkur að afla, og þó að nokkuð hafi verið erfitt hvað gæftir snertir, þá hygg ég, að aflinn sé meiri nú en á sama tíma í fyrra. Hvað verðið snertir, þá eru a. m. k. síldarafurðirnar í miklu hærra verði en í fyrra, og á sumum sviðum má búast við, að meiri framleiðslutæki verði í gangi en áður og því harla ólíklegt, að gjaldeyristekjurnar verði minni en áður, heldur þvert á móti líkur til, að þær verði 50% meiri en í fyrra. Ég held því, að bölsýni, hvað þetta snertir, eigi sér

alls enga stoð og það sé á allan hátt óréttmætt fyrir hæstv. ríkisstj. að koma með það sem rök í þessum umr. í sambandi við niðurskurð á fjárl. eftir að aðrar eins álögur hafa verið lagðar á alþýðu manna og gert hefur verið, að útlitið sé svo slæmt, að nauðsyn beri til að skera niður. Ég held, að áður en hv. þm. fara að taka slík rök gild, þá verði betri upplýsingar að koma frá hæstv. ríkisstj. og æskilegt, að þær upplýsingar kæmu fram nú, ef ætlazt er til, að þetta tal verði álitið eitthvað meira en venjulegur barlómur. Það er að vísu gott að eiga góða búmenn, líka fyrir ríkissjóð. Það hefur lengi þótt aðalbúmennskan á Íslandi að kunna að barma sér og þess vegna sé rétt að gera það, hvenær sem hægt er að koma því við, en það er alveg rétt, sem hv. form. fjvn. komst mjög réttilega að orði í Ed. fyrir stuttu, að stundum kunni eyðsla úr ríkissjóði að verða til þess að færa meiri peninga aftur til baka. Ég verð því að segja, að ég get ekki tekið þær röksemdir gildar, sem hér hafa komið frá hæstv. ríkisstj., að útlitið sé svo slæmt um afurðasölu okkar og verðlag, að til þess sé ástæða að vera með bölsýni. Ég held, að eina ástæðan til þess að vera með þessa bölsýni standi í sambandi við stjórnarfarið í landinu og þá stefnu, sem tekin hefur verið upp samkvæmt því á ýmsum sviðum í þjóðmálum okkar, t. d. það, að tekin hefur verið upp sú stefna að láta bankana hætta að lána, hvað byggingar snertir. Allir þeir menn, sem ætluðu sér að byggja í vor, eru nú að gefast upp við það, því að þeir fá engin lán. Nú halda máske sumir, að þetta sé góð ráðstöfun, að hingað til hafi verið byggt of mikið í Reykjavík, en of lítið úti á landi, og nú sé hér stefnubreyting á ferð, þannig að nú þyki bankastjórunum ráðlegt að draga úr lánum til bygginga hér í Rvík og veita meira fé út á land. En því er ekki að heilsa. Sömu erfiðleikarnir blasa við, hvert sem maður lítur, að fá þessi lán. — Nú er það svo, að fyrst ríkið gerir þær ráðstafanir að fara að láta bankana reka slíka lánapólitík og ríkisstj. þykir það skynsamlegt, þá skyldi maður ætla, að þetta væri gert með það fyrir augum, að ríkið sjálft fengi betri aðgang að vinnumarkaðnum fyrir sínar eigin framkvæmdir, því hefði þótt einstaklingarnir kreppa of mikið að sér á undanförnum árum, en það þyrfti á svo miklu vinnuafli að halda, að það yrði nú að taka í taumana. En því er ekki heldur að heilsa. Samtímis því, að þannig er skrúfað fyrir og dregið úr byggingum, sem einstaklingar hafa lagt í, og einstaklingsfyrirtækjum þannig gert erfitt fyrir, sýnist mér nú stefnt að því með þeim áhrifum, sem menn hafa verið að reyna að hafa á fjvn. og að nokkru leyti hefur tekizt, að skera niður hjá ríkinu líka. Ég heyri, að hér í hliðarherbergi er verið að kvarta undan því, að þessi niðurskurður hafi ekki tekizt. En þó að fjvn. hafi kannske tekizt að smeygja inn örlitlum framlögum, er vilji ríkisstj. og stefna hennar engu að síður ótvíræð. Ég held því, að það sé stefnt í skakka átt hjá ríkinu með þessum aðgerðum, og get ekki betur séð en með þessu sé beinlínis verið að reyna að skapa kreppu hér innanlands, skapa atvinnuleysi, og afleiðingin af því, að slík kreppa yrði sköpuð, yrði sú, að fjöldamargir menn, sem undanfarið hafa ráðizt í byggingar og nú eiga erfitt með að fá lán til þess að klára þær eða hafa ráðizt í byggingar í trausti þess að fá lán til þeirra og jafnvel stundum uppörvaðir af þeim loforðum, sem gefin voru fyrir síðustu kosningar um fjárframlög til þeirra, og af l., sem samþ. höfðu verið á Alþ. um slík fjárframlög — ég get ekki betur séð en með þessum aðgerðum sé verið að leiða það yfir þessa menn, að þeir verði að selja þessi hús, enda held ég, að í einu stjórnarblaðinu hafi núna nýlega birzt mynd af samvinnubústöðum, sem verið er að koma upp og líklegt er að verði að selja í hendur auðmönnum í Reykjavík, vegna þess að þeir geta nú ekki fengið lán til þeirra. Með þessum ráðstöfunum, að skrúfa fyrir þessi lán, er þess vegna að því stefnt að skapa hrun og kreppu á Íslandi, og virðist a. m. k. full ástæða til, að ríkisstj. gerði grein fyrir því, hvert hún stefnir með þessu og hvað fyrir henni vakir. Sú grg. hefur ekki komið fram af hennar hálfu ennþá. En einu má slá föstu: að slík kreppa er að öllu leyti óþörf og engin rök, sem fyrir henni liggja, og hún er beinlínis heimatilbúin, vitandi vits.

Hvað snertir annars þær brtt., sem meiri hl. fjvn. gerir viðvíkjandi niðurskurðinum, vildi ég aðeins minnast á tvö atriði, þ. e. hafnirnar og vegina. Viðvíkjandi höfnunum hefði þurft að auka mjög við, frekar en að skera niður. Ég álít, að viðvíkjandi höfnunum hafi það á vissan hátt verið vandræðapólitík, sem rekin hefur verið hjá okkur undanfarið. Það hefur löngum verið sú tilhneiging að skipta fénu á marga staði, búa til fjölda af höfnum í einu og láta féð liggja þar, án þess að það komi að notum langa lengi. Við þetta er erfitt að fást, meðan svo háttar til með kjördæmaskipun og annað eins og nú er. En af tekniskum ástæðum hefði verið nauðsynlegt að breyta þarna til, að geta tekið þær hafnir, sem mikið liggur á, sett fé í þær og klárað þær, og við vitum, að með þann stóra skipaflota, sem Íslendingar eru að afla sér, verða víðs vegar vandræði vegna hafnleysis, og það er vitað, að með þessu móti verða hafnirnar langt á eftir þeirri þróun, sem á sér stað í sjávarútveginum á Íslandi. Það er því slæmt, að orkað hefur verið á fjvn. í þá átt að draga úr fjárveitingu til hafnargerða, í stað þess að þurft hefði að hækka framlög til hafna stórlega.

Viðvíkjandi vegavinnunni og framkvæmd á henni þá er það svo, að það var eitt af því, sem búizt var við, að taka mundi verulegum stakkaskiptum hjá okkur með nýsköpuninni, hvað vinnulag snertir, að vinna mætti miklu meira af vegavinnu og ódýrari á hvern spotta. Þó væri skilyrðið til þess, að slíkt gæti orðið, þessi nýi vinnusparnaður, sem ná mætti með afköstum vélanna, að sem lengstir vegaspottar yrðu lagðir á hverjum stað, hlutfallslega lengri en áður, þannig að ekki færi langur tími í að flytja þessar vélar á milli, og einnig, að teknir yrðu fyrir sem lengstir vegakaflar á einstökum vegum. En það gildir alveg það sama um vegina og um hafnirnar. Þess mun ekki að vænta, að ríkisstj. geri neitt til þess að greiða fyrir því, að svo megi verða. Þvert á móti hefur ríkisstj., eftir því sem hún hefur orkað, dregið úr því, að stefnt væri í þá átt í þessum efnum, sem mörkuð var í upphafi nýsköpunarinnar.

Það hefur verið sagt hér af hálfu ríkisstj., að allur þessi niðurskurður stafaði af því, að ekki væri hægt að afla meiri tekna í ríkissjóð. Þetta er sagt rétt eftir að búið er að samþykkja hér í þingi 40—50 millj. kr. álögur á almenning í landinu. Í þessu sambandi hefur verið spurt að því, hvern-

ig við sósialistar vildum fara að því að skaffa tekjur í ríkissjóð. Ég vil í því sambandi spyrja hæstv. ríkisstj., hvernig á því stendur, að frv. um innkaupastofnun ríkisins, sem lagt var fram í Ed. fyrir löngu, gengur svona hægt gegnum þingið. Það fór til fjhn. og mun liggja þar enn. Nú er það svo, að ef maður vill koma fram með lagafrv., sem mundu þýða tekjuöflun fyrir ríkissjóð, t. d. um einkasölu, fer það venjulega svo, að frv. fer til n., sofnar þar svefni hinna réttlátu og sést svo ekki meir.

Ég vildi svo að síðustu fara nokkrum orðum um brtt., sem ég flyt á þskj. 702. Fyrst er smátill. viðvíkjandi lendingarbótum fyrir Grafarnes, að tillagið verði hækkað úr kr. 63800 í 100 þús. kr. Eins og ég skýrði frá við 2. umr., er að vaxa þarna lítið þorp, og leikur mönnum þar hugur á að koma upp hraðfrystihúsi, en til þess er óhjákvæmilegt, að varið verði til lendingarbóta allmiklu meira fé en fjvn. hefur lagt til. — Þá er enn fremur brtt. við 20. gr., nýr liður, um byggingu listasafns ríkisins. Eins og þm. mun kunnugt, þá var í sambandi við lýðveldisstofnunina ákveðið af Alþ. að byggja þjóðminjasafn, og var það vel, að Alþ. skyldi sýna þann stórhug að ráðast í þá byggingu, því að það er eitt af því, sem okkur er nauðsynlegast, vegna þess hvílík þörf okkur er á því á allan hátt að kynna sem allra mest sögu okkar og vinna að því sem bezt, að þráðurinn slitni ekki við þær miklu breyt., sem nú eru að verða efnahagslega séð og andlega í okkar landi. Hins vegar er það svo, að íslenzka ríkið á allmikið af listaverkum og — það, sem meira er um vert — mikið af efnilegum listamönnum, málurum og myndhöggvurum, en við höfum fram að þessu engan stað haft fyrir listaverk þeirra, þegar undanskilið er listasafn Einars Jónssonar. Það kveður svo rammt að þessu geymsluleysi, að meira að segja málverk, sem ríkið hafði keypt, hafa glatazt vegna þess, að þeir, sem höfðu átt að sjá um þetta, hafa skilið þau eftir hér og þar, og hafa þau svo eyðilagzt.

Við vitum, hvaða tjón hefur hlotizt af því fyrir okkur að hafa þrengt niður stórum og fallegum byggingum þar sem fullt er af húsum í kring, t. d. þjóðleikhúsið við hliðina á annarri byggingu, sem mér þykir ein fallegasta bygging á landinu, þannig að hvorug nýtur sín. Við hér á Íslandi ættum ekki að þurfa að kvarta yfir því, að jörðin væri of lítil. En nú þyrfti að fara að búa út teikningar og ákveða hvar safnið á að vera, og þess vegna er lagt til, að ríkisstj. fari að gera áætlanir um þetta. Ef samkomulag gæti orðið í þessu, mundi ég líka ganga inn á að taka sérstaka upphæð á fjárlög vegna þessa.

Svo langar mig að síðustu að koma inn á það, að ég hef saknað að sjá ekki á fjárl. framlagið til ræktunarsjóðs, en hef samt ekki komið með brtt. varðandi það. Það er jú framlag, sem hefur verið 1—2 millj. kr., og mér fyndist, að það þyrfti að koma inn á fjárl. nú. Ég tók eftir því, að þegar þetta var rætt hér á síðasta þingi, þá virtist ríkja áhugi á að tvöfalda þetta framlag, og ég hygg, að sá áhugi hafi ekki minnkað upp á síðkastið. Ég tel, að það sé viðkunnanlegra að öllu leyti að fá brtt. um þetta efni inn á fjárl. Ég kunni ekki við að bera sjálfur fram brtt. um þetta, a. m. k. ekki án þess að kynna mér fyrst, hvernig þarna horfir við. Það er nú svo, að þegar farið er að koma með till. um fjárframlög, eftir að afgreiðsla fjárl. hefur farið fram, þá er farið að telja úr og segja, að ekki hafi verið gert ráð fyrir þessu á fjárl. Ég þykist vita, að þeir, sem áhuga hafa á ræktunarsjóði, vilji ekki fá slíkar röksemdir um þetta mál, þannig að það er skemmtilegra að fá samþykkta við þessa umr. fjárl. einhverja upphæð, hvort sem hún yrði svo hækkuð eða lækkuð. Það eru gerðar miklar kröfur til fjárframlaga, og því þá endilega að hlífast við að gera kröfur til fjárframlaga til ræktunarsjóðs. Ég minnist þess, að þegar verið var að ræða tollafrv. og minnzt var á landbúnaðarvörur, fóðurmjöl og þess háttar, þá þótti ekki taka því að lækka tolla á því, sem landbúnaðurinn þurfti á að halda, t. d. á landbúnaðarvélum, og ætti að vera ástæða til að taka tillit til þessa í sambandi við ræktunarsjóðinn. Ég vildi og koma fram með fyrirspurnir í sambandi við tekjuöflunina, t. d. um, hvað liður eignakönnunarfrv., og vona ég að fá greið og góð svör. Ef til vill fæ ég tækifæri til þess að ræða frekar um þetta og koma fram með brtt., ef ástæða þykir til, varðandi fjárhagsráð.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af almennum hugleiðingum í ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann taldi, að ríkisstj. við framkomu þessa fjárlagafrv. og brtt., sem fyrir liggja, væri með barlóm, sem væri næsta óeðlilegur, og sagði, að væri fjarri öllu lagi, og mér skildist, að hann teldi útlitið fyrir afurðasölu erlendis ekki svo slæmt, að ástæða væri til að vera með barlóm af þeim sökum. Hins vegar vildi hann halda því fram, að þar sem ekki tækist af hálfu ríkisstj. að koma á atvinnukreppu í landinu, vegna þess að afurðir mundu samt sem áður seljast vel, þá gripi ríkisstj. til þess ráðs að skera svo mikið niður á fjárl., að af því hlytist atvinnukreppa. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að útlit væri fyrir, að hægt yrði að selja allar íslenzkar afurðir fyrir mun hærra verð en á s. l. ári. Hvað sem því líður — en ég mun aðeins minnast á það á eftir —, þá er vert að minnast þess — og hv. 2. þm. Reykv. veit það mæta vel —, að það hefur verið samþ. fyrir atbeina hans og annarra þm. að ábyrgjast fyrir íslenzka útgerðarmenn ákveðið verð á vissum sjávarafurðum, en það verð er miklu hærra en gert var ráð fyrir, að fengist fyrir sumar þessar vörutegundir á síðasta ári. Þegar við erum að tala um útlitið fyrir afurðasölu, verða menn að vera þess minnugir, að ríkið hefur hér tekið á sig vissar skuldbindingar í sambandi við afurðasöluna, en þær skuldbindingar geta kostað stórar fjárupphæðir.

Hvað snertir afurðasöluna erlendis, þá er víst, að sumar íslenzkar afurðir eru lítt seljanlegar fyrir sama verð og í fyrra, þó að aðrar vörur séu kannske seljanlegar fyrir mun hærra verð. Þá er og ekkert hægt um það að fullyrða, hvernig afurðasalan verður, þar sem ekki er enn gengið frá samningum. Þótt þess sé að vænta, að sumar vörutegundir séu seljanlegar sæmilega háu verði, þá eru aðrar vörutegundir, eins og t. d. saltfiskur, sem það er vitað um, að muni verða miklir örðugleikar á að selja á erlendum markaði með því verði, sem ríkið hefur ábyrgzt útvegsmönnum fyrir hann, og einnig er það ljóst, að ekki verður unnt að selja þær vörur gegn frjálsum gjaldeyri eða

greiðslu í þeim vörum, sem mundu henta íslenzkum þjóðarbúskap. Það er því ekki hægt að segja, að ríkisstj. sé með ástæðulausan barlóm, en hún vill ekki strika yfir staðreyndir sem þessar, heldur vill hún láta koma fram, að horfur með sölu á íslenzkum sjávarafurðum eru ekki eins góðar og þyrfti að vera, miðað við það verð, sem útvegsmenn heimta fyrir þessar afurðir sínar og þeir telja, að þeir þurfi að fá, til þess að atvinnurekstur þeirra geti borið sig. Í raun og veru er tómt mál að tala um það, að svo geti orðið í framtíðinni um margar af þessum vörutegundum, að þær verði framleiddar með svo miklum tilkostnaði, að varla eru líkur til, að við getum keppt við aðrar þjóðir um sölu á sömu vörum á sömu mörkuðum. Framleiðslukostnaðurinn er þetta hærri hjá okkur en öðrum þjóðum. Hér er því ekki um að ræða neinn barlóm, því að hvorki þjóð né þing er betur sett með því að slá ryki í augu þjóðarinnar um, að útlitið í afurðasölumálunum sé betra en það er í raun og veru.

Því miður kann svo að fara, að ríkið hafi af þessari áður nefndu ábyrgð nokkurn bagga, en vonandi fer þó svo, að til þess komi eigi, en of snemmt er að fullyrða nokkuð um þetta, því að enn er ekki frá samningum gengið. Hv. 2. þm. Reykv. veit mæta vel, að hér er ríkisstj. ekki með neinn barlóm, en segir aðeins satt og rétt frá.

Hitt atriðið, þar sem mér skildist, að hv. 2. þm. Reykv. meinti, að ef ríkisstj. tækist ekki að búa til fjárhagskreppu með því að selja afurðirnar við lægra verði en hægt væri að fá fyrir þær, þá gripi hún til þess að skera niður verklegar framkvæmdir og gera þannig atvinnukreppu í landinu. Hæstv. fjmrh. og menntmrh. hafa þegar bent á það við umr., að með brtt., sem fyrir liggja frá hv. fjvn. og að verulegu leyti eru gerðar í samráði við ríkisstj., þá sé síður en svo verið að skera niður verklegar framkvæmdir á Íslandi, miðað við árið 1946, en það ár var einna drýgst undanfarinna ára í þessu tilliti. Þá sat að völdum ríkisstj., sem við studdum báðir, ég og hv. 2. þm. Reykv. Þegar athugaðar eru í heild verklegar framkvæmdir af hálfu ríkisins, þá sést við samanburð, að framlög á fjárl. til verklegra framkvæmda árið 1947 eru áætluð miklum mun hærri en árið 1946. Það er því harla undarlegt að tala um, að verið sé að skera niður framlög til verklegra framkvæmda í landinu. Gert er ráð fyrir, að framlag til vegaviðhalds verði 1 millj. kr. hærra en á síðustu fjárl., til hafna- og lendingarbóta 600 þús. kr. hærra en 1946, til barnaskóla 2 millj. og 125 þús. kr. hærra, til raforkuframkvæmda verði veitt 2 millj. og 500 þús. kr. meira en gert var ráð fyrir 1946, til byggingarsjóða verkamannabústaða og annars slíks er gert ráð fyrir, að framlagið verði 1 millj. og 150 þús. kr. hærra en 1946, til sjúkrahúsa 1 millj. og 500 þús. kr. meira. Samtals nemur hækkunin á fjárl. nú, frá því sem var í fyrra, 16 millj. kr., og svo er verið að tala um, að verið sé að skera niður framlög til verklegra framkvæmda í landinu. Þetta er fjarstæða, sem allir sjá, ef þeir á annað borð eru læsir á tölur. Ræða hv. 2. þm. Reykv. er því algerlega úr lausu lofti gripin.

Ég hef áður lýst því yfir, að endanlegar staðreyndir um sölumöguleika liggja enn ekki fyrir, svo að engu er hægt að slá föstu um afurðasöluna. Þess vegna er á engan hátt hægt að segja, að ríkisstj. sé með ástæðulausan barlóm. Hún vill aðeins, að þing og þjóð viti allan sannleika um þessi mál, en að ekki sé verið með upphrópanir og fullyrðingar um, að þetta sé allt öðruvísi en það er í raun og veru.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 702 við 13. gr. fjárlagafrv. Flutti ég sams konar till. hér við 2. umr., en tók þá aftur. Fer till. mín fram á 100 þús. kr. framlag til Útnesvegar. Undanfarin ár hefur verið veitt nokkurt fjárframlag til þessa vegar, m. a. 90 þús. kr. á síðasta ári, en hefur nú verið fellt niður. Virðist þetta vera gert að ófyrirsynju, þar sem þörfin er engu síður nú en áður. Þá kemur það hér til greina, að flugferðir hafa verið teknar upp vestur á Snæfellsnes, og lenda flugvélarnar á flugvelli við Gufuskála, sem er skammt frá Hellissandi, en hins vegar vantar algerlega veg milli þessara staða. Það er því mikil nauðsyn á, að vegasamband komist þarna á, og þess vegna er ætlazt til með till. minni, að 50 þús. af umræddri upphæð verði varið til vegagerðar frá Hellissandi að flugvellinum við Gufuskála.

Þá flyt ég ásamt þrem öðrum hv. þm. brtt. á sama þskj. undir IX., þar sem farið er fram á 40 þús. kr. til Karlakórs Reykjavíkur vegna söngfarar 1946 til Bandaríkjanna gegn jafnháu framlagi frá bæjarstjórn Reykjavíkur. Um þessa glæsilegu söngför karlakórsins til Vesturheims á s. l. hausti þarf ekki að fara mörgum orðum, þar eð hún er öllum kunn. Hins vegar varð kostnaðurinn af förinni svo mikill, að ógerningur er, að þátttakendur geti tekið hann á sig að öllu leyti. Varð því að samkomulagi í bæjarstjórn Reykjavíkur, að bærinn legði fram 40 þús. kr. til þess að greiða upp í hallann, sem af ferðinni varð, og fannst okkur í bæjarstjórninni, að fullkomlega réttmætt væri, að ríkisvaldið kæmi þarna á móti, þar sem karlakórinn með för sinni vann þjóðinni hið mesta kynningar- og menningarstarf. Vil ég því leyfa mér að vænta þess, að hv. Alþ. taki á þessari till. með skilningi og samþykki hana.

Ég mun ekki ræða aðrar þær till., sem ég er meðflm. að, nema aðeins eina, sem ekki hefur verið útbýtt. Fjallar hún um, að nýr liður bætist við 22. gr. fjárlagafrv., um að verja allt að 300 þús. kr. til vatnsveitna. Eins og kunnugt er, hafa vatnsveitumál kaupstaðanna verið mjög dofin undanfarin ár, og var fyrir 2 árum samþ. þáltill., þar sem ríkisstj. var falin rannsókn í þessum efnum. — Á þessum vetri lagði samgmrh. síðan fram frv. um styrk til vatnsveitna. Þessi till. mín í heimildagr. fjárl. er miðuð við, að hvort sem þetta verður afgr. sem styrkur eða lán, ef frv. verður að l., þá er hvor aðferðin, sem farin yrði, opin með minni till. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að þörfin er hér svo gífurleg, að ekki má dragast lengur að bæta úr, þar sem aðstæður eru verstar hvað vatnsveitur snertir.

Síðasta brtt., sem ég mun gera hér að umtalsefni, er á þskj. 702, XIX. Er þar farið fram á að taka allt að 15 millj. kr. lán til íbúðarhúsabygginga samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946. Það er mála sannast, að lítið hefur orðið um aðgerðir af hálfu ríkisstj. til þess að efna fyrirheit samkvæmt þessum l., en í þeim er lögð sú skylda á sveitarstj. að útrýma heilsuspillandi íbúðum á 4

árum, og á ríkisvaldið sjálft að lána 85% af stofnkostnaði. Hefur bæjarsjóður Reykjavíkur lagt fram 4 millj. kr. í þessu skyni án þess að fá nokkuð á móti úr ríkissjóði, sem þó er bein lagaskylda. Ég hef samt ekki flutt till. við fjárlagafrv. í þessu sambandi og taldi það ekki heyra beint undir fjárl. að samþykkja lánsheimild í þessu skyni, enda er það sannast að segja mjög hæpið samkvæmt stjskr. að samþykkja slíka lánsheimild á fjárl. Til þess þarf sérstök l., og var ætlunin að bera fram sérstakt lagafrv. um nauðsynlega lánsheimild til handa ríkissjóði í þessu skyni eða frv. um breyt. á l. um íbúðarhúsabyggingar í þessu sama skyni.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við aðra umr. fjárlagafrv. flutti ég nokkrar brtt. um hækkanir á framlögum til samgöngubóta í mínu héraði, og voru þær eingöngu varðandi vegi og brúargerðir. Ég hef nú komizt að raun um, að það muni ekki hafa mikla þýðingu að flytja hér brtt. til hækkunar á vegaframlögum, en hafði að vísu fengið loforð um, að framlög til vegaframkvæmda í héraðinu yrðu hækkuð um 40 þús. kr. En samkvæmt brtt. hv. meiri hl. fjvn. fer þetta svo, að hækkunin nemur aðeins 7 þús. kr., því að það er tekið aftur með annarri hendinni, sem gefið er með hinni, vegna þeirrar 15% lækkunar á öllum vegaframlögum, sem hv. meiri hl. leggur nú til með till. sínum. Út af fyrir sig hefði verið við það unandi, ef ekki stæði svo sérstaklega á á þessum stað, sem hér um ræðir, að þar eiga sér stað mjög miklar breytingar á atvinnurekstrinum, sem krefjast þess, að meir sé hraðað vegaframkvæmdum en ella ætti sér stað. Þetta er öðrum þræði vegna hinna miklu framkvæmda í Skagastrandarkauptúni, sem gera nauðsynlegt að hraða vegagerðarframkvæmdum þangað, og enn fremur vegna þess, að nú stendur til að breyta atvinnurekstri héraðsins að miklu leyti úr sauðfjárrækt í mjólkurframleiðslu. Er mjög aðkallandi að brúa tvær ár á þessum slóðum. Mér virðist þó, að hv. meiri hl. n. vilji ekki taka tillit til þessara sérstöku aðstæðna, og varðandi vegina hef ég komizt að raun um, að það muni ekki hafa neina þýðingu til árangurs að bera fram till. um hækkun til vegaframkvæmda, og hef ég því ekki gert það. — Ég get tekið það gott og gilt varðandi einn veg, Norðurárdalsveg, út af því, sem hv. form. fjvn. tók fram um hann, og hef ég ekki endurtekið þá till. mína í trausti til ummæla hans. Þörfin er enn brýnni fyrir framlög til brúargerða, en þar er þá sömu sögu að segja, að þótt ég hafi farið fram á verulega hækkun til brúargerðar á Blöndu, nemur hækkunin aðeins 33 þús. samkv. till. hv. meiri hl. fjvn. á þskj. 692. Ég hef þó þrátt fyrir þetta leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 704, við heimildagr. fjárlagafrv., um, að ríkisstj. verði veitt heimild til að greiða 100 þús. kr. til byggingar Vatnsdalsárbrúar. Ég hef ekki farið fram á að setja þetta inn á 13. gr. í von um, að frekar yrði tekið tillit til þess, ef möguleikar væru á að leggja fram þessa fjárhæð á þessu ári til þess að bæta þarna nokkuð úr. Þannig stendur á, eins og ég lýsti yfir við 2. umr., að um leið og hefjast daglegir mjólkurflutningar úr þessu byggðarlagi, verður það mjög erfitt og nær ómögulegt að þurfa að hafa bíla gangandi beggja vegna í dalnum. Er því bygging þessarar brúar mjög þýðingarmikil. Nú er það ákveðið samkvæmt samhljóða óskum allra hlutaðeigandi manna í héraðinu, að brúargerðin yfir Vatnsdalsá eigi að vera framarlega og yfir tvær kvíslar þar, og þótt þessar 100 þús. kr. nægðu ekki nema fyrir brú yfir aðra kvíslina, þá er þetta nokkuð í áttina. Er þetta sú minnsta ósk, sem ég get hugsað mér í sambandi við þessar brúargerðir, sem ég hef hér leyft mér að bera fram.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þessi mál og skal ekki blanda mér í þann ágreining, sem hér hefur verið og er um afgreiðslu fjárl., að undanskildu því að láta í ljós furðu mína yfir því, þar sem það er alveg nýtt fyrirbæri, eins og allir vita, að fara við 3. umr. fjárlagafrv. að lækka fjárframlög til allra verklegra framkvæmda um verulega upphæð, frá því sem samþykkt hefur verið við 2. umr. Frá mínu sjónarmiði hefði það verið ólíkt skynsamlegra að vera ekki alveg eins naumir á fjárframlög til samgöngumála úti um land en að verja mörgum millj. til byggingar á ýmsum húsum, t. d. skólabyggingum og söfnum, sem ætlazt er til að byggja hér í höfuðstaðnum og annars staðar og allt kallar á stóraukinn rekstrarkostnað fyrir ríkið, í stað þess að draga úr fjárframlögum, sem verja á til þess að styrkja grundvöll framleiðslunnar og verða til hagsbóta fyrir landsmenn og hagnaðar fyrir ríkissjóð síðar.

Ég skal svo láta þessi orð nægja á þessu stigi, en vænti þess, að hv. fjvn. snúist nú ekki gegn þessari einu till., sem ég flyt hér, ella yrði ég að líta svo á, að hv. meiri hl. vilji sniðganga allar þær óskir, sem ég hef borið fram varðandi umbætur á samgöngumálum í mínu héraði.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef gerzt meðflm. að tveim till. á þskj. 704, I. og III. — Fyrri till. fer fram á að hækka styrk til blindrastarfseminnar um 1500 kr. Er þetta gert í því skyni að greiða fyrir einum slíkum manni, sem sú óhamingja hefur steðjað að, að hann er ekki sjáandi, og vil ég vænta þess, að hv. þm. geri sitt til þess að ráða bót á þessu, að því leyti sem hægt er, með því að fallast á þessa smávægilegu fjárveitingu. Þessi maður hefur yndi af hljómlist, og mun upphæðin vera ætluð til þess að auðvelda honum að afla sér útvarpstækis. Annars hygg ég, að hv. 1. flm. till., sem málavöxtum er kunnugri en ég, muni gera nánari grein fyrir henni.

Þá hef ég einnig gerzt meðflm. að III. till. á sama þskj. ásamt samþm. mínum. Veit ég, að hann mun einnig gera grein fyrir henni, en mun aðeins fara um hana nokkrum orðum. Það hefur orðið prentvilla í till., hvað snertir fjárupphæðina. Þar stendur 35 þús. kr., en elga að vera 3500 kr., sem farið er fram á til handa Ásgeiri Hraundal Stokkseyri í viðurkenningarskyni fyrir störf hans við húsdýralækningar. Þessi maður er laginn við að lækna dýr, og þó að leitað sé til lærðs dýralæknis í nauðsynlegum tilfellum, þá er oft hlaupið til þeirra manna, sem hafa nokkra þekkingu og lagni til að bera til þess að hjálpa dýrum. Þessi maður hefur talsvert starfað að þessum málum, og ég tel að hann hafi oft gert gagn með starfi sínu. Finnst mér því vel til fallið að sjá það við hann með ofurlítilli fjárupphæð frá ríkinu, því að venjulegast mun það vera svo, að þessir menn taka lítið fé fyrir ómak sitt hjá þeim, sem vitja þeirra.

Ég ætla svo ekki að gera að umtalsefni, hvorki aðrar till. eða fjárlagafrv. Vænti ég þess, að hv. þm. geti samvizku sinnar vegna fallizt á að samþykkja þær till., sem ég hef hér rætt.

Arnfinnur Jónsson: Herra forseti. Ég flutti hér við 2. umr. till. um hækkað fjárframlag til Eskifjarðarvegar og aðra um byggingu flugskýlis þar eystra. Hefur fyrri till. hlotið þá meðferð hjá hv. meiri hl. fjvn., að upphaflega fjárveitingin, 20 þús. kr., hefur verið lækkuð niður í 17 þús., svo að það mun sýnt, hvernig till. hefði reitt af, þótt ég hefði borið hana fram á ný, og mun ég því ekki gera það. — Hina till. mína hefur n. tekið upp — að vísu dálítið breytta —, og er nú gert ráð fyrir 55 þús. kr. til flugskýlis við Eskifjörð, en upphaflega var farið fram á 100 þús. kr. í þessu skyni. Ég mun þó sætta mig við þessa breytingu í trausti þess, að þeir, sem um þetta fjalla, ráði svo fram úr þessu sem bezt má verða fyrir Austfirðinga. — Þá átti ég nokkrar aðrar brtt. við frv., sem felldar voru, t. d. um 80 þús. fjárveitingu til tveggja brúa í Skriðdal. Nú sé ég, að hv. fjvn. hefur tekið upp fjárveitingu í þessu skyni, að upphæð 73 þús. kr., en ég miðaði mína till. við upplýsingar, sem ég fékk frá verkfræðingum vegamálaskrifstofunnar, sem mæltu með þessum brúm.

Brtt. um fjárveitingu til byggingar fávitahælis var felld, og nú leggur fjvn. til, að veitt sé ½ millj. kr., og er hér spor stigið til að skriður komist á þetta mál, þar sem l. um það eru búin að vera í gildi í 11 ár. Þetta vona ég að verði til þess, að framkvæmdir hefjist í þessu máli.

Í þetta sinn á ég nokkrar brtt., og hefur hv. þm. V-Ísf. gert grein fyrir tveimur þeirra. En þriðja till., sem ég ber fram með hv. 9. landsk. þm., er um hækkun framlags til Rauða kross Íslands úr 15 þús. kr. í 50 þús. kr. Getur hver maður séð, að 15 þús. er svo naum upphæð, að gagnslítið er fyrir starfsemi Rauða krossins, ekki sízt nú. Á síðasta ári hóf Rauði kross Íslands aðstoð fyrir börn í Mið-Evrópu og hefur útbýtt lýsi fyrir á 2. millj. kr., en það er talið nægja 750 þús. börnum í einn mánuð. Þetta hefur þótt rausnarlegt, enda hafa börn í 4 löndum notið þess. Auk þess hóf Rauði krossinn hjálp fyrir Íslendinga, sem dveljast í styrjaldarlöndunum, Þýzkalandi og Austurríki. Hann samdi við Rauða kross Danmerkur að senda þeim matarpakka, og hefur sú starfsemi haldið áfram frá því árið 1945 og þarf að vera næsta vetur. Eðlilegt hefði verið, að ríkið hlypi hér undir bagga, en þar sem annar aðili hefur gert það, þá þarf ríkið að viðurkenna það og bæta R. K. Í. það upp. Og því flytjum við þessa till., að við væntum, að hv. Alþ. sýni R. K. Í. að það viðurkenni starfsemi hans, þess vegna vænti ég, að till. verði vel tekið af hv. þm. Um þessar till. er svo ekki fleira að segja. Því var borið við við 2. umr. fjárl. í sambandi við hækkunartill., að halli væri á fjárl. og þyldu þau ekki hækkun, nema aflað væri tekna á móti. En eftir byrjun stjórnarinnar að afla tekna til að mæta hallanum ætti það ekki að vera vandi, því að hún gerði það eftirminnilega með hinni 40—50 millj. kr. tollahækkun. Hér átti að vera á ferðinni bráðabirgðaráðstöfun til að afla tekna til að mæta hallanum. Þessu kingdu hv. þm., en varð ekki gott af, enda virtist sem stjórnin sæi, að hvíld þyrfti um skeið. En þá lítur hún á fjárl., og nú eru verklegar framkvæmdir skornar niður um 15% og ekki nóg með það, því að svo eru önnur ákvæði til uppbótar, þar sem heimilað er að fresta ýmsum framkvæmdum, ef stjórnin sér ástæðu til þess. Skyldi þingi nokkurn tíma hafa verið borin svo strembin fæða á jafnstuttum tíma? Það er varla, að dómgreind hv. þm. hafi svo bilað, að þeir taki við þessu. Líklega er nú naumur tími til að stinga við fótum, því að það er ótrúlegt, að þeir menn, sem fyrir ári síðan voru svo stórhuga, að annað eins hefur ekki þekkzt — að þeir á svo stuttum tíma hafi orðið gegnsýrðir af stefnu hrunstefnumanna. Ég er sannfærður um, að þeim er hollast að staðnæmast hér og afla sér nýrrar bústýru.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það hafa verið gerðar aths. við fjvn., og hafa sumir jafnvel gert árásir á hana, og verð ég að líta svo á, að þau ummæli séu sett fram til þess að menn geti lesið þau í Alþingistíðindum, og það er eitt af þeirri auglýsingastarfsemi, sem rekin er hér. Ég vildi fara hér fáum orðum um þessar aths. og hefði óskað að svara hæstv. fjmrh., en þar sem hann er hér ekki staddur nú í augnablikinu, þá mun ég svara hv. 11. landsk. þm. á undan. Hv. þm. talaði um, að mesta þrekvirki, sem stjórnin hefði gert, væri að hleypa vindi úr mér, og fannst honum minna til míns stórhugar koma en við 2. umr. Út af þessu vildi ég benda hv. þm. á, að þegar ég hélt framsöguræðu mína við 2. umr., þá var frv. lagt fram með 197318358 kr. útgjöldum, en þegar frv. er nú lagt fram, þá eru gjöldin 825923 kr. minni en við 2. umr., en við bætist rúmlega 2 millj. kr. á 22. gr. Nú hef ég haldið því fram, að till. n. lýstu, að stórhugur væri ríkjandi í þessum málum, og ef hv. 11. landsk. hefur hlustað á umr., þá hlýtur hann að minnast þess, að ég tók fram, að ég vildi ekki sitja lengur í fjvn. en meðan stórhugur ríkti þar. Ef hann heldur, að ég hafi brotið það heit, þá er það líkt og um önnur rök sósíalista. En hvar er hans stórhugur? Hann leggur til á þskj. 702, að hækkað sé framlag til hafnarbóta í Hafnarfirði upp í 600 þús. En kannske er hv. þm. hér í kapphlaupi við hæstv. samgmrh. til að reyna að sýna það, að hann sé sá stóri. Annað stórt finnst ekki hjá hv. þm., því að aðrar till. hans eru satt að segja ekki mikið stórhuga. Þær eru um nokkrar krónur til Leikfélags Hafnarfjarðar og lesstofu. En þessi hv. þm. var ekki svo duglegur að koma til fjvn. tímanlega, svo að henni gæfist tóm til að athuga þessar till., en ef þær hefðu komið fram við 2. umr., þá hefði það verið athugað, hvort bæri að hækka þær. Það er svo ekki ástæða til að ræða frekar ummæli hv. 11. landsk. þm.

Þá fannst mér hæstv. fjmrh. helzt áfellast mig fyrir, að ég notaði orðið „bylting", en ég veit ekki, hvort ég hef meint það eins illa og hæstv. ráðh. hefur tekið það. Það skal svo tekið fram, að frv. hefur ekki lækkað nema um 800 þús. kr., en inn á það hafa komið um 2 millj. kr., svo að gjöldin hafa fremur hækkað. En það er annað mál, að niðurskurður hefur verið gerður á ákveðnum liðum frv. til þess að setja inn aðra ákveðna liði, og má alltaf deila um, hvað á að skera niður og hvað ekki, og eru ýmsir liðir í fjárl., sem mega sparast, og hefði ekki átt að láta aðra liði víkja fyrir þeim. M. a. vildi ég leyfa mér að benda á, að í eitt kjör-

dæmi er látið 180 þús. kr. meira en fjvn. gerði ráð fyrir, og 230 þús. kr. meira í annað kjördæmi. Vitanlega er þörf fyrir þessar fjárveitingar, en hún er ekki svo sterk, að ástæða væri til að taka fé til þessa frá nauðsynlegum framkvæmdum. Ég tók það fram um 13. gr., að þegar búið er að breyta henni, þá muni sparast um 216 þús. kr., en eðlilegra er, að ekki sé farið inn á þá leið að lækka ákveðna liði, sem við höfum samþ. Þá sagði hæstv. fjmrh., að meiri framkvæmdir væru nú en í fyrra og þó hæstv. menntmrh. frekar, en tölur hans voru ekki réttar. Árið 1946 voru lagðar 2,3 millj. kr. til raforkumála og ekki nema 700 þús. kr. meira nú, og er því mismunurinn ekki ýkja mikill. Það sama er að segja um vegi. Árið 1946 voru lagðar fram 7½ millj. kr. til vega, en nú 6½ millj. kr. Til hafnarbóta voru veittar 5 millj. kr. og 2 millj. kr. úr hafnarbótasjóði, svo að sjá má, að þessar framkvæmdir eru ekki meiri nú en í fyrra, og segi ég það til leiðréttingar, en ekki til ásakana. Hitt er svo annað atriði, að miklu meira er nú varið til skólabygginga en nokkru sinni áður, og er það vegna löggjafar um það efni.

En ef allt er reiknað jafnskakkt og þetta, þarf að athuga þessi mál betur fyrir fundina en þessir 2 hæstv. ráðh. hafa gert í dag.

Hvað viðkemur því, sem hæstv. ráðh. sagði, að fjvn. mundi gera till. um 18. gr., þá sagði ég það ekki, heldur sagði ég, að n. mundi skrifa ríkisstj. um. að þessi gr. verði endurskoðuð. Fjvn. hefur enga aðstöðu til þess að gera till. út af þessari gr., en ég teldi æskilegt, að t. d. 3 vanir menn aðstoðuðu ríkisstj. um athugun á þessari gr., áður en næsta fjárlagafrv. verður samið. Ég sé svo ekki að öðru leyti ástæðu til að svara hæstv. ráðh. og hans ræðu, en í sambandi við till. hans á þskj. 704, VIII 2, vil ég benda hæstv. ráðh. á, að ég tel mjög vafasamt, hvort ekki þarf sérstök heimildarlög eða hvort nægilegt er að hafa það aðeins á fjárl., en forseti mun skera úr því, þegar þar að kemur. Ég sé, að sams konar heimild hefur verið í fyrra á fjárl., en vafasamt, hvort það er í samræmi við stjskr., eins og hv. þm. Snæf. tók fram, en um þetta atriði skal ég ekki segja, en bendi aðeins á þetta. Um fyrri liðinn hefur n. ekkert að athuga, og sé ég ekki ástæðu til að kalla saman fund vegna hans, nema þess sé sérstaklega óskað eða sérstakt tilefni gefist.

Hvað snertir ræðu hæstv. menntmrh., þá hef ég þegar svarað henni að nokkru og sé ekki ástæðu til miklu meiri umræðna út af hans ræðu, en ég vil endurtaka það, að ég tel ekki, að þær upplýsingar, sem hann gaf, hafi verið réttar og að ástæða sé til að gera nokkrar aths. út af þeim.

Ég mun þá víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. N-Ísf. Hann er sá fyrsti og eini hv. þm., sem flytur ádeilu á n. fyrir störf hennar og þá sérstaklega á form. n., því að hann hélt því fram, að form. n. hafi afskipt Norður-Ísafjarðarsýslu með sérstökum hætti í samanburði við aðrar sýslur. En í sambandi við þetta vil ég benda hv. þm. N-Ísf. á það, hve Norður-Ísafjarðarsýsla hefur farið vel út úr skiptunum, því að framlögin voru við 2. umr. 865 þús. kr., en nú er lagt til, að þau verði 972400 kr. í till. frá n., þar sem ýmsar sýslur hafa verið lækkaðar verulega. Ég held því, að sízt sé hægt að ásaka n. fyrir, að hún hafi afskipt Norður-Ísafjarðarsýslu, en ef til vill stafar þetta af því, að sýslan á nú 2½ þm., sbr. 1½ Hannibal, sem talað var um um daginn, sem gengið hafa vel fram í að „agitera" fyrir sinni sýslu. En ég vil í þessu sambandi benda á, að aðaláherzlan hefur verið lögð á vegasamband yfir Þorskafjarðarheiði. Að vísu er nokkur hluti þess vegar í Barðastrandarsýslu, en Barðstrendingar hafa ekki hagsmuna að gæta, þegar vegurinn nær svo stutt. Til þess hefði hann þurft að ná í Kollafjörð og liggja yfir Kollafjarðarheiði, og Barðstrendingar hefðu miklu frekar kosið, að sú leið hefði verið farin, því að það hefði komið að fullu gagni fyrir þá og verið í alla staði heppilegra. Þegar lokið er við Þorskafjarðarheiði, þá er hægt að fara að undirbúa aðra vegi. Voru t. d. á síðasta ári veittar 70 þús. kr. í Bolungavíkurveg fram yfir fjárl. Það kann vel að vera, að fjvn. hafi þá sýnt lítinn skilning, en hæstv. stjórn hefur þá bætt það fullkomlega upp. En n. hefur ekki viljað breyta þessu og veitt enn 200 þús. kr., en sleppt þessum 70 þús., sem veitt var fram yfir. Þorskafjarðarheiði hefur líka fengið 70 þús. kr. meira en veitt var, svo að það er með engu móti hægt að segja, að sýslan hafi verið afskipt. En ég vil einnig benda á í sambandi við tvö kauptúnin í Norður-Ísafjarðarsýslu, Bolungavík og Súðavík og svo Ísafjörð, að þessir staðir hafa nóga mjólk, þó að þessir vegir komist ekki upp þegar í stað, en vantar verzlunarsambönd við kauptúnin, en þetta fé er ekki látið ganga jöfnum höndum til annarra staða, sem enga mjólk fá, og þeim neitað um fjárframlag til að bæta úr þeim skorti og þeirri brýnu þörf. Til Bolungavíkur var svo veitt á s. l. ári töluverð upphæð, eða um 120 þús. kr., úr hafnarbótasjóði, svo að ég sé ekki að þessi ásökun hv. þm. N-Ísf. hafi við rök að styðjast, en hann hefur nú haldið þessa ásökunarræðu á hverju þingi síðan 1942, að þessi sýsla sé afskipt, en ég sé ekki, að það sé gert nú.

Þá minntist hv. þm. á till. sína um Vestfjarðaskútuna, og í því sambandi minntist hann á atvik í þinginu, sem honum var þó til lítils sóma. Þá sótti hann fast að gera sem mesta smán þeim ráðherra, sem hann þó studdi, og gerði allt, sem hann gat, til þess. En ég vil benda á, að jafnhliða því, sem hv. þm. ber fram þessa till. um að veita fé til björgunarskútu og krefst yfirlýsingar frá hæstv. ráðh., þá hefur hann borið fram þáltill. um sama mál og á líkum grundvelli og hans bjánalegu till. var vísað frá með í fyrra, því að ekki var hægt að samþykkja hana, til þess þurftu ýmsar rannsóknir að fara fram, sem hann leggur nú til að gerðar verði. Það er vitanlega ekkert vit í að fara að byggja skútuna, fyrr en menn hafa komið sér saman um stærð hennar, hvort hún á að vera 60, 100 eða 150 smálestir. Mér virðist nú, að eins og málið er nú komið, sé nauðsyn að rannsaka það allt í heild, en samningurinn er uppfylltur að því leyti, að björgunarstarfsemi er haldið uppi. Í honum er ekki sagt, að byggja eigi skútuna á þessu ári, og var það upplýst í fyrra. En ég legg á móti því, að till. verði tekin upp í heimildagr., til þess er málið ekki nægilega ljóst eða undirbúið.

Þá flytur hann tvær till. um fjárframlög til einstakra manna. Önnur er að veita bónda í Steingrímsfirði styrk. Ekkert erindi hefur um þetta komið til n., og því er ég á móti þessari till. Þá er till. um að veita mönnum styrk, sem urðu fyrir skaða í snjóflóði, og minntist hann á, að margir sumar-

bústaðir hefðu farið þannig forgörðum, og sé eg ekki ástæðu til að samþykkja þá till.

Þá spurðist hv. þm. N-Ísf. fyrir um till. nr. 32 á þskj. 691. Hæstv. forsrh. hefur svarað þeirri fyrirspurn, og sé eg ekki ástæðu til að svara henni frekar, en vísa til svars hans.

Hv. 8. landsk. minntist á tvær till. á þskj. 702. Hann minntist á, að þetta væri einkennileg aðferð, að breyta fjárl., frá því að þau eru samþ. við 2. umr., við 3. umr. og taldi þetta ósæmilegt í alla staði. Nú vil ég ekki mæla 15% niðurskurðinum bót, en ég vil í þessu sambandi benda á menntaskólamálin, sem flokksbróðir hans hefur ráðstafað á s. l. ári. Þá var veitt til hans 500 þús. kr. Og til hvers var því varið? Meiri hluta þess var varið til að kaupa ekki neitt, bókstaflega ekki neitt, nema ónýta húskumbalda inni í Laugarnesi. Fyrir allt að 400 þús. kr. keypti hann þessa kofa, því að bærinn á landið, svo að þeir ættu ekki að hafa hátt um sig eða ræða þetta mikið, sem svo fara með fé, en það er ekki í höndum þessara manna nú. En eins og ég hef tekið fram áður, vil ég alls ekki, að þessi aðferð sé höfð, heldur að ríkið taki lán til að byggja báða menntaskólana. Afborganir og vextir af því yrðu ekki þyngri á ríkissjóðnum en þetta, að vera að pína sig til að láta árlega smáfúlgur, sem svo eru hvorki fugl né fiskur. Ég veit, að það eru til margir efnaðir menn, sem vildu leggja fram fé til þessara hluta, en þetta hefur ekki fengizt samþ. í n.

Þá minntist hann á 13. gr., og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en hann sagði, að það væri ekki skylda Sósfl. eða stjórnarandstöðunnar að koma með till. til tekjuöflunar. En ég sé nú ekki annað en það sé skylda allra hv. þm. Ég álít, að allir þm. ættu að vera á verði fyrir stjórnina. Hver þm. ætti jafnan að koma með tekjuöflunartill. til jafns við útgjaldatill., hvað sem er um skyldu stjórnarinnar eða ekki. En ég skil ekki hvers vegna þeir eru að bera fram hækkunartill., þegar þeir trúa ekki stjórninni til að afla tekna á móti þeim. Sósíalistar hafa borið fram miklar hækkunartill. Þeir ætla þó að treysta þessari ríkisstj. til að framkvæma þessa hluti, en bera þó engar tekjuöflunar- eða lækkunartill. fram til að vega upp á móti þessu. Ég held, að hv. þm. ætti að kynna sér þessi mál betur, því að annars á hann ekkert erindi á Alþingi.

Hv. þm. Snæf. minntist á brtt., sem hann flytur á þskj. 702. Ég get ekki fallizt á að taka upp þessa till. um 100 þús. kr. til Útnesvegar. Aðaláherzlan er þarna lögð á Ólafsvíkurveginn, og sé ég ekki ástæðu til að vera að dreifa fénu á fleiri staði innan sama héraðs. Till. um framlag til Karlakórs Reykjavíkur kom til fjvn., og var erindið borið upp í n., rætt og greidd atkv. um það. Það kom fram m. a., að þetta var vegna þess, að þeir, sem fóru í þessa för, yrðu að hafa tekjur, en margir höfðu engar haft meðan á förinni stóð. En margir þeirra eru á launum hjá því opinbera og héldu þeim óskertum, meðan á ferðinni stóð. N. hefur einnig fengið þær upplýsingar, að kórinn fékk styrk á s. l. ári, sem átti að vera lokagreiðsla, og gat n. því ekki fallizt á, að þessi till. yrði tekin upp.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um till. hv. þm. Snæf., en þá er það hv. þm. A-Húnv., hæstv. forseti. Honum fannst, að sínar till. hefðu fengið lélegar undirtektir hjá fjvn. Ég held þetta sé oflof á n., ég held hún hafi viljað taka tillit til tillagna hæstv. forseta. Framlagið til brúarinnar á Blöndu hefur verið hækkað, en ég lít svo á, að með hana eigi að gera sérstakar ráðstafanir eins og við brúna á Ölfusá. Og hins vegar held ég, að það sé ekki alls kostar rétt hjá þessum hv. þm., að ekki hafi verið tekið tillit til vegagerða og annarra framkvæmda í hans héraði sem öðrum héruðum, og ég get fullyrt það, að n. tók fullt tillit til þeirra tillagna, sem þessi hv. þm. hefur flutt, sem annarra till. Fjvn. ætlaðist til þess, að framlagið til Gönguskarðsvegar væri notað í vegina báðum megin heiðarinnar, og verða þm. þessara héraða, hreppstjórnirnar eða vegamálastjórinn að úrskurða, hve mikið skuli unnið fyrir hvorum megin heiðarinnar. Hv. þm. óskaði þess, að þetta væri tekið inn á heimildagreinina, 22. gr. frv., en mismunurinn er nú ekki mikill, hvort það er gert eða sett beint inn á sjálfa fjárlagagr., því ef fé er til, þá ber ríkissjóði að greiða, og ef fé er ekki fyrir hendi, þá er heimild fyrir því að fella greiðslu niður. Þess hefur og verið óskað við fjvn., að hún samþykkti ekki nein frekari útgjöld, nema rætt væri fyrst um málið við hæstv. ríkisstj., og ættu því þm. að snúa sér til hennar í þessu efni.

Út af brtt. hv. 1. þm. Árn., sem hann sagði, að hv. 2. þm. Árn. mundi einnig mæla með, þá vil ég upplýsa, að fjvn. afgr. erindið, en gat ekki fallizt á það. Þar er um að ræða 1500 kr. styrk til blinds manns til kaupa á harmóníku. Nú er það svo, að með hinum nýju l. um almannatryggingar, sem þessir menn heyra undir, þá eru kjör þeirra bætt að mun og hlutur þeirra gerður miklu betri en áður var, og gat fjvn. því ekki fallizt á þessa fjárveitingu.

Um talið um dýralæknana varð ég undrandi, því að í l., sem samþ. voru um daginn, eru þau ákvæði, sem leiða það af sér, að tilgangslaust er að samþykkja till. sem þessa.

Ég nenni ekki að deila við hv. 2. þm. S-M. né fara að ræða grautarsuðuræðu hans, en ég vil þó benda honum á, að það er ekki í hlutverki fjvn. að byggja brýr eða skaffa efni til þeirra. Það er ekki hennar hlutverk. Aftur á móti get ég viðurkennt, að gott hefði verið að veita hærri upphæð til Rauða kross Íslands en áætlað er. Hv. 2. þm. N-M. ætti að koma með skemmtilegri sögu en grautarsuðusögu Jóns, er hann ræðir næst fjárlagafrv.

Út af ræðu hv. 2. landsk. þm. vil ég benda á, að ég tók það fram við 2. umr. málsins. að mér félli þyngst að vísa frá brtt. um fjárveitingu til sóttvarnahúss. Það fæst yfirleitt bezt fyrir þær kr., sem til þess yrði varið, en þau verkefni eru svo stór, að ógerlegt er að leysa þau á einu ári. Vilji nú hv. 2. landsk. þm. beita sér fyrir því, að flokkur hennar komi nú einhverju til gagns með till. sínum og til meira gagns en till. þær, sem flokksbróðir 2. landsk. þm. berst harðvítuglega fyrir, svo sem fyrirhleðslu uppi á fjöllum, með till. um sóttvarnarhús og koma vitinu fyrir flokksbræður sína, þá gæti hún unnið mikið gagn, en með þessum till. eru þm. að hlaupa úr einu og í annað, og svo á að koma öllu í gang á einu ári. Ég er nú hræddur um, að hér sé meira um auglýsingarstarf að ræða en vilja.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt langa ræðu hér í dag, og sé ég ekki ástæðu til að fara að rekja hana hér. En ég vil benda á, að það hafa verið skiptar skoðanir, hvort dreifa skuli fénu til vegagerða úti um

landið eða setja það í fátt í einu og fullklára þá vegi, sem veitt yrði til. Um þetta hafa verið og eru sterk átök hér í þinginu, og hvort væri nú skynsamlegra að gera ákveðnar hafnir eða dreifa fénu til hafnargerða. Hvar værum við nú staddir, ef ætti að fara að byrja á Reykjavíkurhöfn? Verkefni Reykjavíkurhafnar hafa aukizt gífurlega, og hefur aldrei verið meiri þörf fyrir hafnarbætur þar en einmitt nú. Um hafnir annars staðar á landinu gildir það sama, og ef ekki væri verið að koma upp þessum bryggjustúfum, sem gera afar mikið gagn, þá væri ábyggilega langt að bíða þess, að yrði úr framkvæmdum með byggingu fullkominna hafna á hinum ýmsu stöðum. Og sama gildir vitaskuld hér um vegamálin. Þegar lokið er við að gera brýr, sem ætlaðar eru fyrir tveggja tonna bíla, þá kemur krafan um að byggja þær fyrir 4 tonn, 6 tonn, 8 tonn og allt upp í styrkleika, sem þyldi 12 tonna þunga vagna. Ölfusárbrú var byggð fyrir létta bíla, en er nú þungabrú. Nú er farið fram á að byggja brú yfir Þjórsá, sem þyldi þyngri farartæki en sú brú, sem nú er notuð. Ég vil því segja það og fullyrða það, að ef dreifbýlið á að bíða eftir þvílíkum framkvæmdum, þá fæst þar ekkert gert.

Þá kom hv. þm. inn á eignakönnunina og innkaupastofnun ríkisins. Í sambandi við innkaupastofnunina þá skil ég nú ekki, hvar þessar miklu tekjur felast, því að 1. gr. frv. felur í sér 2 millj. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð. Um eignakönnunina ætla ég ekkert að ræða, en hv. 2. þm. Reykv. var á annarri skoðun um tekjuöflun en flokksbróðir hans, og hann hefur líka setið lengur á Alþ. en flokksbróðir hans, hv. 8. landsk., og ég vona nú, að hv. 8. landsk. læri af honum.

Hvað viðvíkur því, sem hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf. spurðu um, hvort ekki mætti taka upphæð inn á heimildagreinina, sbr. frv. um vatnsveitur, þá bendi ég þeim á 23. gr. fjárl., ef lögin um vatnsveitur ná staðfestingu og hafa útgjöld eða tekjur í för með sér. Það er eins gott fyrirkomulag.

Um önnur frv. er það að segja, t. d. skipaeftirlitið og frv. um matsveinaskóla, sem kosta mun ríkissjóð 500—600 þús. kr., nái það samþykki, að Ed. hefur tvívegis sent það frv. frá sér, og tek ég það sem dæmi um flutning frv. í Alþ., sem kosta munu stórar fjárfúlgur.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að svara meira sem stendur, nema sérstakt tilefni komi til.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Á þskj. 691 eru þær brtt. frá fjvn., sem n. stendur öll að, en í 45. lið þeirra er till. um það, að Alþ. heimili ríkisstj. að ganga í ábyrgð fyrir hönd ríkissjóðs vegna byggingar fiskiðjuvers. Ég vil leyfa mér að bera fram brtt. við þetta, að á eftir „útvegsmanna og fiskimanna" komi: bæjar- og sveitarfélaga. Með því móti eru bæjar- og sveitarfélög jafnréttháir sem útvegsmenn og fiskimenn til að njóta þessarar heimildar. Þetta er mikils vert, því að samþ. hefur verið að veita 10% lán út á togara eftir stofnlánadeildarláninu, og er því ekki nema réttmætt, að héldist í hendur fiskiðjuver útvegsmanna og bæjar- og sveitarfélaga. Það mundi alls ekki gera minna gagn, ef bæjar- og sveitarfélög kæmu upp fiskiðjuverum, og gæti það haft frekari þýðingu. Er rætt var hér um togaraútgerðina, þá var álitið, að hlutafélög og bæjar- og sveitarfélög skyldu hafa sama rétt til viðbótarláns, en hér er alveg gengið fram hjá þessu. Það er alveg meinlaust, að bæjar- og sveitarfélög fái hér sömu aðstöðu og hlutafélög, og leyfi ég mér því að bera fram brtt. við þetta. Svo hefur ríkisstj. úrskurðarvald í þessum málum, en það er eðlilegast, að bæjar- og sveitarfélög sitji hér fyrir samtökum einstaklinga.

Ég ætla nú ekki að fara inn á þær brtt., sem hér hafa komið fram, það hefur hv. 8. landsk. gert rækilega og gert grein fyrir áliti minni hl. n., en ágreiningurinn var aðallega um 15% lækkun til verklegra framkvæmda. Það er að vísu rétt, að þrátt fyrir þessa lækkun eru þessi fjárlög hærri nú en í fyrra, en það er nú ekki núverandi ríkisstj. að kenna eða þakka. Það var fyrrv. ríkisstj., sem lagði þetta plan fram. Afrek núverandi ríkisstj. kom fram í hækkunartill., en hún dró þær aftur til baka og kom svo fram með niðurskurðarplan til þess að minnka atvinnuna í landinu. Skemmdaráhrif núverandi ríkisstj. eru þau sömu, þótt ég fari ekki lengra út í þessi mál, en ríkisstj. hæstv. þarf alls ekki að kvarta yfir vöntun á tekjuöflunarleiðum, en ég mun ekki fara inn á það, því að ég býst við, að hv. 8. landsk. muni koma inn á það nánar út af því, sem hv. frsm. fjvn. sagði í ræðu sinni um þetta. Ég vil benda á, að lækkun útgjalda til verklegra framkvæmda er sérstaklega varhugaverð, eins og sakir standa og viðhorfið er orðið nú. Ég býst við, að þótt framlög til verklegra framkvæmda á síðasta ári hefðu verið allmiklu lægri en árið þar á undan, þá hefði ekki getað stafað atvinnuleysi af því, vegna þess að svo mikil atvinna var þá í gangi, sem einstaklingar, sveitar- og bæjarfélög stóðu að. En nú hefur verulegur hluti þeirrar atvinnu, sem þannig var í gangi þá, dregizt saman fyrir beinar aðgerðir bankanna, sem ekki verður séð annað en að geri sínar ráðstafanir í þessu efni í samráði við ríkisstj. Mér er kunnugt um, að þau hús skipta hundruðum hér í Reykjavík, sem stöðvuð er bygging á, vegna þess að lánsstofnanir hafa kippt að sér hendinni um lán. Enn fremur hefur ýmis rekstur í bænum orðið erfiðari vegna þess, að bankarnir hafa neitað um rekstrarlán, og af því að reksturinn hefur ekki fengið yfirfærslur, þó að viðkomandi aðilar hafi haft gjaldeyrisávísanir í höndum frá viðskiptaráði, og vegna þess hafa mörg fyrirtæki orðið að segja upp fólki. Sama er að segja viðkomandi mörgum verzlunarfyrirtækjum, því að þau hafa séð sig knúð til þess að draga saman seglin og segja upp starfsfólki sínu af sömu ástæðum. Og það þarf að gera sérstakar ráðstafanir, ef ekki á að verða atvinnuleysi á þessu ári. Þess vegna er það sjálfsagt, að stjórnarliðið hefur nú ákveðið að lækka framlög til verklegra framkvæmda um 15% yfir alla línuna, og verður ekki annað séð en að stefnt sé hér að því að mynda atvinnuleysi. Ég tel, að ef ríkisstj. lætur bankana draga saman lánveitingar — og ef ríkisstj. er ekki að skipuleggja atvinnuleysi —, þá ætti ríkisstj. að setja í gang atvinnutæki til þess að mynda atvinnu í staðinn fyrir það, sem hún lætur lækka framlagið til verklegra framkvæmda almennt. — Annars getur verið ákaflega óþægilegt fyrir einstaka staði, að lækkað sé framlagið til verklegu framkvæmdanna frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. eftir 2. umr. Ég tek til dæmis Grafarnes, sem þar er ætlað, að fái 75 þús. kr. til lendingarbóta. Þessu framlagi mun vera öllu fyrir

fram ráðstafað upp í það, sem tekið var að láni til þess að halda áfram framkvæmdum s. l. haust, vegna þess að það hefur sýnt sig, að það er ákaflega óhagstætt að vinna svona litið í senn á hverjum stað. Og þegar verið er á sama ári að mylgra framlagi á marga staði, en lítið fer í stað, þá fer stundum kannske allt að helmingurinn af fénu til þess að koma fyrst verkinu af stað og koma á eftir, þegar búið er að vinna, verkfærum fyrir eða flytja þau burt af staðnum. Og þetta er endurtekið árlega á sama stað. — En að því er Grafarnes snertir, þá er þessum stað lífsnauðsyn að geta haldið áfram við bryggjuna, sem er ekki nema hálfgerð og kemur að sáralitlu haldi, ef ekki er haldið áfram með hana. En þrátt fyrir það er þetta litla framlag, sem er dauðadómur um, að þetta verk geti haldið áfram, lækkað um 15%. Svona dæmi mætti víðar að taka, og sér hver maður í hendi sinni, hvílík fjarstæða er að leggja út í að gera slíkar ráðstafanir, sem hér er um að ræða. Ég sé ekki sérstaka ástæðu til þess að áfellast hv. meiri hl. fjvn. fyrir það, þó að hún fallist á þessar till. ríkisstj. Það er nú svo, að þeir flokkar, sem mynda meiri hl. fjvn., þeir standa að núverandi ríkisstj. og þeir hafa komið sér saman um þennan niðurskurð. Og fyrir þá sömu flokksmenn í fjvn. virðist því ekki um annað að gera en að fallast á þetta, eða vafalaust finnst þeim það. En ég býst samt við, að sumir þeirra hafi ekki verið neitt ánægðir með það, að þannig var í sakirnar farið. — Hæstv. fjmrh. var að gera grein fyrir, hvernig stæði á þessari lækkun og hvers vegna ríkisstj. færi þessa leið, og mér skildist, að það væri aðallega af tvennu. Í fyrsta lagi markaðshorfunum og í öðru lagi vegna Heklugossins. Ég tók ekki eftir, að hann teldi sérstaklega önnur rök fyrir því en þessi tvenn. Það er ekki annað að segja um markaðshorfurnar en að möguleikarnir séu mjög glæsilegir. Það hefur verið tekið fram m. a. í áramótaræðu fyrrv. hæstv. forsrh. (ÓTh), og ég man ekki betur en það væri einnig tekið fram í ræðu hæstv. núverandi forsrh., þegar núverandi hæstv. ríkisstj. tilkynnti stefnuyfirlýsingu sína hér á hæstv. Alþ. Og það var enn fremur tekið fram í þeim kveðjum, sem fyrrv. hæstv. forsrh. flutti núverandi hæstv. ríkisstj., og árnaðaróskum, þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum. — Ég held, að núverandi hæstv. fjmrh. hafi talað um dapurt útlit í markaðsefnum hér. — Það væri nú ekki óeðlilegt, þegar allt þetta er borið saman, að þm. bæðu hæstv. ríkisstj. um upplýsingar um það, hvernig gengur með sölu á okkar afurðum, áður en það er fært fram sem rök fyrir stórfelldum niðurskurði á verklegum framkvæmdum, að markaðshorfur séu dapurlegar fyrir afurðir okkar. Það hefur ennþá ekkert heyrzt frá hæstv. ríkisstj. um það, hvað gangi í þessum efnum, t. d. í Englandi. Nefndir eru þar ennþá og íslenzka nefndin, sem þangað var send, er þar þaulsætin og virðist taka starf sitt mjög alvarlega. Hún er búin að sitja þar, að mér skilst, meira en í tvo mánuði. — Aftur á móti virðist svo sem miklu minni festa sé í þeirri nefnd, sem fór til Sovétríkjanna, því að af fjórum nm., sem sendir voru þangað til samningaumleitana, munu tveir vera farnir frá Sovétríkjunum, og ráðgjafi n., að því er snertir hraðfrysta fiskinn, mun líka vera farinn frá Moskvu. Það virðist því vera miklu meiri losarabragur þar og minni alvara. Og Alþ. hefur ekki fengið neinar skýringar frá hæstv. ríkisstj. á því, hvernig stendur á þessu, að þetta gengur svona seint, og eins hinu, að t. d. í Sovétríkjunum sé af hendi þeirrar n., sem send var þangað, ekki meiri áherzla lögð á að fá fram samninga en kemur fram í því, að nm. tínast á brott hver af öðrum frá störfum sínum þar. Og fróðlegt væri að heyra, hvort það er með samkomulagi við ríkisstj., að þeir menn, sem sendir hafa verið til að reyna að selja okkar afurðir í Sovétríkjunum, eru komnir þaðan og hættir störfum sínum. — Ég ætla ekki að ræða sérstaklega um markaðshorfur og annað, sem maður hefur frétt á skotspónum. En af ábyggilegum fréttum um það höfum við sáralítið fengið, og væri því æskilegt og mjög fróðlegt að fá að heyra um markaðshorfurnar, einmitt af því að hæstv. fjmrh. taldi, að markaðshorfurnar væru rök fyrir því að skera nú niður framlög á fjárl. til verklegra framkvæmda mjög verulega.

Viðvíkjandi Heklugosinu er það að segja, að ýmislegt hefur verið rætt um það, hvað gera skuli til þess að bæta mönnum tjón, sem þeir hafa hlotið af því, og sömuleiðis um það, hvort leggja beri í eyði einhver býli, a. m. k. í bili, — en ég fæ með engu móti séð, að Heklugosið og afleiðingar þess geti með nokkrum rétti verið notað sem ástæða til þess að fara fram á, að stórfelldur niðurskurður verði gerður á framlögum ríkisins til verklegra framkvæmda.

Ég vil svo að lokum spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh., hvað líður eignakönnuninni. Það er mikið um það talað, að við sósíalistar munum ekki benda á neinar leiðir til þess að afla fjár í ríkissjóðinn. Það er nú vitanlega algerlega rangt. Við höfum bent á leiðir til þess að afla fjár, bæði meðan við sátum í ríkisstj. og eins eftir það. En ástæðurnar til þess, að okkar till. hefur ekki verið sinnt, eru þær, að þeir, sem mestu ráða og hafa ráðið og farið með fjármálin, hafa ekki viljað fara þær leiðir, og þá sérstaklega vegna þess, að þeir hafa talið, að það mundi koma of hart niður á mönnum, sem þeir telja sér skylt að gæta hagsmuna fyrir. En núverandi hæstv. ríkisstj. lýsti yfir, þegar hún tók við völdum, að hún mundi framkvæma eignakönnun. Og síðan er nú liðið hátt á þriðja mánuð, og ennþá hefur ekkert frétzt um þessa eignakönnun annað en það, sem frétzt hefur á skotspónum, að búið sé að semja frv., að nefnd, sem átti að gera það, sé búin að ljúka störfum og búin að afhenda árangur af störfum sínum hæstv. ríkisstj. Og það fylgir líka með sögunni, að þessi n. hafi orðið sammála. Ég vil beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann vilji upplýsa nokkuð um það, hvenær vænta megi frv. fyrir þingið varðandi þetta mál og hvort hann hafi nokkuð nánar um það að segja á þessu stigi málsins. En það segir sig sjálft, að umtalið um eignakönnunina hefur valdið allmikilli truflun á fjármálalífinu í landinu. Ýmsir af þeim mönnum, sem eiga peninga, óttast eignakönnunina, og óttinn er venjulega mestur, þegar menn vita, að eitthvað er í vændum, en ekki, hvað það er. Og það er ekki vafi á því, að bara umtalið um eignakönnunina hefur valdið truflunum, þannig að menn hafa minna keypt af skuldabréfum vegna þess umtals, sem hefur svo leitt það af sér, að peningarnir hafa ekki verið notaðir til hluta, sem þýðingarmestir eru. En með valdatöku

núverandi hæstv. ríkisstj. var þessi ótti vegna þessarar óvissu magnaður mjög mikið meðal þeirra manna, sem yfir peningum sitja, vegna þess að ríkisstj. lýsti yfir, að hún ætlaði að koma með frv. um eignakönnun. Og ég vil benda á það, að með því að láta þetta hanga svona yfir höfðum manna, án þess þó að menn viti, eftir hverju er að bíða, og án þess að afgreiða málið röggsamlega, er unninn geysilegur skaði okkar atvinnulífi. Svona aðgerðir þurfa skjót handtök. En það er þvert á móti ekkert mál, sem sýnir fremur atorkuleysi núverandi hæstv. ríkisstj. en einmitt það, að hún hefur ekki hraðað nóg þessu máli, því að ef litið er á stefnuskráryfirlýsingu stjórnarinnar, þá held ég, að ekki séu þar mörg atriði, sem hægt sé að segja, að það sé lofað ákveðið að framkvæma þau, önnur en þessi eignakönnun, og þó án þess, að nokkuð sé tekið sérstaklega fram um það, hvernig þessi eignakönnun eigi að vera. Það hafa að vísu frétzt ýmsar sögur um samkomulagið, sem gert var á milli stjórnarflokkanna, þegar stjórnin var mynduð, í sambandi við þessa eignakönnun. Ég hirði ekki um að hafa þær eftir hér, enda veit ég ekki sönnur á þeim. Ég hafði heyrt um fjögur atriði því viðkomandi. Vel getur verið, að það sé ekki rétt, sem ég hef heyrt þar um, og ég get ekki um það dæmt, fyrr en ég sé frv. um þetta mál. — En það er ekki vafi á því, að talið um eignakönnun hefur valdið því, að peningunum hefur verið haldið utan við atvinnulífið til stórskaða fyrir þjóðina, af því að peningamennirnir hafa viljað sjá, þegar frv. um eignakönnun kæmi fram, hvort þeim mundu ekki opnast leiðir til þess að geta komið sínum peningum undan á einhvern sér hagfelldan hátt, þegar þeir sjá, hvað ríkisstj. ætlast fyrir. Ég held líka, að þessi langi dráttur, sem orðið hefur á því að koma með frv. um eignakönnun, frá því að lýst var yfir, að hún ætti að fara fram, hafi geysileg áhrif í þá átt, að menn geti komið undan fjármunum, sem eiga að koma fram við eignakönnunina, af því að þeir fá lengri frest til þess að gera ráðstafanir til þess að fela eigur sínar. Þannig verður þessi eignakönnun að minna haldi, eftir því sem lengur er dregið að framkvæma þá læknisaðgerð í okkar fjármálalífi, sem núverandi hæstv. ríkisstj. virðist sammála um, að nauðsynlegt sé að framkvæma og hyggilegt að gera með þessum aðgerðum, sem felast í eignakönnuninni.

Hitt er líka atriði, sem rétt er um að geta, að eignakönnunin hlýtur að gefa geysimikla fjárfúlgu til hins opinbera, ef löggjöf um hana er forsvaranlega afgr. á Alþ. og hún röggsamlega framkvæmd. Það er auðvitað mjög auðvelt að fá á þann hátt inn mikið fé til hins opinbera, vegna þess að það er vitað, að geysilegar fjárfúlgur eru í umferð manna á meðal, sem ekki hafa verið tíundaðar til skatts og hvergi hafa fram komið til þessa á framtali. Og á þann hátt hefði verið hægt fyrir ríkisstj. að fá tekjur í staðinn fyrir að fara inn á þá ömurlegu leið að stórhækka tolla á nauðsynjavörum landsmanna og þannig raunverulega stórhækka dýrtíðina til þess að geta borgað niður framfærsluvísitöluna. Það hefði verið ólíkt hyggilegra að hraða eignakönnuninni og nota einmitt það fé, sem með henni hefði fengizt, til þess að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru taldar í dýrtíðarmálunum, heldur en að hækka tollana. — Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. ríkisstj., hvað líði þessari eignakönnun og hvenær vænta megi frv. um það efni.

Þegar rætt var hér á föstudaginn utan dagskrár um sölu Hvalfjarðareignanna til leppfélags ameríska félagsins Standard Oil, þá bárust inn í umr. hér að tilhlutun hæstv. utanrrh. markaðsmál okkar Íslendinga. Og þessi hæstv. ráðh. kom með þetta hér inn í umr. á þann hátt, að hann sagðist mundu sjá til þess að afhjúpa mig fyrir það, að ég mundi hafa blekkt hann og hæstv. ríkisstj. alla viðkomandi því, að ég hefði talið betri markaðsmöguleika fram undan en hann vildi vera láta, að væru í raun og veru. Það er leitt, að þessi hæstv. ráðh. skuli ekki vera hér staddur nú. En þessar persónulegu aðdróttanir hans gefa mér sérstakt tilefni til þess að spyrjast fyrir um það, hvað líði afurðasölu okkar nú. Það geta verið sérstakar ástæður þess valdandi, að það verði að hafa þögn um afurðasölumál, meðan verið er að semja. En ef hæstv. ráðh. má segja eitthvað frá þessum málum á þessu stigi, þá er það svo — þar sem hann hefur lýst mig ósannindamann viðkomandi þessum markaðsmálum —, að ég hef alveg sérstaka ástæðu til þess að spyrjast fyrir um það og jafnvel sérstaka kröfu á að fá svar við þeirri fyrirspurn, ef svara má, hvað líði okkar afurðasölumálum nú. Og fýsir mig enn fremur að heyra, á hverjum rökum eru reistar þær hrakspár og það svartsýnistal, sem í þessum efnum heyrist nú frá hæstv. ríkisstj. Ég ætla annars ekki sérstaklega að svara hæstv. utanrrh. hér, af því að hann er ekki viðstaddur, en seinna gefst kannske tækifæri til þess, ef þessar umr. halda áfram á föstudaginn kemur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Að því er snertir fyrirspurn hv. þm. Siglf., hvað líði frv. um eignakönnun, sem hann virðist vera orðinn mjög óþolinmóður eftir, að lagt verði fram hér á hæstv. Alþ., get ég sagt, að það frv. mun vera að mestu undirbúið. Og það er ekki af neinu sérstöku tilefni, að það hefur enn ekki verið lagt fram. En hins vegar hafa önnur mál mjög tekið upp tíma ríkisstj. núverandi, sem tók við af þeirri ríkisstj., sem hv. þm. Siglf. átti sæti í. En um eignakönnunina sjálfa vil ég aðeins segja það, að hún mun nú vera hugarfóstur kommúnistaflokksins í upphafi. Í hinu margra metra — eða a. m. k. cm. — langa skjali, sem kommúnistafl. gaf út í vetur, þar sem fram voru tekin þau ótalmörgu skilyrði, sem sá ágæti flokkur setti fyrir áframhaldandi stjórnarsamvinnu, þar var eignakönnunin einn aðal- og meginþátturinn. — Nú hef ég alltaf skilið það svo, að það fé, sem inn mundi koma vegna eignakönnunarinnar sérstaklega, ætti ekki að vera gert að beinum eyðslueyri fyrir ríkissjóðinn, þannig að með því fé ætti að reikna við afgreiðslu fjárlaga sérstaklega, svo að í raun og veru er það alveg utan við málið, þegar hv. þm. er að benda á tekjuöflun fyrir ríkissjóð eftir eignakönnunarleiðinni. — Það er hægt að slá því fram náttúrlega, að eignakönnunin eigi rétt á sér og að það eigi að sækja þá peninga í vasa almennings, sem dregnir hafi verið undan skatti. Hitt mun líka sannast, að þegar þessi hugmynd kommúnistafl. á að útfærast í verki, að þá kunna að finnast á því allmargir annmarkar. Og ég tel það efamál, hvort þessir herrar, kommúnistar, verða

þá jafnfúsir að gangast við faðerni málsins gagnvart þeim almenningi, sem eignakönnunin kann að hitta. Ég held hv. þm. geti verið viss um það, að frv. um eignakönnun, eða hvað sem það kemur til með að heita, það kemur á sínum tíma. Hv. þm. lítur svo á, að þetta hugarfóstur hans og flokksbræðra hans hefði átt að framkvæma snarlega og umsvifalaust. Ég býst við, að það hefði haft sína kosti, en á hinn bóginn er að líta á það, að ef flasað er að slíkri löggjöf, þá gæti svo farið, að ókostirnir yrðu meiri en kostirnir.

Þá spurði hv. þm., hvað liði markaðsmálum okkar nú. Það er sýnilegt, að hann hefur ekki verið viðstaddur í fyrra kvöld, þegar hæstv. forsrh. gaf stutt yfirlit yfir markaðsmálin að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Reykv. En það er ekki launungarmál, að það hefur gengið allt öðruvísi í þessum efnum en þessi hv. þm. gaf í skyn á sínum tíma, að yrði eða gæti orðið. Hann og flokksbræður hans hamra mjög á því, að markaðshorfur séu glæsilegar. Það er allt eftir því, hvernig á það er litið. Það getur vel verið, að selja megi allar vörur, sem Íslendingar framleiða, en hvort hægt sé að selja þær á því verði, sem þessi hv. þm. taldi sig mann til að boða á sínum tíma, það tel ég vafamál. Þá spurði hv. þm. að því, hvernig stæði á því, að nm., sem væru í rússnesku n., væru komnir heim. Annar maðurinn er við markaðsathugun á öðrum sviðum, en hins vegar er svo langt síðan rússneska n., ef maður má komast svo að orði, settist á rökstóla austur í Moskvu, að sennilega er búið að ræða svo mikið við blessaða Rússana um þetta mál, að sendiherrann og aðstoðarmenn hans þar og hér og hinir nm. ættu að vera einfærir um að senda og bíða eftir svörum frá Rússunum, en þau koma ekki mjög hratt, eftir því sem mér hefur skilizt. Á sínum tíma mun svo vera hægt að leggja fram skýrslu um það, hvernig þessar viðræður hafa gengið. En ég get nefnt eitt atriði, sem ég hef eftir einum nm., sem kominn er heim. N., sem kom til Moskvu seint í febr., lagði fram tilboð Íslendinga 2—3 dögum eftir komuna þangað, og það liðu 17 dagar, þangað til Rússunum þóknaðist að láta í ljós sitt fyrsta álit á þessum tilboðum. Síðan hafa verið haldnir margir fundir, sem ég veit ekki frekar um. En eitt er víst, að áhugi Rússanna fyrir að kaupa af okkur afurðir okkar virðist allt annar en áhugi þess rússneska manns, sem hv. þm. Siglf., hæstv. fyrrv. atvmrh., hafði fyrir leiðarljós í þessum málum. Það er vitað, að meðan hv. þm. Siglf. var atvmrh., þá náði hann tali af rússneskum manni, sem hafði einhver afskipti af vörum, sem Rússar voru að kaupa hér. Og eftir umsögn þessa manns um markaðhorfur mun svo þessi hv. þm. hafa reist allar sínar fullyrðingar um það, hvað snertir verð og magn þeirra vara, sem hægt mundi að selja til Rússlands. Þegar svo nm. okkar í Moskvu þótti kynlega við bregða lystarleysi Rússanna og í hversu miklu ósamræmi þeir komu fram við samningaborðið samanborið við þau ummæli, sem hæstv. fyrrv. atvmrh., þm. Siglf., hafði haft eftir hinum rússneska manni, sem ég því miður kann ekki nafnið á, þá báðu þeir um að fá að tala við þennan mann. En það undarlega var, að maður þessi hafði alltaf kvef og treysti sér ekki að sjá framan í íslenzku nm. í Moskvu. Þetta mun svo upplýsast betur, þegar skýrsla liggur fyrir frá n. um gang þessara mála. En þennan þátt úr störfunum vita menn með vissu. Hvað svo þetta allt kann að dragast lengi enn, geta menn ekki sagt um. En vitanlega geta allir gert sér í hugarlund, að þegar ríkisstj. hér heima á að taka við skeytum, sem koma mjög í bága við það, sem gefið hefur verið í skyn, semja brtt. og sitja svo við það dögum saman að finna leiðir út úr þessum mjög svo torveldu málum, þá tekur það mikinn tíma. Það veit hv. þm., frá því hann var einn af ráðh. fyrrv. ríkisstj., og var þó miklu léttara að selja vörurnar þá en nú virðist, einkum í Rússlandi. Ég get drepið á eina mynd í viðbót, sem sýnir, hve örðugleikarnir eru miklir og vonbrigðin í sambandi við þessi mál og einkum hvað snertir þær vonir, sem þessi hv. þm. gaf. Það var gert ráð fyrir, að Rússar mundu kaupa meginið af saltfiskframleiðslu okkar, eins og hún var áætluð af n., sem þessi hv. þm. skipaði meðan hann var ráðh. Í reyndinni er það þó þannig, að Rússar eru ekki til viðtals um að kaupa nokkurn saltfisk, þrátt fyrir það að þeir í fyrstu settu fram eins konar tilboð í saltfisk, sem var að vísu svo lágt, að því var ekki sinnt. Ég hygg, að þeir hafi í fyrstu ekki vitað, um hvaða vöru var að ræða. Nú er því haldið fram af n. í Moskvu, að þeir séu ekki til viðtals um að kaupa 10 þús. tonn af saltfisk, sem er það mesta, sem stungið hefur verið upp á upp á síðkastið. Hv. þm. kvartaði undan því, að hæstv. utanrrh. hafi gert árás á sig persónulega út af þessu máli. Um það veit ég ekki, þar sem ég hlustaði ekki á þær umr. En ég veit, að hv. þm. getur ekki talið það persónulega árás á sig, þótt skýrt sé frá þeirri staðreynd, að sá maður, sem hann reisti alla sína von á, virðist hafa haldið allt öðru fram en raunverulega hefur verið raunhæft í þessu máli, eða þegar reynt er að fá viðtal við þennan mann austur í Rússlandi, þá sé hann ekki til viðtals, því að hann sé alltaf kvefaður að sögn þessa nm., sem kominn er heim.

Hvað ensku samningana snertir, þá hafa þeir um langt skeið verið komnir að því marki að verða þá og þegar undirskrifaðir. Það hefur þó ekki orðið enn, og skal ég ekki leiða getur að ástæðunum fyrir því. En ég veit þó um eina, og hún er sú, að þegar til kastanna kom með hraðfrysta fiskinn, þá kom í ljós, að hraðfrystihúsin hér heima höfðu pakkað fiskinn mjög mikið inn á annan veg en gera skal fyrir enskan markað, og það veldur eðlilega miklum erfiðleikum. Í hvaða landi sem er og ekki sízt í Englandi, þar sem menn eru vanafastir, hefur verið höfð pökkun, sem hæfir viðkomandi kaupendum. Þetta stafar af því, að hraðfrystihúsaeigendur hafa trúað á hinar miklu fullyrðingar um stóran markað annars staðar en í Englandi og þá einkum í Rússlandi. Pökkun fisksins hefur því verið miðuð við þennan markað meira en enska markaðinn. Þetta allt hefur valdið miklum töfum og erfiðleikum, og ríkisstj. hefur svo að segja daglega haft fundi til þess að athuga skilaboð og skeyti, sem komið hafa frá n. í báðum þessum löndum. Og hún hefur líka orðið að athuga mjög alla aðstöðu hér heima fyrir til þess að geta sent svör til n. Hv. þm. er auk þessa ekki svo blár í þessum efnum, þótt hann spyrji hér á Alþ. Hann hefur fulla aðstöðu til að vita þetta, því að flokkur hans hefur fulltrúa í utanrmn., þar sem þessi mál eru oft til umr. Hins vegar hafði

þessi hv. þm. dálítið nýstárlegan sið, þegar hann var ráðh., slíkt mun ekki hafa tíðkazt hjá öðrum ráðh. fram til þessa. Hann hafði sína eigin sendimenn úti í löndum, er hann sendi, að því er virtist, án þess að ráðfæra sig við sína meðráðh. Einn slíkur maður er nýkominn til landsins. Hann var búinn að vera 5 mánuði eða lengur á ferðalagi á vegum ríkisstj. og eins konar sendimaður fyrrv. atvmrh. Hann hafði dvalið lengi í Póllandi. Árangurinn af för hans liggur fyrir í skýrslu. Þar er lauslega talað um, að Pólverjar geti látið þetta og kannske keypt hitt. Þeir eru fúsir til að taka við peningalánum frá hraðfrystihúsunum. Ég man ekki, hvað margar tugþúsundir þeir vilja þiggja til þess að byggja upp og innrétta hjá sér sölubúðir fyrir fisk. Auk þess hafa þeir eftir skýrslu nm. að dæma haft mjög góð orð um að láta okkur hafa 4—5 hundruð stúlkur til þess að keppa um síldarvinnu hér á landi við íslenzkar stúlkur. Í fljótu bili sé ég ekki, að árangur af þessari för, sem hefur kostað 60000 kr. eða vel það, sé öllu meiri. Það er að vísu gott og blessað að fá þau skilaboð frá útlendu ríki, að það vilji þiggja peninga og vilji senda nokkur hundruð stúlkur til að vinna á Íslandi. En ég held, að þess háttar markaðsleit sé frekar lítilfjörleg og til lítils af að státa. Og mér finnst, að sá ráðh., sem stendur fyrir slíku, standi ekki neitt sérlega vel að vígi með að bera á núv. ríkisstj. ódugnað í þessum efnum.

Hv. þm. gerði svo fjárl. að umtalsefni og þá einkum það voðalega tiltæki ríkisstj. að leggja til við fjvn. að skera niður að nokkru þær fjárhæðir í fjárl., sem ekki eru lögbundnar. Ég geri ráð fyrir því, að hvaða leið sem farin yrði til þess að lækka greiðslur fjárl., þá mundu þær ekki finna náð fyrir augum hv. þm. eða flokks hans. En vegna þeirra staðhæfinga, að framlög til verklegra framkvæmda í fjárl. séu fyrrv. stjórn að þakka, en ekki núv. stjórn, þá vil ég drepa á það, að í fjárlagafrv. fyrrv. ríkisstj. var lagt til, að til nýrra vega yrði varið 5 millj. kr., en í frv., eins og meiri hl. fjvn. leggur til, að það verði afgr., eru framlögin í þessu skyni 6½ millj. Ekki getur þessi viðbót verið að þakka þeirri ríkisstj., sem fór frá. Sama máli gildir um brúargerðir. Fyrrv. ríkisstj. lagði til, að varið skyldi til þeirra 1½ millj. En ef frv. verður samþ. eins og það liggur nú fyrir, verða framlögin til brúargerða 2,3 millj. þrátt fyrir þennan niðurskurð. Þá eru það hafnarmannvirkin. Hv. þm. talaði um, að framlagið til þeirra mætti sízt skerða. Fyrrv. stjórn ætlaði til þeirra 4.8 millj., en eins og frv. er nú, á að verja til þeirra hluta rúmum 7 millj. Það er þess vegna fullkomin villukenning, að núv. stjórn sé að skera niður framkvæmdir, þannig að minna verði ætlað til þeirra hluta en upphaflega var ákveðið. Það hefur verið sýnt fram á, að framlögin til verklegra framkvæmda hafa verið aukin stórkostlega. En í sambandi við þetta vil ég benda á, þar sem þessar tölur hafa verið vefengdar, bæði af hv. form. fjvn. og öðrum, að þær eru teknar af tveim aðilum, bæði skrifstofunni og einstökum þm., svo að ég get ekki álitið, að báðum þessum aðilum hafi skjöplazt svo, að þessar tölur láti ekki nærri.

Hv. 2. þm. S-M. talaði í dæmisögum og líkingum um till. nefndarinnar og ríkisstj. Ég sé nú ekki ástæðu til að svara hv. þm., enda finnst mér það ekki heldur liggja vel fyrir hv. þm. að tala í líkingum og dæmisögum. Hv. þm. sagði í sambandi við till. á þskj. 704, um að heimila frestun á framkvæmdum, að það væri nýmæli, eins og hann hefði aldrei séð því líkt. Nú hefur hv. þm. sér það að vísu til afsökunar, að hann er hér nýr af nálinni og kannske ekki kunnugur því, sem gerzt hefur hér undanfarið. Það rétta er, að öll undanfarin ár hefur slík heimild verið samþ. fyrir ríkisstj. varðandi fjárlagaafgreiðslu. Það er því fjarri því, að hér sé um nokkurt nýmæli að ræða. En það væri óforsvaranleg framkvæmd á afgreiðslu fjárl., ef ekki væri fyrir hendi slík heimild fyrir ríkisstj., eins og útlitið er í raun og veru burtséð frá öllu bjartsýnistali.

Varðandi aths., sem gerð hefur verið varðandi 2. lið þessarar brtt., um að ríkisstj. sé veitt heimild til að taka lán allt að 25 millj. kr. til þess að ljúka framkvæmdum, sem fé er veitt til á fjárl., ef tekjur hrökkva ekki til fyrir gjöldum og vinnuafl nægilegt að skaðlausu fyrir atvinnulífið, þá vil ég benda á, að fordæmi hefur verið gefið fyrir þessu áður. Við afgreiðslu fjárl. 1946 var samþ. heimild til að taka lán allt að 15 millj. kr. í þessu skyni, svo að ef þingið gat samþ. þetta þá og veitt fyrrv. stjórn slíka heimild, þá ætti að vera mögulegt að samþykkja þetta nú. En þessi heimild er fram komin til þess, að stjórnin hafi einhverja heimild til að útvega fé til þessara framkvæmda, ef á þarf að halda og ástandið í landinu krefst þess. Þetta er líka þvert á móti því hugarfari, sem hv. þm. Siglf. vildi ætla stjórninni, þar sem hann fullyrti, að hennar plan væri að minnka atvinnuna í landinu. Ef stjórnin væri með slíkt hugarfar, þá mundi hún ekki biðja um neina heimild í þessa átt. En þar sem stjórnin vill hafa opna leið til þess að koma verkunum áfram, þótt fé sé kannske ekki fyrir hendi í ríkissjóði, þá fer hún fram á þessa heimild.

Ég dreg við mig að svara tali hv. þm. Siglf. um skemmdarstarfsemi. Það er næsta ógeðslegt hér á Alþ. að kasta fram slíkum fullyrðingum. Þess háttar tal á heima í vissum herbúðum hér á landi, en ekki á Alþ. Þá talaði hv. þm. um, að bankarnir drægju saman starfsemi sína eftir beiðni núv. ríkisstj. Þetta er hin mesta staðleysa. Það er vitað, að bankarnir eru tregir til að lána og það miklu meira en á undanförnum árum, og ástæðan er augljós. Sparifé er dregið út úr bönkunum. Þá er eðlilegt, þegar fé minnkar, sem bankarnir hafa með höndum, að lánastarfsemin þrengist. Það er ekki óeðlilegt. En það er óréttmæt ásökun að beina því að ríkisstj. og bönkunum, að þetta sé gert vísvitandi til þess að þrengja að atvinnulífinu í landinu.

Hv. þm. Siglf. minntist svo á þá „ömurlegu leið", eins og hann sagði, sem ríkisstj. hefði farið til þess að afla ríkissjóði tekna. Svo, já. Það má nú öllu nafn gefa. Sú leið er nú ekki annað en það, sem þingið hefur á öllum árum meir og minna farið, að afla ríkissjóði tekna með tollum. Og sú leið er ekki ömurlegri en það, að henni var mjög haldið fram í svokallaða hagfræðingaálitinu, sem ég býst við, að hv. þm. Siglf. vilji ekki vefengja, að sé rétt. Þó að því hafi verið haldið fram þar, að tollar ættu að vera til að minnka eyðslu í landinu, þá á sú stefna að leggja á tolla einnig að þjóna því markmiði að veita ríkissjóði tekjur við

hliðina á því að minnka eyðsluna í landinu. — Hv. þm. Siglf. virðist leggja mikið upp úr eignakönnuninni, að hún verði framkvæmd sem fyrst. Hvernig hún kemur við flokksbræður hans, skal ég ekki segja. En ekki þætti mér ólíklega við bregða, þó að mennirnir, sem hæst hafa hrópað um eignakönnun, mundu, þegar til kasta kemur, reyna að skríða í kuðunginn og flýja undan þeim óvinsældum, sem slík löggjöf kann að verða fyrir, og varpa skuldinni þá á aðra menn.

Ég veit ekki, hvort hv. 2. þm. Reykv. er hér viðstaddur. En ef hann er það, vildi ég biðja hann afsökunar á því, að ég minnist síðast á það, sem hann lagði til málanna, þó að hann hafi verið fyrstur hér á lista yfir það, sem ég skrifaði upp til að svara. Það var ein fyrirspurn, sem hann lagði fyrir ríkisstj., að því er virtist, sem hann óskaði eftir að fá svar við. Og hún var um það, hvers vegna innkaupastofnun ríkisins ætti ekki líka að annast innkaup nauðsynja fyrir almenning. Þessu er hægt að svara. Það er vitanlegt, að innkaupastofnun ríkisins er ekki hugsuð sem landsverzlun í venjulegum skilningi. Ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. trúir á blessun landsverzlunar í einu og öllu. En þessi stofnun er ekki hugsuð sem slíkt fyrirtæki, heldur sem stofnun, er hafi með höndum innkaup á ákveðnum hlutum, sem ríkið þarf sjálft að nota til framkvæmda á vegum þess, og á að vera hliðstæð innkaupastofnun Reykjavíkurbæjar og annað ekki. (**SigfS:** Hún er nú innkaupastofnun til að kaupa ekki inn.) Hv. 6. þm. Reykv., sem fram í tók, má bezt vita um þá stofnun, sem stendur undir honum. Hv. 6. þm. Reykv. er húsbóndi þessarar stofnunar og má bezt vita um þá hluti, sem henni við koma, og það er afsakanlegt, þó að ég sé ófróðari um það.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég er flm. að tveimur brtt. á þskj. 704, 1. og 3. brtt. á því þskj. Þær eru hvorug stórvægileg, og ætla ég, að ekki þurfi um þær að hafa mörg orð, og það því síður sem hv. samþm. minn, 1. þm. Árn., sem flytur þær einnig, hefur þegar mælt fyrir þeim, að mér er sagt, og sjálfsagt vel og réttilega. — Fyrri brtt., sem við nokkrir þm. flytjum sameiginlega, er um hækkun úr 15 þús. kr. upp í 16500 kr., þ. e. a. s. um 1500 kr. til blindrastarfsemi í landinu. Hv. 1. þm. Árn. hefur sjálfsagt skýrt, hvers vegna við flytjum þessa brtt. nokkrir saman. Það er út af sérstökum útgjöldum, sem blindrastarfsemin hefur orðið fyrir umfram áætlanir sínar, 15 til 22 hundruð kr. útgjöld til þess að hjálpa röskum manni, blindfæddum, til þess að eignast harmoniku til þess að spila á. Þetta þykir kannske nokkuð skrítið í sjálfu sér að óska framlags á fjárl. til harmónikukaupa. En þegar við lítum á, hver munur er á ljósi og myrkri og kjörum þeirra, sem í myrkri sitja, og hinna, sem ljósið sjá, þá verður þetta ekkert skrítið. Þessi maður hefur óskað eftir þessu. Hann kann að fara með slíkt hljóðfæri og hefur fengið óskir sínar uppfylltar. Að vísu hefur hv. form. fjvn. látið í ljós, að hann álíti, að þessi brtt. ætti að vera óþörf, þar sem örorkubætur ættu að koma þar til greina. Gott og vel. En þetta á nú ekki að koma til greina þarna, því að þetta eru útgjöld, sem orðin eru og verður annaðhvort að jafna á milli blindrastarfseminnar og Alþ. eða jafna ekki. Hitt er viðkomandi framtíð mannsins, til þess að honum verði séð farborða, sem örorkuframfærslunni við kemur, og er allt annað mál. Ég vil því, eins og hv. form. fjvn. gaf mér kost á, taka þessa brtt. aftur til þess að gefa hv. form. fjvn. tækifæri til 3. umr. til að skipta um skoðun í þessu efni og greiða þessari brtt. atkv. sitt síðar.

Hin brtt. er um nokkra þóknun til Ásgeirs Hraundals á Stokkseyri í viðurkenningarskyni fyrir störf hans við dýralækningar. Þessi maður er einn af þeim mönnum, sem eru lagnir við að hjálpa dýrum, og hans hefur oft verið vitjað til þess og með góðum árangri. Hann hefur haft mikla fyrirhöfn og eril við þetta um langt skeið, en lítið sem ekkert borið úr býtum. Hann er roskinn maður og fátækur. Þetta er hugsað sem viðurkenning fyrir það, sem þessi maður er búinn þegar að vinna, og kemur þetta því ekki undir þá lagasetningu, sem hv. form. fjvn. benti á í þessu sambandi, að nú væri búið að samþykkja um dýralækningar. Og þar sem nú er kominn lærður dýralæknir á Selfoss, þá má telja, að starfi þessa fátæka manns í þessu efni muni vera lokið. Sem sagt, maður treystir því, að hv. þm. greiði allir atkv. með þessari brtt. í viðurkenningarskyni fyrir vel unnið og erilsamt starf, sem er búið að vinna nú þegar.

Ég á hér ekki fleiri brtt., og væri kannske réttast fyrir mig að láta máli mínu lokið, því að ef fara á út í fjárlagaafgreiðsluna, þá mundi ekki vinnast tími til þess. Þó get ég ekki á mér setið að minnast á það, að ég mun greiða atkv. með því, að þær aðgerðir verði heimilaðar, sem nú liggur brtt. fyrir um, 15% lækkunin á verklegum framkvæmdum, sem ekki eru lögbundnar, og jafnframt minnast á brtt. þær, sem liggja fyrir á þskj. nr. 704 frá hæstv. fjmrh. Ég skil allar þær brtt. og af hvaða rótum þær eru runnar. Og ég skil þá nauðsyn, sem liggur á bak við þær allar saman, og ég get greitt atkv. með þeim. Það er ekki af því, að ég vilji andmæla þeim, að ég minnist á þær, því að þær eru komnar fram vegna varúðar, þó að það sé vitanlega ekki með glöðu geði, að ég greiði þeim atkv. Öðru nær. Þær raddir láta hátt, svona af og til, að það verði að verja athafnalífið í landinu og taka ekki vinnuaflið til annars en þess, sem nauðsynlegt er fyrir þjóðarbúið. En þetta, sem er nefnt starf og athafnalíf í landinu, og hitt, sem hér er verið að skera af beint og óbeint, þ. e. framkvæmdir hins opinbera, er svo skylt hvort öðru, að deila má um það mjög lengi, hvort frekar muni vera undirstöðusteinar í þjóðfélaginu, hvað atvinnulíf snertir, t. d. vegagerðir um landsbyggðina, að því leyti sem þær eru skynsamlega ákvarðaðar og framkvæmdar, annars vegar og hins vegar framleiðslu- og uppbyggingarstarfið sjálft í sveitum landsins, meðan lendur eru ekki í fullri byggð á þessu landi, að telja megi, er hvað öðru skylt, og þykja mér slíkar vegagerðir ekki sízt undirstöðuatriði atvinnulífsins. Og ef stemma á stigu fyrir því — sem virðist nú vera áhugi fyrir, bæði í sveitum og kaupstöðum, og ekki sízt í Reykjavík —, að fólkið þyrpist í kaupstaðina úr sveitunum, þá þarf ekki sízt að athuga, hvernig eigi að treysta samgöngur til sveita og hvernig þannig eigi að tryggja, að bændur hverfi ekki frá búum sínum og að ungum og efnilegum mönnum þyki fýsilegt að búa í sveit. Þetta er sameiginlegt áhugamál sveitamanna og kaupstaðabúa. Ég ætla ekki

að hafa mörg orð um þetta. En það er nauðsynlegt, að við afgreiðslu fjárl. sé þess gætt, að þörfu málin gangi fyrir þeim, sem óþarfari eru. En þessa hefur ekki verið gætt nú um langan tíma, svo sem skyldi, við samningu fjárl. Og þessa hefur verið gætt minna og minna. Ég vildi láta þessa skoðun mína í ljós, ekki síst með tilliti til þess, sem hefur komið fram hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við VIII. lið á brtt. nr. 704 — sem ég játa, að eins og málin liggja fyrir, er eðlileg, og ég mun greiða atkv. með —, að ef eitthvað á að skera niður, þá ber að skera af miður þörfum liðum fremur en hinum nauðsynlegu.

Ég hef ekkert að þakka og lítið að vanþakka hv. fjvn. Það er ekki von, að hún geti sagt, eins og sagt var í gamla daga, að hún hafi litið yfir allt, sem hún hafi gert, og getað svo sagt með réttu: „Sjá, það var harla gott.“ Það væri ofætlun. Hún samanstendur af mönnum víðs vegar að af landinu, og hver otar þar sínum tota. Hún er ranglát, vill þó gæta sanngirni gagnvart öllum og vera sjálfri sér bezt. Og við verðum að taka þessu, af því að þetta er svona. Ég viðurkenni, að starf fjvn. er vandasamt starf og ekki nokkur leið að gera það svo að öllum líki. Og mér finnst ástæðulaust að beina hörðum skeytum að einstökum hv. þm., sem eru í fjvn., það yrði þá heldur að beina aðfinnslum að fyrirkomulaginu sjálfu í þessum efnum. Ég býst við, að sú lagasetning, sem skipar fyrir um ákvörðun fjárl., eins og gert er, þyrfti raunverulega að breytast.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 25. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 571, 691, 692, 700, 702, 703, 704, 706, 707, 708, 709, 710).

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð viðvíkjandi fáeinum brtt., sem á dagskrá eru.

Ég vil geta þess, að ég hef flutt ásamt þrem öðrum þm. till. um að heimila stjórninni að veita Gunnlaugi Ó. Scheving listmálara allt að 25 þús. kr. lán til byggingar vinnustofu. Það er venjulegt, að listmálurum sé veittur styrkur til að koma upp vinnustofu. Gunnlaugur Ó. Scheving er einn af okkar efnilegustu listamönnum, en hefur ekki áður farið fram á slíkan styrk, og virðist vera rétt að veita honum þennan styrk, þar sem margir aðrir hafa áður orðið aðnjótandi slíkrar styrkveitingar. Við 2. umr. bar ég fram till. um styrkveitingu til hans, en sú till. náði ekki fram að ganga. Höfum við því breytt því þannig, að þetta verði veitt sem lán, og vona ég, að hv. Alþ. sjái sér þá fremur fært að verða við þessari málaleitun.

Eftir að við létum útbýta þessari till. kom fram till. frá nokkrum öðrum þm. um að veita Sigurði Sigurðssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk. Vildum við veita hv. þm. kost á því, ef menn vildu heldur, að veita Gunnlaugi Ó. Scheving 15 þús. kr. styrk í staðinn fyrir 25 þús. kr. lán. Ákváðum við því að bera fram brtt. um, að sami styrkur yrði veittur Gunnlaugi Ó. Scheving og Sigurði Sigurðssyni, og vonum við, að ef ekki getur náðst samkomulag um að veita lán, geti orðið samkomulag um að veita þessum listamönnum þennan styrk. Við munum því væntanlega taka lánbeiðnina aftur, ef líkur eru til að 15 þús. kr. styrktill. nái fram að ganga.

Ég flyt hér ásamt þrem öðrum þm. till. um að veita Karlakór Reykjavíkur styrk til að greiða kostnað vegna Ameríkuferðar á s. l. ári. Hv. þm. Snæf. hefur gert grein fyrir því, að aðstaða kórsins er að mörgu leyti mjög erfið. Söngförin varð mjög kostnaðarsöm, sérstaklega vegna þess, að greiða varð sumum meðlimum kórsins kaup, af því þeir gátu ekki fengið kaup hjá atvinnurekendum, og stendur kórinn í skuld, sem hann mun eiga erfitt með að rísa undir með venjulegum tekjum sínum. Bæjarsjóður hefur lofað að greiða annað eins, ef þetta framlag verður veitt. Kórinn mun telja sér hafa verið lofað 80 þús. kr. framlagi, og hafa 40 þús. verið greiddar. Það er erfitt að vita, hvað þetta loforð hefur verið eindregið, en kórinn mun hafa treyst því, að hann ætti að fá 80 þús. kr., en ekki eingöngu þessar 40 þús., sem hann er búinn að fá, og með tilliti til þess er þessi till. flutt.

Þá flyt ég hér með þrem öðrum þm. till. um að veita Arnóri Sigurjónssyni ritstyrk. Arnóri hefur verið veittur ritstyrkur á fjárl., en hann hefur nú verið felldur niður. Teljum við það óeðlilegt, og eru fleiri á sömu skoðun. Þetta er eina styrkveitingin, sem felld hefur verið niður. Höfum við ekki komið auga á neina sennilega ástæðu til þess og höfum því gert till. um, að þessi maður haldi styrknum áfram, og vonumst til, að þm. geti fallizt á, að það sé eðlilegt.

Fleira hef ég ekki að segja og sé ekki ástæðu til að hafa mál mitt lengra.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. fjvn. virtist ganga illa að sanna hv. þm. Barð. í síðustu ræðu sinni stórhuginn, sem hann ræddi um við fyrri umr. fjárl. Ég sé ekki betur en að það standi óhaggað, að niðurskurður fjárl. sé 15%, og ég sé ekki betur en að sjávarútvegurinn hafi orðið fyrir þessum niðurskurði og líka í sambandi við hafnargerðir. Hann minntist á, að ekki hefði verið stórhugur í þeim till., sem við hefðum flutt, en í öðru orðinu talaði hann um, hve fjarstæðukenndar þær till. hefðu verið, sem fluttar voru af Sósfl. Ég get vel skilið, að þær till., sem þessi maður teldi fjarstæðukenndar, bæru vott um stórhug, en vafi væri um þær, ef þessum þm. þætti þær bera vott um svo mikinn stórhug, að þær væru framkvæmanlegar.

Hv. þm. minntist á það, að ef ég hefði verið duglegur, hefði ég getað komið þeim till. á framfæri við fjvn., sem ég hefði viljað. Þetta eru ósannindi, því að þegar komið var við 2. umr. með boð þessa hv. þm. til mín um að taka til baka till. mínar, svo að n. gæti athugað þær, þá fundu þær ekki náð fyrir augum n., eftir að hún hafði haft þær til athugunar.

Í sambandi við till. mínar um styrk til hafnargerðar í Hafnarfirði spyr hann að því, hvort vitleysur við hafnargerðir hafi hækkað. Ég hef ekki athugað það, en kannske það geti haft áhrif á fjvn., og annars staðar hefur verið tekið tillit til óhappa, sbr. Akureyri. Það stendur óhaggað, að hafnargerð í Hafnarfirði er ekki nauðsynleg fyrir Hafnarfjörð eingöngu, heldur fyrir Suðurnesin öll. Að lokum gaf þm. í skyn, að fjárl. hefðu verið önnur, ef þm. Barð. hefði ekki haft hönd í bagga með þeim,

en með hliðsjón af því, hvernig afgreiðsla þeirra hefur farið úr hendi undir hans stjórn, vil ég vona, að sú gæfa fylgi Alþ. og þjóðinni framvegis, að hann haldi sig í hæfilegri fjarlægð frá afgreiðslu fjárl.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur svarað hér nokkrum orðum, sem ég beindi til stjórnarinnar viðvíkjandi nokkrum framkvæmdum, þegar fyrri umr. fór hér fram. Hæstv. forsrh. er hér ekki nú, en hann er vafalaust í húsinu, svo að það ætti að vera hægt að koma orðum til hans.

Forsrh. taldi, að ekki væri hægt að ásaka stjórnina fyrir skort á stórhug eða fyrir, að ekki væri stefnt að miklum framkvæmdum, en benti þess í stað á, að ætlunin væri að auka þær, og vildi færa fram sem innlegg fyrir sína stjórn, að hún vildi ekki skera niður. Hann talaði um, að nú væri um 6—8 millj. meira ætlað til ýmissa framkvæmda og benti á barnaskólabyggingar, raforku í sveitum og hafnargerðir og reiknaði út, hve miklu meira væri ætlað til þessara hluta.

Er það nú þessari stjórn að þakka, að þessir útgjaldaliðir standa á fjárl.? Er það þessi stjórn sem hefur komið löggjöfinni í gegn, eða er stjórnin bara að framkvæma þau l., sem fyrrv. stjórn fékk sett?

Ég býst við, að allir viti, að skólalöggjöfin var sett í tíð fyrrv. stjórnar og að núverandi stjórn er ætlað að framkvæma hana, en það er álit margra, að hún muni haga framkvæmdum sínum þannig, að ekki verði hægt að koma upp neinum skólabyggingum. Þetta er því ekki fyrir núverandi stjórn til þess að hrósa sér af, þar sem hún ef til vill bregzt því trausti, sem Alþ. ber til þess, að hún framkvæmi löggjöfina eins og til var ætlazt.

Um rafmagnsmálin er það að segja, að ég býst við, að þessi 2½ millj. hrökkvi skammt, og það gildir það sama um það, að löggjöfin um raforkuveitur er sett í tíð fyrrv. stjórnar og núverandi stjórn mun ekki standa við hana.

Viðvíkjandi hafnargerðum voru sett mjög víðtæk l., en ekki hafa verið gerðar af núverandi stjórn ráðstafanir til að framkvæma þau l.

Það er því svo, að meginið af því, sem forsrh. taldi upp, voru orsakir af l., sem sett voru í tíð fyrrv. stjórnar, og núverandi stjórn gerir það, sem hún getur, til þess að eyðileggja þau, en getur ekki komizt hjá að taka á fjárl. allmikið af þeim l., sem snerta þetta.

Þá benti hæstv. forsrh. á, að ætlað væri einni millj. hærra til vega og 2,6 millj. hærra til hafna en á s. l. ári.

Við skulum bera þessar ráðstafanir saman við ástandið í þjóðfélaginu að öðru leyti. Nú er það ekki þessari stjórn að þakka, að þetta er svona hátt. Afskipti hennar hafa verið þau, að taka við því, sem hefur verið sett í l. Það var fyrst og fremst fjvn., sem lagði fram há fjárl., og áhrifin frá núverandi stjórn hafa eingöngu verið í þá átt að draga úr því, sem fjvn. taldi nauðsynlegt. Það er starf núverandi stjórnar að draga úr því, sem fyrrv. stjórn hefur gert, og því, sem fjvn. hefur gert. Það er því eitthvað annað en að núverandi stjórn geti hælt sér af því, að þessi fjárl. eru það, sem þau eru í verklegum framkvæmdum. Hennar framkvæmdir eru eingöngu niðurskurður, annaðhvort á till. frá fyrrv. stjórn eða frá hv. fjvn.

En svo, borið saman við þörfina hjá þjóðinni, hvernig er þetta þá? Inn á það þorði hæstv. forsrh. ekki að koma. Ég spurði, hvers vegna hann léti bankana loka fyrir alla lánastarfsemi nú, svo að enginn maður geti komið byggingum af stað. Forsrh. svaraði því ekki neinu, og virtist það þó þýðingarmikið. Sérstaklega hefur byggingarvinna þó mikla þýðingu til þess að tryggja mönnum atvinnu. Nú er það þannig, að úr þessari vinnu er stórkostlega dregið. Það er fjöldi manna, sem ætlar að byggja, en hefur orðið að hætta við það. Svör við þessu hefur hæstv. forsrh. ekki viljað láta okkur þm. í té, þess vegna er ekki óeðlilegt fyrir okkur að álykta, að hér sé verið að gera ráðstafanir til þess að draga úr atvinnu manna. Þó að í fjárl. nú séu til vegagerða og hafnargerða 3 millj. kr. meira en í fyrra, þá segir það ekki neitt á móti þeim tugum millj., sem byggingarvinna verður minnkuð um, svo framarlega sem þessi pólitík verður látin halda áfram. Það gat komið til mála að vinna að miklum ríkisframkvæmdum eða að áhugi hjá einstökum félögum væri svo mikill og lánveitingar frá hálfu bankanna og aðstaða ríkisins svo stórkostleg, að með því væru tryggðar framkvæmdir. En þegar þetta er ekki fyrir hendi, þá hlýtur maður að álykta, að ríkið ætli að tryggja sér vinnukraftinn. Þetta virðist þó ekki vera tilgangur ríkisstj., og þegar það kemur fram, að ríkisstj. áskilur sér heimild til að skera niður fjárl., sem nú við þessa 3. umr. er látið svo sem þau séu ekki niðurskorin, þá er auðséð, að hverju er stefnt. Ég beindi þeirri fyrirspurn til ríkisstj., hvað liði tekjuöflunarfrv. þeim, sem hún hefur lýst yfir, að hún ætli sér að láta koma, og hv. forsrh. kom heldur ekki inn á að gefa upplýsingar um það. Ég spurði um eignakönnunarfrv., hvað því liði, sem lýst hefur verið yfir af einum hæstv. ráðh., að koma mundi bráðlega fyrir þingið, og gengið er út frá í hagfræðingaálitinu, og það hefur ekkert heyrzt, hvað liði þessu frv. Það er vitanlegt, að þetta eignakönnunarumtal er þegar búið að gera mikinn skaða hvað atvinnulífið snertir, þó að það hafi kannske gert nokkuð gagn hvað skattaframtöl snertir. En það er vitað, að ef þetta eignakönnunarumtal heldur áfram, þá er það mikill skaði, sem það gerir. Þess vegna er nauðsynlegt, að Alþ. fari að sjá þetta frv. og segja til um það, hvort það vill samþ. það eða ekki. Og ríkisstj. vill ekki gefa skýringu á því, hvernig á því stendur, að þetta dregst, þó að það sé vitað, að þarna er tekjuöflun upp á tugi millj. kr. — tekjuöflun, sem á að verja til verklegra framkvæmda í stórum stíl. Þess vegna er einkennilegt að gera stórkostlegar ráðstafanir í sambandi við fjárl. þess árs án þess að vita, hvort svona tekjuöflunarleið verður samþ. eða ekki. Enn fremur er það mjög einkennilegt og skaðlegt á vissan hátt fyrir þjóðfélagið að hafa svona hugmyndir og jafnvel loforð ríkisstj., eins og er viðvíkjandi eignakönnuninni, með þeim áhrifum, sem það hefur á atvinnulífið, þegar ekki eru einu sinni gerðar ráðstafanir til að fara að skammta vörur, sem til eru í landinu, og þá er vitanlegt, að mikið er að því gert af mönnum, sem hafa mikið fé og ekki treysta sér allt of vel til að skýra það fyrir skattal., að kaupa upp allt, sem til er með þjóðinni. Það væri þess vegna heppilegt að fá slíkar upplýsingar um þetta nú hjá ríkisstj., þegar verið er að taka ákvörðun um það, hvernig skuli fara með þetta

mál, ekki sízt þar sem kunnugt er að komnar eru tvær vikur síðan n. vann að þessu frv. og skilaði áliti til ríkisstj., sem liggur hjá stj. Það er búið að benda ríkisstj. á nægar leiðir til að fá fé í ríkissjóð bæði með því að taka af verzlunargróðanum og leggja skatt á stóríbúðir og annað slíkt. En það er annað, sem kemur til greina. Ríkisstj. hefur engan vilja á því að taka féð hjá þeim, sem hafa mest af því. Ríkisstj. vill leggja nefskatt á alþýðu manna, það er eina leiðin, sem hún sér, og þegar hún lofar að gera eitthvað meira og búa til frv., þá koma frv. ekki fram eða þau eru látin sofna í n. Og þegar svo samtímis eru gerðar ráðstafanir til þess að skapa atvinnuleysi í landinu, þá er auðséð, hvert stefnir. Það væri þess vegna full ástæða til þess fyrir ríkisstj. að gefa við þessa umr. betri skýringar á fjármálum landsins. Þær hafa enn ekki fengizt. Ef til vill verður þess kostur seinna, að þingið reyni að knýja þetta fram, en minn grunur er, að ríkisstj. þykist hafa ástæðu til þess að láta sem minnst uppi af því, sem fyrir henni vakir, vegna þess að hennar fyrirætlanir í þessum fjármálum þoli ekki dagsins ljós.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hlýddi á það hér þegar hv. þm. N-Ísf. gerði grein fyrir brtt. þeim, sem við flytjum við fjárl. Mér fannst hann mæla mjög hógværlega fyrir þeim og þjóst því ekki við, að hv. frsm. fjvn. teldi sig þurfa að víkja mikið að honum eða mér og honum út af þeirri ræðu. En það var svo, að þrátt fyrir það að hv. þm. N-Ísf. væri fjarstaddur, þegar form. fjvn. tók til máls, þá varði hann mjög löngum kafla ræðu sinnar til þess að skattyrðast við þennan flokksbróður sinn, og fannst mér tónninn næsta lítið flokksbróðurlegur, því að mér fannst það vera hrokaskammir. Þetta var aðallega út af því, að hv. þm. N-Ísf. hafði látið það í ljós, að hann teldi. að ekki gætti hins fyllsta samræmis eða réttlætis í fjárveitingum til opinberra framkvæmda milli ýmissa kjördæma, og taldi, að nokkurs ósamræmis gætti nú í þetta sinn um slíkar fjárveitingar, jafnvel til héraða innbyrðis á Vestfjörðum. Það er ekki mitt að taka upp þykkjuna fyrir félaga minn, hv. þm. N-Ísf., en við eigum dálítið sameiginlegt á vissu sviði og út af því er það, sem ég get tekið upp þykkjuna ásamt honum út af því, sem hv. form. fjvn. lét falla um fjárveitingar til Norður-Ísafjarðarsýslu. Ég hefði vænzt þess jafnframt, þar sem hv. form. fjvn. hefur beztu aðstöðu til þess að afla fjár til framkvæmda í sitt kjördæmi, sem mikil þörf er á, því að þetta kjördæmi hefur lengst af verið íhaldskjördæmi, að hann stæði að því að afla fjár í kjördæmi á Vestfjörðum, sem hafa sömu sorgarsögu að segja um vanrækslu að því er snertir alla opinbera aðstoð undanfarna áratugi.

Hv. form. fjvn. taldi það, að þeir, sem tekið hefðu þátt í umr., hefðu farið rangt með, m. a. fullyrti hann, að hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. hefðu farið rangt með tölur, reiknað skakkt og gefið mönnum villandi upplýsingar, því að þeir komust að annarri niðurstöðu í sínum ræðum heldur en hv. form. fjvn. Ég get því búizt við því, að það sé þannig um hv. þm. Barð., að hann reikni einhvern veginn öðruvísi en ýmsir aðrir menn gera og þá víst öðruvísi en ráðh. leyfa sér að reikna, og eru það þá líklega úreltar aðferðir, sem þeir nota, og niðurstöðurnar því á annan veg en hjá hv. þm. Barð., sem sjálfsagt viðhefur nýjustu aðferðir. En þegar hann segir, að fjárveitingin til Norður-Ísafjarðarsýslu hafi hækkað um hátt á annað hundrað þúsund krónur, síðan fjárl. voru til 2. umr., þá undrast ég ekki slíka niðurstöðu, ef reiknað er eftir sérstökum óþekktum aðferðum. En þetta kemur þannig út eftir gömlu reikningsaðferðinni, að við Norður-Ísfirðingar fengum eftir mikla eftirgangsmuni því um þokað, að fjárveitingin til kjördæmisins var hækkuð um 150 þús. kr. alls, en svo kom niðurskurðurinn og leiddi til þess, að þær fjárveitingar, sem við 2. umr. höfðu verið samþ. til Norður-Ísafjarðarsýslu, lækkuðu um 110 þús. kr., svo að það er auðséð, að upphæðin verður ekki á annað hundrað þús. kr., heldur um 40 þús. kr. Hins vegar verður því ekki neitað, að það er nokkuð á annað hundrað þús. kr., sem fjárveitingin hækkaði til þessa kjördæmis síðan við 2. umr.

Ég tek það fram, að það er síður en svo, að ég sé að telja það eftir, þó að Barðastrandarsýsla fái rífleg fjárframlög til vega, brúa og hafnarmannvirkja. En útkoman er sú, að til vega hefur hv. þm. Barð. séð um, að hans kjördæmi fengi 568300 kr., 134600 kr. til brúa og 310300 kr. til lendingarbóta og hafnarmannvirkja, eða 1013200 kr. til kjördæmisins í þessar þrenns konar framkvæmdir. Það er áreiðanlega ekkert kjördæmi, sem kemst í námunda við þetta með fjárveitingar. Ég hef áður upplýst, að ástandið í Norður-Ísafjarðarsýslu er þannig, að í 5 af 9 hreppum sýslunnar er ekki til akvegarspotti, það er aðeins í 4 hreppum, sem til er akvegarspotti. Slíkt ástand getur hv. þm. Barð. jafnvel ekki bent á í sinni sýslu, vegna þess að hann hefur þar um bætt hin síðari ár, þó að langt sé frá því, að þar sé til hlítar ráðin bót á. Ég játa það, að að þessu sinni hefur okkur þm. N-Ísf. ekki verið sýnt neitt ranglæti í fjárveitingum til Norður-Ísafjarðarsýslu, þó að það komist ekki nálægt því til jafns við Barðastrandarsýslu, en þessar sýslur hefðu átt að njóta nokkurn veginn sömu fjárveitinga, ef rétt hefði verið. En ég tók eftir því, að þó að hv. þm. Barð. spinni þennan langa þráð út af ræðu hv. þm. N-Ísf., sem sagði, að Norður-Ísafjarðarsýsla hefði ekki notið fulls jafnréttis á við önnur héruð á Vestfjörðum, að þá forðaðist hv. frsm. fjvn. að gera samanburð á Norður-Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu. Hann hefur sjálfsagt vitað, að það væri ekki hollt fyrir hann að fara út í þann samanburð. Til vegamála hefur Norður-Ísafjarðarsýsla fengið 335 þús. kr., en Barðastrandarsýsla 568 þús., og þannig er mismunurinn á flestum liðunum. En aðrar sýslur á Vestfj. eru sjálfsagt mun lægri en þessar sýslur báðar, en ég geri samanburð við Barðastrandarsýslu, af því að hv. form. fjvn. vildi berja það fram fyrir þinginu, að Norður-Ísafjarðarsýsla njóti fulls jafnréttis á við önnur héruð á Vestfjörðum, en það er ekki. Hækkunin er síðan við 2. umr. 40 þús. kr., en ekki hátt á annað hundrað þús. kr., eins og hv. form. vildi vera láta.

Ég vil þá víkja með örfáum orðum að till., sem við hv. þm. N-Ísf. berum fram saman. Fyrsta till. er um það að byggja björgunar- og eftirlitsskip fyrir Vestfirði. Eftir að þessi till. var borin fram, talaði hæstv. fjmrh. og svaraði fyrirspurn, sem hv. þm. Ísaf. bar hér fram. Ég held, að svar hæstv. ráðh.

hafi verið ákveðið á þann veg, að því væri lofað af hæstv. ráðh., að staðið skyldi við gerða samninga við Vestfirði í björgunarskútumálinu og því fé, sem nú væri til, andvirði seldra hraðbáta, skyldi verða varið til þess að byggja björgunarskip fyrir Vestfirði, og væri ætlazt til, að strandgæzla og björgunarstarfsemi væru þar saman um eitt skip. Ég get því fallizt á, að fengnu þessu svari ráðh., að okkar till. sé lítil þörf, og vænti því, ef okkur flm. kemur saman um það, að við getum gengið inn á að taka okkar till. aftur.

Aðra till. berum við fram saman, það er að taka inn á fjárl. 25 þús. kr. styrk til handa þeim, sem urðu fyrir skakkaföllum og misstu íbúðarhús sitt ofan af sér í snjóflóðinu á Ísafirði í vetur. Ef fram koma yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj. um það, að fólk, sem hefur orðið fyrir þungum búsifjum af náttúrunnar völdum, á svipaðan hátt eins og orðið hefur á öskufallssvæðinu, njóti einhverra fjárhagslegra bóta frá ríkinu, þá mundi ég geta fellt mig við að taka þessa till. einnig aftur við afgreiðslu fjárl. Þriðja till. er einnig smá till. um það að veita bónda við Skutulsfjörð 12 þús. kr. skaðabætur vegna tjóns, er hann beið af því, að heimili hans var í sóttkví. Hann þurfti að breyta sínum kúabúskap í sauðfjárbúskap og aftur seinna, þegar hann lét af sauðfjárbúskap, að breyta honum í kúabúskap, og þetta var honum tilfinnanlegt. Það er að vísu langt um liðið, síðan þetta var, en þó að bæturnar komi seint og séu litlar, þá má segja um það, að betra er seint en aldrei.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég vildi með þessum orðum gera tvennt: Leiðrétta það, sem form. fjvn. hefur rangt sagt um hækkun fjárveitingar til Norður-Ísafjarðarsýslu, síðan fjárl. voru til 2. umr., og enn fremur gera grein fyrir þeim brtt., sem ég er meðflm. að með hv. þm. N-Ísf. Ég vona, að þessar tvær till., sem eftir standa, fái góðar undirtektir og verði samþ. við afgreiðslu fjárlaga.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 711, en of skammt var liðið frá útbýtingu hennar, leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Ásmundur Sigurðsson: Það eru aðeins fáein orð út af því, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. vék að mér, þegar hann talaði síðast, en hv. 2. þm. Reykv. tók af mér ómakið að nokkru.

Hv. frsm. byrjaði á að minnast á það, sem ég sagði, að ógeðfellt væri að lækka tillag til byggingar menntaskóla í Reykjavík, og komst hann þar svo að orði, að menntaskólanum hefði verið gerður alls konar óleikur með ráðstöfunum Sósfl., þar sem fyrrv. menntmrh. hefði keypt land undir skólann í Laugarnesi. Ég vil benda honum á, að það var ekki fyrrv. menntmrh., sem stóð að kaupum á því landi, heldur fyrrv. fjmrh., en það var gert eftir till. menntmrn. Þá minntist hv. þm. á, að það væri sín skoðun, að rétt væri að taka lán til þessa menntaskóla, vegna þess að þarna væri um að ræða byggingu, sem þyrfti að standa í mörg ár. Ég er ekkert langt frá því að vera sammála hv. þm. um þetta, og þess vegna var það einmitt, að ég beindi þeirri fyrirspurn til form. fjvn. á síðasta fundi n., þegar gengið var frá fjárl. til 3. umr., hvort það væri nokkuð á döfinni hjá ríkisstj., að þessi leið yrði farin í menntaskólamálinu. Hann sagði, að slíkar upplýsingar lægju ekki fyrir, og þá gerði ég aths. um, að veitt yrði ½ millj. í byggingu nýs menntaskólahúss í Reykjavík.

Þá var hv. þm. með nokkurn útúrsnúning út af orðum, sem féllu hjá mér um það, að það væri ekki skylda stjórnarandstöðunnar að búa til tekjuöflunarfrv. fyrir stj., en Sósfl. hefði hins vegar bent á tekjuöflunarleiðir, sem heppilegra mundi að fara heldur en þær, sem stj. hefði komið með. Sósíalistar lögðu til í samningsuppkasti, er lagt var fram við stjórnarsamningana í vetur, að ríki og bæjarfélög tækju sér fyrir hendur rekstur nokkurra fyrirtækja, er gæfu góðan arð, t. d. bílainnflutning, sem gæti orðið mjög arðvænlegur fyrir ríkið, auk þess sem þá yrði útrýmt hinum svarta markaði, sem er orðinn algerlega óþolandi. En þessi skilyrði sósíalista voru ekki samþ., þótt þarna gæti ríkissjóður fengið mikið fé, án þess að það kæmi til með að kosta almenning. Annað skilyrði sósíalista var það, að ef borga ætti niður vísitöluna með fé úr ríkissjóði, þá yrði þess aflað með sköttum á stórgróðann. Sósíalistar hafa því bent á fjáröflunarleiðir, en stjórnin hefur bara ekki viljað fara þær leiðir. En ég endurtek það, sem ég sagði fyrir skemmstu, að það hefur aldrei komið fyrir í sögu þingsins, að stjórnarandstæðingar hafi samið fjáröflunarleiðir fyrir stjórnina. Þeir hafa bent á leiðir, en þeir hafa ekki lagt fram frv. um þau efni. Vísa ég því til baka öllum ásökunum í því efni.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins víkja örfáum orðum að brtt. á þskj. 714, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Skagf. 1. apríl lét af störfum hjá ríkinu einhver duglegasti og mætasti starfsmaður þess, Gunnlaugur Kristmundsson sandgræðslustjóri, en hann réðst til þess starfa fyrir 40 árum. Það fer ekki á milli mála, að starf hans hefur verið með allra beztu og vönduðustu störfum fyrir ríkið. Hann hefur unnið þjóðnytjastarf á þann hátt, að til sérstakrar fyrirmyndar er, verið duglegur, praktiskur og komið miklu í framkvæmd og þó sparsamur á fé ríkisins. Öllum er ljóst, er líta til sandgræðslunnar, hverjum stakkaskiptum landið hefur tekið, þar sem hann var að verki. Þegar hann hætti störfum, var um það rætt við Búnaðarfélag Íslands og búnaðarmálastjóra, að hann héldi fullum launum, enda orðinn gamall maður, sem leyst hafði af hendi svo mikið og gott starf. Nú hafði fjvn. borið fram till. um að veita honum fjárupphæð, sem mér og fleirum virtist í fyrstu samsvara fullum launum. En það kom í ljós, að sú upphæð reyndist ónóg, og höfum við hv. 1. þm. Skagf. því borið fram brtt. um að veita honum full laun frá 1. apríl. Ég tel mig ekki þurfa að hafa um þetta fleiri orð. Ég veit, að hv. þm. eru fullkunnugt um störf Gunnlaugs, og vona því, að þessi till. verði samþ. Ég vildi biðja hæstv. forseta um afbrigði fyrir till., þar eð hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

Forseti (JPálm): Ég vildi biðja um afbrigði fyrir þessari till. hæstv. samgmrh. Enn fremur fyrir brtt. frá hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Skagf. við brtt. á þskj. 702 og enn fremur fyrir brtt. frá meiri hl. fjvn. við 22. gr. XII.

ATKVGR.

Afbrigði um allar þessar till. leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það er út af ræðu hæstv. fjmrh., sem hann hélt hér í fyrrakvöld. Ég gerði til hans ýmsar fyrirspurnir í sambandi við markaði, og svaraði hann, eins og hæstv. utanrrh. hefur raunar gert, að samningarnir í Sovétríkjunum gengju dapurlega, og kvartaði hann sáran yfir því, að samninganefndin hefði ekki fengið að tala við fulltrúa Export-kleb — hann hefði alltaf verið kvefaður. Annars var það helzt að skilja á hæstv. fjmrh., að eitt það, sem mest hafi „skúffað" stjórnina, væri það, að ég hefði lofað markaði þar austur frá, og þeir hefðu helzt ekki farið í stjórn, ef þeir hefðu ekki treyst á það. Mér þykir náttúrlega leiðinlegt, ef ég hef orðið þess valdandi, að núverandi stjórn var mynduð, en hvað sem því líður, þá hefur aldrei staðið á okkur sósíalistum að hjálpa til við öflun markaða. Það hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh., að samningarnir væru að stranda í Sovétríkjunum, en hvorugur þeirra talaði um, hvernig gengur í Englandi, og vildi ég því spyrja hæstv. ráðh. um horfur í samningsmálum þar. Maður hefur frétt ýmislegt og veit ekki, hvað rétt er, og vegna ummæla hæstv. ráðh. út af samningunum í Sovétríkjunum er rétt, að menn fái að vita, hvað er að frétta frá Englandi, það hefur heyrzt, að þar væri búið að skrifa samninginn, en væri aðeins eftir að undirrita hann, og væri fróðlegt að vita, hvað í þessum samningi er, alveg sérstaklega þar sem stjórnin notar slæmar markaðshorfur sem ástæðu til að skera niður framlög til verklegra framkvæmda. Mér skildist á hæstv. fjmrh., að Rússar hefðu komið dónalega fram við sendinefndina og látið hana bíða óhæfilega lengi eftir svari eða 17 daga. Ég skal ekki dæma um það, en ég bendi hæstv. fjmrh. á, að það er hættulegt að gefa yfirlýsingar svona slitnar úr sambandi, og ætti hann heldur að gefa heildaryfirlit um, hvernig málum er komið. Hvers konar tillögur voru það, sem Rússar voru í 17 daga að svara?

Hæstv. fjmrh. sagði, að ég hefði haft mína eigin sendimenn, þegar ég var ráðh. Þetta er alveg rétt, og ég ásaka mig fyrir það eitt að hafa ekki haft fleiri. Ég vildi koma því til leiðar, að utanrrn. sendi sendinefnd til Póllands, þegar Pólverjar vildu kaupa ísaðan fisk, en ekkert var gert í þessu, fyrr en ég sendi þangað menn, en fyrirgreiðsla utanrrn. var sú, að þeim var neitað um sérstök vegabréf og urðu að láta sér nægja venjulega passa. Það er ekki hægt að koma til lands, sem er í rústum eftir styrjöld, og segja aðeins: Þetta viljum við selja, þetta skulum við kaupa. Við skulum fara að dæmi Svía, sem hafa lánað Pólverjum fé til að koma upp járnbrautum og öðrum tækjum. Síðan fá þeir kol hjá Pólverjum og öruggan fiskmarkað. En það er áberandi hjá núverandi hæstv. ríkisstj., að löndum sé skipt í tvo flokka. Annars vegar eru löndin „handan járntjaldsins", eins og Alþýðublaðið orðar það, en hins vegar hin indælu lýðræðisríki, og þar er áhugamál stjórnarinnar að bjóða framleiðslu okkar á sem allra lægstu verði, en „handan járntjaldsins" er allt sprengt upp. En ég er á því, að hvort sem við seljum til austurs eða vesturs, þá verðum við að halda á fyllsta markaðsverði. Okkur veitir ekki af því. En hjá hæstv. ríkisstj. skiptir þetta í tvö horn eftir því, við hvorn þjóðbálkinn samið er. Ég vildi mælast til þess við annanhvorn hæstv. fjmrh. eða utanrrh., að þeir geri grein fyrir samningunum í Englandi, enda hefur verið gefið tilefni til þess með því að gera samningana í Sovétríkjunum að umtalsefni.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég á hér á þskj. 710 litla brtt. ásamt 3 öðrum hv. þm. Þessi brtt. er við 15. gr. og fer fram á að veita Arnóri Sigurjónssyni 5000 kr. ritstyrk. Arnór mun hafa haft þessa upphæð s. l. ár, en af einhverjum ástæðum hefur þetta fallið niður nú, og vil ég helzt ætla af vangá og sé því brtt. okkar fremur leiðrétting. Það er vitað, að Arnór er með allra ritfærustu mönnum, enda hefur starfað mikið og látið eftir sig mörg og merkileg rit, svo að allir þeir, sem dæmt hafa, hafa talið vel unnið, jafnvel þeir, sem voru honum ekki hliðhollir, sögðu, að sem rithöfundur væri hann með færustu mönnum. Við, sem flytjum þessa till., teljum því ekki rétt að fella niður fjárveitingu til Arnórs. Ég mundi orða það svo, að íslenzka þjóðin hafi ekki efni á að neita honum um styrk. Hann er mjög fátækur og getur ekki notið sín á sínu sviði án þess að fá fjárstyrk. En það, sem honum er veitt, mun koma margfalt frá honum aftur, því að hann er hamhleypa til verka og starfsmaður með afbrigðum. Ég tel svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till., sem raunar, eins og áður segir, er þó fremur leiðrétting.

Þá er ég meðflm. að brtt. á þskj. 702, XVIII, þar sem farið er fram á að veita 15 þús. kr. byggingarstyrk til Sigurðar Sigurðssonar málara. Ég sé ekki ástæðu til að mæla með þeirri till., hún er svo vel liðin, að þm. hafa keppzt um að gerast meðflm., þannig að fram eru komnar tvær brtt., sem fjalla um stuðning eða styrkveitingu til Sigurðar Sigurðssonar. Ég tel því þessa till. okkar samþykkta, geng út frá því sem vísu.

Loks eru það aðeins örfá orð út af hinni skriflegu brtt. hv. samgmrh., er forseti hefur lýst, þess efnis, að Gunnlaugi Kristmundssyni sandgræðslustjóra yrðu veitt full laun, er hann lætur nú af störfum. Ég tel, að ég hafi sýnt vanrækslu um að búa þetta mál í hendur Alþ. og fjvn., eins og mér bar skylda til. En eins og hæstv. ráðh. tók fram, vorum við fleiri búnir að tala um þetta fyrir alllöngu, en er við sáum till. fjvn., litum við báðir svo á, ég og hann, að sandgræðslustjóri héldi fullum launum þar með. En það var sérstök vanræksla af mér að tala ekki við n., en það var af því, að ég leit fljótt á þetta og athugaði það svo ekki nánar. En ég get tekið undir það, sem hæstv. ráðh. sagði, að eigi nokkur embættismaður rétt á fullum launum, þó að hann láti af störfum, þá er það Gunnlaugur Kristmundsson. Það er áreiðanlega leitun á manni í þjónustu ríkisins, sem hefur ávaxtað betur sitt pund og látið verða meira úr litlum fjármunum í hinu erfiða brautryðjandastarfi sínu við sandgræðsluna, og það er vafalaust ástin á starfinu, sem hér kemur til greina. Þó að þessi till. komi svona klaufalega seint fram og sé ekki vel rædd við fjvn., þá vona ég, að hún leggist ekki á móti þeirri till., úr því að við áttuðum okkur á elleftu stundu. Hér er varla um mikið að ræða til hækkunar frá því, sem nú er, en það er óviðeigandi að hafa þetta svona. Þetta vildi ég taka fram, án þess að þörf sé á að rökstyðja till. betur en hæstv. ráðh. gerði.

Ég mun síðar sýna með atkv. mínu, hvernig ég er stemmdur gagnvart hinum ýmsu brtt., er nú liggja fyrir.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi nú gjarnan, að hæstv. samgmrh. hlustaði á þau fáu orð, sem ég ætla að segja, hann mun vera hér á næstu grösum. Ég hef ekki flutt hér neinar brtt. við 2. eða 3. umr., ekki þó sökum þess, að það væri ekki eitt og annað í mínu kjördæmi, sem ég kysi að fá fé til fram yfir það, sem gert er ráð fyrir, heldur blátt áfram af því, að ég skil ekki vel, hvar staðar á að nema um útgjöldin, sem ákveðin eru fyrir ríkissjóð, sem ýmsum virðast þó of lág. Sérstaklega er það ein till. hér, sem (fyrir utan till. um 15% lækkun til verklegra framkvæmda) hefur orðið þyrnir í augum margra. Hún mun vera frá hæstv. fjmrh. og um það að heimila ríkisstj. að fella niður framkvæmdir, ef ástand í atvinnu- og fjármálum gerir það nauðsynlegt. Ég fyrir mitt leyti mun greiða atkv. með þessari till. Það er að vísu dálítið vafamál, hvort á að veita stjórninni slíka heimild eða ekki, en það, sem einkum gerir það að verkum, að ég greiði atkv. með henni, er það, að þegar ríkisstj. gerir það að fresta einstökum framkvæmdum og hafa fjárlög að engu í því efni, þá kýs ég fremur, að slíkt sé löglegt en ólöglegt. Því tel ég réttara að samþykkja þessa till. en láta átölulaust, ef ríkisstj. hefur í heimildarleysi ákvarðanir Alþ. að engu, eins og síðasta stjórn hefur gert og sjálfsagt fleiri ríkisstjórnir. Hvað viðvíkur mínu kjördæmi, hef ég þó ekki reynt neina ríkisstj. að því að brjóta jafnfreklega af sér í þessu efni og fráfarandi stjórn. Á síðasta þingi voru veittar fjárupphæðir til nokkurra tiltekinna vega í kjördæmi mínu, sem ekkert var síðan unnið að, og ef svo á að vera, sýnist þó réttara, að það sé löglegt og samkvæmt fjárlögum.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að spyrja hæstv. samgmrh., hverju þetta sætti, sú meðferð, er mitt kjördæmi varð fyrir s. l. ár. Ég aðvaraði hæstv. ráðh. um það fyrir stundu, að ég ætlaði að tala um þetta, en sé nú að hann er ekki viðstaddur.

Ég vil þakka fjvn. fyrir, að hún hefur yfirleitt — eða það, sem hún eftir atvikum hefur séð sér fært — tekið þær óskir mínar til greina, er ég bar fram við hana í haust, og reyndar síðan, og er það önnur aðalástæðan til þess, að ég hef ekki flutt brtt., að mér finnst n. hafa vikizt sanngjarnlega við málum míns kjördæmis. Ég álít þó, að það kjördæmi sé ekki neitt sérlega hugstætt hv. fjvn., og af því að ég verð að viðurkenna, að n. hefur vikizt fremur vel við áhugamálum míns kjördæmis, verð ég að álykta út frá því, að svo hafi verið víðar um land. Mig furðar því á fjölda brtt. við fjárlagafrv. og tel þær að mestu ástæðulausar, og ég mun greiða atkv. gegn flestum eða öllum þeirra, sem bornar eru fram af einstökum þm.

Ég veit ekki, hvort hæstv. samgmrh. hefur heyrt fyrirspurn mína áðan, en hún var um það, hví nýbygging vega í Eyjafjarðarsýslu hafi verið látin niður falla s. l. sumar, þótt fé væri fyrir hendi, sem veitt var á síðustu fjárlögum, og ég vil bæta við þeirri fyrirspurn, hvort óttast þurfi, að svo verði framvegis eins og síðasta ár. Í næstu sýslum var unnið hiklaust að vegum, en um tvo vegi í Eyjafirði, sem við þm. sýslunnar lögðum áherzlu á og voru mjög nauðsynlegir, fór svo, að við þeim var ekki hróflað, ekki einni þúfu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins út af þessari fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf. um vegagerð í Eyjafirði segja það, af því að ég hef kynnt mér þetta nokkuð áður og minnzt á það í samtali, að það er rétt, sem hann segir, að ekki var unnið fyrir allar fjárveitingar, sem þar voru fyrir hendi, en að mínu viti lágu til þess gildar ástæður, eftir því sem vegamálastjóri hefur sagt mér. En ástæðan til þess, að ekki var unnið þarna í öllum vegum, er sú, að lagt var allt kapp á tvo höfuðvegi, sem til sýslunnar liggja og voru svo þurftarfrekir um áhöld, að ekki vannst tími til að nota þau einnig í þeim vegum, sem hv. 1. þm. Eyf. var að tala um. Þessir tveir höfuðvegir, sem ég nefndi áðan, eru vegurinn til Ólafsfjarðar um Lágheiði og vegurinn út Svalbarðsströnd, sem liggur að vísu ekki um Eyjafjarðarsýslu, en er í sambandi við Akureyri. Þar var mikið unnið s. l. ár. Og loks er það Öxnadalsheiðarvegurinn, sem er höfuðvegur, eins og kunnugt er, og mjög þýðingarmikill fyrir Akureyri. (**BSt:** Þessir vegir eru allir í öðrum sýslum.) Að nokkru leyti og nokkru leyti ekki, má segja. Það var lögð höfuðáherzla á að ljúka þessum aðalbrautum til héraðsins, og það tókst, en sérstaklega í Svalbarðsstrandarveginum, og einnig Öxnadalsheiðarveginum, voru vélarnar bundnar í sumar. Á fjárlögum 1946 var veitt til þeirra vega, sem hv. þm. á við, 50 þús. kr. til Árskógsstrandarvegar, sem ófært þótti að vinna í án ýtu, sem var verið að nota annars staðar, eins og ég sagði áðan, og til Hrísavegar voru veittar 10 þús. kr. og það var unnið fyrir alla þá upphæð, þó að hv. þm. segi, að ekkert hafi verið unnið að vegagerð í sýslunni. Í Hörgárdalsvegi var hins vegar ekki unnið, fjárveiting til hans var aðeins 10 þús. kr. Það þótti óhagstætt að vinna fyrir svo lítið. Fjárveitingar til þessa vegar hafa verið dregnar saman undanfarin ár, og nú er hægt að vinna þar fyrir 30 þús. kr., og þykir hagstæðara að vinna fyrir það mikla upphæð í einu.

Aðalástæður vegamálastjóra í þessu máli eru þá þær, eins og áður er sagt, að vegavinnuáhöldin voru í notkun í höfuðvegum til héraðsins, og talið var óheppilegt að flytja þau þaðan í litla vegi og gera þá áður, en láta aðalvegina sitja á hakanum. Á þessi rök vegamálastjóra hef ég fallizt fyrir mitt leyti.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vildi gjarnan æskja þess, að hæstv. menntmrh. gæti heyrt mál mitt, áður en ég lýk því.

Viðvíkjandi till. hæstv. samgmrh. um að taka inn á heimildagrein full laun til handa Gunnlaugi Kristmundssyni sandgræðslustjóra vil ég upplýsa, að fjvn. hafði það til athugunar á sínum tíma og ákvað að gera það ekki eða leggja það ekki til, heldur taka inn 3000 kr. auk lögboðinna eftirlauna, og ég legg til, að það verði samþykkt. Löngu síðar kom till. frá stjórninni um full laun. Það er ekki frá n. runnið, en hún hefur ekki sett sig á móti því. Hins vegar er stór ágreiningur um það innan n. hvort yfirleitt á að fara inn á þessa braut. Ég get fullvissað hæstv. ráðh. um það, að það er ekki vegna þess, að n. skorti skilning á starfi Gunnlaugs Kristmundssonar, að ekki er búið að ganga frá þessu með hann. Hitt er það, að n. telur þetta varhugaverða braut yfirleitt, eða svo mun a. m. k. meiri hl. hennar líta á. Þetta var gert í fyrra, og ef nú er aftur heimilað einum manni til handa í ár, þá heldur þetta áreiðanlega áfram

næstu ár o. s. frv., fyrir utan það, hve erfitt er að flokka og meta gildi manna þannig. Það yrði þá að miða full laun við eitthvað óumdeilanlegt, visst tímabil, aldurstakmark eða slíkt. Þetta vildi ég aðeins útskýra nokkuð.

Hvað viðvíkur aths. hv. 1. þm. Eyf., er hann gerði út af frestun vegaframkvæmda í kjördæmi sínu, þá hefði ég búizt við meiri umræðum um það mál almennt. Það hefur verið frestað framkvæmdum fyrir samtals eina milljón króna á sama tíma sem ausið var tveimur milljónum úr ríkissjóði fram yfir fjárlög og í algeru heimildarleysi. Og ég vil nú spyrja: Til hvers er allt þetta stapp í fjvn. og Alþ. um vegi og annað, tilfærsla vega og nákvæmar ákvarðanir, ef ríkisstj. tekur sér síðan vald, annars vegar að taka fé til framkvæmda án nokkurrar heimildar, hins vegar að vanrækja framkvæmdir, sem samþykktar hafa verið hér á Alþ. Þetta hefur t. d. verið vanrækt stórkostlega í Barðastrandarsýslu, svo að sýslubúar hafa sent viðkomandi ráðh. hörð mótmæli. Og ég vildi gjarnan heyra það af hans munni, að þannig yrði ekki haldið áfram, því að ella yrði að gera einhverjar ráðstafanir í þessu sambandi. Hæstv. samgmrh. var að tala um vegina í Eyjafirði, en ég vil þá benda á það, sem er raunar hverjum manni ljóst, að Öxnadalsheiðarvegurinn er mest fyrir Eyjafjörð — en þó raunar að vissu leyti fyrir allt landið, og í hann var eytt 250 þús. kr. fram yfir fjárlög. En svo eru aftur tveir vegir í Eyjafirði, sem eru á fjárlögum 1946, báðir þó með lágar upphæðir, en í þeim var aftur ekkert unnið. Þetta eru Árskógsstrandarvegur og Hörgárdalsvegur.

Viðvíkjandi Arnóri Sigurjónssyni og því, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að hann mundi hafa fallið niður af gleymsku, þá er það ekki rétt. Ég veit þó ekki um hæstv. fyrrv. fjmrh., en n. fór í gegnum þetta, gegnum öll fjárlögin, og varð ekki samkomulag um að taka þennan lið inn til 2. umr. Um Arnór urðu menn ekki heldur sammála á síðasta þingi. Nú eru veitt 87 þús. til ritstarfa og fræðimennsku, og ef Arnór er sá rithöfundur, sem af er látið, og ber ég ekki á móti því, þá á hann aðgang að þessari fjárveitingu, því að n. ætlaðist ekki til, að hún yrði notuð til launahækkana, án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Ég sé því ekki ástæðu til að taka þennan nýja lið inn, en bendi einnig í þessu sambandi á skálda- og listamannastyrkinn, sem hækkar mjög. En ég mun verða á móti þessum lið, er hann kemur til atkvæða.

Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. 8. landsk. mörgum orðum. Hann hefur auðsjáanlega ekki kynnt sér nægilega vel, hvað gert hefur verið í menntaskólamálinu, hve mikil söun og vitleysa hefur átt sér stað. Það hefur ekkert land verið keypt. Það hafa verið keyptir nokkrir húskofar, og það hefur tekizt að eyða í þetta 300—400 þús. kr., svo að málið er verr sett en þótt ekkert hefði verið gert. Þetta eyðslufálm tefur beinlínis framkvæmd málsins.

Mér þótti vænt um, að hv. 8. landsk. fór að draga aftur í land það, sem hann sagði um öflun tekna. Þessi þm. fullyrti, að það væri ekki hans að koma með tekjuöflunarleiðir. Ég veit það vel, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að Sósfl. semji tekjuöflunarfrv. fyrir ríkisstj., enda yrði aldrei hægt að nota það frv..

4. þm. Reykv. lagði til, að samþ. yrðu óbreyttar till. til listamanna. Fjvn. hefur haft þetta til athugunar og ekki viljað fallast á það, nema þær till., sem meiri hl. n. hefur samþ. og ríkisstj. fallizt á, en það er m. a. framlag til Karlakórs Reykjavíkur. Ummæli 11. landsk. þm. um mig sé ég ekki ástæðu til að fara út í hér, en ég vil benda á það, að n. hefur fyrirbyggt, að lækkuð yrðu framlög til hafnargerða, eins og fyrst var ætlað. Það er því rangt, að það framlag sé skorið niður, því þó að um 15% lækkun sé að ræða, þá eru 350 þús. lagðar í hafnarsjóð. Þessu var haldið fast fram í n., m. a. til þess að tryggja sem bezt, að hinn nýi floti hefði öruggar hafnir, eftir því sem föng eru á. Ég sendi það heim aftur, að ég hafi látið undan mér verri mönnum í n., enda stríðir það á móti því, þegar kommúnistar hafa borið mér á brýn ranglæti, heimsku og vitleysu, þó að ég hins vegar taki mér ekki þessi ummæli þeirra nærri.

Þá vil ég svara 3. landsk. Hann er nú ekki viðstaddur, en það er ekki mitt verk að gæta þess. Það er ætlazt til þess, að ég sitji hér undir öllum umr. og svari öllu, sem að mér er kastað. Það er því ekki til mikils ætlazt, þó að þm. séu viðstaddir, þegar að þeim kemur. 3. landsk. var að tala um það, að Barðastrandarsýsla mundi ekki fara varhluta í þessum fjárl., en það væri öðru máli að gegna með Norður-Ísafjarðarsýslu. Þetta er alrangt hjá þessum hv. þm. Ef hann athugar, hvað þessi sýsla fær, þá kemst hann að raun um, að hún fer ekki varhluta við þessi fjárlög. Það er t. d. veitt mikið fé til öldubrjóts í Bolungavík, en ekkert samsvarandi í Barðastrandarsýslu. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þennan samanburð, þar sem þessi þm. er ekki viðstaddur, enda auðvelt að sjá þetta í frv., ef menn vilja ljá því auga.

Í sambandi við það, sem 2. þm. Árn. var að segja, að hann hefði fjvn. ekkert að þakka, hún væri ranglát og þar væri hver og einn sjálfum sér næstur, þetta sagði hann orðrétt. Mér ber skylda til að mótmæla slíkum ummælum, enda eru þau algerlega úr lausu lofti gripin. Ég verð því að þreyta forseta á því að fara ofurlítið nánar út í þetta. Árnessýsla fær 585 þús. í vegi, en Barðastrandarsýsla, sem þessi þm. lét þau ummæli falla um í Ed. fyrir skömmu, að væri illu heilli í byggð, sýslan, sem meira flytur út af afurðum en nokkur önnur sýsla á landinu, hún fékk 568300 kr. og er því lægri en Árnessýsla. Árnessýsla fær 365500 kr. til hafnargerðar. Þó hef ég ekki orðið var við mikinn sjávarafurðaútflutning úr þessari sýslu, en Barðastrandarsýsla, mesta útflutningssýslan, fær 375 þús. Alls fær Árnessýsla nálægt 2½ millj., en svo segir 2. þm. Árn., að hann hafi ekkert að þakka. Ég verð að segja, að mér finnst þetta harla ósvífið. Sömuleiðis má minnast á Suður-Múlasýslu. Eftir að búið var að taka réttlátt tillit til hennar í fjvn., þá kemur núverandi menntmrh. og talar um, að hún fari varhluta og heimtar aukin framlög til hennar. Ég mótmæli, að ekki hafi verið tekið fullkomið tillit til þessarar sýslu, miðað við aðrar sýslur, þó að ráðh. noti aðstöðu sína til þess að knýja fram hækkuð framlög til hennar.

Fjvn. hefur borið fram nokkrar breytingar, m. a. framlag til Jóns Sveinbjörnssonar, en það hafði óvart fallið niður. Þá er skrifleg brtt. frá meiri hl. n. um að greiða 33 þús. kr. til tryggingarsjóðs í Bolungavík, þó með nokkrum skilyrðum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar nú. N. hefur yfirleitt fylgt till. ríkisstj., en ekki einstakra þm.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefur tekið upp á sína arma brtt. frá mér viðvíkjandi hafnargerð á Grenivík, að vísu ekki eins mikið og þurft hefði með, en það er þó byrjun. Og þetta litla þorp mundi, eins og nú er komið, leggjast í eyði, sjómennirnir fara frá húsum sínum og túnum, ef það tækist ekki að gera nokkra byrjun á bátabryggju til skjóls fyrir báta þeirra. Vitamálastjóri gerir ráð fyrir því, að það muni kosta 400 þús. kr., og af því á þorpið að bera helming. Þessi litla upphæð, sem hér er tekin upp, gerir ekki stórt að vísu, en gefur þessum mönnum þó, sem þarna búa og eru að kaupa tvo stóra vélbáta, vonir um, að þessari framkvæmd muni verða haldið áfram og þeir þurfi ekki að fara þaðan burt.

Þá hefur hv. fjvn. enn fremur tekið upp á heimildagr. 20 þús. kr. til þess að ganga frá leiðum nokkurra skálda. Það er ekki nefnt, hverra leiði það eru. Og það er heldur í sjálfu sér ekki tæmandi, sem tekið var fram í þáltill. minni um það. Þar gætu komið til greina jafnvel önnur skáld en þau, sem þar eru nefnd. En því er slegið föstu, að með þessari byrjun er verið að reyna að vinna að því, að þeim dauðu sé sýnd hin síðasta viðurkenning með því að láta leiði þeirra ekki týnast eða vera í vanhirðingu. Það er skemmst á það að minnast, að það skáld, sem var mörgum og þ. á m. mér einna kærast, hefur verið grafið erlendis og var þar í 100 ár grafið, án þess að nokkur maður eða íslenzka þjóðfélagið gerði nokkuð til þess að verja leiðið gleymsku. En um leið og við áfellumst þá, sem þannig hafa með þetta farið áður, skulum við minnast þess, að við brjótum á mjög alvarlegan hátt að þessu leyti. — Ég vil skjóta því til hv. fjvn., sem ætlar nú að hækka skáldastyrkinn töluvert mikið, að það eru mjög fá af þeim skáldum, sem nú fá styrk, sem hafa unnið sér til ágætis nokkuð sem heitir á borð við þau skáld, sem ég vildi láta minnast með því að sýna virðingu gröfum þeirra. Meginið af skáldastyrknum nú fer til viðvaninga og sumpart til þeirra, sem enginn maður með nokkurri skynsemi les. Og er það orðin hrein plága, sem svo kallað stéttarfélag skálda hefur gert til þess, að mönnum, sem ekki eru skáld, er haldið uppi með fjárgjöfum. Aftur á móti hygg ég um þau sjö skáld, sem ég nefndi í minni till., að það muni líða mjög margar aldir, án þess að þeim verði gleymt, t. d. vil ég nefna Bjarna Thorarensen og Grím Thomsen. Það er leiðinlegt til þess að hugsa, að ekki skuli hafa verið betur hugsað um leiði þessara manna en svo, að það er til minnkunar. Og hér er verið að byrja á menningarviðleitni, sem er óhjákvæmilegt að halda áfram. Það ber vott um mikla vöntun í okkar menningu, að gagnvart mönnum, sem eru svo mikils metnir af þjóðinni sem listamenn, að á hverju sæmilegu íslenzku heimili eru bækur þeirra í bókaskápum, skuli mannfélagið ekki hafa sýnt svo mikla ræktarsemi að hafa séð sóma sinn í því að virða legstaði þeirra fyrr en þetta. En nú á að ráða nokkra bót á þessu. Hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. eru ekki hér viðstaddir. En ég lofa þeim því að halda þessu máli vakandi, ef ég tóri, þetta ár, þannig að það verða a. m. k. að vera mjög sterk rök fyrir því, ef okkar kæra fósturland getur ekki komið því til leiðar að má þennan vanrækslublett af skildi þjóðfélagsins.

Ég hef flutt tvær brtt. viðvíkjandi menntaskólanum í Reykjavík. Hv. form. fjvn. hefur farið um það mál nokkrum orðum og skýrt það, eins og það virðist liggja fyrir, að fyrrv. kennslumrh. hefur kastað burt um það bil hálfri milljón kr. í það að kaupa réttindi í Laugarnesi handa nýjum skóla, sem reynast svo að verða einskis virði, nema því aðeins að Reykjavíkurbær fáist til að leysa þetta inn. Það er víst hæstv. Alþ. kunnugt, hvernig þessu er varið. Fyrrv. menntmrh. tók sér það vald, án þess að bera það undir Alþ., í fyrra að fara að stofna til að byggja nýjan menntaskóla á allt öðrum stað en skólinn nú stendur. Þetta er til stórskammar fyrir þennan fyrrv. ráðh. og líka fyrir hæstv. Alþ., því að það, að Alþ. hefur liðið þetta, að svona sé farið með peninga, er ámælisvert. Það var ámælisvert fyrst og fremst af öllum nemendum skólans og kennurum og rektor, að þeir skyldu láta vera, að „ákveðið" var á þennan hátt að flytja skólann. Það var Alþ., sem átti að samþykkja það, en ekki maður, sem af tilviljun var menntmrh. — Nú hef ég flutt brtt. um þetta. Önnur er um það, að þegar tekjuöflun hefur orðið hálf millj. til skólans, þá verði ákveðið, hvort skólinn á að vera á sama stað og hann er eða ekki. Ef þessi till. fellur, þá er að vísu ekki sagt, hvar skólinn eigi að vera. En þó hefur Alþ. þá fyrir sitt leyti óbeinlínis sagt það, að það vilji láta flytja skólann. Og þá er a. m. k. vítalítið fyrir núverandi hæstv. ríkisstj., þó að hún fari með skólann eitthvað burt úr bænum, af því að þá er búið að segja, að skólinn eigi ekki að vera á sama stað. Ég kem með brtt. um, að þetta fé, sem fest var í fyrra í þessu sambandi, sem ég tel, að Reykjavík eigi til bráðabirgða að borga aftur, verði notað skólanum til gagns, og þá ekki síst til rektorsbústaðar. Ef það aftur á móti kemur í ljós, að það fáist ekki, heldur séu þessar 400 þús. kr. tapaðar, þá finnst mér koma til greina dómur á þann ráðh., sem þetta gerði, þó að það verði ekki ákveðið í þetta skipti, því að það var ólögleg meðferð á fé, sem kom til greina í hans ráðslagi þessu viðkomandi. Fyrst ákveður þessi fyrrv. ráðh., að skólinn skuli verða færður inn í Laugarnes, og hann kaupir þar ekki lóðir, heldur erfðafesturéttindi á landi og einhvern húskofa gamlan í Laugarnesi. Hvort sá ráðh. hefur borið þetta undir bæjarstjórn eða ekki, skal ég ekki segja um. Ef hann hefur gert það, hvílir nokkuð mikil siðferðisleg skylda á bænum að greiða þetta fé til landssjóðs aftur. Ef hann hefur ekki gert það, eru líkur til þess, að landið tapi þessu fé alveg, því að þegar þessi fyrrv. ráðh. er búinn að kaupa þessi lítils verðu réttindi, þá koma útvegsmenn, þeirra samband í bænum, og segja: Við þurfum einhvers staðar að hafa land fyrir okkur. Og bærinn hefur þá ekkert land nema þetta, og hann á það og hefur fullan rétt á því nema erfðafesturéttinn. — Það eina, sem var óklárt í þessu er þá, hvort bærinn hefur leigt fyrrv. menntmrh., samþ. þessa leigu og gefið þessum ráðh. þar með vonir um það, að þarna mætti byggja, eða hvort þetta var ekki til staðar. En þetta er náttúrlega orðinn fullkominn „skandali" út af fyrir sig á allan hátt, og er gott, að úr því

greiðist með þeirri atkvgr., sem hér kann að fara fram um þetta.

Þá vildi ég nota tækifærið til þess að víkja því til hv. form. fjvn., að það mun vera í hans ágætu n.till., sem búin er að liggja þar nokkuð lengi, um það, að Alþ. ákveði, hvort það vill kaupa eða ekki lóðir bak við menntaskólann. Það er langbezt að afgreiða þessa till. til lífs eða dauða, vegna þess að sérstaklega, ef hún verður samþ., þá er mjög óþægilegt, að það skuli ekki hafa verið samþ. nú þegar, einmitt af því að það brann niður mikið af þessum húsum. Það hefði verið langeðlilegast, ef átt hefði að kaupa það, að vera búinn að kaupa það. Nú býst ég við, að hv. fjvn. geti sagt, að það sé ekki búið að ákveða, hvort skólinn eigi að vera á þessum stað. En það hefði verið bezt, að það kæmi í ljós með því að láta fara fram atkvgr. um till. Ef till. yrði felld, er það að vísu ekki ákvæði um að flytja skólann, en þó nokkuð í áttina.

Brtt. er hér flutt af hv. 2. þm. Reykv. um að verja 5 þús. kr. til þess að bæta Snorragöng í Reykholti. Ég vil óska þess, að þessi brtt. verði samþ. En verði hún felld, mun samt sem áður verða framkvæmd þessi viðgerð vegna þess undirbúnings, sem gerður verður í Reykholti til þess að taka á móti gjöf frá Noregi nú í sumar. En brtt. er réttlát og því æskilegt, að hún verði samþ.

Ég vil enn bæta því við, að það er meira en lítill skaði, sem menntaskólinn sem stofnun bíður við það, að allt er óákveðið um hans málefni. Er það ólíkt gangi málsins viðkomandi hinum skólanum, á Akureyri, þar sem hinn vaski skólameistari, sem þar er, er mjög öruggur og veit, hvað hann vill. Þar er því byrjað mjög myndarlega á heimavistarhúsi, sem duga mun skólanum um langa framtíð. Og útlit er fyrir, að skólameistarinn fái mikla peninga til þess að halda áfram framkvæmdum fyrir þann skóla. Þegar búið er að byggja þetta hús, sem er nokkuð langt frá skólanum, er miðað við að halda áfram byggingum fyrir þennan skóla. En á meðan Sigurður skólameistari á Akureyri hefur unnið hvern sigurinn á fætur öðrum fyrir sinn skóla, hefur með einstökum ræfildómi verið haldið á málum menntaskólans í Reykjavík. Það hefur jafnvel verið talað um að leggja hann niður og gera hús hans að einhvers konar skrifstofu fyrir þm. Þetta hús er ákaflega óhentugt fyrir þingið til afnota, og ég mun kannske við annað tækifæri, áður en þessu þingi lýkur, fá aðstöðu til þess að minna þingið á, hve lítil virðing kemur fram hjá þessari stofnun fyrir sér og sínum verkum, með því að leggja tugi millj. kr. í byggingar alls staðar annars staðar, en láta Alþ. vera án þeirrar nauðsynlegu aðstöðu, sem það þarf að hafa til þess að vinna sín verk. En þetta væri engin úrbót, að leggja menntaskólahúsið undir afnot Alþingis.

Það, sem komið hefur fram um menntaskólann í Reykjavík, er: Menn hafa hugsað sér að flytja hann, en því hefur verið aftrað til þessa. Mestur hluti gamalla nemenda hans, sem hafa rækt til hans, vilja ekki láta flytja hann. Fyrrv. menntmrh. hefur reynt að hindra það, að félag gamalla stúdenta kæmi sér saman um, að skólinn fengi að lifa á þessum stað, sem hann er á. Þessi afstaða gamalla nemenda skólans, að vilja hafa skólann kyrran, er ekki undarleg. En það er verið að reyna að þvæla skólanum burt úr miðbænum þrátt fyrir alla skynsemi, sem mælir með því að hafa hann þar áfram, og þrátt fyrir meðmæli gamalla nemenda með því að hafa hann þar áfram. Svo er búið að eyða 400 þús. kr. ólöglega af ríkisfé inni í Laugarnesi fyrir ekki neitt. Svo er búið að eyða fé til athugunar því að hafa skólann inni á Golfskálahæð. Enn fremur er það mjög ólíklegt, að 12 millj. kr. verði til til þess að byggja menntaskólann fyrir, því að nú neyðist stjórnin til að biðja um, að Alþ. samþykki 15% lækkun á öllum verklegum framkvæmdum á fjárlagafrv. Samtímis því eru menn svo að tala um að henda burt frá skólanum gamla skólahúsinu, sem mundi kosta a. m. k. 12 millj. kr. að byggja upp aftur á þeim stað, þar sem hugsað hefur verið að gera. — Menn geta fellt brtt. mína um að hlynna að menntaskólanum. En það getur hver maður haft fulla vissu um það, að það er ekki hægt að flytja þennan skóla. Því veldur fátækt annars vegar og hins vegar sterkar tilfinningar gamalla nemenda skólans. En það er hægt, ef menn vilja, að láta hann grotna niður fyrir óviðunandi ræktarleysi við húsið og skeytingarleysi um það, sem á að gera fyrir þennan skóla.

Ég vík þá að brtt. við 22. gr. fjárlagafrv., sem ég stend að einn eða með öðrum. Síðasta brtt. er viðvíkjandi fyrirhleðslu Fauska og annarra varnargarða við Markarfljót. Það stendur þannig á, að kvísl þarna er farin að færast í aukana og gera sig líklega til að eyða byggð í Landeyjunum. En heimildir um þessa hættu komu ekki frá vegamálastjóra til fjvn., fyrr en búið var að ljúka brtt. þar. Nú eru báðir hv. þm. Rang. í fjvn., og annar þeirra óskaði eftir, að ég flytti þetta mál fram, af því að hann og fjvn. yfirleitt hafði ekki góða aðstöðu til þess að bera fram þessa brtt. En æskilegt væri að ræða málið hér og að hæstv. ríkisstj. athugaði, hvort ekki væri möguleiki á að stöðva aðsteðjandi hættu af þessu vatnsfalli.

Þá vildi ég víkja því að hv. form. fjvn., að í fyrra, þegar mjólkurbúið á Blönduósi fékk ábyrgð og nokkurn styrk, þá var ég með sams konar mál fyrir Húsavík á ferðinni. Hygg ég, að það sé rétt hermt, að fjvn. og hv. form. n. hafi þótt vera nokkuð seint að taka það þá inn, er ég kom með það fram, enda byggingin á Húsavík komin skemmra en á Blönduósi. En ég man ekki betur en að hv. form. fjvn. hefði þau orð þá, að þetta mundi koma til greina síðar. En það er gamall vani að styrkja slík bú af því opinbera. Og búið á Blönduósi hefur fengið út sinn styrk, líklega mestallan styrkinn og ábyrgðina. Ég vildi óska þess, að hæstv. Alþ. sæi sér fært að láta sömu „klásúlu" gilda nú um þetta nýja mjólkurbú á Húsavík eins og það gerði í fyrra viðkomandi Blönduósbúinu.

Þá hef ég borið fram brtt. við 22. gr., sem mér þykir hugsanlegt, að verði felldar í þetta skipti, en jafnhugsanlegt, að verði samþ. í næsta skipti. Þær eru alveg sjálfstæðar, og það er stórkostlegur skaði að því að fella þær. Það er gengið út frá því í þessum brtt. að skylda 5 af þeim mönnum, sem standa hér fyrir stórfelldum verklegum framkvæmdum, eða aðstoðarmönnum þeirra, að bregða sér út fyrir pollinn á hverju ári þriggja til fjögurra vikna tíma til þess að fylgjast með í sinni mennt. Ég ætla fyrst að taka til forstöðumann skipulagsmála, sem á að ráða fram úr um skipulag allra kaupstaða og allra kauptúna á landinu

og a. n. l. til sveita. Það er að vísu ekkert sérstakt út á hans vinnubrögð að setja frekar en hinna mannanna, sem hér eru til teknir. Þessir menn standa allir vel í stöðu sinni. En það sjá allir, hve erfitt það er í svona litlu landi, sem hefur mikla þróun og öra, ef menn geta ekki fylgzt með nýjungum eða niðurstöðum í þeim málum, sem snerta framkvæmdir okkar og uppbyggingu á þessu landi. Ég t. d. tek þann mann af þessum 5, sem flestum hv. þm. er kunnur, vegamálastjóra, sem hefur starfað í 30 ár að starfi sínu af miklum dugnaði. Og það fara, að ég held, 30 millj. kr. í gegnum hendur hans á hverju ári við vegagerðir, bæði viðhald vega og lagningu nýrra vega, og svo til að byggja brýr og til viðhalds þeirra. Hvernig eiga svona menn að þola samkeppni við verkfræðinga í öðrum löndum, sem geta fylgzt með öllum nýjungum svo að segja heima hjá sér?

Ég var nýlega inni hjá Geir Zoëga, þar sem aðstoðarmaður hans var að teikna margháttaðar stórbrýr. Hann sýndi mér mismunandi teikningar af Þjórsárbrú og Blöndubrú. Ég hef ekki vit á að gagnrýna það og hygg, að það sé allt í góðu lagi. Þjórsárbrúin á að kosta um 3 millj. kr. Eru hv. þm. vissir um, að það sé mikil sparsemi, að ekki megi einn maður frá vegamálastjóra fylgjast á hverju ári með því, sem gerist í þessum málum í Ameríku, Englandi eða á meginlandinu? Þetta verður sjálfsagt drepið nú. En ég hygg, að þeir, sem gera það, með vondri samvizku, þeir viti, að þetta er rétt mál og það sé þeim til leiðinda, af því að það er ekki skemmtilegt né vænlegt til frambúðar að drepa rétt mál.

Þá kem ég að þeim lið, sem er hugsaður á sama hátt fyrir hæstarétt, að einn af fimm dómurunum bregði sér út fyrir pollinn á hverju ári til þess að fylgjast með því, sem gerist í þeirra mennt. Ég vildi óska, að ekki væru nema þrír dómarar í hæstarétti, og ég áfellist þá, sem stóðu að fjölgun þar, að auk þessara fimm dómara eru tveir á eftirlaunum, og launaðir varamenn réttarins eru það margir, að við munum nú hafa jafnvel 8—9 hæstaréttardómara á launum. Okkur þykir kannske, að þessir menn hafi nokkuð há laun, en ég get sagt hv. þm. þá sögu um einn af hæstaréttardómurunum, einn af þeim yngri, að ég varð honum samferða heim til hans af fundi nokkru eftir háttatíma. Hann sagði við mig: „Ég býð þér í svefnherbergið, skrifborðið mitt er þar.“ Í stuttu máli, þessir menn, sem vinna afar mikils vert starf og vandasamt, eru ekki betur launaðir en það, að einn af þeim verður að hafa skrifborð sitt inni í svefnherbergi. Það er sjálfsagt eins gott að skrifa þar og annars staðar, og margir hafa gert það, en þó mun annað þykja hentara. Nú er það svo með okkur, að það veltur ákaflega mikið á því með okkar hæstarétt, að hann fylgist með tímanum, þó að maður taki ekki okkar innri mál, en það koma fyrir önnur mál, þar sem okkar dómar koma undir gagnrýni annarra þjóða, landhelgisgæzlumál o. fl. Hæstaréttardómarar okkar hafa yfirleitt staðið sig mjög vel í þeim efnum, en það er samt afar ósanngjarnt að ætlast til þess, að hæstaréttardómarar hjá þjóð, sem er aðeins 130 þús. manns, geti fylgzt vel með öllu, sem gerist á þeirra sviði úti um heim, án þess að hafa tækifæri til að ferðast til annarra landa til að kynna sér þar sína mennt, en laun þessara manna eru svo lítil, að það eru engar líkur til, að þeir geti tekizt slíkt ferðalag á hendur af eigin rammleik, enda ósanngjarnlegt til þess að ætlast.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta og læt ráðast, hvernig fer um till. við atkvgr.

Forseti (JPálm): Hér þarf afbrigði fyrir þremur brtt. Það er brtt. á þskj. 712 frá hæstv. fjmrh., brtt. á þskj. 717 frá Sigurði Bjarnasyni og skrifl. brtt. frá Steingrími Aðalsteinssyni (verður þskj. 718).

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég get alls ekki tekið afsakanir hæstv. samgmrh. gildar fyrir því, að fellt var niður að vinna að vegagerð í Eyjafjarðarsýslu á s. l. ári, eins og fjárl. ákváðu. Helzta ástæða hans var sú, að það hefði verið lagt svo mikið fé í þrjá vegi, sem lægju að héraðinu, en þó ekki beinlínis í því, en þetta fé, sem væri veitt til þeirra, væri veitt af Alþ. Jafnvel þó að litið væri svo á, að þessir vegir kæmu sérstaklega að notum, þá lít ég svo á, að hæstv. samgmrh. og vegamálastjóri hafi ekki heimild til þess, þó að þeir líti svo á, að héraðið fái nóg með því að leggja þá vegi, þá hafi þeir ekki vald til þess að fella niður fjárveitingar, sem Alþ. hefur samþ., nema þær ástæður séu fyrir hendi, sem fjárl. gera ráð fyrir, að gætu komið fyrir, og væri heimilt undir vissum kringumstæðum að láta framkvæmdirnar falla niður.

Nú er það ákaflega einkennilegt, að heil héruð verða fyrir því, að allt er látið niður falla, sem til þeirra er veitt til vega, en önnur fá aftur hærri upphæð en til þeirra er veitt. Ef þessu á fram að fara, þá sé ég ekki minnstu þýðingu í því, eins og hv. frsm. n. vék að í sinni ræðu, að fjvn. sé að eyða kröftum sínum og þm. í að vinna fjvn. til fylgis við till. um fjárframlög til einstakra vega í héruðum, ef ekki ber nokkur skylda til að fara nokkurn hlut eftir þessu, sem Alþ. ákveður í því efni. Ef svo á fram að fara, þá þætti mér miklu réttara, að það væri, eins og fyrst var ákveðið í frv., ein upphæð til nýrra vega og vegamálastjóri og ríkisstj. ákveði svo, hvar þessu fé væri varið, ef ákvarðanir Alþ. um einstakar fjárveitingar eru einskis virtar.

Hæstv. samgmrh. segir, að það hafi verið unnið svo mikið að vegagerð í námunda við héraðið og þess vegna hafi ekki verið hægt að standa við þau loforð, sem Alþ. hafi gefið héraðinu. Hér er um það að ræða hreint og beint, hvort það er vegamálastjóri og ríkisstj. eða Alþingi, sem hafa veitingarvaldið í þessu efni. Enn sem komið er hefur Alþ. tekið sér og hefur veitingarvaldið, a. m. k. að forminu til, en í mörgum tilfellum hefur það verið gert að engu af framkvæmdarvaldinu, af ákvörðunum vegamálastjóra. Það kann vel að vera rétt og er meira virði sú ástæða, sem hæstv. samgmrh. nefndi, að það hafi vantað vélar til að vinna að þessum vegum, en mér þykir það nú undarlegt, að það skyldi alveg sérstaklega vanta vélar til að vinna það, sem ákveðið var að vinna í Eyjafjarðarsýslu, en ekki vanta vélar til að vinna það, sem unnið var rétt við hliðina á héraðinu.

En fyrir utan þetta, þá verð ég að segja það,

að sú kenning er harla undarleg, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. og einnig hv. frsm., að þessir vegir, sem eru ekki í Eyjafjarðarsýslu, séu svo miklu meira því héraði viðkomandi en öðrum héruðum landsins og af þeim ástæðum hafi verið rétt að fella niður þær vegalagningar í héraðinu, sem fjárl. ákváðu. Hv. frsm. segir, að Öxnadalsheiðarvegurinn sé að langsamlega mestu leyti fyrir Eyjafjörð. Ég álít, að þetta sé ákaflega vafasamt. Eyjafjörður notar ekki Öxnadalsheiðarveg neitt sérstaklega til langferða. Eyfirðingar flytja ekki afurðir sínar yfir Öxnadalsheiði og hafa þar yfir engin verzlunarsambönd. Ég hygg, að öll héruð fyrir austan Öxnadalsheiði hafi jafnmikið gagn af veginum yfir þá heiði, en Eyjafjörður ekkert sérstaklega. Ég skal meira að segja segja hv. frsm., hvaða hérað ég álít, að noti Öxnadalsheiðarveginn mest. Það er Reykjavík, þó að undarlegt kunni að virðast. Ég hygg, að úr einstöku héraði fari langflestir Reykjavíkurbúar yfir Öxnadalsheiði og miklu fleiri Reykjavíkurbílar en eyfirzkir bílar.

Talsvert öðru máli er að gegna um Ólafsfjarðarveg. Ég játa það, að sá vegur er til að koma Ólafsfjarðarkaupstað í vegasamband við vegakerfi landsins. En þó að vegurinn, sem nú er gerður, liggi gegnum Eyjafjarðarsýslu, þá hefur Skagafjarðarsýsla, Fljótin, sömu hagsmuna að gæta og Eyjafjörður, því að þegar þessi vegur kemur, þá opnast leið fyrir þá til að koma sínum afurðum í verð í Ólafsfjarðarkaupstað.

Undarlegt þykir mér, ef á að telja Svalbarðsstrandarveg sérstaklega fyrir Eyjafjarðarsýslu gerðan. Þann veg þurfti ekki til að Eyjafjörður hefði vegasamband austur, því að það liggur þegar vegur yfir Vaðlaheiði, sem tengir Akureyri og Eyjafjörð við sveitirnar þar fyrir austan. Nei, Svalbarðsstrandarvegurinn er alveg innansveitarvegur í Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu þannig óviðkomandi. Að vísu hafa menn á Svalbarðsströnd verzlunarsamband við Akureyri, en ég sé ekki, að það komi beinlínis þessu máli við. En hafi verið ómögulegt að leggja þessa vegi í Eyjafirði, eins og Alþ. hafði ákveðið í fyrra í fjárl., vegna verkamannaleysis, þá held ég, að það sé beinlínis stoð undir það, sem nú er í aðsigi, að takmarka frekar en til stóð um tíma fjárveitingar til nýrra vega. Ég sé ekki almennilega gagn af því, eins og var í Eyjafirði á s. l. ári, að fá fjárveitingar til nýrra vega, en svo sé ekkert gert. Mér virðist, að það verði einmitt að taka þetta atriði til sérstakrar athugunar og þá séu ekki nema tveir vegir fyrir hendi. Annar er sá, að staðið sé við fjárveitingar Alþingis og vegamálastjóri hafi enga heimild til að breyta þar út af, t. d. að þrjózkast við að láta leggja veg, sem búið er að samþykkja að veita fé til. Hinn vegurinn er sá, eins og ég sagði áðan, að gefa vegamálastjóra einnig að forminu til einræðisvald í þessum málum, eins og hann virðist nú hafa í reyndinni.

Fleira þarf ég svo ekki fram að taka.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er vegna brtt., sem ég flyt á þskj. 717, sem ég kveð mér hljóðs að öðru sinni við þessa umr. Þessi till. fer fram á það, að nýr liður komi við tölulið þann, sem er um styrk til Skáksambands Íslands. Með till. þessari er lagt til, að skáksambandinu verði veittur 5 þús. kr. styrkur til utanfarar á alþjóðaskákmót. Ég þarf ekki mörg orð til að rökstyðja þessa till. Íslenzkir skákmenn hafa á undanförnum árum, ekki sízt á s. l. ári, gert okkur mjög mikinn sóma. Nægir að minna á það, að á alþjóðaskákmóti, sem haldið var í Hastings í Englandi á síðasta ári, varð Íslendingur nr. 3. Ísland stóð sig á því móti frábærlega vel, þannig að það vakti jafnvel alheimsathygli. Íslendingar tóku einnig þátt í norrænu skákmóti í Kaupmannahöfn og gátu sér þar mjög gott orð fyrir frammistöðu sína.

Nú hefur Skáksambandi Íslands verið boðið að senda tvo menn á skákmót í sumar í Hollandi og enn fremur boðin þátttaka í alþjóðaskákmóti, sem haldið verður í Helsingfors í Finnlandi, en þessi samtök hafa úr mjög litlu fé að spila. Sambandið hefur notið smávægilegs fjárstyrks frá Alþingi, og er því þess vegna þörf á að njóta aðstoðar þess opinbera til þess að geta staðið undir slíkum ferðakostnaði. Ég lít svo á og vafalaust margir fleiri, að utanfarir skákmanna okkar hafi mikla þýðingu fyrir landið. Það er mikil auglýsing og getur beinlínis haft fjárhagslegt gildi. Það vekur athygli á landi og þjóð og jafnvel framleiðsluháttum landsins og getur þess vegna átt sinn þátt í að stuðla að auknum skilyrðum fyrir bætta markaði fyrir íslenzka framleiðslu.

Ég skal svo ekki hafa miklu fleiri orð um þessa brtt., en ég vænti þess, að hv. þm. minnist þess, hversu glæsilega íslenzkir skákmenn hafa staðið sig á erlendum vettvangi, og vilji gjarnan stuðla að því, að landið geti sent sína ungu og duglegu skákmenn á alþjóðamót framvegis.

Fleiri orð þarf ég ekki að hafa fyrir þessari brtt., en vil víkja örfáum orðum að hv. frsm., þm. Barð. Ég var fjarstaddur hér s. l. miðvikudagskvöld, þegar hann talaði. Ég hef fengið fregnir af því, að hann hafi ráðizt allharkalega á mig, farið mörgum miður fögrum orðum um minn tillöguflutning og jafnvel rifjað upp fyrri viðskipti okkar í umr. á Alþingi, og nú í dag lét hann þau orð falla, að ég og hv. 3. landsk. hefðum gert hrossakaup okkar í milli um að ráðast á sig. Hv. 3. landsk. hefur nú svarað efni þess máls hv. þm. Barð. að miklu leyti, sem hann flutti, þegar ég var fjarstaddur, svo að ég sé ekki ástæðu til að svara því. Ég get aðeins huggað hv. þm. Barð. með því, að því fer afar fjarri, að við hv. 3. landsk. höfum gert hrossakaup um að níðast á lítilmagnanum, honum, hv. þm. Barð. Það er fjarri því, að við höfum gert þetta. Hann getur sofið rólegur vegna þess. En ég þarf að leiðrétta eitt ranghermi, sem hann bar fram í sinni ræðu. Hann sagði, að ég hefði tjáð honum, að ég hefði tryggt brimbrjótnum í Bolungavík 100 þús. kr. utan fjárl. og því fallið frá 100 þús. kr. hækkunartill., sem ég hefði áður nefnt við hann og hæstv. ríkisstj. Þetta er ekki að öllu leyti rétt. Ég hef rætt, og við hv. 3. landsk., við hæstv. samgmrh. um að fá breytt l. um hafnarbótasjóð þannig, að brimbrjóturinn í Bolungavík og önnur mannvirki, sem skemmdust, gætu notið styrks úr honum, án þess að framlags væri krafizt af viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi. Það er þetta, sem ég hef gert. Það er þetta, sem við hv. 3. landsk. höfum reynt að semja um við hæstv. samgmrh., en ekki hitt, að hæstv. ríkisstj. greiði án fjárl. 100 þús. kr. úr ríkissjóði. Það kann að vera misskilningur hjá hv. þm. Barð., og þykir mér það þrátt

fyrir allt heldur líklegra en hitt, að hann beri þetta fram gegn betri vitund.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um hans mál. Það er að vísu afar undarlegt, að hin áreitnislausa ræða mín, þegar ég mælti fyrir till. mínum, skyldi verða hv. þm. Barð. tilefni til svo reiðiþrunginna ummæla og hvatvíslegra, sem mér er hermt, að hann hafi haft um hönd. En það er einu sinni svona með þann hv. þm., að þetta er hans umgengnisvenja, þetta er hans háttur að ráðast svona á meðþm. sína og ýmsa fleiri menn. Ég skal ekki blanda mér í þessar umgengnisvenjur hans. Ég býst ekki við, að ég fái þar neinu orkað, a. m. k. ekki í náinni framtíð, að þar verði nein lífsvenjubreyting hjá honum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Hv. þm. Barð., form. fjvn., játaði það, að hann hefði að nokkru farið með rangt mál viðvíkjandi Norður-Ísafjarðarsýslu. Hann hafði þar haldið fram, að fjárveitingar til þessa kjördæmis hefðu hækkað á annað hundrað þúsund kr. síðan við 2. umr., en varð síðar að játa, að það væri ekki nema 40 þús. kr. Skýring hans á því, að hann hefur komizt að hinni fyrrnefndu niðurstöðu, var sú, að þm. N-Ísf. hefði hvíslað því í eyra sér, að hann hefði fengið loforð fyrir því, að 100 þús. kr. fjárveiting skyldi koma til brimbrjótsins í Bolungavík, eftir að fjárl. yrðu afgr. Það var auðvitað nokkuð annað og rangt að færa þetta undir þá hækkun, sem orðið hefur á fjárl., frá því þau voru til 2. umr., og gat ég ekki vitað, hvað þeir hafa hvíslazt á um þetta. „Hvat mælti Óðinn í eyra Baldri, áðr á bál stigi?" Það var hlutur, sem erfitt var fyrir menn að vita. En nú hefur hv. þm. N-Ísf. upplýst, að einnig þetta hefur verið rangt eftir honum haft. Hann hefur ekki fengið loforð fyrir neinni sérstakri fjárveitingu til þeirrar sýslu, heldur vilyrði, sem tekur ekki til Norður-Ísafjarðarsýslu einnar umfram önnur kjördæmi. Hv. þm. Barð. hefur þarna ruglað saman við þetta meðferð allt annars máls en hér er um að ræða og reynt að blekkja þm. með tölum, sem eru ekki rétt með farnar, og er það mjög leitt, að slíkt skuli hafa hent form. fjvn.

Eiríkur Einarsson: Ég ætla ekki að hreyfa hér öðru en því, sem lýtur lítils háttar að staðreyndum. — Ég heyri sagt, að hv. form. fjvn., hv. þm. Barð., hafi vikið að því, að hlutur Árnessýslu hafi orðið alldrjúgur. Ég held nú, að fáum hv. þm. ætti að koma það undarlega fyrir sjónir, þar sem þessi sýsla hefur reynzt með drýgstu og farsælleg-ustu framleiðsluhéruðum landsins til landbúnaðar og þannig ástatt um hana að öðru leyti, að til hennar er horft til aukinna þjóðþrifa í náinni framtíð. Já, ég sagðist ætla að tala um staðreyndir. Mér var sagt — og vona, að það verði leiðrétt, ef ég fer rangt með —, að form. fjvn. hafi sagt, þegar hann ræddi um þetta hér í dag, að fjárframlög til Árnessýslu mundu nema nálega 2½ millj. kr. Ef þetta er rangt hermt, bið ég velvirðingar á því, en ef hv. frsm. þegir við þessu, skil ég það svo, að hann hafi látið sér þessi orð um munn fara. Þótt þetta væri nú svona, geri ég ráð fyrir, að með skynsamlegri notkun á 2,5 millj. mætti koma því vel fyrir, en ég get ekki séð, hvernig hann hefur fundið þessa fjárhæð út, því að eins og frv. lítur út nú, með þeim breyt., sem þar liggja fyrir, og á ég þar við 15% lækkunina til vega og annars slíks, þá miða ég við þá upphæð, sem líklegt er, að verði niðurstöðuupphæð fjárl., og úr því finn ég ekki nema 1372800 kr. Hafi mér sézt þar yfir eitthvað verulegt, þykir mér vænt um að fá það leiðrétt, því að mig langar ekki til að blekkja Alþ. með orðum mínum, en það er þá bezt, að það komi í ljós. Ég get ekki betur séð en eftir frv., eins og það horfir við, þegar búið er að taka til greina 15% lækkunina, sé ætlað til vega kr. 582300, til hafna kr. 365500 og til Skálholtsskóla kr. 425000. En út úr þessu get ég ekki fundið 2,5 millj. kr., þar er sá mikli munur. Og sé þetta byggt á misskilningi hjá mér, vil ég fá hann leiðréttan, en sé þetta rétt hjá mér, vænti ég, að þessari staðhæfingu verði kingt. — Það er nú svo, að þegar athugaðar eru þessar upphæðir, er á það að líta, að þær eiga hvergi nærri eingöngu að koma til góða Árnessýslu einni. Þegar lítið er t. d. á Skálholtsskóla, er það að vísu fjórðungsskóli, en það er líka eini bændaskólinn á öllu Suðurlandsundirlendinu. Og þegar svo athugað er framlag til vega í sýslunni, sem er kr. 582300, kemur í ljós, að það, sem á langverulegastan þátt í að hækka þá upphæð, er hin margumtalaði Krýsuvíkurvegur, og ég spyr nú — er það vegna Árnessýslu einnar, að sá vegur er gerður? Það er ekki ætlun mín að mótmæla því hér, að honum verði haldið áfram. Ég hef áður látið í ljós, hvers vegna ég hef sætzt á það, og vil ég ekki endurtaka þau orð, en að hann verði allur færður í syndaregistur Árnessýslu, því mótmæli ég eindregið. Þessi vegur kemur fyrst og fremst að notum þeim þorpum, sem að honum liggja hérna eftir Reykjanesinu, svo að ég kalla ekki samvizkusamlega með farið, ef það á að reyna að sýna framlagshluta Árnessýslu sem hæstan með því að tilgreina þetta allt. Ég hef ekki beðið um þennan veg, en ég mun samþykkja það framlag, sem honum er ætlað, án tillits til þess, hvar það kemur að notum.

Svo eru það hafnirnar. Þar er um að ræða 50 þús. kr. til hvorrar hafnar á Eyrarbakka og Stokkseyri, til lendingarbóta þar, sem mun nú vera lækkað um 15%. En langstærsta framlagið er til Þorlákshafnar, og eru það tvö sýslufélög, Árnessýsla og Rangárvallasýsla, sem hafa tekið eins konar ábyrgð á þeim aðgerðum, og er því tæpast hægt að færa þessa upphæð eingöngu á kostnað Árnessýslu.

Ég tel, að hv. frsm. geti verið mér heldur þakklátur en hitt fyrir að hafa sagt þetta, því að vitanlega er eins með hann og mig, að við viljum báðir finna orðum okkar stað.

Frsm. (Gísli Jónsson): Það er tekinn upp nýr háttur hér, þar sem nú byrjar 4. umr. um fjárl., og veit ég ekki, hve margir geta tekið aftur til máls í þeirri umr.

Hv. 2. þm. Árn. var sá maður, sem harðast deildi á fjvn., sagði, að hún hefði ranglega dregið sér og ætti ekki þakkir skilið fyrir það, sem hún hefði gert. Það er sannast að segja, að ræða hv. þm. er alls ekki svaraverð, þar sem hann beinlínis falsar staðreyndir og leyfir sér að ráðast á fjvn. fyrir, að hún hafi verið ranglát og sérdræg, þegar hann veit, að þessi sýsla, Árnessýsla, hefur fengið lang-

mest af öllum sýslum á landinu. Þessu leyfi ég mér að mótmæla eindregið fyrir hönd n.

Eiríkur Einarsson: Ég vil þakka hv. frsm. fjvn. fyrir hin greinargóðu svör við því, sem ég drap á.

Það er lagt fram þetta og þetta mikið til samgöngubóta í landinu, en oftast er svo deilt um, fyrir hvaða hérað það sé gert. Hvað snertir Ölfusárbrúna, þá held ég að engum blandist hugur um það, hversu mörgum sveitum hún kemur að gagni, og því ástæðulaust að vera að þrefa um það. Eigum við ekki alveg að sleppa því, sem gert er fyrir Þingvöll, hvað snertir samgöngubætur? Það, sem fyrir þann stað er gert, hygg ég, að sé ekki gert fremur fyrir Árnessýslu en fyrir alla þjóðina í heild. Ég er ekki að segja, að það sé svo sem neitt illyrmislegt við þessi ummæli um Þingvöll, en heldur eins og litlu krakkarnir segja stundum — svona smávegis „púkó".

Ég er auðvitað þakklátur hv. frsm. fjvn. fyrir það, að framlagið til Skálholtsskóla skyldi ekki fellt burtu, því að ég vissi, að raddir voru uppi um það, og þakklátur honum fyrir þá einstöku góðvild, sem hann hefur sýnt við að bjarga þessu á þurrt land.

Ég hélt satt að segja, að fulltrúar bændastéttarinnar ættu að vera síðastir til þess að segja, að ekki væri þörf fyrir 3 bændaskóla, af því að þessir, sem fyrir eru, eru ekki fullskipaðir. Þetta minnir á uppdráttarsýki í vorgemsum, slíkur hugsunarháttur, og er hann hinn furðulegasti.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta þau margendurteknu ósannindi hjá hv. frsm. fjvn., þar sem hann segir, að ég hafi tryggt mér úr ríkissjóði 100 þús. kr. til brimbrjótsins í Bolungavík. Þessum hv. þm. hefur réttilega verið hælt mikið hér á þingi og utan þess fyrir ástundun og dugnað. Nú förlast honum svo, að hann veit ekki um þau frv., sem liggja fyrir þinginu. Það einkennilega hefur skeð, að hv. frsm. fjvn. — þó að hann gangi allra manna snyrtilegast frá þskj. sínum — veit ekki, að það hefur verið borið fram frv. — frá því hef ég skýrt áður — í samráði við samgmn. um það, að þeir staðir, sem beðið hafa tjón á mannvirkjum af óviðráðanlegum orsökum, fái styrk úr hafnarbótasjóði án styrks úr héraði. Þetta liggur fyrir á þskj. 684. Eftir þessari leið gerum við flm. — ég og hv. 3. landsk. — okkur vonir um að fá fé til brimbrjótsins í Bolungavík, en ekki af því, að við ætluðum okkur að leggja að ríkisstj. að greiða utan fjárlaga sérstaklega til þessara framkvæmda úr ríkissjóði. Ég vona, að hv. frsm. fjvn. skilji þetta og endurtaki ekki rangmæli sín aftur í þessu efni. Í tilefni af þeim óvenjulega prúðu orðum, sem óvart hrutu út úr þessum hv. þm., vil ég segja það, að ég geri mér ekki vonir um, að ég geti — og tel það heldur ekki skyldu *mína* — unnið að umbótum eða breytingum á umgengnisvenjum hans á Alþingi eða utan þings.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 26. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 691,1—5 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 692,1—5 samþ. með 36:10 atkv.
Brtt. 691,6—7 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 692,6—7 samþ. með 31:10 atkv.
— 692,8.1—7 samþ. með 29:10 atkv.
— 700,a—b samþ. án atkvgr.
— 692,8.8, svo breytt, samþ. með 27:5 atkv.
— 692,8.9 samþ. með 27:5 atkv.
— 692,8.10—12 samþ. með 27:5 atkv.
— 702,I felld með 30:13 atkv.
— 692,8.13—16 samþ. með 34:9 atkv.
— 692,8.17 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 692,8.18—28 samþ. með 33:10 atkv.
— 706 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 692,8.29 þar með ákveðin.
— 692,8.30 samþ. með 38:1 atkv.
— 692,8.31—40 samþ. með 32:7 atkv.
— 692,8.41 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 692,8.42—73 samþ. með 38:10 atkv.
— 692,8.74 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 692,8.75—89 samþ. með 32:10 atkv.
— 692,8.90 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 692,8.91—108 samþ. með 33:9 atkv.
— 692,9.1—10 samþ. með 31:10 atkv.
— 692,9.11—12 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 692,9.13—24 samþ. með 31:10 atkv.
— 692,9.25—26 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 692,9.27—28 samþ. með 36:10 atkv.
— 692,10 samþ. með 36:10 atkv.
— 702,II.1 felld með 39:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.

nei: EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, JPálm.

3 þm. (GÍG, HermJ, PZ) fjarstaddir.

Brtt. 691,8 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 692,11 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 691,9—10 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 692,12.1 samþ. með 30:9 atkv.
— 692,12.2 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 692,12.3—6 samþ. með 30:5 atkv.
— 702,II.2 felld með 40:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, HermG, KTh, AJ, SigfS, SG.

nei: SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, PM, PO, SB, SEH, JPálm.

2 þm. (GÍG, PZ) fjarstaddir.

Brtt. 692,12.7—25 samþ. með 32:10 atkv.
— 692,13.1—15 samþ. með 36:9 atkv.
— 702,III felld með 38:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, JPálm.

3 þm. (GÍG, PZ, EE) fjarstaddir.

Brtt. 692,13.16—40 samþ. með 34:7 atkv.
— 691,11.a samþ. með 36 shlj. atkv.
— 691,11.b samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 691,12 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 691,13 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 692,14—16 samþ. með 27:10 atkv.
— 704,I felld með 26:25 atkv.
— 717 felld með 27:15 atkv.
— 702,IV felld með 28:16 atkv.
— 702,V tekin aftur.
— 691,14 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 702,VI aðaltill. felld með 36:10 atkv.
— 702,VI varatill. felld með 27:10 atkv.
— 691,15 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 703,1.a felld með 37:10 atkv.
— 703,1.b felld með 33:9 atkv.
— 691,16 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 715 samþ. með 26:16 atkv.
— 702,VII, svo breytt, felld með 24:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, SB, StJSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, EE, EystJ, GJ, GSv, GTh, GÞG, HB, JóhH, JJós, JS, LJóh, ÓTh, JPálm.

nei: PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BG, BSt, BK, BrB, EOl, HÁ, HV, HelgJ, HermG, HermJ, JörB, KTh, AJ.

StgrSt, EmJ, FJ, GÞ, IngJ, JJ, PZ greiddu ekki atkv.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég var með því við 2. umr. að veita upphæð í þessu skyni, en óánægður með orðalag till. Ég gerði till. um það til fjvn. að fá því breytt, en fekk því ekki framgengt. En ég sé ekki, að neitt sé á móti því, að lagadeild háskólans veiti sitt samþykki, og segi því já.

Brtt. 710 felld með 23:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HV, HelgJ, HermG, HermJ, JS, JörB, KTh, LJóh, AJ, PZ, SigfS, SG, SkG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BK, BrB, EOl.

nei: GÞ, GJ, GSv, GTh, HÁ, HB, IngJ, JóhH, JJós, JJ, ÓTh, PM, PO, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, ÞÞ, BÁ, BBen, EmJ, EystJ, JPálm.

FJ, PÞ, SB, BSt, EE greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÍG, BG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Bjarni Ásgeirsson: Ég tel, að til þessa eigi að verja af því fé, sem til fræðimanna er veitt, og í trausti þess, að svo verði gert, segi ég nei.

Eysteinn Jónsson: Ég tel, að verja eigi í þessu skyni fé af fræðimannastyrknum, og segi því nei.

Brtt. 704,II samþ. með 32 shlj. atkv.
— 691,17 þar með ákveðin.
— 691,18 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 702,VIII felld með 35:10 atkv.
— 702,IX tekin aftur.
— 691,19—20 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 692,17—22 samþ. með 31:10 atkv.
— 691,21 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 691,22 samþ. með 27:10 atkv.
— 691,23 samþ. með 28:16 atkv.
— 691,24 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 704,III felld með 28:12 atkv.
— 692,23 samþ. með 32:10 atkv.
— 691,25 samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 691,26 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 691,27 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 691,28 samþ. með 26:8 atkv.
— 703,2 felld með 28:9 atkv.
— 691,29 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 704,IV felld með 32:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, LJóh, AJ, SigfS, SB, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BG, BrB, EOl.

nei: GSv, HÁ, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, ÓTh, PÞ, PM, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, JPálm.

HV, PZ greiddu ekki atkv.

5 þm. (GÍG, GTh, GÞG, ÁÁ, EE) fjarstaddir.

Brtt. 691,30 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 691,31 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 704,V felld með 35:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÁkJ, ÁS, BG, BrB, EOl, GÞG, HermG, KTh, AJ, SigfS, SB, SG, SEH, JPálm.

nei: StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GTh, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PM, PO, SK, SÁÓ, SkG, StJSt.

2 þm. (EE, GÍG) fjarstaddir.

Brtt. 703,3 felld með 32:9 atkv.
— 691,32 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 691,33—38 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 692,24—29 samþ. með 31:10 atkv.
— 691,39 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 692,30—32 samþ. með 36:10 atkv.
— 691,40 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 702,X felld með 40:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS.

nei: BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, JPálm.

EE greiddi ekki atkv.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Jónas Jónsson: Ég álít, að það mætti verja þessu fé til menntaskólans, en það er nú ekki ákveðið enn, hvar skólinn á að standa í framtíðinni, en fyrrv. menntmrh. eyddi á síðasta ári því fé, sem ætlað var til skólans, í fányta hluti inni í Laugarnesi, og gæti því nú farið sem fyrr, að fé þessu yrði eytt í framkvæmdir á Golfskálahæðinni eða annars staðar, og segi ég því nei.

Brtt. 704,VI felld með 25:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BBen, FJ, GSv, GÞG, HV, IngJ, JJós, JS, JJ, PM, PO, SEH, SK, StJSt, JPálm.

nei: StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BSt, BÁ, BrB, EOl, EystJ, GÞ, GJ, HÁ, HB, HermG, HermJ, JörB, KTh, AJ, ÓTh, PÞ, SigfS, SG, SÁÓ.

BK, EE, EmJ, GTh, HelgJ, JóhH, LJóh, PZ, SB, SkG greiddu ekki atkv.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Mín skoðun er sú, að það sé ekki rétt að ákveða stað fyrir skólann á Alþingi, og segi ég því nei.

Garðar Þorsteinsson: Ég álít, að þeir menn, sem að skólanum standa, eigi að ákveða stað fyrir hann, en ekki Alþingi, og segi ég því nei.

Ólafur Thors: Með skírskotun til grg. hv. 2. þm. Eyf. segi ég nei.

Brtt. 692,33 samþ. með 35:8 atkv.
— 718 felld með 38:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, SEH.
nei: SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PM, PO, SB, JPálm.
EE greiddi ekki atkv.
2 þm. (GÍG, JóhH) fjarstaddir.
Brtt. 691,41 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 692,34—36 samþ. með 32:9 atkv.
— 704,VII felld með 39:10 atkv.
— 692,37—40 samþ. með 36:9 atkv.
— 691,42 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 691,43—45.a samþ. með 37 shlj. atkv.
— 691,45.b tekin aftur.

Frsm. (Gísli Jónsson): Þessi liður er tekinn aftur vegna þess, að upplýst hefur verið af ríkisstj., að það hafi þegar verið gengið frá þessum málum þannig, að þessum manni er búið að greiða laun samkv. bráðabirgðaákvæði.

Brtt. 691,45.c—e samþ. með 38 shlj. atkv.
— 702,XIII felld með 26:10 atkv.
— 691,45.f—r samþ. með 43 shlj. atkv.
— 711 felld með 27:12 atkv.
— 691,45.s—u samþ. með 36 shlj. atkv.
— 702,XI felld með 30:10 atkv.
— 702,XII tekin aftur.
— 702,XV felld með 27:14 atkv.
— 702,XVI.1 felld með 32:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, ÁkJ, BBen, BrB, EOl, EE, HV, HermG, IngJ, JJ, AJ, PM, SigfS, SB, SG, JPálm.
nei: SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BK, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, HermJ, JóhH, JJós, JS, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SÁÓ.
ÁS, EmJ, KTh greiddu ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég tel að vísu mikla þörf á því, að þessir menn sigli og fylgist vel með öllum nýjungum, hver á sínu sviði. En með tilliti til þess, að þeir hafa nú á síðasta sumri siglt og sumir oftar en einu sinni, þá sé ég ekki neina ástæðu til þess að bæta þar við, og segi þess vegna nei. Mig furðar á því, hvað flm. fylgist illa með þessum ferðalögum.

Brtt. 702,XVI.2 felld með 32:4 atkv.
— 702,XVI.3—4 teknar aftur.
Brtt. 702,XVII felld með 29:10 atkv.
— 707 tekin aftur.
— 709 samþ. með 26:15 atkv.
— 702,XVIII, svo breytt, samþ. með 26:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, KTh, AJ, PM, SigfS, SB, SG, SEH, SkG, StgrA, StgrSt, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BrB, EOl, EE, GSv, GTh, GÞG, HV, HermG, HermJ, JS.
nei: JörB, LJóh, PÞ, PO, SK, SÁÓ, StJSt, BÁ, BBen, BK, EystJ, FJ, GÞ, GJ, HelgJ, JóhH, JJós, JPálm.
BSt, EmJ, HÁ, HB, IngJ, ÓTh, PZ greiddu ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Þorsteinsson: Í sambandi við þessa till. eru tvö atriði, sem koma til greina, annaðhvort á að veita byggingarstyrk eða lán. Alþ. hefur fylgt þeirri reglu að veita lán í svipuðum tilfellum og hér um ræðir, en ekki styrk. Ég sé ekki, að réttmætt sé að veita styrk, og segi nei.

Brtt. 702,XIV tekin aftur.
— 702,XIX felld með 35:10 atkv.
— 703,4.a felld með 39:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermG, JJ, KTh, AJ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.
nei: GSv, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JörB, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, JPálm.
SÁÓ, EE greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ég segi nei í von um, að l. um búnaðarmálasjóð verði samb.

Brtt. 703,4.b felld með 39:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, SÁÓ, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, HermG, KTh, AJ, PZ.
nei: PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, JPálm.
1 þm. (StgrSt) fjarstaddur.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég tel nauðsynlegt, að bygging þessi komist upp, og vil ég af minni hálfu greiða fyrir því, að það geti orðið sem fyrst. En ég tel þessa fjárveitingu skipta í því sambandi litlu máli. Hins vegar tel ég, að nær liggi að nota hluta af áfengisgróðanum til bindindisstarfseminnar, og mun ég beita mér fyrir því, að slík löggjöf verði borin fram, og segi því nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Með skírskotun til grg. dómsmrh. segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Ég tel ekki líklegt, að hæstv. ríkisstj. hafi frv. það, sem boðað var, tilbúið, svo að það nái fram að ganga á þessu þingi, og segi þess vegna já.

Brtt. 704,VIII.1 samþ. með 33:10 atkv.
— 704,VIII.2 samþ. með 32:2 atkv.
— 704,IX samþ. með 33 shlj. atkv.
— 704,X felld með 27:2 atkv.
— 704,XI felld með 27:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, EE, GJ, GTh, HermG, IngJ, JóhH, JJ, KTh, LJóh, AJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, JPálm.

nei: EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, HermJ, JJós, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, SkG, StJSt, ÞÞ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK.

ÁÁ greiddi ekki atkv.
3 þm. (GÍG, SÁÓ, StgrSt) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Frsm. (Gísli Jónsson): Það var ákveðið, að flokkarnir skyldu gæta þess, að engar brtt. yrðu samþ. frá einstökum þm., aðrar en þær, sem samkomulag varð um í fjvn. En þetta hefur ekki verið haldið. Er ég því ekki bundinn við þetta samkomulag og segi já.

Páll Zóphóníasson: Þar sem búið er að veita fé til byggingar brúar á Blöndu, en sýnilegt er, að það mun ekki nægja til þess, svo að sú brú verður ekki byggð næstu 2—3 ár, þá er eðlilegt að nota það fé til byggingar þessarar brúar, þar til fé verður veitt til hennar. Segi ég því nei.

Bernharð Stefánsson: Með hliðsjón af því samkomulagi, sem hv. frsm. fjvn. gat um og yfirleitt hefur verið haldið hér, og m. a. hef ég greitt atkv. á móti till., sem ég hefði viljað greiða atkv. með, þá segi ég nei.

Brtt. 704,XII felld með 24:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, HermG, HermJ, IngJ, JóhH, JJ, KTh, AJ, ÓTh, SigfS, SB, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EE, JPálm.

nei: GÞG, HÁ, HV, HelgJ, JS, JörB, LJóh, PZ, PO, SEH, SK, SkG, StJSt, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BK, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ.

GSv, HB, JJós, PÞ, BG greiddu ekki atkv.
4 þm. (GÍG, PM, SÁÓ, StgrSt) fjarstaddir.
Brtt. 704,XIII.1 tekin aftur.

Sigurður Bjarnason: Með tilvísun til þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf við umr., hefur orðið að samkomulagi milli okkar flm. og hans, að þessi brtt. verði tekin aftur.

Brtt. 704,XIII.2 felld með 29:11 atkv.
— 704,XIV felld með 27:16 atkv.
— 708 felld með 27:14 atkv.
— 712 tekin aftur.
— 714 samþ. með 26:4 atkv.
— 716 samþ. með 33 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Þá liggja ekki fyrir fleiri brtt. við fjárlagafrv. Lokaatkvgr. um frv. svo breytt verður frestað, þar til að loknum eldhúsdagsumr. En það er ætlazt til þess, að sú atkvgr. fari fram á miðvikudagsnótt eftir umr., því að frv. þarf að fá staðfestingu 1. maí.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 28. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (almennar umr., útvarpsumr.).

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti, háttvirtu hlustendur. Þessi fjárlög bera þess merki, að þau eru undirbúin af fráfarandi ríkisstj., stjórn nýsköpunarinnar. Þau eru vottur þess, að ekki hefur enn tekizt að stöðva hjól þróunarinnar, hinar stórstígu framfarir í atvinnumálum, menningarmálum og félagsmálum, sem fráfarandi stjórn hleypti af stokkunum. Þau sýna það og sanna, að erfitt mun reynast að afmá hin djúpu spor, sem stefna nýsköpunarinnar hefur markað.

Við 3. umr. hefur stjórnin látið lækka allar greiðslur, sem ekki eru bundnar með lögum, um 15%, þ. e. skera niður um 15% framlög til næstum allra verklegra framkvæmda, til hafnargerða, vega, skólabygginga, sjúkrahúsa o. s. frv. Þetta hefur hún kúgað stuðningsmenn sína til að samþykkja. En ríkisstj. hefur boðað meiri niðurskurð. Til viðbótar við þetta hefur hún látið stuðningsmenn sína samþykkja heimild sér til handa til þess að láta niður falla á þessu ári allar framkvæmdir, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárl., ef henni býður svo við að horfa, „vegna atvinnuástandsins í landinu eða fjárhags ríkisins" — eins og það er orðað.

Á fjárlagafrv. er ekki séð fyrir fé til að framkvæma, svo að gagni megi koma, l. um aðstoð við byggingu íbúðarhúsa, og er því sýnilegt, að þeim er fyrst og fremst ætlað að vera pappírsgagn, og er það í samræmi við þá stöðvun á byggingum, sem stjórnin hefur þegar framkvæmt.

En stimpil sinn og afturhaldsstefnu sinnar hefur ríkisstj. sett á fjárl. með því að áætla 35 millj. kr. (sem raunar mun reynast allt of lág upphæð) til að greiða niður vísitöluna og afla þess fjár með gífurlegum tollahækkunum á nauðsynjavörum almennings. Í þessu felst heil stefnuskrá, sem gefur miklu meiri upplýsingar um hina raunverulegu stefnu ríkisstj. en hinn svo kallaði málefnasamningur hennar. Mun ég víkja að því síðar.

Árið 1944, þegar fráfarandi ríkisstj. tók við, varð hin mesta stefnubreyting í íslenzkum stjórnmálum, sem orðið hefur um áratugi. Stefna undanfarandi áratuga einkenndist í stórum dráttum af eftirfarandi:

Gjaldeyririnn hafði verið tekinn af útgerðinni og „þjóðnýttur" til ágóða fyrir heildsalana. Þjóðnýttur er raunar fullkomið öfugmæli, heildsalanýttur er rétta orðið. Sjávarútvegurinn dróst saman, fjármagnið streymdi úr útgerðinni í verzlunina. Það var kyrrstaða í tækniþróuninni. Atvinnuleysi í stórum stíl var orðið króniskur sjúkdómur í þjóðlífinu. Ráðið gegn atvinnuleysi og erfiðleikum þeirra atvinnugreina, er framleiddu þau verðmæti, sem líf þjóðarinnar byggist á, var aðeins eitt: að lækka kaup manna. Árin fyrir stríð var tekið að skerða mjög hina félagslegu löggjöf landsins í sparnaðarskyni. Næsta sporið var svo þvingunarlög til þess að hefta frelsi verkalýðssamtakanna í því augnamiði að lækka kaupið. Lögregla og óaldarflokkar voru efldir til höfuðs verkalýðssamtökunum.

1944 verða svo alger stefnuhvörf, þegar Sósfl. tók í fyrsta skipti þátt í stjórn landsins. Ég get verið stuttorður um þann árangur, sem náðst hef-

ur á þeim tveim árum, sem sú stjórn fór með völd. Það er öllum landsmönnum í fersku minni. Fiskiskipafloti landsins var tvöfaldaður. Síldarverksmiðjur voru reistar, svo að afköst þeirra munu nú tvöfaldast, gerðar voru ráðstafanir til að fjórfalda flutningaskipaflotann, hraðfrystihús hafa verið reist, þ. á m. nýtízku fiskiðjuver í Reykjavík. Í undirbúningi var bygging síldarniðursuðuverksmiðju, lýsisherzluverksmiðju og tunnuverksmiðja og fjöldi annarra fyrirtækja fyrir sjávarútveginn. Sementsverksmiðja og áburðarverksmiðja voru einnig í undirbúningi. Gerð hafði verið áætlun um kaup á 25 nýjum togurum í viðbót, um stórvirkar raforkuframkvæmdir, hafnarmannvirki og framkvæmdir í landbúnaði. Samþ. voru l. um hagkvæm lán fyrir sjávarútveginn. Skólakerfi landsins var gerbreytt og komið í fullkomnara horf. Fjöldi skólahúsa var í smíðum eða í undirbúningi. Lög voru samþykkt um víðtækar alþýðutryggingar.

Fiskverðið var hækkað, svo að bæði árin 1945 og 1946 nam þessi hækkun 10 millj. í auknum tekjum til fiskimanna, og enn var fiskverðið stórhækkað á þessu ári með l. um ríkisábyrgð fyrir bátaútveginn, sem samþ. voru fyrir atbeina fyrrv. atvmrh. Með þeim l. var afkoma fiskimanna tryggð á þessari vertíð þrátt fyrir stjórnarskiptin. Í tíð fráfarandi stjórnar var fiskverðið hækkað um 45%.

Grunnkaup hækkaði mjög verulega í nær öllum atvinnugreinum víðs vegar um land. Kaup opinberra starfsmanna stórhækkaði með nýjum launalögum.

Með þátttöku sinni í ríkisstj. tókst Sósfl. að koma í veg fyrir, að Bandaríkin fengju herstöðvar hér á landi fyrir flota og flugher til 99 ára, eins og farið var fram á. Í öllum flokkum nema Sósfl. var almennur vilji að verða við þessum kröfum. Sósfl. gerði það að fráfararatriði, að gengið yrði að þeim. Og það dugði. Hann hafði þjóðina nær óskipta að baki sér. Hinir flokkarnir hikuðu. Þessi árangur er svo mikils verður, að ef hamingjan fylgir okkur, verður hans minnzt í Íslandssögunni sem hins mesta heillaatburðar þessarar aldar. Nú hefur Bandaríkjunum að vísu verið afhent flugstöð, en ef þjóðin sýnir nægilegan einhug og festu í næstu kosningum, eru þó möguleikar til að losna við hin amerísku yfirráð yfir íslenzku landi eftir 6 ár.

En afturhaldinu blöskraði þessi þróun, allar málpípur þess æptu í kór, að nú væri nóg komið. Og í bili hefur því tekizt að stöðva framvinduna. Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hvers vegna svo er komið, hvaða öfl hafa verið að verki, frá því að nýsköpunarstefnan var tekin upp og allt til þessa dags, að afturhaldinu hefur tekizt að stöðva hana.

Upphaf hinnar miklu stefnubreytingar um stjórn landsins 1944 má rekja til ársins 1942, er Sósfl. vann sinn glæsilega kosningasigur. Þá urðu straumhvörfin. Árangurinn af þeim kosningasigri var sá, að verkalýðssamtökin endurheimtu frelsi sitt. Grunnkaup var stórhækkað um land allt, 8 stunda vinnudegi komið á, sumarleyfi og margs konar fríðindi tryggð með samningum. Og 1944 var hafizt handa um nýsköpun atvinnuveganna.

Hvað mundi nú hafa skeð, ef Sósfl. hefði ekki unnið hinn mikla kosningasigur 1942, ekki unnið sigra sína í verklýðshreyfingunni og tekizt að sameina verkalýðinn í Alþýðusambandinu?

Gerðardómslögin mundu ekki hafa verið afnumin. Ennþá mundi grunnkaup almennra verkamanna í Reykjavík vera 1 kr. 45 um tímann og kaup annars verkafólks og starfsmanna um land allt í samræmi við það. 8 stunda vinnudagurinn mundi ekki hafa náð fram að ganga, heldur mundi vinnudagurinn vera 9—10 stundir fyrir dagvinnukaup. Verkalýðssamtökin mundu hvorki hafa samningsrétt né verkfallsrétt og forustumenn þeirra dæmdir til fangelsisvistar fyrir að rísa gegn þrælalögunum. Það mundi engin nýsköpun hafa orðið og orðið smátt um útvegun nýrra markaða, heldur hefðum við orðið að sæta því, sem Bretar hefðu skammtað okkur. Það mundi vera komið atvinnuleysi í stórum stíl, fiskverðið mundi hafa stórlækkað. Það mundi hafa orðið þróun hrunstefnunnar frá heimspeki til raunveruleika. Og víst er um það, að það mundi vera búið að afhenda Ameríku bæði flugstöð og flotastöð hér á landi til langs tíma eða fyrir alla framtíð hins kapítalíska heims.

Haustið 1944 spáðu afturhaldsblöðin, málgögn þáverandi ríkisstj., hruni á næstu grösum. 1945, þegar Bretar hættu að kaupa ísfisk á föstu verði og neituðu að framlengja freðfisksamninginn, spáðu þau, að hrunið mundi koma á næstu vertíð. Og vissulega hefði hrunið komið, ef afturhaldið hefði mátt ráða og farið áfram með völd. Það, sem gerði gæfumuninn, var, að stjórnarskipti urðu í landinu. Því var fiskverðið ekki lækkað, heldur stórhækkað.

Það var hinn aukni styrkleiki Sósfl. og verkalýðshreyfingarinnar, sem varð til þess að hrunstefnumönnum var þokað til hliðar um stund. Á kosningasigri Sósfl. 1942 byggðist stjórnarsamstarfið 1944—1946. Það byggðist eingöngu á breyttum styrkleikahlutföllum, en ekki á endurfæðingu eins eða neins.

En afturhaldið var enn ekki af baki dottið. Allan tímann, meðan fráfarandi stjórn sat að völdum, varð Sósfl. að berjast látlausri baráttu gegn viðnámi þess. Þetta afturhald átti sér öflugan liðstyrk innan samstarfsflokka Sósfl. Á þremur vígstöðvum var sótt fram. Í fyrsta lagi skyldi hefta nýsköpunina með aðstoð embættismanna bankanna. Með tilstyrk Sjálfstfl. og Alþfl. var Jón Árnason, hatramasti fjandmaður nýsköpunarinnar, gerður að bankastjóra landsbankans. Stjórn landsbankans tókst ekki að koma í veg fyrir samþykkt laganna um stofnlán til sjávarútvegsins, en með aðstoð Sjálfstfl. og Alþfl. tókst henni að spilla þeim og ná aðstöðu til að geta gert þau óvirk, með því að leggja stofnlánadeildina undir stjórn landsbankans. Í öðru lagi skyldi heildsölunum gefinn kostur á að reka nokkurn veginn ótakmarkaða gróðaverzlun og eyða til þess þeim gjaldeyri, sem ekki var festur á nýbyggingarreikningi. Þetta tókst með aðstoð Sjálfstfl. og Alþfl. í skjóli viðskmrh. Alþfl. fékk því ráðið, að aðeins 300 millj. af þeim 580 millj., sem Íslendingar áttu erlendis 1944, voru lagðar á nýbyggingarreikning. Í þriðja lagi skyldi afhenda Bandaríkjamönnum herstöðvar. Fyrir því var mjög almennur vilji í öllum flokkum nema Sósfl.

Margir héldu, að aðstaða verkalýðsins yrði sterk í ríkisstj. sjálfri, þar sem verkalýðsflokkarnir áttu

4 ráðherra á móti 2 ráðherrum Sjálfstfl. En reyndin varð önnur. Aldrei kom það fyrir í nokkru ágreiningsmáli, sem einhverju skipti, að ráðh. Alþfl. og Sósfl. stæðu saman gegn ráðh. Sjálfstfl. Það brást ekki, að ríkisstj. skiptist þannig, að annars vegar voru sósíalistar, hins vegar sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn. Þegar á reyndi, átti alþýðan aðeins tvo ráðherra í stjórninni gegn hinum fjórum.

Svona var ástandið, þegar gengið var til kosninga s. l. sumar.

Það voru 2 stórmál, sem kjósendur áttu að skera úr um með atkv. sínu. Annað var það, hvort nýsköpunin ætti að halda áfram, og hitt, hvort veita skyldi nokkru erlendu stórveldi hernaðarréttindi hér á landi. Þess vegna lagði Sósfl. þá fyrirspurn fyrir Sjálfstfl. og Alþfl., hvort þeir vildu halda samstarfinu áfram að loknum kosningum á eftirfarandi grundvelli: 1. halda nýsköpuninni áfram og gera nýtt samkomulag um áframhaldandi framkvæmdir; 2. engar herstöðvar verði veittar neinu erlendu herveldi; 3. gerðar verði ráðstafanir til að vinna bug á dýrtíðinni. Flokksstjórnirnar fengust ekki til að gefa neitt ákveðið svar.

Allir frambjóðendur voru krafðir afdráttarlauss svars um það, hvort þeir vildu heita því að standa gegn því, að nokkru erlendu herveldi yrðu veitt hernaðarleg fríðindi hér á landi. Allir þm. Sósfl. og nokkrir aðrir þm. gáfu strax afdráttarlaust svar, að þeir mundu vísa öllum slíkum tilmælum erlendra hervelda skilyrðislaust á bug. Aðrir reyndu að skjóta sér undan með því að svara ekki eða gefa loðin svör. Sósfl. skoraði á kjósendur að ljá engum frambjóðanda atkvæði sitt, sem ekki svaraði skýrt og án undandráttar. Þegar á leið kosningabaráttuna, varð flokksstjórnum hinna grunuðu flokka það ljóst, að vilji þjóðarinnar í þessu máli var svo eindreginn, að ekki var hægt að komast hjá að taka afstöðu. Sjálfstfl. lýsti því yfir, að hann mundi undir engum kringumstæðum ljá máls á herstöðvum á friðartímum. Framsókn gaf svipaða yfirlýsingu. Alþfl. gekk þó lengst. Hann lét festa stóran borða fyrir utan kosningaskrifstofu sína, þar sem á var letrað: „Gegn afsali landsréttinda.“ Á lista flokksins í Reykjavík var settur efstur ungur maður, sem tekið hafði sérstaklega skelegga afstöðu gegn ásælni Bandaríkjanna — allt í þeim tilgangi að safna atkvæðum grunlauss og heiðarlegs fólks á landsölulið Alþfl., eins og síðar kom í ljós. Frambjóðendurnir tóku nú hver í kapp við annan að færa kjósendum heim sanninn um, að öllu væri óhætt, þeir mundu standa örugglega á verði um landsréttindi Íslands. Allir nema einn, Jónas Jónsson frá Hriflu, voru kosnir í trausti þess, að þeir mundu aldrei fallast á neinn samning um hernaðarleg ítök á íslenzku landi.

Sömuleiðis kepptust frambjóðendur Sjálfstfl. og Alþfl. við að lýsa afdráttarlausu fylgi sínu og hollustu við nýsköpunina. Jafnvel framsóknarmenn höfðu nú endurfæðzt í trúnni á nýsköpunina. Svo afdráttarlaus var vilji fólksins.

Sósfl. varaði þjóðina við öllum þessum fagurgala. Við útvarpsumr. sagði ég: Það er veruleg hætta á því, að horfið verði aftur að afturhaldsstefnu gömlu þjóðstjórnarinnar, nema skipun Alþingis verði breytt, nema Sósfl. komi mun sterkari út úr kosningunum. Enn fremur sagði ég í þessari sömu ræðu, orðrétt: „Það kemur áreiðanlega ný málaleitun frá Bandaríkjunum eftir kosningar. Svarið við þeirri málaleitun veltur á því, hversu sterkur Sósfl. kemur út úr kosningunum.“ Nú er allt þetta komið á daginn, nákvæmlega eins og við sögðum fyrir. Bandaríkjunum hefur verið afhent herstöð á Íslandi fyrst um sinn til sex og hálfs árs. Stjórnarsamningurinn frá 1944 er rofinn og ný stjórn tekin við, sem afturhaldsöflin í landinu og andstæðingar nýsköpunarinnar standa að. Það er samstarf þjóðstjórnarflokkanna frá 1939.

Ekkert af þessu vildi þjóðin. Yfirgnæfandi meiri hluti kjósenda var andstæður herstöðvasamningnum. Yfirgnæfandi meiri hluti vildi, að nýsköpuninni yrði haldið áfram. Samt kaus þessi sami meiri hluti þá menn, sem bera ábyrgðina á því, hvernig komið er. Aðvörunum Sósfl. var ekki sinnt, nema af allt of fáum. Kjósendur Sjálfstfl. trúðu fagurgala forystumannanna. Hinum taumlausu, samvizkulausu og siðlausu blekkingum Alþfl. var trúað af allt of mörgum. Alvöruorð Sósfl., sem allir mega nú sjá, að var sannleikur og ekkert nema sannleikurinn, voru ekki tekin til greina.

Þetta getur orðið dýr reynsla fyrir þjóðina, en hún er líka dýrmæt, allt of dýrmæt til þess, að hún megi falla í gleymsku.

Þegar Keflavíkursamningurinn var gerður við Bandaríkin í fullkomnu pukri, án þess fulltrúar Sósfl. fengju að vita, hvað var að gerast, var stjórnarsamningurinn rofinn á svo óskammfeilinn hátt, að slíks munu fá dæmi. Þar með var grundvöllurinn fallinn undan stjórnarsamstarfinu. Sósfl. hafði frá upphafi lýst því yfir, að það varðaði samvinnuslit, ef gerður yrði samningur um hernaðarréttindi erlendu ríki til handa gegn vilja flokksins. En þetta var ekki eina ástæðan fyrir því, að stjórnarsamstarfið var úr sögunni, nema nýr samningur yrði gerður, eins og Sósfl. hafði gert skýlausa kröfu til þegar fyrir kosningar. Afturhaldið var að stöðva nýsköpunina. Landsbankinn var að stöðva allar framkvæmdir með neitunum um lán. Það var unnið að því vitandi vits að gera l. um stofnlánadeildina og l. um aðstoð við opinberar byggingar að ónýtum pappírsgögnum, án þess að gagnráðstafanir væru gerðar af hálfu ríkisstj. Því varð ekki lengur slegið á frest að gera ráðstafanir gegn hinum taumlausa verzlunargróða og gjaldeyrissóun heildsalastéttarinnar.

Flokksþing Sósfl., sem haldið var í nóvember s. l. lýsti því yfir, að flokkurinn væri reiðubúinn að taka upp samstarf við hvern þann þingmeirihluta, sem vildi fallast á þau skilyrði hans, er veittu örugga tryggingu fyrir þeim tveim meginatriðum:

1. að staðið væri á verði um óskorað fullveldi og friðhelgi landsins;
2. að nýsköpun atvinnuveganna yrði haldið áfram og fullnægjandi ráðstafanir gerðar til þess að tryggja þjóðhagslegan grundvöll hennar.

12 manna nefnd var sett á laggirnar, skipuð fulltrúum allra flokka, til þess að ræða um samstarf þessara flokka. Fulltrúar Sósfl. lögðu hinar ýtarlegu tillögur, sem samþykktar voru á flokksþinginu, fram í þessari nefnd.

Meginatriði þessara tillagna voru í sem stytztu máli: Ráðstafanir til tryggingar sjálfstæði landsins, í 9 liðum, þ. á m. að samningnum við Bandaríkin um Keflavíkurflugvöllinn verði sagt upp,

strax og Íslendingar hafa rétt til þess, og samningar hafnir við aðrar þjóðir um að tryggja Íslendingum 10 mílna landhelgi og einkarétt til fiskveiða á landgrunni Íslands.

Að komið verði heildarstjórn á nýsköpun atvinnulífsins með áætlunarbúskap fyrir augum, þar sem tryggð verði óskoruð yfirráð ríkisstj. og Alþ. yfir bönkunum og fjármálapólitík landsins, m. a. gert ráð fyrir sérstökum seðlabanka.

Að sett verði á stofn innkaupastofnun þjóðarinnar, sem annist innkaup á öllum vörum til landsins, að svo miklu leyti, sem það ekki er falið samvinnusamtökum og öðrum innkaupastofnunum neytenda, og hinn hóflausi verzlunargróði heildsalastéttarinnar þannig þjóðnýttur. Ríki og bæjarfélög taki að sér rekstur fyrirtækja og framleiðslugreina, sem hagkvæmt sé að hafa á einni hendi eða skila óeðlilega miklum gróða í vasa einstaklinga.

Keyptir verði 25—30 togarar til viðbótar við þá, sem þegar hafa verið keyptir, og bæjar- og sveitarfélögum gert kleift að eignast þá.

Ríkið láti byggja fullkomin fiskiðjuver á 4—6 tilteknum stöðum, þ. á m. í Vestmannaeyjum, Ísafirði, Hornafirði og Suðurnesjum. Auk þess verði gerðar ráðstafanir til þess að koma upp sem fullkomnustum fiskiðjuverum víðs vegar um land og bæjar- og sveitarfélögum gert kleift fjárhagslega að ráðast í slík fyrirtæki.

Þá er ýtarleg áætlun um nýjar verksmiðjur og iðnfyrirtæki, einkum til hagnýtingar sjávarafurða, um hafnargerðir fyrir bátaútveginn, um raforku og stóriðju og stórvirkar umbætur í landbúnaði. Enn fremur till. um byggingarstofnun ríkisins og fyrirkomulag á byggingarframkvæmdum til þess að tryggja byggingu íbúðarhúsa í miklu stærri stíl og ódýrari er verið hefur. Þá eru till. um endurbætur á alþýðutryggingunum, um byggingu skóla og sjúkrahúsa, um öryggi við vinnu, um efnahagslegt jafnrétti til menntunar o. fl., um margháttaðar ráðstafanir gegn dýrtíðinni.

Sósfl. hefur nú lagt margar þessar höfuðtillögur sínar fram í frumvarpsformi á Alþ., m. a. um fiskiðjuver, um byggingu íbúðarhúsa, um aðstoð ríkisins við útvegun lánsfjár til byggingar skóla og annarra opinberra bygginga, um öryggi við vinnu, um 12 stunda hvíldartíma á togurum, um endurbætur á alþýðutryggingalögunum, um orlofsdvalarheimili fyrir verkamenn og margt fleira. Gefst þingmönnum nú kostur á að taka afstöðu til þeirra, og er nauðsynlegt, að almenningur fylgist vel með því.

Hinir flokkarnir fengust ekki til að ræða þessar till. alvarlega og till., sem þeir sjálfir lögðu fram í n., var helzt að líkja við köngulóarvef. Sérstaklega athygli vakti það, hve tillögur Alþfl. voru aumar eftir öll stóru orðin undanfarið og þó einkum fyrir kosningar. Fór þá ýmsa að gruna, að eitthvað óhreint mundi undir búa, eins og líka kom á daginn.

Þegar 12 manna nefndin gafst upp, var Ólafi Thors falið að gera tilraun til stjórnarmyndunar. Það gekk í nokkuð löngu þófi, án þess að fullnægjandi árangur næðist. Formanni minnsta flokksins, Stefáni Jóh. Stefánssyni, þeim stjórnmálamanni, sem einna minnst er virtur allra íslenzkra stjórnmálamanna, og það ekki að ástæðulausu, var svo falið að mynda stjórn. Verkefnið átti að vera að hrófa saman stjórn gömlu þjóðstjórnarflokkanna með stuðningi afturhaldsaflanna í landinu. Til málamynda var Sósfl. boðið að taka þátt í þeim viðræðum. Sósfl. losaði Stefán Jóhann við allar áhyggjur út af því með því að hafna því þegar í stað, og skal ég nú skýra frá ástæðunum.

Sósfl. hafði átt nokkrar viðræður við fulltrúa Alþfl. og Framsfl. til þess að ganga úr skugga um það, hvort stjórnarsamstarf þessara flokka væri hugsanlegt á þeim grundvelli, sem ég hef lýst hér að framan og Sósfl. hlaut að gera að skilyrði, hver sem í hlut ætti. Það var erfitt að fá nokkrar málefnalegar umræður. Alþfl. krafðist þess, að fyrst væri ákveðið, hver skyldi vera forsrh. Annað virtist ekki skipta máli frá sjónarmiði Stefáns Jóhanns. Sósfl. kvaðst mundu fallast á þá eðlilegu skipan, að stærsti flokkurinn hefði forsrh., nema samkomulag yrði um annað, en Alþfl. krafðist þess að fá forsrh., þó að hann sé minnsti flokkur þingsins. Sósfl. taldi, að það gæti komið til mála, ef samkomulag gæti orðið milli flokkanna um mann. Benti hann á gamalkunnan forustumann Alþfl., Kjartan Ólafsson í Hafnarfirði. Þessu hafnaði Alþfl. og vildi einn ráða manninum. Átti það vitaskuld að vera Stefán Jóhann. Það var beinlínis móðgun við Sósfl. og verkalýðshreyfinguna í heild sinni að bjóða fram slíkan mann, og lýsti Sósfl. því þá þegar yfir, að hann mundi ekki taka þátt í stjórn undir forystu hans, blátt áfram af því, að sú stjórn væri fyrir fram dæmd til ófarnaðar og mundi aldrei framkvæma þá stefnuskrá, sem hún setti sér. Til þess er reynslan af stjórnmálaferli þessa manns í allt of fersku minni.

Skulu hér rifjuð upp aðeins fá atriði. Árið 1938 hafði fulltrúaráð verkalýðsfélaganna lista í kjöri við bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík, sem bæði Alþfl. og Kommúnistafl. studdu. Sameiginleg stefnuskrá var samþ. af miklum meiri hl. í fulltrúaráði og var hún vitaskuld bindandi fyrir þá, sem tóku sæti á listanum. Stefán Jóhann var í efsta sæti. En tveim dögum fyrir kosningar gaf hann yfirlýsingu í Alþýðublaðinu og á fjölmennum kjósendafundi í Reykjavík, að hann og félagar hans mundu í engu hlíta samþykktum og stefnuskrá fulltrúaráðsins og hafa að engu í starfi sínu í bæjarstjórn samninga þá, sem flokkarnir höfðu gert með sér.

Árið 1939 átti þessi maður, ásamt félögum sínum í þjóðstjórninni frægu, frumkvæðið að því, að gengislögin illræmdu væru sett, sem rændu verkalýðssamtökin samningsrétti og verkfallsrétti og lækkuðu í einu vetfangi kaup allra launþega í landinu um allt að 20 af hundraði.

Í nóvember 1941, á sama tíma sem verkalýðssamtökin um land allt voru að undirbúa hinar miklu kauphækkanir, sem urðu á árinu 1942, lýsti hann því yfir fyrir hönd stjórnar alþýðusambandsins, að engin „hætta“ væri á kauphækkunum.

Þegar alþýðusambandið var losað úr tengslum við Alþfl. og endurreist sem sjálfstætt stéttarsamband, sölsaði þessi maður undir sig og klíkufélaga sína að heita má allar eignir verkalýðsfélaganna í Reykjavík fyrir sama og ekki neitt. Verðmæti þessara eigna er nú margar milljónir króna. Núverandi forsrh. Íslands hefur þannig framið verknað, sem ekki þarf að taka fram, hvað heitir á mæltu máli, og varðar venjulega þungum refsingum og ærumissi samkv. hegningarlögunum, þegar leikmenn

í þessari grein eiga í hlut, enda þótt um smáar upphæðir sé að ræða.

Þrátt fyrir allt þetta fól fráfarandi ríkisstj. þessum manni það trúnaðarstarf að vera formaður í nefnd til að gera viðskiptasamninga við Svía. Lengi má manninn reyna. Og hver varð svo reynslan? Hann stofnaði heildsölufyrirtæki til þess að hagnast á þessum samningum og miðaði veigamikil atriði samningsins við hagsmuni þess félags og viðskiptavinanna í Svíþjóð, en ekki hagsmuni íslenzku þjóðarinnar. Enn fremur lofaði hann Svíum að koma því til leiðar, að þeir fengju viðtæk sérréttindi um síldveiðar hér við land, sem hefði verið beint tilræði við íslenzka fiskimenn og efnahagslegt sjálfstæði Íslands.

Eins og öllum er kunnugt hefur þessi maður sótt það allra manna fastast að Bandaríkjunum yrði afhent íslenzk landsréttindi.

Og er nú fátt eitt talið.

Hvert eitt þessara verka nægir til þess, að enginn heiðarlegur maður getur veitt þessum manni hinn minnsta trúnað.

Þennan mann valdi íslenzka afturhaldið til forystu fyrir sig. Og þessi maður er formaður Alþfl. Ojæja, hver og einn velur sér þann foringja, sem honum hæfir. En það er mikil smán fyrir Ísland, að þessum manni skuli hafa verið lyft til æðstu valda. Að vísu er hann ekki annað en þjónn. En rotinn hlýtur sá málsstaður að vera, sem velur sér slíkan þjón.

Eins og að líkum lætur, liðu ekki margar vikur frá því, að Stefán Jóh. Stefánsson settist í forsætisráðherrastólinn, þar til hann varð landi sínu og þjóð til skaða og skammar. Hann lýsti því yfir við sænska blaðamenn, að flugvallarsamningurinn við Bandaríkin hefði að vísu skert sjálfstæði Íslands, en við höfum samt glaðir gert hann vegna ótta við kröfur Rússa um hernaðarréttindi hér á landi. Með öðrum orðum, forsrh. Íslands staðfestir margendurtekin ummæli Bandaríkjamanna um, að herstöðvasamningurinn við Ísland sé liður í stríðsundirbúningi Bandaríkjanna gegn Sovétríkjunum og að Ísland taki þátt í slíkum undirbúningi vitandi vits. Og þetta fleipur lætur hann hafa eftir sér samtímis því, að viðskiptanefnd er í Moskvu við samningagerð, er varðar alla afkomu þjóðarinnar.

Stefán Jóhann vill ekki viðurkenna, að rétt sé eftir honum haft í sænsku blöðunum. Samt neitar hann að bera ummælin til baka með opinberri yfirlýsingu, enda má það kalla útilokað, að aðalatriðin í ummælum forsrh. hafi farið milli mála, því að þremur sænskum stórblöðum, sem átt hafa viðtal við hann, ber saman um það, sem máli skiptir. Eitt þessara blaða er blað flokksbræðra hans í Svíþjóð og hefur ráðh. ekki neitað því, að rétt væri eftir honum haft í því blaði, enda eru þessi ummæli í fullu samræmi við margendurtekin ummæli ráðh. hér á þingi, m. a. í umr. um herstöðvasamninginn. Flokksbræður hans hafa þó haft enn freklegri ummæli í þessum dúr, að maður nú ekki tali um flokksblað hans, Alþýðublaðið, sem margsinnis hefur beinlínis eggjað vesturveldin lögeggjan að fara í stríð við Sovétríkin og ekki verið neitt að klípa utan af því, að aðstoð Íslands í því stríði ætti að vera til reiðu.

Íslendingar eru áreiðanlega ekki búnir að bíta úr nálinni með þenna forsrh. sinn.

Afturhaldið náði undirtökunum í öllum andstöðuflokkum Sósfl. Það tókst að tildra stjórn Stefáns Jóhanns saman gegn meira og minna ákveðinni andstöðu margra þm. í öllum stuðningsflokkum stjórnarinnar. Einu blöðin, sem fögnuðu stjórninni af alúð, voru Vísir, blað heildsalanna, Ófeigur, blað Jónasar frá Hriflu, og svo Alþýðublaðið. Stefnuskráin reyndist vera eitthvert ómerkilegasta plagg, sem nokkur stjórn hefur látið frá sér fara. Ekki vantaði glamrið og slagorðin um áframhaldandi nýsköpun og framfarir, en varla nokkurt atriði, sem hægt var að festa hendur á. Þó var ákveðið að setja á stofn svokallað fjárhagsráð, er skyldi hafa með höndum ráðstöfun alls erlends gjaldeyris og hafa vald til að leyfa eða banna allar framkvæmdir í landinu, þar á meðal hvort menn mættu byggja sér hús eða ekki. Vald landsbankans skal hins vegar vera jafnóskorað og áður, og aðeins 15% af gjaldeyristekjum hvers árs skal varið til nýsköpunar. Þetta ráð á aðeins að starfa meðan núverandi nýsköpunarframkvæmdir standa yfir. Af þessu má sjá, að ráðinu er ekki ætlað að örva nýsköpun og atvinnulegar framkvæmdir á Íslandi, heldur hefta þær. 15% af gjaldeyrinum getur í hæsta lagi nægt til þess að halda áfram þeim framkvæmdum, sem þegar eru hafnar eða búið er að undirbúa af fráfarandi stjórn. Hinar miklu atvinnulegu framkvæmdir, sem fráfarandi stjórn hleypti af stokkunum, er ekki hægt að stöðva með öllu, en svo á líka að spyrna við fæti.

Þetta var staðfest í umr. af hæstv. utanrrh. Bjarna Benediktssyni. Hann lét orð falla um það, að ekki mundi þurfa að bíða lengi, þar til eftirspurn eftir vinnuafli minnkaði, eða með öðrum orðum, þar til atvinnuleysi riði í garð. Flokksblað ráðh. lýsti samtímis yfir því, að næsta verkefnið væri að reyna að komast að almennu samkomulagi um allsherjarlaunalækkun og lækkun á afurðaverði bænda, svo að það er sýnilegt, hvert stefnt er. Í bili verður að fara hægt, afturhaldið hefur ekki afl til að koma fyrirætlunum sínum í framkvæmd nema með alllöngum aðdraganda og undirbúningi. En stefnumiðið er niðurskurður á framkvæmdum, og þegar atvinnuleysið er orðið hæfilegt, hyggja þeir, sem að stjórninni standa, tíma til kominn að ráðast á lífskjör almennings. Það er augljóst mál, að stefnumið ríkisstj. á hverjum tíma hefur mikil áhrif á það, hvernig viðskiptasamningar eru gerðir við önnur lönd, hvort lagt er kapp á það, að Íslendingar fái sem mest verðmæti fyrir vinnu sína, eða hvort menn álíta það þjóðarböl, — hvort menn vilja tryggja Íslendingum sem öruggasta framtíðarmarkaði eða hvort menn vilja af pólitískum ástæðum rígbinda viðskipti Íslands við ákveðin stórveldi, hvað sem hagsmunum alþjóðar líður.

Stjórnin hefur nú gengið frá viðskiptasamningum við Bretland í öllum aðalatriðum. Enn þá munu þeir að vísu ekki vera undirskrifaðir, en efni þeirra er þegar alkunnugt. Bretar fá 40% af síldarlýsisframleiðslunni árið 1947, eða allt að 18900 tonnum, fyrir 95 £ tonnið. Gegn þessu kaupa þeir af okkur 12000 tonn af freðfiski fyrir nokkru meira en ábyrgðarverð, eða um 1,37 kr. fyrir enskt pund.

En sá böggull fylgir skammrifi, að móti hverju einu og hálfu tonni af lýsi kaupa þeir aðeins eitt

tonn af freðfiski. Þetta er með öðrum orðum ekki föst sala. Það er allt undir síldinni komið, hvað Bretar taka við miklu af fiski. Ef illa tekst til, getur svo farið, að við liggjum með miklar fiskbirgðir óseldar að síldarvertíð lokinni. Hér er farið inn á háskalega braut. Verði slíkur háttur tekinn upp í utanríkisviðskiptum okkar, er allur sjávarútvegur Íslendinga orðinn háður hinni stopulu síldveiði. Ef síldin bregzt, er öllum aðalatvinnuvegi Íslendinga og allri afkomu þjóðarinnar stefnt í voða. Fulltrúar sósíalista hafa eindregið mótmælt þessari samningagerð. Það er skemmst frá að segja, að þessi sala er yfirleitt langt undir markaðsverði. Markaðsverð á síldarlýsi er 130—140 pund fyrir tonnið. Síldarverksmiðjurnar geta selt það lýsi, sem þær eiga nú, á 140 pund.

Frá Frakklandi hefur komið tilboð í freðfisk fyrir kr. 1,43 fyrir enskt pund.

Áður en salan var gerð í Englandi, höfðu Rússar boðið 100 pund fyrir tonnið af síldarlýsi og munu nú hafa boðið meira.

Þessi enski samningur og öll framkoma ríkisstj. í því sambandi, sem ekki er hægt að skýra frá ennþá, hlýtur að torvelda mjög aðstöðu okkar í samningum við Sovétríkin. Utanrrh. hefur nú lýst yfir því, að þeir samningar gangi treglega. En það verður upplýst betur seinna, hvern þátt hann á sjálfur í því.

Í haust var það vitað, að Sovétríkin höfðu áhuga á að kaupa meginhlutann af afurðum okkar fyrir mjög sæmilegt verð. En þegar aðferðir ríkisstj. eru athugaðar, er ekki að furða, þótt úr áhuganum hafi dregið. Nágrannaþjóðir okkar allar hafa sent viðkomandi ráðh. sína í broddi fylkingar fyrir viðskiptanefndum til Sovétríkjanna. Svíar og Finnar sendu verzlunarmrh. sína og Norðmenn atvmrh. Íslenzka n. var með allt öðrum svip, og þekktasti maður hennar var Björn Ólafsson, eigandi Vísis, blaðsins, sem gert hefur það að aðaláhugamáli sínu að berjast gegn viðskiptum við Sovétríkin. Samtímis er send n. til Bretlands, skipuð leiðandi mönnum í athafna- og fjármálalífi þjóðarinnar. Einn ráðh. í stjórninni, Emil Jónsson, hafði nokkru áður ráðizt harkalega á Sósfl. í útvarpsræðu fyrir að vilja gera viðtæka viðskiptasamninga við Sovétríkin og lönd í Austur-Evrópu. Þeir Björn Ólafsson og Erlendur Þorsteinsson hlupust báðir brott frá samningagerðinni í Moskvu í miðjum klíðum. Ráðunauturinn um fisksölumál er einnig kominn heim. Aðeins tveir útsendir nm. eru eftir. Af þessari verkstjórn utanrrh., Bjarna Benediktssonar, má marka áhuga hans fyrir samningunum.

Samtímis samningaumleitununum í Moskvu hefur verið lagt allt kapp á að boða það öllum heimi, að Ísland og Sovétríkin séu óvinaríki. Bandaríkjunum hafa verið afhentar herstöðvar og ekki farið dult með, að þeim sé stefnt gegn Sovétríkjunum. Það er ekki langt síðan sá maður, sem nú gegnir embætti utanrrh., hélt níðræðu um Sovétríkin á Alþ., sem var eins konar stæling á verstu stríðsæsingaræðum afturhaldsmanna í Bandaríkjunum, að maður nú ekki tali um hið daglega níð stjórnarblaðanna.

Heill Íslands má vera mikil, ef slík framkoma kemur ekki að sök. Og maður spyr mann: Er þetta gert vitandi vits?

Fyrrv. forsrh. lýsti því yfir í nýársræðu sinni, að glæstar horfur væru fram undan um afurðasölu Íslendinga. Þetta var vissulega rétt, enda tók hann í sama streng í ræðu þeirri, er hann hélt, þegar nýja stjórnin tók við, og sagði þá, að nú væri óvenju bjart yfir í atvinnulífi þjóðarinnar. Nú mega allir sjá, hvernig heildsalastjórnin hefur haldið á málum, enda þótt ekki séu öll kurl komin til grafar enn. En þrátt fyrir þetta seljast afurðir Íslendinga á miklum mun hærra verði en í fyrra. Til viðbótar við það, sem áður var sagt, er þess að geta, að síldarmjöl hefur verið selt til Hollands fyrir 35 £ tonnið. Og Tékkar hafa tjáð sig reiðubúna til að kaupa síldarmjölið fyrir 42 £ tonnið. Í fyrra var verðið á síldarmjöli 28 £ tonnið. Færeyingar hafa selt saltfisk til Ítalíu fyrir verð, sem samsvarar kr. 2,36 íslenzkum, en ábyrgðarverðið er kr. 2,25. Greiðslan er í dönskum krónum, og gefur þetta nokkra hugmynd um verðlagið, þó að salan sé ef til vill bundin einhverjum vörukaupum á móti. Víst er um það, að saltfiskverðið er töluvert hærra en í fyrra, svo að það ætti að vera hverjum manni ljóst, hvílík fjarstæða það er að tala um utanaðkomandi kreppu og hrun. Horfurnar í viðskiptamálum Íslendinga eru mjög góðar að því tilskildu, að ekki séu menn við stjórnvölinn, sem vilja fá kreppu. Ef hér verður kreppa, þá er hún heimatilbúin.

Önnur afrek nýju stjórnarinnar hafa hingað til verið þessi:

Í sjálfstæðismálum Íslendinga hefur hún komið því til leiðar, að umboðsfélagi ameríska olíuhringsins Standard Oil, sem er eitt helzta valdatæki herstjórnar Bandaríkjanna, hafa verið afhent mannvirkin í Hvalfirði. En eins og kunnugt er, hefur Bandaríkjastjórn lagt á það ofurkapp að klófesta Hvalfjörð sem flotastöð. Þá hefur stjórnin látið til sín taka í baráttunni gegn dýrtíðinni. Hún hefur hækkað stórlega álagningu á tóbaki og áfengi. Hún hefur þrefaldað benzínskattinn og toll á hjólbörðum. Hún hefur sexfaldað toll af fólksflutningsbifreiðum. Hún hefur þrefaldað vörumagnstollinn af flestum innflutningsvörum. Hún hefur hækkað verðtollinn af sömu vörum um 65 af hundraði. Þetta eru freklegustu tollahækkanir, sem Alþ. hefur nokkru sinni samþ. Tekjurnar af þessum tollahækkunum eru áætlaðar samtals röskar 45 millj. kr. Flestar nauðsynjavörur landsmanna hækka í verði að sama skapi. Vefnaðarvörur allar hækka, vörur til útgerðar og landbúnaðar hækka, búsáhöld hækka, matvörur að undanteknum þeim, sem mest orka á vísitöluna, hækka í verði. Að meðaltali hækkar þetta útgjöld hvers mannsbarns á landinu um röskar 350 kr., eða hátt á 18. hundrað kr. á hverja 5 manna fjölskyldu. Ef slík fjölskylda hefur 20 þús. kr. í árstekjur, jafngildir þetta því, að laun hennar séu lækkuð um fast að 9%. Raunveruleg laun slíkrar fjölskyldu eru þannig með 1. frá Alþ. lækkuð um tæplega 9 af hundraði. Frá þessu dregst svo niðurgreiðsla á nokkrum vörum til að halda vísitölunni niðri. En þetta er ekki nema óverulegt brot af verðhækkuninni, og það fé verður aftur sótt í vasa almennings, og svo koll af kolli. Hér með er hanzkanum kastað gegn verkalýðsstéttinni og öllu vinnandi fólki í landinu. Verkalýðssamtökin hljóta að gera sínar gagnráðstafanir til þess að vernda afkomu sína.

Þetta eiga að heita dýrtíðarráðstafanir. Það eru einhverjar þær furðulegustu dýrtíðarráðstafanir,

sem um getur. Það eru ráðstafanir til að auka dýrtíðina í landinu. Vöruverð á flestum neyzluvörum landsmanna stórhækkar, kaupmáttur krónunnar minnkar. Meira að segja vísitalan hækkar svo, að aftur verður að leggja á nýja skatta og tolla til að greiða niður þá hækkun og þannig koll af kolli. Ekki verður þetta til að hjálpa útgerðinni eða landbúnaðinum. Allar vörur, sem útgerðarmenn og bændur þurfa að kaupa, hækka í verði og vörur til útgerðar og landbúnaðar langt fram yfir það, sem eðlilegt er. Eftir að Alþ. hefur samþ. lagafyrirmæli um fjárhagslega aðstoð við byggingar íbúðarhúsa, um fjárframlög til útgerðar og landbúnaðar, er féð tekið aftur með nýjum skattaálögum á þessa atvinnuvegi. Það er líkast og á geðveikrahæli. Enda kemst aðalblað stjórnarinnar, Morgunblaðið, svo að orði, að þetta nálgist hreint brjálæði. Þetta er skrifað á sama tíma sem allur þingflokkur Sjálfstfl. með fjmrh. í broddi fylkingar knýr málið með dæmafáu offorsi gegnum þingið. Raunar kinokuðu nokkrir áberandi menn flokksins sér við að vera viðstaddir við atkvgr., svo að það má segja, að hræsnin ríði ekki við einteyming.

Þáttur ráðamanna Alþfl. í þessu máli er þó furðulegastur. Samkv. stefnuskránni er flokkurinn á móti öllum tollum á nauðsynjavörum. Flokksþing eftir flokksþing hefur samþ. einróma að berjast gegn öllum tollum á neyzluvörum. Á síðasta flokksþingi, sem haldið var á sama tíma og samningarnir um nýju stjórnarmyndunina fór fram, samþykkti flokkurinn enn einu sinni að leggja áherzlu á að afla tekna með mjög stighækkandi sköttum. Hvað eftir annað lýsti hann yfir því fyrir síðustu kosningar, að hann mundi beita öllu atfylgi sínu til þess að lækka tolla á nauðsynjavörum. Nú lýsir formælandi Alþfl. á Alþ. því yfir, að sú leið, sem ríkisstj. hefur farið, að hækka tolla á almennum neyzluvörum meira en dæmi eru til í þingsögunni, sé langákjósanlegasta leiðin til tekjuöflunar. Hins vegar taldi hann þær leiðir, sem Alþfl. hefur á undanförnum áratugum haft á stefnuskrá sinni, svo sem ríkiseinkasölur og opinberan rekstur gróðavænlegra fyrirtækja, að ekki sé talað um frekari stighækkandi skatta, með öllu fráleitar. Gegn tillögum Sósfl. um þjóðnýtingu verzlunargróðans beita fulltrúar Alþfl. nákvæmlega sömu rökum og íhaldsmenn. Ef Alþfl. segði blátt áfram, að hann væri nú kominn á sömu skoðun og íhaldsmenn í þessum málum, sem svo mörgum öðrum, gæti maður skilið, að hann fengi atkv. ýmissa kjósenda með þjóðinni, sem hafa sömu afstöðu til málanna. Hitt er ekki trúlegt, að heiðarlegir og hugsandi menn haldi áfram að veita slíkum trúðum og fölsurum trúnað sinn.

Það er viðurkennt af ríkisstj., stuðningsmönnum hennar og málgögnum, að þetta sé engin lausn á fjárhagsmálunum og vandamálum dýrtíðarinnar. Á Alþ. og í blöðum endurtaka þeir dag eftir dag, að ekki sé neins góðs að vænta, meðan kaup hækkar samkv. vísitölu. Fjmrh. lýsti því yfir við umr. um tollafrv., að afnám gerðardómslaganna 1942 hefði verið eitthvert hið mesta óheillaspor, sem stigið hefur verið. Það er hægt að skilja fyrr en skellur í tönnunum. Eini árangurinn, sem fæst með niðurgreiðslunum og tollahækkununum, er að lækka vinnutekjur almennings allríflega. En þetta þykir ekki nóg. Næst er að hefja beina árás á launin. Blað forsrh., Alþýðublaðið, hefur þegar hótað að svipta verkalýðsfélögin réttindum, ef þau rísa til varnar hagsmunum sínum. Ef svona heldur áfram, er ekki annað líklegra en að næsti áfanginn verði gengislækkun og samfara henni löggjöf um, að kaupið skuli ekki hækka með hækkandi vísitölu. Með öðrum orðum ný gerðardómslög. Þá er hægt að hætta niðurgreiðslunum eða draga úr þeim, og vísitalan getur hækkað allt upp í 400 stig, án þess að launþegarnir fái það bætt. En þetta þarf undirbúnings. Fyrst þarf að verða hæfilegt atvinnuleysi. Og ríkisstj. getur þegar hælt sér af nokkrum árangri í því efni.

Hvað ætlast svo stjórnin fyrir? Tvenns konar hættur eru fram undan, ef þjóðin tekur ekki í taumana. Annað er, að stjórnin taki dollaralán, sem gerir okkur fjárhagslega háða Bandaríkjunum, og hitt er gengislækkun samtímis lögþvingaðri kauplækkun. Hún hefur nú að heita má stöðvað allar lánveitingar til nýrra framkvæmda og byggingar íbúðarhúsa. Í skjóli hennar hafa bankarnir skrúfað fyrir á öllum sviðum, þar sem um atvinnulegar framkvæmdir er að ræða, með þeim afleiðingum, að nú þegar hefur orðið allmikil stöðvun í atvinnulífi þjóðarinnar. Þetta er góð byrjun. Stjórnin segist muni starfa eftir fyrir fram gerðri áætlun. Ég rengi það ekki. Og það er alveg augljóst, hvert er markmið þeirrar áætlunar. Það skal unnið markvisst að því að hverfa aftur að stefnu þjóðstjórnarinnar gömlu, sællar minningar, sem illræmd er orðin með þjóðinni og hinir sömu flokkar stóðu að. Þegar þess er gætt, hvaða þjóðfélagsöfl standa að stjórninni, er ekki annars að vænta. Þetta mun rás viðburðanna sanna þeim stjórnmálamönnum, sem nú styðja þessa ríkisstj. meira eða minna með hangandi hendi, ef þeir spyrna ekki við fótum, meðan tími er til.

Það eru sjálfsagt margir, sem trúa því í fullri einlægni, að boðskapur hrunstefnumanna sé hin eina sanna hagspeki. — En hinn fámenni hópur stóreignamanna, sem nú hefur alla þræði í hendi sér, veit betur. Þessi litli, en valdamikli hópur hyggur gott til þess að græða á kreppunni, sem koma skal, ekki aðeins á kostnað verkamanna með lækkuðum launum, heldur einnig á kostnað millistéttanna, allra þeirra, sem hafa smærri atvinnurekstur með höndum. Þessir menn ætla sér að njóta uppskerunnar, þegar hinir smærri, sem margir hverjir hafa lagt hart að sér til að eignast atvinnutæki á dögum nýsköpunarinnar, komast í þrot. Þá er tækifærið fyrir þá, sem ráða yfir fjármagni, að eignast hin nýju framleiðslutæki fyrir lítið verð.

Annars vegar eru því hagsmunir örfárra stóreignamanna, hins vegar hagsmunir meginþorra þjóðarinnar. Hinir fyrrtöldu munu græða á kreppunni, sem stjórnin er að undirbúa, allir aðrir tapa á henni. Fyrstu átökin munu verða milli heildsalastjórnarinnar og verkalýðssamtakanna. Ef þjóðin skilur, um hvað barizt er, mun hún fylkja sér um verkalýðssamtökin í þeirri baráttu. Í þeirri viðureign er málstaður ríkisstj. algerlega vonlaus, þó að hún beiti fyrir sig löggjafarvaldinu og grípi jafnvel til fasistiskra aðferða, nema hún kalli beinlínis á erlenda íhlutun. — Það mun ekki takast að brjóta verkalýðssamtökin á bak aftur, þau eru viss með sigurinn, svo lengi sem Íslendingar einir eigast við.

Oft eru Alþfl. og Framsfl. taldir vinstri flokk-

ar í mótsetningu við Sjálfstfl., meginflokk íslenzka auðvaldsins. Mikill meiri hl. kjósenda þeirra hefur greitt þeim atkv. í þeirri trú. Reynslan hefur nú enn einu sinni sannað svo skýrt sem verða má, að þetta er rangt. Þannig skiptist þjóðin ekki í hægri og vinstri. Þeir, sem nú stjórna Alþfl. hafa reynzt hinir auðsveipustu þjónar afturhaldsaflanna. Og í Framsfl. hefur hið steinrunna afturhald og Bandaríkjaþjónusta einnig orðið ofan á þrátt fyrir flokksþingið í haust, sem vildi taka upp allt aðra stefnu.

Afturhaldið hefur hreiðrað vel um sig í öllum flokkum borgarastéttarinnar. En það eru einnig frjálslyndir og framfarasinnaðir menn í öllum þessum flokkum. Mikill meiri hl. fylgismanna allra þeirra flokka, sem standa að núverandi ríkisstj., vildi halda áfram á braut nýsköpunarinnar og framfaranna. Þess vegna þarf núverandi stjórn svo mjög á hræsni og yfirdrepskap að halda. Nú ríður á, að allir fylgismenn framfaranna, hvar í flokki sem þeir standa, brjóti af sér flokksviðjarnar og taki höndum saman. Verkamenn og aðrir launþegar, útvegsmenn og bændur, allir þeir með þessari þjóð, sem hafa uppeldi sitt af heiðarlegri vinnu, eiga að vinna saman og vilja vinna saman. Samtök þessara stétta þurfa nú þegar að finna leiðir til samstarfs. Þetta fólk er mikill meiri hl. þjóðarinnar og það er sundrungin ein, sem við haldið er af flokkslegum hleypidómum og pólitískum spekúlöntum, sem veldur því, að þessi meiri hl. er ekki allsráðandi í þjóðfélaginu. Sameinaðar geta framleiðslustéttirnar ráðið öllu um stjórn landsins. Þess vegna ber nú brýna nauðsyn til, að þær taki nú þegar upp náið samstarf, láti hin smærri ágreiningsefni þoka fyrir hinum stóru sameiginlegu hagsmunamálum og myndi í því skyni með sér skipulögð allsherjarsamtök án tillits til flokka. Sósfl. lýsir því yfir, að hann mun ekkert til spara, að þetta megi takast, og er reiðubúinn að láta öll flokkssjónarmið í þrengri merkingu þoka fyrir nauðsyn einingar allra þeirra, sem vinna og framleiða. Takmarkið er að tryggja áframhald nýsköpunarinnar og framfarastefnunnar og sjálfstæði Íslands. Það er mikil nauðsyn, að hið allra fyrsta takist að mynda stjórn í landinu, sem er þeirri stefnu trú. Og það er vissulega mikil ógæfa, ef ekki reynist unnt að snúa við fyrr en eftir næstu kosningar. En fari svo, má það ekki koma fyrir, að þjóðin láti tækifærið enn einu sinni ganga sér úr greipum. Fyrir þann tíma verða framleiðslustéttirnar að hafa fundið leiðir til þess að mynda með sér samtök, sem tryggja þeim meiri hl. á Alþ. Og það kann að fara svo, að ekki verði mjög langt að bíða næstu kosninga.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Þá er eldhúsið byrjað að þessu sinni. Þeir, sem hafa tekið að sér að vinna eldhússtörfin, eru fulltrúar hins svokallaða Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins. Þessi flokkur er algerlega á valdi kommúnista, og er stefna flokksins og ákvarðanir með öllu mörkuð af þeim. Fæstir af raunverulegum foringjum þessa flokks munu heldur neita því, að þeir séu kommúnistar, heldur þvert á móti telja sér það til gildis. Það er því ekki út í bláinn, þegar ég nefni flokkinn því nafni, og mun ég gera það í þessari ræðu minni eins og oft áður, enda þótt mér sé vel ljóst, að margir kjósendur hans eru víðs fjarri því að vera kommúnistar, þótt þeir hafi til þessa kosið flokkinn í þeirri trú, að hann væri ekki kommúnistískur, þótt sú sé óvefengjanlega raunin á.

Það er venja á eldhúsdegi að líta yfir farinn veg og taka aðallega til athugunar gerðir þeirrar stjórnar, sem setið hefur að völdum, frá því síðasta eldhúsdegi lauk. Sú stjórn, sem nú situr, hefur aðeins verið við völd tæpa þrjá mánuði, en meginhluta tímabilsins frá síðasta eldhúsdegi sat hér stjórn, sem kommúnistar áttu fulltrúa í, einmitt tvo af helztu forystumönnum sínum. Ég tel því ástæðu til að víkja nokkuð að störfum þessara kommúnista, meðan þeir sátu í ríkisstj. — ekki sízt vegna þess, að flokkur þeirra hefur fundið sérstaka köllun hjá sér til þess að ráðast að núverandi ríkisstj., og mætti af því ætla, að þátttaka kommúnista í fyrrv. ríkisstj. hefði verið með þeim hætti, að örðugt mundi að koma þar að gagnrýni. En svo mun þó sízt reynast.

Hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, sat sem atvmrh. í fyrrv. ríkisstj. um tveggja ára skeið. Honum var meðal annars trúað fyrir tveimur stórum ríkisfyrirtækjum: síldarverksmiðjum ríkisins og landssmiðjunni. Hvernig skildi hann við þessar stofnanir, þegar hann fór úr ríkisstj.? Hann tók að sér framkvæmd og æðstu yfirstjórn á stórkostlegri aukningu síldarverksmiðja ríkisins. Fyrir síðustu alþingiskosningar lýsti hann yfir því, að þessi aukning verksmiðjanna mundi koma til fullra nota á síldarvertíðinni 1946. En svo varð alls ekki. Ennþá er því miður mikil óvissa ríkjandi um það, hvort viðauki sá hinn mikli og nauðsynlegi, sem gerður hefur verið á síldarverksmiðjunum, muni koma að fullu gagni á vertíðinni 1947. Skýtur því mjög skökku við þá skrumyfirlýsingu, sem hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, lét atvmrn. gefa út fyrir alþingiskosningar, að sjálfsögðu í þeim tilgangi að hafa áhrif á kosningaúrslitin. En þessi seina framkvæmd, sem orðið hefur á aukningu verksmiðjanna, kynni að stafa af því, að þess hefði verið sérstaklega gætt að vinna verkið á sem allra ódýrastan hátt, munu menn ef til vill ímynda sér. En það var nú síður en svo. Kostnaður við aukningu verksmiðjanna var 1944 áætlaður 20 millj. kr., en mun reynast 43 millj., eða meira en helmingi hærra en ráðgert var 1944, og má þó búast við, að ekki séu enn öll kurl komin til grafar. En fyrir utan þessa gífurlegu hækkun á kostnaði við aukningu síldarverksmiðjanna hefur það því miður komið í ljós, að verkið hefur einnig að sumu leyti verið unnið þannig, að til hreinna vandræða hefur komið. Minnisstætt er öllum, þegar þakið hrundi á hinni miklu mjölgeymslu á Sigulfirði — datt niður undan tiltölulega litlum snjóþunga. Og nýjustu fregnir herma, að ekki muni vera komnar í ljós allar þær skemmdir, sem útlit er fyrir á verksmiðjunum, en þær munu að sjálfsögðu torvelda það, að verksmiðjurnar verði starfhæfar jafn snemma og þörf er á, auk þess sem það hefur í för með sér stórkostlega aukinn kostnað við bygginguna. Allt þetta átti sér stað undir yfirstjórn Áka Jakobssonar, hv. þm. Siglf., er hann var atvmrh., og allt þetta mun leggja drjúgan skatt og mjög tilfinnanlegan á sjómenn og útgerðarmenn og jafnvel nú í sumar hafa áhrif til lækkunar á bræðslusíldarverðið. Og ríkið, sem er

eigandi verksmiðjanna, verður fyrir þungum búsifjum fyrir sakir þessarar óstjórnar. En þyngst verður byrðin á sjómönnunum og útvegsmönnunum, einmitt þeim mönnum, sem þessi fyrrv. hv. ráðh. átti að gæta hagsmuna fyrir. Stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna mun og hafa krafizt rannsóknar á þessari óstjórn.

Svo er það landssmiðjan. Þegar hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, lét af störfum sem ráðh., skilaði hann landssmiðjunni af sér á þann veg, að skuldheimtumenn ætluðu að ganga að fyrirtækinu vegna stórskulda, sem hlaðizt höfðu upp, og var það eitt af fyrstu verkum núverandi stjórnar að útvega landssmiðjunni á aðra millj. kr. að láni til þess að losna við, að gengið yrði að stofnuninni. Og í nánu sambandi við landssmiðjuna standa birgðirnar af skipaeikinni, sem keypt var undir forsjá þáv. atvmrh. fyrir rúmlega tvær millj. kr. Eikin var keypt mjög háu verði og reyndist ekki góð. Mikill hluti þessarar eikar liggur nú og er óráðstafaður, og má ekki sjá fyrir, eins og sakir standa, hve mikið tjón muni hljótast af þessum kaupum.

Hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, hefur sannarlega ekki verið hin græna eik fyrrv. ríkisstj., þrátt fyrir eikarbraskið.

Þessi hv. þm. sást lítt fyrir um útgjöld ríkissjóðs, meðan hann var ráðh. Sem dæmi um það má nefna, að tvo sendimenn gerði hann til útlanda í stjórnartíð sinni án samráðs við aðra ráðh. í stjórninni, og mun nú þurfa að greiða þeim 100 þús. kr. fyrir ferðir þeirra, þótt allmiklar líkur bendi til þess, að árangurinn hafi orðið sáralítill. Um það virðist ekki hafa verið hugsað. Og sjálfur ferðaðist þessi hv. þm. allmikið norður í kjördæmi sitt árið 1946 — enda fóru þá alþingiskosningar í hönd —, og fékk ríkissjóður nokkuð á því ferðalagi að kenna, því að ferðafé hans það ár varð 12 þús. kr., og ógreiddur er þó ennþá 5 þús. kr. reikningur, sem hann hefur krafizt greiðslu á vegna ferðakostnaðar til Norðurlands og þá væntanlega til Siglufjarðar.

Þessi forustumaður íslenzkra kommúnista hefur orðið landinu dýr þau tvö ár, sem hann var ráðh., og munu fáir harma brottför hans úr ríkisstj.

Ekki má ég alveg ganga fram hjá hinum höfuðleiðtoga kommúnista, er sæti átti í fyrrv. ríkisstj., hv. landsk. þm., Brynjólfi Bjarnasyni. Sérstaklega vil ég vekja athygli á embætta- og stöðuveitingum hans sem menntmrh. Hann átti kost á að skipa skólanefndarformenn í landinu í sinni ráðherratíð, og gaumgæfilega var nú leitað, hvort ekki fyndist í hverju skólahéraði einhver réttlátur, sem trúandi væri til þess af kommúnista hálfu að gegna formennsku í skólanefndinni í stað þeirra, sem áður höfðu vammlaust gegnt þeim störfum. Svo langt var gengið í breytingum á skipun skólanefndarformanna, að hæstv. samgmrh., Emil Jónsson, var sviptur formannsstarfi í skólanefnd Flensborgarskólans, sem hann hafði gegnt með mesta trausti og alúð síðan 1939, en í stað hans valinn maður úr hópi hafnfirzkra kommúnista.

Minnisstætt er og mörgum, hvernig fram var komið gagnvart Eyþóri Þórðarsyni, ágætum barnakennara á Austurlandi — en hann mun hafa goldið þess, að hann var hvort tveggja í senn, öruggur Alþýðuflokksmaður og góður stjórnandi. Hann hafði verið um mörg ár kennari við barnaskólann í Neskaupstað og nokkur síðustu árin settur skólastjóri þar. En svo gekk þáv. menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, frá því máli, að hann svipti Eyþór Þórðarson hvoru tveggja, skólastjórastöðunni og sinni gömlu kennarastöðu við skólann, — hafði hann þó leyst störf sín af hendi með mestu prýði, bæði sem kennari og skólastjóri. Má heita vel að verið hjá fyrrv. menntmrh. í þessu efni, og ekki hægt annað um hann að segja en að hann hafi trúlega látið þá eina sitja fyrir stöðum, sem voru hans flokksmenn eða treyst var til að vera þægir og viðvikaliprir. En því dreg ég þetta fram nú, að kommúnistar veitast hart að núverandi ríkisstj. fyrir það, að hún gangi fram hjá kommúnistum við störf, þótt það sé með öllu rangt. Hafa þeir meðal annars af hálfu núverandi stjórnar verið valdir til trúnaðarstarfa í sendinefndum á erlendum vettvangi, bæði í London og Moskvu.

Þessi dæmi af mörgum um ávirðingar fyrrv. ráðh. kommúnista hef ég nefnt hér vegna þess, að þeir ganga nú fram fyrir skjöldu í ásökunum sínum á aðra. En sannleikurinn mun sá, að sjaldan hafa menn setið í ríkisstj. öllu berskjaldaðri fyrir gagnrýni en þessir tveir forystumenn kommúnista, og mun ef til vill í umr. verða nánar vikið að því af öðrum, en ég hef aðeins drepið á nokkur dæmi, sem eru sérstaklega táknræn fyrir starfsemi þessara manna, er álíta sig öðrum betur fallna til ásakana og gagnrýni á hendur núverandi stjórn.

Þegar ég sleppi nú þessum eldhússtörfum á fyrrv. ráðh. kommúnista, eldhússtörfum, sem unnt væri að hafa miklu ýtarlegri, mun ég víkja nokkuð að stjórnarkreppunni, áður en núverandi stjórn var mynduð.

Rétt fyrir síðustu alþingiskosningar létu kommúnistar það boð út ganga, að þeir væru fúsir til þátttöku í stjórn áfram með fulltrúum sömu flokka og áður. Gátu allir skilið, af hverju slík yfirlýsing kom fram fyrir kosningarnar, en að sjálfsögðu var þess enginn kostur að ræða þetta tilboð fyrr en eftir kosningar, þar sem forystumenn flokkanna voru þá dreifðir um landið vegna kosningabaráttunnar. En að kosningum loknum varð nokkurt hlé á venjulegum pólitískum störfum, enda var þá hásumar og menn fjarverandi úr bænum. Þegar leið á sumarið fór fyrrv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, af eðlilegum ástæðum að hefja máls á því, að ríkisstj. þyrfti að ræða sín á milli um útvegun fjár til nýsköpunarinnar, áframhald hennar og um útvegun fjár til ríkisbúskaparins yfirleitt o. s. frv. En eftir því sem upplýst er og ómótmælt af hálfu kommúnista, sveruðu fulltrúar þeirra þáverandi forsrh., Ólafi Thors, því, að þeir vildu ekki um slík mál ræða — ekkert ræða um nýsköpunina, fjárútvegun til hennar eða fjárútvegun til almennra útgjalda ríkissjóðs — og var ástæðan sú, að þeim var ríkast í huga, hvernig samningar yrðu á milli Íslendinga og Bandaríkjamanna í sambandi við flugvöllinn í Keflavík. Varð því ekkert af ráðagerðum um þessi mál, og áttu kommúnistar á því fulla sök og sýndu með því, að þeir mátu meira það, sem þeir vissulega töldu hagsmuni erlends ríkis í utanríkismálum, heldur en nýsköpun íslenzkra atvinnuvega.

Svo kom flugvallarsamningurinn til umr. og atkvgr. á Alþ. í byrjun októbermánaðar s. l. Þegar hann hafði verið samþykktur, báðust fulltrúar kommúnista í ríkisstj. þegar lausnar, og það varð

til þess, að stjórnin öll bæðst lausnar. Hófst nú hin mikla stjórnarkreppa, sem stóð samtals í fjóra mánuði.

Ég hef ekki tíma til þess, þótt fróðlegt væri, að rekja þátt kommúnista til hlítar í stjórnarmyndunartilraununum, er þá voru á döfinni. Þó þykir mér rétt að skýra frá því hér, að með samkomulagi innan Kommúnistafl. skiptist hann í tvo hópa. Vildu fulltrúar frá öðrum hópnum af mikilli ákefð semja um endurreisn fyrri stjórnar, en fulltrúar hins hópsins mynda nýja stjórn undir forustu Framsfl. Allt fór þetta fram með góðu samkomulagi innan Kommúnistafl., að því er vitað varð, og sýnir það glögglega starfsaðferðir þær, sem flokkurinn temur sér.

Nú skyldu menn halda, að í stjórnarmyndunartilraununum hefðu komið fram skeleggar og ákveðnar kröfur af hálfu íslenzkra kommúnista um ýmis hagsmunamál alþýðunnar í landinu. En sú varð lítt raun á. Aðaláhugi þeirra var að ná trúnaðarstöðum fyrir flokksmenn sína og yfirráðum yfir þýðingarmiklum málum í þjóðfélaginu.

Því hefur ómótmælt verið haldið fram opinberlega, að kommúnistar hafi í sambandi við umræður um endurreisn fyrrv. stjórnar krafizt þess að fá í sendiherrastöðuna í Moskvu mann úr sínum hópi, einn bankastjóra í landsbankanum og aðalmann eða formann — sem átti að vera Einar Olgeirsson — í fjárhagsráði því, sem ráðgert var að stofna. Sú stofnun skyldi einnig hafa með höndum stjórn á seðlabanka, sem talað var um að setja á laggirnar.

Þetta virtust þá vera aðalkröfurnar, aðaláhugamálin, sem kommúnistar lögðu áherzlu á og miklu ollu um það, að ekki tókst að ná saman endunum um myndun ríkisstj., en ýmis vandamál atvinnu- og fjármálalífsins létu kommúnistar sig litlu skipta.

Þegar ég, að beiðni forseta Íslands, tókst á hendur að gera tilraun til stjórnarmyndunar, sneri ég mér til Kommúnistafl. eins og annarra flokka. Eftir eins sólarhrings frest sendi hann mér skriflegt, mjög ákveðið svar, að flokkurinn mundi ekkert vilja við mig semja um stjórnarmyndun. Skárust þeir því úr leik þegar í upphafi, þótt ekki muni allir hafa verið á eitt sáttir um þetta í flokknum, en hitt munu menn þar hafa verið að mestu leyti sammála um, að reyna af fremsta megni að hindra, að mér tækist stjórnarmyndun.

Ég hef fulla vissu fyrir því, að kommúnistar reiknuðu með því, að mér mundi mistakast stjórnarmyndunin. En þegar á leið og sýnt þótti, að eigi mundi útilokað, að stjórnarmyndun tækist, munu kommúnistar hafa farið að láta berast til Sjálfstfl., að þeir mundu skilyrðislítið eða skilyrðislaust vilja ganga til samstarfs um stjórn við sömu flokka og áður höfðu stjórnað. Var þetta að nokkru í samræmi við aðferðir þeirra við stjórnarmyndunina 1944. En þessu boði þeirra var ekki tekið, og mun það ekki sízt hafa stafað af þeirri reynslu, sem fengin var af samstarfi við kommúnista í ríkisstj., einnig af kröfum þeirra um vissar stöður og aðstöðu í þjóðfélaginu. Kommúnistar reyndu á allan hátt að hindra myndun þeirrar stjórnar, er nú situr. Þeir reyndu að sá sæði tortryggni, óánægju og sundurlyndis innan raða þeirra flokka, er að stjórninni standa, en án árangurs. Formaður þeirra, Einar Olgeirsson, gekk oft á fund forseta Íslands, eftir að ég hafði verið þar, að því er ætla má til þess að reyna að hafa áhrif á, að forseti fæli mér ekki lengur tilraunir til stjórnarmyndunar. Sýnir það vel, að ekki var skirrzt við að grípa til óvenjulegra og ósæmilegra ráða til þess að hindra stjórnarmyndunina. Og á ræðu Brynjólfs Bjarnasonar hér á undan má marka, hve mikið kommúnistar telja liggja við, að ég sé ekki forsrh. Hinar hatrömu og móðursjúku árásir kommúnista á mig tel ég óbrigðula sönnun þess, að þeir skoði mig þann andstæðing, er leggja þurfi að velli, og tel ég mér það mjög til gildis.

En þrátt fyrir allar aðgerðir kommúnista í því efni að torvelda mér stjórnarmyndun varð nú samt sú niðurstaða, að stjórnarsamstarf tókst, svo sem kunnugt er.

Þótt stefna núverandi ríkisstj. sé um flest lík stefnu þeirrar stjórnar, sem kommúnistar höfðu látið í veðri vaka, að þeir mundu geta tekið þátt í, þá lýstu þeir yfir því, þegar er núverandi stjórn kom fram fyrir Alþ., að þeir væru henni algerlega andvígir og mundu allt gera, sem í þeirra valdi stæði, til þess að steypa henni af stóli. Það hafa þeir trúlega efnt, þótt segja megi með sanni, að stjórnarandstaða þeirra, bæði hér í eldhúsinu og áður hafi verið á þann veg, að hugsandi menn og greinagóðir hljóta að sjá, að þeir bera fram ásakanir, sem eru algerlega út í bláinn og úr lausu lofti gripnar.

Það lætur að líkum, að þegar mynduð er samsteypustjórn þriggja flokka með ólíkar skoðanir og stefnumið, þá beri stefna hennar ekki merki sérsjónarmiða eins flokks, heldur samkomulags og miðlunar. En þrátt fyrir það hika ég ekki við að segja, að stefnuskrá núverandi stjórnar sé eftir aðstæðum á þann veg, sem bezt hentar landi og lýð, og að það, sem af er, hafi stjórnin af öllum mætti reynt að framkvæma stefnu sína. En tími sá, sem hún hefur starfað, er svo skammur, að auðvitað hefur ekki tekizt að koma því í framkvæmd, sem stjórnin hyggst að beita sér fyrir. Sumpart eru málefni þessi á leiðinni hér á Alþ. og sumpart í undirbúningi.

En ríkisstj. er staðráðin í því að framfylgja yfirlýstri stefnu sinni svo sem framast er unnt.

Stjórnin hefur þegar lagt fyrir Alþ. frv. til l. um fjárhagsráð o. fl., í samræmi við samninginn um stjórnarstefnuna. Enn fremur frv. til l. um sölu íslenzkra landbúnaðarafurða, frv. til l. um innkaupastofnun ríkisins, frv. að breyttri flugvallalöggjöf og allmörg fleiri mál — öll í samræmi við þau fyrirheit, er gefin voru við stjórnarmyndunina. Áður en langt um líður, mun fram verða lagt frv. til l. um eignakönnun.

En það lætur að líkum, að stjórninni hafi ekki unnizt tími til að leggja fram frv. um öll þau mál, er hún hefur á stefnuskrá sinni. Segja má, að í rauninni hafi hafizt nýtt þing 5. febrúar s. l., eftir að annað þing, lítt starfhæft, hafði setið í fjóra mánuði. En þar að auki má á það benda, að sú stjórn, sem tók við völdum í febrúarmánuði s. l., hafði að sjálfsögðu ekki átt þess kost að undirbúa og hafa tilbúin í fullkomnu formi málefni þau, er hún vildi leggja fyrir Alþ. Mörg eru þó þegar fram komin í frumvarpsformi, önnur eru væntanleg, svo sem ég þegar hef tekið fram.

Þessar eldhúsumr. standa í sambandi við afgr.

fjárl. Eitt af því, sem ríkisstj. hefur lýst yfir í stefnuskrá sinni, er það, að afgreiða a. m. k. rekstrarhallalaus fjárl. En til þess að svo mætti fara, var öldungis auðsætt, að afla þurfti nýrra tekna. Í fjárlagafrv. því, sem upphaflega var lagt fyrir þingið, var ekki reiknað með hækkun vísitölunnar til fulls og eigi voru heldur ætlaðir í frv. peningar til niðurgreiðslu á dýrtíðinni. Ríkisstj. hafði ákveðið að halda vísitölunni í 310 stigum og greiða niður nauðsynjavörur almennings með ríkisfé til bráðabirgða, meðan ekki ynnist tóm til að snúast öðruvísi við vandanum. Hefur ríkisstj. framfylgt þessari áætlun sinni og haldið vísitölunni í 310 stigum. En til þess að geta það og greiða niður um einhvern óákveðinn tíma hækkað vöruverð, þarf auknar tekjur í ríkissjóð. Það er og auðsætt, að öll hin mjög svo nytsömu lög, sem sett voru í tíð fyrrv. ríkisstj., t. d. almannatryggingalögin, launalögin og fræðslulöggjöfin — allt kostar þetta stóraukin útgjöld úr ríkissjóði. Til alls þessa og til þess að afgreiða rekstrarhallalaus fjárlög þurfti mjög aukið fjármagn. Hefur stjórnin nú komið því til leiðar, að sett hafa verið tekjuöflunarlög, sem duga eiga til þess að afgreiða fjárl. án rekstrarhalla, ef þess er samtímis gætt að halda útgjöldunum í skynsamlegu hófi, án þess þó að draga úr verklegum framkvæmdum eða framkvæmd nytsamrar lagasetningar frá tíð fyrrverandi stjórnar.

Kommúnistar hafa gert sitt til þess að auka útgjöld á yfirstandandi Alþ. og sýnt í því efni algert ábyrgðarleysi. Hafa þeir flutt brtt. til hækkaðra útgjalda, svo að nemur 20—30 millj. kr., en hins vegar barizt gegn öllum lækkunum. Táknrænt dæmi um þessar aðfarir gerðist við 3. umr. fjárl. Verið var að greiða atkv. um eina till. með nafnakalli, er einn af aðalforingjum kommúnista, einmitt sá, er fegurst og prúðmannlegast talaði hér næst á undan, kom inn í þingsalinn, og var nafn hans þá kallað upp. Vissi hann þá ekki gerla, hvaða till. var á ferðinni, en innti eftir því einu, hvort hún væri til hækkunar, og er svarað var játandi, greiddi hann hiklaust atkv. með henni.

En þegar átti að fara að afla tekna til þess að standa straum af auknum útgjöldum, hafa kommúnistar snúizt öndverðir gegn því og reynt með öllu móti að hindra framgang slíkrar löggjafar.

Kommúnistar hafa gert hark mikið að ríkisstj. og hafa í hinum mestu hótunum við hana út af tekjuöflunarleiðum þeim, sem farnar voru. Í þessu sambandi hafa þeir beitt hinum mestu blekkingum og reynt að telja mönnum trú um, að launamönnum sé ætlað að bera þungan hlut í þessu sambandi — eða allt að 9% launalækkun. Þetta er að sjálfsögðu hin mesta blekking, og sjá menn það strax, þar sem reglur vísitöluútreikningsins haldast óbreyttar og allar þær sömu vörur og áður orkuðu á vísitöluna gera það nú og á sama hátt. Sést af þessu, að launþegar fá þá hækkun, sem verða kann á öllum þeim vörum, er inn í vísitöluna ganga, annaðhvort með hækkuðu kaupi eða þá með því, að ríkissjóður borgar niður vöruhækkun þá, sem verða kann.

Kommúnistar kalla nú vísitölureikninginn „vísitölu eymdarinnar". En þau rúm tvö ár, er þeir áttu fulltrúa í ríkisstj., stóðu þeir að þeirri einu breytingu á vísitöluútreikningnum, að mjög hátt smjörverð fram yfir frekar takmarkað magn til neyzlu almennings var ekki látið orka á vísitöluna og ekki heldur visst ártíðaverð á íslenzkum landbúnaðarafurðum. Með þessari einu breytingu á vísitöluútreikningnum, sem kommúnistar studdu að, á meðan þeir voru í ríkisstj., var það gert að draga úr hlunnindum vísitölunnar fyrir launþega. Hafa kommúnistar það eitt gert að auka eymd vísitölunnar, ef kenna á hana við eymd, eins og þeir vilja nú vera láta. Ekki veit ég, hvort kalla á þessa menn trúða eða falsara eða hvort tveggja, en þau orð notaði Brynjólfur Bjarnason í ræðu sinni á sinn venjulega smekklega hátt.

Þá er og þess að geta varðandi tollalöggjöfina nýju, að mikið af þeim vörum, sem tollahækkunin leggst á, eru til ýmissa verklegra framkvæmda og ekki beinlínis viðkomandi launastéttum landsins. Annars mun hæstv. fjármrh. í sinni ræðu gera nánari grein fyrir þessum málum og á óvefengjanlegan hátt sýna fram á, að frásagnir og útreikningur kommúnista um stórminnkandi kaupmátt launanna vegna tolla þessara eru hin argasta fjarstæða.

Þá hafa kommúnistar haldið því fram og sótt ríkisstj. til saka um, að hún hefur gert samkomulag við fjvn. og stuðningsflokka sína um það að skera niður nokkrar verklegar framkvæmdir um 15% frá því, sem áætlað var áður. Hafa kommúnistar haldið því fram, að með þessu væri verið að skapa atvinnuleysi og kreppu á Íslandi. En allt er þetta rangt og út í hött. Þrátt fyrir þessa 15% lækkun á fyrirhuguðum verklegum framkvæmdum í fjárl. eru fjárhæðir til þeirra á árinu 1947 16 millj. kr. hærri en á árinu 1946 — einmitt þeim fjárl., sem kommúnistar stóðu að. Ég vil aðeins benda á þetta atriði, en það mun koma skýrar í ljós hér í umr. á eftir.

Kommúnistar hafa haldið því fram í stjórnarandstöðunni, að útlitið um afurðasölumálin erlendis hafi verið svo gott, að engin ástæða væri til að óttast neitt í því sambandi. En fyrst og fremst þarf að hafa það í huga, að Alþ. hefur ábyrgzt mun hækkað verð frá því, sem áður var á ýmsum íslenzkum sjávarafurðum. Til þess að það verð fáist greitt fyrir sjávarafurðirnar án stórkostlegs framlags úr ríkissjóði, þurfa þessar vörur að seljast fyrir stórlega hækkað verð á erlendum markaði, miðað við s. l. ár.

Samningar um sölu íslenzkra afurða á erlendum markaði eru ekki enn gerðir, en þó er það víst, að ýmsir erfiðleikar eru á því, að verðlag, a. m. k. á sumum sjávarafurðum, verði í samræmi við það, sem ábyrgzt hefur verið af ríkissjóði. Ríkisstj. hefur gert allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að ná sem hagkvæmustum samningum og notið til þess aðstoðar dugandi sendinefnda, er sízt hafa legið á liði sínu. Það er því alveg út í bláinn að saka stjórnina í því sambandi, þótt hinar björtustu vonir, er byggðar voru á veikum forsendum, kunni að bregðast í sambandi við afurðasölusamningana.

Er það sízt til heilla að ala á tálvonum í þessu efni né reyna að telja mönnum trú um, að íslenzkar sjávarafurðir yfirleitt séu auðseljanlegar á erlendum markaði fyrir geipiverð, þegar útlitið er sannarlega mjög tvísýnt og aðrar þjóðir hafa aðstöðu til þess að selja sams konar vöru miklu vægara verði vegna lægri framleiðslukostnaðar. Er það vissulega alvarlegt umhugsunarefni, á hvern

veg verði haldið uppi atvinnurekstri og áframhaldandi góðum lífskjörum almennings. Duga þar engin stór orð, upphrópanir, blekkinga- og bægslagangur, eins og kommúnista er siður, heldur markviss, skynsamleg og víðsýn barátta, miðuð við alþjóðarhag.

Í sambandi við afurðasölumálin hafa kommúnistar reynt að læða því inn hjá mönnum leynt og ljóst, að ekki hafi verið gert það, sem unnt var í þessum efnum, og að valda muni hér nokkru um andstaða stjórnarinnar gegn því að selja Rússum íslenzkar vörur, og að einstakir menn og flokkar, þar á meðal og ekki sízt ég og Alþfl., hafi gert allt, sem unnt var, til að spilla fyrir sölunni til Rússa. Þetta er allt hreinn uppspuni. Þótt Íslendingar séu ekki hrifnir af stjórnarfari Rússa og telji það ekki til eftirbreytni fyrir sig, þá eru þeir jafnákveðnir í því að eiga fjárhagsleg skipti við Sovétlýðveldin, eftir því sem efni standa til af beggja hálfu.

Hitt er svo annað mál, að viðskiptasamningar við Rússa hafa gengið mjög þunglega og örðugt reynzt að fá þar nægilega hátt verð fyrir afurðir okkar — þeir alls ekki viljað kaupa sumar þeirra, og sumar þær vörur, sem við höfum æskt eftir að kaupa frá Rússlandi, ýmist verið nokkuð erfitt að fá eða verðlag þeirra óhagstætt. En samt vonum við í lengstu lög og að því er keppt að koma á verzlunarsamningum við Rússa, er hægt væri að una við.

Þótt kommúnistar hafi fyrr og síðar ráðizt að mér og ríkisstj. fyrir flugvallarsamninginn við Bandaríkin og nú síðast út af sölu á svonefndum Hvalfjarðareignum, þá mun ég ekki víkja að því sérstaklega, því að hæstv. utanrrh. mun, eftir því sem ástæða þykir til, minnast á það mál, — en kommúnistar hafa, eins og svo oft áður, algerlega skotið yfir markið og orðið sér til skammar fyrir aðdróttanir sínar og ásakanir, sem hægt hefur verið að sýna fram á með óyggjandi rökum, að voru hreinustu blekkingar.

Það er að sjálfsögðu ekki nema gott um það að segja fyrir ríkisstj. að hafa andstöðu, en andstaðan þarf að vera rökstudd og á þann veg, bæði að efni og formi, að sæmi siðuðum mönnum, sem við stjórnmál fást á löggjafarþingi og í blaðamennsku. Sú hefur ekki orðið raunin á um stjórnarandstöðu kommúnista, svo sem bezt sést á því, er fram hefur komið í umr. þeirra, m. a. hér í kvöld. Ríkisstj. þarf ekki að óttast slíka andstöðu, en dottið getur manni í hug hið fræga atvik úr fornsögunni, þegar hönd seildist út á skálavegginn eftir ör og umsáturmenn skildu svo, að „ekki mundi út leitað til fanga, ef gnótt væri inni fyrir". Og má álíta af árásarefnum kommúnista, að þeir séu í nokkrum vandræðum — ella mundu þeir ekki beita eintómum blekkingum, svo sem um niðurskurð verklegra framkvæmda, stórkostlega rýrnun á tekjum launamanna, sölu eigna í Hvalfirði o. fl. þess háttar, ef nóg væru sakarefni.

Fyrirlitning kommúnista almennt á meðferð mála á þjóðþingum er ekki í samræmi við hagsmuni alþýðunnar, en hún er í fullu samræmi við tilgang og starfsemi kommúnista í þingstörfum þeirra. Þeir fylgja trúlega kennisetningunni, sem fyrir nokkrum árum var samþykkt á þingi Alþjóðasambands kommúnista á þessa leið:

„Kommúnistar fara ekki á þing til þess að framkvæma venjuleg þingstörf, heldur til þess að hjálpa fjöldanum að sprengja ríkisbáknið og sjálft þingið. Sérhver kommúnistiskur þingmaður verður að gera sér það ljóst, að hann er ekki löggjafi til þess að ná samkomulagi við aðra löggjafa, heldur áróðursmaður flokksins, sem sendur er inn í herbúðir óvinanna til þess að framkvæma þar flokksákvarðanir. Þm. kommúnista eru ekki ábyrgir gagnvart kjósendum, heldur gagnvart löglegum eða ólöglegum flokki sínum."

Svo mörg eru þau orð kennisetningarinnar. Það er ekki fráleitt, að reynt sé að fylgja henni á Alþingi Íslendinga.

Íslenzka þjóðin hefur búið við góðæri að undanförnu. Þau hafa verið ágætlega notuð að mörgu leyti til þess að draga í þjóðarbúið, afla nýrra framleiðslutækja og koma á löggjöf, er eykur félagslegt öryggi og skapar skilyrði til meiri og betri menntunar fyrir almenning í landinu. Það er ástæða til að gleðjast yfir því, að svo hefur getað orðið, en um leið er rétt að gera sér ljóst, að þeir uppgripatímar, sem verið hafa undanfarin ár, geta breytzt og hafa þegar breytzt til muna. Framleiðslukostnaður á Íslandi er orðinn ákaflega hár og lítið má út af bera með sama áframhaldi, ef unnt á að vera að halda í horfinu og sækja fram á leið. Það verður að gera sér ljóst, að verðlag á erlendum markaði fyrir afurðir okkar getur nú orðið lægra en áður og að þær þjóðir, sem keppa við okkur, hafa betri aðstöðu en við til þess að selja ódýrt. Hinn áður uppsafnaði, mikli erlendi gjaldeyrir er nú á þrotum, en verulegum hluta hans hefur verið varið til kaupa á nýjum og fullkomnum framleiðslutækjum. En hér eftir er vissulega rétt að reikna með því, að sparlega og skynsamlega þurfi að halda á erlendum gjaldeyri og nota til hins ýtrasta framleiðslumöguleika á þeim vörum, sem unnt er að selja á erlendum markaði, og afla á þann veg nauðsynlegs gjaldeyris. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir því, að gera verður ráðstafanir til þess að tryggja framtíð íslenzks atvinnurekstrar og sjá á þann veg um, að næg og örugg atvinna haldist í landinu.

Núverandi ríkisstj. hefur lýst yfir því, að það sé stefna hennar að vinna að því af alefli að stöðva hækkun dýrtíðar og framleiðslukostnaðar og athuga möguleika á lækkun hennar. Í því skyni mun stjórnin leita til samtaka launastéttanna og samtaka framleiðenda til sjávar og sveita til þess að gera ráðstafanir gegn frekari vexti dýrtíðarinnar og um leið til lækkunar.

Ríkisstj. gerir sér það fullkomlega ljóst, að tryggar varanlegar og nauðsynlegar ráðstafanir í þessu skyni verða því aðeins framkvæmdar, að stéttir þjóðfélagsins skilji og meti hina brýnu þörf aðgerðanna. Ekkert gerðardómsævintýri eins og 1942 getur þar ráðið bót á, og engin minnihlutahótun né ofbeldi má heldur hindra það, sem gera þarf. Fólkið í landinu þarf að sjá og þreifa á því, að ekki má fljóta sofandi að feigðarósi. Það verður að gera sér fulla grein fyrir hættunum, sem fram undan eru, og mæta þeim með öflugu og samstilltu átaki. En það má heldur ekki mikla um of fyrir sér vandkvæðin og af þeirri ástæðu annaðhvort gefast upp eða grípa til óyfirvegaðra fljótfærnisúrræða, er gera mundu síðari villuna argari hinni fyrri.

Íslendingar eru nú að fá stóraukin, nýtízku framleiðslutæki, fleiri og fullkomnari verksmiðjur og yfirleitt aukinn vélakost, allt saman til þess að geta betur aflað framleiðsluvara og gert þær seljanlegri og verðmætari á erlendum mörkuðum. Vér eigum afburða duglega sjómannastétt, sem er þess albúin að afla fanga úr djúpi hafsins. Samtímis því, sem vélanotkunin færist í vöxt og aðbúð og öryggi verkalýðsins batnar, verður einnig að leggja ríka áherzlu á það, að vinnuafköstin í landinu verði bætt og aukin, samtímis því sem verkamönnum er tryggð nægileg og vel borguð atvinna. Þetta á allt, ef vel er á haldið, að tryggja það, að unnt verði að halda í horfinu og sækja fram á við. En til þess þarf skilning og samstarf fólksins í landinu. Þeir, sem hafa úr of miklu að moða, verða að sætta sig við það, að gróði þeirra verði skertur, einkum við vörudreifinguna og önnur störf, sem fjarskyld eru framleiðslunni. Það er, ef vel er skoðað og horft fram í tímann, þeirra eigin hagur, að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja atvinnurekstur og framleiðslustörf. Og launastéttirnar sjálfar verða einnig að gera sér það vel ljóst, að það eru viss og ákveðin takmörk fyrir launagreiðslum, og það, sem er mest um vert fyrir þær sjálfar og alla, er að tryggja næga atvinnu og halda þjóðarbúskapnum á traustum og öruggum grundvelli.

Ríkisstj. væntir þessa skilnings stéttanna og treystir á, að hægt sé með skynsamlegu og réttlátu samkomulagi að gera þær ráðstafanir, að dýrtíð og verðbólga sligi ekki íslenzkan atvinnurekstur og geri hann ósamkeppnisfæran og skapi á þann veg atvinnuleysi og glundroða í þjóðfélaginu. En þá hjálpa allra sízt óvægni og ofbeldi ofstækismannanna, er hugsa um það eitt að ná sér niðri á pólitískum andstæðingum og jafnvel skapa fullkominn glundroða og vandkvæði í því þjóðfélagsformi, er þeir vilja leggja í rústir með það fyrir augum að koma á einræði eins flokks og afnema á þann hátt það pólitíska frelsi, er meginhluti Íslendinga umfram allt vill varðveita.

Að gefnu tilefni og í sambandi við framtíðar- og framþróunarúrlausnir til að hindra og draga úr verðbólgunni þykir rétt að benda á, að þeir menn, sem nú hvetja til pólitískra verkfalla og ævintýra, eru sannarlega ekki að vinna fyrir alþýðu og launamenn í landinu. En ég fyrir mitt leyti treysti svo á dómgreind og skilning íslenzkrar alþýðu og veit, að hún lætur ekki tæla sig af ábyrgðarlausum mönnum út í glæfraleg ævintýri, sem vel gætu haft í för með sér stórkostlegt tjón fyrir hana og alla þjóðarheildina. Íslenzka þjóðin verður að sýna skilning og þegnskap og mæta vandræðum þeim, er að kunna að steðja, með þeim réttlátustu úrræðum, sem unnt er að finna, og reyna á þann hátt að vernda og viðhalda nægri og vellaunaðri vinnu í landinu.

Þetta er vilji og stefna núverandi ríkisstj., og hún heitir á fulltingi allra landsmanna, aðstoð þeirra og samvinnu til þess að framkvæma þá stefnu sína.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Áður en ég kem að því efni, sem ég tel sérstaklega vera hlutverk fjmrh. við þessar umr., vil ég aðeins gera örstutta aths. út af ræðu fulltrúa kommúnista, hv. 4. landsk., Brynjólfs Bjarnasonar, hér í kvöld. Ég leiði hjá mér ósmekklegt skrum hans um ágæti fyrrv. stjórnar og þó einkum kommúnista, sem og lognar staðhæfingar hans og getsakir varðandi ímyndaðar ávirðingar núverandi stjórnar. Slíku eiga menn að venjast af kommúnista hálfu hér í sölum hins háa Alþ.

En það var einkum tvennt í ræðu þessa hv. þm., sem er óvenjulegt í ræðu stjórnmálamanna hér, svo er fyrir þakkandi. Annað var hin eindæma rotna persónulega árás á forsrh. landsins. Allir, sem til þekkja, vita, að slík ummæli byggjast á persónulegri heift í garð þessa manns. Slík ummæli dæma sig sjálf og eru aðeins sönnun fyrir því, að kommúnistar eru ekki ennþá orðnir þinghæfir. Hitt atriðið voru ummæli hans í sambandi við milliríkjasamninga þá, er yfir hafa staðið, um sölu á framleiðsluvörum landsmanna. Það er út af fyrir sig, að allt, sem hv. þm. sagði, hefur hann fengið að vita í trúnaði. Það eitt, að rjúfa þann trúnað og gera þessi mál að opinberu umræðuefni, meðan ekki er bundinn endir á samningana, er ávirðing, sem enginn hv. þm. ætti að geta risið undir. Hitt tekur þó út yfir allan þjófabálk, að í öllum aðalatriðum var frásögn hv. þm. ýmist ósönn eða villandi. Ég skal að þessu sinni láta mér nægja að segja þjóðinni það, að hún mun innan skamms fá fullnaðarskýrslu um þessi mál frá ríkisstj. Þá mun það sannast, að ríkisstj. hefur einskis látið ófreistað að draga fram hlut Íslendinga, jafnt og hitt, að kommúnistum væri sæmst að þegja um þessi mál.

Mér þykir svo hlýða að gefa nokkrar upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á s. l. ári, þar sem nú liggur fyrir bráðabirgðayfirlit um gjöld og tekjur ríkisins það ár, 1946.

Rekstrartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar á fjárl. 1946 kr. 122419711.00, en hafa samkv. bráðabirgðayfirliti numið kr. 197490000.00, og hafa því farið alls um 75 millj. kr. fram úr áætlun. Tekjur samkv. 2. gr. fjárl. (skattar og tollar) voru áætlaðar kr. 88.5 millj., en reyndust kr. 133583000.00 og hafa því orðið 45 millj. kr. hærri en ráð var fyrir gert, og nemur hækkunin á einstökum liðum sem hér segir:

Tekju- og eignarskattur	kr.	6837000
Stríðsgróðaskattur	—	1903000
Vörumagnstollur	—	3667000
Verðtollur	—	27314000
Innflutningsgjald af benzíni	—	509000
Gjald af innlendum tollvörum	—	723000
Fasteignaskattur	—	21000
Lestagjald af skipum	—	10000
Bifreiðaskattur	—	442000
Aukatekjur	—	382000
Stimpilgjald	—	1879000
Vitagjald	—	112000
Leyfisbréfagjald	—	44000
Erfðafjárskattur	—	204000
Veitingaskattur	—	1036000
	Kr.	45083000

Tekjur af ríkisstofnunum voru samkv. 3. gr. fjárl. áætlaðar kr. 33195000, en reyndust kr. 54186000, eða ca. 21 millj. kr. hærri en ráð var gert fyrir. Hagnaðurinn umfram áætlun skiptist á hinar ýmsu ríkisstofnanir þannig:

Áfengisverzlun	kr.	16187000
Tóbakseinkasalan	—	7786000
Ríkisútvarp og viðtækjaverzlunin	—	711000
Ríkisprentsmiðjan	—	81000
Grænmetisverzlunin	—	48000
Áburðarsala	—	258000
	Kr.	25071000
Tap á pósti og síma	—	4137000
	Kr.	20934000

Reikningar landssmiðjunnar eru ekki fyrir hendi, en vitað er, að þetta fyrirtæki hefur verið rekið með miklum halla s. l. ár. Vaxtatekjur hafa farið 344 þús. kr. fram úr áætlun og óvissar tekjur 6.6 millj. kr. Við þetta bætist svo veltuskattur kr. 3247000 frá 4. ársfjórðungi 1945, sem innheimtist ekki fyrr en á árinu 1946 og ekki var hægt að koma inn á reikninginn fyrir 1945.

Af framangreindu yfirliti sést, að tekjur af tekju- og eignarskatti, stríðsgróðaskatti, aðflutningsgjöldum og áfengis- og tóbakseinkasölum nema samtals rúmum 173 millj. eða tæpum 88% af heildartekjum ríkisins. Þetta er mjög athyglisvert, því að einmitt þessir tekjustofnar eru sérstaklega háðir afkomu atvinnuveganna og greiðslugetu almennings, en byggjast einnig að mjög miklu leyti á sívaxandi verðþenslu og þar af leiðandi lækkandi gildi peninga. Hvenær sem út af ber um aðalatvinnurekstur landsmanna eða hið mikla peningaflóð, sem nú rennur um hendur alls almennings, rénar, mun afleiðingin óhjákvæmilega verða stórum og ört lækkandi ríkissjóðstekjur. Einn tekjuliðurinn hefur farið langt fram úr áætlun, sem sé óvissar tekjur, áætlaðar 100000 kr., en varð 6.7 millj. kr. Stafar þessi hækkun aðallega af hagnaði á sölu á keyptum setuliðseignum 5.5 millj. króna, hitt eru mestmegnis sektir, andvirði upptekinna eigna o. þ. h.

Útgjöld ríkisins voru á fjárl. áætluð kr. 127417000, en urðu kr. 157905000, og hafa því farið ca. 30.5 millj. fram úr áætlun. Við þetta bætast svo:

Útgjöld samkv. heimildalögum	kr.	3070000
Útgjöld samkv. sérstökum lögum	—	4060000
Útgjöld samkv. væntanl. fjáraukalög.	—	5530000
Útgjöld samkv. þál.	—	2485000
	Kr.	15145000

þannig að alls hafa útgjöldin numið á árinu kr. 173050000.

Umframgreiðslur hafa orðið kr. 45633000. Mun ég síðar minnast á helztu umframgreiðsluliðina.

Eins og að framan greinir, urðu heildartekjur ríkissjóðs á árinu kr. 197490000, en rekstrarútgjöld kr. 173050000, þannig, að tekjuafgangur hefur orðið kr. 24440000.

Hins vegar hafa eignahreyfingar orðið sem hér segir:

Bráðabirgðayfirlit
Eignahreyfingar 1946:

Inn:

1.	Fyrningar	650000
2.	Útdregin verðbréf	957000
3.	Endurgreidd fyrirframgreiðsla frá árinu 1945	903000
4.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	2263000
5.	Tekið lán í landsb. vegna hafnarbótasjóðs til fiskihafna	1000000
6.	Tekið lán hjá tryggingast. vegna síldarútvegsins 1945	4000000
7.	Tekið lán í landsb. vegna landssímans	6000000
8.	Aukning á geymdu fé	1000000
9.	Yfirdráttur á hlaupareikningi í landsbankanum	8592000
	Kr.	25365000

Út:

1.	Afborganir innlendra lána	1633000
2.	Afborganir danskra lána	506000
3.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	15500000
4.	Byggingarkostnaður opinberra stofnana	11347000
5.	Kaup og byggingar á jarðeignum	690000
6.	Til byggingar strandferðaskipa	2046000
7.	Til landshafna	1050000
8.	Lán til opinberra fyrirtækja	2700000
9.	Lán til síldarútvegsmanna vegna síldveiða 1945	4000000
10.	Lán til ýmissa og útlagt til bráðabirgða	2047000
11.	Lán til bátabygginga innanlands	7200000
12.	Tillag til alþjóðabankans	650000
13.	Greiddar lausaskuldir	1365000
14.	Fyrir fram greitt vegna fjárlaga 1947	2800000
	Kr.	53534000

Sjóðsyfirlit 1946.

	Inn:	Út:
1. jan. Í sjóði og banka	4416000	
Tekjur samkvæmt teknayfirliti	197490000	
Eignahreyfingar. Inn samkvæmt ofanrituðu	25365000	
Gjöld samkvæmt gjaldayfirliti		173050000
Eignahreyfingar. Út samkvæmt ofanrituðu		53534000
Sjóður pr. 31. des.		687000
Kr.	227271000	227271000

Samkvæmt þessu yfirliti sést, að útborganir nema kr. 53534000, en innborganir kr. 25365000. Mismunur kr. 28169000.

Tekjuafgangur verður sem fyrr segir kr. 24440000. Mismunur kr. 3729000, sem kemur fram sem óhagstæður greiðslujöfnuður og hefur sjóðseign ríkissjóðs minnkað um þá fjárhæð.

Þess er þó að gæta, að 17,8 millj. kr., sem talið er til útgjalda, er fé, sem ýmist er nú þegar endurgreitt eða verður endurgreitt á þessu ári, eða fjárhæðir, sem endurgreiddar verða af lánum, sem heimild er til að taka, en þær lántökur hafa ekki farið fram enn.

Þar til heyra eftirtaldir liðir:

Arnarhváll	kr.	1020000
Til byggingar strandferðaskips	—	2046000
Lán til opinberra fyrirtækja	—	2700000
Lán til ýmissa og útlagt til bráðabirgða	—	2047000
Til bátabygginga innanlands	—	7200000
Fyrir fram greitt vegna fjárlaga 1947	—	2800000
	kr.	17813000

Þannig að þar sem þessar 17,8 millj. kr. verða væntanlega endurgreiddar á þessu ári, annaðhvort með lántökum, söluverði bátanna eða á annan hátt, má til sanns vegar færa, að greiðslujöfnuður ársins 1946 muni reynast hagstæður um 14 millj. kr.

Um skuldir ríkisins skal þetta tekið fram. Innlend lán voru í ársbyrjun 1946 kr. 20910713, en í árslok kr. 24278000 og hafa því aukizt um 3.3 millj. á árinu vegna láns þess, sem tekið var á árinu vegna síldarútvegsmanna 1945. Erlend lán hafa lækkað um 1,4 millj. kr. og voru í árslok kr. 5269000. Lausaskuldir hafa aftur á móti hækkað um 7,2 millj. í 13,3 millj. Geymt fé hefur hækkað um 1 millj. kr.

Skuldir ríkisins, þegar frá eru taldar skuldir ríkisstofnana og geymt fé, voru í árslok 1946 42.9 millj. kr. og hafa því hækkað á árinu um 9.2 millj. kr., sbr. skýrslu fjmrh. til Alþ. á s. l. hausti.

Umframgreiðslurnar á árinu 1946 námu kr. 43833000; hinar stærstu eru:

Til vegamála	kr.	6668000
Til flugmála	kr.	2326000

en þar af má gera ráð fyrir, að töluvert hafi farið til eignaaukningar, en um það liggja enn fyrir engar upplýsingar.

Til skólamála	kr.	4140000
Til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum	—	4000000
Vegna ýmissa ráðstafana til útflutnings sjávarafurða	—	2385000
Framlag og kostnaður vegna alþjóðahjálparstarfsemi UNNRA	—	4607000

Hér er aðeins drepið á hina stærstu liði í þessum umframgreiðslum, en tími vinnst ekki til að minnast á alla liðina, enda eru þeir æði margir, en síðar verður að sjálfsögðu gerð nánari grein fyrir þessum málum.

Á síðustu skýrslu fyrrv. hæstv. fjmrh. var hrein eign ríkissjóðs talin 126 millj. kr., miðað við áramótin 1945—1946, og má gera ráð fyrir, að hún sé nú komin upp í 150 millj. kr., þegar litið er til tekjuafgangsins 1946 og eignaaukninga ríkisstofnana og þess fjár, sem sett hefur verið fast í ýmsum eignum á árinu.

Nánari skýrsla um þetta verður lögð fram síðar á árinu.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að því nú þegar, hverjar tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa reynzt, það sem af er þessu ári, samanborið við á sama tíma s. l. ár.

Til marzloka s. l. ár voru tekjur ríkissjóðs kr. 30417179, en í þeirri upphæð voru innifaldar eftirstöðvar frá fyrra ári, kr. 2853731. Gjöldin voru hins vegar til sama tíma á því ári kr. 20332950.

Á yfirstandandi ári eru tekjur ríkissjóðs til marzloka kr. 36221389, en gjöldin hafa orðið á sama tímabili kr. 26567024.

Af þessu sést, að til marzloka bæði árin hafa tekjur og gjöld hvort tveggja orðið miklu hærri á þessu ári, og þó gjöldin hlutfallslega miklu hærri. — Af tekjuupphæðinni, það sem af er þessu ári, er verðtollurinn langsamlega hæstur, sem sé rúmar 15 millj. kr., þá tekjur af ríkisstofnunum rúmar 13½ millj. kr. og loks vörumagnstollurinn, er nemur rúmum 3 millj. kr.

Nú er það vitað, að því er snertir vörumagns- og verðtollinn, að á þessu tímabili hefur til fallið tollur af vörum, sem komið hafa inn í landið síðan um áramót samkvæmt gjaldeyris- og innflutningsleyfum, sem veitt hafa verið á s. l. ári, en nú um langa hríð hefur verið mjög mikil tregða eða jafnvel stöðvun á veitingu gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum, og er enda víst, að verðtollstekjur fyrsta fjórðungs þessa árs mundu ekki hafa orðið réttur mælikvarði fyrir sams konar tekjur yfir allt árið, a. m. k. ekki að óbreyttri löggjöf.

Stöðvun innflutnings hefur því ákaflega mikinn tekjumissi fyrir ríkissjóð í för með sér, þar sem tekjur hans byggjast að svo miklu leyti, sem raun ber vitni um, á verðtollinum og vörumagnstollinum.

Ég vil þá víkja nokkuð að afgreiðslu þess fjárlagafrv., sem s. l. laugardag hlaut endanlega afgreiðslu á Alþ., að undanskilinni lokaatkvgr. um frv. sjálft.

Það er óvenju seint, sem fjárlögin hljóta afgreiðslu að þessu sinni, og liggja til þess ýmsar ástæður, en þó einkum og sér í lagi það ástand, er myndaðist við það, að fyrrv. hæstv. ríkisstj. sagði af sér, en þá liðu, sem kunnugt er, 117 dagar, sem fóru í ýmsa samninga og viðtöl um stjórnarmyndun, og þarf ekki að lýsa því nánar. Hitt er og vitanlegt, að á þessu tímabili var þess ekki kostur að fá fjárl. afgreidd, þannig að til væri neinn

ábyrgur þingmeirihluti, sem að afgreiðslu slíkra fjárl. stæði, en að afgreiða fjárl. á Alþ., án þess að ábyrgur meiri hluti taki að sér að reyna að ná samtökum um skynsamlega afgreiðslu þessa máls, er mjög tvísýnt, þar sem hætt er þá við, að flokkadrættir og togstreita um fjárveitingar geti leitt það af sér, að afgreiðsla fjárl. fari í handaskolum.

Þar sem núverandi ríkisstj. tók við störfum, þegar hv. fjvn. var að fjalla um fjárlagafrv. hæstv. fyrrv. ríkisstj., og n. hafði beðið þess alllengi að hafa samvinnu við ríkisstj. um ýmis þau vandamál, er fyrir n. lágu, er það ekki óeðlilegt, að sú ríkisstj., sem við tók, þyrfti nokkurn tíma til þess að marka þá stefnu, sem í fjárl. felst.

Hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafði lagt fjárlagafrv. þannig fram, að um 146 millj. kr. voru áætlaðar á útgjaldahliðina, en tekjuhalli á því frv. var nærri 10 millj. kr. Þess utan varð að taka tillit til þess, að þeir liðir fjárlagafrv., sem eru háðir vísitölunni, eins og hún er á hverjum tíma, höfðu verið reiknaðir út með vísitölu 290, en þegar núverandi ríkisstj. tók við, var vísitalan orðin allmiklu hærri og sýnilegt, að gera yrði ráð fyrir, að þessir liðir yrðu að reiknast a. m. k. með vísitölu 310 og að taka yrði tillit til þessa við afgreiðslu fjárlagafrv.

Á þessum tíma skýrði hv. form. fjvn. mér frá því, að fyrir lægju í fjvn. till. um hækkanir á ýmsum útgjaldaliðum. Þessar till. voru komnar sumpart beinlínis frá fyrrv. ríkisstj. eða ríkisstofnunum, og námu þær 27½ millj. kr. til hækkunar. Þar að auki kvaðst hann búast við, að hækkunartill. yrðu bornar fram um fjárveitingar til vega, brúargerða og hafnarframkvæmda, er næmu um það bil 12 millj. kr.

Eins og kunnugt er, hafði fyrrv. fjmrh. ekki gert ráð fyrir því við samning fjárlagafrv., að niðurgreiðslum til lækkunar á verði afurða, er gengju inn í vísitöluna, yrði haldið áfram, og þar af leiðandi hafði hann ekki tekið upp í fjárlagafrv. neina fjárhæð í þessu skyni. — Þannig horfði þetta mál við, þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum.

Nú var því yfirlýst af hálfu þessarar ríkisstj., að hún ætlaði sér að afgreiða fjárl. rekstrarhallalaus, og enn fremur hafði hún lýst yfir því, að reynt yrði með fjárframlögum úr ríkissjóði að halda vísitölunni niðri í 310 stigum. Þessi ákvörðun hlaut að hafa það í för með sér, að sjá yrði fyrir tekjum í ríkissjóð — auk þeirra, sem þegar höfðu verið teknar inn í fjárlagafrv., — tekjum til að mæta þeim útgjöldum, er yrðu væntanlega við það að halda vísitölunni í þeim skefjum, sem hér hefur verið á drepið. Þegar hér var komið hafði fjvn. með tilliti til hinna miklu umframtekna ríkissjóðs á árinu 1946 hækkað áætlun frv. á ýmsum tekjuliðum þess.

Þegar er þessi ríkisstj., er nú situr, tók til starfa, að því er snertir það að hafa áhrif á afgreiðslu fjárl., var unnið að því að fá nokkurn niðurskurð á þeim fjárveitingarkröfum, sem lágu fyrir og komnar voru — eins og áður segir — frá fyrrv. ríkisstj. og ríkisstofnunum snertandi ýmis mál, þ. á m. skólamál, vegamál, hafnarmál o. s. frv. — Þessar tilraunir reyndust ekki með öllu árangurslausar, heldur þvert á móti ávannst það, að ýmsar þessar fjárhæðir voru lækkaðar til muna. Aftur á móti varð óhjákvæmilegt að taka upp í fjárlagafrv. útgjaldaliði, til þess í fyrsta lagi að mæta nauðsynlegum kröfum eins og að ofan greinir og niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum á sama hátt og verið hafði, í öðru lagi að mæta þeirri hækkun vísitölunnar, sem á hefur orðið frá því, er fjárlagafrv. var samið s. l. haust, og til þess tíma, sem samstarf núverandi ríkisstj. og hv. fjvn. hófst. — Af öllu þessu leiddi það, að óhugsandi var annað — að óbreyttum lögum — en að útgjaldabálkur fjárl. hlyti óhjákvæmilega að vaxa að miklum mun. Þá er það og reynsla — að ég hygg á öllum undanförnum þingum, að óhjákvæmilegt er að taka tillit til ýmissa þeirra óska, sem einstakir hv. þm. bera fram fyrir kjördæmi sín. Hefur það jafnan verið svo, og undan því varð heldur ekki komizt í þetta sinn. Þó má segja, að yfirleitt hafi verið hóflega stillt í þeim efnum af hálfu þeirra þm., er styðja núverandi ríkisstj., og þegar að því kom, að endanleg afgreiðsla fjárl. nálgaðist, og því var hreyft af mér, bæði í ríkisstj. og við flokka þá, sem styðja ríkisstj., að skera niður um 15% ýmsa þá liði fjárlagafrv., sem ekki eru bundnir í öðrum l. en fjárl., var því yfirleitt mjög vel tekið af stuðningsmönnum stjórnarinnar. Hitt er ekki unnt að gera, nema með því áður að breyta ýmsum l., að færa niður þá útgjaldaliði fjárl., sem eru ákveðnir í öðrum l.

Alþ. hefur, hin síðari árin ekki sízt, verið óspart á að samþykkja ýmsa löggjöf, sem bindur m. a. ríkissjóðnum mjög þunga bagga, og þessu er ekki hægt að hagga af neinni ríkisstj. á annan veg en þann að fá samþykki Alþ. til breytinga á slíkri löggjöf, en það aftur á móti tekur venjulega lengri tíma en svo, að unnt sé að gera það, þegar komið er langt fram í afgreiðslu þeirra fjárl., sem til meðferðar eru, þannig að lækkunin geti þar verið tekin til greina.

Niðurstöðutölur þeirra fjárl., sem nú eru að verða afgreidd og gilda fyrir yfirstandandi ár, eru sem hér segir: (Sjá næstu bls.).

Sá niðurskurður á útgjöldunum, sem samkomulag fékkst um í stuðningsflokkum ríkisstj., nemur rúmum 7 millj. kr., kemur niður á verklegum framkvæmdum, en þó er það svo, að samkv. þessu frv. er til þess ætlazt, að til verklegra framkvæmda verði varið það miklu fé á þessu ári, að aldrei í sögu þingsins hefur eins mikið fé verið fyrirhugað til slíkra framkvæmda. Skal ég sanna þetta með því að nefna aðeins fá dæmi. — Á fjárl. ársins 1945 var gert ráð fyrir að verja til verklegra framkvæmda kr. 42933600. Á fjárl. ársins 1946 voru til sömu framkvæmda áætlaðar kr. 58108100. En í fjárlagafrv. því fyrir árið 1947, er hér ræðir um, eru — þrátt fyrir þennan 15% niðurskurð — áætlaðar til verklegra framkvæmda kr. 73972900. Er af þessu ljóst, að sú ádeila, sem stjórnarandstæðingar, kommúnistar, hafa hafið á ríkisstj. fyrir þessa niðurfærslu, sem áður greinir, er með öllu tilefnislaus. Það er svo fjarri því, að með afgreiðslu þessara fjárl. sé slakað nokkuð til í því efni að verja fé í þessu skyni, að það er þvert á móti ætlazt til að verja stórum hærri fjárhæð til þessara framkvæmda en áður hefur verið, og væri ef til vill frekar ástæða til að áfellast Alþ. og ríkisstj. fyrir of há heildarframlög í þessu skyni en að gera stjórninni getsakir um, að hún stefni að því að færa atvinnuleysi yfir landslýðinn með þessum lítilfjörlega niðurskurði, eins og kommúnistar hafa gert í umræðum um málið.

Allir vita það, að á síðustu undanförnum árum hefur verið mikið yfir því kvartað, að framleiðsla

I. Rekstraryfirlit.

Tekjur:

2.	gr.		Skattar og tollar	148200000
3.	—	A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	53341572
3.	—	B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	10000
4.	—		Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	588107
5.	—		Óvissar tekjur	100000
			Samtals kr.	202239679

Gjöld:

7.	gr.		Vextir		1169193
8.	—		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		362603
9.	—		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		1515576
10.	—		Til ríkisstjórnarinnar		4302484
11.	—	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	8715734	
		B.	Opinbert eftirlit	826661	
		C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	3857309	
		D.	Sameiginlegur kostn. við embættisrekstur	825000	
					14224704
12.	—		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		11631819
13.	—	A.	Vegamál	21757520	
		B.	Samgöngur á sjó	3446000	
		C.	Vitamál og hafnargerðir	10116100	
		D.	Flugmál	4259700	
					39579320
14.	—	A.	Kirkjumál	3161760	
		B.	Kennslumál	29070818	
					32232578
15.	—	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2516793	
		B.	Til rannsókna í opinbera þágu og fleira	3368181	
					5884974
16.	—	A.	Landbúnaðarmál	16097695	
		B.	Sjávarútvegsmál	694500	
		C.	Iðnaðarmál	655860	
		D.	Raforkumál	4228000	
					21946055
17.	—		Til félagsmála, aðallega almennra trygginga		23632690
18.	—		Til eftirlauna og styrktarfjár		4544350
19.	—		Óviss útgjöld, niðurgreiðsla á vísitölu m. m.		35500000
			Rekstrarafgangur		5713333
			Samtals kr.		202239679

II. Sjóðsyfirlit:

Inn:

2.—5.	gr.		Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	202239679
			Aðrar innborganir og fyrningar:	
20.	gr.	1.	Fyrningar	1493500
		2.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og fleira	2343000
		3.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000
		4.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50000
			Greiðslujöfnuður	7890795
			Samtals kr.	214026974

Út:

7.—19.	gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	196526346
			Aðrar útborganir:	
20.	gr.	1.	Afborganir lána og eignaaukningar samkvæmt 20. gr.	17500628
			Samtals kr.	214026974

landsmanna — bæði til sjávar og sveita — ætti örðugt uppdráttar sökum skorts á vinnuafli — og með réttu af ýmsum á það bent, að ríkið ætti að fara varlega í það að keppa um vinnuafl við atvinnuvegina, þegar mikil eftirspurn væri eftir verkafólki bæði til sjávar og sveita og við byggingar einstaklinga. Þetta kapphlaup um vinnuaflið hefur verið atvinnuvegunum talsverður fjötur um fót, og þess vegna væri full ástæða til, að ríkið hefði heldur allan viðbúnað til þess að halda fullu fjöri í verklegum framkvæmdum ríkisins á þeim tíma, sem eftirspurnin frá annarri hlið eftir vinnuaflinu fjar-

að út. Þessi stefna — svo mikinn rétt sem hún þó á á sér — hefur ekki átt stuðning ríkisvaldsins undanfarin ár, og hún virðist eiga langt í land með að fá þann stuðning hjá þeim flokki, Kommúnistaflokknum, sem nú fárast svo mjög yfir því, þótt í þessu fjárlagafrv. sé dregið úr verklegum framkvæmdum, sem nemur um 7 millj. kr., þrátt fyrir það að sannað er með frv. sjálfu, að til þessara hluta er ætluð svo óvenju há fjárhæð sem raun ber vitni um — og hærri en nokkru sinni hefur áður verið.

Eins og vitað er, hefur ríkisstj. borið fram og fengið lögfesta tekjuöflun til þess að mæta þeim útgjöldum fjárl., sem nauðsynleg verða samkvæmt frv. því, er fyrir liggur.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við, lágu engin slík frv. fyrir Alþ., og þess vegna féll í hennar hlut það miður vinsæla verk að gera tillögur í þessum efnum. — Það er og kunnugt, að stjórnarandstaðan, kommúnistar, hefur risið öndverð gegn tekjuöflun handa ríkissjóði, þrátt fyrir það að þessir sömu menn hafa verið kröfuhæstir um útgjöld úr ríkissjóði. Tilgangur kommúnista er kannske ekki fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir, að fjárl. séu afgreidd hallalaus, þeir vita hvort sem er, að aðrir en þeir muni sjá fyrir því, en vildu hafa tylliástæðu til að geta ráðizt á ríkisstj. í sambandi við tekjuöflunina, auðvitað hvaða leið sem farin yrði. Annars er það vitað, að þeir eru allra manna frakkastir í kröfum til ríkissjóðsins.

Við 2. umr. fjárlagafrv. vildi Kommúnistafl. hækka útgjöldin um 20 millj. kr. fram yfir það, sem samþ. var við þá umr., og við 3. umr. fjárlagafrv. lágu enn fyrir frá þessum sömu mönnum hækkunartillögur, er námu um 5 millj. kr.

Þegar svo ríkisstj. fékk samþ. tekjuöflunarfrv., hótuðu kommúnistar gagnráðstöfunum utan þingsins, sem þeir mundu koma fram — og allir vita, hvað við er átt, sem sé verkföll. Þeir flýttu sér að afflytja fyrir þjóðinni viðleitni ríkisstj. til þess að sjá fjárhag ríkisins borgið. — Í umr. um verðtollsfrv., sem ekki er ætlazt til, að gildi nema ¾ úr ári, hafa þeir ávallt tíundað þær upphæðir, er sá tollur mundi gefa, ef hann væri í gildi í heilt ár. Þannig hafa kommúnistar flutt þjóðinni vísvitandi rangar fregnir í æsingaskyni. — Þá var því fram haldið, bæði í málgagni kommúnista og af ræðumönnum þeirra á Alþ., að verðtollshækkunin þýddi sama sem 8—9% kauplækkun verkamanna. Þetta er vitaskuld byggt á mjög röngum forsendum. Verðtollurinn nær, eins og vitað er, einnig til þeirrar vöru, sem lögð er til grundvallar vísitölureikningnum, og sú hækkun á nauðsynjum, sem verðtollurinn orsakar, kemur fram í hækkaðri vísitölu, en það þýðir aftur hækkun á kaupi allra launþega.

Það má nú að vísu segja — og hefur ekki verið sparað að núa stjórninni því um nasir —, að það sé einkennileg aðferð til tekjuöflunar að hækka tolla á vísitöluvörum og með því hækka vísitöluna, sem svo krefst útgjalda úr ríkissjóði til að halda niðri. — Við þessu er það að segja, að hækkun verðtollsins á öðrum vörum en þeim, sem inn í vísitöluna ganga, mundi hafa litla tekjuöflun í för með sér fyrir ríkissjóð. Inn í vísitöluna eru teknar vörur af öllum þeim tegundum, sem almenningur þarf venjulega á að halda, jafnvel munaðarvara. Á þetta er drepið til þess að benda á það rakaleysi, sem kommúnistar hafa oft haft í þessu máli með það eitt fyrir augum að hleypa af stað vandræðum, áður en rétt væri flutt málið fyrir þjóðinni.

Ég hef fengið umsögn hagstofustjóra um það atriði, að hve miklu leyti launþegar sjálfir yrðu að bera byrðar vegna tollahækkana þeirra, sem nýlega hafa verið lögleiddar. — Um það segir hann svo m. a.: „Tollahækkanir valda verðhækkun á vörum, sem þeir verða að greiða, sem vörurnar kaupa. Sumar af þessum vörum eru keyptar af launþegum, og eru það yfirleitt aðeins neyzluvörur, en aðrar eru keyptar af atvinnurekendum, bændum, útgerðarmönnum, iðnrekendum o. fl., bæði til framleiðslu og neyzlu. Verðhækkunin á þeim vörum, sem ganga inn í vísitöluna, veldur hækkun á henni, en eins og samningum er nú háttað við launþega yfirleitt, veldur þessi vísitöluhækkun tilsvarandi kauphækkun hjá þeim, svo að þeir eiga að vera jafnvel settir eftir sem áður. En nú hefur ríkisstj. lýst því yfir, að hún muni með niðurgreiðslum úr ríkissjóði halda vísitölunni niðri, svo að hún hækki ekki frá því, sem nú er. Til þess að tollahækkunin hækki ekki vísitöluna, verður því stjórnin annaðhvort að lækka verðið á tollvörunum, sem ganga inn í vísitöluna, aftur um það, sem tollhækkuninni nemur, eða nota tolltekjurnar til þess að lækka verð á öðrum vörum jafnmikið sem tollvörurnar hafa hækkað. Eiga þá launþegarnir að vera jafnt settir eftir sem áður, þar sem vörurnar, sem þeir kaupa, hafa annaðhvort ekki hækkað eða sumar hafa hækkað, en aðrar lækkað sem því svarar."

Og enn segir hann: „Launþegum er því tryggt, að bæði sú verðhækkun, sem verður strax á neyzluvörum þeirra vegna tollhækkananna, og sú, sem verða kann síðar á þeim vegna tollhækkana á framleiðsluvörum, lendir ekki á þeim, að svo miklu leyti sem neyzla þeirra er í samræmi við útgjaldareikning þann, sem vísitalan byggist á."

Og loks: „Það hefur verið áætlað, að tollahækkunin muni mjög bráðlega hafa í för með sér um 7 stiga vísitöluhækkun. Þessi áætlun mun vera mjög lausleg, en ef hún reynist rétt, jafngildir það rúmlega 2% útgjaldaaukningu fyrir launþega, sem annaðhvort verður bætt upp með tilsvarandi kauphækkun eða niðurfærslu á vöruverði, og kemur sú útgjaldaaukning því ekki til þess að hvíla á launþegum. En þar fyrir utan verða þeir sjálfir að bera einhvern hluta af tollahækkuninni, sem fyrir tekjulága fjölskyldumenn mun þó vera mjög lítið, en yfirleitt því meira, sem menn eru minna bundnir við venjuleg útgjöld tekjulágra fjölskyldumanna og geta leyft sér meiri útgjöld, sem uppbót veitist ekki á samkvæmt vísitölu."

Ég ætla, að þessi vitnisburður hagstofustjóra muni nægja til að hnekkja þeim fáránlegu fullyrðingum kommúnista, sem þeir hafa haft í frammi varðandi þessar tollahækkanir. — Hér er því ekki um annað að ræða en vísvitandi fölsun staðreynda og frumhlaup kommúnista eingöngu gert með það fyrir augum að narra verkamenn út í verkföll undir fölsku yfirskini — verkföll, sem ekki yrðu annað en pólitísk hrekkjabrögð kommúnista.

Framleiðslan á sjávarafurðum hjá oss Íslendingum á við mikla örðugleika að etja á þessum tímum. Verðbólgan gerir það að verkum, að fram-

leiðsla okkar er svo dýr, að við stöndumst engan veginn samkeppni um sölu á sjávarafurðum okkar við aðrar þjóðir. Þetta hefur orðið þess valdandi, að Alþ. hefur neyðzt til þess að taka ábyrgð á vissu verði, mjög háu, gagnvart framleiðendum, en verðið er hins vegar svo hátt, að mikið af þessari framleiðslu verður að seljast undir kaupverðinu.

Ef kommúnistum tekst nú að hleypa af stað nýrri verðbólgu með kaupkröfum og verkföllum í pólitísku hefndarskyni, versnar aðstaða sjávarútvegsins og annarra atvinnuvega að sama skapi. — Við höfum haft með höndum mikil verkefni, þar sem er hin svokallaða nýsköpun atvinnuveganna, og vissulega var það vel ráðið að verja miklum hluta af innistæðum þjóðarinnar utanlands, sem hún átti á árinu 1944, til að kaupa ný og betri framleiðslutæki til lands og sjávar, svo sem líka hefur verið gert.

En allt þetta kemur að litlu haldi þjóðinni til framdráttar, ef ekki tekst að vinna sigur á því böli, sem verðbólgan hefur skapað. Jafnvel nýir togarar og nýjar vélar koma okkur að litlu haldi, ef við getum ekki framleitt afurðir við því verði, sem hæst fæst fyrir þær hjá kaupendunum. — Nýsköpunin hafði það höfuðmarkmið að tryggja það, að í framtíðinni yrði ekki atvinnuleysi hér á landi. Þessu markmiði getur hún náð, ef vel er á haldið og viturlega, en missir þess, ef stefnt er út í vandræði í atvinnumálunum, og einkum stafar nýsköpuninni hætta af því, ef ábyrgðarlausir menn fá verkalýðinn í lið með sér til þess að hindra það framtak, sem nýsköpunin gerir mögulegt, og þannig koma í veg fyrir, að hún geti orðið verkalýðnum og þjóðinni allri til þess gagns, sem til var ætlazt.

Ég vil ekki fullyrða að svo komnu máli, að ekki kunni svo að fara þetta árið, ef heppnin er með, að rekstur þjóðarinnar beri sig, en við erum vissulega komnir á yztu nöf og óhætt að segja, að nú er svo komið, að við verðum að fara að færa niður framleiðslukostnaðinn og fullkomið óvit að ætla sér að spenna bogann hærra en orðið er.

Þetta raskar ekki því, sem verið hefur leiðarstjarna okkar sjálfstæðismanna í nýsköpunarmálunum, að þjóðin standi betur að vígi með ný tæki en gömul, en af því má ekki draga þá ályktun, að vegna hinna nýju tækja geti þjóðin leyft sér að bera fram takmarkalausar kröfur.

Það hefur upp á síðkastið klingt mjög við í ræðum kommúnista að tala um hrunstefnu og skemmdarstarfsemi. Þessu hafa þeir viljað beina að öllum öðrum flokkum og einkum að núverandi ríkisstj. Ekki þurfa þessir menn að hugsa það, að allur landslýður sé svo fávís, að hann trúi þeirra orðum, en hrunstefnu fylgja þeir bezt, sem að tilefnislausu reyna að stöðva atvinnulífið í landinu og þar með brjóta fjöregg þjóðarinnar.

Hinni íslenzku þjóð hlýtur að vera það ljóst, að það er ekki hægt að byggja upp farsællega atvinnumál þjóðarinnar með því að hlaupa eftir duttlungum pólitískra spekúlanta, heldur verður að byggja upp atvinnuhættina þann veg, að stétt starfi með stétt og að sanngirni í viðskiptum manna á meðal sé höfð að leiðarstjörnu.

Við sjálfstæðismenn höfum undanfarið unnið að því með heilum hug að tryggja þjóðinni fullkomin framleiðslutæki. Kommúnistar hafa unnið með okkur að hinu sama og einnig alþýðuflokksmenn. Þúsundir framtakssamra manna hafa hafizt handa á grundvelli nýsköpunarinnar. Nú virðast kommúnistarnir vera þess albúnir að kyrkja nýsköpunina í fæðingunni, og má segja, að þessum flokki séu mjög mislagðar hendur í þessu efni, sem raunar í fleirum. Einn og ekki hinn ónauðsynlegasti liður nýsköpunarinnar er einmitt sá að gera allar þær ráðstafanir, sem hægt er, til þess að mönnum reynist kleift að reka atvinnu sína með hinum nýju tækjum og afla með þeim bjargræðis sjálfum sér og öðrum til gagns og hvers konar nytsemda og tryggja þannig heilbrigt atvinnulíf í landinu. En hitt stefnir í þveröfuga átt að blása að vinnudeilum að tilefnislausu, svo sem kommúnistar gera nú.

Ég vil að lokum taka undir þau orð, sem fyrirrennari minn í þessu embætti sagði í ræðu þeirri, er hann hélt, þegar lagt var fram það frv. til fjárlaga, sem hér er til umræðu: „Öll framtíð lands vors er undir því komin, að unnt verði að halda hér uppi þróttmiklu atvinnulífi — að unnt verði að hafa verkefni handa hverjum manni, sem unnið getur. Takist það ekki, munu margar vonir bresta."

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er óhugsandi að dæma um stefnu ríkisstj. og framkvæmdir hennar án þess að hafa skýrt í huga, hvernig ástatt er í landinu nú um þessar mundir, þegar ríkisstj. er að hefja störf sín. Ég mun því byrja með því að leitast við að gefa yfirlit í örfáum stórum dráttum um viðhorfið eins og það kemur mér fyrir sjónir.

Af mörgu þýðingarmiklu er það þó þýðingarmest, þegar á fjárhagsmálin er litið, hvernig afstaða þjóðarinnar er gagnvart útlöndum. Á styrjaldarárunum söfnuðust þjóðinni miklar inneignir erlendis, og þegar menn litu á þær, töldu menn, að þjóðin væri orðin rík. Þessar inneignir söfnuðust þó ekki aðeins vegna framleiðslu landsmanna, heldur fyrst og fremst vegna viðskipta við heri þá, sem í landinu dvöldu, og eyðslu þeirra hér. Sést þetta af því, að gjaldeyriseyðslan á stríðsárunum mun ætíð hafa nálgazt jafngildi útflutningsins.

Það er ómögulegt að gera sér grein fyrir þeim vandamálum, sem nú bíða fram undan, nema með því að athuga nokkuð þá þróun, sem orðið hefur í þessum efnum, og þá sérstaklega frá því að inneignir þjóðarinnar erlendis náðu hámarki, en það var í lok nóvembermánaðar 1944. Þá komust gjaldeyrisinneignirnar hæst og námu 585330000 króna. Á þessu hvíldu ábyrgðarskuldbindingar bankanna á þeim tíma, er námu 48 millj. kr., þannig að nettóinneignir umfram ábyrgðarskuldbindingar námu 537 millj. króna.

Lítum þá á, hvernig nú er ástatt. Síðasta dag marzmánaðar s. l. námu gjaldeyrisinneignir bankanna samtals 149655000 kr., en ábyrgðarskuldbindingar á sama tíma námu 41484000 kr., þannig að nettóinneignir voru þá 108171000 kr. Á nýbyggingarreikningi áttu þá að vera 111154000 kr., og skorti því á þeim tíma 3 millj. kr., til þess að bankarnir ættu fyrir því fé, sem óútborgað á að vera á nýbyggingarreikningi. Enn fremur eru ófærð á nýbyggingarreikning þau 15% af útflutningsandvirði ársins 1946, sem þangað áttu að fara, blátt áfram af því, að þeir milljónatugir hafa verið notaðir fyrir venjulegan innflutning. Útgefin innflutningsleyfi á nýbyggingarreikning námu á þessum tíma

meira en þeim 111 milljónum, sem þar áttu að vera. Niðurstaðan er því sú, að öllum gjaldeyrisinneignum landsmanna hefur verið ráðstafað og meira til.

Síðustu mánuðina hefur svo fast að sorfið, að bankarnir hafa neyðzt til að stöðva yfirfærslur að verulegu leyti. Vörur hafa hrúgazt upp á skipaafgreiðslum, sem eigi hefur verið unnt að greiða vegna skorts á gjaldeyri, þótt leyfi væri fyrir hendi. Landsbankinn hefur orðið að taka gjaldeyrislán til bráðabirgða og það þó lítt hrokkið upp í þær miklu kröfur, sem fyrir liggja. Fyrirmæli hafa verið gefin til viðskiptaráðs um að gefa ekki út leyfi fyrir öðru en lífsnauðsynjum og brýnustu þörfum framleiðslunnar, og hefur þó framkvæmd þeirrar stefnu ekki náð að forða frá þeim hnút, sem þessi mál eru komin í, enda ekki við því að búast, þar sem sú ráðstöfun var ekki gerð fyrr en í febrúarmánuði s. l., en þá var öllum gjaldeyrisinneignunum þegar ráðstafað.

Dráttur á sölu og útflutningi á sinn þátt í því að gera sjálf yfirfærsluvandræðin stórkostlegri nú þessar vikur, en þó því hefði ekki verið til að dreifa, væri gjaldeyrir samt þrotinn, og það raskar þá ekki þeirri heildarmynd, sem ég hef dregið upp.

Menn verða því að horfast í augu við það, að gjaldeyrisinnstæður þjóðarinnar, sem fyrir rúmum tveimur árum voru nærfellt 600 milljónir, eða sem svaraði 8—10 ára útflutningi fyrir stríð, eru ekki lengur til sem varasjóður landsmanna, sem hægt sé að grípa til, ef eitthvað ber út af. Og þær geta heldur ekki staðið undir þeim greiðslum vegna margháttaðra framfaramála, sem nauðsynlegt er að inna af höndum á næstu misserum.

Þjóðin verður að horfast í augu við, að allt það, sem hún ver til uppbyggingar atvinnulífi og til framfara, verður héðan af að takast af útflutningsverðmæti hvers árs. Ég efast um, að menn hafi enn gert sér grein fyrir því, hversu gífurlega breytingu þetta boðar. Renna má þó grun í þetta með því að gera sér ljóst, hversu miklum gjaldeyri hefur verið ráðstafað nú undanfarið, og gizka síðan á, hvað til ráðstöfunar muni geta orðið á næstunni. Árið 1945 voru notaðar 427 millj. ísl. kr. í erlendum gjaldeyri og árið 1946 508 millj. kr., eða samtals einn milljarður á þessum tveimur árum eða að meðaltali 500 millj. kr. á ári. Til samanburðar má geta þess, að útflutningur ársins 1946 nam 291 millj. kr. og árið 1945 267 millj. kr.

Ekki vil ég spá um það, hverjar gjaldeyristekjur þjóðarinnar kunna að verða á næstunni, en það er þó augljóst öllum, að þjóðin hlýtur á næstu árum að verða að nota stórkostlega miklum mun minna af erlendum gjaldeyri en gert hefur verið, ef hún ætlar ekki að glata fjárhagslegu sjálfstæði sínu. Það gæti skipt hundruðum milljóna á ári, sem verja yrði minna til vörukaupa en gert hefur verið nú um skeið.

Um síðustu áramót var þannig ástatt um afkomu sjávarútvegsins, sem aflar útflutningsverðmætisins, að vonlaust var talið, að sjávarútvegurinn yrði rekinn af kappi og að unnt yrði að fá menn til starfa á fiskiflotanum, nema með því móti, að fiskverðið yrði hækkað um 30%. Var þá gripið til þess úrræðis í nauðvörn að taka ríkisábyrgð á þessu útflutningsverði fisksins, enda þótt engir samningar lægju fyrir um sölu aflans og í landinu lægju talsverðar birgðir af óseldum sjávarvörum frá fyrra ári.

Í allan vetur hafa sjávarafurðir verið framleiddar út á þessa ábyrgð og þrátt fyrir ábyrgðarverðið hafa verið miklir erfiðleikar á því, að sjávarútvegurinn gæti fengið það vinnuafl, sem hann hefur þurft.

Frá því að ríkisstj. tók við störfum, hafa nefndir unnið að samningum um sölu á útflutningsvörum landsmanna, og er þeim ekki lokið enn, en augljóst er, að þess er enginn kostur að selja alla framleiðslu landsmanna fyrir ábyrgðarverð. Jafnframt er augljóst, að sá fiskur, sem seljast kann fyrir ábyrgðarverð, verður raunverulega seldur langt yfir því markaðsverði fyrir fisk, sem nú gildir og aðrir bjóða. Takist slíkar sölur á einhverjum hluta framleiðslunnar nú í þetta sinn, verður það einvörðungu vegna þess, að samtímis sölu fisksins er samið um sölu á öðrum sjávarafurðum, sem eru meir eftirsóttar nú sem stendur, og þær látnar fylgja með fiskkaupunum. Allar aðrar fiskframleiðsluþjóðir en Íslendingar bjóða fisk sinn ódýrar en þeir. Það þýðir ekki annað en horfast í augu við þetta, og mun það liggja gleggra fyrir innan skamms.

Ástandið í landbúnaðinum er þannig, að hann getur með engu móti keppt um vinnuaflið við aðra atvinnuvegi, og fólkið hefur flykkzt úr sveitum til kaupstaða og kauptúna og þó einkum eða nær einvörðungu til Reykjavíkur, þegar litið er á fólksflutningana í heild.

Báðir undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar eru í vandræðum með vinnuafl, beinn samdráttur á sér stað í landbúnaðinum, og aukning sjávarframleiðslunnar er ekki í neinu hlutfalli við það, sem hefði getað orðið og þurft hefði að vera.

Fiskábyrgðarverðið, sem er hærra en staðizt fær í viðskiptum við markaðsþjóðirnar, svo sem að hefur verið vikið, er miðað við vísitölu 310 stig. Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum, var vísitalan á hraðri leið upp á við, en tekizt hefur að halda henni niðri með bráðabirgðaráðstöfunum. Nú mundi vísitalan vera á milli 320—330 stig, ef ekkert hefði verið að gert síðustu mánuði, og afleiðing þeirrar hækkunar hefði verið óbærileg fyrir sjávarútvegsinn og lagt grundvöll að áframhaldandi hækkun. Hins vegar kostar milljónatugi að halda vísitölunni, þar sem hún er nú, og vaxandi kostnaður, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til þess að breyta því fjárhagskerfi, sem við nú búum við.

Þegar upp er brugðið mynd af ástandinu, þarf að taka fram, að þjóðin á nú fullkomnari bátaflota en áður og að á næstu mánuðum endurnýjast togaraflotinn að verulegu leyti með nýjum skipum. Þótt þessu sé til að dreifa, væri fásinna að draga af því þá ályktun, að Íslendingum verði mögulegt á næstu mánuðum og misserum að halda framleiðslunni gangandi, hvað þá að halda uppi blómlegu atvinnulífi, án þess að minnka verðbólguna og lækka framleiðslukostnaðinn, og það væri jafnmikil fásinna að líta svo á, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar af framleiðslunni einni saman gætu orðið svo stórfelldar á næstu misserum, að komizt verði hjá því að minnka stórkostlega gjaldeyrisnotkun þjóðarinnar til margs konar eyðslu og neyzlu, svo framarlega sem menn ekki ætla sér að láta uppbyggingu atvinnuveganna og framkvæmdir helztu nauðsynjamála stöðvast alveg.

Í nóvembermánuði s. l. var gert yfirlit um það, hvernig ástatt væri um framkvæmdir í sjávarút-

vegsmálum, aðrar en skipa- og bátakaup. Þá sýndi það sig, að fullgerðar framkvæmdir í þessari grein á árinu 1945 námu 6.4 millj. kr., að fullgerðar framkvæmdir 1946 námu 6,1 millj. kr., að framkvæmdir, sem unnið var að en ólokið þá, námu 42,2 millj. kr. og að fyrirhugaðar framkvæmdir á næstunni námu 55,4 millj. kr. Þó að þarna sé tekinn sjávarútvegurinn einn, þá vitum við öll, að hinu sama er til að dreifa í landbúnaðarmálum, raforkumálum, samgöngumálum og þá ekki síst um íbúðarhúsabyggingar. Hitt vita menn einnig, og er þó nauðsynlegt, að það sé undirstrikað, til þess að menn geri sér grein fyrir því, við hvað er að glíma, að fjáröflun til þessara þýðingarmiklu framkvæmda, sem mjög margar standa nú hálfgerðar, hafa með öllu stöðvazt um lengri tíma.

Fjárhagsástandið í landinu hefur verið þannig um langan tíma, að þess hefur enginn kostur verið að útvega lán, þótt fullkomnustu tryggingar hafi verið í boði. Ríkisskuldabréf hefur ekki verið hægt að selja og ekki hægt að fá lán með ríkisábyrgð. Íbúðarhúsabyggingar annarra en þeirra, sem fullar hendur hafa fjár, eru ýmist algerlega stöðvaðar, sumar fyrir nokkuð löngu, eða að stöðvast. Bankarnir hafa fest langsamlega mestan hluta af því fjármagni, sem þeir höfðu laust, og samt er ástandið svona.

Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið frá fyrstu hendi, námu útlán þjóðbankans um síðustu mánaðamót ca. 407 millj. Af því voru lausaskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana ca. 85 millj. (Þar í útlagt vegna togarakaupa.) Föst skuldabréfalán bæjar- og sveitarfélaga, ríkis og með ríkisábyrgð ca. 84 millj., og lán bæjarfélaga og stofnana þeirra ca. 20 millj. Þetta nemur samtals ca. 190 millj. Í opinberum lánum, eða nærfellt helmingi af öllum útlánum þjóðbankans.

Öngþveitið á lánamarkaðinum á sér ýmsar ástæður. Fjárfestingin hefur verið mjög mikil undanfarin misseri, eins og gjaldeyrisástandið sýnir, og hin almenna eyðsla enn stórkostlegri, og þess vegna hefur fjármagn beinlínis gengið mjög til þurrðar frá því, sem var. Hér kemur og til greina, að sívaxandi verðbólga og ástand atvinnuvega og fjármála yfirleitt hefur skapað þá skoðun, að peningar væru sífellt að verða minna og minna virði, og komið þeirri trú inn hjá mönnum, að enda mundi með gengishruni. Þetta hefur auðvitað leitt til aukinnar eyðslu og til þess, að menn hafa ekki viljað binda peninga sína til langs tíma, heldur hafa þá til taks, til notkunar næsta dag, ef tækifæri byðist.

Það er táknrænt fyrir ástandið í þessum efnum, að ríkisstj. situr uppi með lánsheimildir og ábyrgðarheimildir, sem nema hundruðum milljóna, en ekki hafa reynzt nothæfar nema að litlu leyti og þá helzt þannig, að þjóðbankinn hefur lagt til fé.

Lítum þá loks á fjárhagsafkomu ríkissjóðs og afgreiðslu fjárlaga. Á árinu 1946 munu tekjur ríkissjóðs hafa eftir síðustu upplýsingum numið nærfellt 200 milljónum, en voru áætlaðar í fjárlögum 122 milljónir. Umframtekjur hafa því orðið 75—78 millj. kr. Gjöld á rekstrarreikningi munu reynast 173—175 millj. og tekjuafgangur á rekstrarreikningi er því um 22 millj. kr., en útgjöld á sjóðsyfirliti eru svo há, að greiðsluhalli hefur orðið á árinu 1946. Var yfirdráttur ríkissjóðs á hlaupareikningi í landsbankanum 1. janúar 1947 7.9 millj. kr., 1. febrúar nam yfirdrátturinn 14,6 millj. kr.

Fjárlagafrv., sem lá fyrir þessu þingi, þegar núverandi ríkisstj. tók við, gerði ráð fyrir 146 millj. kr. rekstrarútgjöldum, en var þó ekki reiknað með hækkun vísitölunnar, heldur 290 stig lögð til grundvallar í frv. og ekki gert ráð fyrir neinum greiðslum til þess að borga niður dýrtíðina, enda þótt til þess hefðu verið notaðar um 20 millj. á árinu 1946.

Þegar frv. þetta hafði verið athugað til hlítar af núverandi stjórn, kom í ljós, að afla þurfti a. m. k. milli 40—50 millj. kr. nýrra tekna, ef standa átti við skuldbindingar þær, sem á ríkissjóð hafa verið lagðar með löggjöf síðustu missera, gera ráð fyrir svipuðum verklegum framkvæmdum og áður og koma í veg fyrir, að vísitalan færi upp fyrir 310 stig.

Ég hef nú minnzt á örfáar staðreyndir, sem nauðsynlegt er að hafa í huga, og skal ég þá víkja nokkuð að stjórnarstefnunni, eins og hún er mörkuð í sjálfum stjórnarsáttmálanum og frv. þeim og tillögum, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ.

Fyrst er þá að nefna fyrirhugaða stjórn á fjárfestingunni. Um það efni hefur verið lagt fram frv. samkvæmt stjórnarsáttmálanum, frv. um fjárhagsráð. Megintilgangur þess er sá að ná tökum á framkvæmdum í landinu til þess að geta tryggt það, að þær framkvæmdir, sem nauðsynlegastar eru þjóðinni og mest horfa til framfara, sitji fyrir um efni, vinnuafl og fjármagn, og enn fremur, að hægt sé að hafa stjórn á því, í hve miklar nýbyggingar er ráðizt, og þannig koma í veg fyrir þá ofþenslu og þá upplausn, sem af því hlýtur að stafa fyrir atvinnuvegi landsins og framkvæmdirnar sjálfar, ef miklu meira er tekið fyrir í einu en þjóðin er fær um að ráða við. Enn fremur er þetta gert til þess, að auðveldara sé um vik til þess að eiga frumkvæði að nauðsynlegum framkvæmdum, ef það sýnir sig, að þær eru ekki teknar upp án afskipta ríkisvaldsins.

Þessi skipan er þjóðinni lífsnauðsyn, hefði þurft að vera komin á áður, eins og framsóknarmenn hafa þráfaldlega bent á, og þegar nú er svo komið, að landsmenn hafa ekki á neitt að treysta annað en útflutningsverðmæti hvers árs um sig til öflunar nýrra tækja til landsins og standa undir framförunum, ber margfalda nauðsyn til að koma þessari skipan á.

Í stjórnarsáttmálanum og frv. til laga um fjárhagsráð er einnig mörkuð stefna stjórnarinnar í verzlunarmálum, og segir þar um það m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt.“

Enn fremur segir í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstj. leggur á það áherzlu, að innflutningsverzluninni verði háttað svo, að verzlunarkostnaðurinn verði sem minnstur. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu, hvort sem þar er um að ræða einstaklinga eða félög.“

Þannig er stefnan mörkuð í verzlunarmálum í sambandi við ráðstafanir í fjárfestingar- og gjaldeyrismálum, en það er svo bæði um stjórn á fjár-

festingunni og framkvæmdir í viðskiptamálum, að þar verður mest undir sjálfri framkvæmdinni komið á löggjöfinni, og er þannig frá gengið í stjórnarsamningnum og frv. um fjárhagsráð, að þessi málefni heyra undir ríkisstj. alla. Reynslan verður að sýna, hvernig til tekst að framkvæma þá stefnu, sem mörkuð er í sáttmálanum.

Það er ætlun ríkisstj. með löggjöfinni um fjárhagsráð m. a. að minnka eyðslu, bæta verzlunarástandið og tryggja það, að nauðsynlegustu framkvæmdir sitji í fyrirrúmi.

Ég hef áður lýst öngþveiti því, sem ríkt hefur um öflun lánsfjár til nauðsynlegustu framkvæmda. Í því efni hefur í sambandi við stjórnarmyndunina verið samið um fyrsta skrefið, það er að segja allsherjar eignakönnun, sem gera á til þess að draga laust fjármagn, sem skotið hefur verið undan skattlagningu, inn til ríkisins og verja því þaðan aftur til þess að standa undir þeim framkvæmdum, sem mestu máli skipta.

Fer ég ekki nánar út í það mál hér, en líklegt er, að frekari ráðstafanir verði að gera í þessum efnum, áður en langt um líður.

Kommúnistar gera sér tíðrætt um lánsfjáröflun til framkvæmda. Þeir segja, að engar áhyggjur hafi þurft eða þurfi að hafa í þeim efnum. Allt sé hægt að gera, allir geti fengið óskir sínar uppfylltar, og menn geti lifað hátt — á lánum frá landsbankanum. Það er engu líkara en að telja eigi mönnum trú um það, að bankastjórn landsbankans geti gefið út seðla takmarkalaust og þjóðin byggt afkomu sína á því, án þess að það hefni sín. Við sjáum nú afleiðingar ofþenslunnar og eyðslunnar, sem þegar er orðin, í gjaldeyrisskortinum og afkomu atvinnuveganna.

Hvernig halda menn, að hér liti út eftir nokkur misseri, ef farið væri að ráðum kommúnista um seðlaútgáfu og lánastefnu þjóðbankans? Hagfræðingar, tilnefndir af fjórum flokkum, athuguðu þessar kenningar kommúnista í haust, og niðurstaða þeirra var sú, að þessi leið, að skylda þjóðbankann til þess að leggja fram fjármagn, án tillits til þess, hvernig ástatt væri um fjárráð bankans, hlyti að auka verðbólgu og fjárhagsupplausn og væri því ófær. Hagfræðingarnir segja svo um þetta úrræði:

„Annar möguleiki, sem til greina kæmi, væri sá, að landsbankinn af fúsum vilja eða með lagaboðum lánaði mikið fé til nýsköpunarframkvæmdanna, ýmissa opinberra framkvæmda og til byggingar íbúðarhúsa. Þetta mundi viðhalda og auka þá ofþenslu, sem nú á sér stað, skrúfa kaupgjald og verðlag áfram upp á við og auka enn misræmið á milli útflutningsatvinnuveganna og fjárfestingarframkvæmdanna og jafnvægið í greiðsluviðskiptum við útlönd."

Fulltrúi Sósfl. átti sinn þátt í því að kveða upp þenna dóm yfir kommúnistum og ábyrgðarlausum vaðli þeirra um fjáröflun og framkvæmdir og eyðileggja þar með þennan Kínalífselixír kommúnista, sem notaður hefur verið að undirstöðu í ábyrgðarlausu tali þeirra undanfarið og enn þann dag í dag.

Hitt er svo óskylt þessu skrafi kommúnista, að útlánastefna bankanna verður að vera í samræmi við stefnu þings og stjórnar í atvinnu- og fjárhagsmálum — það er hægt að tryggja í framkvæmdinni, þar sem allir bankarnir eru ríkiseign. Þótt bankarnir geri sitt, þá verður lánsfjáröflun mikið vandamál á næstunni. Eins og ég sagði áðan, er eignakönnun þar fyrsta skrefið.

Þá vil ég víkja að dýrtíðarmálinu.

Það er stefna ríkisstj. að vinna að því af alefli að stöðva hækkun dýrtíðarinnar og framleiðslukostnaðarins og vinna að lækkun hans. Í því skyni verður leitað til samtaka launastéttanna og samtaka framleiðenda til sjávar og sveita til að gera ráðstafanir gegn frekari vexti dýrtíðarinnar og um leiðir til lækkunar. Það er samkomulag milli stjórnmálaflokkanna að greiða niður fyrst um sinn vöruverð af ríkisfé svo mikið, að vísitalan hækki ekki frá því, sem nú er.

Höfuðáherzlan er lögð á að stöðva fyrst hækkun dýrtíðarinnar og vinna síðan að lækkun hennar. Sú leið, að greiða niður aukningu dýrtíðarinnar, sem stafar af verðhækkun erlendra vara, er aðeins bráðabirgðaleið, á meðan reynt er að skapa samtök um frekari ráðstafanir, sem flestir viðurkenna nú orðið, að verður að gera, svo framarlega sem forða á frá algeru hruni, stöðvun framkvæmda og atvinnuleysi.

Framsfl. er það vel ljóst, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til bráðabirgða í þessum efnum, eru ekki fullnægjandi frambúðarráðstafanir. En í þessu sambandi þykir rétt að undirstrika sérstaklega, að Framsfl. vildi samt sem áður vera með í því að mynda samtökin um þessa ríkisstj. og þá fyrst og fremst vegna þess, að honum er ljóst, að fyrsta skrefið varð að vera í því fólgið að stöðva sig á barmi gljúfursins og að slík stöðvun var undirstaða þess, að hægt væri að rétta við. Augljóst var og, að fengjust engin samtök gegn verðbólgunni nú, þá hlaut hún að vaxa risaskrefum frá mánuði til mánaðar og ástandið verða því óviðráðanlegra sem lengra liði.

Fyrstu ráðstafanirnar gegn verðbólgunni eiga að verða stjórnin á fjárfestingunni, framkvæmd verzlunarstefnunnar, sem ákveðin er í stjórnarsáttmálanum, eignakönnunin, stöðvun vísitölunnar með bráðabirgðaúrræðum fyrst í stað og almennt viðnám gegn öllum ráðstöfunum, sem aukið geta verðbólguna. Bráðlega verða frekari ráðstafanir að koma til, og kem ég að því síðar. En ég vil leggja áherzlu á, að hefðu ekki náðst samtök nú í vetur um fyrstu sporin, þá hefðu menn nú þegar verið búnir að missa öll tök á þessum málum.

Það má vera, að þjóðin beri ekki gæfu til að þola þær ráðstafanir, sem óhjákvæmilegt er að gera, áður en langt um líður, ef koma á í veg fyrir algert öngþveiti. Færi svo, mundi kannske margur segja, að þessi samtök, sem nú hafa verið gerð um byrjunarspor, hefðu orðið að litlu gagni. Ekki mundi ég telja það réttmætt. Ég mundi benda á það, að þessi samtök hefðu þó gefið þjóðinni tækifæri til þess að hugsa sig um á síðustu stundu, örlagastundu, áður en hún velur um það tvennt, sem nú er um að velja, hlíta forystu kommúnista og steypa sér ofan í gljúfrið eða horfast í augu við staðreyndir og leggja á sig fórnir og lífsvenjubreytingar til þess að geta lifað farsælu framfaralífi, þótt vera þurfi við minni eyðslukost en tíðkazt hefur um skeið.

Stefnu ríkisstj. í atvinnumálum verður bezt lýst með því að vísa til eftirfarandi ákvæða í stjórnarsáttmálanum:

„Að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem

hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar, að allir framleiðslumöguleikar séu hagnýttir til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna, að öllum vinnandi mönnum og þá sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku, og að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafl leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum."

Þessi eru höfuðsjónarmiðin í atvinnumálum. Við þau er miðað frv. um fjárhagsráð. Við þau eru miðaðar ráðstafanir ríkisstj. til þess að halda verðbólgunni í skefjum. Við þau eru miðaðar ráðstafanir ríkisstj. í landbúnaðarmálum, sem tryggja eiga stéttarsamtökum bænda réttmæta viðurkenningu og bændastéttinni réttlátt afurðaverð, og við þessi höfuðsjónarmið verður ríkisstj. að miða framhaldstillögur sínar um úrlausn vandamálanna.

Ég skal taka það fram, að ég ræði ekki að þessu sinni um stefnu ríkisstj. í landbúnaðarmálum, þar sem hæstv. landbrh. mun gera því efni skil annað kvöld.

Í stjórnarsamningnum er ákveðið að afgreiða að minnsta kosti rekstrarhallalaus fjárlög. Um tvær leiðir var að velja: Gerbreyta löggjöf síðustu þinga, skera niður verklegar framkvæmdir og leggja þó á einhverja nýja skatta eða þá að afla nýrra tekna til þess að kosta löggjöfina, halda uppi eðlilegum verklegum framkvæmdum og gera bráðabirgðaráðstafanir gegn vexti dýrtíðarinnar. Síðari leiðin var valin, og verður því gerð tilraun til þess að halda áfram þetta ár án stórfelldra breytinga á útgjaldalöggjöf landsins. En þetta kostar mikið fé, 40—50 milljónir umfram þær tekjuvonir, sem fyrir voru. Það var ekki auðvelt verk að finna fjáröflunarleiðir. Tekjuskatturinn er svo hár, að ekki kom til mála að hækka skattstigann, a. m. k. ekki svo að neinu verulegu næmi. Aðalatriðið um beinu skattana er að tryggja og skerpa framkvæmd laganna. Eignakönnunarféð getur ekki orðið notað til almennra fjárlagaútgjalda, jafnvel helzt ekki til venjulegra verklegra framkvæmda ríkissjóðs. Eignakönnunarféð þyrfti fyrst og fremst að nota til þess að leysa eitthvað af hinni gífurlegu þörf fyrir lánsfé til framkvæmda með hagstæðum kjörum. Það var því ekki hægt að byggja á því við afgreiðslu fjárlaganna. Leita varð samkomulags um aðrar tekjuöflunarleiðir í því sambandi, og komu tillögur fram, sem ekki náðu samþykki, en að endingu var samið um þær leiðir, sem farnar voru.

Áfengi og tóbak var hækkað stórlega í verði, skattur á bílum og benzíni var hækkaður og loks voru hækkuð almenn aðflutningsgjöld, en undanskildar þessum hækkunum eru ýmsar helztu neyzluvörutegundir og vörur til framleiðslu bæði til lands og sjávar. Þessum ráðstöfunum fylgdi sú ákvörðun ríkisstj. að greiða niður þær hækkanir, sem verða kynnu á vísitölunni vegna þessara ráðstafana, og er með því fyrir það girt, að þær verði til þess að skapa nýja verðbólguöldu, og þá um leið loku fyrir það skotið, að þær verði til þess að rýra afkomu þeirra, sem taka laun eftir vísitölu og miða neyzlu sína við grundvöll hennar.

Kommúnistar æptu þegar mjög í móti þessari ríkisstj., og er það óp nú orðið að öskri. Hafa þeir sérstaklega hrópað um skattahækkunartillögur stjórnarinnar og talið þær árás á launastéttirnar. Hefur mörgu furðulegu verið haldið fram í því sambandi, svo sem því, að þessar ráðstafanir þýddu 8—10% almenna launalækkun. Þessum stórlygum er haldið á loft og þær endurteknar blákalt, þótt sú staðreynd liggi fyrir, að vísitölufyrirkomulagið helzt óbreytt eins og verið hefur, að verðhækkanir, sem skattarnir kunna að valda, koma annaðhvort fram í hækkaðri vísitölu og þar með hækkuðu kaupi eða þá að gera verður ráðstafanir á móti til verðlækkunar, svo að framfærslukostnaður hækki ekki og vísitalan standi í stað. Hvort sem ofan á yrði, þá er engra sérfórna krafizt af launafólki í þessu sambandi.

Auðvitað koma hinir nýju skattar víða við, þótt þeir komi ekki niður á launamönnum sérstaklega. En þegar menn meta réttmæti þess, sem gert er, þá verða menn að leggja fyrir sig þessar spurningar: Átti heldur að gefa dýrtíðinni lausan tauminn eða átti að skera niður eða jafnvel fella niður verklegar framkvæmdir? Jafnframt verða menn að gera sér grein fyrir því, hver tekjuskatturinn er hér orðinn og útsvörin og að eignakönnunarfé gat ekki orðið notað til almennra útgjalda, og loks, að ríkisstj. er studd af þremur flokkum og ekki var hægt að fara aðrar leiðir en þær, sem allir vildu samþykkja.

Enn fremur er áríðandi, að menn loki ekki augunum fyrir því, að 40—50 millj. króna nýjar álögur til ríkissjóðs nú, sérstaklega vegna löggjafar síðustu ára og verðbólgunnar, sýna það glöggt með öðru, að svo búið getur ekki staðið til frambúðar.

Tilraunir kommúnista til þess að koma af stað æsingum og illindum meðal launastéttanna sérstaklega út af tekjuöflunarlögum stjórnarinnar, enda þótt vísitölufyrirkomulaginu sé haldið og teknanna aflað til þess að halda uppi verklegum framkvæmdum og fullri atvinnu og til þess að koma í veg fyrir vöxt verðbólgunnar og stöðvun framleiðslunnar, — þessar æsingatilraunir minna á áflog út af smámunum um borð í sökkvandi skipi.

Eða hver er svo sljór, ef hann skoðar gjaldeyrisskortinn, söluhorfurnar, dýrtíðina, framleiðslukostnaðinn, fjárlögin og skattana, að hann ekki sjái og viðurkenni, að við munum hafa annað þarfara að gera, Íslendingar, á næstu mánuðum en að rífa okkur hása hver upp í annan út af bráðabirgðaráðstöfunum, eins og þessum tollaráðstöfunum, sem að hagfróðra manna athugun gætu hækkað vísitöluna um 6—7 stig, ef tollarnir fengju að koma fram í vöruverðinu að fullu? En 6—7 vísitölustig eru rúmlega 2% hækkun á framfærsluvísitölunni — en ekki einu sinni þessi 2% er þeim ætlað að bera, sem laun sín fá mæld eftir vísitölunni.

Það er óhætt að segja það með fullkominni vissu, að ríki sá hugsunarháttur í landinu, að kommúnistar geti nú notað samtök manna til þess að knýja af stað nýja verðbólguöld, þá er vonlaust, að náð verði þeim tökum á atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar, sem verið er að reyna að mynda samtök um. Þá fellur skriðan, án þess að nokkuð verði við ráðið, hvar hún fellur eða hvar hún nemur staðar.

Hávaði kommúnista um þessar mundir sætir engri furðu. M. a. eru þeir að draga athygli frá því, hversu komið er fyrir þeim. Þeir áttu sæti í ríkisstj., meðan verið var að eyða stríðsgróðanum — þeir lofuðu

því, að fara skyldi inn í rottuholurnar til fjáröflunar og taka peninga hjá þeim ríku. Þeir sviku þetta og áttu þátt í að koma á veltuskattinum, sem lagður var á allar nauðsynjar manna, jafnvel þær allra brýnustu. Þeir töluðu digurt um, að þeir skyldu gera ráðstafanir til umbóta í verzlunarmálunum og heildsalar skyldu lagðir niður við trog, en aldrei hefur átt sér stað í þessu landi annar eins óhemju stórgróði á verzlun og meðan þeir sátu í ríkisstj. Þeir áttu manna mestan þátt í að skapa verðbólguna, og þegar hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, skilaði af sér stjórn sjávarútvegsmálanna, þá var svo komið, að 30% verðhækkun þurfti á sjávarafurðir til þess að koma í veg fyrir stöðvun vélbátaflotans. Þeir áttu þátt í því, að samþykktir voru á Alþingi nýir lagabálkar, sem höfðu í för með sér milljónatuga útgjöld úr ríkissjóði, en svikust um að standa að því að afla fjár til þess að standa undir þessum lagabálkum. Þegar að skuldadögum kom og þeir sáu fram á erfiðleikana, sá í iljar þeim út úr ríkisstjórn, í stað þess að með réttu var hægt að krefjast þess, að þeir stæðu eins og menn að því að mæta afleiðingum sinna eigin verka. Síðan standa þeir álengdar og hrópa að þeim, sem hafa tekið að sér að leysa vandann og reyna að koma í veg fyrir algert hrun og atvinnuleysi, en tryggja framfarir.

Það helzta, sem kommúnistar hafa til málanna að leggja nú, eru tillögur um milljónatuga aukin útgjöld ríkissjóðs ofan á það, sem fyrir er, og upphrópanir og gaspur um, að allt sé hægt að leysa með því að taka verzlunargróðann — allar skatta- og tollaálögur séu óþarfar og árás á alþýðuna — það þurfti ekkert annað en að þjóðnýta verzlunina, þá sé hægt að greiða 220 millj. kr. ríkisútgjöld, nokkra milljónatugi í viðbót samkvæmt yfirboðstillögu þeirra við fjárlögin, lækka dýrtíðina og verðbólguna, borga 65 aura verð fyrir fiskinn, hvað sem söluverði hans erlendis líður, o. s. frv.

Auðvitað á að taka verzlunargróðann. Fyrst og fremst með því, að almenningur taki verzlunina í sínar hendur með félagssamtökum sínum, ráði þannig verði og njóti sannvirðis. Sé gróðinn tekinn þannig, og það þarf að gera, þá getur hann ekki líka runnið í ríkissjóðinn.

Skraf kommúnista um verzlunargróða og dýrtíð er verst fyrir þá sjálfa. Það liggur fyrir margyfirlýst hér á Alþingi af þeim, sem þekkja til samninga þeirra um stjórnarmyndun á nýjan leik undir forystu Sjálfstfl., sem fram fóru í vetur, að þeir samningar strönduðu alls ekki af hendi kommúnista á neinum skilyrðum af þeirra hálfu um að þjóðnýta verzlunina, heldur á allt öðrum atriðum, enda er það vitanlegt öllum þingheimi, að aldrei hefur staðið til, að kommúnistar settu slík skilyrði fyrir stjórnarsamstarfi í alvöru. Það vissu allir, hvað til stóð, ef kommúnistar hefðu einhverju ráðið um tekjuöflunarleiðir — þá var álagning veltuskattsins sjálfsögð á nýjan leik, og hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, hefur hvað eftir annað vikið að því, að ekki væri vandfarið í tekjuöflunarmálum, meðan veltuskatturinn væri ekki á lagður á ný.

Kommúnistar ættu að gera sér það ljóst, að þeir eru orðnir að athlægi um gervallt landið fyrir afstöðu sína og enginn treystir þeim. Menn brosa að fullyrðingum þeirra og orðaskaki gegn heildsölum og verzlunargróða og segja hver við annan í gamni, að það hafi verið leiðinlegt, að kommúnistar skyldu endilega þurfa að fara úr ríkisstj., þegar þeir ætluðu að fara að verða svo „voða" duglegir að vinna fyrir alþýðuna gegn heildsölunum.

Á meðan kommúnistar áttu sæti í ríkisstj., áttu þeir fullan þátt í því að þjarma að verzlunarsamtökum almennings í landinu og unnu þeim ekki réttmæts hlutar. Þar sýndi sig áhugi þeirra fyrir því að bæta verzlunina. Það sést nú enn þessa dagana, hvernig kommúnistum ferst aðbúðin að verzlunarsamtökum almennings. Hafa þeir nú byrjað árásir á ríkisstj. fyrir að selja olíufélagi kaupfélaganna og útvegsmanna olíu- og benzíngeyma í Hvalfirði, til þess að þetta félag geti hafið olíuviðskipti og keppt við hringana, sem hér eru fyrir. Slíkur er ofsi kommúnista, að þeir hika ekki við að halda því fram, að samvinnumenn og útvegsmenn hafi gert sig að leppum fyrir herveldi og tekið að sér að draga lokur frá hurðum Íslendinga.

Allir þeir, sem stjórna mega sjálfum sér, munu meta ríkisstj. það til inntekta, að hún ráðstafaði olíustöðinni í Hvalfirði til olíusamtakanna og hafði að engu hróp kommúnista. Málsástæður hafa verið svo rækilega raktar af hæstv. utanrrh., að þar þarf ekki við að bæta.

Þetta atvik gefur hins vegar tilefni til þess, að menn rifji upp framkomu kommúnista við nokkur tækifæri, og þegar það hefur verið stuttlega gert, ætlast ég til, að kommúnistar játi það sjálfir, að það er ekki hægt að taka þá alvarlega um þessi mál. Um það hefur þjóðin hlotið reynslu, sem hefði getað orðið henni dýrkeypt, ef þeir hefðu þá verið látnir nokkru ráða. Voru það ekki kommúnistar, sem kröfðust þess, að Íslendingar hættu að færa Bretum fisk, þegar Bretar stóðu einir á móti nazistunum á stríðsárunum og ætlun nazistanna var að svelta þá til undirgefni og þar með okkur og fjölda annarra þjóða? Voru það ekki kommúnistar, sem heimtuðu, að Íslendingar gerðu viðskiptasamninga við Þjóðverja árið 1940, en vildu svo segja þeim stríð á hendur árið 1945? Voru það ekki kommúnistar, sem voru á móti herverndarsamningnum og töldu hann til landráða, en áttu ekki nægilega sterk orð til þess að lýsa ágæti hans um þær mundir, sem Bandamenn unnu styrjöldina? Voru það ekki kommúnistar, sem sneru við blaðinu nóttina, sem ráðizt var á Rússland, og sporðrenndu öllu, sem þeir höfðu áður sagt um styrjöldina, tilgang hennar og hver afstaða Íslendinga ætti að vera?

Nú vilja þeir láta rífa olíustöðina í Hvalfirði og láta menn trúa því, að standi olíutankarnir þar, þá sé hægt að geyma í þeim hernaðarolíu, en ef þeir standi annars staðar, þá sé þetta ekki hægt.

Ég held, að menn hljóti nú að skilja, að kommúnistum getur ekki verið sjálfrátt í þessum efnum og það er ekki fremur hægt að taka alvarlega nú kröfur þeirra um að ráðast á olíutankana og jafna þá við jörðu og landráðabrigzl þeirra í því sambandi en unnt var t. d. eða nokkurt vit í að taka til greina kröfur þeirra um að leggja viðskiptabann á Breta, þegar þeir vörðust nazistunum einir.

Ég og margir fleiri vorum þá kallaðir landráðamenn fyrir að fylgja þeirri viðskiptastefnu og þeirri stefnu í sambúðinni við lýðræðisþjóðirnar, sem færði Íslendingum ekki aðeins fjármagn það, sem þjóðin eignaðist á stríðsárunum, heldur einnig fulla viðurkenningu lýðræðisþjóðanna á stofnun lýðveldisins. Hvernig halda menn, að þjóðin væri

nú á vegi stödd, ef landráðahrópum kommúnista þá hefði verið gaumur gefinn og þeir einhverju látnir ráða um þessi vandasömu málefni?

Kommúnistar ættu aldrei að minnast á neitt, sem minnti þjóðina á framkomu þeirra undanfarin ár, og ekki ætti að vera vandasamt fyrir kjósendur landsins að sjá í gegnum vefnað þeirra. Aðstaða þeirra í utanríkismálum er fræg að endemum, jafnvel meðal manna, sem hafa álitið, að þeir mundu kannske reynast til einhvers nýtir í innanlandsmálum. En nú hafa þeir einnig sýnt sig í innanlandsmálum þannig, að skyni bornir menn hafa enga afsökun lengur fyrir því að efla slíkan flokk.

Nú eggja kommúnistar lögeggjan til þess, sem þeir kalla gagnráðstafanir verkalýðsins gegn ráðstöfunum ríkisstj. Ég minntist áðan á það, hver afleiðing þess hlyti að verða, ef kommúnistum tækist að fá menn til að hrinda nú af stað nýrri verðbólguöldu út af bráðabirgðaráðstöfunum ríkisstj. Kommúnistum er það vel ljóst, að sú barátta, sem þeir eggja nú til, yrði ekki háð vegna hagsmuna verkalýðsins. Það er ekki verkalýðsins hagur að loka nú öllum leiðum til þess að koma í veg fyrir stórfellda atvinnukreppu og fullkomið öngþveiti. Kommúnistar ætla sér hins vegar að beita samtökum verkalýðsins fyrir flokksvagn sinn og vilja fá pólitísk verkföll.

Engum dettur í hug að halda því fram í alvöru, að rétti tíminn til þess að knýja fram nýja verðbólguöldu sé nú, þegar hvert mannsbarn veit, að framleiðsluvörur landsmanna seljast hvergi nándar nærri fyrir það verð, sem þarf að fást með núverandi framleiðslukostnaði, og hrein atvinnukreppa er á næsta leiti, ef ekki eru gerðar gagnráðstafanir til þess að mæta því ástandi.

Í augum kommúnista mælir þetta ástand víst hins vegar með því, að nú sé hertur róðurinn. Hrunið skal koma, hvað sem það kostar. Það er og hefur verið ætlun kommúnista. Það sést bezt nú. Með nýsköpun á vörum hafa þeir undirbúið atvinnu- og fjárhagskreppu og komið málum þannig, að við erum komnir í sjálfheldu atvinnulega og fjárhagslega, á sama tíma sem aðrar þjóðir, sem svipaða atvinnu stunda og við, búa við glæsilega uppgangstíma og batnandi fjárhag.

Nú liggur allt annað fyrir mönnum en að deila um það, hvort auka megi verðbólguna. Nú liggur fyrir að gera sér grein fyrir því, að þjóðin hefur um tvennt að velja: að taka á sig verulegar fórnir til þess að koma jafnvægi á í atvinnu- og fjármálalífi landsins og koma í veg fyrir það, að þjóðin glati fjárhagslegu sjálfstæði sínu, eða þá að fylgja nú forystu kommúnista í nýrri baráttu fyrir auknu verðbólgu og öngþveitis.

Spurningin er nú þessi: Ætla allir þeir, sem sjá hvert stefnir nú, að koma í veg fyrir, að kommúnistar noti samtök þeirra gegn hagsmunum þeirra sjálfra, eða ætla þeir að láta kommúnistum haldast uppi að gera það? Þeir geta komið í veg fyrir þetta, ef þeir vilja. Nú er síðasta tækifæri til þess að grípa í taumana, nú eða aldrei.

Auðvitað hlýtur það nú að vera öllum ljóst, að það ástand, sem nú er í atvinnu- og fjárhagsmálum, getur ekki staðið svo lengi. Þjóðin hlýtur að færa lífnaðarhætti sína og fjárhagskerfi til samræmis við þjóðartekjurnar, en þær ákveðast ekki hvað sízt af útflutningnum. Þótt menn vilji loka augunum fyrir þessu, þá neyðast menn þó að lokum til að láta í minni pokann fyrir staðreyndunum. Munurinn er hins vegar sá, að vilji menn halda svo fram sem horfir, og ég tala nú ekki um, ef menn fylgja kommúnistum í því að auka öngþveitið, þá gerast hér margvísleg ný tíðindi, áður en jafnvægið myndast að lokum. Þar á meðal þetta: Ríkissjóður kemst í þrot vegna halla á ábyrgðum. Ríkisábyrgð á fiski verður markleysa ein. Ríkissjóður gefst upp við að borga niður dýrtíð. Vísitalan þýtur upp. Bátar og skip hreyfa sig ekki til veiða, þar sem stórkostlegt tjón verður fyrirsjáanlegt í hverri veiðiför. Framkvæmdir stöðvast. Útflutningur dregst gífurlega saman. Þjóðin verður hlaðin vanskilaskuldum við útlönd á fáum mánuðum, svo gífurlegum, að engar líkur eru til, að hún fái haldið fjárhagslegu sjálfstæði sínu. Í stuttu máli, fátækt og örbirgð heldur innreið sína. Þetta er hrunstefnuleiðin, og fyrir henni beita kommúnistar sér með kjarabætur á vörum. Þegar þetta ástand hefur staðið um skeið, þvingast jafnvægið á, en þá ætlast líka kommúnistar til, að þeir hafi náð völdunum á tímabili niðurlægingarinnar.

Hin leiðin er sú, að menn myndi samtök um að koma nauðsynlegu jafnvægi á með því að taka á sig fórnir, áður en öllu er tapað, og tryggja með því velmegun og framfarir, þótt erfiðlega horfi sem stendur. Þessi leið krefst meiri þroska, meiri skilnings, meiri viðsýni en hin stefnan, en hvar er þá menntun Íslendinga, ef enginn sér nema niður fyrir tær sér, er til á að taka og mest reynir á, og svo reynist, að menn liggi flatir fyrir lýðæsingum á örlagastundum? Þessi leið krefst þess, að menn séu ekki bara fullir sjálfselsku og eigingirni og umfram allt ekki haldnir skammsýni. Menn verða að rífa sig upp úr daglega mókinu og ganga með áhuga að starfinu, sem fram undan bíður, og það er sérstök skylda þeirra, sem hafa hagnazt undanfarið, að ganga á undan og taka á sig mestu byrðarnar.

Fyrsta sporið í þessum málum hefur ríkisstj. stigið með ráðstöfunum til stöðvunar dýrtíðarinnar um stundarsakir. En sú ráðstöfun er fyrst og fremst grundvöllur að öðrum viðtækari.

Næsta sporið er, að nægilega margir sameinist gegn tilraunum kommúnista til þess að reisa nýja verðbólguöldu. Þá kemur að því, sem mikilvægast er, og það er að sameina nógu marga um leiðir út úr vandanum, sem til frambúðar séu, og það þolir ekki langa bið.

Þjóðin á mikið undir því, hvernig það tekst.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (alm. umr., útvarpsumr.)

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Heyrendur góðir. Ræða sú, er hv. 4. landsk., Brynjólfur Bjarnason, innleiddi umr. þessar með í gærkvöld, bar jöfnum höndum vott um gáfur þm. og málfimi, svo og ótakmarkað blygðunarleysi í meðferð sannleikans og fullkomið siðleysi í framkomu gegn pólitískum andstæðingi. Hv. þm. viðhafði meðal annarra prúðmannlegra orða um núverandi hæstv. forsrh. þau ummæli, sem ekki verða misskilin, þótt eigi væru sögð beinum orðum, að hann væri milljónaþjófur og landráðamaður — „og þó fátt eitt talið", bætti hv. þm. við. Fátt eitt talið. Þetta bara það minnsta. Hv. þm. virðist svo

sem ekki telja landráð meðal hinna meiri háttar ávirðinga. Ég held, að það þurfi meira en meðalmannfyrirlitningu til þess að bera svona á borð fyrir alþjóð manna í þeirri von, að það sé þeim til framdráttar, sem það gerir. Annars ætla ég mér ekki nú að fara langt út í að svara þessari ræðu hv. þm. Ég get þó ekki leitt hjá mér að minnast á örfá atriði hennar — aðeins til þess að sýna meðferð hv. þm. á staðreyndum og málflutning hans.

Ein hin fyrsta ásökun hans í garð stj. var það, að hún hefði látið skera niður 15% af framkvæmdum í fjárl. — Hugsið ykkur slíkt fantastrik gegn alþýðu manna — 15% atvinnurýrnun í landinu. Hver er svo sannleikur málsins? Það, að hér var eiginlega um tilfærslu að ræða á ýmsum liðum verklegra framkvæmda, eins og þeir voru á fjárlagafrv. eftir 2. umr. Við 3. umr. var ýmsum nýjum liðum og hækkunum bætt inn í frv., en svo aðrir lækkaðir á móti til jafnvægis. Og þess varaðist hv. þm. að geta, sem þegar hefur verið upplýst, að á fjárl. þessum, sem nú er verið að afgreiða, er ætlað til verklegra framkvæmda um 16 millj. kr. meira en á fjárl. síðasta árs, er hinir viðsýnu og stórhuga sósíalistar stóðu að. Svona er nú háttað niðurskurði núverandi ríkisstj. á hinum verklegu framkvæmdum í landinu. Ríkisstj. verður ekki ásökuð fyrir hann.

Ég er fyllilega sammála hæstv. fjmrh., að það væri fremur ástæða til að ásaka hana fyrir hitt, að fallast á það að hækka opinberar framkvæmdir frá því, sem þær voru á síðasta árs fjárl., eins og allt er í pottinn búið. Ekki vegna þess, að framkvæmdanna sé ekki full þörf og meira en það, heldur vegna hinnar miklu útgjaldahækkunar á fjárl. og ekki síður vegna hins, hve hætt er við, að hinar geysilega miklu opinberu framkvæmdir lami framleiðsluatvinnuvegi þjóðarinnar með því að draga um of frá þeim verkafólkið. Þjóðin lifir ekki lengi á opinberum framkvæmdum, ef framleiðsla landsmanna lamast, t. d. vegna verkafólksskorts. Þetta varð þó að samkomulagi milli þings og stjórnar, að því við bættu þó, að ríkisstj. fékk heimild til þess að fresta framkvæmdum að einhverju leyti, ef fjármála- eða atvinnuástand þjóðarinnar gerði það nauðsynlegt.

En þessi heimild var svo annað ásökunarefni hv. þm. á hendur ríkisstj. — hinn svívirðilega 15% niðurskurð kórónaði svo ríkisstj. með því að afla sér heimildar til enn meiri niðurskurðar.

Ég held, að ekki verði komizt hjá því að minna hv. þm. á það, að þegar gengið var frá fjárl. s. l. árs, þá sátu hér í ríkisstj. tveir ákaflega ötulir og árvakrir framfaramenn, sem hétu Brynjólfur Bjarnason og Áki Jakobsson. Þegar þeir gengu frá fjárl. sínum, fengu þeir samþ. þar heimild til þess að draga úr framkvæmdum til verklegra framkvæmda, sem ekki eru bundin í öðrum l. en fjárl., um allt að 30% — o. s. frv., svo framarlega sem ríkisstj. telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum. Þó var þá ætlað 16 millj. kr. lægri upphæð til verklegra framkvæmda en nú, eins og fyrr er sagt. Með öðrum orðum, heimild þeirra var næstum hin sama og heimild núverandi ríkisstj., að öðru leyti en því, að þeir vilja fá leyfi til þess að draga úr framkvæmdum, en núverandi ríkisstj. fer aðeins fram á að fá þeim frestað.

Hvernig er nú hægt að samræma það, að það, sem var þjóðhollusta og framsýni 1946, sé þröngsýni og böðulsháttur 1947?

Það er á allan hátt þakklætisvert, þegar hv. þm. ber ósannindin fram bein og umbúðalaust heldur en að viðhafa þessa meðferð á staðreyndum og sannindum.

Ég held nú, að þessi dæmi ættu að nægja til þess að sýna sannleiksást og samvizkusemi þessa hv. þm. í málflutningi. Ég get þó ekki stillt mig um að minnast ofurlítið á ráðvendni hans í útskýringum hinna nýju gjalda, er stjórnin var tilneydd að beita sér fyrir. Hv. þm. lét í það skína, ýmist að gjöldin kæmu til með að leggjast aðallega á framleiðsluna til lands og sjávar eða fyrst og fremst á launamennina í landinu. Þó veit hv. þm. sjálfur, eins og allir aðrir, sem kynnt hafa sér þessi mál, að þess var vendilega gætt, að hinir nýju tollar féllu ekki á vörur, sem ganga beint inn í framleiðsluna, eins og t. d. fóðurvörur og áburð o. fl. Hann veit líka, eins og búið er að upplýsa í þessum umr., að tollunum er einnig haldið að mestu utan við þær vörur, sem framfærslukostnaður þjóðarinnar byggist á, og að því sem þær gera það, þá verða þær greiddar niður eða skapa neytendum kauphækkun að sama skapi á móti. Hitt er svo engin ný uppgötvun, að ekki er hægt að afla ríkissjóði milljónatekna, án þess að það komi á einhvern hátt við þjóðina. En svo samvizkusamur er hv. þm. í útreikningum sínum, að hann deilir höfðatölu landsmanna í þá upphæð, sem áætlað er, að hinir nýju tollar færi ríkissjóði, og þykist þar með sanna að þeir leggi þær byrðar á launamenn landsins, er nemi launalækkun að meðaltali 9% á heimilisföður. Hvernig þætti honum að láta beita þessari reikningsaðferð gagnvart sjálfum honum?

Tekjur ríkissjóðs s. l. ár voru um 200 millj. kr. Hvernig væri nú að skipta þjóðinni niður í 5 manna fjölskyldur og deila þeirri tölu síðan í þessa upphæð — og birta síðan með feitu letri, að ríkisstj. þeirra Brynjólfs og Áka hefði lagt um 8000 kr. álögur á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu? Ætli það hefði ekki einhverjum þótt ástæða til að grípa til gagnráðstöfunar?

Ég læt nú þetta nægja hér um að sinni og sný mér að öðru. Hæstv. menntmrh., Eysteinn Jónsson, gerði í gær skýra grein fyrir því, hvers vegna Framsóknarfl. ákvað að taka þátt í núv. ríkisstj., og þarf ég því engu við það að bæta. Flokknum var það fyllilega ljóst, samkv. öllum sólarmerkjum að dæma, að þar mundi ekki vera um að ræða neinn dans á rósum. — En flokkurinn hefur aldrei skorazt undan því að taka á sig ábyrgð og áhættu, sem jafnan fylgir stjórnmálalegum örðugleikum, ef hann hefur talið sig hafa aðstöðu til að þoka áfram þeim málum, er hann berst fyrir og eru í samræmi við stefnu hans. Í samræmi við þessa stefnu sína og fortíð sína ákvað hann þátttöku sína í núverandi stjórnarstarfi.

Flokkurinn leit svo á þegar í upphafi stjórnarkreppunnar s. l. haust, að eðlilegast og æskilegast væri, að allir flokkar þingsins gætu sameinazt um ríkisstj. til að mæta þeim vanda, sem nú er við að fást, og reyndi að stuðla að því. Þetta tókst ekki, sem kunnugt er, þar eð kommúnistar reyndust einnig stefnu sinni og fortíð trúir og hlupust á burt úr ríkisstj., jafnskjótt og örðugleikarnir drápu á

dyr — þó að þeir hefðu lifað þar hátt á meðan ölið var á könnunni.

Hæstv. menntmrh. ræddi og útskýrði rækilega málefnasamning ríkisstj. að öðru leyti en þann kafla, er fjallaði um landbúnaðarmálin, og mun ég nota þetta tækifæri til að fara um hann nokkrum orðum.

Fyrsta atriðið, sem þar er getið, er hin nýja skipan á afurðasölumálum landbúnaðarins. Frv. hefur verið samið í samræmi við það og er nú til meðferðar á Alþ. Þar er tekin öll afurðasölulöggjöfin í heild, kjöt- og mjólkursölulögin með nokkrum viðauka og endurbótum, ásamt hinni nýju ákvörðun um meðferð og stjórn þessara mála.

Aðalnýmæli þessa frv. er það ákvæði þess, að yfirstjórn og framkvæmd afurðasölunnar skuli fengin í hendur bændunum sjálfum eða félagssamtökum þeirra, er sjálf velja sér fulltrúa í níu manna framleiðsluráð, er nú tekur við málunum af búnaðarráði. Kýs Stéttarsamband bænda fimm menn í það á félagsfundi, en 4 greinar þeirra félagssamtaka bænda, er annast meginhluta afurðasölunnar, kjósa sinn manninn hver. Þykist ég mega fullyrða, að þegar þessi löggjöf er á komin, þá verði skipan þessara mála komin í þann farveg, er meginhluti bænda hefur jafnan kosið sér. Þegar afurðalögin voru sett í fyrstu af aðkallandi nauðsyn, skorti með öllu þann félagslega grundvöll, sem nauðsynlegur var, til þess að bændur gætu þá þegar tekið málin í sínar hendur, enda var þetta þá algert nýmæli hér á landi. Það var því einn kostur nauðugur fyrir framkvæmdavald ríkisins, er setti löggjöfina, að taka framkvæmdina einnig í sínar hendur fyrst í stað. Þó var þegar í lögunum ráð fyrir því gert, að bændur gætu tekið vissan þátt framkvæmdanna í sínar hendur, er félagsleg skilyrði væru fyrir hendi af þeirra hálfu. Þannig varð það einnig í framkvæmdinni. Og á þeim 12 árum, sem afurðasölulöggjöfin hefur verið í gildi, hefur skilningur bændastéttarinnar á nauðsyn þessarar löggjafar og félagssamtök þeirra smám saman verið að þróast og mótast í þá stefnu, að þeir yrðu sjálffærir um að taka með öllu við framkvæmd málanna.

Eftir það, að Stéttarsamband bænda endanlega var stofnað á Hvanneyri s. l. haust með fullu samkomulagi allra aðila, var ekki lengur eftir neinu að bíða með að fá því málin í hendur. Þetta er gert í áður nefndu frv., sem samið er um, að verði að lögum á þessu þingi — og þar með fær Stéttarsamband bænda löglega viðurkenningu sem fulltrúi bændanna í hagsmunamálum þeirra, á sama hátt og stéttarfélög verkamanna og launþega fyrir alllöngu hafa fengið löghelgaða viðurkenningu sem opinberir málsvarar og umboðsmenn þessara stétta.

Þá tel ég nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um verðlagsákvörðun landbúnaðarvaranna, en um hana eru sérstök ákvæði í frv.

Um valdið til verðlagsákvörðunar, sem vissulega er eitt höfuðatriði þessara mála, hefur jafnan staðið nokkur styr, frá því að afurðasölulöggjöfin var sett, og hefur um það oftið á ýmsu. Af þeim leiðum, sem reyndar hafa verið á því 12 ára tímabili, sem löggjöfin hefur gilt, þori ég að fullyrða, að sú aðferð, sem tekin var upp á stríðsárunum og útfærð í hinni svokölluðu sexmannalöggjöf, hafi náð langalmennustum vinsældum og viðurkenningu meðal bænda. Það var grundvöllur þessarar löggjafar, að það verð skyldi á hverjum tíma sett á afurðir bænda, að þeir, sem landbúnað og landbúnaðarstörf stunda, bæru svipað úr býtum til jafnaðar og aðrar vinnandi stéttir þjóðarinnar. Það er svo að sjá, að þarna hafi löggjafinn fundið lausnarorðið, er allur þorri bænda var fús að fallast á. Bændur eru ekki kaupkröfumenn í þeim skilningi, að þeir krefjist þess að lifa við betri launakjör en almenningur í landinu yfirleitt. En hins krefjast þeir, að verða ekki settir skör neðar í lífskjörum en allir aðrir landsmenn, enda verður þjóðfélagið að horfast í augu við það, að hér er ekki unnt að halda við framleiðslu landbúnaðarvara fyrir þjóðina til frambúðar, ef þeim, sem það starf stunda, er ætlað að búa við önnur og lakari launakjör en allir aðrir. — Ég held líka, að allir sanngjarnir menn hafi viðurkennt, að þessi grundvöllur sé bæði sanngjarn og eðlilegur, þó að nokkur styr hafi staðið um það, hvernig hafi tekizt framkvæmd á honum í sexmannanefndarsamkomulaginu alkunna. Í afurðasölufrv. er gert ráð fyrir því að lögleiða þennan grundvöll að nýju. Og aðferðin til að finna hann er ekki ósvipuð og fyrr. Ætlazt er til, að Stéttarsamband bænda tilnefni þrjá menn í nefnd af sinni hálfu, en á móti komi þrír menn frá félagssamtökum neytenda. Til aðstoðar þessum sex mönnum er ætlazt til, að komi tveir helztu fræðimenn á þessu sviði: hagstofustjóri og forstöðumaður búreikningaskrifstofu ríkisins. Verði hinir sex nm. sammála um niðurstöðuna, er hún að fullu gildandi fyrir báða aðila. Fari hins vegar svo, að ekki náist fullt samkomulag meðal nm., er gert ráð fyrir, að yfirnefnd þriggja manna, er skipuð sé einum manni frá fulltrúum bænda, einum frá fulltrúum neytenda, svo og hagstofustjóra, felli fullnaðarúrskurð um deiluatriðin. Þetta atriði gildir þó aðeins á meðan það ástand varir, að landbúnaðarvörur eru greiddar niður á innlendum markaði, eða ef greiddar yrðu útflutningsuppbætur á þær.

Í löggjöfinni um stéttarfélög er félögum launþega veittur samningsréttur af þeirra hálfu til ákvörðunar kaupgjaldsins gagnvart atvinnurekendum og félagssamtökum þeirra. Enginn kaupsamningur er löglegur, nema samþykktur sé af báðum aðilum. Náist ekki samkomulag, getur það endað í átökum, sem leiða til verkfalls og verkbanns, sem svo að lokum lyktar þannig, að annar hvor aðilinn eða báðir slaka til, oftast fyrir milligöngu sáttasemjara. Það má segja, að með hliðsjón af þessari löggjöf hefði verið eðlilegast, að samninganefndir bænda og neytenda væru eini aðilinn, sem fjallaði um verðlag landbúnaðarvaranna, og ef ekki gengi saman með þeim, færu að síðustu fram sams konar lokaátök og hjá verkamönnum og vinnuveitendum, er samningar ekki takast. En á það hefur verið bent, og því verður varla á móti mælt, að á meðan það ástand varir, að ríkið greiðir niður allmikinn hluta af verði landbúnaðarvaranna, þá raskar það að verulegu leyti eðlilegu jafnvægi á milli framleiðandans og neytandans, ef til átaka kæmi — eins og aðstaðan á milli verkamannsins og atvinnurekandans færðist úr eðlilegum skorðum, ef ríkið greiddi niður nokkurn hluta vinnulaunanna, svo að þau kæmu ekki fram í kaupgreiðslum hjá atvinnurekandanum. Það mætti segja, að undir þeim kringumstæðum gæti hvor fyrir sig, bóndinn eða verkamaðurinn, verið óvægari í kröfum sínum um

verðlagið eða kaupgjaldið, ef þeir vissu, að ríkisstj. yrði að greiða afurðaverð eða kaupið niður að vissu marki til þess að geta haldið ríkisbúskapnum gangandi. — Það er af þessum ástæðum, að ekki var talið fært annað en að samþykkja ákvæðið um yfirnefndina, á meðan þetta fyrirkomulag helzt, því að þótt niðurgreiðsluleiðin sé síður en svo fremur gerð vegna bændanna en þjóðfélagsþegnanna í heild — og þeir óskuðu sér, að unnt yrði að leggja það niður sem fyrst —, þá þýðir ekki annað en að horfast í augu við þá staðreynd, að þjóðfélagið er orðið svo flækt í vísitölufarganinu, að ekki verður hlaupið upp úr því fyrirvaralaust.

En svo er á hitt að líta, að grundvallarákvæði þessa máls, um, að verðlagið skuli miða við það, að framleiðandinn hafi sambærileg kjör við aðrar stéttir, á að vera höfuðtrygging hans í þessu máli. Þess vegna er það reginmisskilningur, sem fram kemur hjá þeim, sem halda því fram, að neytendum sé gefið úrslitavald til verðákvörðunarinnar með því að ákveða hagstofustjóra sem oddamann yfirnefndarinnar. Yfirnefndin hefur hér ekki sama hlutverk og samninganefnd í venjulegum kaupdeilum, heldur eins og dómari í lagaskýringum. Lögin ákveða verðlagið eftir vissum forsendum. Yfirnefndin með hagstofustjóra sem leiðsögumann á svo að leiða hinar réttu forsendur í ljós og síðar að fella dóminn eftir þeim, alveg á sama hátt og venjulegur dómstóll felldi dóm í vandasömu máli í samræmi við orð og anda viðkomandi laga. Menn hafa iðulega misjafnar skoðanir um réttmæti dóma, og svo getur farið hér. En þjóðfélagið getur ekki veitt þegnum sínum meira réttaröryggi en það að setja réttlát lög og láta svo dæma í þeim af mönnum, sem til þess hafa mesta þekkingu og leggja embættisæru sína í veð fyrir að gera sitt bezta.

Annað atriði stjórnarsamningsins varðandi landbúnaðarmálin var það, að frv. það, sem liggur fyrir Alþ. um endurskoðun ræktunarsjóðslaganna, verði samþ. á þinginu. Frv. þetta lá fyrir síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Aðalbreytingar frv. frá gildandi lögum eru í þessu fólgnar:

1. Fjárráð sjóðsins verða aukin frá því, sem nú er, þannig, að til hans leggist árlega framlag úr ríkissjóði, er nemi hálfri milljón króna á ári í næstu 10 ár, alls 5 milljónir króna.

Sjóðnum sé aflað lánsfjár með lágum vöxtum, allt að 10 milljónum króna.

2. Lánsupphæðir eru hækkaðar upp í allt að 60% af kostnaðarverði mannvirkisins — og lánin er heimilt að veita til ræktunar, byggingar útihúsa og allra annarra framkvæmda í þágu landbúnaðarins nema íveruhúsa — en lán til þeirra verða veitt samkv. l. um landnám og nýbyggðir.

3. Vextir af *stofnlánum* ræktunarsjóðs skulu lækka í 2½%.

Því ber ekki að neita, að hætta er á, að starfsfé það, er sjóðnum er ætlað, reynist bráðlega helzt til takmarkað, miðað við verkefni þau, sem honum eru ætluð, og lánsfjárþörf þá, sem fyrir er og fram undan er. Þess var freistað á síðasta þingi að auka það nokkuð, en það tókst ekki. Nú eru hins vegar þær horfur í fjármálum, að ótækt var að setja afgreiðslu málsins í tvísýnu með stórfelldum breytingum á frv. vegna hinna mikils verðu lagfæringa á lánskjörum landbúnaðarins, sem í því felast. Má og fullyrða, að örðugt mundi hafa reynzt að fá frv. lögfest á yfirstandandi þingi, ef það hefði ekki verið tekið upp í málefnasamning ríkisstj. Hins verður líka að vænta, að eftir að sjóðurinn hefur verið efldur svo, sem nú er í ráði, þá verði hann þess megnugur að afla sér lánsfjár á venjulegum lánamarkaði án þess að hækka útlánsvexti sína að stórum mun. Mál þetta hefur ekki enn náð afgreiðslu frá þinginu vegna ofurlítið mismunandi sjónarmiða innan ríkisstj. um aðferðina til öflunar lánsfjárins. En nú er að verða samkomulag um það atriði, *svo ekkert er lengur til fyrirstöðu á afgreiðslu málsins.*

Þá er einnig um það samið í starfssamningi stjórnarinnar, að núgildandi jarðræktarlög verði endurskoðuð og jarðræktarstyrkurinn aukinn hlutfallslega — miðað við þær aðstæður, er voru, þegar lögin voru endurskoðuð síðast, með tilliti til þeirra breytinga, er síðar hafa orðið á aðstæðum til jarðræktarinnar. Það verður tæpast um það deilt, að aukin ræktun og þar með bætt aðstaða til aukinnar vélanotkunar er jöfnum höndum eitt hið mesta nauðsynjamál bændanna til betri afkomu og þjóðarinnar í heild vegna lækkunar framleiðslukostnaðar landbúnaðarafurða, svo að báðum aðilum ber að leggja megináherzlu á þær framkvæmdir. Hin stórlega bætta aðstaða við ræktunina, sem skapaðist við hina nýfengnu löggjöf um félagsræktun og framkvæmd hennar og þar með aukna notkun stórvirkra jarðvinnslutækja, mun og án efa hafa í för með sér stórfelldar framfarir í þessum efnum nú og á næstu árum.

Þá tel ég rétt að geta hér eins mikils verðs hagsmunamáls landbúnaðarins, er núverandi ríkisstj. hefur haft með höndum og afgreitt fyrir skömmu. — Eins og kunnugt er tók ríkissjóður á sínum tíma ábyrgð á verði útfluttrar ullar á stríðsárunum, þ. e. á árunum 1943, 1944 og 1945. Ullarbirgðir þessar höfðu legið óseldar í landinu öll stríðsárin og bændur því orðið að bíða eftir andvirðinu og greiðsluskilum frá ríkissjóði.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við, stóð málið þannig:

Búið var að selja út úr landinu ull fyrir ca. 7570200. Selt er, en ógreitt fyrir ca. 1117000. Óseldar birgðir í landinu f. ca. 1340000, þannig að áætlað var, að fyrir alla ullina yrðu greiddar ca. 10-027200 kr.

Verð allrar ullarinnar með ábyrgðarverði og áætluðum geymslukostnaði var áætlað alls um 13580 þús., svo að halli sá, er ríkissjóður kæmi til að bera af ábyrgð ullarverðsins og geymslu hennar, gæti orðið um 3½ milljón króna.

Ríkisstj. leit svo á, að þýðingarlaust væri fyrir ríkið að aka þessu lengur á undan sér. Ríkissjóður var lögum samkvæmt skuldbundinn að greiða þetta, *og bændur, sem von var, langeygðir eftir að fá* þessi gömlu viðskipti uppgerð. Stjórnin ákvað því í samræmi við nær einróma vilja, sem fram hafði komið í fjvn. Alþingis fyrir áramótin, að ljúka viðskiptum þessum. Með góðri samvinnu og aðstoð Sambands ísl. samvinnufélaga, sem hefur með höndum 80% af ullinni, og heildverzlunar Garðars Gíslasonar tókst henni að ráða þannig fram úr þessum málum, að meginhluti greiðslunnar mun nú verða færður inn í viðskiptareikninga viðkomandi bænda. Sú upphæð, sem samkomulag varð um að greiða þessum aðilum vegna hinnar óseldu ullar og ábyrgðarhallans, nam 4,8 milljónum, en

fullnaðargreiðsla fer svo fram, þegar eftirstöðvar ullarinnar verða seldar — og ríkisstj. hefur átt þess kost að endurskoða geymslukostnaðarreikningana og hefur lagt samþykki sitt á þá.

Að síðustu vil ég svo geta þess, að tekjuöflun sú, er ríkisstj. hefur beitt sér fyrir á þinginu og nú er orðin að lögum og kommúnistar hafa gert mestan hávaða út af, er að sjálfsögðu einn liður í þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru, til þess að ríkið sé m. a. þess megnugt að standa undir gjöldum þeim, sem hér hefur verið á minnzt, svo og löggjöf þeirri, sem samþykkt hefur verið undanfarið, bæði lögum um landnám og nýbyggðir o. fl., sem kommúnistar hafa hælt sér af að hafa samþykkt, en sem vitanlega yrðu ekki meira virði en pappírinn, sem þau eru prentuð á, ef ekki væri jafnframt staðið að tekjuöflun, sem óhjákvæmileg er, til þess að þau komi að liði.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Mér fannst í gærkvöld tvö höfuðeinkenni á ræðu Brynjólfs Bjarnasonar. Annars vegar hóflaust, barnalegt sjálfshól um Kommúnistafl. og hins vegar æðisgengið hatur á Alþfl. og sérstaklega eins og vænta mátti, á formanni hans, hæstv. forsrh., Stefáni Jóh. Stefánssyni. Brynjólfur Bjarnason sagði, að hér hefðu orðið þáttaskipti á öllum sviðum, er kommúnistar komust í ríkisstj. 1944. Hann nefndi launalög embættismanna ríkisins, hann nefndi orlofslög, hann nefndi meira að segja alþýðutryggingalöggjöfina o. m. fl., og sjá, allt þetta átti að vera kommúnistum að þakka.

Sannleikurinn er sá, að réttara væri að segja, að þetta hafi allt verið gert þrátt fyrir afskiptaleysi kommúnista af þessum málum. Þeir áttu ekki frumkvæði að einu einasta þeirra, og þeir settu ekki afgreiðslu þeirra að skilyrði fyrir þátttöku í stjórninni. Nei, svo ólmir voru þeir 1944 að komast í stjórnina, að þeir gleymdu þá öllum þessum málum. Það má raunar kannske segja, að þetta hafi nú ekki verið meira en við mátti búast, en haustið 1946 færðu þeir sig það upp á skaftið, að þeir beinlínis neituðu að taka þátt í umræðum, sem þáverandi forsrh., Ólafur Thors, boðaði til um lausn aðkallandi vandamála atvinnuveganna.

Þá urðu ímyndaðir hagsmunir erlendra stórvelda að sitja fyrir nauðsynlegum afgreiðslum okkar eigin mála. Brynjólfur Bjarnason sagði, að ágreiningurinn í ríkisstj. hefði ávallt verið milli ráðh. kommúnista annars vegar og ráðh. Alþfl. og Sjálfstfl. hins vegar, sem hefðu haldið saman. Þetta er rétt, að mestu leyti. Þess vegna eru líka aðgerðir þessarar stjórnar, fyrrv. stjórnar, sem þessi þm. lýsti nú sem hinnar beztu, ekki fyrst og fremst mótaðar af kommúnistum, sem hann segir, að hafi verið þar í minni hluta, heldur af Alþfl. og Sjálfstfl. Þetta hlýtur að liggja í augum uppi.

Hatur þessa þm. á Alþfl. og forustumönnum hans er ekki nýtilkomið og skal því ekki mikið rætt. Aðeins skal ég leyfa mér að benda á það, að ég hef nú í samfellt tvo áratugi haft náið samstarf við hæstv. forsrh., Stefán Jóh. Stefánsson, fyrst sem ritara Alþfl. og síðar sem formann hans, og ég get lýst því yfir, að ég hef fáa eða enga menn fyrir hitt, er mér hefur þótt betra að vinna með en honum. Hann hefur aldrei látið undan hinum ofstækisfullu rógsherferðum kommúnistanna. Hann hefur séð hættuna, sem íslenzkum verkalýð og íslenzkri alþýðu stafaði af starfsemi kommúnista, og varað við henni. Þess vegna hefur hann verið ofsóttur. En það ánægjulega hefur skeð, að eftir því sem árásir þessara manna hafa harðnað, eftir því hafa fleiri þjappað sér saman um hann, bæði í Alþfl. og utan hans, eins og raun ber nú vitni. Þó að honum hafi verið brigzlað um svik, þjófnað og landráð, eins og Brynjólfur Bjarnason gerði í gærkvöld, hefur það engin áhrif haft, því að fólkið hefur fundið, að þetta eru allt ósannindi — heimatilbúin ósannindi í þar til gerðri verksmiðju kommúnista, en sú framleiðslustarfsemi er þeirra sérgrein, þeirra nýsköpun í íslenzkri pólitík.

Eitt höfuðádeiluefni stjórnarandstöðunnar — kommúnista — á núverandi ríkisstj. og þann þingmeirihluta, sem henni fylgir, hefur upp á síðkastið verið það, að með skattalögum þeim, sem samþ. voru á Alþ. að tilhlutun þessarar stjórnar, hafi þjóðinni allri, og alveg sérstaklega öllum verkalýð og launþegum, verið bundnir svo þungir baggar, að ómögulegt sé undir þeim að rísa nema með hækkuðu grunnkaupi. Í þessu sambandi hefur verið hafin áróðursherferð til að koma af stað gagnráðstöfunum af hálfu verkalýðsfélaganna, en þessar „nauðsynlegu gagnráðstafanir" virðast eiga að vera: uppsögn kaupsamninga, þar sem því verður við komið, og hækkun grunnkaups.

Þó að þetta hafi nokkuð verið rakið hér við umr. áður, þykir mér rétt að gera nokkuð ýtarlegri grein fyrir ýmsum hliðum þessa máls nú, þar sem það virðist vera ljóst, að um þetta eigi að standa bardagi og sá bardagi getur orðið örlagaríkur.

Í fyrsta lagi kemur þá til athugunar: Hvers vegna voru þessar skattahækkanir nauðsynlegar? Ástæðurnar eru aðallega þrjár:

1. Minni innflutningur til landsins og þar af leiðandi minni tolltekjur 1947 en 1946.
2. Auknar verklegar framkvæmdir og meiri framlög til þeirra en fyrr.
3. Mjög aukin útgjöld ríkissjóðs til niðurgreiðslu á vöruverði til að halda niðri vísitölunni.

Um þessi atriði, hvert fyrir sig, er það að segja, að ég held, að öllum sé ljóst, að ekki verður unnt að halda uppi sama innflutningi til landsins og áður vegna óhagstæðs verzlunarjafnaðar og gjaldeyrisskorts. Af þessu leiðir aftur óumflýjanlega það, að tolltekjurnar minnka og eitthvað annað verður að koma í staðinn. Þetta er augljóst. — Mjög verulegum hluta af útgjöldum ríkisins er nú orðið varið til verklegra framkvæmda, og fer þessi upphæð sífellt vaxandi. Kommúnistar hafa raunar reynt að halda því fram, að dregið hafi nú verið úr þessum fjárframlögum við atkvgr. um brtt. á laugardaginn var, en slíkt er hin herfilegasta rangfærsla, því að enda þótt þar hafi verið gerð nokkur tilfærsla, sumir liðirnir lækkaðir til að mæta að nokkru hækkunum á öðrum liðum, er þó heildarútkoman mikil hækkun, bæði frá frv., eins og það var við 2. umr. og samanborið við fjárl. 1946. Á þetta hefur verið svo rækilega bent, að ég þarf þar engu við að bæta. En til þess að standast þessa hækkun þarf vitanlega fé.

Kem ég þá að þriðja atriðinu, sem sé niðurgreiðslunum.

Á fjárlögum er nú ætlað til þeirra hluta 35

millj. kr., og hefur aldrei fyrr verið varið jafnhárri upphæð úr ríkissjóði í því skyni. Til þess að skýra, hvers vegna þetta er nauðsynlegt, verður að rifja svolítið upp allar aðstæður.

Í desember s. l. var svo komið málum útvegsins, að bátaflotinn komst ekki til veiða, nema ríkissjóður tryggði fast verð á aflanum, og með hliðsjón af kauplagi í landi var talið, að þetta fasta verð mætti ekki vera lægra en 65 aurar fyrir kg af slægðum þorski með haus, sem svarar til 84½ eyris fyrir slægðan fisk hauslausan og tilsvarandi fyrir annað. Til samanburðar og til þess að gera sér grein fyrir, hvernig þetta er hjá aðalkeppinautum okkar, Norðmönnum, er fróðlegt að athuga skýrslu, sem birtist í febrúarhefti tímaritsins „Ægis" um fiskverðið í Noregi, en hún er þannig, með leyfi forseta:

„En á því svæði, þar sem megnið af aflanum kemur á land, þ. e. í Lófót og Vesturálum, er verð á þorski og ýsu sem hér segir, miðað við ísl. peninga: Í herzlu og salt 37 aurar pr. kg, í ís og til innanlandsneyzlu 58 aurar og til hraðfrystingar 61,5 aurar. Hér er miðað við slægðan og hausaðan fisk.

Hitt er aftur á móti staðreynd, að á sama tíma og hér er greitt 84½ eyrir fyrir kíló af slægðum og hausuðum fiski greiða Norðmenn 37 aura ísl. fyrir fisk í sams konar ástandi, og þetta verð nær eins og stendur til mikils hluta aflans."

Þessi skýrsla talar sínu máli. Í fyrsta lagi sýnir hún okkur, að hér er greitt fyrir fiskinn, og ríkissjóður hefur tryggt það verð, meira en helmingi hærra en Norðmenn greiða fyrir sömu vöru, þ. e. a. s. fisk, sem fer í salt, og er það út af fyrir sig ærið íhugunarefni. En skýrslan sýnir líka, að Norðmenn telja sig geta greitt 61½ eyri fyrir hvert kg, sem fer til hraðfrystingar, en aðeins 37 aura fyrir hvert kg, sem fer í salt.

Það er nú orðið á allra vitorði, að kaupgjald og verðlag er hér mjög hátt, samanborið við það, sem gerist hjá nábúum okkar og keppinautum.

Það var yfirlýst stefna fyrrv. stjórnar og það er sömuleiðis og ekki síður yfirlýstur vilji þessarar stjórnar að grípa ekki til lækkana, fyrr en öll önnur sund eru lokuð.

Í þeirri baráttu var eitt aðalvopnið nýsköpun atvinnuveganna, aukin vélavinna og afköst annars vegar og betri og fullkomnari hagnýting afurðanna hins vegar. Norska fiskverðið, sem þeir telja sig geta greitt fiskimönnunum, 37 aurar fyrir sömu vöruna í salt og greitt er fyrir 61½ eyrir til hraðfrystihúsanna, talar þar sínu máli. Í Noregi, segir skýrslan, fer megnið af veiðinni í salt, aðeins lítið fryst. Hjá okkur er þetta orðið öfugt. Hér er meira fryst en saltað. Þetta er fyrsta atriðið, sem léttir okkur róðurinn. Aukin afköst nýrra veiðiskipa og fullkomnari hagnýting í nýjum hraðfrystihúsum. — *En þetta er ekki nóg.* Það virðist orðið þurfa meira til.

En þá vill svo til, að eftirspurn eftir síldarafurðum og síld er svo mikil, að verðið á þessum vörum á *heimsmarkaðinum* virðist nú geta gert betur en að borga okkur hinn háa framleiðslukostnað. Virðist þá liggja opið fyrir að færa þar á milli, enda er það heimilað í ábyrgðarlögunum, sem ég minntist á og samþ. voru fyrir áramótin. Þetta er áreiðanlega sú eðlilegasta og um leið sú sanngjarnasta leið, sem hægt er að finna til að jafna metin enn um stund, hvaða háttur sem á þessu kann að verða hafður.

En heldur ekki þetta er nóg.

Um leið og Alþ. tók að sér að tryggja sjómönnum og útgerðarmönnum þetta háa fiskverð, varð einnig að tryggja hraðfrystihúseigendum ákveðið verð, 1,33 kr. á enskt pund, fyrir frysta fiskinn og saltendunum ákveðið verð 2,25 kr. fyrir kg af söltuðum fiski, en hvort tveggja þessar tölur voru miðaðar við óbreytta vísitölu eða lítt breytta frá því, sem hún var, er lögin voru sett, eða um 310 stig.

Um mánaðamótin janúar og febrúar hækkaði vísitalan um 6 stig, upp í 316, eins og kunnugt er, en þessi 6 stig voru við næstu mánaðamót greidd niður með því að lækka verð á kjöti og kartöflum sem þessu svaraði. Við næstu mánaðamót þar á eftir var upplýst, að vísitalan mundi enn hafa hækkað um 4 stig, ef ekkert hefði verið að gert, en þessari hækkun var enn mætt með niðurgreiðslu á kjöti, *sem kom til framkvæmda um sama leyti.*

Nú kostar ¾ til 1 millj. kr. fyrir ríkissjóðinn að greiða niður hvert vísitölustig, dálítið misjafnt eftir því, hvaða vörur eru teknar, svo að það er augsýnilegt, að til þessarar *nýju* niðurgreiðslu þarf mikið fé úr ríkissjóði, en til þess eru nú ætlaðar 35 millj. kr., eins og ég sagði áður, og miklu hærri upphæð en nokkru sinni fyrr.

Mjög mikill hluti af þeim auknu tekjum, sem ríkissjóður hefur verið að afla sér með hinum nýju frv., fer því beinlínis til að halda dýrtíðinni í skefjum, svo að framleiðslustarfsemin geti gengið óbreytt og með fullum krafti.

Þrátt fyrir hið háa verð, sem greitt er fyrir aflann, og miklu hærri tilkostnað í landi heldur en hjá keppinautum okkar, — er von um, að framleiðslan geti gengið um hríð án þess að lækka laun fólks, sem að þessu vinnur. Þegar því þessari baráttu ríkisstj. við dýrtíðina og baráttu fyrir því að þurfa ekki að ráðast á launakjörin til lækkunar er svarað af kommúnistum með kröfum um gagnráðstafanir til hækkunar á grunnkaupi, þá er það ekki verkalýðsmálabarátta, ekki einu sinni pólitísk barátta, eins og hún hefur tíðkazt hér hjá okkur, heldur beinlínis glæpur. Ég kalla það glæpsamlegt að ætla sér að knýja fram nú hækkanir, þar sem vitað er, að allar þær ráðstafanir, sem ég hef nefnt, og stórkostleg útgjöld úr ríkissjóði gera varla að nægja til þess að halda starfseminni uppi.

Síldarvertíðin fer í hönd, og þjóðinni ríður nú kannske meira á því en nokkru sinni fyrr, að þar verði hvert tækifæri notað til aðdrátta í þjóðarbúið. Ef þessi leikur, sem stjórnarandstaðan — kommúnistarnir — er nú að reyna að koma af stað, verður til að torvelda þá starfsemi, taka þessir menn á sig þunga ábyrgð.

Mér hefur þótt rétt að rekja þetta mál allýtarlega, bæði vegna þess, að mér hefur í bili verið falið það vandaverk að fylgjast með hreyfingum vísitölunnar og gera ráðstafanir til niðurgreiðslu, þegar með þarf og hægt er, og reyna að velja til þess vörur, sem almenningur notar, svo að niðurgreiðslurnar komi að fullum notum, en engu síður, og kannske miklu fremur vegna þess, að ég tel hér verið að vinna óþrifaverk, sem þjóðin verður að gæta sín fyrir.

Það hefur verið tekið fram áður, en mér finnst

rétt að taka það fram líka í þessu sambandi, að allar tollahækkanir, sem valda verðhækkun á nauðsynjavörum, sem ganga inn í vísitöluna, koma þar fram til hækkunar, nema niðurgreiðsla á öðrum vörum jafni það upp, og í báðum tilfellum fá allir launþegar, sem taka laun með vísitölu, bætur fyrir hækkanir þessar, enda hefur aldrei áður mér vitanlega verið talað um grunnkaupshækkanir, þó að vara hafi hækkað í verði af öðrum ástæðum, sem er nákvæmlega það sama og nú gerist, heldur hefur vísitölunni verið ætlað að bæta það.

Ég er raunar viðbúinn því að verða fyrir þessa skoðun mína „stimplaður" af kommúnistum sem svikari við verkalýðinn eða eitthvað því líkt, en ég tek mér það ekki nærri, þegar það kemur úr þeirri átt og þegar ég hef fullkomna sannfæringu fyrir því að vera að gera rétt — að vara þjóðina alla við þessari hættu, og ég veit, að þjóðin lætur ekki teyma sig út í þetta ævintýri. Hún veit, hverju hún sleppir, en ekki, hvað hún hreppir. Hún vill fyrst og fremst halda því, sem hún hefur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson) Ríkisstj. hefur nú fengið sína lýsingu og hana ekki fagra, af hálfu hv. Sósfl. Er það að vísu engin nýlunda, því að jafnskjótt sem stjórn þessi var mynduð, hófust talsmenn Sósfl. handa um að níða stjórnina og létu sér ekki nægja að stunda þá iðju hér innanlands, heldur dreifðu óhróðri sínum sem víðast erlendis. Jafnvel í gerðbekktum kommúnistablöðum úti um heim kom rógur um hina nýju ríkisstj. Íslands, sbr. t. d. danska kommúnistablaðið „Trods Alt" frá 14. febrúar s. l., þar sem það er haft eftir íslenzkum kommúnistum, að stjórnin ætli sér að koma á kreppu, vinni fyrir hagsmuni Bandaríkjanna gegn íslenzkum hagsmunum o. s. frv., jafnframt því sem hælzt er um, að fyrrv. forsrh. hafi aðeins með herkjum bjargað sér undan hópgöngu, sem hafi ætlað að tala „nánar" við hann.

Kommúnistar höfðu því þegar fyrir fram kveðið upp áfellisdóm yfir stjórninni, og mun sannast sagt litlu hafa skipt, hvað stjórnin gerði, söngurinn um gerðir hennar hefur æ verið sá sami frá fyrsta degi. Um gerðir stjórnarinnar vill hv. Sósfl. ekki sjá, hvað er satt og rétt, heldur skapar hann í hug sér hinar ferlegustu kynjamyndir, sem hann ætlar svo að telja almenningi trú um, að séu sannar. En þar skjátlast honum. Fólkið sér staðreyndirnar, og þær eru allt öðruvísi útlits en hv. Sósfl. vill vera láta.

En því meiri furða er þetta æði hins hv. flokks, sem stjórnin beinlínis á Sósfl. tilveru sína að þakka.

Enginn efi er á því, að síðustu alþingiskosningar sýndu þann vilja þjóðarinnar, að sömu flokkar, sem þá fóru með stjórn, héldu því áfram með svipaða eða sömu stefnu, sem þeir höfðu stjórnað eftir um hálfs annars árs skeið.

Fyrir kosningar lét Sósfl. einnig svo sem ekki stæði á honum um áframhaldandi stjórnarsamstarf. Þvert á móti. Réttum hálfum mánuði fyrir kosningar sendi hann hinum samstarfsflokkunum tilboð um áframhaldandi samstarf og heimtaði, að þegar í stað væri gengið til stjórnarsamninga á þeim grundvelli. Auðvitað var slíkt ekki unnt. Tilboðið kom ekki fyrr en Sósfl. vissi, að miðstjórnarmenn hinna flokkanna væru dreifðir víðs vegar um landið og að þegar af þeirri ástæðu var ómögulegt að taka afstöðu til þess fyrir kosningarnar, enda með þessu háttalagi útilokað, að nýr málefnasamningur yrði borinn undir þjóðina við kosningar.

Forustumönnum Sósfl. var þetta auðvitað jafnljóst sem öðrum. Þeir ætlðuust aldrei til, ðasamningar yrðu teknir upp á þessu stigi. Tilgangur þeirra var sá einn að hressa upp á dofnandi fylgi Sósfl. með því að láta svo sem ekki stæði á sér um vilja til þjóðholls samstarfs.

Eftir kosningar snerist þetta á allt annan veg. Hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, fyrrv. dómsmrh., hefur skýrt frá því, að ráðherrar Sósfl. hafi á s. l. sumri ekki fengizt til viðræðna á stjórnarfundum um hin mest aðkallandi innanlandsmál, svo sem ráðstafanir gegn vaxandi verðbólgu, um fjárútvegun til nýsköpunarinnar, undirbúning vertíðar og annað slíkt, og báru þeir þá fyrir, að þeir vildu engu sinna fyrr en sæist, hvernig til tækist um samninga við Bandaríkin um lok hersetu þeirra hér á landi.

Gengu þessi undanbrögð Sósfl. jafnvel svo langt, að ráðherrar hans gættu þess vandlega síðari hluta sumars að vera helzt aldrei samtímis í bænum. Eru þær aðfarir nokkur skýring, en þó ekki fullnægjandi, á hinum furðulegu ferðakostnaðarreikningum, sem Áki Jakobsson hefur sent ríkissjóði fyrir ferðalög sín hér innanlands s. l. ár, reikningum, sem a. m. k. hin síðari ár eru með öllu óþekktir í nokkuð svipuðum mæli og eru auk þeirra viðteknu hlunninda ráðherra að hafa ríkisbifreið til ráðstöfunar til ferðalaga og annarra nota.

Fyrsti reikningurinn frá fyrri hluta ársins er, að því er virðist, fyrir ferð suður í land, ekki er tekið fram hvert, og er helzt svo að skilja sem hann sé fyrir ferð suður í Sandgerði, sem sagt er, að ráðh. hafi farið um þessar mundir til að róa undan forsrh. sínum, enda er sá reikningur langlægstur, eða ekki nema 3000 kr.

Allir nema reikningarnir rúmum 18800 kr., og verður ekki sagt, að hv. Áki hafi engu til kostað, er hann var þannig að láta aka sér undan ábyrgðinni af því að stjórna málum þjóðarinnar, svo sem til var ætlazt.

Um sjálfa samningagerðina við Bandaríkin er það að segja, að ráðherrar Sósfl. rufu samvinnu um það mál innan ríkisstj. með afstöðu þeirri, sem þeir tóku á aukaþinginu í júlí í fyrrasumar, sem eingöngu skyldi fjalla um þátttöku Íslands í félagsskap Sameinuðu þjóðanna.

Framkoma Sósfl. þá sýndi, að flokkurinn vildi ekki hafa samvinnu við þáverandi forsrh. eða meiri hl. ríkisstj. um lausn frá hersetu Bandaríkjamanna hér eða ráðstöfun á Keflavíkurflugvellinum. Samningaumleitanirnar þar að lútandi varð því að gera án þátttöku ráðh. Sósfl. eða annarra fulltrúa hans. Niðurstöður þeirra samninga eru svo kunnar, að ekki þarf mörgum orðum um að fara. Yfirgnæfandi meiri hluti Alþ. samþykkti samninginn, og meginþorri þjóðarinnar telur hann hagkvæmari Íslendingum en fyrir fram hafi verið unnt að gera ráð fyrir. Sósfl. og örfáir menn aðrir snerust að vísu til heiftúðugrar andstöðu, en rök fyrir þeirri afstöðu hafa aldrei verið færð, svo að nokkurs séu virði, enda eru þau ekki til.

Hæstv. samgmrh., Emil Jónsson, kvað niður í eitt skipti fyrir öll rógburðinn um, að Keflavíkurvöllurinn ætti að verða herstöð, reiðubúin til árása á Evrópu og þá sérstaklega á Sovétríkin, þegar hann benti á, að samningur þessi á aldrei að gilda lengur en á meðan Bandaríkin hafa samningsbundið við Sovétríkin herstöð í Þýzkalandi, þ. e. inni í sjálfri miðri Evrópu — og geta þaðan ögrað hvort heldur Austur- eða Vestur-Evrópu á ólíkt tilfinnanlegri hátt en héðan frá Íslandi, ef vilji væri fyrir hendi, sem auðvitað ekki er. Sósfl. lét þó ekki þessi og önnur augljós rök verða sér að kenningu, heldur rauf hann stjórnarsamstarfið, svo sem kunnugt er, og varð þess þannig valdandi, að fyrrv. stjórn sagði af sér 10. okt. s. l.

Ef ráðh. Sósfl. hefðu trúað því, að flugvallarsamningurinn væri svo hættulegur sem þeir sögðu, þá hefði þeim auðvitað borið skylda til að gera það, sem í þeirra valdi stóð til að firra þjóðina þessum hættum. Enginn hefur betri aðstöðu til þess en flugmrh. Áki Jakobsson gegndi því embætti í fyrrv. stjórn. Með áframhaldandi setu í ríkisstj. hefði hann haft einstætt tækifæri til að forða þjóð sinni frá þeim hættum, sem hann reyndi að telja henni trú um, að gæti leitt af framkvæmd samningsins.

Þm. Sósfl. svara þessu sjálfsagt svo, að þeir hafi ekki viljað una því, að samningurinn væri gerður, og þess vegna sagt af sér. En ef þeir töldu það eitt nægja til að sprengja stjórnarsamstarfið, hlaut þar af óhjákvæmilega að leiða, að þeir neituðu með öllu að fara í stjórn á ný, á meðan samningurinn væri í gildi. Því fór hins vegar fjarri, að þeir hefðu þann hátt á. Þvert á móti. Þeir tóku þátt í samningum um nýja stjórnarmyndun við alla flokka þingsins eftir þetta, og var þó eindreginn meiri hluti þm. með samningsgerðinni. Og sú stjórnarmyndunartilraun, sem þeir síðast voru með í, var einmitt undir forystu Ólafs Thors, þess manns, sem gert hafði flugvallarsamninginn og mesta ábyrgð bar á honum. Síðari afstaða Sósfl. hefur þess vegna sýnt það svo glögglega sem verða má, að annaðhvort vantar allt samhengi í orð og athafnir Sósfl. eða það eru annarlegar orsakir, allt aðrar en flugvallarsamningurinn, sem mest hafa ráðið um gerðir flokksins eftir kosningarnar á s. l. sumri.

Ég skal ekki rekja allar þær samningaumleitanir um stjórnarmyndun, sem reyndar voru, frá því að stjórn Ólafs Thors sagði af sér og þangað til ný stjórn var mynduð, enda var ég verulegan hluta af þeim tíma fjarverandi á fundi hinna Sameinuðu þjóða og get þess vegna ekki sagt frá þeim atburðum af eigin raun. Hitt hefur sannazt, svo að sósialistum tjáir ekki í mót að mæla, að eftir að Ólafur Thors tók að sér að reyna stjórnarmyndun á ný hinn 18. des., en þá stjórnarmyndun takmarkaði hann við endurreisn sinnar gömlu stjórnar, þ. e. við samstarf Sjálfstfl., Alþfl. og Sósfl., þá var Sósfl. samtímis því, sem hann þannig fyrir opnum tjöldum samdi við Ólaf Thors, þátttakandi bak við tjöldin í öðrum samningaumleitunum, þar sem viðleitnin var að mynda stjórn án þátttöku Sjálfstfl., fyrst undir forystu Hermanns Jónassonar, en síðar undir forystu einhvers alþýðuflokksmanns, með þeim kynlega fyrirvara einum, að Alþfl. sjálfur mátti ekki ráða, hver þessi stjórnarformaður flokksins væri. Valið um það átti að vera hjá Sósfl.

Þó að menn séu orðnir ýmsu vanir í íslenzkum stjórnmálum, þá er þó slík tvöfeldni og þrálát blekking, sem betur fer, með öllu óþekkt fram að þessu. En það er ekki aðeins ódæma tvöfeldni, sem lýsir sér í slíkum vinnubrögðum, heldur einnig alger skortur á málefnaáhuga. Sósíalistar voru þannig samtímis að semja um endurreisn nýsköpunarstjórnar Ólafs Thors og þeir voru í leynisamningum við þá menn, sem þeir áður höfðu ákært hatramlegast fyrir andstöðu við alla nýsköpun og talið hina örgustu hrunstefnumenn, sem með þjóðinni væru.

Það er að vísu engin furða, þó að margir héldu, að sá flokkur, sem þannig fór að, væri einungis að hafa hina flokkana að háði og spotti. Um það skal ég ekki dæma. Ég veit meira að segja ekki, hvort ráðamenn Sósfl. hafa sjálfir vitað, hvað fyrir þeim vakti. Hitt er og sannanlegt, sem fullyrt er, að þar hafi hver höndin verið upp á móti annarri og brennandi heiftúðareldur logað á milli forráðamannanna. Hæstv. forsrh. telur, að mest hafi þetta verið leikaraskapur, til þess þeim mun betur að geta teflt á hina flokkana. Svo kann að hafa verið í fyrstu. En hitt er víst, að þegar öll þessi klókindi báru alveg öfugan árangur, hrutu mörg ófögur orð milli forkólfanna.

Hvað sem um það er, þá kom þó glögglega fram, að allir trúðu þeir því, að vegna ósamlyndis hinna flokkanna væru sjálfir þeir ómissandi, gætu sett öðrum kosti eftir vild sinni og magnað glundroða og öngþveiti í þjóðfélaginu, án þess að aðrir fengju að gert. En þeim mun merkilegra var, að ekki skyldi komast á samkomulag, þar sem allir flokkar létu svo í orði kveðnu, að þeim væri ljóst, hver væru helztu úrlausnarefnin fram undan, og að menn greindi ekki verulega á, hverjar leiðir skyldi fara til lausnar þeim.

Um þessar samningaumleitanir hafa þó engar skýrslur verið birtar almenningi, og skal ég þess vegna ekki rekja þær nánar. Ég minni aðeins á þá staðreynd, að um hinn 10. jan. lýsti Ólafur Thors yfir því við forseta Íslands, að hann treysti sér ekki til að mynda ríkisstj.

Forseti Íslands fól þá þegar í stað Stefáni Jóh. Stefánssyni að gera tilraun um stjórnarmyndun. Stefán Jóhann sneri sér þá til allra flokkanna um þátttöku í nýrri stjórn. En þá brá svo við, að Sósfl., sem áður hafði samtímis átt í samningum við alla flokka þingsins um stjórnarmyndun með mismunandi móti og með ólíkum mönnum og málum, hann neitaði nú alveg að taka þátt í nokkrum samningaumleitunum undir forystu formanns Alþfl., þess flokks, sem Sósfl. hefur þó tjáð sig hafa mestan hug á samvinnu við og hann ýmist ætlar að kæfa með óhóflegum ástaratlotum eða ofsalegu hatri.

Ástæðan til þessarar furðulegu afstöðu Sósfl. kom glögglega fram hjá Brynjólfi Bjarnasyni í gær. Hún er blint ofstækisfullt hatur forystumanna Sósfl. til Stefáns Jóhanns persónulega. Hatrið er aldrei góður leiðarvísir. Allra síst má persónuhatur ráða gerðum þeirra manna, sem ráða örlögum þjóðar sinnar. Það varð Sósfl. hér að fótakefli. Það opinberaði, að annarleg sjónarmið voru sett ofar en þjóðarheill. Og það varð einnig til þess, að Sósfl. lék hatramlegar af sér en nokkur annar

flokkur hefur gert í stjórnmálum lands og stóð einangraður eftir.

Neyðaróp Brynjólfs Bjarnasonar í gær um, að nú vildi hv. Sósfl. sameinast hverjum, sem við honum vildi líta, alveg án tillits til flokkshagsmuna, er glöggt vitni þess eymdarástands, sem flokkurinn er í. Þeir, sem ætíð og alltaf hafa sett flokkshagsmuni öllu ofar, tala ekki svo, nema að þeim sé sorfið. Er líklegt, að örvænting þessi stafi mest frá hirtingu, sem flokkurinn hefur fengið frá öðrum aðila en íslenzkum, aðila, sem hann setur vissulega ólíkt framar og ofar öllu því, sem íslenzkt er.

Hinir flokkar þingsins gátu auðvitað ekki látið þetta persónuhatur forkólfa Sósfl. hafa áhrif á afstöðu sína. Þeir urðu að kanna, hvort málefnagrundvöllur væri til samvinnu eða ekki. Þær samningaumleitanir tóku nærri mánaðartíma. Niðurstaðan varð sú, að málefnasamningur komst á. Var það og ekki óeðlilegt, því að í málefnasamningsfrv. Stefáns Jóhanns var samantekinn kjarninn úr umræðunum, sem átt höfðu sér stað milli allra flokka um nærri fjögurra mánaða skeið.

Auðvitað er þessi samningur á þann veg líkur öllum öðrum samningum um samsteypustjórnir, að enginn flokkur hefur þar fengið allt sitt fram eða er ánægður með hann til hlítar, en svo verður ætíð, meðan enginn einn flokkur hefur meiri hluta með þjóðinni, og tjáir því eigi um það að fást. Var og ekki margra kosta völ. Þegar hér var komið, var byrjaður febrúarmánuður og meðferð fjárlaga fyrir árið 1947 enn á upphafsstigi í þinginu, þau ekki enn komin til annarrar umr., og fundir í fjvn. höfðu legið niðri í margar vikur, vegna þess að tilgangslaust var talið að halda fundi, á meðan þingræðisstjórn væri ekki fyrir hendi til að veita forystu. Án slíkrar stjórnarmyndunar virtist mjög erfitt, ef ekki ómögulegt að afgreiða fjárlög fyrir þetta ár. Hefur og raunin orðið sú, að það er eingöngu fyrir þrálátar samningsumleitanir af hálfu stjórnarinnar, sem það hefur tekizt fyrst nú í apríllok að ljúka samþykkt þeirra fjárl., sem eftir stjórnskipun landsins eiga að vera til, þegar áður en árið hefst.

Þegar samkomulag varð um myndun þessarar stjórnar í upphafi febrúar, hafði verðbólgan aukizt undanfarið frá mánuði til mánaðar, án þess að samkomulag næðist á Alþ. um, að nokkuð yrði að gert, annað en að tekin var ábyrgð á fiskverði fyrir bátaflota landsmanna, til þess að hindra algerða stöðvun hans, sem ella vofði yfir. Skal ég eigi vefengja, að sú ráðstöfun hafi verið réttmæt, eins og þá stóðu sakir, en ljóst er þó, að ekki tjáir til lengdar sú hækkun á útflutningsverði íslenzkra afurða, að íslenzki ríkissjóðurinn ábyrgist hækkunina einmitt og einungis vegna þess, að vitað er, að hækkunin samsvarar engan veginn raunverulegu markaðsverði erlendis. Minnir sú björgunaraðferð allt of mikið á ráð Münchausens sáluga, er hann dró sjálfan sig upp úr keldunni með því að toga í eigin hártopp.

Hitt er augljóst, að einmitt vegna þessarar ráðstöfunar var nauðsynlegt, að vísitalan og þar með framleiðslukostnaður hækkaði ekki enn, svo að jafnvel ábyrgðarverðið reyndist allt of lágt, þannig að stöðvun yrði á framleiðslunni þrátt fyrir þær einstöku ráðstafanir, sem gerðar höfðu verið. Af þeim sökum var þess brýn nauðsyn að festa vísitöluna í bili með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, ef ekki vildi betur til, meðan annarra úrræða væri leitað.

Þá hafði stjórnarkreppan og orðið þess valdandi, að dráttur varð á að senda samninganefndir erlendis til að semja um afurðasöluna, og átti ríkið sjálft þó meira í húfi um hana en nokkru sinni áður. Þannig mætti lengur telja mál, sem þegar í stað varð að afgreiða, og hlutu þess vegna öll rök að hníga að því, að meiri dráttur en orðinn var mætti ekki verða á því, að ný stjórn kæmist á laggirnar. Mátti raunar segja, að svo mörg aðkallandi mál biðu lausnar í upphafi febrúar, að allir þm. hefðu orðið þeirra vegna einna að sameinast um að koma á einhverri ríkisstj., sem þingmeirihluta hefði og þess vegna hefði aðstöðu til að gera Alþ. starfhæft á ný. Var þó sýnu meira í húfi heldur en lausn þessara mála einna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að staða Íslands er nú með allt öðrum hætti en áður var. Einangrun landsins er lokið. Vandamálin, sem að höndum ber, eru nú miklu margþættari og viðtækari en áður var og krefjast þó nú skjótari lausnar en þá. Samhliða þessum vanda höfum vér tekizt þann á hendur, sem hverri þjóð er mestur, en um leið dýrmætastur, sem sé að fara að öllu einir með mál vor. Vér fögnum að vísu öll, að vér fengum að lifa, er lýðveldið var endurreist á Íslandi 1944, og metum mikils þá hagsæld, sem hér hefur verið hin síðari ár. En vér verðum þó að játa, að ýmsa skugga ber á. Vér verðum að gera oss þess grein, að auðsæld hinna síðustu ára er ekki nema að litlu leyti fyrir vorn eigin tilverknað. Um hana veldur heimsstyrjöldin mestu, og er þess þó að gæta, að veruleg eignasöfnun þjóðarinnar á erlendum vettvangi hefði ekki átt sér stað þrátt fyrir gífurlegt stríðsverð afurðanna, ef erlent setulið hefði eigi dvalið hér og ráðizt í stórkostlegar framkvæmdir. Bætt kjör almennings og innieignir landsins út á við voru fyrst og fremst að þakka setuliðsvinnunni, en ekki eðlilegum atvinnurekstri landsmanna.

Hv. Brynjólfur Bjarnason þakkaði í gær sér og flokki sínum þær kjarabætur, sem almenningur fékk á þessum árum. Sá góði maður veit miklu betur en þetta. Hann veit fullvel, að frumorsök kjarabótanna er einmitt „landráðavinnan", sem þeir kumpánar kölluðu svo um skeið. Án hennar hefðu kjarabæturnar aldrei getað átt sér stað og sjálf nýsköpunin því miður að mestu verið ómöguleg.

En því fór fjarri, að hin mikla setuliðsvinna væri einhliða gróði fyrir land og lýð. Til hennar er að mestu leyti að rekja orsakirnar til hinnar geigvænlegu verðbólgu, sem allar ríkisstjórnir og Alþingi hafa árangurslaust barizt á móti frá 1940. Á þessum tímum hefur verðbólgan ekki verið einhliða böl. Hún gerði tekjurnar af setuliðsvinnunni meiri en ella og hún hefur átt meiri þátt en nokkuð annað í að dreifa stríðsgróðanum. En nú er hvort tveggja búið. Nú stendur voðinn einn eftir.

Því tjáir ekki að leyna, að verðlag hér innanlands er nú orðið svo hátt, að miklum vandkvæðum er bundið að selja vörur landsmanna með eðlilegum hætti á erlendum markaði. Eg tel skyldu mína að skýra þjóðinni frá því, að verzlunarsamningar við aðrar þjóðir hafa gengið mun verr en vonir stóðu til. Mun ég að gefnu tilefni frá hv. Brynjólfi Bjarnasyni víkja nánar að þessum málum

síðar í kvöld. Nú þegar vil ég aðeins geta þess, að örðugleikinn hefur alls staðar verið sá sami: Hærra verðlag á íslenzkum vörum en sambærilegum vörum frá öðrum þjóðum.

Þessi hætta er ekki heldur ný. Menn hafa lengi vitað, að hún var þá og þegar yfirvofandi.

Sem betur fer, tókst fyrrv. stjórn undir forystu Ólafs Thors að verja verulegum hluta stríðsgróðans til nýsköpunar. Þess vegna stöndum vér nú um atvinnutæki betur að vígi en nokkru sinni áður. Vegna þessara ráðstafana fyrrv. stjórnar getur Ísland nú átt glæstari framtíð en nokkru sinni fyrr, ef vér kunnum með að fara. En þótt fyrrv. stjórn ynni með þessu ómetanlegt happaverk, þá sá hún þó ekki við öllu. Hún náði aldrei taumhaldi á dýrtíðaróhemjunni, enda var hún þá ekki orðin eins hættuleg og nú, því að atvinnutækin verða gagnslaus, ef verðbólgan gerir ómögulegt að selja afurðirnar, sem með þeim er aflað.

Hin öra eyðsla gjaldeyrisins undanfarið og sú þurrð á lánsfjárgetu bankanna, sem gerði vart við sig þegar um mitt s. l. ár, er hvort tveggja að verulegu leyti bein afleiðing verðbólgunnar.

Þá þegar var því skráð á vegginn, að snúast yrði til varnar gegn vágestinum. Núverandi stjórn er ekki að búa til kreppu eins og Sósfl. segir. Þvert á móti. Hún er mynduð til að berjast gegn þeirri kreppu, sem Sósfl. sá, að var í aðsigi, en vildi ekki leggja til raunhæfrar baráttu við.

Sósfl. fékkst til að vera í ríkisstj. á meðan fjármunir voru fyrir hendi til að kaupa ný atvinnutæki, en hljópst frá ábyrgðinni, þegar sýnt var, að verðbólgan og afleiðingar hennar mundu verða helzta viðfangsefnið í íslenzkum stjórnmálum nú um hríð. — Sósfl. hefur mikið talað um verðbólguna fyrr og síðar. En hann hefur aldrei fengizt til að gera neitt, sem orðið gat til raunverulegrar lækningar. Á meðan hann átti sæti í ríkisstj. átti hann að vísu þátt í að borga vísitöluna niður. Nú, þegar hann er kominn úr stjórninni, þá fordæmir hann hið sama, er hann áður studdi. Slík eru heilindin. En niðurgreiðslurnar eru engin varanleg lækning, hvort heldur núverandi stjórn eða fyrrverandi stjórn standa að þeim.

Þetta var öðrum flokkum en Sósfl. í fyrrv. stjórn fyllilega ljóst. Þeir skildu, að sjálf nýsköpunin var aðeins upphaf þess, sem gera þurfti. Þeir töldu að vísu ástæðulaust að hefja harmagrát yfir of háu verðlagi, á meðan afurðir landsmanna seldust erlendis með skaplegu móti. En þeim kom aldrei í hug, að hægt yrði að umflýja afleiðingarnar, þegar verðlagið í raun og veru reyndist of hátt og horfði til stöðvunar atvinnuveganna.

Þeirri staðreynd vildi bæði Sjálfstfl. og Alþfl. láta taka eins og menn, þegar á hólminn kæmi. En það var þá, sem hv. Sósfl. lagði niður rófuna og flúði af hólmi. Hinir flokkarnir vildu að vísu eiga þátt í, hvernig stríðsgróðanum væri eytt, og réðu, að mestum hluta hans var varið skynsamlega til undirbúnings framtíðinni. Hv. Sósfl. vill aðeins vera með í því að eyða. Þegar möguleikinn til þess var í bili búinn vegna þess, hve þrengjast var farið um reiðufé, þá var áhugi hv. Sósfl. til þess að vera í stjórninni á þrotum. Þá sagði hann sig úr leik með yfirskinsástæðum.

Hitt játa ég, að núverandi stjórn hefur enn ekki fundið framtíðarráðið í þessu. Mér finnst heldur ekki von, að hún finni á þrem mánuðum þau ráð, sem hvorki almenningur, Alþingi né ríkisstj. hafa fundið á s. l. sjö árum.

Á þessu stigi hlýtur aðalviðfangsefnið að vera það, að vekja þjóðina til vitundar um þá hættu, sem er á ferðum, og reyna að efla þau samtök, sem vænlegust eru til lækningar þessum og öðrum vanda með þjóðinni.

Eins og skugga verðbólgunnar leggur nú yfir fjármálalíf þjóðarinnar, þá hefur skuggi sundurlyndisins um langa hríð hvílt eins og mara á stjórnmálum landsins. Alþingi reyndist þess ómegnugt 1942 að mynda þingræðisstjórn. Þá var utanþingsstjórnin sett. Þegar þingið loksins síðari hluta árs 1944 sá að sér og myndaði stjórn fyrir forystu Ólafs Thors, vonuðum vér flestir, sem þá áttum sæti á Alþ., að slík ófremd ætti ekki eftir að henda oss á ný, að Alþ. reyndist ómáttugt að gegna þeirri helztu skyldu sinni að sjá landinu fyrir lögmætri stjórn. En á s. l. vetri virtist sækja í sama horfið. Ef ekki var að gert, blasti við sundurlyndi og úrræðaleysi í einu og öllu. Ef ómögulegt reynist að mynda þingræðisstjórn á Íslandi á hverjum tveggja ára fresti, þá er þingræðinu áreiðanlega hætt. Völdum og virðingu þeirrar stofnunar, sem mestum ljóma hefur varpað yfir Ísland og Íslendinga, er búinn vís voði með slíku áframhaldi.

Í húfi er þó jafnvel ennþá meira. Enn eru mörg veður í lofti og ekki tryggt, hvort Íslendingum tekst að halda sjálfstæðu lýðveldi í landi sínu. Sjálfstæði svo lítillar þjóðar í jafnörðugu landi er fyrirbrigði, sem gengur kraftaverki næst, ef heppnast. Ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar, að þetta kraftaverk yrðum vér að gera og íslenzku þjóðinni væri unnt að gera það, ef hún hefði samhug og vilja til að gegna þessu helgasta verkefni sínu. En ennþá er lýðveldi vort ekki annað en veikburða tilraun, sem á eftir að standa af sér storma tímans. Þrátt fyrir þá næðinga, sem nú leika í stjórnmálum heimsins, hefur tekizt að halda þannig á málum Íslands út á við, að lýðveldið stendur styrkara þar en í fyrstu. Ísland hefur unnið sér álit og virðingu fyrir hófsama og skynsamlega framkomu í utanríkismálum þann stutta tíma, sem það hefur átt þar hlut að máli, þótt lítill sé. En því síður megum vér sjálfir verða níðhöggvar vors eigin lýðveldis.

En á hvern veg hefði fremur verið nagað undan frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar en ef Alþ. hefði nú enn á ný gefizt upp við að sjá landinu fyrir lögmætri stjórn? Sannir unnendur lýðræðisins gera sér þess grein, að stjórn verður að vera í landinu, stjórn sem styðst við meiri hluta Alþ. og gerir Alþ. þar með starfhæft.

Einmitt í þessu sambandi vil ég segja við þá sjálfstæðismenn, sem eru óánægðir yfir, að upp var tekið samstarf við Framsfl.: Það var búið að reyna aðra möguleika til stjórnarmyndunar. Þeir fóru allir út um þúfur. Í þrjá mánuði hafði Sósfl. tekizt að hindra, að þingræðisstjórn yrði mynduð. Valið var þess vegna um það, hvort menn vildu þá þingræðisstjórn, sem hægt var að mynda, eða enga stjórn og þann glundroða og upplausn, sem er tvífari stjórnleysisins. Slíkt val var vissulega ekki vandasamt.

Ég hef aldrei farið dult með það, að ég hefði heldur kosið, að Sjálfstfl. hefði áfram farið með forystu í málum þessarar þjóðar undir forystu Ólafs Thors, fyrrv. forsrh., og ég vildi svo mikið til vinna, að ég mundi hafa sætt mig við, þótt hv.

Sósfl. yrði einnig ásamt öðrum flokkum þátttakandi í slíkri stjórn, og var mér þó fyrir löngu ljóst, hvílíkur vandræðagripur sá flokkur er. En það kom ekki til. Þann flokk skorti þjóðhollustu til nýtra starfa, þegar menn uggði, að móti tæki að blása. Ég hef ekki heldur farið dult með það, að ég hefði haft sum atriði í stefnuskrá þessarar stjórnar með öðrum hætti, hefði ég einn ráðið, og sama veg mundi orðið hafa, ef flokkur minn hefði einn mátt mælast við. En úr því að ómögulegt reyndist, eins og sakir stóðu, að mynda stjórn undir forystu Sjálfstfl., varð að taka þann kost, sem hinum var næstbeztur.

Stefna þessarar stjórnar er og í öllum höfuðatriðum hin sama og orðið hefði, ef Sjálfstfl. hefði myndað stjórn á ný.

Nýsköpuninni verður haldið áfram og allra ráða leitað til að bjarga henni frá þeim voða, sem henni er búinn, ef ekki verður að gert.

Aukin menning, blómlegt atvinnulíf, heill og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar eru þau markmið, sem Sjálfstfl. keppir að með þátttöku sinni í núverandi ríkisstj.

Áki Jakobsson: Ég vil benda hlustendum á að bera saman síðustu orð hæstv. utanrrh., Bjarna Benediktssonar, við harmagrát hæstv. menntmrh., Eysteins Jónssonar, sem hann flutti hér í gær. Hann gerði ekki minnstu tilraun til að bera þær blekkingar fyrir þjóðina, að það væri meiningin að halda áfram nýsköpuninni. Hann veit, að það er meiningin að stöðva hana að öllu leyti og að það er verið að vinna að því nú skipulagsbundið að skapa hrun meðal þjóðarinnar. Hæstv. utanrrh. finnur, að það er erfitt að flytja slíkan málstað, og þess vegna grípur hann til þess síðustu mánúturnar að tala eins og hann talaði, þó að allur hans málflutningur og annarra meðlima stj. og annarra, sem talað hafa af hálfu stjórnarflokkanna, beri vott um það gagnstæða. Annars sýnir fátt betur rökþrot ríkisstj. en það, hvernig hæstv. utanrrh. og forsrh. hafa gert það að veigamiklu atriði að ræða um ferðakostnaðarreikninga mína. Ekkert sýnir betur, að þetta eru menn, sem eru að fálma eftir röksemdum, af því að þeir eru að vinna að málstað, sem er andvígur allri þjóðinni.

Hæstv. forsrh. valdi mér nokkrar kveðjur í gær, sem ég vil svara með nokkrum orðum. Ræða hans var athyglisverð fyrir það, að hún sannar betur en nokkuð annað, hve illan málstað ríkisstj. hefur, þegar forsrh. getur haldið jafnómerkilega ræðu.

Það var almennt viðurkennt þegar stjórnin tók við völdum, enda skýrt fram tekið af fyrrv. forsrh., að aldrei hafi verið eins bjart framundan í markaðsmálum landsins, en nú er svo komið, að ríkisstj. er búin að gera samning við Englendinga, sem er sannkallaður smánarsamningur, en í Sovétríkjunum hefur hún ennþá engum árangri náð, og hæstv. utanrrh. lýsti því yfir, að allt tal um góðar markaðshorfur í því landi væru staðlausir stafir.

Fyrir þjóð eins og Íslendinga, sem eiga alla afkomu sína undir því að eiga örugga markaði fyrir hinar fábreyttu útflutningsafurðir sínar, er vitanlega sjálfsagt að gera allt, sem hægt er til þess að tryggja sér fasta samninga um sölu afurða til langs tíma. Ísl. þjóðin má aldrei við því að verða fyrir stórum skakkaföllum, fyrir hana er allt undir því komið að vera örugg um söluna. Á undanförnum tveimur árum hefur það valdið sjávarútvegi okkar gífurlegu tjóni, að þegar vertíð hefur byrjað, hefur allt verið í óvissu um sölu.

Ég hef oft bent á það, að ísl. þjóðinni sé hagkvæmt að fá markaði fyrir sem mest af útflutningsvöru sinni í þeim löndum, sem komið hafa á hjá sér áætlunarbúskap, þ. e. í Sovétríkjunum og öðrum ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu, vegna þess að í þessum löndum er útilokað, að viðskiptakreppur skelli yfir, sem taka fyrir útflutninginn fyrirvaralaust, þegar verst gegnir, og setji þjóðarafkomuna í hættu, eins og átti sér stað í kreppunni 1932. En auk þess sem það er hagræði fyrir Íslendinga að gera samninga til langs tíma um sölu afurða okkar, þá er það nauðsynlegt fyrir þau lönd, sem tekið hafa upp áætlunarbúskap. Slík ríki geta ekki gert skyndisamninga um mikið magn í stuttan tíma án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir framhaldinu. Það truflar allt hagkerfi þessara landa. Þessi lönd vilja sjálf gera samninga til langs tíma, og þannig falla algerlega saman viðskiptalegir hagsmunir Íslands og þeirra.

Fyrir rösku ári síðan gerðu Íslendingar fyrsta verzlunarsamning sinn við Sovétríkin. Sá samningur var, eins og öllum er kunnugt, mjög hagkvæmur, og var það skoðun allra útvegsmanna, að það bæri að halda áfram þessum viðskiptum og auka þau. Frá hendi Sovétríkjanna kom fram ákveðinn vilji til að viðhalda og auka viðskipti landanna. Í því skyni að athuga möguleika á þessu kom hingað til lands á s. l. hausti fulltrúi frá matvælakaupastofnun Sovétríkjanna. En honum var tekið fálega. Hann fékk ekki tilboð um þær vörur, sem hann bað um. Afturhaldið var þá önnum kafið í samningum um Keflavíkurflugvöllinn og mátti ekki vera að því að sinna slíkum hégóma sem sölusamningum um afurðir okkar. Allar tilraunir sölustöðvar hraðfrystihúsanna til að ýta undir, að samningar yrðu gerðir, urðu árangurslausar. Þessu tækifæri til þess að koma á varanlegum viðskiptum við Sovétríkin var sleppt. Auk þessa var ekki hirt um að láta sendiherra Íslands í Sovétríkjunum dveljast í Moskva til þess að vinna að áframhaldi viðskiptanna. Það sýndi sig, að hjá þeim, sem mestu réðu um utanríkis- og verzlunarmálin, var ríkjandi alger andúð gegn því að hafa önnur viðskipti við Sovétríkin en þau að selja þeim aðeins það, sem ógerlegt var að selja annars staðar. Þetta kom skýrt fram í umr. um herstöðvarsamninginn í haust, er Emil Jónsson, hæstv. viðskmrh., lýsti því yfir, að Íslendingar vildu ekki stóra viðskiptasamninga við Sovétríkin, og hefur hann þar talað fyrir munn afturhaldsaflanna yfirleitt.

Á s. l. ári átti íslenzka þjóðin þess kost að fá markað í Sovétríkjunum fyrir allar afurðir sínar til langs tíma við mjög hagstæðu verði. Þjóðin hefur aldrei í sögu sinni átt annað eins tækifæri, og er sorglegt til þess að vita, að hún skuli hafa látið það ganga úr greipum sér og standi nú uppi í einhverjum þeim mestu viðskiptaörðugleikum, sem hún hefur komizt í, að því er utanrrh. og fjmrh. hafa upplýst. Þetta hefur m. a. orðið þess valdandi, að núv. ríkisstj. hefur gert viðskiptasamning við England, sem vafalaust er sá mesti smánarsamningur, sem íslenzka þjóðin hefur gert, eins og ég mun víkja nánar að síðar. Allar nágrannaþjóðir okkar hafa keppzt um að afla

sér markaða í Sovétríkjunum og ríkjum Mið-Evrópu og hafa ekki látið neitt tækifæri sér úr greipum ganga til þess að hagnýta hina miklu möguleika. En Íslendingum var öðruvísi farið. Íslenzka afturhaldið gat komið því til leiðar, að í stað þess að setjast að samningaborðinu við Sovétstjórnina, þá voru hafnar aðgerðir, sem settu Íslendinga í það ljós gagnvart Sovétríkjunum, að þeir hygðu á það eitt að fjandskapast við þau, styðja þau öfl í heiminum, sem nú eru að undirbúa 3. heimsstyrjöldina í því skyni að leggja Sovétríkin að velli. Það var knúið fram af þessum öflum, að Bandaríkjunum var látin í té flugherstöð í Keflavík, sem allir vissu, að bandaríska afturhaldið ætlar sér að nota í stríði gegn Sovétríkjunum, ef þeim tekst að koma því á. Afturhaldinu á Íslandi var vel kunnugt um það, að Sovétríkin hlutu að skoða þetta tiltæki Íslands beinan fjandskap við sig, enda er ekkert farið dult með það í amerískum blöðum í yfirlýsingum ameríska stjórnmálamanna, að hér sé um herstöð gegn Sovétríkjunum og öðrum Evrópuríkjum að ræða. Sú röksemd, að Bandaríkjunum væri þetta nauðsynlegt vegna hersetu sinnar í Þýzkalandi, er í raun og veru hlægileg og ekki svara verð og aðeins ætluð fávísum mönnum hér innanlands. Aldrei hefur nokkurt tiltæki íslenzkra stjórnarvalda valdið þjóðinni eins miklum skaða í viðskiptamálum hennar og Keflavíkursamningurinn. Og raunar hefur aldrei verið unnið heimskulegra verk á Íslandi en þessi samningur, hvernig sem á hann er litið. Þær skópurrkur ameríska afturhaldsins, sem komu málinu fram, treystu því í fávísi sinni, að samningurinn mundi leysa viðskiptamál landsins á þann veg, að Bandaríkin mundu í þakklætisskyni kaupa af okkur afurðir okkar fyrir gott verð. Þessir menn vissu, að ekki gat verið um að ræða nein eðlileg stórviðskipti milli Íslands og Bandaríkjanna, því að Bandaríkin eru sjálf stórframleiðandi hvers konar sjávarafurða og hafa víðáttumikil og auðug fiskimið við bæjardyr sínar. Löngun afturhaldsins til þess að losna við að þurfa að selja Sovétríkjunum afurðir okkar var svo mikil, að það hikaði ekki við að skerða sjálfstæði landsins í þeirri von, að afturhald Bandaríkjanna tæki okkur upp á arma sína. En það fór á annan veg en ætlað var. Það fór fyrir landsölumönnunum eins og oft hefur farið fyrir þeim mönnum, sem bregðast þjóð sinni og gerast þjónar erlendrar ásælni. Sennilega hafa landsölumennirnir hvergi aflað sér meiri fyrirlitningar en einmitt hjá stjórnarvöldum Bandaríkjanna. Nú hvarflar það ekki að Bandaríkjastjórn að gera viðskiptasamning við Ísland. Bandaríkin hafa fengið það, sem þau vildu. Þau eru búin að fá herstöðvar á Íslandi, og það, hvort þessar fáu hræður, sem búa hér á Íslandi, séu í vandræðum við að koma út fiskafurðum sínum, snertir þau ekki.

Bandaríkin eru búin að fá herstöðvar, þau þurfa ekki á vináttu Íslendinga að halda. Íslendingar geta ekki næstu 6 og hálft ár orðið Bandaríkjunum til trafala, hvað herstöðvar snertir, hvernig sem hugur þeirra kann að vera. Ef Íslendingar hefðu komið fram eins og sjálfstæð þjóð og neitað herstöðvarkröfum Bandaríkjanna afdráttarlaust, þá hefði afstaðan verið önnur. Þá hefðu Bandaríkin þurft á vináttu Íslendinga að halda og gert sér fyllilega ljóst, að eini grundvöllur slíkrar vináttu voru hagkvæmir viðskiptasamningar. Landssölumennirnir töldu sig eiga á milli að velja smánarinnar af því að bregðast þjóð sinni eða glata viðskiptamöguleikum í Bandaríkjunum. Þeir völdu smánina og niðurlæginguna og hafa nú líka misst af markaðinum.

Eftir að Keflavíkursamningurinn var gerður, var því framar öllu nauðsynlegt, að íslenzk stjórnarvöld beittu ýtrustu varfærni og lipurð í samningum um sölu á afurðum okkar, og var þá sérstaklega nauðsynlegt, að íslenzka stjórnin þrátt fyrir Keflavíkursamninginn gerði ekkert það, sem gæti orðið þess valdandi, að þjóðir Evrópu teldu Ísland bandarískt leppríki. En gæfa Íslands var ekki nóg til þess að því auðnaðist að stinga við fæti gegn frekari undanlátssemi við ásælni Bandaríkjanna, jafnskaðlegt sem það var afurðasölu landsins.

Eftir myndun núv. ríkisstj. hefur stórum hallazt á ógæfuhlið fyrir þjóðinni í markaðsmálum. Það var að sjálfsögðu ekki við góðu að búast, þegar þessir menn tóku við stjórn. Hæstv. utanrrh., Bjarni Benediktsson, er einn ofsafengnasti hatursmaður Sovétríkjanna hér á landi. Hann átti upptök að því, að Sjálfstfl. gerði hvers konar róg og níð um Sovétríkin, þjóðskipulag þeirra og forustumenn að pólitísku vopni í innanlandsmálum. Og fyrir hans atbeina er ekkert tækifæri látið ónotað til þess að viðhalda meðal almennings hvers konar hleypidómum um Sovétríkin. Svo mikill var ofsi þessa manns, að í þingræðu í fyrra vetur stimplaði hann Sovétríkin sem fullkomið einræðisríki. Hæstv. utanrrh. telur það nauðsynlegt fyrir pólitíska velferð sína og flokks síns, að ekki takist hagfelldir viðskiptasamningar við Sovétríkin, því að hann sér það, að ef svo færi, mundi vera erfitt að blekkja almenning eins herfilega og hann hefur gert um Sovétríkin, eðli þeirra og árangur. Það var því vitað, að hæstv. utanrrh. mundi leggja sitt fram til þess að yfirvinna þær tálmanir, sem komnar voru hvað snertir viðskipti okkar við Sovétríkin. Enda er það nú komið á daginn, að hann heldur áfram á þeirri braut að auka sem mest á allar torfærur í viðskiptum við Sovétríkin, og nú síðast hefur hann tekið upp á sitt eindæmi að láta umboðsfélagi Standard Oil í hendur flotastöð Bandaríkjanna í Hvalfirði til viðhalds, þannig að hún geti verið til taks fyrir Bandaríkjaflotann a. m. k. í næstu 3 ár.

Eftir því, sem Bjarni Benediktsson hefur nú upplýst í þinginu, ganga samningar við Sovétríkin mjög treglega.

Ástæðan fyrir því, hve nú gengur treglega í samningum við Sovétríkin, er sú, að með stjórn þessara mála hér á landi fara menn, sem vilja engin viðskipti við Sovétríkin hafa af pólitískum ástæðum önnur en þau, sem eru alveg óhjákvæmileg vegna þess, að ekki sé möguleiki á að drífa upp markaði annars staðar. Á meðan Bjarni Benediktsson stjórnar utanríkismálum á Íslandi er útilokað, að stórfelldir og hagkvæmir viðskiptasamningar verði gerðir við þjóðirnar á meginlandi Evrópu, af því að slíka samninga vill hann ekki gera. Hann kýs heldur óhagkvæma verzlunarsamninga við Englendinga. Það er eitur í hans beinum, að Íslendingar tengist viðskiptalega þeim þjóðum, sem komið hafa á hjá sér sósíalistisku hagkerfi,

þrátt fyrir það, þótt lönd þeirra séu hagkvæmustu og eðlilegustu markaðir íslenzkra afurða.

Nú er Bjarni Benediktsson búinn að ganga frá samningum í höfuðatriðum við Englendinga. Og eru þeir samningar í stíl við alla stefnu núv. ríkisstj., að kalla yfir Ísland hrun og atvinnuleysi, til þess að gefa auðmönnum landsins tækifæri til þess að auðgast enn meira en orðið er bæði með því að féfletta millistéttirnar, sem safnað hafa nokkrum fjármunum á undanförnum árum, og til þess að lækka launin og lífskjör fólksins. Enn hefur að vísu ekki verið gengið formlega frá samningunum í Englandi, en íslenzka ríkisstjórnin hefur fallizt á að selja Bretum allt að 18900 tonn af síldarlýsi fyrir 95 pund tonnið. Markaðsverð er hins vegar 130—140 pund. Á móti þessu kemur það, að Bretar kaupa allt að 12 þús. tonn af hraðfrystum fiski á verði, sem er rösklega ábyrgðarverðið, þó með þeim skilmálum, að á móti hverju tonni af hraðfrystum fiski, sem Englendingar taka, skuli Íslendingar láta fylgja eitt og hálft tonn af lýsi á fyrrgreindu verði. Með þessu móti er ríkisstjórnin að ráðstafa síldarkúfnum, sem svo hefur verið nefndur. Ef miðað er við lægsta markaðsverð á lýsi, 130 pund, þá greiðir íslenzka ríkisstj. með þessu móti 52 og hálft pund eða 1375 kr. með hverju tonni af hraðfrystum flökum, sem Englendingar kaupa. Þetta þýðir, ef þessi mismunur er dreginn frá freðfiskverðinu, að íslenzka ríkisstj. selur raunverulega hraðfrysta fiskinn fyrir 70—80 aura pundið. Í því sambandi skal þess getið, að salan til Sovétríkjanna í fyrra var kr. 1,12, og nú hefur tilboð borizt í 5000 tonn af hraðfrystum flökum fyrir kr. 1,43. Það er ástæðulaust að vera að viðhafa sterk orð út af svona sölusamningum. Tölurnar tala sínu máli. Freðfisksalan til Englands er 30% lækkun frá sölunni til Sovétríkjanna á s. l. ári, — og helmingi lægra heldur en franska tilboðið, sem nú hefur borizt. Það má segja, að það sé keypt dýru verði að halda viðskiptunum við England. En mér er spurn, — hvernig ætlar ríkisstj. að fara að, ef síldveiðarnar bregðast? Og hvernig ætlar ríkisstj. að fara að því að bjóða út freðfiskinn til þeirra landa, sem við getum ekki boðið lýsið? Freðfiskurinn íslenzki hefur ekki fram að þessu verið nein gustukavara. Hann hefur alls staðar líkað vel, og var því engin þörf á því að ganga inn á svo gífurlega verðlækkun á þessari vöru. Það er enn þá ein spurning, sem rétt væri, að ríkisstj. svaraði. Hvað ætlar hún að gera, þegar síldarlýsið okkar fellur aftur niður í eðlilegt verð, þannig að ekki verði hægt að greiða þennan stórfellda verðmismun með verði lýsisins, eins og hún hefur gert nú? Þrátt fyrir þessa smánarsamninga kaupa Englendingar ekkert af saltfiskframleiðslu okkar, og ekki endist lýsið til þess að borga svo niður verðið á saltfiskinum sem nú hefur verið gert á freðfiskinum. Þrátt fyrir þennan lélega samning í Englandi hefur þó heildarverð afurðanna hækkað frá því í fyrra, vegna hækkunar síldarlýsisins.

Allir viðskiptasamningar okkar hafa beðið eftir úrslitum í London, þannig að með þessum samningi er raunverulega ákveðið útflutningsverð á þessum tveim þýðingarmestu útflutningsvörum okkar. Þess er ekki að vænta, að hægt verði að fá í öðrum löndum hagstæðara verð en ríkisstj. hefur fallizt á í Bretlandi, svo að þessi samningur mun verða mjög örlagaríkur fyrir alla afkomu íslenzka sjávarútvegsins og þjóðarinnar í heild.

Íslenzka ríkisstjórnin hefur haldið þannig á samningunum í London og Moskva, að í London var hún ákveðin að gera samninga, að hvaða afarkostum, sem hún yrði að ganga. En í Moskva átti því aðeins að gera samninga, að ekki reyndist kleift að selja nægilegt magn annars staðar, og þá helzt eingöngu um þær vörur, sem ekki gengu út. Þetta hefur verið svo augljóst á öllu háttalagi stjórnarinnar, að ríkisstj. gat ekki vænzt þess að fá nein endanleg tilboð í Moskva fyrr en það sæist, hver yrðu úrslit samninganna í London. Þannig ber stjórnin sjálf alla ábyrgð á því, hve samningarnir í Moskva hafa gengið treglega, og getur engan um sakað.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Gott kvöld. Hv. þm. Siglf., sem talaði hér **áðan, vék að byggingu** síldarverksmiðjanna á Norðurlandi. Það má að vísu segja um þær, að þar sem engin kostnaðaráætlun hafi verið gerð, þá hafi ekki verið hægt að fara fram úr áætlun.

Á þinginu 1944 var samþ. heimild fyrir 20 millj. kr. til þessara síldarverksmiðja, og í apríl 1946 var þessi ábyrgð hækkuð upp í 27 millj. kr., og þá sagði þessi hv. þm. í grg. fyrir frv., orðrétt:

„Framkvæmdir eru nú það vel á veg komnar, að nokkurn veginn má sjá, hver byggingarkostnaðurinn verður. Má ætla, að til þess, að unnt verði að ljúka byggingarframkvæmdum bæði í Höfðakaupstað og Siglufirði, þurfi að hækka lántökuheimild ríkisstj. úr 20 millj. kr. upp í 27 millj kr."

Þetta var í aprílmánuði 1946, en í nóvember 1946 er flutt frv. um hækkun upp í 38 millj., og nú er komið upp úr dúrnum, að þessar framkvæmdir muni kosta a. m. k. 43 millj. kr., og svo á það víst að bæta úr, að engin kostnaðaráætlun hafi verið gerð. Annars er öll sú framkvæmd svo, **að furðu gegnir, og skal ég ekki fara út í það hér.**

En til dæmis um sukkið skal ég nefna það, **að** hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, sagði, að verksmiðjurnar yrðu tilbúnar fyrir síldarvertíð 1946, en byggingarn., sem hann skipaði, tók til leigu húsnæði á Siglufirði til 1. júlí 1947, þannig að n. hefur verið kunnugt um, hvenær verksmiðjurnar yrðu tilbúnar.

Hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, segir, að ég hafi sagt, að þessi stjórn ætlaði að stöðva nýsköpunina. Mikil er óskammfeilnin. Það sem ég lagði áherzlu á, var, að nú þyrfti að koma í veg fyrir hrun, og ég benti á það, að núverandi stjórnarandstaða hefði skipulagsbundið unnið að því að skapa hrun og stöðva nýsköpunina.

Hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, ætti ekki að minnast á markaðsmál. Hann lét í veðri vaka, að miklir möguleikar væru á því að selja allar afurðir okkar til Rússlands og að aldrei hefði verið bjartara fram undan í markaðsmálum okkar, en nú vita allir, að þetta var ekkert annað en skrum og undirbúningur hans undir að fara úr stjórninni.

Ég held, að flestum muni nú finnast gagnrýni stjórnarandstæðinga við þessar umr. missa marks. Glöggt dæmi er það, þegar hv. 4. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, var að deila á stjórnina fyrir niðurskurð verklegra framkvæmda, og hefur hæstv. atvmrh. gert því skil. En einu get ég ekki sleppt, sem þetta snertir, fyrst hv. þm. fór að

minnast á það í þessu sambandi, og það er um skólabyggingar. Á árinu 1946, en þá var hann menntmrh., var varið úr ríkissjóði til byggingar nýrra skólahúsa sem hér segir: Til húsmæðraskólabygginga 1,3 millj., til héraðs- og gagnfræðaskólabygginga 900 þús. kr., og til byggingar barnaskóla 1,7 millj. kr., eða samtals 3,9 millj. kr. Þetta var það, sem hinum mikla afreksmanni tókst að fá til þessara framkvæmda af 200 millj. kr., sem notaðar voru á því herrans ári. Í þessu fjárlagafrv., sem hann kallar niðurskurðarfjárl., er ætlað til þessara mála: Til húsmæðraskólabygginga 1,275 millj., til héraðs- og gagnfræðaskólabygginga 4,250 millj. og til byggingar barnaskóla 3,8 millj. eða samtals 9,325 millj. kr. á móti 3,9 millj. Samt er það svo, þótt þessar fjárveitingar hafi þannig verið hækkaðar svo stórkostlega frá því, sem þær voru í tíð Brynjólfs Bjarnasonar, þá verður hin mesta fjárþröng til skólabygginga á yfirstandandi ári og sennilega á næstu missirum. Og þessa fjárþröng geta menn fyrst og fremst þakkað skörungsskap og röggsemi Brynjólfs Bjarnasonar á árinu 1946 eða hitt þó heldur, þegar hann sætti sig við svo lágar fjárveitingar til þessara mála, að ríkissjóður dregur á eftir sér skuldahalann út af skólabyggingum frá þeim tíma, og mun gera það um ófyrirsjáanlega framtíð. Af þessari röggsemi hv. þm. verða menn að súpa seyðið á næstunni. Viðskilnaðurinn í þessum efnum er mjög í stíl við það, sem er í öðrum efnum.

Það er fróðlegt og skemmtilegt að heyra, þegar kommúnistar eru að afsaka framkomu sína á undanförnum árum. Formaður flokksins, Brynjólfur Bjarnason, komst svo að orði í gærkvöld, að kallað hefði verið saman flokksþing Sósfl. s. l. haust og gerðar ályktanir um, að ekki yrði lengur frestað að gera ráðstafanir til þess að hefta hinn taumlausa verzlunargróða og gjaldeyriseyðslu. Í þessu liggur það, að það hafi mátt fresta þessu fram að þeim tíma. Þegar menn nú vita, hvernig ástatt er í gjaldeyris- og verzlunarmálum, þá verður afstaða kommúnista þessi: Það mátti fresta ráðstöfunum til þess að hefta taumlausa gjaldeyriseyðslu, þangað til allar gjaldeyrisinnstæður voru búnar. Þá var tímabært að gera ráðstafanir gegn gjaldeyriseyðslunni. Það mátti fresta því að gera ráðstafanir til þess að hefta hinn taumlausa verzlunargróða, á meðan inn í landið voru fluttar vörur fyrir 1 milljarð á tveimur árum. Það má nú segja um þennan kattarþvott, að margt er lagt á fylgismenn Sósfl., og ekki sízt, þegar þar við bætist, að það hefur aldrei staðið til, að Sósfl. gerði það að nokkru aðalatriði í afstöðu sinni til stjórnarmyndunar og löggjafar að hefta taumlausan verzlunargróða og gjaldeyriseyðslu. Það sést á því, að fyrrverandi stjórnarsamstarf sprakk ekki á því. Þeim var vel vært með það allt, og það sést einnig á því, að það stóð ekki til að gera það að slitaskilyrði í sambandi við stjórnarmyndunarsamninga, sem kommúnistar áttu þátt í í vetur. Það er margupplýst og vottað.

Það vottar ekki fyrir því, að nokkurn botn sé að finna í ræðuhöldum kommúnista, enda ber víst ekki að gera kröfur til þess. Þeir látast ekki sjá það, að allar gjaldeyrisinnstæðurnar eru búnar. Þeir segja mönnum að loka augunum fyrir því ósamræmi, sem orðið er milli söluverðs afurðanna, og þess, sem menn verða að fá fyrir vinnu sína við fiskinn vegna dýrtíðar og verðbólgu í landinu. Hvað varðar þá um það, þótt ríkisútgjöldin séu komin langt yfir 200 milljónir kr., vísitalan í 310 stig, milljónatugum þurfi að verja til þess að halda henni þar og von sé á milljónatuga tjóni vegna fiskábyrgðarinnar? Það vottar ekki fyrir nokkrum till. frá þeim, sem nokkur vitglóra er í, um það, hvernig mæta eigi þessu ástandi. Ekkert er þar að hafa nema hvatningar til manna um að gera þetta ástand enn verra.

Það verður þó að segja kommúnistum eitt til viðurkenningar, þeir finna tómahljóð í þessu og að það vantar tilfinnanlega hlekk í keðjuna. Þessi hlekkur hefur því verið smíðaður, og var gripurinn sýndur í gærkvöld. Hv. 4. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, flutti hér lausnarorðið í gær, og fólst það í þessari kenningu hans: Viðskiptasamningar fara eftir því, hvort menn vilja fá gott verð. Og svo fylgdi langur lestur um samningana við Rússland. Nú er ætlunin þessi: Næstu misseri á heill stjórnmálaflokkur á Íslandi — Kommúnistafl. — að lifa á þjóðsögunni um vondu mennina, sem ekki vildu selja fiskinn háu verði, þótt það væri hægt. Hvers vegna ekki? spyrja víst margir. Af því að þeir vilja búa til kreppu og steypa þjóð sinni í fátækt og eymd. Þannig hljóðar svarið.

Hv. 4. landsk., Brynjólfur Bjarnason, var að dylgja um, að það væri ekki von, að Rússar gætu keypt afurðir af Íslendingum hæsta verði, þar sem Íslendingar sendu Björn Ólafsson og þess háttar menn, en aðrar þjóðir ráðherra, og þar sem til Rússlands væru sendir menn, sem hefðu deilt á Sovétskipulagið og stæðu að blöðum, sem slíkt hefðu gert fyrr, og síðan loks að utanrrh. landsins hefði deilt á Rússa á Alþ.

Ósköp er nú að heyra greindan mann tala svona. Það er nú meiri mæðan, og langt getur ofstopinn leitt.

Út af þessu tali hv. 4. landsk., Brynjólfs Bjarnasonar, um blaðaskrif, ræðuhöld og gagnrýni á stjórnmálastefnur annars vegar og viðskiptasamninga hins vegar er rétt að spyrja hann og hans félaga: Hefur ekki hann og margir aðrir kommúnistar gert það að ævistarfi sínu að bera róg og níð á Breta og Bandaríkjamenn og bera stjórnendum þeirra þjóða á brýn öll hin verstu afbrot? Notar hann og þeir félagar ekki málgagn sitt álíka mikið til þessarar iðju og til þess að hlaða svívirðingum að andstæðingum sínum innan lands? Hafa ekki Bretar um áratugi verið aðalviðskiptaþjóð Íslendinga, og keyptu Bandaríkjamenn ekki nær allar afurðir Íslendinga á styrjaldarárunum, og hefur ekki verið ætlunin að byggja m. a. á viðskiptum við þessar þjóðir framvegis?

Eftir ræður þeirra hv. 4. landsk., Brynjólfs Bjarnasonar, og hv. þm. Siglf., Áka Jakobssonar, spyrja menn: Hafa kommúnistar haldið uppi árásum sínum á Breta og Bandaríkjamenn til þess að spilla viðskiptum við þessar þjóðir? Og menn minnast þess, að þeir kumpánar, sem þessa iðju stunda, hafa talið sig gjaldgenga í ríkisstjórn og í samninganefndir við þessar sömu þjóðir. Hefur ekki einn af þeim mönnum, sem standa að rógsiðju Þjóðviljans gegn Bretum, t. d. setið í samninganefnd í London á þriðja mánuð, og hafa kommúnistar ekki tranað sér fram í viðskiptanefndir, sem sendar hafa verið til Bretlands og annarra þjóða, sem þeir hafa beinlínis ofsótt? Eftir

að hafa heyrt skoðanir 4. landsk., Brynjólfs Bjarnasonar, á því, hvernig menn eigi að haga sér til þess að geta fengið gott verð fyrir fisk, þá væri fróðlegt að heyra, í hvaða skyni hans menn hafa verið að fara í samninga til þeirra landa, sem ég áðan nefndi.

Ég sé ekki betur en að Brynjólfur Bjarnason eigi aðeins einn tækan kost, og hann er sá að koma hér og taka þetta slúður sitt um rússnesku samningana, pólitík og fisksölu til baka. Geri hann það ekki, þá verður að líta svo á, þótt undarlegt megi virðast, að hann hafi meint það, sem hann sagði í gærkvöld, en þá játar hann þar með á sig og sína menn, að þeir hafi gert og geri allt, sem að þeirra dómi sé bezt fallið til þess að spilla fyrir verzlunarhagsmunum Íslendinga í Bretlandi og Bandaríkjunum. Á þennan hátt lenda þeir í vandræðum, sem fara að búa til þjóðsögur án þess að vera skáld.

Lítum svo á, hvaða sökum Brynjólfur Bjarnason ber Rússa með dylgjum sínum um samninga við þá. Hann dylgjar um, að Rússar vilji ekki gera eðlilega verzlunar- og viðskiptasamninga, ef þessi eða hinn komi þar nærri, sem gagnrýnt hafi framkomu þeirra. Hann dylgjar um, að Rússum muni ekki nægja það eitt að fá vörur fyrir peninga sína, heldur vilji þeir einnig tryggja sér það í leiðinni, að framkoma þeirra í pólitík sé ekki gagnrýnd og að það sé einhver viss manntegund, sem verði að annast samninga, til þess að árangurs sé að vænta. — Hefur hv. þm. athugað, hvað hann er að bera Rússum á brýn með þessu skrafi sínu? Það er full ástæða til að beina því til manna, að það er sjálfsagt mjög hæpið, að það sé viðeigandi, að einstakir þm. taki sér fyrir hendur að gera erlendum ríkjum slíkar getsakir, sem Brynjólfur Bjarnason hefur látið sér sæma að gera í þessu sambandi. Allir vita nú, hvern hug Brynjólfur Bjarnason ber til Sovétríkjanna og að hann vill vera þeim hollur í einu og öllu, en ég held, að Rússar mættu í þessu sambandi biðja um varðveizlu fyrir vinum sínum.

Þegar skynsamir menn eru komnir út í að byggja afstöðu sína í þýðingarmestu þjóðmálum á öðrum eins þvættingi og Brynjólfur Bjarnason flutti hér um afurðasölumálið, þá eru þeir komnir í meira en lítinn vanda. Til svona málflutnings er ekki gripið fyrr en í síðustu lög. Það er kannske hægt að bjóða mönnum upp á svona fæðu í sellum kommúnista, en er það nú ekki til of mikils mælzt að fara fram á það við hugsandi menn — og það heila þjóð, þótt eigi sé hún fjölmenn —, að hún byggi stefnu sína í atvinnu- og fjármálum á þessum hugarórum kommúnista? Sjálfir vita þeir, að þetta er tóm endaleysa. Hvers vegna eru þeir þá að ætlast til, að aðrir byggi á þessu?

Kommúnistar hafa verið klemmdir upp í horn, og þeir eiga sér ekki útgöngudyr, og þess vegna er það, að þeir í vandræðum sínum búa til þjóðsöguna um vondu mennina, sem ekki vilja selja fiskinn með háa verðinu, af því að þá langar svo til þess að svelta landsmenn sína, og um stóru þjóðina, sem einstaka menn tala svo illa um, að það er ekki von, að hún geti borgað eins vel fyrir verzlunarvörur litlu þjóðarinnar og verið gæti, ef „réttir" menn hefðu með höndum málefni litlu þjóðarinnar. Og svo stórfelld eru vandræðin, að það er ekki hægt að horfa í það, þótt þjóðsagan feli í sér ókrystuddar dylgjur og getsakir í garð einmitt þeirrar þjóðar, sem höfundar hennar vilja eiga vinbezt við. Má þar um segja: Ekki sér hann sína menn, svo hann ber þá líka.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Allir þeir, sem hlustuðu á eldhúsumræðurnar fyrra kvöldið, hafa vafalaust veitt því athygli, að talsmaður kommúnista hefur sérstaklega veitzt að Alþfl. og forustumönnum hans á þann veg, að það lýsir ofsafullu og móðursjúku hatri og heift. En þannig er og hefur verið afstaða kommúnista um heim allan. Þeir hafa aldrei þreytzt á því að kalla jafnaðarmenn sósíal-fasista, böðla og svikara, samtímis því sem þeir hafa sungið ráðstjórnarskipulaginu og hinum alþjóðlega kommúnisma lof og dýrð. Það er sama, hvort lesin er Daily Worker í London og New York, Land og Folk í Danmörku, Friheten í Noregi, Ny Dag í Svíþjóð eða Þjóðviljinn á Íslandi, alls staðar er línan ein og sama: fyrst og fremst hatursspjúkar árásir á jafnaðarmenn og lofgerðarrolla um kommúnista. Kommúnistar eru óvægnir og ósvífnir andstæðingar jafnaðarmannastjórnanna í Englandi, Noregi og Svíþjóð. Í Landsþingskosningunum í Danmörku nú fyrir skömmu síðan einbeittu kommúnistar sér einna mest gegn jafnaðarmönnum og réðust sérstaklega hatramlega gegn hinum glæsilega foringja þeirra, Hans Hedtoft. Í Þýzkalandi hafa kommúnistar sérstaklega lagt í einelti hinn skelegga og hugprúða foringja þýzku jafnaðarmannanna, dr. Schumacher, sem um fjölda ára þjáðist í fangaherbúðum Hitlers.

En hvað veldur þá þessu taumlausa hatri, þessum móðursjúku og ofsafengnu árásum? Svarið liggur raunverulega í augum uppi. Þeir telja jafnaðarmennina versta þröskuld á vegi sínum gegn áformum þeirra um að beita alþýðunni fyrir þeirra pólitíska kommúnistíska vagn. Þeir vita sem er, að upplýst og þroskuð verklýðshreyfing, sem alþýðuflokkarnir styrkja og efla og hafa samstarf við, er ólíklegust til þess að ljá eyru ofstækisbrölti kommúnista. Þeir vita sem er, kommúnistarnir, að allar umbæturnar, sem alþýðuflokkarnir berjast fyrir og hrinda í framkvæmd, svo sem almannatryggingar, orlofslöggjöf, öryggislöggjöf, verkamannabústaðir, aukið skipulag og lýðræði í atvinnumálum og margt annað á líka lund, verka algerlega gegn byltingarbrölti þeirra og ofstæki.

Þess vegna veitast kommúnistar alveg sérstaklega að jafnaðarmönnum alls staðar og rægja og ofsækja foringja þeirra með öllum þeim ráðum, en þau eru mörg, sem óvandaðir og heiftúðugir ofstækismenn hafa á takteinum, enda fylgja þeir dyggilega í því efni kennisetningu hinnar illræmdu Jesúítareglu, að tilgangurinn helgi meðalið.

Ég tel rétt, meðal annars að gefnu tilefni af þessum umræðum, að nefna hér örfá dæmi um baráttuaðferð kommúnista og vinnubrögð, í árásarákafa þeirra gegn Alþfl. og trúnaðarmönnum hans.

Um nokkurra ára skeið hafa kommúnistar endurtekið staðlausar ásakanir og ósannindi í sambandi við stofnun h/f Alþýðuhússins, og smjattaði Brynjólfur Bjarnason þar á gömlum rógi og dylgjum. En þegar kommúnistar höfðu, með aðstoð nokkurra vanmetakinda eins og Sigfúsar Sigurhjartarsonar, sprengt nokkuð út úr Alþfl. og tvístrað verklýðshreyfingunni og skipulagsbreyting hafði verið gerð á alþýðusambandinu, þá ætluðu kommúnistar

sér að klófesta húseignir, sem verkalýðsfélögin og Alþfl. höfðu frá upphafi átt í sameiningu, og nota þær fyrir flokksstarfsemi sína. Þá var af eðlilegum ástæðum nauðsynlegt að koma nýju formi á hið sameiginlega eignarhald þeirra aðila, sem fyrr og síðar hafa átt þessar húseignir og eiga þær enn. Það eru samtök Alþfl. og verklýðsfélaganna í Reykjavík. Þau eiga áfram, eins og hefur alltaf verið, þessar eignir, og í verklýðsfélögunum í Reykjavík, sem eru áfram aðaleigendur þessara eigna, eru því miður allmargir kommúnistar.

Þegar kommúnistar hófu rógsferð sína út af þessum eignum, skoruðu alþýðuflokksmenn innan verklýðsfélaganna á kommúnista að bera undir dómstólana það, sem gert hafði verið í þessu máli. Lengi vel voru kommúnistar tregir til þessa, en voru að lokum neyddir til þess og hafa nú gertapað þessu máli fyrir undirrétti, og munu úrslitin í æðra rétti verða þau sömu.

Þannig er þessi rógsaðferð kommúnistanna. Það er gömul aðferð óknyttamanna að gera hróp að saklausum mönnum til þess að dylja sína eigin sekt. Það hlutverk hæfir bezt kommúnistum utan þings og innan.

Kommúnistar hafa mjög belgt sig út af heildsölunum, kallað þá afætur, sem ætti að leggja niður við trog og skera. Þeir hafa og talið þá mestu óvini nýsköpunarinnar.

En hvernig hafa þá verið framkvæmdir kommúnista í samræmi við stóru orðin?

Ég vil benda á eitt dæmi, er sýnir það glöggt.

Þegar nýbyggingarráð, sem átti að hafa með höndum framkvæmd nýsköpunarinnar, var stofnað, sótti Einar Olgeirsson fast eftir formennskunni, en varð þó að láta sér lynda að vera varaformaður, þó að sænsk blöð hafi það, vafalaust ranglega, eftir honum, að hann sé formaður þess. En aðra kröfu gerði þó Einar Olgeirsson. Hann krafðist þess, að einn af umsvifamestu og auðugustu heildsölum landsins yrði gerður að framkvæmdastjóra nýbyggingarráðs. Þessi heildsali, eins og reyndar fleiri, hefur fyrr og síðar styrkt Kommúnistafl. sérstaklega með ríflegum fjárframlögum. Og Einar Olgeirsson fékk vilja sínum framgengt, en heildsalinn hafnaði þessu boði. En söm var gerð kommúnista og venjulegt samræmi á milli kenninga og framkvæmda.

Og út af áðurði kommúnista í minn garð í sambandi við heildsölu vil ég gera kommúnistum eða t. d. Sigfúsi Sigurhjartarsyni, en hann þekki ég manna tekjugráðugastan, á meðan hann var í Alþfl., það tilboð, að gefa honum allt það, sem ég á í heildsölufyrirtækjum, og allan þann gróða, sem ég hef af þeim haft. En nú, þegar kynni að fara að glaðna yfir þessum hv. þm. vegna fjárvonarinnar, verð ég að hryggja hann með því, að ég á ekki neitt í neinu heildsölufyrirtæki og hef aldrei fengið eyris ágóða frá neinu slíku fyrirtæki. En það er áreiðanlega meira en segja má um suma kommúnista, t. d. hv. þm. Siglf., Áka Jakobsson, og hv. 2. þm. Reykv. Einar Olgeirsson, en sá síðarnefndi hefur meðal annars verið hluthafi í olíufélaginu Nafta og vafalaust hlotið þar góðan ágóða. Þangað verður því Sigfús Sigurhjartarson að snúa sér og til heildsalans mikla, sem eftir kröfu kommúnista átti að verða framkvæmdastjóri nýbyggingarráðs, ef hann vill fá einhvern hluta af heildsalagróðanum.

Kommúnistar hafa það til síðs hin seinni ár að guma af ættjarðarást sinni. Þessi yfirdrepskapur þeirra kemur þó aðallega í ljós á þann hátt að ráðast á og reyna að auka andúð gegn öllum þeim erlendum ríkjum, sem ekki eru á valdi kommúnista. Allir kannast við hatur það og ofstæki, er þeir reyna að efla gegn engilsaxnesku ríkjunum, og einnig að vissu leyti gegn Norðurlöndum og þó einkum Svíum.

Þeir reyna að læða því inn leynt og ljóst, að sjálfstæði Íslands stafi óumræðanleg hætta af yfirgangi Bandaríkjanna, Bretlands og jafnvel Svíþjóðar. Barátta þeirra, ofstopi og blekkingar út af flugvallarsamningnum við Bandaríkin, sem án efa var eins og á stóð hið eina rétta í samræmi við alþjóðlegar skyldur okkar innan sameinuðu þjóðanna, er mönnum mjög minnisstæð að endemum og ósvífni. En þegar Rússar óskuðu eftir herstöðvum á Svalbarða, kröfðust norskir flokksbræður þeirra gegn öllum öðrum flokkum, að þær yrðu samþykktar, og íslenzkir kommúnistar hrópuðu hallelúja. Þannig er afstaða kommúnista. Óvinátta, tortryggni og illúð gegn öllum þjóðum og ríkjum, sem ekki eru undir áhrifavaldi kommúnista, en blind fylgd og hlýðni við stefnu Rússa í utanríkismálum, hversu tækifærissinnuð og yfirgangssöm sem hún kann að vera.

Einkennilegur og mjög táknrænn er málflutningur kommúnista út af íslenzkum landhelgismálum. Ég hef átt þess kost að halda fram málstað Íslands á erlendum vettvangi í sambandi við landhelgismálin. En einmitt af því, að ég sem stend í fyrirsvari Alþfl., hef haft tækifæri til þess að bera fram erlendis eindregnar kröfur um stækkaða landhelgi við Ísland og einnig að veita þar öfluga andstöðu gegn erlendum óskum um not landhelginnar og landsins fyrir erlenda fiskimenn, hafa kommúnistar reynt að segja, að hvítt sé svart, og snúið alveg við staðreyndum, í ofstæki sínu og hatri.

Haustið 1943 var ég meðal fulltrúa Íslands á alþjóðlegri fiskimálaráðstefnu í London. Hinn 14. okt. 1943 komu ákvæðin um landhelgi til umræðu. Þá flutti ég mjög ákveðna yfirlýsingu um þetta mál og gerði þar grein fyrir óskum og kröfum Íslendinga um að fá íslenzka landhelgi stækkaða og Faxaflóa friðaðan.

Vorið 1945 var ég formaður íslenzkrar samninganefndar við Svía. Af þeirra hálfu voru í samningunum bornar fram mjög eindregnar og ákveðnar óskir um aukin réttindi fyrir sænska fiskimenn, er veiðar stunda við Ísland. Á fyrsta fundinum, sem þetta kom fram, eða 7. marz 1945, er það bókað eftir mér í fundargerðinni, að það væri ómögulegt fyrir Íslendinga að uppfylla þær kröfur Svía, sem fram hefðu verið bornar. En samninganefnd Svía sat fast við sinn keip, og á fundi 20. marz 1945 endurtóku þeir óskir sínar. Þá er bókað eftir mér, að það væri ómögulegt að veita nokkurri þjóð sérstök réttindi í íslenzkri landhelgi og það sænsku nefndarmennina að gæta að því, að fiskimiðin við strendur Íslands væru það dýrmætasta, sem Íslendingar ættu, og væri það því lífsnauðsyn fyrir þá að vernda þau á sem öruggastan hátt, og að Íslendingar væru að gera ráðstafanir til þess að færa út landhelgi sína.

Til þess að eyða þessum óskum Svía á kurteis-

legan hátt varð það að ráði, að formaður sænsku samninganefndarinnar skrifaði mér bréf um tilmæli Svía í þessu efni og ég eftir viðteknum formum í bréfaskiptum á milli vinveittra þjóða tók það fram í svarbréfi mínu, að ég skyldi mæla með því, að íslenzka ríkisstj. tæki þetta til velviljaðrar athugunar.

Það var þá hin mikla synd mín að fylgja föstum kurteisisreglum í slíkum bréfaskiptum. Blekkingarnar eru svipaðar hjá kommúnistum í hvert sinn, er þeir í sjúku hatri reyna að sverta andstæðinga sína.

S. l. sumar var haldinn í Noregi fundur norrænna þingmanna. Þar var meðal annars til umræðu norræn, fjárhagsleg samvinna. Ég notaði þá tækifærið til þess að skýra afstöðu Íslands og halda fram eindregnum málstað þess til verndunar íslenzkrar landhelgi og fiskimiðanna kringum strendur landsins. Hefur þessi ræða bæði verið birt í Alþýðublaðinu og eins orðrétt í þingtíðindum fulltrúafundarins. Á þessum fundi sat og Sigfús Sigurhjartarson, og ekki varð þess vart af neinum, að hann fyndi köllun hjá sér til þess að nota þetta tækifæri til þess að halda fram málstað Íslendinga. Hann steinþagði, eins og vafalaust hefur verið viturlegast.

Ég hef dregið fram þessi atriði sem táknræn dæmi um það, hvernig kommúnistar umhverfa staðreyndum í pólitísku skyni og með það fyrir augum að svala árásarþorsta sínum gagnvart andstæðingunum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það er sjaldgæft að verða í lifandi lífi aðalsöguhetjan í reyfara, sem er uppspuni frá rótum, eins og ég var í skáldsögu Áka Jakobssonar hér áðan, og er það sannarlega ánægja fyrir svo óskáldlega persónu sem mig, lítinn og lágkúrulegan, að svona mikið skuli við mig haft, og mun það vissulega veita mér ótalda ánægju í daglegu striti, að ég skuli verka svo eggjandi á ímyndunarafl Áka Jakobssonar, að hann skyndilega verður mesti reyfarahöfundur, sem setið hefur á Alþingi.

Mér vinnst ekki tími til að rekja lið fyrir lið öll ósannindi hv. þm., og skal aðeins víkja að örfáum atriðum.

Um flugvöllinn vil ég aðeins segja það, að útlendingar þeir, sem þar starfa, eru að öllu leyti háðir umsjá útlendingaeftirlitsins og sækja um dvalarleyfi hér jafnharðan. Liggur mikill fjöldi slíkra umsókna nú fyrir dómsmrn., og hef ég ekki látið afgreiða þær, vegna þess að ég vil fá yfirlit um fjölda þessara manna og starfsgreiningu, áður en dvalarleyfin verða endanlega veitt.

Að svo miklu leyti sem enn kann á að vanta, að búið sé að koma öllu í rétt horf af Íslands hálfu á Keflavíkurvellinum, þá er það fyrst og fremst sök Áka Jakobssonar. Hann vanrækti undirbúning þessa máls í ráðherratíð sinni og gerði núverandi stjórn þar með erfiðara fyrir. Að öðru leyti er það flugmálastjórinn, sem vanrækt hefur að gera stjórninni aðvart, ef þarna er eitthvað öðruvísi en vera skal. Mega þeir Áki og Ellingsen mín vegna deila um, hvors sökin sé meiri. Það skiptir mig litlu.

Þá gerði Áki Jakobsson það að árásarefni á mig, að ég hefði að næturlagi farið suður á Keflavíkurvöll til að heilsa upp á utanrrh. Bandaríkjanna, Marshall, og taldi það úrslitasönnun um óhæfni mína til að vera utanrrh.

Minnstu máli skiptir, að ráðherrann kom hér að kvöldi, en ekki um nótt. Sýnir það aðeins, að jafnt er sagt ósatt um smátt sem stórt.

Það er góður og gamall íslenzkur siður að heilsa gestum, sem að garði ber, ekki sízt ef boð hefur komið á undan þeim. Sendiráð Bandaríkjanna tilkynnti mér, að ráðherrans væri von, og var það þá jafnt í samræmi við íslenzka sem alþjóðlega hæversku að taka á móti honum, er hann stigi á íslenzka grund.

Hitt vil ég segja, að ég var ekki í amalegum félagsskap að hitta Marshall, því að kvöldinu áður hafði hann einmitt setið í dýrlegum fagnaði með sjálfum Stalin austur í Kreml. Var þar veitt af mikilli rausn og tuttugu minni drukkin. Veit ég, að Áki Jakobsson mundi hafa unað sér vel í því hófi, enda mundi hann áreiðanlega ekki hafa þurft að kvíða því að vera rukkaður fyrir það áfengi, sem hann hefði þar tekið út.

Vegna ummæla Áka Jakobssonar um viðskiptasamningana við Rússa og framkomu mína í þeim skal ég rekja það mál nokkuð ýtarlega og sýna fram á lið fyrir lið, hversu fullyrðingar hans eru haldlausar. Ég mun ekki gera það af skáldlegu hugarflugi, eins og Áki Jakobsson talaði áðan, heldur halda mér við staðreyndirnar einar, eftir því sem þær óvefengjanlegar birtast í skjölum þeim, er í stjórnarráðinu liggja. En af þeim má marka framkomu Áka Jakobssonar í einu og öllu. Hún hefur öll verið á hinn sama veg og kemur fram í skiptum hans af viðskiptasamningunum við Rússa.

Það er upphaf þessa máls, að á s. l. hausti komu hingað 6 fulltrúar úr utanríkisviðskiptaráðuneyti Sovétríkjanna, að því er segir í bréfi Sovétsendiráðsins hér, dags. 19. sept. 1946, og er þá tilkynnt, að þeir hafi komið til Íslands um sinn í sambandi við afskipun á íslenzkum fiskútflutningsvörum til Sovétríkjanna.

Hæstv. fyrrv. atvmrh., Áki Jakobsson, hefur auðsjáanlega haldið, að úr því að menn þessir voru frá hinu stéttlausa ríki Sovétsambandsins, stæði á sama, hvort um væri að ræða menn, sem sendir væru til að sjá um útskipun á þegar keyptum fiski, eða útsenda samninganefnd til milliríkjaviðskipta, og hóf þegar í stað samningaumleitanir um frekari verzlunarviðskipti við þessa afskipunarfulltrúa og ritaði þeim bréf, dags. 21. sept., þar sem teknar eru upp viðræður um kaup Sovétríkjanna á ísuðum fiski. Nokkrum dögum síðar ítrekaði utanrrn. þessi tilmæli til Sovétsendiráðsins hér og spurðist fyrir um, hvort þessi viðskiptanefnd mundi vilja kaupa fleiri íslenzkar vörur en þegar áður hefði verið samið um. Sovétsendiráðið svaraði þessu um hæl með bréfi, dags. 3. okt., og tilkynnti, að tilboð Íslendinga mundi verða sent áleiðis til hlutaðeigandi stjórnarvalda í Sovétríkjunum. Síðan bætir Sovétsendiráðið orðrétt við í íslenzkri þýðingu: „Sendiráðið telur rétt að nota þetta tækifæri til að nefna, að Sovétfulltrúarnir, sem eru nefndir í bréfi yðar, komu til Íslands til að taka á móti íslenzkum fiskframleiðsluvörum í sambandi við viðskiptasamninginn."

Rétt stjórnarvöld rússnesk gátu eigi látið skýrar uppi en þetta, að afskipunarmenn þessir væru hér eingöngu í þeim tilgangi, en alls ekki komnir

til að gera nýja verzlunarsamninga. Þrátt fyrir þessa ábendingu Sovétsendiráðsins og þrátt fyrir það, að hæstv. ráðh. barst ekki svar við bréfi því, er hann hafði sjálfur skrifað nefndinni 21. sept., var hæstv. ráðh., Áki Jakobsson, ekki af baki dottinn um þessar samningaumleitanir sínar. Hann átti áframhaldandi viðræður við formann þessarar nefndar, mann að nafni hr. Semenov. Jafnframt útvegaði hann sér skýrslur hjá Landssambandi útvegsmanna og sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um það verð, sem þessar stofnanir teldu líklegt, að fá þyrfti fyrir framleiðslu útvegsmanna á þessu ári.

Þessar skýrslur voru honum sendar með bréfi, dags. 16. og 17. okt. s. l., og strax sama dag, eða hinn 17. okt. sendir hæstv. ráðh. þessar skýrslur áleiðis til herra Semenovs. En þeim mun varhugaverðara var að nota skýrslur þessar þannig, þar sem þær voru auðvitað samdar til leiðbeiningar fyrir íslenzka samningsaðila við erlend stjórnarvöld og alls ekki til þess lagaðar á þessu stigi að koma þeim í hendur, svo sem á daginn kom, því að þegar lögin um ábyrgðarverð á fiski voru síðar sett, þá reyndist verð það, sem íslenzka stjórnin varð að taka ábyrgð á, miklum mun hærra heldur en verðhugmyndir þær, sem ráðh. setti fram við herra Semenov í októbermánuði.

Má nærri geta, á hvern veg slík vinnubrögð voru til þess löguð að greiða fyrir síðari samningum við Sovétríkin, þegar miklu hærra verðs varð að krefjast. Þ. e. a. s. ef þessi plögg frá hæstv. ráðh. hafa nokkru sinni komizt til réttra aðila, svo sem ætla verður, þó að þeir að öðru virtust lítt hirða um skipti hr. Semenovs af þessu máli.

Fyrst eftir að hæstv. atvmrh., Áki Jakobsson, hafði lagt þennan vænlega grundvöll fyrir samningsgerð við Sovétríkin, skipaði hann hinn 23. okt. þriggja manna nefnd til þess að ræða við herra Semenov og aðra fulltrúa ríkisstjórnar Sovétríkjanna um sölu á íslenzkum sjávarafurðum. (Í nefnd þessa voru skipaðir Ársæll Sigurðsson, formaður, Ólafur Jónsson og Einar Sigurðsson). Daginn eftir átti nefndin fund með herra Semenov og spurði hann þá, hvaða vörur Sovétríkin hefðu áhuga á að kaupa af Íslendingum á næsta ári og hvaða magn af hverri vörutegund. Herra Semenov kvað þau hafa áhuga á mörgum útflutningsvörum Íslendinga, en þó einkum þeim, er að neðan greinir, og í þeirri röð, sem þær eru hér taldar:

1. síldarlýsi,
2. saltsíld,
3. þorskalýsi,
4. hraðfrystum fiski,
5. ísuðum fiski,
6. saltfiski,
7. söltuðum hrognum.

Minnsta magn, sem Sovétríkin teldu sig geta sætt sig við af síldarlýsi og saltsíld, væru ⅔ af framleiðslunni, en helzt vildu þau fá keypta þessa framleiðslu alla. Ef samningar tækjust um það, mundu þau jafnframt vilja taka það, sem vér þyrftum að selja af öðrum vörum.

Herra Semenov sagðist vilja undirstrika það, að hann hefði ekki umboð til samninga, heldur hefði honum aðeins verið falið að leita tilboða, sem hann mundi síma til Moskvu. Þar mundi svo verða tekin afstaða til þeirra og þá væntanlega útnefnd samninganefnd með fullu umboði. Hr. Semenov kvað Sovétríkin hafa hug á því, að viðræðum væri hraðað, og óskaði að fá sem fyrst að vita hugmyndir Íslendinga um magn og verð hinna þriggja tegunda, sem fyrst eru taldar hér að framan.

Mánudaginn 28. okt. var svo haldinn fundur í utanrrn. að tilhlutan fors.- og utanrrh., Ólafs Thors, sem stýrði fundinum. Þar voru mættir, auk forsrh. og fulltrúa í utanrrn., níu menn frá ýmsum greinum sjávarafurðaframleiðslunnar, þar á meðal 2 nefndarmanna, þeir Einar Sigurðsson og Ólafur Jónsson. Auk þessara voru mættir tveir menn frá innflutningsverzluninni. Í lok þessa fundar lýsti forsrh. yfir því sem niðurstöðu fundarins, að fulltrúar íslenzkra framleiðenda væru fúsir til þess að hefja nú þegar viðræður og samningaumleitanir við fulltrúa ríkisstjórnar eða verzlunarstofnana Sovétríkjanna um viðskipti milli landanna. Hins vegar óskuðu þeir ekki að nefna verð eða magn, fyrr en samningar hæfust við menn með umboði, en hann fyrir sitt leyti óskaði, að það gæti orðið sem fyrst, helzt innan viku eða svo. Bezt teldi hann, ef samningar gætu farið fram hér á landi, en þó væri það ekki nein krafa. Bað hann þá nm., sem mættir voru á fundinum, að tilkynna hr. Semenov þessa niðurstöðu fundarins.

Daginn eftir tilkynntu nm. hr. Semenov þessa niðurstöðu og ummæli forsrh. Hr. Semenov spurði, hvort hann mætti síma þessi ummæli forsrh. til Moskvu og bera hann fyrir þeim, og svöruðu nm. því játandi. Hann kvaðst þá mundu gera það. Bjóst hann við, að það mundi taka nokkra daga að fá svar að austan, en hann mundi láta n. vita, þegar er svar kæmi. Fleiri fundi hafði n. ekki með herra Semenov.

N. skrifaði hæstv. fyrrv. atvmrh. bréf, dags. 13. nóv., þar sem hún tilkynnir, að hr. Semenov sé nú farinn til Englands og muni ekki koma aftur fyrr en eftir hér um bil hálfan mánuð. Segir n. að lokum, eftir að hún hefur rakið gang málsins:

„Nú er n. kunnugt um, að útgerðarmenn og frystihúsaeigendur eru orðnir óþolinmóðir að bíða eftir lausn þessara mála, og má segja, að það sé að venum, þar sem nú ýtir hver tíminn öðrum, er vertíð stendur fyrir dyrum. Eigi að bíða eftir komu hr. Semenovs frá Bretlandi — en hann kvaðst mundu koma hingað þaðan —, dragast allar viðræður a. m. k. um tveggja vikna skeið, eins og áður er sagt. N. hefur því komið sér saman um að beina því til yðar, herra atvmrh., hvort ríkisstj. mundi ekki telja rétt að leita eftir því með milligöngu utanríkisþjónustunnar, að þessum málum verði hraðað svo sem unnt er."

Eftir þetta hefur ekki heyrzt frá hr. Semenov, svo að vitað sé. Hann svaraði n. aldrei þeim skilaboðum og tilboðum, er hann hafði fengið í hendur, og hann lét aldrei sjá sig framar hér á landi. Áður en hr. Semenov fór af landi brott, hefur hæstv. fyrrv. atvmrh., Áki Jakobsson, þó skýrt frá því, að hann hafi átt samtal við sig hinn 9. nóv. og sagt, að þá væri svar frá Moskvu komið og málið væri í athugun. Síðan hefur sem sagt ekkert spurzt til hr. Semenovs.

Ekki gerði fyrrv. atvmrh., Áki Jakobsson, gangskör að því, eins og n. bað um, að óska þess, að utanrrh. tæki mál þetta upp. En ráðuneytið gerði það engu að síður að eigin hvötum í des., og þegar sendifulltrúi Íslands í Moskvu samkv. tilmælum utanrrh. grennslaðist þá eftir því, hvað meðferð þessara tilboða Íslendinga liði, skýrði réttur aðili

honum þar svo frá, að viðræðurnar milli Semenovs og atvmrh. hefðu að sínu áliti aðeins verið lausleg viðtöl til að kanna jarðveginn, enda væri Semenov ekki fulltrúi Sovétstjórnarinnar, heldur aðeins starfsmaður hjá verzlunarstofnuninni Exportkleb. Og þegar íslenzka samninganefndin austur í Moskvu, eða Ársæll Sigurðsson fulltrúi í henni, sem rætt hafði við hr. Semenov hér á landi, óskaði eftir að fá að tala við hr. Semenov, þá var honum tjáð, að hr. Semenov væri veikur, svo að ekki væri hægt að fá að tala við hann. Stóð við það, þegar síðast fréttist.

En það er fleira, sem horfið hefur úr þessari sögu en hr. Semenov, því að í atvmrn. finnst ekki skýrsla samninganefndarinnar hér um viðtöl hennar við hr. Semenov, hvort sem hæstv. fyrrv. atvmrh. hefur viljað skjóta þessari opinberu embættisskýrslu undir stól eða hann hefur mislagt hana þar.

Á þessum trausta grundvelli voru reistar fullyrðingar hæstv. fyrrv. atvmrh. um, að Rússar mundu vilja kaupa mestallar afurðir okkar á þessu ári.

Það var fyrst eftir að núverandi ríkisstj. tók við, sem í alvöru voru teknar upp samningaumræður við Sovétríkin, enda höfðu rétt rússnesk stjórnarvöld skýrt frá í desember, að þau væru því samþykk, að íslenzk samninganefnd kæmi til Moskvu, annaðhvort í janúar eða í febrúar. Hitt kæmi ekki til mála, að rússnesk nefnd færi til Reykjavíkur.

Þegar samninganefndin fór austur til Moskvu, höfðu menn enn ekki til hlítar áttað sig á, að orð hæstv. fyrrv. atvmrh. um sölumöguleika austur í Rússlandi voru fleipur eitt byggt á viðræðum við mann, sem ekkert umboð hafði til verzlunarsamninga, heldur hafði eingöngu verið sendur hingað til að sjá um afskipun á fiski.

Vegna þess að menn gerðu sér þetta ekki nógu ljóst, voru þeir bjartsýnni en efni stóðu til. Samningaumleitanirnar austur í Moskvu standa ennþá yfir, og vegna þess að það er ósamrýmanlegt hagsmunum Íslands að gera þær á þessu stigi að umræðuefni í einstökum atriðum, læt ég Áka Jakobsson eða aðra ekki ögra mér til þess. En það mun ekki standa á mér að gefa skýrslu um það mál allt, jafnskjótt sem efni standa til. Hitt má segja, að þeir samningar hafa gengið mjög erfiðlega.

Háttvirtir sósíalistar hafa verið að læða því út meðal almennings, að ein af ástæðunum til þess sé sú, að ekki hafi verið nóg mark tekið á hr. Semenov hér á landi.

Ég hef nú skýrt frá því, hvert mark Sovétyfirvöldin sjálf tóku á samningaumleitunum hans, og sýnir það, að hæstv. atvmrh., Áki Jakobsson, hefur einmitt gert sig að óvenjulegu fífli og orðið íslenzku þjóðinni til skammar og skaða með því að gera sér ekki grein fyrir réttu eðli málsins.

Þá sagði hv. Brynjólfur Bjarnason í gær, að það væri ekki vænlegt til samninga við Sovétríkin að hafa mann í sæti utanrrh. slíkan sem mig. Hið sama er í enn sterkara mæli notað í áróðri manna á milli og Áki Jakobsson áréttaði það mjög í ræðu sinni.

Sannleikurinn er þvert á móti sá, að ég hef frá fyrstu tíð haft mikinn hug á skiptum við Sovétríkin. Ég lagði mig fram sumarið 1943, að sem mest yrði greitt fyrir því, að beint stjórnmálasamband yrði tekið upp á milli Íslands og Rússlands, sbr. fundargerðir utanrmn. frá því í júlí það ár. Ég hef ætíð talið það miklu skipta, að undir viðskipti Íslendinga rynnu sem flestar stoðir. Hv. Sósfl. vill eingöngu hafa skipti við löndin í Austur-Evrópu. Ég játa, að slíkt tel ég ekki hyggilegt. Ég tel rétt að dreifa viðskiptunum sem mest, sæta þeim beztu kjörum, sem fáanleg eru á hverjum tíma, en gæta þess þó, að ávinna sér traust og varanlega markaði. Mér er þess vegna mjög ljóst, að það hefur mikla þýðingu fyrir Ísland að hafa gott verzlunarsamband við Sovétríkin.

Í þessu sambandi skiptir engu, þó að ég hafi aðrar stjórnmálaskoðanir en ráðandi menn í Rússlandi. Ef Sovétríkin ættu aðeins að hafa skipti við þær þjóðir, er hafa sömu skoðanir í öllum efnum og sjálf þau, mundu þau vera mjög einangruð. Slíkt hefur þeim auðvitað aldrei komið til hugar, enda fer því fjarri, að ég trúi á hrakspár kommúnista um yfirvofandi heimsstríð eða óbrúanlegt djúp milli hinna lýðfrjálsu vesturvelda og Sovétríkjanna. Ég er sannfærður um, að með nægri þolinmæði á báða bóga tekst að finna þar varanlegan grundvöll samvinnu. Ekki sízt þess vegna tel ég sjálfsagt, að Íslendingar hafi verzlunarsamband við Sovétríkin sem önnur lönd.

Þá hafa hv. sósíalistar einnig fundið að því, að Björn Ólafsson var sendur í samninganefndinni austur til Moskvu. Jafnframt finna þeir að því, að ekki hafi nógu virðulegir eða háttsettir menn í þjóðfélaginu verið sendir austur þangað. Sannleikurinn er sá, að Björn Ólafsson hefur átt sæti í samninganefndum bæði við Breta og Bandaríkjamenn, einmitt um þá samninga, sem grundvöllinn lögðu að stríðsviðskiptum þessara þjóða við okkur og hafa því hina mestu þýðingu. Síðan hefur hann verið fjmrh. Íslands um tveggja ára skeið og er einn helzti maður sinnar stéttar hér á landi. Var því vart unnt að finna virðulegri fulltrúa úr þeim hóp til slíkrar sendifarar. Fer því og fjarri, að réttir aðilar rússneskir hafi látið uppi nokkra gremju yfir sendimennsku þessa ágæta fulltrúa. Þvert á móti hefur einn nm. sagt mér, að austur þar hafi Björn verið meðhöndlaður sem virðulegasti maður hinna útsendu fulltrúa, einmitt vegna fyrri embættisstöðu sinnar hér á landi.

Þá breiðir hv. Sósfl. það út, að unnt hefði verið að ná hagkvæmari samningum við Sovétríkin, ef þeim hefði verið boðið meira lýsismagn en gert var. Um það er því til að svara, að rússnesk yfirvöld hafa í samningunum austur í Moskvu aldrei farið fram á hærri hundraðshluta af lýsismagni okkar en þeim var boðinn. Ásakanir þessar eru því gersamlega gripnar úr lausu lofti.

Fyrir liggur vitnisburður n., sem verið hefur að samningum austur í Moskvu og hafði þá dvalið þar um nær tveggja mánaða skeið, um ástæðuna fyrir því, af hverju samningar gangi treglega. Í skeyti n., dags. 13. apríl s. l., segir hún: „Öll n. sammála, tregða ná samningum, sumpart mismunur verðhugmyndum aðila, sumpart ótti Rússa erfiðleika hagnýta íslenzkar vörur, þetta síðara á einkum við ísfisk, saltfisk auk varnings, sem Rússar þegar neita að kaupa.“

Þennan vitnisburð gefur m. a. nm. hr. Ársæll Sigurðsson, fyrrv. formaður Sósíalistafélags Reykjavíkur, og verð ég að ætla, að hann hafi á þessu öruggari þekkingu en rógtungur flokksbræðra hans hér.

Sósíalistar segja nú, að í þann veginn sé verið að gera mjög óhagstæða samninga við Breta. Þeirri samningsgerð er eigi lokið enn, og skal ég þess vegna ekki gera hana að umræðuefni að svo stöddu frekar en hina.

Ég vil aðeins skýra frá því, að ástæðan til þess, að treglegar hefur gengið með samningsgerðina austur í Moskvu en í Englandi, er einmitt sú, að Rússar hafa í heild boðið erfiðari kjör en Englendingar hafa séð sér fært. Það er eina — og aleina — ástæðan fyrir því, að þeir samningar hafa gengið treglegar en hinir. Þessi staðreynd, sem er óvéfengjanleg, sannar eins fullkomlega og unnt er, að allt gambur Áka Jakobssonar er staðlausir stafir.

Á hinu megum við ekki furða okkur, Íslendingar, þó að erfiðlega gangi um sölu á þeim afurðum okkar, sem við heimtum hærra verð fyrir en fáanlegt er hjá öðrum þjóðum. Bæði Rússar og Englendingar hafa átt í þeim raunum, meðan á stríðinu stóð, og eiga nú í slíkum fjárhagslegum erfiðleikum vegna uppbyggingarinnar eftir stríðið, að ekki er von, að þeir gefi okkur umframverð fyrir vöru okkar né kaupi annað af okkur en þeir hafa þörf á. Veit ég ekki, hvort íslenzkum hagsmunum væri til framtíðar borgið með því að lifa þannig á bónbjörgum annarra.

Sannleikurinn er sá, að ef afkoma okkar verður sæmileg í ár, þá er það eingöngu vegna þess, hversu síldarlýsið nú er eftirsótt vegna feitmetisskorts í heiminum. Það er vegna þeirrar eftirspurnar, sem við getum komið annarri vöru okkar út, sumri a. m. k., enda þótt við verðum að heimta hærra verð en aðrir gera. Slíkar söluaðferðir geta gengið eitt ár eða tvö. Til frambúðar eru þær ekki.

Ef ný kauphækkunaralda og verðbólguvöxtur hefst, er stefnt í beina ófæru. Þeir, sem fyrir því standa, eru vísvitandi að grafa undan lífsmagni atvinnuveganna, að stofna til kreppu og atvinnuleysis.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. réðst hér í síðustu ræðu á hæstv. fyrrv. atvmrh. fyrir samningatilraunir hans við Sovétríkin. Þær samningatilraunir, sem hæstv. utanrrh. talaði um, strönduðu ekki vegna aðgerða hæstv. fyrrv. atvmrh., heldur vegna þess, að aldrei fékkst leyfi til að bjóða síldarlýsi til Rússa. Árás hæstv. utanrrh. á hæstv. fyrrv. atvmrh. hittir því fyrst og fremst fyrrv. hæstv. utanrrh., Ólaf Thors. Verðhugmynd sú, sem talað var um fyrir lýsi, var 125 pund og talaði hæstv. utanrrh. um, að það væri of lágt. Við skulum vona, að hann tryggi hærra verð nú.

Íslenzka þjóð! Þú heyrðir í gærkvöld boðskap hinnar nýju heildsölustjórnar umbúðalaust, og þú heyrðir hér áðan þann aumasta boðskap, sem nokkur forsrh. hefur nokkru sinni flutt sinni þjóð. Hefurðu nokkurn tíma heyrt ámáttlegra væl, aumari barlóm eða séð annað eins glórulaust bölsýni og úrræðaleysi? Þú þekkir lagið — gamla Coca-cóla-sönginn. Þú þekkir vísuna — hrunstefnu- og kreppukvæðið, og þú þekkir höfundinn: sótsvartasta auðmannaafturhaldið í Reykjavík, sem aldrei getur hugsað sér að fórna neinu fyrir þjóðina, en sendir nú þjóna sína út af örkinni til þess að heimta, að þjóðin fórni bættum lífskjörum sínum, svo að auðmannavaldið fái haldið stríðsgróða sínum og okurauði óskertum. Og hverjir eru menn-irnir, sem nú kyrja þennan hrunsöng og sjá ekkert fram undan nema eymd og volæði? Eru það ekki sömu mennirnir og lofuðu ykkur því fyrir kosningar, að þeir vildu allir vinna að nýsköpun atvinnulífsins og batnandi kjörum fólksins? Hvað hefur breytzt? Það, sem hefur breytzt, er, að nú eru þeir búnir að fá ykkur til að kjósa sig — nú hafa þeir völdin — nú þurfa þeir ekki að biðja ykkur um atkvæði, nú geta þeir hótað ykkur, að ef þið ekki hlýðið auðmönnum Reykjavíkur og liggið auðmjúkir fyrir skipunum þeirra, þá getið þið fengið að svelta. Ég skora á þessa ríkisstj. að leggja stefnu sína tafarlaust fyrir kjósendur landsins og láta þá dæma um hana á lýðræðislegan hátt, og þori hún það ekki, þá verður hún og stuðningsmenn hennar að sitja með það ámæli, að hún hafi svikizt að kjósendum landsins og flekað þá undir fölsku yfirskini til þess að gefa sér umboð til nýsköpunar og framfara, sem hún nú misnotar til þess að hefja árásir á alþýðu manna í þágu auðdrottna landsins og svartasta afturhalds þess, en undir yfirskini dýrtíðarinnar. Ég veit, að þessir herrar þora ekki að taka áskorun minni, þora ekki að láta fólkið skera úr um stefnuna í kosningum, af því að þeir óttast fólkið og lýðræðislegan dóm þess, af því að þeir ætla sér nú að nota valdið, sem þeir hafa klófest, til þess að láta kné fylgja kviði, ef þeir geta. Og það er nauðsynlegt, að fólkið geri sér ljóst, hvernig þeir ætla að ná takmarki sínu. Um leið og við rannsökum það, þá fáum við líka svarið við þeirri spurningu, hvernig á því standi, að velgengnin, stórhugurinn og bjartsýnin, sem var hjá þjóðinni fyrir nokkrum mánuðum síðan, sé nú að víkja fyrir bölsýni og vesaldómi. Ríkisstjórn á Íslandi hefur svo mikið vald yfir atvinnulífi landsins, að hún getur ráðið því, hvort hér á landi er kreppa eða velgengni. Það er ekkert einsdæmi, að slíkt vald sé sett í hendur einstakra manna í okkar þjóðfélagi. Verðirnir við Sogsstöðina geta ráðið því, hvers konar ástand ríkir í Reykjavík. Þeir geta skrúfað fyrir rafstrauminn, og þá stöðvast ekki aðeins atvinnulífið að mestu — það verður líka dimmt á heimilunum. Og í skjóli myrkursins geta þá ekki aðeins þjófar og ræningjar oft leikið lausum hala, heldur er þá og góður jarðvegur til þess að hræða menn, sérstaklega börnin, með draugum og afturgöngum. En bæjarstjórn Reykjavíkur velur sem verði við Sogsstöðina heiðarlega menn, sem ekki leika sér að því að skrúfa fyrir strauminn, enda mundu þeir vart verða lengi í stöðunni, ef þeir gerðu slíkt. En ríkisstj. Íslands hefur skrúfað fyrir þann straum, sem hún ræður yfir. Hún hefur skrúfað fyrir lánveitingar til byggingganna — hún hefur skrúfað fyrir gjaldeyrinn — hún er að reyna að skrúfa fyrir atvinnuna — allt til þess að braskarar og arðræningjar geti leikið lausum hala. Og það, sem er það hættulegasta, hún er að reyna í skjóli þess myrkurs, sem hún er að leiða yfir þjóðina, að ræna hana bjartsýninni og stórhugnum, hræða hana á bolsadraugnum og afturgöngum hrunstefnuliðsins, svo að þjóðin verði jafnúrræðalaus og stjórnin er sjálf.

Það er engin ástæða til þess að skrúfa fyrir og leiða hrun og kreppu, myrkur og vonleysi yfir þjóðina — ekki meiri ástæða en það var 1944. Þá sáu þeir hæstv. núverandi forsrh. og hæstv. núverandi menntmrh. heldur ekkert nema myrkrið og hrunið fram undan og börðust gegn því, að

nýsköpunarstjórn væri mynduð, þó að gæfa Íslands yrði þeim þá yfirsterkari. Þá sáu þeir heldur enga leið aðra fram undan en niðurskurðarfrv. Cóca-cólastjórnarinnar á launum, sem þá var lagt fyrir þingið í nafni dýrtíðarinnar. Þá gerðu þeir gys að okkur sósialistum sem skýjaglópum og sögðu allar aðgerðir okkar óseljanlegar vegna dýrtíðar. Það var engin tilviljun, að sá ráðherrann, sem dansaði hrunadansinn í útvarpinu í gærkvöld af mestum fjálgleik, var Eysteinn Jónsson. Það hefur aldrei annað lag komizt inn í hans koll öll þessi ár. Ísland á enn nægan auð, ef menn kunna að nota hann, og mun skapa sér hann meiri og meiri, ef aðeins nýsköpun atvinnuveganna er haldið áfram, en hún ekki drepin. Útflutningur Íslands í ár ætti vart að verða undir 450 milljónum með sæmilegu síldarári, miðað við afla- og verðlagshorfur nú. Það er 50% meira en í fyrra. Er þá ástæða til bölsýni fyrir þjóðina? Síður en svo. — Verkamenn verða að fórna, segja stjórnarherrarnir. Verkamenn mega ekki æsa sig upp á móti fórnunum, sem heildsalastjórninni þóknast að heimta af þeim. En verkamenn hafa fórnað. Verkamenn hafa sætt sig við kjör, sem eru undir meðaltali þess, sem íslenzka þjóðin getur boðið börnum sínum. Árstekjur þjóðarinnar eru nú um 1000 milljónir króna. Það gerir meðaltekjur um 35 þús. kr. fyrir fimm manna fjölskyldu. En Dagsbrúnarmaðurinn í Reykjavík verður að sætta sig við 20 þús. kr. tekjur, ef hann vinnur hvern dag ársins, og þúsundir verkamanna verða að þola atvinnuleysi marga mánuði og miklu lægra árskaup þess vegna. Það er ekki Dagsbrúnarmaðurinn, sem þarf að halda lögfræðinga í þjónustu sinni til þess að fela gróðann. Það er ekki Dagsbrúnarmaðurinn, sem flytur í tólf herbergja íbúðir nú. Braggarnir eru enn hlutskipti barnafjölskyldnanna — og aðstoð ríkisstj. við að losna úr þeim er sú að svíkjast um að borga styrkinn til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum og svíkjast um að lána fé til þess, að verkamenn geti byggt nógu fljótt yfir sig. Verkamenn Íslands hafa sætt sig við vísitöluna frá 1939 í trausti þess, að það kæmi aldrei sú ríkisstj. til valda á Íslandi, að hún legði sig í líma til þess að falsa hana, svo að hún gæti hlíft milljónagróða auðmannanna við álögum. En nú hefur þetta brugðizt. Nú byrjar höfuðárás auðmannastéttarinnar í Reykjavík á alþýðuna einmitt með því, að auðvaldið hagnýtir sér veilur vísitölunnar frá 1939.

Ég skal nú leiða tvo helztu hagfræðinga landsins sem vitni um þessa fölsun vísitölunnar, tvö átrúnaðargoð núverandi stjórnarflokka. Jón Blöndal, einn helzti leiðtogi Alþfl., segir í grein 26. okt. 1945: „Þótt búreikningarnir frá 1939—'40 geti verið nothæfur grundvöllur til að reikna út verðlagsbreytingarnar, sem orðið hafa síðan, þá er hitt jafnvíst, að þeir eru algerlega ónothæfir til þess að dæma um, hver sé meðalneyzla almennings af ýmsum nauðsynjavörum í dag". Kemst J. Bl. að þeirri niðurstöðu, að vísitalan sé þá svo fölsuð, að hún sé a. m. k. 37 stigum of lág. Það þýðir, að fyrir launþega með 500 kr. grunnkaup mundi þessi skekkja vísitölunnar nema a. m. k. 2220 kr. fyrir allt árið. Og nú er þessi skekkja, sem þá nam yfir 10% af launum Dagsbrúnarmannsins, aukin gífurlega með tollaálögum stj. Hinn hagfræðingurinn, sem ég ætla að leiða fram sem vitni, er hagstofustjóri — yfirlýsing hans, sem lesin var hér í útvarpið af hæstv. fjmrh. í gærkvöld. Sú yfirlýsing er löðrungur á allt stjórnarliðið fyrir fals þess og fláræði í þessum málum. Hagstofustjóri segir: „Launþegum er því tryggt, að bæði sú verðhækkun, sem verður strax á neyzluvörum þeirra vegna tollahækkana, og sú, sem verða kann síðar á þeim vegna tollahækkana á framleiðsluvörum, lendir ekki á þeim, að svo miklu leyti, sem neyzla þeirra er í samræmi við útgjaldareikning þann, sem vísitalan byggist á." Hvað þýðir þetta á mæltu máli? Það þýðir, að ef verkamaðurinn vill sætta sig við að borða rúgbrauð, hafragraut og tros 6 daga vikunnar, eins og hann gerði 1939, sætta sig við að geta ekki keypt ver á rúmfötin sín eða góð föt handa fjölskyldunni — sætta sig við að fara á bíó einu sinni eða tvisvar á ári eða gera ekki meiri kröfur til skemmtanalífs en því samsvarar — sætta sig við lélega íbúð og fátækleg húsgögn eins og hann gerði þá, — þá fær hann fullar uppbætur á vísitöluna. En ef verkamaðurinn gerir kröfur til að lifa eins og maður, lifa við þau kjör, sem Ísland getur boðið öllum börnum sínum í dag, þá er vísitalan stórfölsuð og þá verður verkamaðurinn, eins og hagstofustjóri segir á öðrum stað, að bera því meiri hluta af tollahækkuninni sjálfri án uppbótar. Með öðrum orðum, ef þú, launþegi, vilt ekki sætta þig við fátæktina og neyðarkjörin, sem þjóðstjórnarflokkarnir bjuggu þér 1939, er þeir skelltu þrælalögunum á þig, ef þú rís úr kútnum og heimtar mannsæmandi lífskjör, þá skal þér verða refsað fyrir með vaxandi tollaálögum á neyzlu þína án nokkurrar uppbótar — það er með raunverulegum tollahækkunum. Tveir af helztu hagfræðingum landsins, Jón Blöndal og hagstofustjóri, hafa nú hrakið blekkingar ráðherranna, og ég verð að segja, að það er til skammar fyrir ráðherra að bera svona blekkingar á borð fyrir þjóðina, blekkingar, sem þeir reyna ekki að halda fram í þinginu, af því að þeir vita, að þær eru samstundis tættar í sundur af okkur sósialistum. Og hvernig stendur á því, að þessir menn skuli í senn dirfast að bera slíkar blekkingar á borð fyrir fólkið og samtímis ráðast á hagsmuni þess með aðferðum, sem Morgunblaðið segir, að „nálgist brjálæði?" Georg Brandes segir einhvers staðar, að það sé ekki til villtara dýr en auðkýfingurinn, sem óttist um pyngju sína. Og hann er því villtari sem pyngjan er úttroðnari. Morgunblaðið veit vafalaust bezt, hvenær það dýr verður svo villt, að það fari að nálgast brjálæði. — Í Reykjavík eru 100 einstaklingar og félög, sem áttu 1944 samkvæmt eigin uppgjöf um fjórðung af eignum þeirra Reykvíkinga, sem eignarskatt greiða, eða 73 milljónir af 268 milljónum. En í þessum 73 milljónum eru allar eignir þessara milljónamæringa skráðar á fasteignamatsverði, en raunverulegt verðmæti þeirra er, sem kunnugt er, margfalt meira. Þegar tillit er svo tekið til þess, að ekki er of vel tíundað og eignir þeirra hafa vaxið síðan, þá er ekki of hátt áætlað, þótt sagt sé, að 100 ríkustu félög og einstaklingar í Reykjvík eigi yfir 200 millj. kr. í skuldlausum eignum. Þessir aðilar hafa grætt auð sinn á stríðinu. Fyrir stríð var ekki talað um milljónafélög á Íslandi, nema í því sambandi, að þau skulduðu milljónir eða hefðu farið á hausinn. Eysteinn Jónsson, hæstv. menntmrh., sagði í gær: „Þeir, sem hafa hagnazt mest, eiga að ganga á undan." Vel mælt, Eysteinn. En hvar marséra þeir á undan til að

fórna, heildsalarnir þínir í ríkisstj.? Komdu með 50—100 milljónir, sem heildsalarnir vilja fórna af auð sínum fyrir þjóðina sína, Eysteinn litli, þá skulum við tala við þig í alvöru. Og þá mundi alþýðan líka taka í alvöru dýrtíðartalið þitt. Milljónamæringar Reykjavíkur væru ekki rúnir inn að skinninu samt. Þeir ættu yfir 100 milljónir króna eftir sem áður. En meðan þessir auðkýfingar sýna engan lit á að fórna, en leggja tugmilljóna álögur á alþýðuna til að auka dýrtíðina og rýra kjör launþega, þá er allt tal þessarar ríkisstj. um dýrtíðina ekkert nema hræsni og yfirdrepsskapur, lúalegt yfirvarp til þess að ráðast á lífskjör alþýðu og hlífa vellauðugum bröskurum Reykjavíkur við réttlátum fórnum.

Ríkisstj. hefur líka sýnt sitt sanna innræti gagnvart dýrtíðinni og heildsölunum á öðru sviði. Verðlagsnefnd hefur fyrir mörgum vikum samþykkt nokkra lækkun á álagningu heildsalanna á vörum, með öðrum orðum, dregið nokkuð úr einkaálögum heildsalanna á alþýðuna til þess að minnka dýrtíðina. Maður skyldi nú ætla, að stjórnin hafi tekið slíku fegins hendi, en það var eitthvað annað. Stjórnin hefur hingað til hindrað, að þessi lækkun kæmi til framkvæmda, bannað þessa baráttu við dýrtíðina, því að hún hefði orðið á kostnað heildsalanna. Trú stjórn herrum sínum, heildsalastjórnin! Hæstv. menntmrh. sagði, að verkamenn mættu ekki vera að heimta grunnkaupshækkanir. Fjögur verkamannafélög hafa þegar fengið verulegar grunnkaupshækkanir í tíð núverandi ríkisstj., þar á meðal félag, þar sem Alþfl. telur sig eiga ítök í stjórn, og það félag fékk einmitt grunnkaupshækkun með samningum við fulltrúa ríkisstj., og á ég hér við félag bílstjóra í sérleyfisferðum, sem 2. apríl undirskrifaði samning við ríkisstj. um grunnkaupshækkun úr 640 kr. upp í 715 kr. á mánuði, eða næstum 12% grunnkaupshækkun. Hæstv. menntmrh. og hæstv. forsrh. töluðu um, að það mætti ekki byrja ný grunnkaupshækkunaralda. Slíkt væri „glæfralegt ævintýri, sem gæti haft í för með sér stórkostlegt tjón," sögðu þeir. Hvaða rugl er þetta í hæstv. ráðherrum? Grunnkaupshækkanirnar eru byrjaðar. Þið hafið sjálfir riðið á vaðið með 12% grunnkaupshækkun til bílstjóra í ríkisþjónustu. Og auðvitað heldur þetta áfram. Haldið þið, að það megi engir aðrir fá grunnkaupshækkanir en þeir, sem vinna hjá ríkinu og hafa alþýðuflokksmenn í stjórn verkalýðsfélaga? Og ef þið haldið, að verkamenn þurfi ekki grunnkaupshækkanir, þá lesið bara ykkar eigin blöð.

Emil Jónsson, hæstv. ráðh., sagði hér áðan, að það væri hvorki meira né minna en „glæpur" að fá fram hækkun á grunnkaupi, það væri „óþrifaverk", og hann hótaði öllu illu. Ég sagði hér áðan frá einu félagi, sem hefði fengið 12% grunnkaupshækkun í þessum mánuði. Við hvern samdi það félag? Hver framdi þann glæp að ganga inn á þá grunnkaupshækkun? Það var Emil Jónsson, hæstv. ráðh. Einmitt undir hans ráðuneyti og í samráði við hann er þessi grunnkaupshækkun gerð. Hvað er þá Emil Jónsson samkvæmt hans eigin orðum, ef grunnkaupshækkun er glæpur? Er ekki bezt fyrir svona menn að hafa færri orð og smærri og láta vera að belgja sig út eins og hann gerði áðan?

Það er ekki barátta fyrir alþýðuna gegn dýrtíðinni, sem þessi ríkisstj. er að heyja. Það er barátta gegn alþýðunni fyrir dýrtíðinni, ef svo má að orði komast, barátta til þess að auka dýrtíðina á kostnað alþýðu, barátta fyrir því að hindra það, að auðmennirnir verði fyrst að fórna. Þessi barátta ríkisstj. „nálgast brjálæði", segir Morgunblaðið. Og það er brjálæði af þessum herrum að ætlast til þess, að alþýðan beri ein kostnaðinn af dýrtíðinni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi svara hv. 2. þm. Reykv. nokkrum orðum. Hann sagði áðan, að núverandi ríkisstj. hefði skrúfað fyrir gjaldeyrinn og fjármagnið, en hann er búinn að gleyma því, að þegar þessi stjórn tók við, var búið að ráðstafa öllum gjaldeyri þjóðarinnar, og það er óhætt að bæta því við, sem hann viðurkenndi hér áðan, að nýsköpunin var aðeins í byrjun, er stjórnarskiptin urðu núna í vetur. Ef þetta er lagt saman, þá er það með öðrum orðum þannig, þegar núverandi ríkisstj. tekur við völdum, að gjaldeyririnn er búinn, en nýsköpunin aðeins í byrjun. Hv. 2. þm. Reykv. var að reyna að afbaka það, sem ég sagði um þá ríku og fórnirnar. Svo sannarlega eiga hinir ríku að vera með og fórna, er fórnanna verður krafizt, og það sagði ég. Og þeir eru vissulega með núna, svo langt sem það nær enn þá. Það er svo langt frá því, að hinar nýju tollaráðstafanir ríkisstj. komi harðast niður á hinum fátæku, að þetta kemur þvert á móti harðast niður á þeim, sem eyða umfram meðallag, þungir skattar hafa verið lagðir á munaðarvöru, þótt ekki sé hægt að segja, að neinna sérfórna hafi enn verið krafizt. En ég vil spyrja hv. þm., hve margar milljónir tóku kommúnistar af milljónamæringunum, er þeir lögðu á veltuskattinn, þar sem engar nauðsynjar voru undan skildar, ekki einu sinni hafragrauturinn, hvað þá meira? Já, hve margar milljónir tóku þeir af hinum ríku með þessu lagi, þegar verið var að falsa vísitöluna, því að veltuskatturinn kom ekki aðeins beint á allar nauðsynjar, heldur gat ekki orðið tekinn til greina, vísitalan var m. ö. o. fölsuð sem því nam. Þessir menn ættu ekki að tala digurt. Og þar með var ekki látið staðar numið, heldur var gerð sú breyting, að reikna ekki með verðlag á vörum, ef þær fengust á markaðinum fyrir lægra verð. Og kommúnistar voru fremstir í flokki að verja þetta.

Ég vil svo benda mönnum á þetta: Hvað mundu kommúnistar hafa gert, ef þeir hefðu viljað gera sitt bezta til að mæta vandanum nú. Mundu þeir þá hafa eggjað lögeggjan til pólitískra verkfalla til þess að auka enn ósamræmið, sem er að gera ókleift að halda atvinnulífinu gangandi? Nei, áreiðanlega ekki, þeir mundu hafa farið þveröfugt að. Þeir mundu hafa hvatt verkalýðssamtökin til samvinnu við ríkisstj. um þessar bráðabirgðaráðstafanir, sem gerðar hafa verið, og til miklu stærri fórna, ef þeir hefðu sjálfir verið í ráðherrastólunum. Í vinsamlegu framhaldi af því, sem gert hefur verið að undanförnu, mundu þeir hafa hvatt verkalýðssamtökin til samninga við ríkisstj. um aðrar og frekari ráðstafanir gegn dýrtíðinni, sem meira væru til frambúðar, og þá auðvitað með sérstöku tilliti til þess, að þá væri tekin upp sú stefna í öllum greinum að gera ódýrara að lifa ráðdeildarsömu menningarlífi í landinu en nú er. Með því væri stefnt að því að leysa dýrtíðar-

vandamálið með sem minnstum fórnum af hálfu alþýðu manna. Þetta er sú stefna, sem verkalýðssamtök annarra landa fylgja, sem ekki eru svo ógæfusöm að eiga kommúnista að leiðtogum. Þetta er leiðin, sem hér á að fara í stað verkfalla. Samvinna í þessum efnum við ríkisstj. er leiðin, þá stefnu verður að taka upp hér og velja nýja forustumenn verkalýðssamtakanna, sem skilja, hvað gera þarf og vilja fá það bezta út úr hlutunum.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það kom berlega fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv., hve blindur hann er í ofsa sínum og rökþrota í árásum sínum á núverandi ríkisstj., þar sem aðalásökunin var um fölsun á vísitölunni, og byggði hann þar á og vitnaði í ummæli Jóns Blöndals hagfræðings og ásakanir hans í garð ríkisstj. í þessu efni. En hér er því við að bæta, að ummæli og útreikningar hagfræðingsins áttu við fyrrv. ríkisstj., sem ráðherrar kommúnista, Áki og Brynjólfur, áttu sæti í, svo að ásakanir hv. 2. þm. Reykv. í garð núverandi ríkisstj. snúast í hendi hans og verða að ádeilum á hans eigin menn. Þannig er þetta allt á eina bókina lært hjá þessum flokki.

Þegar fyrrv. ríkisstj. settist á laggirnar fyrir rösku 2½ ári — og kommúnistar fengu í fyrsta sinn fulltrúa í ríkisstj. „hérna úti á Íslandi", eins og þeir segja, og fullkomna íhlutun um stjórn landsins, voru margir bæði utan og innan stjórnarflokkanna, sem báru mjög takmarkað traust til þeirra heilinda, er því samstarfi fylgdu. Stefnuyfirlýsingar og baráttuaðferðir þeirra frá fyrri árum lofuðu engu góðu í þeim efnum. Þó voru aðrir, er tóku þátttöku þeirra í ríkisstj. sem tákn þess, að hér væri um alger sinnaskipti að ræða. Nú hefðu þeir lagt byltingakenningar og byltingastarfsemi á hilluna og ætluðu að gerast ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu að almennum umbótastörfum á lýðræðislegan hátt. Þetta væri og í samræmi við málflutning þann, sem þeir höfðu tekið upp í stjórnmálabaráttu síðustu ára. Og hinir trúuðu sögðu sem svo: Það er sérlega mikils vert, ekki sízt á þessum tímum, sem yfir standa, að fá stjórnmálaflokk, er hefur jafnmikil áhrif í verkalýðssamtökum landsins eins og kommúnistafl., til ábyrgrar þátttöku í stjórn landsins til framkvæmda og nýsköpunar, eftir því sem ástæður leyfa, en þó ekki síður til hins, að standa með öðrum stjórnmálaflokkum að þeirri þjargráðastarfsemi, sem fyrr eða síðar verður óhjákvæmileg vegna þess öngþveitis í verðlags- og atvinnumálum, sem hér hefur skapazt.

Eftir að þeir hafa staðið með öðrum flokkum að endurbótum og nýsköpun í atvinnulífinu — sögðu þessir menn —, hljóta þeir að taka þátt í þeim aðgerðum, sem nauðsynlegar reynast á sínum tíma til að tryggja rekstur og starfsöryggi þessarar nýsköpunar þjóðarinnar. Þær ráðstafanir geta krafizt einhverra fórna frá öllum þjóðfélagsstéttum og því orðið óvinsælar og illframkvæmanlegar, nema allar stéttir og fulltrúar þeirra standi að þeim sameiginlega.

Hvaða trú sem menn höfðu á þessum bollaleggingum, þá var ekki hægt að neita því, að þetta væru rök í málinu. Fyrrv. ríkisstj. átti með öðrum orðum að vera nokkurs konar íslenzkur „föðurlandsástarskóli" fyrir kommúnistana. Og ekki var nú gott að mæla á móti því, að slíka stofnun hafði okkur lengi vantað. Og svo hófst samstarfið með pomp og pragt.

Þjóðinni hefur áður verið skýrt frá því, að hún eigi það að þakka hinu dásamlega sósíalistahugviti hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, að menn komu loks auga á það, að rétt mundi nú vera að nota eitthvað af þessum 5—6 hundruð millj. kr., sem þjóðinni hafði þá safnazt í erlendum gjaldeyri. Og það er svo að sjá, af því sem nú liggur fyrir, að ríkisstj. hafi einnig notið í ríkum mæli hugkvæmni hans og félaga hans í að koma þessum aurum í lóg á ekki allt of löngum tíma.

Eftir að stjórnarkreppan s. l. haust og vetur hafði staðið á fjórða mánuð og stjórnmál landsins voru að komast í fullkomið öngþveiti — og flestar leiðir höfðu verið reyndar til að koma á nýrri stjórn, en árangurslaust —, þá neita þeir að síðustu að vera til viðtals um hina síðustu tilraun til myndunar þinglegrar stjórnar, er forseti Íslands fól núverandi forsrh. — tilraun, sem að flestra dómi hlaut að vera lokatilraun, eins og stjórnmálaástandið var í þinginu, áður en reynt yrði með utanþingsstjórn eða þing rofið.

Þegar hér var komið málum var svo ástatt, að komið var fram á árið 1947 — en engin fjárlög til fyrir það ár og ekkert samkomulag um afgreiðslu þeirra. Ríkið var búið að taka ábyrgð á fiskverðinu, sem var hærra en svo, að nokkrar líkur væru til, að fyrir það seldist í markaðslöndunum. Enginn uggi var seldur af þessa árs framleiðslu nema það, sem togararnir fluttu jafnóðum út. Frjáls gjaldeyrir bankanna var að þrjóta og utanríkisverzlun að stöðvast. Dýrtíðarvísitalan hækkaði með hverju tungli og ógnaði útflutningsstarfseminni þrátt fyrir hið háa ábyrgðarverð.

Á fjárlagafrv. vantaði milljónatugi, ef ekki átti að skera niður mestan hluta verklegra framkvæmda, eða nema úr gildi nýsamþykkta lagabálka, er bundu ríkissjóði stórkostleg útgjöld — og gera aðra að einskisverðu pappírsgagni. Nú fyrst reyndi á kappana í kommúnistafl. Þeir höfðu setið sólarmegin um stund og aflað sér vinsælda, eins og hinn rangláti ráðsmaður, sem ritningin segir frá, með því að ausa af fé þjóðarinnar á báða bóga. Nú varð ekki lengur komizt hjá aðgerðum, sem kröfðu þjóðina um fórnir, ef ekki átti að sigla öllu til brots. Nú áttu þeir að ganga undir prófið í fræðum föðurlandsástar og ábyrgðartilfinningar í hinum mikla skóla, er þeir höfðu setið í um stund. Og hvernig lauk því prófi? Þannig, að þeir höfðu sýnilega ekkert lært og engu gleymt af sínum fyrri fræðum og starfsháttum. En þeir neituðu að viðurkenna staðreyndir og neituðu að taka þátt í þeim varnarráðstöfunum, sem aðrir flokkar féllust á gegn yfirvofandi háska. Síðan núverandi ríkisstj. tók við, hefur svo flokkurinn tekið upp sitt gamla ábyrgðarleysi alveg ógrímuklætt. Um leið og hann beitir sér fyrir hækkun á útgjöldum ríkisins, sem nema milljónatugum, berst hann með hnúum og hnefum gegn öflun nýrra tekna og til fullnægingar þeim greiðslum, er hann sjálfur hefur staðið að því að lögskipa á undanförnum árum og gumað af sem stórfelldum framförum og nýsköpun. En þeir góðu herrar láta ekki þar við sitja að skjóta sér undan allri ábyrgð, heldur beita og öllum sín-

um áróðri utan þings og innan til að torvelda og eyðileggja þær tilraunir, sem núverandi stjórn og stuðningsflokkar hennar eru að beita sér fyrir til viðnáms verðbólgunni og meðfylgjandi fjármálaöngþveiti, sem nú er að grafa undan atvinnulífi og afkomu þjóðarinnar, ástandi, sem þeim ætti þó að vera skyldast að hjálpa til að ráða bót á. En þetta nægir þeim ekki, heldur virðast þeir nú ætla að bíta höfuðið af skömminni með tilraunum sínum í þá átt að fylkja verkalýðsfélögum landsins, sem þeir illu heilli hafa náð of miklum tökum á, gegn Alþ. og ríkisstj. með pólitískum gagnráðstöfunum í þeirri von, að þeim tækist á þann hátt að brjóta niður hið stjórnskipulega vald, er þjóðin hefur búið sér á stjórnfrjálsan og lýðræðislegan hátt.

Nú virðast þeir telja tíma til þess kominn að venja þjóðina af þeim gamaldags hugsunarhætti, að meiri hluti þings og lögleg ríkisstj. eigi að ráða löggjöf og stjórna málum þjóðarinnar. Það séu þeir sjálfir í krafti þess valds, er þeir hafa sölsað undir sig í skjóli hinna frjálsu félagssamtaka þjóðarinnar, sem héðan af eigi að segja fyrir verkum í þjóðfélaginu.

„Höfuðátökin munu verða á milli verkalýðsfélaganna og ríkisstj.," hrópaði hv. 4. landsk., Brynjólfur Bjarnason, upp hér í þingsalnum í gærkvöld. Það var svo sem ekki vandséð, hvað hann var að fara. En þeim, sem með samúð og skilningi hafa fylgzt með hinum frjálsu félagssamtökum verkalýðsins á undanförnum áratugum, barátttu þeirra og sigrum, mætti þykja það raunalegur endir á stuttum, en glæsilegum starfsferli þeirra, ef það ætti fyrir þeim að liggja að láta óvandaða þjóðmálaskúma ginna sig út í það glæfralega ævintýri að beita samtakamætti sínum, er þau hingað til hafa notað réttilega til að hefja sig til jafns við aðrar stéttir í þjóðfélaginu og skapa sér þjóðfélagsaðstöðu til jafns við þær, að fara nú að beita honum til þess að brjóta niður það lýðræðisstjórnarform þjóðfélagsins, sem þau hafa vaxið í skjóli við og hefur gefið þeim lífs- og starfsskilyrði.

Mér finnst ástæða til að láta þessi orð falla vegna ummæla hv. 4. landsk., Brynjólfs Bjarnasonar, hér í gær og vegna þeirrar hreyfingar, sem hann og ýmsir samherjar hans eru að reyna að koma af stað í þessa átt um þessar mundir, en ekki af því, að ég óttist, að íslenzk alþýða sé svo óþroskuð, að hún láti teyma sig út í slíka ófæru. Hún er lýðræðislega sinnuð, og hún þekkir sporin, sem hræða, úr sögu sinnar eigin þjóðar og annarra. Hún veit, hverjar afleiðingar það hafði fyrir íslenzku þjóðina á sínum tíma, er ofbeldisfullir óróaseggir, sem töldu sig hafa til þess nægileg mannaforráð að skapa sér sín eigin lög og eigin rétt utan við þjóðfélagið og gegn því, brutust þar til skyndivalda. Og hún þekkir einnig sams konar harmsögu frá öðrum þjóðum. Hún veit, að í skjóli þingræðis og lýðræðis er henni búið það vald, sem henni muni reynast farsælast til frelsis og þroska. Og það mun hún ekki láta pólitíska ævintýramenn fleka af sér, fyrst hún hefur aftur öðlazt það.

Finnur Jónsson: 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, er sífellt að hefja fyrrv. ríkisstj. upp til skýjanna. Ég tek þessum lofsöng með þökkum sem einn af ráðherrum fyrrv. ríkisstj., en jafnframt verð ég að gera þá játningu, að ég styð núverandi ríkisstj. á þeim grundvelli, að hún sé nýsköpunarstjórn og haldi áfram starfi fyrrv. stjórnar, þar sem hún hætti.

Ég tel, að hinar ósvífnu aðdróttanir kommúnista til núverandi hæstv. ríkisstj. séu af því einu sprottnar, að þeir eiga engan fulltrúa í ríkisstj.

Með starfi og sívaxandi áhrifum Alþfl. á undanförnum árum hefur tekizt að afla alþýðu þessa lands þeirra mannréttinda og lífskjara, sem hún á nú við að búa. Þetta hefur gerzt í samvinnu og með samningum við aðra flokka, þannig að þrátt fyrir það að áhrifa Alþfl. gætti lítið í fyrstu, ná þau nú langt inn í fylkingar annarra flokka. Mörg áhugamál, sem Alþfl. flutti fyrstur allra og barðist einn fyrir árum saman, eru nú orðin áhugamál flestra hugsandi manna hér á landi úr öllum flokkum.

Margt er enn óunnið, en þó hefur baráttan gegn atvinnuleysi, fátækt og menntunarskorti borið glæsilegan árangur. Stórstígum framkvæmdum var á komið í tíð fyrrv. ríkisstj. Launalög voru sett, lög um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar, skólalöggjöf og margt fleira.

Þetta gerðist allt fyrir síðustu kosningar. Með þessari löggjöf um mannréttindi og framfarir og með innkaupum skipa og véla var stefnt að því að tryggja það, að baráttan gegn atvinnuleysinu, fátæktinni og menntunarskortinum bæri varanlegan árangur. Eftir var þó að útvega fé í ríkissjóð til þess að greiða hin auknu útgjöld vegna alþýðutrygginganna og menntamálanna. Eftir var að útvega fé til þess að framkvæma l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í þeim mæli, sem þörf er á og l. segja fyrir um, þótt þau hafi þegar komið að verulegum notum. Eftir var og að útvega fé til stofnlánadeildar, svo að nýsköpunin kæmi að fullum notum. Þarna voru verkefni fyrir flokka þá, sem bundizt höfðu samtökum um ríkisstj. til þess að fá framangreind lög sett á Alþ. Það var skylda þeirra við þjóðina að leysa þessi verkefni, það voru svik að víkja sér undan því.

Fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, var þetta ljóst. Hann gerði ítrekaða tilraun til þess að fá fyrrv. stjórnarflokka til þess að sameinast um þetta. Hann kallaði þáverandi ráðh. saman á stjórnarfund í septembermánuði s. l. Hann taldi upp verkefnin, sem fyrir lágu, og skoraði á flokkana að efna loforð sín við þjóðina og gera til þess nýtt átak. Við alþýðuflokksmenn vorum þegar reiðubúnir til þess að ganga til samninga um þessi mál. Við vildum treysta grundvöll hinnar nýsettu félagsréttindalöggjafar og koma nýbyggingunum í framkvæmd með fjárútvegun, en ráðherrar kommúnista neituðu og svöruðu því einu, að þeir væru ekki til viðtals um úrlausn neinna innanlands vandamála, meðan ekki væri gengið frá flugvallarsamningnum við Bandaríkin.

Það er vert fyrir alþýðu manna til sjávar og sveita að festa sér þessi svör kommúnista rækilega í minni. Með þessu brugðust þeir gersamlega alþýðunni á Íslandi. Þeir neituðu að vinna að lausn vandamálanna. Réttindalöggjöfin og nýsköpunin hefði lítið orðið annað en skrípamynd, ef þeir hefðu mátt ráða.

Síðan kom hin langa stjórnarkreppa, sem ég tel eigi þörf á að rekja. Kommúnistafl. skipti sér í tvo hópa, sem töluðu við menn úr hinum flokkunum til skiptis og létu líklega um stjórnarmyndun við alla til þess að viðhalda glundroðanum, og

Alþ. var óstarfhæft þangað til í byrjun febrúarmánaðar, að núverandi ríkisstj. var mynduð fyrir forgöngu formanns Alþfl. og með aðstoð annarra manna, sem sáu, að hið unga lýðveldi flaut að feigðarósi, ef ekki tækist að mynda ríkisstj.

Með neitun sinni um að vinna að því að koma nýsköpuninni á fastan fjárhagsgrundvöll og útvega fé í ríkissjóð til þess að standa straum af þeim mikilsverðustu lögum, sem sett hafa verið, síðan Alþ. var stofnað, hafa þeir, sem stjórna Kommúnistafl., enn á ný sannað, svo að eigi verður í móti mælt, að þeir berjast ekki fyrir hagsmunum íslenzkrar alþýðu. Það er allt annað, sem ræður gerðum þeirra. Erlent herveldi á þar trúa þjóna, sem eru reiðubúnir til að fórna þriggja áratuga baráttu hinnar íslenzku alþýðu og hagsmunum hennar fyrir ímyndaða hagsmuni þess. Þurfa kjósendur þessa flokks, sem hafa látið blekkjast til fylgis við hann illu heilli og undir fölskum forsendum, framar vitnanna við?

Mér var, meðan ég átti sæti í fyrrv. ríkisstj., ánægja að því að vinna að stefnuskrá stjórnarinnar. Ég varð þó oft fyrir vonbrigðum, einkum af samstarfi við ráðherra kommúnista. Ég sé eigi ástæðu til að rekja það hér til hlítar, en það, sem mér fannst mest áberandi, var hið fullkomna virðingarleysi þeirra fyrir hugsjónum flokks síns og hagsmunum alþýðunnar, þegar fjárhagslegir hagsmunir flokks þeirra voru annars vegar, og hins vegar algert kæruleysi þeirra um öll fjármál ríkisins, og einkum skaraði hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, fram úr í þeim efnum. Er þetta öllum augljóst, og komst kunnugur maður svo að orði, að hann, Áki Jakobsson, meðhöndlaði fé ríkissjóðs jafnan eins og hann væri að fara með fé versta óvinar síns. Bera smáar og stórar ráðstafanir þessa þm., meðan hann sat í ríkisstj., þessu órækt vitni. Af hinum smáu ráðstöfunum má nefna sendiförina til Póllands, sem kostaði 100 þúsund krónur og bar þann árangur einan, að upplýst var, að vonir væru til, að Pólverjar vildu kaupa 1600 hryssur. Hryssurnar áttu allar að vera jarpar að lit og nokkru stærri en til eru með íslenzku vaxtarlagi. Af hinum stóru ráðstöfunum hafa verið nefndar nýju síldarverksmiðjurnar. Þær voru, svo sem kunnugt er, ekki tilbúnar fyrir síðustu síldarvertíð samkvæmt upplýsingum byggingarnefndar sjálfrar, hvað svo sem líður hinum ósönnu staðhæfingum Áka Jakobssonar. En með óhagsýnni byggingaraðferð hefur þm. Siglf. lagt margra milljóna króna skatt á sjómenn og útgerðarmenn.

Þessi hv. þm. gerði að umtalsefni þrjár ferðir, sem hann sagði, að ég hefði farið til útlanda á ríkiskostnað á árinu 1945, og vildi bera saman við sínar ferðir heim í kjördæmið og til Sandgerðis. Mínar ferðir voru að vísu ekki nema tvær, þar af önnur í einkaerindum, og skorti mig hugkvæmni Áka Jakobssonar til þess að láta ríkissjóð borga hana. Hin ferðin kostaði ríkið álíka og ein Siglufjarðarferð þm. Siglf. Hv. þm. sagði, að ég mundi hafa keypt hraðbátana svonefndu í einni af ferðum mínum. Þetta er ekki rétt, en hvað sem því líður, reyndust bátarnir ekki hæfir eftir þeim kröfum, sem gerðar eru hér til varðskipa. Þeim var skilað og andvirðið endurgreitt. Hús þm. Siglf., mjölhúsið fræga á Siglufirði, er hins vegar hrunið, og það hrynur daglega meira og meira, húsið er ónýtt, og undirstaða þess er ónýtt. Þegar Áki Jakobsson skilar andvirði þess í ríkissjóð, skal hann gera samanburð á mjölhúsinu og varðbátunum.

Annars var öll ræða hans, eins og hlustendur hafa heyrt, byggð upp eins og mjölhúsið. Stoðirnar voru ónýtar, sperrurnar voru ónýtar og undirstaðan var ónýt. Þess vegna hrundi ræðan ofan á ræðumann sjálfan eins og mjölhúsið.

Áður en ég skil við þm. Siglf., vil ég taka fram, að fjmrh., formaður nýbyggingarráðs, hefur beðið mig að upplýsa, að nýbyggingarráð hefur aldrei beðið Áka Jakobsson að kaupa eina spýtu né hann haft samband við nýbyggingarráð um hin umræddu eikarkaup.

Vegna fjármálaafglapa ráðh. kommúnista, vegna glundroðans, sem ríkti á Alþ., og vegna þeirra mörgu verkefna, sem biðu úrlausnar, var mér því mikill léttir, þegar núverandi ríkisstj. var mynduð. Ég ber hið bezta traust til núverandi ríkisstj. Þar er valinn maður í hverju rúmi, að öðrum ólöstuðum, og málefnasamningurinn mjög viðunandi. Þessarar ríkisstj. bíða mörg vandamál og þá fyrst og fremst þau, að bæta úr því, sem fyrrv. ríkisstj. átti ógert, vegna þess að kommúnistar brugðust gersamlega skyldum við alþýðu þessa lands.

Það, sem þegar hefur gerzt, gefur góðar vonir um, að þetta takist. Verið er að afgreiða fjárlög, þar sem séð er fyrir tekjum til þess að mæta hinum auknu útgjöldum vegna launalaganna, nýju fræðslulaganna og hinum stórkostlegu réttarbótum vegna laganna um almannatryggingar, án þess að ríkið safni skuldum þess vegna. En þrátt fyrir þetta er í fjárlagafrv. þessu áætlað að verja meira fé til verklegra framkvæmda heldur en nokkru sinni áður. Ríkisstj. og Alþ. hafa þannig þegar gert sitt til að bæta úr svikum kommúnista og halda uppi löggjöf þeirri, er sett hefur verið á undanförnum þingum til þess að tryggja afkomu, réttindi og frelsi landsmanna og atvinnu handa öllum.

Enn er eftir að framkvæma ýmislegt, svo sem sjá fyrir fé til húsabygginga samkvæmt áður nefndum lögum og fé til stofnlánadeildar sjávarútvegsins, svo að nýsköpunin geti haldið áfram, svo sem áætlað hefur verið og áætlað verður. En allt, sem þegar hefur verið gert, og allt, sem áætlað er að gera, miðar að því að halda uppi og bæta þau lífskjör, sem alþýða manna hér í landinu nú hefur, tryggja atvinnu handa öllum og festa þá mannréttindalöggjöf, sem þegar hefur verið sett, með það fyrir augum að bæta hana síðar.

Þessi áform hæstv. ríkisstj. eru kommúnistaforsprökkunum þyrnir í augum. Þeir óttast, að þau heppnist. Þeir vilja láta menn halda, að ekki sé unnt að stjórna landinu án þeirra. Þess vegna reyna þeir nú að æsa til pólitískra verkfalla. Þeir hafa stjórn alþýðusambandsins á valdi sínu, og nú ætla þeir að nota hinn mikla aga og tryggð, sem verkafólk víðs vegar um landið ber til sambandsins frá gömlum tímum, flokki sínum til framdráttar, til þess að ónýta hin mikilvægu störf ríkisstj. og þar með spilla lífskjörum alls almennings í landinu.

Það er öllum kunnugt, að vegna hinnar miklu dýrtíðar í landinu eru miklir erfiðleikar á að selja afurðir sjávarútvegsins til útlanda fyrir það verð, sem fyrir þær þarf að fást, svo að unnt sé að halda atvinnuvegunum áfram. Öll afkoma landsmanna er þó undir því komin, að það takist. Ný verkföll

og ný hækkun á dýrtíðinni mundi skapa atvinnuleysi og stofna núverandi lífskjörum almennings, nýsköpuninni og mannréttindamálum hans í hættu. Þess vegna vil ég skora fastlega á alla, sem mál mitt heyra, alla samherja og aðra úr verkalýðshreyfingunni, sem þátt hafa tekið í frelsis- og mannréttindabaráttu verkalýðsins og unna henni framar öllu, að ræða þessi mál og athuga gaumgæfilega, fylkja sér gegn skemmdarstarfsemi kommúnista og afstýra á þann hátt hinu ábyrgðarlausa pólitíska verkfallsbrölti þeirra.

Verkalýðssamtökin eiga að vinna fyrir hagsmuni hinna vinnandi stétta, en ekki fyrir pólitíska sérhagsmuni Kommúnistafl. Þá ná þau sínum tilgangi: að varðveita velmegun alþýðunnar í landinu.

Ólafur Thors: Enda þótt fulltrúar Sjálfstfl. í núverandi hæstv. ríkisstj. séu að eðlilegum hætti höfuðmálsvarar flokksins við þessar umr., hefur þótt rétt, að ég segði hér örfá orð.

Ég skal hlífast við að víkja að hinum óvenju rætna og móðursjúka orðaflaumi hv. þm. Siglf., Áka Jakobssonar, ekki eingöngu vegna vorkunnsemi við fyrrv. samstarfsmann, heldur fyrst og fremst vegna þess, hversu hæstv. utanrrh. hefur nú húðstrýkt hann rækilega, svo að þar er ekki á bætandi.

Hv. 4. landsk., Brynjólfur Bjarnason, sagði, að ráðherrar sósíalista í fyrrv. stjórn hefðu hótað að gera það að fráfararatriði, ef fallizt hefði verið á að leigja Bandaríkjamönnum herstöðvar haustið 1945, og með því girt fyrir slíkan leigumála, mundi það síðar talinn merkasti viðburður í stjórnmálasögu Íslendinga á þessari öld. Ójá, ekki verður þá Íslandssagan efnisrík. Er það að vísu satt, að einmitt Brynjólfur Bjarnason sagði mér afdráttarlaust, að sósíalistar féllust ekki á slíkan samning. Hitt er hugarburður einn, að sú vitneskja hafi ráðið úrslitum málsins, m. a. vegna þess, að sjálfum datt mér aldrei í hug að verða við óskum Bandaríkjanna.

Vil ég þá víkja að því, sem mest hefur verið gert að umtalsefni að undanförnu, en það er ástandið í atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar. Hefur það verið málað óvenju dökkum litum og ýmist fyrrv. eða núverandi stjórn sætt ámæli. Staðhæft er, að allur gjaldeyrir sé uppétinn og lánstraust þrotið. Jafnframt á fjárhagur ríkisins að vera hinn hörmulegasti. Það á að sanna í senn gáleysi og ávirðingu fyrrv. stjórnar, sem og það, að þjóðin riði á glötunarbarmi, hrunið bíði á næsta leiti og meðan aðrar þjóðir búi við góða og hraðbatnandi afkomu, hafi Íslendingar lengi stefnt öllu í augljósan voða. Aðrir benda á, að ríkisstj. hafi lagt á nýja skatta og í ofanálag lækkað áætluð útgjöld fjárl. til verklegra framkvæmda um 15%. Hvað þarf frekar vitnanna við? Stjórn afturhaldsins er vitandi vits að skapa atvinnuleysi og kreppu, fyrst og fremst í því skyni að fá tekið verkalýðinn þrælatökum. Þetta er hvort tveggja jafnfáránlegt.

Hæstv. fjmrh. gaf í gær ýtarlega skýrslu um fjárhag ríkisins. Hann sannaði með óyggjandi rökum, að fjárhagur ríkissjóðs hefur aldrei staðið með meiri blóma en nú. Tekjuafgangur ríkisins á síðasta ári var hvorki meira né minna en nær 25 millj. kr., og skuldlausar eignir ríkisins eru orðnar um 150 millj. króna

Út af fullyrðingum um óhóflega gjaldeyriseyðslu skal ég upplýsa þetta.

Um síðustu áramót voru innistæður á nýbyggingarreikningi rúmlega 131 millj. króna. Á frjálsum reikningi voru þá 93 millj. kr., en auk þess hafði þá verið ávísað fyrir vörur, sem ekki höfðu verið fluttar inn, 46 milljónum, eða samtals 139 millj. króna, auk nýbyggingarreikningsins. Að telja þennan gjaldeyri eyddan einvörðungu vegna þess, að Íslendingar hafa einsett sér að kaupa ný tæki, neyzlu- eða framleiðsluvörur fyrir hann, er auðvitað höfuðfirra. Meðan þjóðin notar þær vörur, framleiðir hún að sjálfsögðu ný verðmæti. Þannig eiga Íslendingar nú liggjandi fisk og lýsi í landinu fyrir talsvert á 2. hundrað millj. kr., að ekkert annað sé nefnt. Sannleikurinn er sá, að þegar frá eru skilin síðustu stríðsárin, hafa Íslendingar aldrei búið jafnvel hvað gjaldeyri og lánstraust snertir sem nú og aldrei fyrr né síðar, án allra undantekninga, átt jafnglaðar og rökstuddar vonir um góða gjaldeyrisafkomu sem nú. Nægir í því sambandi aðeins að nefna, að vegna nýsköpunarinnar er sízt ofmælt, að líkur benda til, að með meðalaflabrögðum geti andvirði útfluttra afurða vel orðið 500 millj. kr., en það hefur aldrei fyrr náð 300 millj. Ég get þess hér, að á s. l. hausti áætlaði nefnd sérfróðra manna andvirði útfluttrar vöru allt að 800 millj.

Þetta er sannleikurinn. Þrátt fyrir það hefur gjaldeyrir eyðzt, og yfir því fárast menn og velta spekingslega vöngum, rétt eins og við þeim blasti áttunda undrið. En nýsköpunarstjórnin ákvað að kaupa ný tæki fyrir 300 millj. kr. Henni yfirsást, og raunar öllum öðrum líka, að í kjölfar þessarar nýsköpunar sigldi um 100 milljóna kr. óvenjulegur innflutningur til að fullnægja hinum nýju þörfum. Hún sá heldur ekki fyrir, að tvær síldarvertíðir mundu bregðast og skilja eftir allt að 100 milljóna kr. eyðu í skynsamlega áætlun um gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Stjórnin stöðvaði heldur ekki þann fjárstraum, sem leitaði sér farvegs í hrópandi þörf fólksins fyrir föt, húsgögn, en einkum þó húsnæði. Við þetta bætist svo, að stjórnin beitti sér ekki fyrir því að skerða daglegt viðurværi almennings. Má vera, að það sé yfirsjón. En nokkur afsökun mætti það þó vera Íslendingum, að við höfum lengur búið við þröngan kost en margir eða flestir aðrir.

Að öllu þessu athuguðu þarf okkur ekki að furða á, að gjaldeyrir okkar hefur eyðzt. Enginn bóndi, sem keypt hefur sér margar og stórvirkar landbúnaðarvélar og auk þess prýtt híbýli sín eða jafnvel byggt yfir sig og sína, er svo skyni skroppinn, að honum komi á óvart, að peningaeignin vex ekki, heldur minnkar við slíka úttekt, og ekki þó sízt, ef sauðfjárpestin samtímis hefur skert innlegg hans eins og síldarleysið gjaldeyristekjur Íslendinga.

Nei, allt er þetta skiljanlegt, og skilst líka öllum, sem um það hugsa. Samfara þessu getur svo vel komið fyrir, að Íslendingar þurfi á bráðabirgðayfirdrætti erlendis að halda. Ekkert er auðveldara en útvegun hans, þar sem menn eru kunnugir því, hverra gjaldeyristekna er von vegna nýsköpunarinnar í atvinnulífi þjóðarinnar.

Það er mikill barnaskapur að ætla, að við Íslendingar einir þurfum að glíma við vissa örðugleika. Það þurfa allar þjóðir og flestar í ríkari mæli en við.

Það er enn fjær sanni að telja okkur Íslendinga hafa stefnt fjárhags- og atvinnulífi okkar til

glötunar, meðan aðrir sæki hratt fram á gæfubrautinni. Íslendingum er alveg óhætt að slá tvennu föstu.

Í fyrsta lagi, að þjóðin hefur aldrei verið jafnvel stæð fjárhagslega sem nú.

Í öðru lagi, afkomuhorfur hafa aldrei verið jafn bjartar sem nú og sízt, ef miðað er við aðrar þjóðir, aðeins ef við kunnum fótum okkar forráð.

Að stagast á því, að hrun sé fram undan, og gefa jafnframt í skyn, að stefna fyrrv. stjórnar valdi mestu þar um, er eigi aðeins fásinna, heldur og óvenju óviturleg fjarstæða.

Sannleikurinn er sá, að einmitt vegna þess, að stefna fyrrv. stjórnar sigraði 1944, er bjart fram undan. Hefði sú stefna þá orðið ofan á, að fyrst þyrfti að lækka kaup, síðan kaupa tæki, þá ættum við engin ný tæki í dag, einfaldlega vegna þess, að vegna stöðugra kaupdeilna hefðu gjaldeyristekjur þjóðarinnar orðið hundruðum milljóna kr. minni, auk þess sem við hefðum vafalítið étið afganginn upp, ef ekki hefði verið horfið að því ráði að festa meiri hluta innstæðna á nýbyggingarreikningi.

Ég endurtek: Hefði þessi stefna ráðið, hefði stefna nýsköpunar orðið undir, þá ættum við engin ný tæki og heldur engan gjaldeyri. Þá stæði þjóðin — vön peningaflóði og eyðslu stríðsáranna — uppi vopnlaus og varnarlaus í lífsbaráttunni, og þá væri hrun fram undan.

Í stað þess fengum við tvöfaldan fiskiflota, fjórfaldan kaupskipaflota, tvöföld verksmiðjuafköst, þúsundir nýrra landbúnaðartækja o. m. fl. Þetta eru hin nýju vopn okkar. Með þeim er sigurinn fyrir fram tryggður, einvörðungu að skynsemin bregðist ekki almenningi.

Allt er þetta óhrekjanlegt. En eins og ég hef margtekið fram, verða menn jafnframt að láta sér skiljast, að þótt við eigum mörg og góð ný framleiðslutæki, erum við samt ekki alls megnugir.

Skömmu eftir að fyrrv. stjórn tók við völdum, flutti ég í des. 1944 útvarpsræðu hér frá Alþ. Lýsti ég þá afstöðu Sjálfstfl. til stjórnarmyndunarinnar, gerði að umtalsefni þær vonir, sem tengdar voru við nýsköpunina, og komst m. a. svo að orði:

„Fyrr en sannprófað er, hversu mikið framleiðslan eykst með nýsköpuninni, frá því sem nú er, þegar Íslendingar búa við gömul og úrelt tæki á flestum sviðum, verður ekki úr því skorið, hvað hægt verður að borga fyrir mannaflið. Það er sá úrskurður, sem við stjórnarliðar viljum bíða eftir, áður en við gerum kröfur á hendur verkalýðnum um kauplækkun, því að fyrr er heldur ekki hægt að sjá, hvort yfirleitt er óhjákvæmilegt að gera slíkar kröfur.

Hitt er svo auðvitað stjórninni og stuðningsmönnum hennar ljóst, eins og öllum öðrum, að ef dómur reynslunnar verður sá, að hin nýja tækni fær ekki risið undir óbreyttu kaupi, verður ekki hjá því komizt, að allir — ekki bara þeir lágt launuðu, heldur allir, sem framfæri hafa af framleiðslunni, verða að lækka kröfur sínar, því að til langframa getur engin þjóð búið við hallarekstur."

Þessi ummæli og önnur svipuð hef ég margendurtekið. Nú er svo komið, að úrskurður er að falla um verðmæti framleiðslunnar með hinum nýju tækjum. Við sjáum, að afkoman stórbatnar, miðað við það, sem ella hefði orðið. En við sjáum líka, að nú verður sérhver sannur nýsköpunarmaður að slá skjaldborg um nýsköpunina, svo að henni verði enginn miski gerr. Ég gerist ekki talsmaður kauplækkana í dag. Ef til vill neyðist ég til þess fyrr en varir. En ég aðvara hrópandi röddu gegn nýjum kaupkröfum og sérhverjum nýjum útgjaldaauka á framleiðsluna.

Hér hafa margir borið hönd fyrir höfuð hæstv. núverandi ríkisstj. og sannað, að enn sem komið er hefur hún fyrst og fremst haft það tvíþætta hlutskipti að reyna að treysta nýsköpunina og að taka á sig fjáröflun til þeirrar margvíslegu, þörfu, en fjárfreku lagasetningar, sem fyrrv. ríkisstj. miklaðist af, en hafði ekki séð fjárhagslega farborða. Jafnframt hefur ríkisstj. unnið að því að ná samningum um sölu framleiðsluvara þjóðarinnar með þeirri festu og dugnaði, sem allir Íslendingar vita að einkenna störf hæstv. núv. utanrrh., Bjarna Benediktssonar.

Verður enn ekkert fullyrt um niðurstöður, annað en það, að bregðist að einhverju leyti þær vonir, sem menn töldu réttmætt að gera sér um síðustu áramót, stafar það af einhverju öðru en áhugaeða dugleysi hæstv. ríkisstj.

Að stjórnin sé að reyna að skapa kreppu, er of fjarstætt, til að því verði trúað. Hitt er svo óvíst, hvort henni tekst að afstýra kreppu, verði nýsköpunin stöðvuð með nýjum kaupkröfum.

Út af aðgerðum hæstv. ríkisstj. í dýrtíðarmálunum segi ég það eitt, að ég er henni sammála um það, að enn eru úrræðin ófundin. Sannleikurinn er sá, að enn hefur þessi stjórn í þeim efnum ekkert aðhafzt annað en það, sem aðrir hafa áður gert, og ef til vill er ein höfuðógæfan í dýrtíðarmálunum, þ. e. a. s. að blekkja þjóðarmeðvitundina með því að leyna vísitölunni með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Þetta markar engin tímamót, því að aðrir, þar á meðal fyrrv. ríkisstj., eru sömu sök seldir, og stjórnin varð nauðug viljug að ganga sömu ógæfubraut. Annars átti hún ekki úrkostar, eins og sakir stóðu.

Út af myndun hinnar nýju ríkisstj. vil ég að lokum segja þetta:

Við alþingiskosningarnar á s. l. sumri lagði þjóðin blessun sína yfir stefnu og starf fyrrv. ríkisstj. og óskaði, að það samstarf héldi áfram. Í því ljósi koma stjórnarskiptin, sem orðin eru, undarlega fyrir sjónir. Saga stjórnarskiptanna er kunn, og skal ég ekki rekja hana hér að öðru leyti en því að minna á, að út af ágreiningi, er reis innan stjórnarinnar, báðust ráðherrar sósíalista lausnar, strax og Alþ. hafði samþ. hinn svo kallaða flugvallarsamning, og ákvað ég þá að beiðast lausnar fyrir stjórnina alla hinn 10. okt. s. l. Ágreiningur sá, er þannig reis milli mín og sósíalista, var þó eigi magnaðri en svo, að allt haustið og fram í janúarmánuð s. l. vorum við öðru hverju að ræða um endurreisn fyrrv. stjórnar. Það mistókst þó, sem kunnugt er. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að sósíalistar settu mér viss skilyrði, sem ég taldi mér ekki sæmandi að ganga að.

Þegar ég snemma í janúar tilkynnti herra forseta Íslands, að ég hefði ákveðið að hætta tilraunum til stjórnarmyndunar, fól hann formanni Alþfl. að mynda stjórn. Eftir fjögurra vikna ötult starf tókst honum það. Tel ég mig mega fullyrða, að allur þingflokkur sjálfstæðismanna var mjög fús til samstarfs við Alþfl. Hitt skal svo játað, að

margir okkar voru afar tregir til samstarfs við Framsfl., og var ég meðal þeirra. Samt sem áður ákváðum við að gera það, og bar ég sjálfur upp till. um það, bæði í þingflokki og flokksráði Sjálfstfl. Ég var því og er stuðningsmaður núv. hæstv. ríkisstj. og mun veita henni þann stuðning til allra nytsamra starfa, sem mér er frekast auðið.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Við hv. þm. G-K., fyrrv. samstarfsmann minn, vil ég segja það um stjórnarskiptin, að hann veit eins vel og ég, að það var eingöngu vegna þess, að sósíalistar lýstu yfir, að við gerðum það að fráfararatriði, ef gerðir yrðu samningar við Bandaríkin um herstöðvar. Annars hélt þessi hv. þm. að ýmsu leyti prýðilega ræðu, því að þar voru hraktar af venjulegum skörungsskap ýmsar vitleysur í kjarna þess, sem stjórnarliðar hafa haldið fram við þessa umr.

Út af árásarræðu hæstv. samgmrh. á þá, sem vilja gera verzlunarsamning við Sovétríkin, vil ég segja það, að hv. þm. hefur tekið þessa ræðu upp úr þskj., svo að ekki er hægt að vitna í hana orðrétt. Hann kærir sig ekki um, að ræðan liggi á glámbekk, og er það eðlilegt.

Út af spurningu hæstv. menntmrh. um það, hvort ég hafi ekki borið róg á Bandaríkin, vil ég svara því, að ég hef aldrei verið utanrrh., en ég tel mig aldrei hafa borið róg á þau og hef heldur aldrei ætlað í styrjöld gegn þeim og hef aldrei afhent Rússum herstöðvar til að fara í stríð gegn Bandaríkjunum, og ef ég hefði gert þetta, þá væri tilgangslaust að fela mér að gera verzlunarsamninga við Bandaríkin.

Hæstv. utanrrh. bar sig illa undan því, hversu sár ádeila okkar sósíalista hefði verið. Sérstaklega kvartaði hann sárt undan því, að frá því skuli hafa verið skýrt, að Bandaríkin skuli hafa fengið hér herstöðvar, sem stefnt er gegn Sovétríkjunum. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að biðjast vægðar eða beiðast undan því, að skýrt sé frá óhappaverkum hans, sem eru landinu til tjóns. En til að bjarga hagsmunum Íslands er ekkert annað ráð en að losna við manninn sjálfan. Í öðru orðinu ásakaði hæstv. ráðh. okkur fyrir að hlaupa úr stj., en í hinu orðinu fyrir að vilja tala við menn, sem hafa gert flugvallarsamninginn. Hann réðst harkalega á okkur fyrir að vilja tala við Framsfl. um stjórnmál, en sjálfan klígjar hann ekki ekki við að sitja með þeim í stj. Hæstv. ráðh. situr nú sjálfur í stj. með versta afturhaldinu í Framsókn.

Hæstv. samgmrh. stærir sig af ýmsum framkvæmdum, sem gerðar hafi verið. Það er bezt að minna hann á það, að það hefði engin nýsköpunarstjórn verið mynduð, ef hæstv. núverandi forsrh. og aðrir slíkir hefðu fengið að ráða. Þá hefðu engin launal. komið, engar alþýðutryggingar, engin nýsköpun.

Það er allt rangt, sem hæstv. forsrh. hélt fram, að sósíalistar hefðu viljað, að Rússar fengju herstöðvar á Svalbarða. Yfirleitt hafa blöð okkar lýst sig andstæð öllum herstöðvum í norðurhöfum. Það er líka rangt, að norskir kommúnistar hafi viljað herstöðvar á Svalbarða. Ég hef undir höndum bréf, sem er undirskrifað af hæstv. forsrh., þar sem hann mælir með því, að Svíar fái hér landhelgisrétt, enda hefur bréfið verið birt, svo að það þýðir ekki að mótmæla því. Hæstv. forsrh. seldi sjálfum sér og nokkrum félögum sínum eignir verklýðsfélaganna, sem voru margra milljóna virði, fyrir 100 þús. kr. Hann segir, að hæstiréttur sýkni hann fyrir þetta. Ég skal ekki segja um það, en verknaðurinn er hinn sami fyrir það.

Þeir ráðh., Bjarni Benediktsson og Eysteinn Jónsson, segja, að ég hafi kallað hæstv. forsrh. landráðamann og stórþjóf. Þetta er misskilningur, ég sagði ekkert slíkt. Það voru aðeins þessir hæstv. ráðh., sem drógu þessar ályktanir af orðum mínum. Ég nefndi aðeins nokkrar staðreyndir, sem standa allar óhaggaðar, og ég get ekki gert að því, þó að þessir hæstv. ráðh. dragi þá ályktun af þeim, að hæstv. forsrh. sé landráðamaður og stórþjófur.

Hæstv. stj. stærir sig af því, að þessi fjárl. séu hærri en fjárl. undanfarandi ára. Þetta fjárlagafrv. er undirbúið af fráfarandi stj. Það eina, sem núverandi stj. hefur gert, er að lækka framlög til verklegra framkvæmda um 15% og láta allar ólögbundnar greiðslur niður falla, ef henni sýnist svo. Þetta er þó aðeins byrjunin. Hæstv. menntmrh. sagði, að nú yrði almenningur að vera við því búinn að taka á sig miklar fórnir. Hinum glæsilegu horfum í afurðasölumálunum hefur hæstv. stj. tekizt að spilla svo, að ekki er séð fyrir afleiðingarnar. Í staðinn fyrir að draga úr dýrtíðinni er vöruverð stórhækkað af verðlagsráði. Komið hefur verið í veg fyrir, að álagning væri lækkuð, og hafa ráðh. Alþfl. þar gengið fram fyrir skjöldu. Allt eru þetta staðreyndir, sem hæstv. ríkisstj. getur ekki mælt á móti.

Hæstv. fjmrh. reyndi að mæla móti rökum þeim, er ég færði fram um tollahækkunina. Það er þó staðreynd, að þessi tollur sé hátt á 18. hundrað á 5 manna fjölskyldu. Ef laun verkamanns eru 20 þús., þá er það 9% af launum manns. Og ef tollahækkunin er yfir 45 millj. kr. og ef íbúar landsins eru 130 þús., þá er dæmið rétt. Svo var hæstv. ráðh. að vitna í ummæli og tölur frá hagstofustjóra, en ummæli hans hagga ekki rökum mínum, heldur staðfesta þau. Hann segir að vísu, að tollahækkunin valdi 2% hækkun. Það þýðir það, að þessi 2% ganga inn í vísitöluna, en hinum 7% er svo mætt með niðurgreiðslunum, en þær verða menn að borga með nýjum álögum.

Hæstv. menntmrh. sagði, að nú stæðum við á gljúfurbarmi og lagði út af því. Þetta er sama og hann sagði 1943. Þá horfðust menn í augu við algerða stöðvun. Hvað gengur að manninum? Afurðirnar hafa aldrei selzt eins háu verði, við höfum aldrei ráðið yfir eins miklu fjármagni, og milljónamæringar vaxa upp eins og gorkúlur. Samt stöndum við á barmi gljúfursins. Síðan hann fór að skipta sér af stjórnmálum, hefur hann aldrei sagt annað en þetta, við stæðum á gljúfursbarmi, allt væri að fara í strand, við yrðum að draga saman seglin, lækka tekjur almennings og umfram allt að stórlækka laun, hrunið væri í nánd og nú yrðu allir að færa fórnir. Þessar kröfur eru gerðar til almennings, meðan aðrir hafa velt sér í milljónum, en verkamaðurinn og bóndinn, sem hafa innan við 20 þús. kr. árstekjur, eiga að þakka fyrir að mega taka að sér byrðarnar, en það má ekki skerða hár á höfði milljónamæringanna. Það bólar ekki á eignakönnuninni, og hvernig á að framkvæma hana, má marka af því, að hún á ekki að gefa neinar tekjur.

Hæstv. ráðh. heldur fram þeirri nýju kenningu, að hinir nýju tollar komi harðast niður á þeim ríku. Hingað til hefur verið haldið, að þeir lentu harðast á þeim fátæku. Í hverra þjónustu eru slíkir menn sem þessi hæstv. ráðh.? Í slíkum manni á íslenzka auðmannastéttin dyggan þjón.

Þessi spámaður hrunstefnunnar var við stjórn á kreppuárunum. 1942 vildi hann aftur taka forustuna og gerði þá að skilyrði allsherjarlaunalækkun. 1944 var boðskapur hans sá, að það væri glapræða að kaupa nýja togara, heldur ætti að lána innstæður okkar erlendis og lækka grunnlaun launamanna. Þessu hélt hann fram þá í sambandi við skrif Jóns Árnasonar í Samvinnunni og Tímanum 1944. Ef þessir foringjar framsóknarmanna hefðu fengið að ráða, hefði enginn togari verið keyptur og menn væru búnir að fá nýtt Eysteinstímabil eins og var fyrir stríð. Þá værum við ekki nú á barmi gljúfursins, heldur í gljúfrinu, og þá væri Eysteinsstefnan hér ráðandi, þjóðin fengi á sig tolla á tolla ofan og það ætti að vera ráðið til að vinna bug á dýrtíðinni. Nei, þetta verður aldrei úrræðið til að stöðva verðbólguna. Hinar vinnandi stéttir verða að fá að ráða ráðum sínum í friði fyrir nokkrum spekúlöntum, sem líta á hag auðmannanna, en ekki fjöldans, þær verða að fá að mynda stjórn, sem er fulltrúi alþýðunnar og skapar henni örugga afkomu. Góða nótt.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal taka það sem sýnishorn af málflutningi Brynjólfs Bjarnasonar, að hann sagði, að það eina, sem núverandi stj. hefði gert í sambandi við fjárl., væri að lækka verklegar framkvæmdir. Í því frv., sem hv. þm. útbjó, var ætlað til skólabygginga 4300 þús. kr., en í fjárl., eins og þau eru nú, er til þess ætlað 9300 þús. kr. Þetta er eitt dæmið um málfærslu hans.

Þá er það hv. þm. G-K. Ég held, að það sé vafasamt gagn þeim málstað, sem mest hefur verið rætt um hér í kvöld, að segja þjóðinni ekki blátt áfram, hvernig ástandið er, því að það er undirstaðan undir því, að menn geti botnað í því, sem þarf að gera. Nú kemur hann og reynir að gera þær upplýsingar, sem ég hef hér áður gefið, tortryggilegar. Hann flutti einu sinni enn ræðuna um blómann, eins og hann væri ekki búinn að halda hana nógu oft. En það þýðir ekki lengur að ætla sér að leyna þjóðina, hvernig komið er, það verður hann að gera sér ljóst. Hann hefur jafnvel vefengt upplýsingar, sem ég gaf, að allur gjaldeyrir væri þrotinn, hefði verið ráðstafað. Nægilegt svar við því er það eitt að spyrja hann, hvort hann haldi, að bankarnir séu að taka gjaldeyrislán að gamni sínu. Nei, það er þannig, að öllum gjaldeyrinum hefur verið ráðstafað. Það er ekki hægt að afsaka það, sem gert hefur verið í gjaldeyrismálunum undanfarin ár, með því, að keyptir hafi verið inn nokkrir togarar og mótorbátar. Það var hægt að gera miklu stórkostlegri hluti fyrir þann eina milljarð og 200 þús. kr., sem ráðstafað hefur verið af erlendum gjaldeyri á tveimur árum og fimm mánuðum. Minnstur hluti þess hefur farið til nýsköpunarinnar.

Um fjárhagsástand ríkisins, sem hann sagði, að hefði verið með meiri blóma en nokkru sinni fyrr, þá verð ég víst að endurtaka það einu sinni enn, að fjárlagafrv. var skilað með 40,5 millj. kr. tekjuhalla. Ekki aðeins ég, heldur líka hæstv. fjmrh. hefur upplýst þetta. Þetta er nú allur blóminn.

Um afkomu atvinnuveganna þarf ég ekki að endurtaka, að það þarf að verja á þessu ári 35 millj. kr. til að halda vísitölunni í 310 stigum, til þess að atvinnuvegirnir geti framleitt með því að fá ríkisábyrgð fyrir verði, sem er hærra en hægt er að fá á erlendum markaði. Ég hef áður heyrt spádóma hans um, hversu bjart sé fram undan, en lítið af því hefur staðizt. M. a. höfum við hlustað á það, að aldrei hafi verið bjartara fram undan í afurðasölumálunum, en það er annað en það, sem stj. hefur orðið að reyna. Ég vil taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði í gær, að það er ógeðfellt að þurfa að heyra þetta óviðurkvæmilega gort um afrek fyrrv. ríkisstj. Það er ekkert við því að segja, að bent sé á það með rökum, sem sú hæstv. stj. hefur gert, en við megum ekki láta þann metnað verða til þess, að við horfumst ekki í augu við vandann, það er aðalatriðið.

Að lokum vil ég segja þetta, til að rifja það upp, sem fór fram, áður en hinn nýi tónn kom inn í umr.: Kommúnistar voru við stjórn, þangað til gjaldeyririnn var búinn. Þeir samþ. útgjöld, sem útheimtu stórkostlegar tekjuhækkanir, en hlupu frá öllu, þegar þurfti að fara að afla teknanna. Þeir samþ. veltuskattinn, en tóku ekkert af milljónamæringunum. Þeir réðu í einu og öllu yfir sjávarútveginum og höfðu alla aðstöðu til að koma málum hans í gott horf, en þeir skildu þannig við hann, að samþ. varð 30% hærra verð fyrir útfluttan fisk en hægt var að fá á erlendum markaði, til þess að flotinn kæmist á vertíð. Kommúnistum hefur farizt svo forustan í sjávarútvegsmálum fyrir útgerðarmenn og sjómenn, að hún mun kosta milljónir og aftur milljónir, svo mikið hefur sukkið verið, og á næstu árum mun verða tekið hver veit hvað mikið af diski hvers einasta sjómanns fyrir þessa ráðsmennsku þeirra.

En hvað sem líður öllum metingi okkar um afrek fyrrv. og núverandi stj., þá er nú höfuðnauðsyn að vinna vel, áður en gripa þarf til óyndisúrræða. Enginn má draga sig í hlé, og allra síst má það þolast, að kommúnistar misnoti félagssamtökin til að halda uppi pólitískri skemmdarstarfsemi, sem þeir hafa nú í undirbúningi. Góða nótt.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti, góðir hlustendur. Þá eru eldhúsdagsumræður þessar brátt á enda. Þær hafa á margan veg verið lærdómsríkar. Kommúnistar hafa greinilega sýnt innræti sitt og hugarfar í baráttu sinni gegn hagsmunum alþjóðar og ofstæki sitt gegn andstæðingunum og þá sérstaklega Alþfl. Öll málefnatriði þeirra hafa verið hrakin lið fyrir lið, og stendur þar ekki steinn yfir steini. Persónulegar árásir þeirra, síendurteknar og þó hraktar, og ósvífni þeirra um menn og málefni hafa þeir, sem fyrir hafa orðið, látið sér í léttu rúmi liggja og sem vind um eyru þjóta. Það, sem átti að vera sókn af hálfu kommúnista, hefur breytzt í vesala vörn, blandaða stóryrðum og upphrópunum. Sú sókn og andstaða, sem nú hefur komið fram á Alþ., er tákn um sókn meginhluta þjóðarinnar gegn upplausnarstarfsemi kommúnista. Og þess er ekki sízt þörf. Ástand í íslenzkum atvinnu- og fjármálum er að verða á þá lund, án þess að um nokkurn barlóm sé að ræða, að lítið má út af bregða, ef

ekki á að skapast öngþveiti og atvinnuleysi. Þau glæfralegu áform, sem kommúnistar eru nú að undirbúa í formi pólitískra verkfalla, eru sem svikráð og árásir á alþýðu manna. En því verður að treysta, að verkalýðssamtökin láti ekki þessa pólitísku loddara og glæframenn ginna sig út í slíka ófæru.

Ríkisstj. birti stefnu sína, þegar hún tók við völdum. Hún hefur hér í umr. gert nokkra grein fyrir þessari stefnu og sýnt fram á, að hún hafi nú þegar á stuttum tíma lagt fyrir Alþ. mörg frv. í samræmi við málefnasamninginn, og önnur eru í undirbúningi. Má fyllilega vænta þess, að áfram verði haldið á markaðri braut. En það er víst og áreiðanlegt, að ekki hvað sízt er nauðsynlegt að leggja öruggan grundvöll að því stefnuskrármáli ríkisstj., að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar. Að þessu mun ríkisstj. vinna af öllu kappi og að sjálfsögðu gegn harðri andstöðu kommúnista. Ég heiti á góða Alþflmenn um land allt og aðra stuðningsmenn stjórnarinnar að aðstoða hana í áformum sínum, sem mörkuð eru í upphafi málefnasamningsins, að vernda og tryggja sjálfstæði landsins, að koma í framkvæmd endurskoðun á stjórnarskránni, að tryggja góð og örugg lífskjör allra landsmanna og áframhaldandi velmegun og að halda áfram og auka nýsköpun í íslenzku atvinnulífi.

Þetta mark hefur stjórnin sett sér. Meginhluti íslenzku þjóðarinnar skilur áreiðanlega, að því marki þarf að ná, og mun að því styðja. Góða nótt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Í þessum umr. hefur sannazt, að allar ásakanir hv. Sósfl. á stjórnina eru staðleysu stafir.

Núverandi stjórn er ekki að búa til kreppu, heldur er hún að reyna að leysa þann vanda, sem Sósfl. skorti hug til að leggja í baráttu við.

Núverandi ríkisstj. hefur ekki lagt sérstakar kvaðir á launastéttir landsmanna, heldur hefur hún með skattaálögum sínum einmitt hlíft þeim svo mikið sem unnt er, þegar inn þarf að ná jafn miklum upphæðum og raun ber vitni um.

Núverandi stjórn hefur ekki fundið upp það ráð að halda dýrtíðinni niðri með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Sú aðferð hefur verið notuð árum saman og sósíalistar samþykktu hana, meðan þeir voru í ríkisstj., og fulltrúar þeirra voru einmitt ásamt öðrum fjvnm. nú flytjendur að tillögunni um að ætla 35 millj. úr ríkissjóði í þessu skyni, og enginn kommúnisti greiddi á Alþ. atkv. á móti þessari fjárveitingu. Ef þar er því um að ræða árás á launastéttirnar, sem ekki er, þá er Sósfl. ekki síður sekur en aðrir.

Það hefur sannazt, að þó að það hafi fallið í hlut þessarar stjórnar að fá samþ. ný tekjuaukalög fyrir ríkissjóð, þá er það ekki hennar verk, að útgjöldin eru nú svo há, að nauðsyn er á þessu. Þetta er annars vegar afleiðing verðbólgunnar, hins vegar ýmiss konar nytsemdarlöggjafar, sem sett hefur verið síðustu árin, en hefur þann galla með sínum kostum, að fjármuni verður að gjalda til að framkvæma hana.

Þó að ríkisstj. hafi beitt sér fyrir nokkrum sparnaði á sumum útgjöldum fjárlaganna frá því, sem áður var, þá er nú engu að síður meira veitt til verklegra framkvæmda en nokkru sinni hefur verið áður.

Þá hefur sannazt, að þó að Sósfl. ávíti stjórnina fyrir of háa skatta, þá hefur enginn flokkur nokkru sinni í sögu landsins gengið lengra í útgjaldakröfum en þessi flokkur hefur gert á þessu þingi. Þegar formaður flokksins kom inn í alþingissalinn eitt sinn, meðan á atkvgr. stóð, og vissi ekki, um hvað verið var að greiða atkv., þá spurði hann upp yfir alla: „Er það hækkunartillaga?“ Þegar því var svarað játandi, þá greiddi hann henni atkv., án þess að vita, um hvað hún var. Þarna er stefnu flokksins rétt lýst. Flokkurinn hefur verið með hverri einustu hækkunartillögu og á móti hverri einustu lækkunartillögu, annarri en að lækka framlag til elliheimilisins Grundar hér í Reykjavík. Af einhverri óskiljanlegri ástæðu var það eina málið, fyrirgreiðslan fyrir gamla fólkinu, sem Sósfl. vildi ekki styðja, heldur greiddi atkv. á móti.

Ferill Sósfl. í þessum umr. og afskiptum af málefnum þingsins er með þeim hætti, að einsdæmi er. Út yfir tekur þó, að flokkurinn hyggst nú, eftir að hann hefur orðið undir í rökræðum og atkv. á Alþ., að reyna að beita áhrifum sínum í verkalýðsfélögum landsins til að brjóta á bak aftur nauðsynlega skattalöggjöf, sem Alþ. hefur sett á lögmætan hátt.

Það hefur verið sagt, að kommúnistar réðu yfir verkalýðshreyfingunni á Íslandi og þess vegna væri nauðsynlegt að semja við þá. Þetta er ekki nema að litlu leyti rétt. Sem betur fer, þá er það enn almenningur, sem úrslitaráðin hefur.

Í frjálsu þjóðskipulagi ráða verkamenn félögum sínum gagnstætt því, þar sem kommúnisminn hefur náð öllum völdum í ríkinu. Það er að vísu rétt, að kommúnistar geta efnt til verkfalla og misbeitt aðstöðu sinni í verkalýðsfélögunum á pólitískan hátt, a. m. k. um sinn. En þeir geta þetta ekki til lengdar, nema þeir fái til þess fylgi almennings.

Nú er að því komið, að almenningur verður að vakna til vitundar um skemmdarstarfsemi kommúnista. Kommúnistar ætla nú að misbeita trúnaðarstöðum sínum í verkalýðsfélögunum til að brjóta á móti lögmætum fyrirmælum Alþingis Íslendinga.

Ef almenningur lætur nota félagsskap sinn til slíkra óþurftarverka, gerist hann eigin böðull.

Málin hafa nú verið skýrð og glögglega lögð fyrir almenning þessa lands.

Blekkingar kommúnista eru sundurtættar. Þeim, sem á þær trúa, er því engin vorkunn lengur, og mun svo reynast, að þeir eru færri en kommúnistar hefðu kosið.

Íslenzka þjóðin fylkir nú liði til þess að halda í heiðri lögum og lýðræði þessa lands. — Þess vegna er dómurinn kveðinn upp yfir kommúnistum. Það er flokkur þeirra, sem bíður hruns, og launaðir erindrekar þeirra, sem bíða atvinnuleysis. Það er þess vegna, sem nú lætur svo ámátlega í þeim. En íslenzka þjóðin lætur þau óp ekki trufla sig, heldur sækir einhuga fram til betri tíma.

Einar Olgeirsson: Heiðraðir hlustendur. Hæstv. menntmrh. og hæstv. landbrh. sögðu báðir áðan, að við, sósíalistar, höfum hlaupizt brott úr ríkisstj. Ólafur Thors upplýsti hins vegar, að við í

samningum um ríkisstj. hefðum sett fram slíka skilmála, sem hann hefði ekki getað gengið að. Hvers konar skilmálar skyldu það hafa verið? Við kröfðumst fórna af auðmönnum landsins. En Eysteinn Jónsson fór í stjórn án þess að tryggja nokkuð slíkt. Hann gafst upp. Við höfðum lagt fram tekjuöflunartillögur. Við vorum alltaf reiðubúnir að benda á tekjuöflunarleiðir, svo framarlega að okkar till. væru samþ. En því var aldrei sinnt. Þá sagði hæstv. menntmrh., að Brynjólfur hefði lagt til, að 4 millj. væri varið til skólabygginga. En hann lagði til, að það væru 14 milljónir.

Hæstv. fjmrh. talaði um það í gær, að hætta væri á ferð fyrir nýsköpunina, af því að ábyrgðarlausir menn, kommúnistar, væru þess albúnir að kyrkja hana í fæðingunni. Og hæstv. menntmrh. sagði, að við sósíalistar hefðum ekki barizt fyrir því, að tekið verði í taumana um gjaldeyrisverzlunina í tíma. Það er einmitt það, sem við höfum gert. Eysteinn ætti að tala varlegar og hugsa um ræðu Ólafs Thors. Það var búið að eyða mjög miklu af því fé, sem undanskilið var nýbyggingarreikningi, og það var svikizt um að leggja á nýbyggingarreikning eins og lög mæla fyrir, af því að ekki var sinnt þeim till., sem við sósíalistar gerðum ásamt núverandi fjmrh. til þáverandi fjmrh. Sjálfstfl., að leggja 100 milljónir til hliðar til viðbótar og borga inn 15%, og þá voru nægir peningar til. Við þessu var daufheyrzt þá og hefur ekki verið framkvæmt ennþá.

Þjóðin kaus núverandi þing til þess að halda nýsköpuninni áfram í atvinnuvegunum. Og þeir, sem stöðva hana nú og hefja árás á lífskjör almennings, þeir bregðast þjóðinni í trausti þess, að þjóðin geti ekki hreyft sig, af því að fjögur ár séu til kosninga. Þeir reikna með því, að þjóðin sé ofurseld þeim til fjögurra ára upp á náð og miskunn. Þeir reikna með því, að þeir geti lagt á hana vægðarlausar álögur, leitt yfir hana atvinnuleysi, skellt á hana gengislækkun í haust og afnumið allan vísitöluútreikning. En þessir herrar reikna allir skakkt, eins og þeir reiknuðu 1944, þegar þeir héldu um haustið, að komið væri tækifærið til að lögbjóða launalækkun, eins og þeir reiknuðu skakkt 1941, þegar þeir héldu, að engin hætta væri á kauphækkunum, af því að Stefán Jóhann sagði það, eins og þeir reiknuðu skakkt 1942, þegar þeir héldu, að verkalýður Íslands mundi sætta sig við gerðardóm og þrælahald, meðan auðkýfingar rökuðu saman stríðsgróðanum til þess að öðlast öll atvinnuvöld í þessu landi.

Haustið 1944 vofði innanlandsófriður yfir þjóð vorri. Það vorum við sósíalistar, sem þá áttum drjúgan þátt í því, að sliðruð voru sverðin og friður komst á, sem nú hefur ríkt í tvö ár og fært þjóð vorri ómetanlega blessun.

Nú hefur afturhaldssamasta klíka auðmannastéttarinnar á Íslandi rofið þennan frið, einmitt þeir auðmenn, sem ekkert hóf þekkja á ágirnd sinni og aldrei linna árásum á alþýðu manna, meðan hún á nokkurn eyri handa á milli fram yfir það brýnasta, sem hún þarf til að draga fram lífið. Vilji auðvald Reykjavíkur stríð við alþýðu Íslands, þá verður það að fá það. En það var ekki alþýða manna, sem hóf þann hildarleik. Afturhaldið vegur nú enn í sama knérunn og 1939 og 1942, að láta alþýðuna fórna, svo að auðvaldið geti grætt. Alþýðan mun taka á móti. Alþýða Íslands treystir sér til að stjórna landi sínu án þess að skerða þau lífskjör, sem vinnandi stéttirnar nú búa við. Og hún hefur sýnt, að hún getur það, þegar áhrifa hennar hefur notið. Hún sér því enga ástæðu til að fórna velferð sinni og barna sinna á altari milljónamæringanna í Reykjavík að óreyndu.

Og það er ekki aðeins efnahagsleg velferð alþýðunnar, sem er undir því komin, að árás afturhaldsins verði mætt með órofa einingu alþýðu og allra framleiðslustétta. Frelsi og framtíð þjóðarinnar er líka í veði.

Íslendingar! Það voru ófyrirleitnir höfðingjar, allt of auðugir og allt of voldugir, sem eyðilögðu lýðveldið okkar á Sturlungaöld. Þeir píndu og plágu alþýðuna og drápu úr henni kjarkinn til þess að standa á verði um heill og frelsi landsins gegn ofurvaldi höfðingjanna og ásælni erlenda konungsvaldsins. Þá átti alþýðan sér engin samtök. Nú á íslenzk alþýða sér samtök, verklýðssamtök, samvinnusamtök, framleiðslusamtök. Í þessum samtökum liggur máttur hins íslenzka lýðveldis — sú eining alþýðunnar, sem í þeim birtist, er hornsteinn íslenzks frelsis. Látið auðjarla Íslands vita, að eigi að fórna einhverju hér á Íslandi nú, þá er það valdi þeirra og auð, sem fyrst verður að fórna, því að það vald og sá auður er Íslandi hætta nú sem á Sturlungaöld. Afturhaldið á Íslandi verður að fá að kenna á því, að alþýðusamtök Íslands eru engin skópurrka fyrir það, sem það geti þurrkað í afleiðingunum af óstjórn og ágirnd þess sjálfs. Fyrst afturhaldinu tókst við kosningarnar að svíkjast til valda með kosningaloforðum, þá er nú heill og velferð Íslands í höndum þessara samtaka íslenzku alþýðunnar.

Von Íslands byggist nú á því, að þau víki ekki frá varðstöðunni um rétt sinn og frelsi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GSv, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JS, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, SB, SEH, SK, SÁÓ, JPálm.

StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG greiddu ekki atkv.

6 þm. (HermJ, JJ, PZ, PM, PO, SkG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Steingrímur Aðalsteinsson: Með því að þrátt fyrir þann niðurskurð, sem ríkisstj. lét gera á framlögum til verklegra framkvæmda í fjárlfrv., tel ég, að það í verulegum atriðum, ef framkvæmd verða, tryggi framhald þeirra, en vegna hinnar víðtæku heimildar, sem stjórnin hefur verið veitt til að fresta framkvæmdum, tel ég mér ekki fært að fylgja frv. og greiði ekki atkv. — (Til þeirrar grg. vísuðu síðan við atkvgr.: ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, HermG, KTh).

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 744).

13. Flugvellir.

Á 102. fundi í Ed., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar (stjfrv., A. 590).

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. ráðgerir að breyta núgildandi löggjöf í þessu efni og fjallar um yfirstjórn flugmála. Í lögum frá 1945 er gert ráð fyrir, að ráðh. setji á stofn yfirstjórn flugmála og skipi flugmálastjóra, og hefur það verið gert og flugmálastjóri skipaður. Nú eru þessi mál sífellt umfangsmeiri með degi hverjum, og hefur ríkisstj. þótt rétt að leggja til, að breyting verði á stjórn flugmála, þannig að 5 manna flugráð, þar af séu 2 sérfróðir og hafi sérþekkingu á málunum, fari með stjórn flugmála undir umsjá ráðh. og í samráði við hann. Þessir tveir sérfræðingar yrðu flugmálastjóri og flugvallastjóri, en verkaskipting milli þeirra yrði þannig, að flugmálastjóri skyldi sjá um nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit, öryggisþjónustu og það annað, sem varðar flugið, en ekki snertir rekstur flugvalla, en flugvallastjóri annist rekstur og viðhald flugvallanna. Þetta er sett hér inn, því að rekstur flugvalla er orðinn allmikill og á óskylt við öryggisþjónustu og aðrar almennar framkvæmdir, er flugið varða. Ef hv. Alþingi samþykkir þetta frv., þá tekur flugvallastjóri við rekstri flugvallanna, en flugráð og flugmálastjóri sjá um hin almennu flugstörf. Flugmálastjóri hefur einnig samband við einstakar þjóðir um það, er flugmál varðar, og við alþjóðastofnun flugmála. Það er ekki vafi á, að mjög nauðsynlegt er að fá fleiri menn til að stjórna flugmálunum, þar sem oft þarf að taka þýðingarmiklar ákvarðanir, og er þá heppilegra að kveðja fleiri til. Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frv., en vildi taka það fram, að sjálfsagt er að gefa n. frekari upplýsingar um málið, ef óskað er. Ég vænti svo að frv. verði vísað til samgmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Á 132. og 133. fundi í Ed., 14. og 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 134. fundi í Ed., 17. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 590, n. 830 og 850).

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Samgmn. hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum, og hefur hún ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Hv. 6. landsk. þm. (StgrA) hefur skilað sérstöku áliti, og mun hann sjálfsagt gera grein fyrir því. En meiri hl. n. vill leggja til, að frv. verði samþ., en þó með breyt. á 1. gr. Sú breyt. var undirbúin af ríkisstj., og hefur hún náð samkomulagi um, að 1. gr. orðist á þann hátt, sem þskj. 830 ber með sér.
Það er öllum kunnugt, að flugmálin eru þau mál, sem líklega hafa mest fært út kvíar á síðustu árum. Ég held, að mig minni rétt, að á ríkisreikningi árið 1942 er kostnaður við flugmál ekki nema 83 þús. kr., en 184 þús. árið 1943, og á fjárl. 1947 er kostnaðurinn áætlaður 4259700 kr., og má þó búast við, að hann fari fram úr áætlun, að frádregnum tekjum, um 600 þús. kr. Þegar löggjöf um flugmál var sett árið 1945, var gert ráð fyrir, að ráðh. setti á stofn stjórn flugmála, en stjórnin hefur að mestu leyti verið hjá flugmálastjóra. Hefur hann haft hina daglegu stjórn og einnig stjórn flugmannvirkja. Nú hafa Íslendingar eignazt allmargar flugvélar og er flugið orðið veigamikill þáttur í lífi okkar. Við erum aðili í flugmálakerfi heimsins og höfum gert samning um flugsamgöngur. Af þessu leiðir, að flugmálin eru orðin mun meiri en verið hefur, og meira í húfi nú en áður, að ekki séu stigin víxlspor. Það er algengt í ríkisbúskapnum, að fjölga hefur þurft mönnum, og því er ekki undarlegt, þótt þörf sé á því einnig hér. Í þessu frv. er gert ráð fyrir stofnun 5 manna flugráðs, sem stjórni undir umsjá ráðh. Þá skuli og verða skipt embætti flugmálastjóra í tvennt, þannig að undir annan, sem heitir flugmálastjóri, skuli falla nýbygging flugvalla, loftferðaeftirlit og öryggisþjónusta, en hinn, flugvallastjóri, skal annast rekstur og viðhald flugvallanna undir stjórn flugráðs. Gert er ráð fyrir, að 3 af 5 meðlimum ráðsins séu kosnir af Alþingi með hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, en hins vegar skuli ráðh. skipa tvo sérfræðinga, annan til 8 ára, og er hann form. ráðsins, en hinn til fjögurra ára. Á sama hátt skal kjósa þrjá varamenn og skipa tvo varamenn, annan til fjögurra ára, en hinn til 8 ára, og skal hann vera form. ráðsins. Þetta, að formaður flugráðs er skipaður til helmingi lengri tíma, er sjálfsagt til að skapa meiri festu í störfum flugráðs.
Þá er önnur brtt., sem er bráðabirgðaákvæði um það, að þó að ráðið sé nú skipað á miðju ári, þá er kjörtímabil þess ekki úti á miðju ári, heldur er miðað við áramót, og segir, að starfstímabil skuli vera til ársloka 1951 og form. til ársloka 1955.
Ég er á þeirri skoðun, að flugmálin séu orðin það umfangsmikil, að of mikil verkefni séu fyrir flugmálastjóra einan til að stjórna þeim, og þarf því að kveðja fleiri til, svo að vel fari, og fer þess vegna betur, að stjórnin sé í höndum fimm manna flugráðs, sem hefur verkaskiptingu með sér. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti, að menn geti fallizt á, að hér er ekki verið að fjölga mönnum að ófyrirsynju. Ég hygg, að kostnaður í sambandi við þetta verði hverfandi og skiptir meira máli, að málin fái tryggari afgreiðslu undir umsjá sérfræðinga og að ekki séu hér stigin víxlspor.

Forseti (GÍG): Útbýtt hefur verið á fundinum brtt. frá minni hl., þskj. 850. Þarf afbrigði til þess að brtt. megi komast að.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið hv. samnm. mínum sammála um afgreiðslu þessa máls, eins og sést á nál. á þskj. 850, sem nú hefur verið útbýtt.

Þau nýmæli, sem felast í þessu frv. á þskj. 590, eru varðandi stjórn flugmála. Í frv. felst, eins og hv. frsm. meiri hl. er búinn að gera grein fyrir, að setja á stofn sérstakt flugráð fimm manna, sem skipað er eingöngu af ráðh., sem fer með þessi mál, en samkvæmt brtt., sem meiri hl. n. flytur, á Sþ. að kjósa þrjá, en ráðh. að skipa hina tvo. Þetta flugráð á samkvæmt frv. að vera næst ráðh., sem fer með flugmál, og flugmálastjóri, sem skipaður hefur verið samkvæmt eldri l., á að vera undirmaður þessa ráðs, og jafnframt á að skipta embætti hans í tvennt, eins og gert er ráð fyrir, þannig að hann á aðeins að hafa nokkurn hluta þeirra starfa, sem hann hefur gegnt, en settur sérstakur embættismaður við hlið hans, flugvallastjóri, sem á að annast rekstur flugvalla, sem ríkið á, og sömuleiðis viðhald þeirra.

Ég tel, að þessi skipun á stjórn flugmála sé að ýmsu leyti bæði óviðfelldin og óheppileg, og ég held sérstaklega, að sú skipting, sem gert er ráð fyrir á embætti flugmálastjóra, sé ekki aðeins ástæðulaus, heldur óheppileg og það muni síðar í framkvæmdinni verða erfitt í ýmsum tilfellum að skilja milli þeirra valdsviða, sem þar er verið að reyna að draga upp, og muni verða til að torvelda framkvæmd þessara mála og sízt af öllu greiða fyrir henni, eins og hv. frsm. meiri hl. gerði ráð fyrir, að verða mundi.

Ég tel mjög óviðfelldna vægast sagt þá valdasviptingu, sem raunverulega er framkvæmd með þessu frv. gagnvart núverandi flugmálastjóra. Ég held, að ef það er borið saman við valdssvið þeirra embættismanna, sem helzt má telja hliðstæða honum, vegamálastjóra, vitamálastjóra og raforkumálastjóra, þá verði því ekki neitað, að það sé mjög óviðfelldið að setja hann þannig skör lægra á sínu valdssviði en þessa embættismenn, sem telja má hliðstæða honum. Varðandi vega- og vitamál þá eru engin ráð hvorki yfir vegamálaeða vitamálastjóra eða þeim til ráðuneytis, heldur eru þeir undir viðkomandi ráðh. og einu valdamennirnir hvor á sínu sviði. Í rafmagnsmálunum hefur verið komið á þeirri skipun með raforkul. frá síðasta þingi, að raforkuráð er alls ekki sett yfir raforkustjóra, eins og nú er talað um að setja flugráð yfir flugmálastjóra, heldur er raforkuráð til ráðuneytis viðkomandi ráðh. og raforkumálastjóra. Og ef talin er þörf að setja slíkt ráð varðandi stjórn flugmála, sem ég get fallizt á, að gert sé, þá álít ég, að eigi að hafa hliðstæða skipun á því og í raforkumálum, þannig að fyrst sé ráðh. að sjálfsögðu, síðan flugmálastjóri og síðan komi þá þetta flugráð til ráðuneytis flugmálastjóra og þeim ráðh., sem með þessi mál fer, ef það er talið tryggara við undirbúning þeirra framkvæmda, sem eru þannig varðandi flugmál, að stjórn þeirra sé tryggari en ella, ef kemur til fleiri manna yfirsýn. Ég get fallizt á, að slíkt ráð sé sett upp, en þeim málum sé þá skipað hliðstætt því, sem er í raforkumálum, og ég hef miðað mínar brtt. við það, að slíkri skipun sé á komið. Hins vegar get ég ekki fallizt á, eins og ég þegar hef getið um, að embætti flugmálastjóra sé skipt í tvennt á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég held, að það sé alveg ástæðulaust, þó að þessi mál séu orðin talsvert umfangsmikil, svo að erfitt sé fyrir einn mann að komast yfir stjórn þeirra. Bæði vega- og vitamálastjóri og ekki sízt raforkumálastjóri hafa allir hver um sig mjög umfangsmikil störf, og hefur þó ekki verið talin ástæða til að framkvæma slíka skiptingu þar, eins og hér er gert ráð fyrir, heldur hafa þeir verið látnir fá sér til aðstoðar ýmsa sérfræðinga. Vega- og vitamálastjóri hafa sína verkfræðinga og sömuleiðis raforkumálastjóri, og það er gefið mál, að flugmálastjóri þarf líka að fá starfsmenn sér til aðstoðar. Fjölda þeirra starfsmanna og þeirra kunnáttu þarf að miða við, að þeir geti leyst af hendi þau störf undir yfirstjórn flugmálastjóra, sem þarf að leysa af hendi á hverjum tíma. Þessi mál er hægt að leysa á fullnægjandi hátt án þess að kljúfa embættið í tvennt.

Ég held þess vegna, að það, sem vakir fyrir með flutningi þessa frv., og þá væntanlega fyrst og fremst fyrir hæstv. flugmrh., sem að sjálfsögðu stendur fyrir flutningi frv., sé ekki það, að verið sé að tryggja fyrst og fremst betri framkvæmd, því að það er hægt að gera með því að fá flugmálastjóra nægilega starfsmenn til að annast þessar framkvæmdir, heldur sé annað, sem þarna liggur til grundvallar, sem ég hef nokkuð komið að í nál. mínu á þskj. 850. Ég held nefnilega, að þær breyt., sem fyrirhugaðar eru í þessu frv. á stjórn flugmálanna og á valdsviði þeirra embættismanna, sem eiga með framkvæmd flugmála að gera, standi í sambandi við flugvallarsamninginn, sem gerður var við Bandaríkin s. l. haust, og þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á honum nú og á næstu árum, meðan hann stendur í gildi. Það hefur náttúrlega komið í ljós nú þegar og á sennilega eftir að koma betur í ljós, eftir því sem tímar líða, að framkvæmd þessa flugvallarsamnings er ekki á þá leið, sem mjög var túlkað af forsvarsmönnum hans, þegar verið var að fá hann samþ. á Alþingi. Það hefur komið fram í umr. hér á þingi ekki fyrir löngu og viðurkennt af hæstv. utanrrh., að eins og hann orðaði það, væri framkvæmd samningsins ekki komin í það horf, sem til hefði verið ætlazt. Það er sem sé viðurkennt, að þeir útlendingar, sem fara raunverulega með stjórn flugvallarins, fari allmikið eftir eigin geðþótta. Ég ætla ekki að telja upp þau atriði, sem nefnd hafa verið um vanefndir samningsins hvað þetta snertir, en skal þó geta þess, að það hefur jafnvel ekki verið hirt um það af hálfu útlendinga, sem starfa þar, að framkvæma þau fataskipti, sem áttu að vera til að breiða yfir stjórn þeirra á flugvellinum, og annað er svo eftir því.

Ég held þess vegna, að þetta frv. og sú breyt., sem með því er gerð á stjórn flugmála í landinu, standi einmitt í sambandi við þá framkvæmd, sem nú lítur út fyrir, að gerð verði í sambandi við rekstur Keflavíkurflugvallarins, sérstaklega gerð með tilliti til þess að rýra vald flugmálastjóra með því að setja á stofn þetta flugráð og velja það þannig, að hægt sé að útiloka, að Sósfl. eigi þar fulltrúa og koma í veg fyrir, að Sósfl. og sá starfsmaður, sem í þessu tilfelli er sósíalisti, geti fylgzt með og haft það „kontról", sem hann annars hefði getað í sambandi við rekstur flugvallarins, og þess vegna sé ekki aðeins sett þetta flugráð til þess að segja flugmálastjóra fyrir verkum og takmarka valdsvið hans, heldur sé embætti hans skipt þannig, að hann hafi ekki lengur með rekstur flugvallarins að gera, heldur sé það falið sérstökum manni til að útiloka, að hann geti skipt sér

af rekstri Keflavíkurvallarins. Ég slæ því föstu, að þetta er raunverulega ástæðan fyrir flutningi þessa frv. og það sé þess vegna eins konar framhald af þeirri þjónustu við erlent vald, sem hafin var með samþ. flugvallarsamningsins á sínum tíma, og nú sé verið að tryggja þeirra vald yfir flugvellinum, svo að þeir geti farið þar sínu fram óáreittir af andstæðingum samningsins og þeirra, sem mest hafa barizt gegn þeirri afgreiðslu, sem var viðhöfð í sambandi við þá samningsgerð.

Ég mun þess vegna fyrir mitt leyti standa algerlega gegn þeirri breyt., sem hér er verið að gera á yfirstjórn flugmála, en legg hins vegar til, að yfirstjórn þessara mála verði komið í það form, sem sé algerlega hliðstætt því, sem nú er komið á í rafmagnsmálum, þ. e. a. s. að næst þeim ráðh., sem fer með flugmál, komi flugmálastjóri og verði embætti hans á sama hátt og verið hefur og hann annist undir yfirstjórn ráðh. alla stjórn flugmála, en honum til aðstoðar verði sett fimm manna flugráð, en ekki skipað af flugmálaráðherra og ekki heldur með þeim hætti, sem meiri hl. n. gerir ráð fyrir, heldur sé það að öllu leyti kosið hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, eins og gert er með raforkuráð. Þetta er það, sem felst í brtt. á þskj. 850, að í stað tveggja fyrstu gr. frv., sem ákveða bæði um flugráð og valdsvið þess og eins um skiptingu milli flugmálastjóra og flugvallastjóra, komi þær 3 gr., sem hér eru á þskj. 850 og fela í sér þá skipun, sem ég hef lýst, að fyrst komi ráðh., síðan flugmálastjóri og síðan fimm manna flugráð kosið hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi. Sú skipun er, eins og ég er búinn að taka fram, hliðstæð því, sem er á raforkumálum. Ég sé ekki, að hægt sé með nokkrum rökum að mæla gegn því, að það eigi að vera á annan hátt með stjórn flugmála okkar miðað við okkar eigin hagsmuni og „interessur", og það er það eina, sem ég vil taka tillit til, en ekki hlaða undir völd þeirra útlendinga, sem illu heilli ráða nú á Keflavíkurflugvellinum, eða hindra, að Íslendingar geti á hverjum tíma haft fullkomið „kontrol" á því, sem fram fer þar á hverjum tíma, svo að við getum búið okkur undir að losna við þessa útlendinga, sem þar eru, þegar samningstíminn er runninn út.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki skipta mér af þeirri pólitísku hlið þessa máls, heldur láta hv. frsm. meiri hl. um að svara fyrir það, en ég vil segja nokkur orð um þær breyt., sem gerðar eru í frv.

Það er föst venja, a. m. k. í þessari d., þegar verið er að ræða stór og smá mál, að venjulega eru ekki margir aðrir til að hlusta á mál manna en frsm. meiri og minni hl., og það hvílir þá sú skylda á frsm. að taka til athugunar í sinni n. þau atriði, sem fram koma, því að þm. koma ekki að afgreiðslu málsins nema til að taka þátt í atkvgr. Það hvílir þá enn meiri skylda á þeim, sem eru í n., að athuga málin. En þegar nm. mega ekki einu sinni vera að að vera í d. við umr. um mál, þá vil ég vænta þess, að hv. frsm. ræði um þær aths., sem ég geri, síðar við sína nm., að svo miklu leyti sem það kann að hafa ekki verið rætt í n. áður.

Fyrst vil ég spyrja: Hefur þessi breyt., sem fram kemur á þskj. 830, verið gerð í samráði við hæstv. ríkisstj.? (**HV**: Já.) Þá má búast við, að erfitt verði að fá því breytt.

Ég vil leyfa mér að benda á í sambandi við þetta mál, að hér virðist önnur aðferð vera viðhöfð en sú, sem tekin var upp í stjórnmálum á síðasta Alþ. Ég skal t. d. benda á í sambandi við raforkumálin, þá var því slegið föstu, að það ætti að beita í þessum málum ýtrustu lýðræðisreglum. Það var viðurkennt þá, að kjósa skyldi slík ráð til fjögurra ára hlutbundinni kosningu af Alþingi. Og það var gengið lengra en þetta. Þessi kosning átti ekki að gilda nema til næstu almennra alþingiskosninga, svo að eftir næstu kosningar átti ný kosning að fara fram, svo að þar ríkti sama stefna og væri hverju sinni á Alþ. og meðal þjóðarinnar. Hér á að gerbreyta þessu. Mér þykir ákaflega mikið fyrir því, að hæstv. flugmrh. skuli vera með þessari brtt. Hér er ekki verið að skapa neina stefnu, heldur aðeins það, að sá, sem valdið hefur á hverjum tíma, beitir því valdi, og tel ég það mjög óheppilegt í slíku máli, og getur það eins vel komið síðar gegn þeim, sem nú beita því, áður en þeir vita. Ég mun því bera fram brtt. um að breyta frv. í það horf, sem var viðurkennt á síðasta Alþingi, að væri réttlátt.

Hér er farið inn á í brtt., að flugráðið skuli skipað fimm mönnum, hvar af þrjá á að kjósa á Alþ. Ég vil benda á það, að einmitt af því, að nú eru fjórir flokkar á Alþ., þá þýðir þetta það, að einn flokkurinn á ekki lengur fulltrúa í ráðinu, og tel ég það ekki rétt. Ég er ekki að mæla þar fyrir munn Sósfl., ég elska hann ekki svo mikið, en ég vil benda á, að þetta er ekki samkvæmt lýðræðisreglum, ef þannig er ákveðið í þessum l. og það í jafnviðkvæmu máli og þetta er, auk þess sem það er stórt fjárhagsmál annars vegar og utanríkismál og sjálfstæðismál hins vegar. Í brtt. meiri hl. er lagt til, að formaður sé skipaður til átta ára, og er það stórum til hins verra frá því, sem er í frv. Það er engin ástæða til að skipa formanninn til átta ára, þegar ráðsmennirnir eru ekki nema til fjögurra ára. Ég vil því leyfa mér að bera fram skrifl. brtt., að 1. málsgr. 1. gr. orðist svo: „Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu fimm manna flugráð til fjögurra ára í senn, og skulu að minnsta kosti tveir þeirra hafa sérþekkingu á flugmálum. Ráðherra skipar formann einn hinna kjörnu ráðsmanna. Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt."

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt. Mér þætti eðlilegt, að hv. frsm. ræddi um þetta á ný við n., nema því aðeins, að það sé þrautrætt eða útilokað, að þessu fáist nokkuð breytt, þá er ekkert við því að segja, en það verður þá óvandari eftirleikurinn um kosningu í önnur trúnaðarráð síðar meir, ef það á að marka þá stefnu, að menn taki valdið af Alþingi, og það lengri tíma en þeir kunna sjálfir að hafa nokkurn hlut um málin að segja, en það er það, sem verið er að gera hér.

Forseti (GÍG): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Barð., sem hann hefur nú lýst. Þarf tvöföld afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 876) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég gat því miður ekki verið við þessar umr. frá byrjun, af því að í

Nd. var mál á dagskrá, sem nokkur ágreiningur var um, þar sem ég varð að vera viðstaddur, og bið ég að afsaka það. Ég hef séð nál. minni hl. og hefur nokkuð verið sagt af því, sem hv. frsm. hefur haldið fram í sambandi við þetta mál. Það er auðséð, að hann vill draga þetta inn í þá samninga, sem gerðir voru við Bandaríkjastjórn um afnot af Keflavíkurflugvellinum, og reyna að nota tækifærið til að kveikja tortryggni í sambandi við það málefni.

Viðvíkjandi því, sem hann mun hafa sagt um framkvæmd samningsins, þá er ekki svo ýkja margt að segja, nema að framkvæmd hans, að því er snertir samstarfið við Bandaríkjamenn, er aðallega í höndum utanrrn., og hefur það þá samráð um málið við yfirmenn flugmála.

Það er augljóst mál, að þegar á að fara að framkvæma samning eins og þennan, þá koma mjög mörg atriði, sem vafi er á, hvernig eigi að koma fyrir. Það var sett á fót af fyrrv. stjórn n., sem stóð í sambandi við fulltrúa Bandaríkjastjórnar um það, hvernig ætti að koma fyrir samstarfinu á Keflavíkurflugvellinum. Sú n. hefur unnið í sambandi við íslenzku stjórnina, og þannig hefur verið reynt að fikra sig áfram stig af stigi og móta þannig samstarfið og fá fastar reglur um þau atriði, sem álitamál var, hvernig ætti að fara með.

Þegar ég tók við því starfi, sem ég hef nú, lágu engar till. fyrir eða hugmyndir um, hvernig þessum málum skyldi fyrir komið, og hefur það ekki flýtt fyrir að fá fastan grundvöll um þetta mál. Ég geri ráð fyrir, að samdar verði og settar ákveðnar reglur um ýmislegt varðandi rekstur flugvallarins, og um það fer nú undirbúningur fram í þeirri n., sem hefur málið með höndum og starfar að því að halda uppi málstað Íslendinga í sambandi við það, hvernig þessum málum skuli fyrir komið í einstökum atriðum.

Mér er óhætt að fullyrða, að það, sem n. hefur látið frá sér fara um þetta efni, um það hefur verið samkomulag. Ég verð að fara fram á að fá að fresta ræðu minni, meðan atkvgr. fer fram í Nd. — [Ræðumaður vék af fundi stundarkorn.]

Ég hef nú áður skýrt frá, hvernig störfum er komið um framkvæmd flugvallarsamningsins. Ég hef ekki orðið var við, að í n. þeirri, sem hefur málið með höndum fyrir hönd ríkisstj., hafi verið nokkur ágreiningur um það, sem hún hefur haldið fram í sambandi við framkvæmd flugvallarsamningsins, og þessu starfi er enn haldið áfram í n. Enn hafa ekki verið settar reglur um afnot og starfrækslu flugvallarins, og þær munu ekki settar strax, því að n. þarf að gera sér grein fyrir nokkrum atriðum í sambandi við framkvæmd samningsins, áður en þær reglur eru settar. Ég sé ekki ástæðu til að segja fleira um þetta efni.

Nú hefur þetta frv. valdið nokkrum ágreiningi í n., og mér skilst, að það sé ekki sízt ágreiningur um skipun flugráðsins, sem segja má, að sé annað aðalatriði frv.

Það má náttúrlega kannske nokkuð lengi deila um það, hvernig heppilegast sé fyrir komið yfirstjórn þessara mála. Mér skilst, að allir séu sammála um það, að heppilegt sé að hafa flugráð, en nokkur ágreiningur er um það, hvort ráðið skuli skipað af ráðh. eða Alþ. Ég lagði til, að ráðh. skipaði þetta flugráð á sama hátt og gert er ráð fyrir t. d. að ríkisstj. skipi fjárhagsráð, nýbyggingarráð, viðskiptaráð o. fl. ráð. Nú hefur hins vegar sú skoðun komið fram bæði innan ríkisstj. og í þinginu, að þetta væri hægt að vefengja og eðlilegt væri, að Alþ. ætti þarna líka hlut að máli, og var þetta byggt á þeirri skoðun, að þarna væri um hluta af framkvæmdarvaldinu að ræða, og eðlilegt, að ríkisstj. skipaði framkvæmdarvaldinu, en óeðlilegt, að þingið skipaði því, með því að fara með hluta af framkvæmdarvaldinu, sem ætlað er ráðherrunum, og þær till., sem fyrir liggja, eru eins konar miðlunarleið, sem meiri hluti samgnm. leggur til í samráði við ríkisstj., og er gert ráð fyrir, að 3 menn í ráðinu verði kosnir með hlutfallskosningu af þinginu, en 2 menn verði skipaðir af ráðh. til þess að tryggja það, að ráðh. sá, sem um þessi mál fjallar, hafi nokkuð um það að segja, hverjir veljast í ráðið, og einnig til þess að tryggja það, að sérfróðir menn í flugmálum komi í þetta flugráð. Það er ekki hægt að tryggja það, að þingflokkarnir sem slíkir kjósi sérfróða menn í flugmálum í ráðið. Nú heldur hv. frsm. minni hl. því fram, að þetta sé gert til þess að útiloka einn þingflokkinn frá því að hafa nokkuð að segja í ráðinu. Þetta er á mesta misskilningi byggt, því að það er aðeins sú ákvörðun í till., að 3 skuli hlutfallskosnir, en auðvitað veit enginn fyrirfram, hverjir yrðu kosnir, og mætti eins segja, að öll slík ákvæði um, að 3 menn í slíkum nefndum skuli vera kosnir af þinginu, séu þannig sett til þess að útiloka einn flokkinn gersamlega.

Nú eru margar n. skipaðar þannig, að 3 menn eru kosnir af þinginu, svo sem síldarútvegsnefnd, og mér vitanlega hefur því aldrei verið haldið fram, að það hafi verið gert til þess að útiloka einhvern einstakan flokk sérstaklega frá áhrifum í þeirri n. Það er sem sagt ekki meiningin með þessu, heldur hitt, að finna miðlunarleið milli þeirra, sem halda því fram, að eðlilegast væri, að þetta ráð væri allt stjórnskipað, og hinna, sem halda því fram, að ráðið ætti allt að vera þingkjörið, og þessi millileið var farin til þess, að þeir 2, sem skipaðir væru af ráðh., væru sérfróðir menn, en hinir 3 kosnir af þinginu. Ég vænti þess, að þetta nægi til þess að mótmæla því, sem hv. frsm. minni hl. heldur fram í sínu nál., sem er næsta fáránlegt, að meiningin sé sú að koma þessu þannig fyrir, að Sósfl. geti ekki einu sinni vitað, hvað gerist í ráðinu. Í því sambandi nægir að taka það fram, að starf flugmálastjóra á að haldast, að vísu allmjög breytt. Ég hef ekki ætlazt neitt fyrir um það að skipta um mann í því starfi, og minni hl. n. treystir augljóslega þeim manni, sem nú gegnir þessu starfi. Enginn hefur betri skilyrði til að fylgjast með öllu, sem gerist í þessum málum, en einmitt flugmálastjóri, því að hann á að hafa eftirlit með öllum flugmálum í landinu. Og til þess að ná burtu öllum mönnum frá flugmálunum, sem hv. frsm. minni hl. hefur traust á, verður að ganga miklu lengra í þessum efnum á þann hátt, sem óhugsanlegt væri öðruvísi en að víkja frá starfi þeim manni, sem hv. frsm. minni hl. nefnir í nál. sínu, sem sagt flugmálastjóra.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Barð., þar sem hann sagði, að með þessu frv. væri einn flokkurinn útilokaður frá því að fylgjast með um þessi stórkostlegu fjárhagsmál og mjög svo viðkvæmu. Hv. þm. Barð. fór um þetta mörgum og talsvert hörðum orðum í minn garð.

Ég hef skýrt frá því, sem hefur verið stungið upp á. Það er gert til þess að sameina þessi tvö sjónarmið, sem ég gat um. Það er ekki gert til þess að útiloka einn eða neinn frá þessu, heldur til þess að finna í þessu þann jafnvægisgang, að ráðh. skuli hafa nokkuð um þetta að segja, en þó hafi þingið einnig talsvert um þetta að segja. Þessi hv. þm. hefur lagt fram brtt. um, að 5 þingskipaðir menn fari með þessi mál, og verði þeir í flugráðinu, tveir af þeim skuli vera sérfróðir. Þetta getur varla staðizt, því að það verður þá að standa í till., hvaða þingflokkum sé skylt að uppfylla þetta ákvæði um kosningu sérfróðu mannanna, því að annars yrði undir hælinn lagt, hvort þeir væru nokkrir í ráðinu, þegar kosið væri af listum. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, hygg, að ég hafi drepið á helztu atriðin í þessu máli. Þó má búast við, að ég eigi einhverju ósvarað af því, sem komið hefur fram, af því að ég var ekki viðstaddur til þess að hlusta á ræðu hv. frsm. minni hl. n., en ég veit ekki, að hve miklu leyti henni var beint til mín.

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hæstv. flugmrh. hefur nú svarað ýmsu af því, sem til mín var beint í tilefni af framsöguræðu minni. Ég hafði ekki séð þetta nál. minni hluta n. fyrr en nú á fundinum, og sé ég, að þar eru bornar fram getgátur um það, hvað vaka muni fyrir ríkisstj. með flutningi þessa frv., og það sé í fyrsta lagi verið að lítilsvirða núv. flugmálastjóra, en megintilgangurinn muni þó vera sá að útiloka Sósfl. frá eftirlitsaðstöðu um framkvæmd á Keflavíkursamningnum. Ég hygg, að þetta sé á of mikilli viðkvæmni og hugarflugi byggt, og styðst, sem betur fer, ekki við gild rök. Viðvíkjandi því fyrra, að verið sé að lítilsvirða flugmálastjóra með því að skipta embættinu, þá er það engin ný bóla, að skipt sé starfi embættismanns. Þegar t. d. bæjarfógetaembættinu í Reykjavík var skipt — ekki í tvennt, heldur í þrennt —, mun það þá hafa verið gert til þess að lítilsvirða þáverandi bæjarfógeta, Jóhannes Jóhannesson? Nei, svo var ekki, heldur var ástæðan sú, að heppilegra þótti að skipta embættinu, af því að það var orðið of umfangsmikið fyrir einn mann. Þá er t. d. sagt, að hér sé tekið upp skipulag, sem ekki hefur verið tekið upp í vegamálum, vitamálum og raforkumálum, sem allt eru mjög umfangsmikil störf. Ég held, að ekki veitti af að skipta t. d. embætti vegamálastjóra, og mætti gjarnan setja vegamálaráð í þessu landi, því að það er ekki svo röskleg framkvæmd á þeim málum. Nú hefur vegamálastjóri verið veikur um 3—4 vikna skeið, eins og hendir alla dauðlega, en fyrir bragðið hefur allt staðið fast á skrifstofunni, og allan þann tíma hefur ekki verið hægt að fá gengið frá á skrifstofunni lítilli áætlun um litla brú. Þó að leitað hafi verið til verkfræðinga þar, þá hafa þeir ekki getað afgreitt þetta mál, og þegar þessi eini maður veikist, fæst ekkert afgreitt. Þannig lítur út fyrir, að ekki sé hægt að hefja framkvæmdir, sem annars hefði verið hægt, svo að okkar stutta sumar styttist við þetta, og er það hvergi nærri gott. Ef hér væri vegamálaráð, sem hefði getað ráðstafað þessum málum með því að ná til vegamálastjóra, þá hefði ekki þurft að skapast slíkt ástand. Hið sama gildir hvað snertir vitamálaembættið. Ég hygg, að það sé svo umfangsmikið, að ég álít, að af því að það mæðir á einum manni, þá sé meiri dráttur á undirbúningi stórframkvæmda í þessum efnum hjá ríkinu, og má þar t. d. nefna sleifarlagið á undirbúningi við framkvæmdir á brimbrjótnum í Bolungavík. Þar er búið að spilla bezta mánuði ársins, vegna þess að framkvæmdir drógust og lentu fram á haust, svo að mannvirkið brotnaði og aftur verður að gera við það fyrir hundruð þúsunda á þessu ári til þess að komast í sömu spor og það var í, áður en viðgerðin hófst. Þá var embætti raforkumálastjóra á síðasta ári skipt í tvennt, og hygg ég, að engum hafi til hugar komið, að þessi tvískipting væri nein lítilsvirðing við Jakob Gíslason, og ég held, að þessi breyting hafi orðið til bóta. Mér dettur ekki annað í hug en að ástæðan fyrir tvískiptingu embættis flugmálastjóra sé sú, að starfið sé orðið of mikið fyrir einn mann.

Hæstv. flugmrh. hefur gert grein fyrir því, að framkvæmd Keflavíkursamningsins heyri að mestu leyti undir utanrrh., eins og sakir standa, með núverandi fyrirkomulagi í flugmálum, og verður það auðvitað alveg óbreytt. Hv. frsm. minni hlutans sagði, að enn væri mjög slæleg framkvæmd á Keflavíkursamningnum og að liðið, sem þarna væri, hefði varla skipt um föt, og þetta gerðist, meðan flugmálastjóraembættið var bara einskipt, og það má líka benda á það, að sú niðurstaða, sem varð á síðasta hausti um Keflavíkursamninginn, varð þrátt fyrir það, þó að flugmálastjóri með sitt víðtæka vald væri næsti maður við flugmálarh. hvað flugmál snertir.

Þegar því er slegið föstu, að þetta sé meðal annars til að auka vald útlendinga við rekstur flugvalla í landinu, þá vil ég segja, að ekki þykir mér hlýða, að neinn íslenzkur ráðherra vilji útlenda sérfræðinga til að stjórna þessum málum. Og ekki er líklegt, að Alþ. kjósi neinn útlending meðal þessara þriggja í flugráð. Ég hygg það verði allt Íslendingar, og vænti, að það verði góðir Íslendingar, sem Alþ. kýs og ráðh. vill í það sem sérfræðinga. Ég get sem sagt ekki trúað öðru en að það eitt vaki fyrir ríkisstj. að setja nægilega marga menn og með nægilega sérþekkingu yfir stjórn flugmálanna í landinu. Er ekki ótrúlegt, að þess þurfi við, þar eð þessi mál hafa margfaldazt, svo sem þau hafa gert á undanförnum árum.

Hv. þm. Barð. spurði að því, hvort brtt. á þskj. 830 væru með ráði ríkisstj. gerðar. Var því svarað, að ég hygg, á þá leið, að breyt. séu að mestu eða öllu leyti undan rifjum ríkisstj. runnar. Og ég veit ekki betur en að frá þeim sé gengið af ríkisstj. í heild. Og sennilegt þykir mér, að þær séu fyrst og fremst runnar undan rifjum hæstv. dómsmrh., flokksbróður hv. þm. Barð. Ef þær eru ólýðræðislegar, er rétt, að hann sakist við hann um það. En svo fórust hv. þm. orð um þær. En ég vil segja, að það, að Alþ. kjósi þrjá af meðlimum flugráðs, er ekki ólýðræðisleg aðferð að velja menn í trúnaðarstöður, þó að flokkarnir séu fjórir, en eigi að kjósa þrjá. Nú vil ég benda á það, sem vitanlegt er mönnum í samgmn., að þegar hæstv. ráðh. mætti hjá okkur, tók hann fram, að það væri sín ætlun, að flugmálastjóri væri sá sami og verið hefur. Nú er vitað, að hann er sósíalisti. Hann yrði einn meðlimur þessa ráðs. Þá er tryggt þetta kjörtímabil, að Sósfl. er ekki útilokaður. **(Menntmrh.:** Þessu er hvergi slegið föstu.) Fyrir

þessu liggja orð hæstv. ráðherra á nefndarfundi. **(Menntmrh.:** Ég sagði, að hann yrði áfram flugmálastjóri.) Já, og yrði þá annar sérfræðingurinn. **(Menntmrh.:** Því er ekki slegið föstu.) En lágmarkið er, að það verði tveir sérfræðingar. Það getur náttúrlega komið fyrir, að þeir verði fleiri, og ekki er það verra. Ég býst við, að hann verði að teljast einn af okkar aðalsérfræðingum í þessum málum, maður, sem er búinn að gegna þessum málum árum saman. Ég skildi a. m. k. hæstv. ráðh. þannig, að tryggt væri, að þessi maður yrði þarna með, en yrði ekki sviptur aðstöðu til að hafa áhrif á þessi mál. En hæstv. ráðh. leiðréttir, ef hann hefur meint eitthvað annað. Mér fannst reyndar hið sama koma fram í ræðu hans áðan. Ef á að tryggja það, að sérfræðingar séu í flugmálaráði, dugar ekki að láta kylfu ráða kasti um það, hvort það yrðu slíkir menn, sem kosnir yrðu af Alþ. Því sýnist mér hentugt, að þeir séu skipaðir af ráðherra.

Þá kem ég að því, sem hv. þm. Barð. sagði, að ólýðræðislegt væri að skipa slíka menn til lengri tíma en fjögurra ára. Annar þeirra á að vera skipaður til átta ára. En ég hygg, að fáir sérfræðingar léðu sig í svona embætti, ef þeir ættu aðeins fjögurra ára skipun fram undan, og jafnvel þó að um átta ár væri að ræða. Mér finnst, að val sérfræðinga eigi ekki að vera pólitísk ráðstöfun. Og það er mjög eðlilegt, að jafnvel sérfræðingarnir báðir væru skipaðir til lengri tíma en einn pólitískur ráðh. hefði líkur fyrir að sitja í sínu sæti, þ. e. kjörtímabilið. Hvernig er með aðra sérfræðinga, svo sem sérfræðing í vegamálum, vegamálastjóra, sérfræðing í hafnarmálum, vitamálastjóra, sérfræðing ríkisstj. í heilbrigðismálum, landlækni? Allt eru þetta embættismenn upp á lífstíð. Mér virðist athugandi, hvort þeir sérfræðingar, sem hér er um að ræða, ættu ekki að vera embættismenn með veitingu. Þegar maður er búinn að starfa fjögur til átta ár sem sérfræðingur í flugmálum, efast ég um, að heppilegt sé að skipta um og taka nýjan mann. Það gæti náttúrlega ráðherra fundið upp á að gera, ef pólitísk afstaða réði.

Ég hygg ég geti sagt fyrir hönd n. allrar, að menn muni ekki ganga inn á brtt. hv. þm. Barð. Og hitt er mér algerlega ljóst, að n. gengur ekki inn á brtt. hv. 6. landsk., því að hans sjónarmið voru beint rædd í n., og skiptust skoðanir annars vegar í samræmi við brtt. á þskj. 830 og frv. í heild, og hins vegar þær skoðanir, sem hv. 6. landsk. túlkar og nú eru mótaðar í tillformi á þskj. 850. Hv. þm. Barð. mæltist til, að hans sjónarmið yrði tekið til athugunar í n. En ég hef talað við formanninn, og hefur okkur komið saman um, að óþarft sé þess vegna að skjóta málinu til nýrrar athugunar í n., að það séu ekki minnstu líkur til þess, að n. fallist á þær brtt. Enda hefur hv. þm. Barð. fengið vitneskju um, að þessar brtt. á þskj. 830 eru fyrst og fremst brtt. stjórnarinnar við þetta stjfrv., sem hér liggur fyrir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Vegna þess að hv. frsm. blandaði mínu nafni inn í umr., þykir mér rétt að gera grein fyrir því, að hann hefur töluvert misskilið mína afstöðu í málinu, eins og raunar málið allt í heild. Þó að ég sé honum sammála um niðurstöðuna, gat engum blandazt hugur um, að hv. þm. hefur ákaflega ófullkominn skilning á stöðu þeirra manna, sem eiga sæti í þessu ráði. Hæstv. ráðh. gerir sjálfsagt grein fyrir því atriði. En ég vil benda á, að þessir sérfræðingar eiga ekki að hafa störf sín í flugmálaráði sem aðalstörf, heldur eingöngu sem aukastörf, og þess vegna getur ekki komið til neinna mála að gera það að ævistarfi. Hitt finnst mér vera mjög heppilegt, sem stungið er upp á í brtt., sem fyrir liggja, að þeir séu skipaðir til misjafnlega langs tíma og sérstaklega séð fyrir því, að formaður ráðsins sitji þar lengur en aðrir, til þess að skapa samhengi í störfum ráðsins. Og ég skal játa, að að svo miklu leyti sem orðun þessarar till. kann að vera frá mér persónulega, þá er það helzta atriðið, sem ég hef lagt til, að ég hef lagt áherzlu á, að úr því að þessi háttur er hafður á skipuninni, sem ofan á varð, þá sé einnig tryggt, að sérfræðingarnir væru skipaðir til misjafnlega langs tíma og tryggt samhengi í starfi þeirra og að ekki væri stillt svo til, að það hlyti að vera sami ráðherra, sem fengi vald til skipunar þeirra beggja.

Varðandi það, sem hv. frsm. sagði um skipun ráðsins að öðru leyti, að hún mundi vera frá mér komin, er það alger misskilningur **(HV:** Aðallega þetta atriði.) Ekki kom það fram áðan. Ég hafði þvert á móti lagt áherzlu á, að allt ráðið yrði kosið hlutfallskosningu af þinginu, fimm menn. Og þá hefði auðvitað ekki verið ástæða til að hafa einn sérfræðinginn lengur en annan. Nú varð ekki samkomulag um þetta í ríkisstj., að þingið kysi alla fimm mennina hlutfallskosningu. Það var réttilega bent á það af hæstv. flugmrh., að hér er um að ræða vald, sem heyrir undir hann, og hann er með því frv., sem hér er lagt fram, að afsala valdi frá sér til lægra setts stjórnarvalds, þessarar nefndar, stjórnarvalds, sem í raun og vera má segja, að tilheyri stjórnarframkvæmdum frekar en löggjöf. Þegar á þetta var litið, treysti ég mér ekki til þess að ganga algerlega fram hjá þessum röksemdum og halda fram til hins ýtrasta, að allir mennirnir skyldu kosnir af Alþ. Það varð svo að samkomulagi milli okkar í stjórninni að hafa þennan hátt á. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. menntmrh. hefði út af fyrir sig talið æskilegt að skipa alla mennina fimm, eins og ég hefði talið hitt æskilegt. Þetta er samkomulagstillaga, sem ég held, að hafi verið frá honum sprottin. Ég felldi mig ákaflega vel við till. og tel hana skynsamlega og í samræmi við margs konar aðra löggjöf frá þinginu og því síður en svo ástæðu til að kalla hana ólýðræðislega, eins og hv. frsm. vildi vera láta. **(HV:** Ég sagði það um afstöðu hv. þm. Barð.) Jú, og hann gat mín sérstaklega í því sambandi.

En þó að forsendur okkar séu misjafnar, þá erum við sammála um niðurstöðuna. Og allt er gott, þegar endirinn allra beztur verður, svo að ég held við megum vel við una.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Aðeins örfá orð út af því, sem féll hjá hv. frsm. meiri hl. Ég tók fram í n. að gefnu einhverju tilefni, að það væri meining mín að skipa núverandi flugmálastjóra áfram. Hef ég ekkert farið dult með það og sagt honum það. Hins vegar er það nú svo, að ekkert stendur um það í l., hvort flugmálastjórar skuli vera í flugvallarráði eða ekki. Það er opið að skipa annan eða báða í það, ef ráðh. þykir heppilegt. Ég tek ekki neina endanlega ákvörðun í því

efni fyrr en ég sé, hverjir eru kosnir af þinginu. Það getur sem sagt fullkomlega komið til mála að skipa í þau sæti, sem ráðh. á að skipa í, bæði flugvallarstjóra og flugmálastjóra eða annan hvorn þeirra, eftir því hvað ráðh. álítur rétt, þegar þar að kemur. En um þetta hef ég enga ákvörðun tekið og ekki gefið neina yfirlýsingu um það atriði, en að gefnu tilefni greint frá, að ég mun skipa flugmálastjóra í þetta embætti, sem er að sumu leyti nýtt.

Gísli Jónsson: Ég vil byrja með því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann veitti í þessu máli. Mér þótti ákaflega einkennilegt, ef það væri satt, sem hv. frsm. hélt fram, og skal færa fyrir því nokkur rök. Þegar var rætt um skipun í raforkuráð í fyrra, var það á sviputum grundvelli og hér á að gera, eða sambland af kosningu Alþ. og skipun ráðh. Og þá var það einmitt núverandi hæstv. utanrrh., sem beitti sér fyrir því, að 50. gr. yrði breytt á þann hátt, sem nú er í l., þ. e. að sameinað Alþ. kýs með hlutfallskosningu fimm manna raforkuráð. Var það gert með þeim sömu rökum, sem ég hef nú fært fram, að eðlilegt sé, að jafnstórkostlegt fjárhagsatriði og þar er á ferð og snertir allan landslýð, krefjist þess, að Alþ. skipi þessa menn. Það kom sjálfsagt aldrei til greina að setja raforkumálastjóra sem einn mann í það ráð frekar en t. d. eftirlitsmann hjá rafmagnseftirlitinu sem forstjóra hjá rafmagnseftirlitinu. Það var bent á þetta sama og nú, að ekki væri hægt að búast við sérfræðingum í þetta, ef Alþ. ætti að kjósa menninа. Ég viðurkenni ekki, að það sé gildandi regla hjá Alþ. að kjósa pólitíska snápa í slík störf. (**Menntmrh.:** Það er ekki tryggt.) Kannske hjá flokki menntmrh., en ekki er þetta svo hjá þeim flokki, sem ég tilheyri, að gengið sé fram hjá þeim mönnum, sem þekkinguna hafa, en teknar einhverjar pólitískar „trillur", aðeins til að fara með atkvæðið. (**Menntmrh.:** Þm. er sjálfur pólitísk „trilla".) Hann hefur aldrei verið eins mikil pólitísk „trilla" og menntmrh., sem hefur nú opinberað sig sem slíkur svo rækilega, að hann getur ekki hugsað sér að skipa nema helzt einhvern slíkan í þetta ráð.

Ég vil benda á annað mál, l. um almennar tryggingar. Í frv. um almennar tryggingar kom fram frá ráðh., sem fór með það mál, að það ætti að hafa átta menn í ráðinu, þar af 3 sérfræðinga eftir till. landlæknis. 4 menn voru skipaðir af ráðh., 1 af Alþ., svo að tryggt væri, að ráðh., sem færi með þessi mál, fengi 5 menn. Þá var tekin upp baráttan fyrir því að breyta þessu í lýðræðishorf. Það endaði með því, að 5 menn voru kosnir af Sþ. Sú stefna er því mörkuð á síðasta Alþ. í tveimur stórum málum, að Alþ. skuli kjósa slíka menn með hlutfallskosningu. Og það er alveg auðsjáanlegt, af hverju á að breyta þessu nú, — af því að Framsfl. vill kúga menn inn á aðra braut, og ráðh. Sjálfstfl. hefur látið af stefnu sinni í þessu máli. Enda hefur hæstv. menntmrh. viðurkennt, að um samkomulag sé að ræða, og hæstv. utanrrh. upplýst, að samkomulag hafi orðið, af því að hann hafi ekki fengið öðru framgengt. Hann fékk ekki framgengt réttlætinu í þessu máli fyrir Framsfl. Það er sannleikurinn í málinu. Það kann að verða skammgóður vermir fyrir menn að beita slíku í Alþ., því að ekki er víst, að völdin endist um aldur og ævi, og þeir gætu vissulega seinna orðið fyrir því sama.

Hvað um kosningu í utanrmn., ef hún væri framkvæmd á sama hátt? Ég veit ekki, hvort hennar mál eru að öllu leyti viðkvæmari en þetta stóra öryggismál. Hæstv. menntmrh. sagði, að ekki væri hægt að tryggja sérfræðinga, ef samþ. er mín till. Fyrst og fremst er alveg ákveðið, að tveir af mönnunum skuli vera sérfræðingar. Og þá er ekki kjörgengt í ráðið, ef ekki eru tveir sérfræðingar á listum, sem koma fram. Þá mundi forsetinn, sem lætur fara fram kosninguna, vísa listunum frá. Að flokkar geti ekki komið sér saman um að útnefna sérfræðinga í ráðið, er slík fjarstæða um Alþ. yfirleitt, að ekki er berandi á borð. Það má nefna kosningu sérfræðinga í raforkuráð. Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri er formaður þess, kosinn af ákveðnum flokki sem sérfræðingur. En ef menn geta ekki hugsað sér annað en að flokkshagsmunirnir eigi að vera efstir og þekkingin á eftir, er eðlilegt, að þeir haldi slíku fram, eins og hæstv. menntmrh. gerði. Minnir þetta á það, sem einn þingbróðir og flokksbróðir hæstv. menntmrh. sagði eitt sinn, að það væri ekki hægt að nota einn flokksbróður sinn sem dómara, af því að hann léti sömu dóma ganga yfir flokksmenn og andstæðinga.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri opið að hafa flugmálastjóra og flugvallastjóra í flugmálaráði. Aldrei hef ég heyrt aðra eins firru. Þetta ráð á alveg sérstaklega að vera sem stjórn yfir framkvæmdastjóra, sem er að sjálfsögðu flugvallastjóri. Svo á framkvæmdastjórinn að sitja sjálfur í ráðinu! Hvað mundi eimskipafélagsstjórnin segja og eigendur í því félagi, ef Guðmundur framkvæmdastjóri ætti að vera formaður stjórnarinnar, og síðan ætti einhver fulltrúi að vera með honum í stjórninni? Það væri ekki ólögulegt. Það verður að sjálfsögðu að krefjast þess fyrst og fremst, að hvorki flugvallastjóri né flugmálastjóri sitji í þessu ráði. Ráðsmennirnir eiga að vera þeim til aðstoðar, en flugvallastjóri og flugmálastjóri eiga sannarlega ekki að vera í ráðinu. Ég held það væri ágætt fyrir stjórnina að beizla svolítið gandreið þessa hæstv. ráðhera, áður en hann fer lengra.

Hv. frsm. gat um ýmis embætti hér, sem væru orðin nokkuð umfangsmikil, eins og t. d. embætti vegamálastjóra. Ég vil mjög taka undir þetta. Þetta starf, sem veltir nú 20—30 milljónum króna gegnum hendur eins manns, er orðið það umfangsmikið, að sannarlega er tímabært að athuga, hvort ekki skuli gera breytingu á, annaðhvort setja fjórðungs-vegamálastjóra í landinu, verkfræðinga eða sérstaka meðstjórn með þessum framkvæmdum. Og það er sannarlega vert að athuga, hvort ekki á að hafa sérstaka stjórn yfir skipaútgerð ríkisins. Ég get ekki hugsað mér, að nokkrum manni þætti heppilegt, að framkvæmdastjóri eimskipafélagsins réði einn því félagi, a. m. k. hefur ríkisstj. á hverjum tíma gert kröfu til að eiga sinn fulltrúa þar. Nú hefur skipaútgerð ríkisins haft milljónarekstur og líka milljónatöp, og sum slík töp er ekki hægt að verja. Samt sem áður má ekki minnast á að setja neina stjórn með þeim mönnum, sem þar ráða. Landssmiðjan hefur haft milljónatöp, og það svo, að vafasamt er, hvort ekki verður að gera fyrirtækið upp sem gjald-

þrota. Það hefur ekki borgað skatta og sótt verkalaun í ríkissjóð iðulega. Hverjir eru þar nú í stjórn? Vegamálastjóri, maður yfirhlaðinn störfum, vitamálastjóri, líka yfirhlaðinn störfum, forstjóri fyrir skipaútgerð ríkisins, sem líka er yfirhlaðinn störfum. Þessir menn eru settir til að stjórna þessu fyrirtæki og eru um leið langstærstu viðskiptamenn fyrirtækisins. Það er ekki að furða, þó að fyrirtækið sé komið eins og komið er. Það getur ekki farið neina aðra leið. Það er orðið tímabært fyrir stjórnina að taka þetta mál til athugunar. Ég er algerlega á móti því að skipa menn til átta ára. Ég vil láta kjósa menn til slíkra starfa, sem hér um ræðir. Það virðist vera, að nefndin hafi sýnt stjórninni meira traust í þessu máli en 3. landsk. hefur stundum gert áður. Ég tel mig styðja stjórnina fullkomlega, en þó leyfi ég mér hiklaust að benda henni á það, sem ég tel miður fara, eins og það, sem hér liggur fyrir. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en mun greiða atkv. á móti till. á þskj. 830.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Hæstv. flugmrh. vildi ekki kannast við það, að þessi skipan, sem hér er gert ráð fyrir, ætti rót sína að rekja til flugvallarsamningsins. Þess var heldur ekki að vænta, að ráðh. viðurkenndi það. Ég er samt engu að síður sannfærður um, að svo er, m. a. vegna þess, að það liggja engar aðrar orsakir fyrir, sem gefa tilefni til slíks fyrirkomulags, og ráðh. hefur heldur ekki reynt að færa nein rök fram, sem réttlæta þetta. Og þess vegna leitar maður að skýringum, og sú eina finnanlega er flugvallarsamningurinn. Hæstv. flugmrh. vildi halda því fram, að vegna þess að starf flugráðs væri hluti af framkvæmdarvaldinu, þá væri eðlilegt, að ráðh. skipaði það, og hann bar þetta saman við nýbyggingarráð og viðskiptaráð, en hér er bara um annað að ræða, ef ég skil málið rétt, því að þetta flugráð á aðeins að vera ráðgefandi, en ekki hafa framkvæmdarvald. Hins vegar, ef orð ráðh. eru rétt, þá er lengra gengið með að rýra vald flugmálastjóra en ráðgert er í frv.

Annars er augljóst, í hvaða tilgangi það er gert, að Alþ. kjósi 3 menn. Þar er sama á bak við og við kosningu í stjórn síldarverksmiðjanna. Það á að útiloka Sósfl. frá því að eiga fulltrúa í ráðinu og þar með að útiloka hann frá því að geta fylgzt með gangi þessara mála, en það er auðvitað líka gert í ákveðnum tilgangi. 3. landsk. var að andmæla því, að þessi skoðun mín hefði við rök að styðjast, og taldi það aðeins getgátur. Í því sambandi vil ég benda á, að hvað viðkemur flugmálastjóra, þá liggur þetta ljóst fyrir og eru þess vegna ekki getgátur, því að flugráðið á ekki einungis að vera yfir honum, heldur á að svipta hann starfi. Þá var 3. landsk. að tala um, að þetta starf væri svo umfangsmikið, en þó er það miklu umfangsminna en ýmis önnur opinber störf, eins og t. d. starf vegamálastjóra og starf raforkumálastjóra. Ef þetta lægi til grundvallar, þá væri byrjað á að skipta þessum embættum, en það er bara ekki þetta, sem liggur til grundvallar. Þetta, sem 3. landsk. hefur haldið fram, eru því ekki rök gegn mínum till. og ekki heldur annað, sem fram hefur komið í þessum umr. Ég óska því eftir, að þær verði bornar undir atkv. og læt skeika að sköpuðu, hvernig með þær fer.

ATKVGR.
Brtt. 850,a felld með 11:3 atkv.
— 876 felld með 10:4 atkv.
— 830,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9:1 atkv.
— 850,b felld með 10:3 atkv.
2. gr. samþ. með 10:3 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 830,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Á 135. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 877).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, PZ, SÁÓ, KG, BK, GJ, GÍG, HV.
nei: ÁS, BrB.
7 þm. (JJós, PM, StgrA, ÞÞ, BBen, EE, HermJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu.

Gísli Jónsson: Sú till., sem ég bar fram við 2. umr. málsins, hefur verið felld og málið tekið fyrir á aukafundi með afbrigðum. Ég vil ekki verða til þess að stöðva málið hér, og í trausti þess, að málið verði athugað í Nd. og fulltrúar Framsfl. sýni þar meiri sanngirni en þeir hafa sýnt hér í þessu máli, segi ég já.

Frv. afgr. til Nd.

Á 131. fundi í Nd., 19. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Á 134. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 877, n. 900).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Það var að morgni þessa dags, sem samgmn. hafði þetta frv. til meðferðar og gat skilað nál., sem er á þskj. 900. Annars þætti mér hlýða, að hæstv. flugmrh. væri hér viðstaddur og legði blessun sína á það, sem þegar hefur verið gert. Að öðru leyti er þetta mikils vert mál, og mun ég geta þess hér að nokkru.

Eins og ég gat um, féllst samgmn. Nd. á, að frv. nái fram að ganga. Einn nm., hv. 2. þm. S-M., taldi ekki nauðsyn að skila sérstöku áliti, enda þótt hann áskildi sér rétt til að hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins. Nú hefur flogið fyrir, að hv. þm. ætli að koma með brtt. við frv., en ég veit ekki, hvort hv. þm. óskar, að þær brtt. nái þessari umr. eða hvort hann sættir sig við, að

þær komi fram við 3. umr., og mun hann segja til um það. Þetta mál er að allra dómi mikils vert mál, og sérstaklega er fyrir okkur Íslendinga áríðandi, að um það verði settar einhverjar reglur. Þó að langur tími sé síðan sett voru fyrstu lagaákvæðin um flug hér á landi, þá er málið enn þá svo mjög á þróunarstigi og jafnvel byrjunarstigi, að eðlilegt er, að frá ári til árs séu gerðar breytingar og settir lagastafir, sem snerta það. Nú hefur ríkisstj. ákveðið að setja nýjar reglur um þetta efni, og hefur þetta frv. nánari ákvæði um stjórn flugmálanna, og er það tímabundið, svo langt sem sjá má þörf þess. Það er eðlilegt, að þessum málum sé hnikað til og nánari og gagngerð ákvæði séu sett, bæði um stjórn og meðferð þeirra. Þetta fer nú að verða okkar framtíðarsamgöngutæki á vissan hátt, bæði yfir láð og lög, og er nú að verða kjörorð tímanna, og þarf því vel til þessara mála að vanda. Ég tel, að hér hafi tekizt vel um breyt. á frv., og hefur Ed. fallizt á þetta. Breyt. er fólgin í því, að í flugráð skal kjósa 3 af 5 meðlimum með hlutfallskosningu, og má vera, að slíkt sé eðlilegt. En í frv. ríkisstj. var ætlazt til, að sá ráðh., sem færi með flugmál, skipaði þessa meðlimi, en nú á hann að skipa tvo menn, sem sérþekkingu hafa á flugmálum. Annar þeirra er ráðinn til átta ára í senn, og gefur það festu um meðferð þessara mála. Einnig var sett inn bráðabirgðaákvæði, hvenær flugráðsmenn hafi endað sitt fjögurra ára tímabil.

Eins og ég gat um í upphafi, þá mælir n. með því, að frv. nái fram að ganga að undanteknum einum nm., sem gerir sjálfsagt grein fyrir sínu áliti.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að þakka hv. n. fyrir fljóta og góða afgreiðslu þessa máls. Ég vildi svo skjóta því til þess hv. þm., sem sérstöðu hefur um málið, hvort ekki væri hægt að láta bíða til 3. umr. að koma með brtt. við frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og tekið hefur verið fram, þá hef ég ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég lít svo á, að þær breyt., sem í frv. felast, séu sízt til bóta, og mun ég því ekki fylgja því. En ég hef lagt fram brtt. við frv., og eru þær mjög á sömu leið og þær brtt., sem fram komu í Ed.

Ég skal taka það fram, að ég get sætt mig við, að brtt. mínar komi ekki fram fyrr en við 3. umr. Það er svo ekki ástæða til að ræða þetta frekar, vegna þess að ekki er búið að útbýta þskj. vegna hraða málsins, og mun ég geta fellt mig við, að frv. gangi nú til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákv. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 135. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 877, 910).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 910. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var þess getið, að von væri á brtt. frá mér. Er henni nú útbýtt og er hana að finna á þskj. 910. Eins og ég lýsti við 2. umr., er ég í öllum atriðum á móti efni frv., og sé ég ekki, að þær breyt., sem hér er gert ráð fyrir að gera á skipun flugmálastjórnarinnar, séu til neinna bóta, en held, að nokkurt samræmi sé á þeirri skipan á stjórn flugmálanna, sem þar er gert ráð fyrir, og skipan annarra hliðstæðra mála, sem gilt hafa. Þannig er það t. d. viðtekin regla um hliðstæða málaflokka, eins og t. d. samgöngumál, að vegamálastjóri fellur beint undir viðkomandi ráðh. Þykir ekki þörf á því að skipa yfir hann sérstaka n. manna milli ráðh. og vegamálastjóra, heldur hefur það alltaf þótt eðlilegt, að ráðh. væri næstur yfirmaður vegamálastjóra. Hið sama hefur gilt um vitamálastjóra, og fleiri dæmi mætti telja. Nú er hér hins vegar gert ráð fyrir því, að milli flugmálastjóra og flugmrh. eigi að koma sérstakt 5 manna flugmálaráð, og á það að ráða yfir flugmálastjóra. Get ég ekki séð, að þessi skipan henti okkur á nokkurn hátt. Ef flugmrh. telur það hins vegar nauðsynlegt fyrir sig að hafa eitthvert ráð sér til ráðleggingar, þá er það auðveldur hlutur að fá leyfi til þess að skipa slíkt ráð, en að hafa þá skipan, eins og gert er ráð fyrir í frv., get ég ekki fallizt á.

Í brtt. þeim, sem ég flyt við frv., er gert ráð fyrir því, að kosið verði að vísu flugmálaráð til ráðuneytis ráðh. og flugmálastjóra, en þó eingöngu ráðleggjandi ráð, en ekki á þann veg, sem gert er ráð fyrir í frv., að þetta ráð skuli sett yfir flugmálastjóra sem slíkt. Þarf ég ekki að fara um þetta fleiri orðum. Ég er í aðalatriðunum á móti efni frv. og mun, ef brtt. mínar verða ekki samþ., greiða atkv. gegn frv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson) ..... Ég lagði þá til, að sá háttur yrði á hafður, að flugráðið yrði sett yfir einstaka embættismenn, en það yrði sett undir ráðherra. Vegna þess, hve mál þessi eru nýstárleg, kemur þar margt til greina, sem menn eru ekki viðbúnir að taka til meðferðar. Mér fannst eðlilegt, að flugráð yrði skipað af ráðherra, öðrum fannst eðlilegra, að það yrði kosið af þinginu, en ekki sami háttur á hafður og um fjárhagsráð, viðskiptaráð og nýbyggingarráð. Niðurstaðan varð svo sú, að ráðið er bæði skipað af ráðh. og kosið af þinginu, hvor þessara aðila á þar sína fulltrúa, og sætti ég mig vel við þá skipan, en ég get ekki sætt mig við það, sem minni hl. leggur til, að breytt verði.

Jónas Jónsson: Það eru ekki nema nokkur atriði. Það eru nokkrir dagar síðan ég beindi fyrirspurn til flugmálaráðh., hann var þá ekki viðbúinn að svara, en hefur nú að öllum líkindum kynnt sér málið betur. Spurningin var um það, hve miklu fé hafi verið varið til flugvallanna. Ég hef nú fengið upplýsingar um það, að búið sé að verja til flugvallanna, síðan hann tók við þeim, á áttundu millj. kr., og býst ég þó ekki við, að það sé talið með, sem fært er á reikning veðurstofunnar og landssímans. Það væri ástæða til þess, að um þetta

færu fram skýrar umr. hér á Alþ., en lítið hefur verið um það fram að þessu, og ég hygg, að ástæðan sé sú, að menn búist við því, að allt fari á einn veg með fjárhag landsins, og því geri ekki til með nokkrar upphæðir til eða frá. Eg vil vekja athygli á því, að hæstv. flugmrh. hefur ekki gert þær ráðstafanir, sem honum sem ráðh. bar að gera. Fyrstu afglöpin voru þau, og þau voru ekki gerð í ráðherratíð hans, að taka umhugsunarlaust við báðum völlunum. Menn verða eðlilega að gera sér það ljóst, að Íslendingar hafa enga möguleika til að halda við báðum völlunum, þeir hafa ekki möguleika til að halda við einum velli, hvað þá tveimur. Það, sem átti að gera, var því það að láta allar stórar flugvélar, líka þær íslenzku, vera á Keflavíkurflugvellinum, en hafa Reykjavíkurvöllinn aðeins fyrir smávélar með fámennu starfsliði. Á Reykjavíkurvellinum vinna nú um 100 manns, sem eru þar við snatt, og svo aumt er ráðslagið, að ef eitthvað þarf að gera við, verður að sækja smiði í bæinn. Hurð á einn braggann kostaði t. d. 4 þús. kr., af því að enginn þessara 100 manna gat sett hana á. Þar er líka hótel, sem lítið er kunnugt og lítið auglýst, enda ráðsmennskan þar svipuð og á öðrum sviðum á vellinum. Þar eru engar ráðstafanir gerðar til upphitunar, enda er þetta stór geimur og gisinn, og umgengnin þar er líkust því, sem í sjóbúð væri, og er þetta til lítils hróðurs fyrir landið. Það hefði verið sök sér fyrir hæstv. ráðh. að fá duglegan mann yfir hótelið, eins og þá, sem eru forstöðumenn hjá Hótel KEA á Akureyri eða hjá Jóhannesi Jósefssyni á Hótel Borg. Það er því alls ekki að vænta, að þessi íslenzki flugvöllur gefi af sér neinar tekjur, þar sem engar erlendar flugvélar koma þar heldur. Að vísu hefur eitt franskt firma látið flugvélar sínar lenda þar um stundarsakir, en eftir því sem kunnáttumenn segja — ég hef ekkert vit á því —, er völlurinn ekki nægilega sterkur fyrir stórar flugvélar, en ég fer ekki út í þá sálma. En aðalatriðið er þetta: Hvernig ætla Íslendingar sér að halda uppi flugvelli með 100 manna starfsliði, auk loftskeytamanna, radíómanna og annarra slíkra manna? Ég vildi nú spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann telji það viðunandi, að dregið sé úr vega- og brúargerðum úti á landi, eins og hann hefur heimild til, til þess að halda við þessu ástandi á þessum flugvelli. Á hinum vellinum er sömu sögu að segja. Þar voru 30—40 manns, og þeir gátu ekki einu sinni komið upp almennilegu flaggi, og þegar forseti Íslands beið þar eftir flugvél, gat hann ekki fengið neitt húsnæði, a. m. k. ekki viðunandi húsnæði, og varð hann að bíða í bílnum. Lengi vel var íslenzki fáninn ekki á stöng, heldur á spýtu, sem fest var á skúr. Störf, sem voru unnin fyrir stjórnarskiptin, eru táknræn um vinnubrögðin á þessum velli. Það þurfti að láta dytta þar að einhverju smávegis, og voru fengnir smiðir úr Reykjavík, sem ferðuðust á milli. Þeir fóru með rútunni til Keflavíkur og urðu svo að ganga þaðan til vallarins, svo þurftu þeir í mat kl. 12 og í kaffi kl. 3 og svo heim með rútunni kl. 4. Þarna höfðu þeir unnið heilan dag og svo nokkra eftirvinnu, eins og venjan er, vegna ferðalaga. Þetta dæmi er hversdagslegt um öll vinnubrögð á þessum völlum, enda er ekki hægt að eyða 7 millj. á þessum tíma, nema vel sé að verið. Núverandi ráðh. hefði átt að setja ráðdeildarmann yfir þetta og jafnvel setja núverandi flugmálastjóra frá, því að hann er ekki fær til að gegna þessu starfi, en hann kemur með frv., sem vissulega var nauðsynlegt, en fyrsta atriði þess áttl að vera að fella það skipulag, sem á þessum málum var. Hæstv. ráðh. getur ekki hugsað sér að halda þessu skipulagi, hneykslið er svo augljóst, að mikla nauðsyn bar til að breyta alveg um yfirstjórn. En það er ekki gert, heldur er sett yfir það ráð, og ef hver þessara ráðsmanna fengi eins og var hjá síldarverksmiðjunum, eða um 20 þús., sem vel má við búast, sést bezt vanþekking og vankunnátta þess manns, sem tekur þannig á málunum. Ef húsbóndi er óhæfur eða bankastjóri, er ekki hægt að bæta úr því með neinu ráði, það getur aðeins haft minni háttar eftirlit. Það getur verið til stuðnings góðum húsbónda og góðum bankastjóra, en það er til einskis gagns yfir lélegum mönnum. En þetta bendir á annað, sem er merkilegt fyrir þessa stjórn. Hér er ekki tekið eins rösklega á málunum og hjá hæstv. fjmrh. við síldarverksmiðjurnar, þar sem hann hreinsaði burt ósómann, nei, hæstv. flugmrh. hefur ekki viljað ganga í berhögg við kommúnista. Hann hefur augsýnilega ekki gefið upp alla von um að komast til þeirra, sem hann hefur verið að reyna undanfarið, og ekki er lítið til unnið. Nú vill hann fórna stærsta málinu til þess að þóknast þessum mönnum. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Það sér hver maður, hvert stefnir, að þessi fyrirtæki eru komin að gjaldþroti, á það vildi ég aðeins benda.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. S-Þ. sagði, að búið væri að verja um 8 millj. til flugvallanna, síðan núverandi stjórn tók við. Þetta getur nú alls ekki staðizt, og þó að hv. þm. miðaði við árið, fær það ekki staðizt heldur. Hitt er svo annað mál, að það er mikið vandamál, hve kostnaðarsamir þessir flugvellir eru. Í fjárl. er gert ráð fyrir rekstrarhalla á flugvellinum í Reykjavík, sem nemur 2550000 kr., og er það svipað og var á s. l. ári, og var þó ekki veitt til endurbóta á vellinum þá. Svona getur þetta ekki haldið áfram. Það verður að gera eitthvað til að auka tekjur vallarins og til sparnaðar. Þetta er stærsti liðurinn til flugmálanna, og þetta stendur svo framförum þeirra úti á landi fyrir þrifum, að Alþ. verður að gera eitthvað, sem um munar, til úrbóta í þessu efni og aukningar framlaginu til flugvallanna.

Annar aðalkostnaðarliðurinn er hin svokallaða öryggisþjónusta, sem er í því fólgin að hafa samband við flugvélar, sem eru á Norður-Atlantshafi, hvort sem þær koma við á Íslandi eða ekki. Þetta er ekki aðeins bundið við Reykjavík, heldur er það einnig á vegum landssímans, sem rekur í þessu skyni stöð í Gufunesi. En um þetta er það að segja, að þetta er líka alþjóðlegt, og á alþjóðaflugráðstefnum hafa fulltrúar Íslands lagt á það áherzlu, að þeir vildu fá þennan kostnað að verulegu leyti endurgreiddan, og mun það yfirleitt hafa þótt sanngirniskrafa. Ein slík stöð er í Vík í Mýrdal, og hefur verið endurgreiddur kostnaðurinn við hana af þessum alþjóðasamtökum að 95%. Nú stendur yfir flugmálaráðstefna í Montreal, og eru þar 3 fulltrúar fyrir Íslands hönd, og standa yfir samningar um endurgreiðslu þessa kostnaðar,

en niðurstaða er ekki orðin enn þá. En það er sanngjarnt, að þessi kostnaður komi til baka, svo að hann verði ekki nema brot af því, sem hann hefur verið. En þá er eftir vandamálið með rekstur Reykjavíkurflugvallarins — um Keflavíkurflugvöllinn ætla ég ekki að ræða að sinni — og þess vegna er þetta frv. fram komið. Það á ekki aðeins að setja flugráð, heldur á einnig að setja flugvallarstjóra og skipta þannig embætti flugmálastjóra í tvennt, svo að á þann hátt sé hægt að gera breyt. á rekstri flugvallarins, svo að hann kosti minni fjárútlát. Þetta vildi ég benda hv. þm. S-Þ. á.

Jónas Jónsson: Hæstv. ráðh. hefur nú skýrt frá, að í viðbót við þessar 7 millj. er bætt við veður- og símaþjónustu. Nú segir hæstv. ráðh., að reynt sé að fá eitthvað af þessu endurgreitt. Það munu vera 3 ár síðan flugmálaráðstefna var í Montreal, ef ég man rétt, og þar fekkst engin trygging, enda ósennilegt að nokkuð fáist greitt frá alþjóðasamtökum, þar sem Bandaríkin taka að sér rekstur Keflavíkurvallarins. Það er því allt á huldu með það, hvort nokkuð muni fást til að minnka útgjöld landssímans. En hvernig stendur á því, að sama starfsliðið er látið vera áfram á vellinum, eftir að séð hefur verið, hvernig það starfar? Hvað á eftirlit að þýða á óhæfa menn? Ég vil enn minna á ólagið á Keflavíkurvellinum, það hefur verið margháttað og óþægilegt. Það er vitað, að sá, sem hafði flugmálin í síðustu stjórn, var á móti því, að Bandaríkin starfræktu flugvöllinn, og þessi ráðh. kom þangað ýmsum, sem lítið gagn var að, m. a. sendi hann þangað mann, sem enga kunnáttu hafði á því, sem hann átti að gera, og sambandið milli þessara Íslendinga og Ameríkumannanna hefur verið eins leiðinlegt og lélegt og hægt var. En lögreglumaður, sem bæjarfógetinn í Hafnarfirði sendi, hefur staðið fyrir rétti landsins og unnið því álit, en öðru máli var að gegna um þá menn, sem flugmálastjórinn sendi þangað, þeir hafa ekki verið til annars en að þvælast fyrir. Flaggið er gott dæmi þess. Það átti að vera merki yfirráða Íslendinga yfir vellinum, eina táknið, sem þeir höfðu þar, en það var ekki einu sinni sett á stöng. Svona var allt svo ómyndarlegt, að betra hefði ekkert verið. Og þetta var vegna þess, að flugmálastjórinn vildi hafa þetta í ólagi, þess vegna var ekkert gert til að bæta úr þessu. En bæjarfógetinn í Hafnarfirði hafði þarna menn, sem voru til mikils álitsauka fyrir þjóðina, t. d. menn, sem hjálpuðu við að fara úr og í flugvélar, sem alls staðar er gert meðal siðaðra þjóða. Ég vil svo lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. ráðh. sér og hefur skilning á, að ekki er allt í lagi með fjárhaginn.

Það hefur þegar komið í ljós, að Reykjavíkurflugvöllurinn er of lítill, en þá vildu kommarnir stækka hann og hikuðu ekki við að leggja til, að rifin væru nokkur hús borgaranna hér í bænum í því skyni. Það plan þeirra hefði komið til með að kosta 30 til 40 milljónir kr. Völlurinn er allt of stór og okkur algerlega ofvaxinn. Hann er því svipaður í höndum okkar og stórskipið Nelson, ef Bretar hefðu gefið okkur það. Við fengum þarna sverð, sem við ekki ráðum við, þess vegna grotnar hann niður, án þess að við fáum að gert. Okkur nægir flugvöllur eins og Melgerðisflugvöllurinn. Hann réðum við við, og hann væri í samræmi við okkar fjárhag.

Nú ætlar flugmrh. að bæta nefnd við í sambandi við reksturinn og ráða sjálfur menn til langs tíma, en láta þá fara, sem starfað hafa undanfarið, þó að það virðist vera miður heppileg ráðstöfun.

Mér þykir rétt að láta þetta koma fram, svo að menn geti séð, hvernig ástandið er og hvert stefnir, því að ef þetta frv. verður samþ., þá er fjárhag þjóðarinnar stefnt í voða. En það eru litlar líkur til, að bót verði ráðin á þessu, ef núverandi stjórn treystist ekki til að gera betur en fyrrverandi stjórn.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Aðeins aths. Það er algerlega á misskilningi byggt, að núverandi starfslið haldi ekki áfram að starfa á flugvellinum, og það er líka misskilningur, að ég sé að ráða starfslið nú til langs tíma, en það þykir ekki rétt að ráða starfslið til langs tíma, fyrr en sá maður er fundinn, sem veita á þessu forstöðu, svo að hann geti verið með í ráðum við val starfsliðsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 910,1 felld með 16:5 atkv.

— 910,2—3 felldar með 16:5 atkv.

Frv. samþ. með 15:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 933).

14. Innkaupastofnun ríkisins.

Á 102. fundi í Ed., 28. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um innkaupastofnun ríkisins (stjfrv. A. 592).

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. þarf ekki langra skýringa við. Í því felst heimild fyrir ríkisstj. að setja á stofn innkaupastofnun, sem annist innkaup til ríkisstofnana. Þessar stofnanir eru margar og því æskilegra að sameina þær í eina innkaupastofnun. Þó er ætlazt til, að þær einkasölur, sem eru í gangi, haldi áfram og verði þeim á engan hátt breytt. Í frv. felast einnig nokkrar heimildir um reksturinn, svo sem skipun forstöðumanns og annað slíkt. Ég tel svo óþarft að fara um þetta fleiri orðum, en vona, að hv. d. greiði götu frv. í gegnum deildina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 130. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið að dagskrá.

Á 131. fundi í Ed., 13. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 592, n. 800, 801).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er fram borið af hæstv. ríkisstj. Tilgangur frv. er sá að fela ríkisstj. að setja á stofn innkaupastofnun, sem á að hafa það hlutverk með höndum að annast innkaup á nauðsynjavörum vegna ríkisstofnana og annarra sérstakra framkvæmda, sem ríkið hefur með höndum. Frv. skyldar allar ríkisstofnanir eða stofnanir, sem reknar eru fyrir reikning ríkisins, svo og alla þá, sem hafa með höndum stjórn sérstakra framkvæmda, sem kostaðar eru af ríkissjóði, til þess að kaupa þær nauðsynjar, sem þeir þurfa á að halda vegna framkvæmdanna, af innkaupastofnun ríkisins. Og jafnframt er innkaupastofnuninni lögð sú skylda á herðar að láta þessum aðilum í té þær nauðsynjar, sem þeir þurfa á að halda, á kostnaðarverði að við bættum ómakslaunum, sem svarar kostnaði við rekstur stofnunarinnar.

Fjhn. hefur athugað þetta frv. Meiri hl. n., hv. 1. þm. Reykv. (PM), hv. þm. Dal. (ÞÞ) og ég, við þrír leggjum til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Einn nm., hv. 4. landsk. (BrB), vill gera á frv. nokkrar breyt. Fimmti nm., hv. 1. þm. Eyf. (BSt), var ekki viðstaddur, þegar frv. var tekið til meðferðar í n. Mun hann, eftir því sem ég bezt veit, hafa verið fjarstaddur úr bænum, með leyfi hæstv. forseta.

Viðvíkjandi efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, verður vart um það deilt, að eins og högum er nú komið, þá er á því mikil þörf, að komið verði á stofn sérstakri innkaupastofnun, sem hafi með höndum þau verkefni, sem talin eru í þessu frv. Ríkið hefur nú sjálft beinlínis og óbeinlínis með höndum á hverju einasta ári stórfelldar framkvæmdir, sem kosta milljónir eða tugi millj. eða jafnvel hundruð millj. kr. Til þeirra framkvæmda þarf að kaupa að mikið af efni og nauðsynjum. Til þessa hafa þessir hlutir verið keyptir hjá þeim verzlunum, sem hafa haft þá á boðstólum, og ríkið þá að sjálfsögðu orðið að sæta sömu kjörum og aðrir aðilar, sem við þær stofnanir hafa skipt. Þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ætlað að gera þær breyt. í þessum efnum, að nú annist þessi innkaupastofnun ríkisins innkaup á öllum nauðsynjum, sem þarf til þeirra framkvæmda, sem reknar eru af ríkisstofnunum eða á vegum ríkisins og á kostnað ríkissjóðs. Það hagræði, sem skapast með því að setja á fót stofnun sem þessa, yrði að sjálfsögðu fyrst og fremst það, að þarna er skapaður möguleiki til þess, að ríkið geti aflað sér nauðsynja, sem það þarf á að halda, með talsvert lægri kostnaði en verið hefur hingað til. Eru ekki aðeins líkur til, að þarna sparist milljóna kr. álagning, sem ríkið hefur orðið að bera kostnað af, heldur ætti einnig þarna að vera hægt að komast að miklu hagkvæmari kjörum með heildarinnkaupum en verið hefur hingað til, auk þess sem allur kostnaður við innkaupin og við að afla varanna ætti að geta verið miklu minni með þessu móti en með því fyrirkomulagi, sem hingað til hefur ríkt. Við þetta bætist einnig það, að vörur þær, sem hið opinbera þarf á að halda til sinna framkvæmda, þær ættu, ef hægt er að fá þær á annað borð, að geta jafnan verið fyrir hendi, þegar til þeirra þarf að grípa. En eins og öllum er kunnugt, sem með þessum málum hafa fylgzt, hefur mjög viljað á því bera að undanförnu, að ríkið sjálft hafi talsvert orðið að sitja á hakanum um ýmislegt efni til framkvæmda og þess vegna hafi framkvæmdir þess orðið að víkja fyrir öðrum framkvæmdum, sem kannske verða ekki taldar eins nauðsynlegar og þær, sem ríkið hefur með höndum. Hagnaðurinn, sem ríkið ætti að hafa af þessu, er því bæði sparnaður á peningum, með því að fá ódýrari vörur, og ekki síður hitt, að möguleikar ættu að vera á því, að hægt væri að hnika því svo til, að vörur þessar væru jafnan fyrir hendi, þegar til þeirra þyrfti að grípa, þannig að ekki þyrfti að bíða eftir þeim langan tíma til skaða fyrir framkvæmdir ríkisins og á vegum þess. Þessa möguleika ætti að vera hægt að skapa með því að koma á fót stofnun þeirri, sem hér er gert ráð fyrir. En það á svo að sjálfsögðu við um þessa stofnun eins og svo margar aðrar, og þó ekki hvað sízt um þessa stofnun, að það veltur ekki mest á því að hafa lagafyrirmælin til þess að koma stofnuninni á og geta rekið hana. Hitt er ekki síður þýðingarmikið, að sjálf framkvæmd laganna fari viðunanlega úr hendi. Og það verður verk þeirrar stjórnar, sem við þessum l. tekur, ef þetta frv. verður samþ., að reyna að byggja þessa stofnun vel upp og fela framkvæmd hennar þeim einstaklingum, sem næga þekkingu og reynslu hafa í þessum efnum og líklegir eru til að reka hana með þeim hætti, að l. um hana geti náð þeim tilgangi, sem fyrir hæstv. ríkisstj. vakti, þegar hún bar frv. fram, og fyrir þeim þm. vakti, sem athuguðu og samþ. frv. í n.

Meðan þetta frv. var til athugunar í fjhn., var nokkuð á það minnzt, hvort ekki væri nauðsynlegt að gera á því nokkrar breyt., m. a. í þá átt að færa út starfssvið innkaupastofnunarinnar frá því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. M. a. var á það minnzt, hvort ekki ætti að ganga þannig frá frv., að innkaupastofnunin skyldi einnig annast innkaup fyrir þær einkasölur, sem þegar eru starfandi á vegum ríkisins, eða slíkar stofnanir, er síðar kunna að verða stofnaðar. Einnig var á það minnzt, hvort ekki ætti að fela þessari innkaupastofnun að annast innkaup fyrir þá einstaklinga eða einstaklingsfyrirtæki, sem kynnu að óska eftir að gera innkaup í gegnum þessa stofnun. Hv. 4. landsk. þm. hefur nú borið hér fram brtt., sem gengur í þessa átt. Meiri hl. fjhn. vildi hins vegar ekki fara inn á þessa braut að svo stöddu máli. Um það eru að vísu allir sammála í n., að svo geti farið — og til þess eru líkur —, að í framtíðinni kunni að þykja hagkvæmt að færa starfsvið innkaupastofnunar ríkisins mjög mikið út, þannig að hún hafi með höndum fleiri verkefni en henni er ætlað með þessu frv. En á byrjunarstigi þessa máls virðist það vera nokkurt atriði að efna þannig til þessarar stofnunar, að henni sé í upphafi fengið hæfilegt verksvið, til þess að hún ráði við það á fyrsta stigi þessara framkvæmda. Og virðist, að þegar verið er að koma þessari stofnun á fót, þá sé ekki vert að ganga lengra í þessum efnum en gert er hér ráð fyrir, að fela þessari stofnun innkaup fyrir ríkið sjálft og ríkisstofnanir og stofnanir, sem reknar eru á vegum ríkisins. Komi það hins vegar í ljós, þegar stofnun þessi tekur til starfa, að það reynist hagkvæmt að skipta við hana, bæði um verð og vöru-

gæði og annað, þá er gefið mál, að taka verður til athugunar að færa út starfsvið þessarar stofnunar, þannig að hún annist innkaup fyrir fleiri en ríkið. Hins vegar finnst meiri hl. fjhn., að ekki sé ástæða til í upphafi að fela þessari stofnun meira starfsvið en svo, að ekki þurfi að óttast um, að hún ráði ekki við það þegar frá upphafi. Virðist skynsamlegt að fara gætilega af stað. En gefi þessi innkaupastofnun ágæta raun, ber að athuga, hvort ekki skuli færa starfsemi hennar út á víðari grundvöll.

Að því er varðar innkaup fyrir sjálfar ríkisstofnanirnar vil ég geta þess, að hæstv. ríkisstj. hefur í hendi sér, hvað sem þessum l. líður, að gera breyt. á framkvæmd þeirra l., sem nú eru fyrir hendi, þannig að hún samræmi meir en verið hefur innkaupin fyrir ríkisstofnanirnar. Og er mér ekki grunlaust um, að athugun í þá átt sé á ferð hjá hæstv. ríkisstj.

Þá var minnzt á það í fjhn., hvort ekki þætti rétt að taka upp ákvæði í frv. í sambandi við innflutnings- og gjaldeyrisleyfi og tryggja í því sambandi forgangsrétt fyrir innkaupastofnunina. Hv. 4. landsk. þm. hefur einnig borið fram brtt. um þetta. Ég fyrir mitt leyti fæ ekki betur séð en að þessi brtt. sé óþörf og ástæðulaus. Hæstv. ríkisstj. hefur sjálf yfirstjórn á úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa, og bankarnir, sem ráða yfir gjaldeyrinum, lúta að vissu leyti yfirstjórn sjálfrar ríkisstj. Ríkisstj. hefur því það í hendi sér að tryggja það, að hún fái að ganga fyrir um gjaldeyris- og innflutningsleyfi til þeirra efna og afnota og kaupa, sem hún sjálf þarf á að halda. Og ef henni finnst einhver tregða á þessu hjá bönkunum eða nefndum, sem með þessi mál fara, er opin leið fyrir ríkisstj. að grípa til sinna ráða og gera ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í þeim efnum. Og er ástæðulaust og óviðkunnanlegt að taka upp í þessi l. nokkur ákvæði um þetta.

Ég held, að það séu ekki fleiri atriði, sem ég sé ástæðu til að minnast á. En meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Og fylgir því þá jafnframt það, að meiri hl. fjhn. tekur ekki undir þær brtt., sem fram hafa verið bornar af hv. 4. landsk. þm. á þskj. nr. 801.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Þessar brtt. mínar eru aðallega tvenns konar. Í fyrsta lagi um það, að innkaupastofnunin hafi heimild til og verði falið að annast innkaup á vörum ekki aðeins fyrir ríkið sjálft og stofnanir þess, heldur einnig fyrir aðra aðila, sem óska þess, og að í sambandi við það verði stofnuninni tryggður forgangsréttur um gjaldeyri til vörukaupa sinna, þ. e. a. s. að því tilskildu, að hún geti útvegað vörurnar á því verði, sem er a. m. k. sambærilegt við lægsta verð annarra innflytjenda.

Mér kemur það, satt að segja, nokkuð undarlega fyrir sjónir, að ekki skuli vera fallizt á þessar till. þegar í upphafi. Það virðist svo sem hér mundi aðallega verða um byggingarvörur að ræða, þannig að langmestur hluti þeirra vara, sem til greina kemur, að innkaupastofnunin sjái um innflutning á, yrðu byggingarvörur fyrir ríkið og stofnanir þess. Og tilgangurinn er sá með þessari lagasetningu, að ríkið geti þar með gert hagkvæmari innkaup en ella, eins og hv. frsm. fjhn. hefur nú skýrt í sinni framsöguræðu. Hann hefur fært fyrir því þau rök, sem virðast liggja til grundvallar fyrir frv., að líklegt sé, að með þessu móti væri unnt að afla varanna með hagkvæmara verði en ella. En þá spyr ég: Hvers vegna mega þá ekki bæjarfélög, samvinnufélög og einstaklingar njóta góðs af, ef það er rétt, að með þessu fyrirkomulagi sé hægt að afla varanna með hagkvæmara hætti en annars? Hvers vegna má þá ekki færa út starfsvið þessarar stofnunar, þannig að ekki aðeins ríkið, heldur og aðrir geti fengið vörurnar með lægstu og hagkvæmustu verði? Samkv. þessari brtt. minni er til þess ætlazt, að innkaupastofnun ríkisins geti sem sagt líka tekið að sér innkaup á öðrum vörum en þeim, sem til greina mundu koma í því formi, sem frv. er nú, og að það sé hægt að auka starfsemi hennar smátt og smátt eftir hentugleikum, eftir því sem fært þykir og reynslan segir til um, að hagkvæmt sé. Ef vel tekst til, þá er hér um mikla möguleika að ræða til þess að draga mjög úr þeim óhemju kostnaði, sem nú er á innflutningi vara, og lækka stórlega vöruverð í landinu. Og allir munu vera sammála um það, að sá kostnaður er óskaplegur, kostnaðurinn við innflutning vara til landsins, og fyrir liggja um það tölur og skýrslur, sem eru óyggjandi og ekki verður um deilt. Hins vegar eru menn ósammála um það, hvort hagkvæmt sé, að ríkið yfirleitt reki verzlun. Um það er deilt. En þrátt fyrir það að menn séu ósammála um þetta, þá ættu þessir hv. fjhn.menn ekki að vera á móti því, að úr því yrði skorið með reynslunni. Og það er einmitt þetta, sem til er ætlazt með þessum brtt. mínum, þ. e. a. s. ef stjórnarvöldin vilja stuðla að því, að þessi tilraun verði gerð, en hafi þá ekki meiri hug á því að sanna, að ríkisverzlun sé óframkvæmanleg eða óheppileg. — Mér er þess vegna óskiljanlegt, að menn skuli ekki vilja fallast á að gera þessa tilraun með samkeppni milli einkarekstrar og ríkisrekstrar, hverjar skoðanir sem menn annars kunna að hafa. Hvaða kaupmaður sem er í þessu landi hefur heimild til þess að verzla með hinar margvíslegustu vörur, og hver innflytjandi hefur heimild til að kaupa inn vörur fyrir hvaða aðila sem er. Hvers vegna skyldi þá innkaupastofnun ríkisins ekki mega hafa sama rétt? Ef þessi stofnun nær tilgangi sínum, þá gerir hún betri innkaup en aðrir. Annars er hún tilgangslaus. Og hvers vegna í ósköpunum mega þá ekki aðrir en ríkisstofnanir njóta góðs þar af?

Þá er það hin brtt., sem í fyrsta lagi gengur út á það að heimila ríkisstj. að sameina innkaupastofnun ríkisins þær ríkiseinkasölur, sem nú eru starfandi, og sömuleiðis þær, sem stofnaðar kunna að verða. — Líklegt má telja, að ekki líði á löngu, áður en fleiri einkasölur verði settar á stofn, og m. a. liggur hér fyrir þinginu till. um einkasölu á kolum og salti og sömuleiðis önnur till. um einkasölu á olíu. Það er nú ótrúlegt, að heppilegt sé, að allar þessar einkasölur starfi hver í sínu lagi. Þó er engu slegið föstu um það í þessari till. minni, svo langt er ekki gengið, og skal ég ekki um það deila á þessu stigi málsins, en víst er um það, að margir eru þeirrar skoðunar, að heppilegt væri að sameina þessari stofnun þær einkasölur, sem nú þegar eru starfandi, og mér finnst þess vegna sjálfsagt að veita ríkisstj. heimild til slíkrar sameiningar, ef athugun leiðir í ljós, að það sé ótvírætt hagkvæmt. Mér þykir það satt að segja svo mjög með ólíkindum, að ég get ekki trúað

því, að svo reynist, að ef ríkið tekur að sér rekstur með allmargar vörutegundir, sé það hagkvæmt, að verzlanir með hverja vörutegund um sig séu út af fyrir sig með sitt sérstaka skrifstofubákn, sína sérstöku framkvæmdastjóra o. s. frv.

Hv. frsm. taldi í framsöguræðu sinni, að þetta gæti komið til greina, en engin ástæða væri til að slá því föstu strax. Það er heldur ekki gert með þessari till. minni, þar sem hún er aðeins um heimild til ríkisstj. Og hvers vegna skyldi ríkisstj. ekki fá þessa heimild? Er ekki tímabært að láta þetta koma til framkvæmda þegar í stað, ef hagkvæmt reyndist? Það er ekki annað en tylliástæða að koma með þá mótbáru, að það kunni að vera rétt, en þessu sé slegið föstu, því að það er ekki farið fram á það, heldur að þetta verði reynt og að gerðar verði ráðstafanir til þess, að hægt verði að framkvæma það, ef hagkvæmt reynist.

Sama er að segja um hina aðaltill. mína. Hv. frsm. bar ekki á móti því, að það kynni að reynast svo, að rétt væri að færa út starfssvið innkaupastofnunar ríkisins, en það væri ekki rétt að gera það strax. Hvers vegna? Hvers vegna ekki veita lagaheimild til þess, að innkaupastofnun ríkisins færi út starfssvið sitt þegar í stað eða áður en Alþ. gerir breyt. á þessum l., sem getur dregizt? Það eru engin rök til móti þessu.

Eins er það um gjaldeyrinn. Hvers vegna má ekki tryggja með l. í upphafi, að stofnunin gangi fyrir um gjaldeyri? Það er ekkert um það talað í frv., og eftir því fyrirkomulagi, sem nú er, verður það ekki gert, því að þar er farið eftir vissum reglum, og sé ég ekki annað en það sé sjálfsagt, að þegar í upphafi sé tryggt, að stofnunin gangi fyrir um gjaldeyri, og að það sé skýrt fram tekið í l. þegar í stað, til þess að það sé fyrir fram tryggt, að þessi tilraun nái tilgangi sínum.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Hv. 4. landsk. hefur nú gert grein fyrir þeim brtt., sem hann hefur borið fram við þetta frv. — Ég þarf í rauninni ekki miklu til að svara því, sem hann tók fram, því að ég vék í ræðu minni áðan nokkuð að þessum brtt. og gerði grein fyrir þeirri afstöðu, sem n. á sínum tíma tók til þeirra. Ræða hans gaf mér þess vegna lítið tilefni til andsvara. En auk þess sem ég vísa til þess, sem ég sagði í ræðu minni áðan, þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um ummæli þessa hv. þm.

Hann minntist fyrst á fyrri brtt. sína, sem er um það að færa starfssvið innkaupastofnunarinnar út til verulegra muna, þannig að hún annaðist ekki aðeins innkaup fyrir ríkisstofnanir, heldur ættu einnig aðrir rétt á að fá nauðsynjar sínar keyptar frá stofnuninni, ef þeir óska þess, eða eins og segir í till.: „Enn fremur skal hún annast innkaup á vörum fyrir aðra aðila, ef þeir óska þess.“ Þessi brtt. leggur beinlínis þær skyldur á herðar innkaupastofnun ríkisins, að hún skuli annast þau innkaup, sem aðrir en ríkisstofnanir kunna að óska eftir. Eins og menn sjá, eru með þessu lagðar nokkuð ríkar skyldur á herðar innkaupastofnuninni, og meiri hl. fjhn. finnst ekki rétt á þeim tíma, sem verið er að setja þessa stóru stofnun á fót, að binda stofnuninni þessar skyldur á herðar og láta hana þannig taka á sig margs konar erfiði, einmitt þegar byrjunarerfiðleikarnir standa yfir í sambandi við stofnun stofnunarinnar. Það er áreiðanlegt, að þau verkefni, sem þeir fá til að leysa, sem með hana eiga að fara, verða ærin, að útvega ríkisstofnunum nauðsynjar þeirra, þó að ekki verði þegar í stað farið að skylda stofnunina til þess að sjá um innkaup fyrir aðra, sem eftir því kynnu að óska. Við, sem að þessu stöndum og áhuga höfum fyrir því, álítum það miklu öruggara að fara af stað með fullkominni festu og varkárni og binda ekki stofnuninni í upphafi þann bagga, sem kynni að geta orðið henni að fótakefli í framtíðinni. Við teljum skynsamlegra að fá henni í upphafi það verkefni, sem hún á að leysa, þarfir ríkisins, en síðar, ef reynslan sýnir, að það mundi hagkvæmt, er sjálfsagt að færa starfsviðið út, og ég fyrir mitt leyti ber þá von í brjósti, að þessi stofnun muni reynast þannig, að fljótt komi að því, að allir verði sammála um, að ástæða sé til að færa hana út og auka verkefni hennar.

Hv. þm. hélt því fram, að tilgangurinn með 2. brtt. væri sá að koma þarna upp innkaupastofnun hjá ríkinu, sem fullkomlega gæti skorið úr því, hvort hagkvæmara væri, að ríkið annaðist innflutningsverzlunina eða aðrir. En til þess að fá úr því skorið, hvor leiðin væri betri, er það síður en svo, að brtt. hv. þm. sé nauðsynleg, því að eins og gengið er frá frv., á að fást úr því skorið, hvort betra sé að láta ríkið annast innkaupin eða einstaklinga. Það á að koma fljótt í ljós, þegar þessi stofnun fer að starfa, og miklu betur með því, að stofnunin sé hæfilega stór í upphafi, heldur en að binda henni bagga, sem kynnu að valda erfiðleikum í upphafi.

Hv. þm. gat um það, að eitt af þeim höfuðverkefnum, sem hann hefði í huga með brtt. sinni, væri ekki sízt innkaup á byggingarefni, og skal ég taka undir það með honum, að það er nauðsynlegt að koma annarri skipun á þau mál en ríkt hefur hingað til. Þykist ég þekkja það vel frá þeirri reynslu, sem ég hef fengið sem formaður byggingarfélags verkamanna. En ég vil benda þessum hv. þm. á annað, sem hann hefur þó orðið var við, að því er ég tel víst, að iðnaðarmenn eru sjálfir með hinum frjálsu samtökum sínum að vinna að því og eru þegar búnir að stíga gott spor í þá átt að koma þessum málum í miklu betra horf en verið hefur. Öll byggingarfélög á landinu, sem starfa á samvinnugrundvelli, hafa myndað með sér samband, sem m. a. hefur það hlutverk með höndum að annast innkaup á öllu nauðsynlegu byggingarefni fyrir byggingarfélögin. Ég held a. m. k., að byggingarfélögin væru á einu máli um það nú, að það væri vafasamur greiði, ef fara ætti að gera ráðstafanir til þess að kippa þessum málum úr þeirra höndum.

Þá minntist hv. þm. á þá brtt. sína, sem fjallar um það að fela þessari stofnun að annast innkaup fyrir einkasölur. Eins og ég áður sagði, getur það vel verið til athugunar í framtíðinni, hvort slíkt sé rétt, en eins og löggjöfinni er nú háttað, hefur ríkisstj. til þess fulla heimild og aðstöðu að endurskipuleggja fyrirkomulagið á innkaupum fyrir einkasölur. Hún getur þar fært saman meira en verið hefur og tekið upp það fyrirkomulag í þeim efnum, sem hún sjálf telur heppilegast, án þess að þessi brtt. hans sé samþ., og sé ég því ekki betur en þessi till. sé með öllu óþörf.

Þá minntist hv. þm. að lokum á brtt. við 3. gr., að innkaupastofnun ríkisins skuli hafa forgangs-

rétt um gjaldeyri til vörukaupa sinna. — Það er rétt, að um gjaldeyrinn hafa verið settar vissar kvótareglur, sem þessum leyfum er úthlutað eftir, en hitt er staðreynd, að yfirstjórn þessara mála er raunverulega í höndum ríkisstj. sjálfrar, því að það er á hennar valdi að láta hnika þessum reglum þannig til, að hún geti notið forgangsréttar um gjaldeyri á þeim nauðsynjum, sem hún þarf á að halda. Hún hefur þá aðstöðu gagnvart bönkunum, að hún getur aflað sér forgangsréttinda, eftir því sem hún þarf á að halda. Til þess þarf engin lagafyrirmæli, og virðist mér því brtt. með öllu óþörf.

Ég sé þá ekki að sinni ástæðu til að taka þetta frekar fram, en vil undirstrika þá till. fjhn., að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Hannibal Valdimarsson: Það orkar naumast tvímælis, að oft hafa verið gerð óhagkvæm innkaup fyrir ríkisstofnanir, og innkaup þeirra munu víst nema milljónum króna á ári hverju. Á þennan hátt fara til spillis upphæðir, svo að milljónum króna skiptir, og rekstur ríkisstofnananna hefur orðið mun fjárfrekari en ástæða hefði verið til, ef ríkisstofnunum hefðu verið útvegaðar nauðsynjar sínar með eins hagkvæmu innkaupsverði og unnt hefði verið millilliðalaust. Það virðist þess vegna eðlilegt, að hjá því verði reynt að komast, að þessu haldi svo áfram, með því að ríkið sjálft komi á fót stofnun, sem annast innkaup fyrir allar ríkisstofnanir, og virðist eðlilegt, að þar væru sem fæstar undantekningar gerðar. Einkasölurnar flestar eða allar falla undir verksvið þessarar stofnunar. Mér virðist verksvið þessarar innkaupastofnunar vera mjög lauslega formað samkv. 2. gr. og óviðkunnanlegt, að þar skuli vera ætlazt til, að verksviðið skuli ákveðið með reglugerð, þegar það er lauslega gert í l., sem reglugerðin byggist á. Ég er að sjálfsögðu á þeirri skoðun, að slík stofnun sem þessi hafi eiginlega nauðsynlegu hlutverki að gegna og sé í alla staði sjálfsögð, en hefði óskað, að verkefni hennar hefði verið ákveðið víðtækara en gefið er í skyn í 1. gr. frv., en út fyrir það verður varla hægt að teygja verksviðið, þó að reglugerð verði sett samkv. 2. gr. Þess vegna tel ég, að æskilegra hefði verið, að verksviðið hefði verið víðtækara, fyrst og fremst af þessum ástæðum: Þarna kemur áreiðanlega til þess að þurfa að útvega fjöldamargar vörutegundir fyrir hinar ýmsu stofnanir ríkisins, og verður þá um tiltölulega lítið vörumagn að ræða af sumum þessum vörum, en þegar gera verður innkaup á litlu magni, er sjaldnast hægt að gera hagkvæm innkaup, nema því aðeins, að verkefnið sé víðtækara en hér er gert ráð fyrir. Hv. 4. landsk. miðar nú við það að færa út verksvið stofnunarinnar, en mér finnst orðalagið á þeirri till. nokkuð óákveðið, þar sem stendur: „Enn fremur skal hún annast innkaup á vörum fyrir aðra aðila, ef þeir óska þess.“ Nú gat hann þess, að með þessu meinti hann fyrst og fremst bæjar- og sveitarfélög og þær stofnanir, sem væru á vegum þeirra aðila, en sagði einnig, að hann teldi eðlilegt, að allir ættu þess kost að njóta sömu hlunninda. Ég hefði nú helzt óskað, að í þessari brtt. væri tekið fram, að auk þess sem innkaupastofnun ríkisins væri ætlað að kaupa inn vörur fyrir ríkisstofnanir, væri henni og heimilt að annast innkaup fyrir fyrirtæki og stofnanir, bæjar- og sveitarfélög, ef þess væri óskað. Ég vildi, að þetta væri alveg ákveðið bundið við opinbera aðila og annað ekki á þessu stigi málsins, og býst ég við, að ég mundi greiða till. atkv. mitt, ef hún væri í þessu ákveðna formi, að fyrirtækjum og stofnunum, bæjar- og sveitarfélögum væri heimilt að eiga viðskipti við innkaupastofnun ríkisins. Þeim verður varla heimilað þetta, þó að verksviðið yrði nánar ákveðið með reglugerð, nema einhverjar aðrar breyt. yrðu gerðar á 1. gr. frv., og finnst mér því, að beint vanti ákvæði um það í frv.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég verð með þessu frv., þó að mér þyki rammi þess of þröngur, en mundi vilja taka þátt í að freista þess að færa rammann út á þann veg, að það næði einnig til bæjar- og sveitarfélaga og þeirra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum þeirra.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við það, sem ég hef sagt. Ég hef í raun og veru tekið fram þau helztu rök, sem liggja í augum uppi, fyrir því, að sjálfsagt sé að færa út ramma þessa frv., og þau rök standa alveg óhögguð. — Það er rétt hjá hv. 3. landsk., að eins og frv. er, þá er rammi þess mjög óákveðinn, eins og hann er markaður í 1. gr., mjög óákveðið, hvernig þessi stofnun muni í rauninni starfa. Það er nú starfandi hér stofnun, sem heitir innkaupastofnun Reykjavíkurbæjar, og hún kaupir yfirleitt ekki inn frá útlöndum, heldur heildsölum, og það er engin trygging fyrir því, að þessi stofnun mundi ekki starfa á sama veg, því að það er ekkert í l., sem bendir til, að hún mundi kaupa beint inn, því verður reynslan að skera úr. Með mínum brtt. er sýnilega ætlazt til, að þessi stofnun sé raunverulega innkaupastofnun, sem kaupir inn frá útlöndum og hefur möguleika til að keppa við stór einkafyrirtæki.

Hv. 7. landsk. var enn að bera fram sömu rökin og hann var með í frumræðu sinni gegn till. mínum. Mér eru þessi rök óskiljanleg, enda er það bara til þess að segja eitthvað, af því að hann er búinn að binda sig við það að vera með frv. óbreyttu. Hann talar um, að í upphafi megi ekki binda þessari stofnun neinn bagga, meðan verið sé að koma henni á laggirnar. Það er ekki verið að binda henni neinn bagga. Hví skyldi það vera verra fyrir stofnunina, að hún hafi heimild til þess að gera stór innkaup? Það er mjög fjarri því, að með þessum till. mínum séu stofnuninni bundnar neinar óeðlilegar skyldur á herðar. Það er skýrt tekið fram, að forgangsréttur um gjaldeyrinn er bundinn því skilyrði, að stofnunin geti útvegað þær vörur, sem hún annast um innkaup á, fyrir verð, sem er sambærilegt við lægsta verð annarra innflytjenda. Svo að það að tala um, að með þessu sé verið að binda stofnuninni byrði, það eru ekki nokkur rök.

Hv. 7. landsk. þm. sagði, að ef mínar brtt. væru samþ., væri ekkert frekar skorið úr um það, hvort einkarekstur eða opinber rekstur væri hagstæðari, en gert er með frv. Þetta er ekki rétt. Með frv. er á engan hátt skorið úr um slíkt, þar eð því er sniðinn svo þröngur stakkur, að sú reynsla getur ekki fengizt. Þar er aðeins miðað við takmarkaða vöruflokka. Og í öðru lagi fer því fjarri — eins og ég hef oft bent á — að þessi stofnun

eigi sömu aðstöðu og einkafyrirtæki. Mundi þetta þykja mjög óhagstætt fyrir einkafyrirtæki, og efast ég um, að nokkur vildi kaupa hlutabréf í því, ef því væri sniðinn svo þröngur stakkur, að það þyrfti þegar frá upphafi að binda rekstur sinn við ákveðinn aðila og mætti ekki fara út fyrir þann ramma, svo að rök hv. þm. eru gersamlega haldlaus í þessum efnum. Það er rétt, að stofnunin getur ekki farið út í innkaup í stórum stíl nema með nokkrum undirbúningi, en það segir sig sjálft, að hún hefur ekki þessa verzlun, fyrr en sköpuð hafa verið þau skilyrði, sem gera þetta mögulegt.

Þá sagði hv. þm., að byggingarfélög þau, sem hér eru starfandi, væru nú að sameinast um innkaup og þeim væri lítill greiði gerður með þeim brtt., sem ég hef hér flutt, er gerði þeim mögulegt að verzla við innkaupastofnun ríkisins. Samkvæmt till. minum er byggingarfélögunum ekki skylt að verzla við innkaupastofnunina, ef þeim þykir hagkvæmara að hafa sína sjálfstæðu innkaupastofnun, þeim er slíkt algerlega frjálst, svo að það er eins og hver önnur fjarstæða að halda því fram, að það mundi koma byggingarfélögunum illa, þótt brtt. mínar yrðu samþ., þvert á móti. Ef innkaupastofnun ríkisins getur gert hagkvæm innkaup, er engin ástæða fyrir þessi félög að leggja í sérstakan kostnað til að hafa sína eigin innkaupastofnun, og álít ég, að hagkvæmast sé að hafa innkaupin á sem fæstra höndum. Þetta yrði byggingarfélögunum hins vegar alveg í sjálfsvald sett, og með þessu fyrirkomulagi yrðu alls ekki teknir frá þeim neinir möguleikar, heldur þvert á móti skapaðir nýir.

Hvað snertir þær röksemdir hv. þm. móti mínum till. um það, að þegar í upphafi væri ákveðið í l., að innkaupastofnunin skyldi hafa forgangsrétt um gjaldeyri til vörukaupa sinna með þeim takmörkunum, sem þar eru settar, þá er það að vísu rétt, að yfirstjórn gjaldeyrismálanna er í höndum ríkisstj., en með því er ekki fengin nein trygging fyrir því, að innkaupastofnun ríkisins hafi forgangsrétt um gjaldeyri, nema síður sé. Mér virðast undirtektir hæstv. ríkisstj. og hennar formælenda einmitt á þann veg, að ástæða sé til að ætla, að slík stofnun sem þessi mundi ekki fá ótakmarkaðan gjaldeyri, ef hún á að hafa möguleika á að keppa við einkafyrirtæki. Það hefur og hingað til verið þannig ástand í þessum málum, að ekki hefur verið farið eftir því í veitingu gjaldeyrisleyfa, hver geri hagkvæmust innkaup, þótt það sé nú að vísu á stefnuskrá hæstv. ríkisstj. Er mögulegt að framkvæma slíkt, hvað snertir ýmsar vörutegundir, en erfitt í sumum tilfellum. Með till. minum er gengið feti framar, því að þar er ætlazt til, að innkaupastofnun ríkisins hafi forgangsrétt um gjaldeyri, ef hún geti gert sambærileg innkaup við aðra, þ. e. a. s. geti útvegað vörur við verði, sem er sambærilegt við lægsta verð annarra innflytjenda. Það er sjálfsagt, að trygging sé fyrir slíku í l., og ef farið yrði inn á þessa braut, er nauðsynlegt fyrir þá, sem eiga að veita slíkri stofnun forstöðu, að vita, hvers þeir mega vænta í þessum efnum. Þótt valdið, hvað þetta atriði snertir, sé nú í höndum ríkisstj., tel ég það ekki nægilega tryggingu og vil, að valdið sé í höndum löggjafans, þannig að um það þurfi ekki að fara í grafgötur þegar í upphafi fyrir þá, sem eiga að standa fyrir þessari stofnun, hvers þeir mega vænta hvað gjaldeyri snertir.

Hv. 3. landsk. þm. taldi, að 1. brtt. mín væri nokkuð óákveðin og vildi heldur, að þetta ákvæði væri bundið við bæjar- og sveitarfélög, þannig að það væri beinlínis tekið fram, að þessi stofnun skyldi annast innkaup fyrir bæjar- og sveitarfélög, en aftur á móti ekki aðra aðila. Þetta er misskilningur hjá hv. þm., því að það er skýrt tekið fram í brtt., að stofnunin skuli annast innkaup á vörum fyrir aðra aðila, ef þeir óska þess, þ. e. alla aðila í landinu, sem kaupa vörur frá útlöndum, og þar með líka bæjar- og sveitarfélög. Tók ég það fram í framsöguræðu minni, að þarna kæmu fyrst og fremst til greina bæjar- og sveitarfélög. Ég væri því ekki ánægður með það, ef rammi þessa ákvæðis væri þrengdur á þann veg, sem hv. 3. landsk. þm. vildi leggja til, þannig að í staðinn fyrir „aðra aðila", sem mundi þýða alla aðila í landinu og þar með bæjar- og sveitarfélög, kæmi aðeins bæjar- og sveitarfélög. Hins vegar teldi ég það standa til mikilla bóta, þótt hv. þm. gengju ekki lengra en að fela innkaupastofnun ríkisins innkaup fyrir þessa aðila aðeins. Mundi ég fagna því, ef slíkt næði fram að ganga, enda þótt ég teldi það ekki nema spor í áttina.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég þarf í rauninni ekki að svara ræðu hv. 4. landsk. þm., sem hann hélt hér seinast, því að þar kom ekkert nýtt fram. Þó vil ég leyfa mér að vekja athygli á tveim atriðum, sem mér finnst ekki rétt að ganga þegjandi fram hjá. Þessi hv. þm. virðist sem sé í málflutningi sínum hér leggja allt annan skilning í þær brtt., sem hann hefur borið hér fram, heldur en í till. sjálfum felst, og er því ekki von, þegar hann vill ekki skilja sínar till. eins og ber að skilja þær, eftir því sem þær eru fram settar, að auðvelt sé að deila við hann um þær.

Varðandi 1. brtt. vildi hann ekki viðurkenna, að með henni væri verið að binda innkaupastofnuninni neinn sérstakan bagga. Fæ ég ekki séð, að neitanir hans hafi hina minnstu þýðingu, því ef maður les gr., þá er með þessu ákvæði, sem hann vill taka upp í frv., verið að binda innkaupastofnuninni mikinn bagga, þar sem segir beinlínis: „Enn fremur skal hún annast innkaup á vörum fyrir aðra aðila, ef þeir óska þess." Innkaupastofnunin skal sem sagt annast innkaup fyrir alla, ef þeir óska þess. Ef till. verður samþ., getur hver, sem vill, farið til innkaupastofnunarinnar og krafizt þess, að hún annist innkaup fyrir sig á því, sem hann þarf á að halda, og er stofnunin skyldug til að gera þetta, og finnst mér engin tök fyrir hv. þm. að skýra þetta á annan veg. Það er þessi baggi, sem ég vil ekki binda innkaupastofnuninni þegar í upphafi, þótt ég geri mér vonir um, að þetta fyrirtæki eigi eftir að reynast þannig, að tilefni gefist til aukins starfsviðs þess í framtíðinni.

Þá kom fram annar misskilningur í ræðu hv. 4. landsk. þm. Hann sagði, að eins og frv. væri borið fram, felist ekki í því nein trygging fyrir því, að innkaupastofnunin muni ekki binda sig við að kaupa vörur af heildsölunum, en ekki annast innkaupin erlendis frá, og á þessu ætlar hann að ráða bót með brtt. sínum. Eins og frv. liggur fyrir,

er ætlazt til þess, að innkaupastofnunin annist innkaup á vörum fyrir ákveðnar stofnanir og er ekkert ákveðið um það, hvar hún kaupi vörurnar. Það er auðvitað markmiðið, að kaupin séu gerð án milliliða, þótt innkaupastofnunin sé hins vegar ekki útilokuð frá því að skipta við heildsala hér, en þótt brtt. hv. 4. landsk. þm. verði samþ., yrði engin breyting á þessu, því að sú till. leggur ekki innkaupastofnuninni þær skyldur á herðar að kaupa vörur eingöngu erlendis frá. Stofnunin getur eftir sem áður gert sín innkaup, hvar sem hún sjálf telur hagkvæmast. — Það þýðir því ekkert fyrir hv. þm. að reyna að skýra sínar till. á annan hátt en þær eru orðaðar, því að niðurstaðan verður aðeins á einn veg, svo sem ég hef nú tekið fram.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. var ekkert annað en lögfræðilegt hártog og það mjög lélegt. — Það segir sig sjálft, að ef komið er til innkaupastofnunar ríkisins og beðið um að kaupa fyrir sig olíu, getur hún ekki annazt slík innkaup, nema hún hafi komið sér upp nægilegum olíugeymum, og hið sama er að segja um aðra vöru, því að það er ómögulegt fyrir stofnunina að gera innkaup á vörum fyrir aðra, nema hún hafi skilyrði til þess. Hún skal gera það, ef hún hefur skilyrði til þess, en því aðeins, að hún geti útvegað vöruna með lægra verði en aðrir eða sem sambærilegt er við lægsta verð annarra innflytjenda. En hún getur ekki annazt innkaup á t. d. olíu, nema því aðeins, að henni séu sköpuð nauðsynleg skilyrði til þess að reka olíuverzlun, og svo er um aðra vöru. Hins vegar er nauðsynlegt að orða till. eins og ég gerði: „skal hún annast innkaup", en ekki nota orðið heimilt, til þess að það séu bein fyrirmæli frá löggjafanum, að þessari ríkisstofnun sé skylt að annast innkaup fyrir landsmenn, að svo miklu leyti sem hún hefur skilyrði til þess að geta gert það og þannig, að hún geti útvegað vöruna með eins hagkvæmu verði og aðrir innflytjendur. Ef aðeins væri um heimild að ræða, væri hægt að gera þetta að dauðum bókstaf. Tel ég ekki nauðsyn bera til að fara í hita við hv. þm. út af svona augljósri hártogun.

Þá er það og rangt hjá hv. þm., að það komi ekki frekar fram í mínum till. en í frv., að innkaupastofnunin eigi að flytja inn vörurnar beint frá útlöndum. Ef hann les mínar till., mun hann sjá, að ætlazt er til þessa. Samkvæmt b-lið 2. gr. brtt. minnar á þskj. 801 stendur svo: „Innkaupastofnun ríkisins skal hafa forgangsrétt um gjaldeyri til vörukaupa sinna, enda geti hún útvegað vörur þær, er hún annast innkaup á, við verði, sem er sambærilegt við lægsta verð annarra innflytjenda." — Hér er vissulega um vörukaup að ræða frá útlöndum og ekkert annað. Þessi brtt. mín er nánari skýring á framkvæmd þess ákvæðis, sem ég ætlast til, að verði 1. gr. frv. Hins vegar er ekkert í frv., eins og það mundi verða, ef brtt. mínar yrðu samþ., sem bannar innkaupastofnun ríkisins að kaupa einnig frá innlendum heildsölum, en eins og frv. er nú orðað, er ómögulegt að sjá, hvernig ætlazt er til, að þessi stofnun starfi. Reynslan mun svo skera úr, hvort stofnunin mun kaupa beint frá útlöndum eða frá innlendum heildsölum, og mun það fara eftir því, hvernig henni verður stjórnað. Hér er starfandi önnur innkaupastofnun, innkaupastofnun Reykjavíkurbæjar, sem kaupir alls ekki frá útlöndum, heldur frá innlendum heildsölum, og þess vegna vil ég á það benda, að það er fullkominn möguleiki á því, að sú stofnun, sem hér er um að ræða, verði rekin með eitthvað svipuðum hætti, en úr því mun reynslan skera.

ATKVGR.
Brtt. 801,1 felld með 8:4 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 801,2.a felld með 8:3 atkv.
— 801,2,b felld með 9:3 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 132. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 128. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 129. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 135. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 136. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 592, n. 911 og 914, 909).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Þær brtt., sem hér eru bornar fram af meiri hl. og minni hl., eru áþekkar. Okkur þótti ekki vert að kveða eins fast að og gert er í till. minni hl. En með okkar brtt. viljum við tryggja, að leitað sé til innlendra aðila eins og til útlendra, þegar leitað er tilboða fyrir hönd innkaupastofnunar ríkisins. Við erum sammála því, að betri tilboð eða jafngóð af hálfu innlendra aðila eigi að taka fram yfir útlend, en við viljum ekki binda hendur stofnunarinnar í hverju einstöku tilfelli.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Jónsson): Ég flyt ásamt hv. 7. (vara)þm. Reykv. brtt. við 2. gr., þar sem við viljum bæta aftan við 2. gr., eins og þskj. 911 ber með sér, að í reglugerð þeirri, sem ráðgert er að setja í sambandi við innkaupastofnun ríkisins, sé greinilega fram tekið, að leita skuli til innlendra og erlendra aðila og taka því tilboði, sem sýnir hagkvæmast verð. Er ekki ástæðulaust, að um þetta er rætt og óskað, að þetta sé staðfest, því að það mun þekkjast, að ríkisstofnanir hafi sniðgengið innlenda aðila, enda þótt þeir hafi getað

lagt fram hagstæðari tilboð en þeir erlendu. Að vísu var hér gerð lagfæring af meiri hl., þar sem hann gerir ráð fyrir því að bæta aftan við gr., að í reglugerð skuli ákveða um útboð og skuli jafnan taka hagstæðasta tilboði. Þetta er vitanlega bót frá því, sem var í frv. upphaflega. En ég tel, að eins og þetta er orðað á þskj. 911, náist tilgangurinn betur og öruggara sé, að væntanlegur forstjóri þessarar ríkisstofnunar sniðgangi ekki innlenda aðila, ef þeir geta boðið eins hagstæð eða hagstæðari kjör en þeir erlendu. En innlendir aðilar hafa oft verið sniðgengnir hjá ríkisstofnunum áður. Ég vil eindregið mæla með því, að till. frá minni hl. á þskj. 911 verði samþ.

Áki Jakobsson: Eins og sést af nál. frá meiri hl. og minni hl., hefur það einkennilega fyrirbrigði skeð, að n. hefur klofnað, og það um stjfrv., á þann einkennilega hátt, að Sjálfstfl. hefur skilað minni hl. áliti, en ég er hér í meiri hl. með Alþfl. og Framsfl. (**SigfS:** Þetta er eins og það á að vera!) Þetta er eins og það á að vera. Og þó að ekki greini mikið á milli sjálfstæðismanna og hinna, felst nokkuð í þessari skyldukvöð á innkaupastofnun að leita tilboða hjá innlendum aðilum. Og ég verð að segja, að svo ófullkomið sem mér finnst þetta frv. um innkaupastofnun vera, finnst mér fásinna að leggja þessari stofnun slíka skyldu á herðar. Sýnir þetta í rauninni mjög greinilega, að ekki er meiningin, að þessi innkaupastofnun verði mjög víðtæk. Ég vildi hugsa þessa stofnun miklu víðtækari. Hún á að hafa ákaflega margvísleg verkefni og þýðingarmikil með höndum, einkum að annast innkaup á þeim vörum, sem þarf að kaupa frá ríkisstjórnum annarra landa, þar sem utanríkisverzlun er skipulögð sem ríkisfyrirtæki. Þar eru Sovétríkin fremst í hópi og þá ýmis önnur ríki á meginlandinu. Og það hefur sýnt sig í viðskiptum við þessi lönd, að erfitt er að framkvæma innkaup með þeim aðferðum, sem við höfum viðhaft. Höfum við því víða ekki keypt nægilega mikið til þess að geta látið það magn af sjávarafurðum, sem við annars hefðum getað fengið markað fyrir, þar eð ekki var til stofnun, sem gat tekið að sér þessi innkaup, þegar innkaupafélög einstaklinga hafa ekki fengizt til þess að kaupa frá þessum löndum. Þetta hefur háð mjög mikið okkar utanríkisverzlun. Er enginn vafi, að fyrr eða síðar verður að ráða bót á þessu. Og sú bót verður ekki ráðin öðruvísi en að ríkið taki í sínar hendur að verzla með þessar afurðir og kaupa inn frá þessum löndum.

Til þess að freista þess að gera þetta frv. nokkru víðtækara, flyt ég brtt. á þskj. 909, sem ég bar fram í fjhn., en fékk þá frá hendi stjórnarflokkanna í n. upplýsingar um það, að þetta væri samkomulagsmál milli stjórnarflokkanna og nm. væru bundnir við að hagga þar engu í þessu máli nema eftir fyrirmælum ríkisstj. Brtt. min er einkum í því fólgin, að innkaupastofnun ríkisins hafi heimild til að annast innkaup á vörum fyrir þá aðila, sem óska þess. Hef ég þar sérstaklega í huga bæjar- og sveitarfélög, og svo ef til vill ýmsa einstaklinga, sem kynnu að vilja það. Virðist slík heimild ákaflega eðlileg og ætti að vera trygging fyrir því, að þrátt fyrir þennan þrönga stakk frv. gæti þessi stofnun orðið rekin með meiri árangri, ef hún fengi þá auknu umsetningu, sem af þessu mundi leiða. Ég þekki dálítið til um rekstur bæjarfélaga víða um land, og þau mundu telja mikið hagræði að mega snúa sér til opinberrar stofnunar um að annast innkaup fyrir sig. Mundu fjöldamörg bæjarfélög hagnýta sér þetta og það í allverulegum mæli.

Í öðru lagi er í till. mínum, að ríkisstj. sé heimilt að sameina þessa innkaupastofnun við aðrar þær innkaupastofnanir, sem starfræktar eru. Á ég einkum við þessar þrjár: áfengisverzlunina, tóbakseinkasöluna og viðtækjaverzlunina. Enginn vafi er, að þetta væri mikið hagræði og sparaði starfsmannahald. Það mætti koma fyrir fullkomnari tækjum og húsnæðiskostur yrði ódýrari í heild. Hefur þessi sameiningarhugmynd oft komið fram.

Þá er í þriðja lagi, að ég vil láta ákveða, að innkaupastofnun ríkisins skuli hafa forgang til gjaldeyrisleyfa til sinna vörukaupa, ef hún getur útvegað vörur við verði, sem er sambærilegt við aðra innflytjendur. Það er gersamlega ófært, að ríkisstofnun, sem búin er að fá góð tilboð, þurfi að biðja um gjaldeyrisleyfi á sama hátt og einkastofnanir og kannske að þola þar drátt og jafnvel neitun og hefta þar með starfsemi sína. Það væri í alla staði til bóta, að hún fengi þennan forgangsrétt fyrir þessi innkaup sín. Sérstaklega ætti að vera hættulaust að ganga inn á þetta, þegar fram er tekið, að þetta skuli því aðeins gilda, að verðið sé sambærilegt við lægsta verð annarra. Sams konar till. var flutt af hálfu Sósfl. í Ed., og ég taldi rétt að leita fyrir mér í þessari hv. d., hvort hún sæi nauðsyn á viðtækum starfsmöguleikum þessarar innkaupastofnunar, sem vafalaust skal vera vísir að öðru meira og verða stórt fyrirtæki.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hefði helzt kosið, að þetta frv. hefði fengið að fara nokkurn veginn óbreytt gegnum þessa d., svo að ekki þyrfti að senda það aftur til Ed. Ég sé að vísu, að fjhn. hefur borið fram brtt. við frv., sem ég get vel sætt mig við. En í 2. gr. frv. er sagt, að ríkisstj. skuli ákveða með reglugerð um starfsvið stofnunarinnar. Og ég fyrir mitt leyti væri alveg til með að lýsa yfir, að í þessa reglugerð skyldu tekin upp ákvæði svipuð og þau, sem felast í brtt. meiri hl. á þskj. 914. En ég tel þó ekki, að ég vildi leggja á þetta höfuðáherzlu, ef meiri hl. n. vildi við hana fast halda. Ég tel hins vegar, að í frv. sé fullkomin heimild til að gera þetta, og sé þess vegna ekki, ef þessi yfirlýsing lægi fyrir, að endilega þyrfti að samþykkja brtt. Mér þykir hugmynd þessi, sem kemur fram í báðum till., á þskj. 911 og 914, betur orðuð og á þann hátt, sem ég felldi mig betur við og mundi halda mig við, ef til kæmi, þó að ekki væri samþ. annað en það, sem í frv. stendur nú. En sem sagt, það veldur sjálfsagt ekki neinum úrslitum, þó að frv. fari aftur til hv. Ed., en heldur hefði ég kosið, að það þyrfti þess ekki.

Um till. frá hv. þm. Siglf. skal ég segja það, að ég er efnislega samþykkur sumu af því, sem í þeim felst. En um þetta mál er samið milli stjórnarflokkanna fyrir stjórnarmyndun á þann hátt, sem í frv. felst og ég tel mikla bót að. Ég vil þess vegna ekki samþykkja það af till. hv. þm., sem ég að öðru leyti kynni að vera með, vegna þess að á þann hátt væri aðalefni frv. og kannske frv. öllu stofnað í hættu. Hins vegar skal ég ekkert segja um

það, hvernig fara muni, ef þessi innkaupastofnun ríkisins reynist vel. Má vel vera, að hún geti tekið að sér eitthvað af þeim verkefnum, sem þar er farið inn á, og á þann hátt, sem brtt. gerir ráð fyrir. Ég tel ekki, að ég þurfi annað og meira um þetta að segja. En ég vildi mega óska, að frv. fengi að ganga fram í svipuðu formi og það liggur fyrir, og annaðhvort léti fjhn. nægja þessa yfirlýsingu mína um reglugerðarákvæði eða að samþ. yrði brtt. á þskj. 914, sem að efni til er ekki frábrugðin till. á þskj. 911, en ég tel með æskilegra orðalagi, ef eitthvað verður samþ. til breytinga.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ræða hv. þm. Siglf. gefur mér ekki tilefni til að segja mörg orð. En það er sérstaklega eitt, sem ég vildi vekja athygli á. Það, sem átt er við með brtt. á þskj. 911, er það, að ríkisstj. leiti tilboða almennt og taki hagkvæmasta tilboði, hvaðan sem það kemur, hvort sem það er frá innlendum aðila eða erlendum. Einu sinni var sú tíð, að það þótti mikils vert, að verzlunin var komin á hendur innlendra manna. Og það er ekki langt síðan innlendir voru taldir rétthærri í verzlun við landsmenn en erlendir „agentar". Nú skilst mér á hv. þm. Siglf., að hann vilji meta erlendu „agentana" meir en innlenda menn og vilji heldur láta innkaupastofnunina eiga viðskipti við útlenda en innlenda kaupsýslumenn, sem fyrir dugnað og gömul sambönd gætu boðið betri kjör en þeir erlendu. Ég er sannfærður um, að allir nm. í fjhn., nema þá hv. þm. Siglf., eru sammála um, að það beri að leita tilboða hjá innlendum aðilum líka og taka tilboðum þeirra að öðru jöfnu, jafnvel þótt þau væru ekki betri, en eins góð. Og ágreiningurinn í fjhn. er náttúrlega nauðalítill. Og ég efast um, að till. á þskj. 911 hefði verið borin fram, ef vitað hefði verið fyrir fram um þá brtt., sem er á þskj. 914, því að ég lít svo á, að í aðalatriðum nái sú brtt. þeirri meiningu, sem felst í till. á þskj. 911. En að minni hl. hélt fast við sína till., er af því, að í henni felst skýrara og tryggara orðalag. Til að þóknast hæstv. viðskmrh. vil ég fyrir hönd minni hl. taka till. á þskj. 911 aftur, ef hann gefur yfirlýsingu um það, að í reglugerð, sem ráðgert er að setja samkv. 2. gr., sé fram tekið eitthvað á þessa leið: Í reglugerð skal ákveða um útboð og jafnan taka hagstæðustu tilboðum, hvort sem þau koma frá innlendum eða erlendum aðilum.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Í tilefni af yfirlýsingu hæstv. ráðh. þá vil ég lýsa því yfir fyrir hönd meiri hl. n., að till. á þskj. 914 er tekin aftur. Við höfum einnig samþ. þær viðbætur við okkar till., sem hafa verið orðaðar í ræðu hv. 2. þm. Rang. Um till. hv. þm. Siglf. vil ég aðeins segja það fyrir hönd — ekki þess meiri hl., sem flytur till. á þskj. 914, heldur fyrir hönd þess venjulega meiri hl. í n., að við getum ekki fallizt á hans till.

Fyrsta till. er um það, að innkaupastofnunin annist innkaup á vörum fyrir alla þá aðila, sem sjálfir óska þess. Hér er of langt gengið frá okkar sjónarmiði séð, og brýtur þetta einnig í bága við stjórnarsamninginn, sem hæstv. ráðh. hefur minnzt á. En þó að ekkert svona ákvæði væri tekið upp í frv., þá lítum við svo á, að ríkisstj. geti falið þessari stofnun ýmis verkefni önnur en þau, sem tekið er fram í frv., ef ríkisstj. hefur heimild til þess eða utanríkissamningar gera það nauðsynlegt, en okkur finnst of langt gengið, að hver þegn gæti ónáðað stofnunina í sínum erindum.

Um till. 2.a. er það að segja, að við teljum ekki heppilegt og því síður nauðsynlegt að setja slíkt ákvæði inn í þetta frv.

Einnig má segja það um b-lið, að við teljum, að innkaupastofnun ríkisins standi svo vel að vígi um forkaupsrétt á gjaldeyri, að þessi till. ætti að vera óþörf þess vegna. Ég skal svo ekki segja fleira um þetta mál.

Áki Jakobsson: Ég held, að hv. 2. Rang. hafi misskilið mín orð. Ég hef ekki sagt, að það væri fásinna að leita tilboða hjá innflytjendum, en aðeins það, að skylda stofnunina til þess, það finnst mér binda hendur hennar um of. Mér finnst óeðlilegt, ef hæstv. samgmrh. hefur fallizt á það við n., að útboð skuli ákveðin í reglugerð. Það segir sig sjálft, að það getur orðið geysilegur trafali fyrir starfsemina. Ég er ekki á móti því, að tilboð séu keypt af innlendum aðilum, ef þeir geta boðið lágt verð, en mér finnst ótækt að skylda stofnunina til að leita tilboða innanlands. Ég vil taka það fram, að það er misskilningur hjá hv. 2. þm. Rang., að till. 911 sé borin fram vegna þess, að ekki hafi verið vitað um till. 914. Hæstv. samgmrh. sagði, að hann væri sammála ýmsu, sem fælist í brtt. minni, þó væri hann ekki sammála í öllum atriðum. Þætti mér vænt um að heyra hjá hæstv. ráðh., hverju hann er sammála. Það, sem ég legg mesta áherzlu á, er, að stofnuninni sé heimilt að annast innkaup og hún eigi að annast innkaup fyrir alla aðila. Þetta hlyti t. d. að vera mjög hagkvæmt fyrir bæjar- og sveitarfélög, og þó þetta verði ekki samþ. nú, þá verður það samþ. Ég tel, að það þurfi að haga þessari innkaupastofnun þannig, að það verði sem bezt um hnútana búið og að þetta geti orðið vísir að stórfelldri innkaupastofnun, sem tæki á sig að kaupa það, sem reynslan sýndi, að er hagkvæmt að kaupa á einni hendi, og þess vegna tel ég þessa till., 909, til bóta.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil þakka hv. fjhn., meiri hl. og minni hl., fyrir það, að hún hefur viljað fallast á þá till. mína að taka aftur brtt. 914 og 911, en vil lýsa því yfir, að það er í samræmi við þá heimild, sem felst í 2. gr. l., að það skuli sett reglugerð um þetta efni, og ég mun sjá um, að það verði sett í reglugerð ákvæði um tilboð, eins og það er orðað á þskj. 914, þannig að jafnan skuli tekið hagkvæmustu tilboðum innlendra og erlendra aðila. Ég tel ekki, að í þessari yfirlýsingu felist, að í öllum tilfellum skuli leita tilboða, heldur að það skuli sett ákvæði um það, í hvaða tilfellum tilboða skuli leitað, og tel, að með þessu sé tryggt, að í öllum stærri atriðum verði tilboða leitað og þá tekin þau hagstæðustu, frá hvaða aðila sem þau koma, innlendum eða erlendum. Ég hef þegar tekið afstöðu til till. hv. þm. Siglf. á þskj. 909, og þarf ég ekki neinu við það að bæta öðru en því, að ég tel, ef samkomulag verður um það í ríkisstj., að þá geti hún falið innkaupastofnuninni nokkuð af því, sem í till. felst, án þess að um það séu sett lög.

Ég tel þess vegna mögulegt eftir þetta sam-

komulag í n., að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Sigfús Sigurhjartarson: Mér virðist þetta frv. vera meinlaust og held, að það geti aldrei orðið einum eða öðrum til ógagns. En ég hef litla trú á því, að þessi l. komi að nokkru haldi undir hendi núverandi ríkisstj. Það getur vel verið, að þetta álit mitt mótist nokkuð af þeim kunnugleika, sem ég hef af hliðstæðri stofnun.

Þykir mér leitt, að 3 af samstarfsmönnum mínum í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem elga sæti í þessari d., skuli ekki vera hér viðstaddir.

Það var fyrir nokkrum árum um það fullt samkomulag í bæjarstj. Reykjavíkur, að stofnuð skyldi innkaupastofnun bæjarins. Þau rök, sem lágu að því, voru mjög hin sömu og þau, sem nú eru færð fyrir því að setja á fót innkaupastofnun ríkisins. Bæjarfélagið þarf á stórfelldum vörukaupum að halda vegna sinna margháttuðu framkvæmda við vatnsveitu, rafveitu, gatnagerð o. s. frv. Það þótti því hagkvæmt, að bærinn setti á stofn innkaupastofnun, sem keypti vörur til þessara margháttuðu framkvæmda. Þeir, sem að þessu stóðu, höfðu trú á því, að hér væri að rísa upp stofnun, sem virkilega leitaði hagstæðra innkaupa, ekki síður erlendis en innanlands, og skapaði þannig fyrirtækjum bæjarins hagstætt vöruverð. En skemmst af að segja hefur þetta algerlega brugðizt. Þetta hefur í framkvæmdinni orðið þannig, að þessi stofnun hefur haft það verk með höndum að útvega vörur hjá innlendum heildsölum og smásölum fyrir fyrirtæki bæjarins, og niðurstaðan varð sú, að stofnunin hefur komið upp nokkrum vörugeymslum fyrir vörur, sem keyptar hafa verið hjá heildsölum hér í bænum. Vinningurinn hefur orðið sá einn, að vörurnar hafa legið í tveim geymsluhúsum í staðinn fyrir eitt og skattur því orðið meiri en ella mundi. Eftir þær umr., sem hér hafa fram farið, og till., sem hér eru fram bornar af stærsta stuðningsflokki stjórnarinnar, þá óttast ég mjög, að hér muni fara sömu leiðina. Því er haldið ákveðið fram af sjálfstæðismönnum, að stofnun þessi eigi fyrst og fremst að kaupa vörur sínar frá íslenzkum heildsölum, og tvær till. liggja fyrir, sem báðar ganga nokkuð í þessa átt, brtt. 914 og 911, og nú liggur fyrir yfirlýsing frá hæstv. viðskmrh. um það, að hann muni í reglugerð setja skýr og ljós ákvæði um útboð, sem mér skilst, að muni ganga í þá átt, að jafnan verði leitað tilboða frá innlendum heildsölum fyrir þessa innkaupastofnun. Nú kynni það fljótt á litið að virðast eðlilegt, að þessi leið væri farin. En ég vil benda á þá staðreynd, að eigi þessi innkaupastofnun að koma að tilætluðum notum fyrir íslenzka ríkið, þá verður hún að kaupa vörurnar í verulegum mæli frá útlöndum í samkeppni við alla innflytjendur, bæði heildsala og S. Í. S. Og satt að segja er það einkennileg hugmynd að ætla að gera þessari stofnun það skylt að spyrja keppinautana fyrst, hvort þeir gætu ekki útvegað vörur með sérstaklega hagkvæmu móti. Þessi hugmynd er greinilega lögð fram af fulltrúum Sjálfstfl. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að verði það gert að meginreglu, að stofnunin kaupi vörur sínar gegnum innlenda heildsala, þá eru miklar líkur á því, að þær vörur, sem hún kaupir til brúargerða, vegagerða, hafnargerða o. s. frv., verði dýrari komnar á sinn notastað en þær mundu verða, ef þær væru frá öðrum stofnunum. Þetta álit mitt er byggt á þessu: Heildsalinn kaupir vöru sína og tekur hana í sína geymslu og tekur fyrir það svo og svo mikla þóknun, sem honum ber, þaðan fer varan inn á „lager" innkaupastofnunarinnar og þaðan út á notastaðina. Þetta sýnist mér, að verði mjög óhagkvæmt. — Það gæti að vísu komið fyrir, að stofnunin lenti í óhagkvæmari innkaupum en heildsalar fengju á sama tíma, en þar með er ekki sagt, að varan væri dýrari komin á notastað en með því, að hún gengi gegnum heildsala fyrst og innkaupastofnunina svo.

En ég get greitt atkv. með þessu frv., því að það verður varla til verulegs skaða. Ég hefði gaman af að heyra, hvernig hæstv. viðskmrh. hugsar sér þetta í framkvæmd, t. d. um vegamál og hafnarmál. Ég býst við því, að þegar innkaupastofnunin þarf að leita sér tilboða um sement, járn, timbur og annað, sem þarf til þessara framkvæmda, að þá verði hún að taka vöruna út af „lager" heildsalanna og inn á sinn „lager". Þetta er ekki hagkvæmt.

Annað vil ég benda á í þessu sambandi. Nú nær innkaupastofnunin hagkvæmari samböndum erlendis um innkaup á sementi, timbri og járni en heildsalarnir gera, en síðar kæmi hagkvæmara tilboð frá heildsölum, sem hún yrði að taka, er þá ekki augljóst, að fyrir slíka stofnun yrði erfitt að halda sínum samböndum erlendis? Þetta er hliðstætt því, að S. Í. S. væri skyldað til að kaupa t. d. matvörur af Ó. Johnson og Kaaber, ef það fyrirtæki næði í eitt skipti hagkvæmari innkaupum en sambandið sjálft. Svona er ekki hægt að reka fyrirtæki. Þegar því fram er borin till. eins og brtt. á þskj. 911 af fulltrúum Sjálfstfl., þá er það gert með það fyrir augum að eyðileggja þessa stofnun, innkaupastofnunina. Ég get vel hugsað mér, að hæstv. viðskmrh. vilji gera þessa stofnun að raunhæfri innkaupastofnun, en ég hef enga trú á, að hann geti það í þessu stjórnarsamstarfi, og yfirlýsing hans ber vott um, að hann svigni fyrir þunga Sjálfstfl., sem vill koma í veg fyrir, að þessi stofnun kaupi raunverulega nokkrar vörur til landsins.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvort það er nokkur ástæða til að ræða þetta við hv. 6. þm. Reykv., því að ég held, að hann viti betur en hann lætur. Hann sagði, að yfirlýsing mín sýndi, að ég svignaði fyrir þunga Sjálfstfl. En ég bendi á, að hún er í einu og öllu í samræmi við till. þá á þskj. 914, sem hv. þm. Siglf. stendur m. a. að, að viðbættum nokkrum orðum, sem engu breyta í því sambandi.

Að öðru leyti sé ég ekki, hvernig það ætti að eyðileggja starf stofnunarinnar að taka á hverjum tíma hinum hagkvæmustu tilboðum, er henni berast. Ég fékkst sjálfur við innkaup eða var við þau riðinn, er ég var vitamálastjóri, og leitaði oft tilboða bæði innan lands og utan, og venjan var auðvitað sú að taka hagkvæmasta tilboðinu. Og ef innkaupastofnunin tekur tilboði innlendra heildsala, er því aðeins tekið með því móti, að varan, komin á „lager" innkaupastofnunarinnar, sé ódýrari en annars staðar, en ekki miðað við, að hún sé ódýrari í vöruskemmu heildsalanna. Meira að segja geri ég ráð fyrir, að vörur til vita

verði fluttar beint á viðkomandi staði úti á landi og innlendum tilboðum því aðeins tekið, að vörurnar verði ódýrari þangað komnar en erlend tilboð. Ég skil ekki, að hv. 6. þm. Reykv. þurfi að vera hræddur við það, að stofnunin hafi sambönd sem víðast og taki jafnan hinum beztu tilboðum. Ég sé enga ástæðu til að útiloka innlenda heildsala af því einu, að þeir eru innlendir, þetta er eini mátinn, sem hægt er að reka fyrirtæki á. Reynslu hv. 6. þm. Reykv. af innkaupasambandi Reykjavíkur fer ég ekki inn á. Ég þekki það ekki svo, en ég þekki vitamál og innkaup til vita, og þar er venjan að kaupa þar, sem ódýrast er að öðru jöfnu, og þeirri venju vil ég, að fylgt sé.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég get nú sagt eins og hæstv. ráðh. sagði um mig, að ég held, að hann viti betur en hann talar. Hann sagði, að þetta væri eini mátinn til að reka stofnunina á að kaupa jafnt eftir innlendum og erlendum tilboðum. Það er nú svo. Því hefur S. Í. S. ekki tekið upp þetta fyrirkomulag að leita tilboða hjá öðrum innlendum verzlunarfyrirtækjum, í stað þess að halda sér í samkeppninni og reyna að fá hagkvæmari tilboð en keppinautar þess? Því skyldi það ekki hafa tekið upp þennan eina máta, sem hæstv. ráðh. talar um, að leita alltaf tilboða hjá innlendum heildsölum, og því skyldi t. d. Jón Þorláksson & Norðmann ekki leita tilboða í sement hjá H. Ben. & Co., ef það fyrirtæki skyldi geta gefið betri kjör? Nei, það hefur sýnt sig, að þetta er ekki mátinn. Ég veit ekki til, að nokkur innkaupastofnun sé rekin á þennan máta. Hitt er reglan, að hver innflytjandi kaupir sjálfur beint til landsins.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að ekki kæmi til greina að taka tilboðum innlendra heildsala, nema varan yrði ódýrari komin á notastaðinn. Þetta er ágæt yfirlýsing, og ég vona, að hann standi fast á því, en það vakir áreiðanlega ekki fyrir sjálfstæðismönnum, heldur að gerður verði samanburður á innkaupsverði heildsalanna og innkaupsverði stofnunarinnar, eða því verði, sem hún getur fengið í innkaupi. Ég viðurkenni, að það er góð regla að taka því tilboði, sem ódýrast er á notastaðnum, og ég vona fastlega, að hæstv. ráðh. haldi fast við það, en það mun sýna sig, að í öllum tilfellum verða tilboðin ódýrust, ef stofnunin kaupir inn sjálf.

Varðandi till. á þskj. 914, sem hæstv. ráðh. minnti á, að hv. þm. Siglf. stæði m. a. að, er það að segja, að ég tel hana ákaflega hæpna, og hv. þm. Siglf. hefur einmitt sérstaklega gert mjög þýðingarmiklar till. á þskj. 909, t. d. um, að innkaupastofnun ríkisins skuli hafa forgangsrétt um gjaldeyri til vörukaupa sinna. Og úr því að hæstv. ráðh. þykist taka svo mikið tillit til míns flokksbróður, þá vona ég, að hann sýni það við atkvgr. um þessar till. hans. Hér er vissulega skortur á mörgu, sem ríkið mundi kaupa inn í gegnum þessa stofnun, t. d. mörgu til sjúkrahúsa og þess háttar, og væri nauðsynlegt, að þessi stofnun hefði forgangsrétt um gjaldeyri til slíkra kaupa. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vísa aftur til þess, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að hæstv. ráðherra skilur málið miklum mun betur en fram kom í síðustu ræðu hans.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður kannaðist ekki við neina stofnun, sem er innflytjandi, en kaupir þó af öðrum innflytjendum. En ég vil t. d. benda á innflytjendasamband matvörukaupmanna. Innflytjendurnir eru allir meðal heildsala. Þeir gera tilboð, og lægsta tilboðinu er síðan jafnan tekið, og einum þannig falið að kaupa inn fyrir alla hina. Þetta fyrirkomulag reyndist vel á stríðsárunum, og þetta er almennt. En hitt er jafnfráleitt, að ríkisstofnanir verði alltaf að skipta við einn innflytjanda eða megi aldrei skipta við hann.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Þetta var sérlega „sláandi" samlíking hjá hv. þm. V-Ísf. Í fyrsta lagi vildi hann bera ástandið nú saman við ástandið á stríðsárunum, en guði sé lof, að það er ekki lengur stríð, og vonandi verður það ekki. En hvað var innkaupasambandið, sem hann nefndi? Beinlínis félagsskapur allra innflytjenda. Þeir komu sér saman um að kaupa inn í sameiningu, og það þýðir í munni hv. þm., að þeir hafi keypt hver af öðrum. Það hefur vitanlega komið fyrir S. Í. S., eins og ég hef áður sagt, að það hefur leitað til keppinauta sinna um smáræði, en meginreglan er að kaupa inn sjálfstætt. Og að innflytjendasambandið sé hliðstætt þessu, er sama og segja, að kaupfélögin kaupi hvert hjá öðru, af því að S. Í. S. er þeirra sameiginlegi innkaupandi. Ég segi það enn, að meginregla S. Í. S. og annarra innflytjenda er sú að keppa við aðra innflytjendur um að kaupa inn sem hagkvæmast. Fram hjá lagasetningu um innkaupastofnun ríkisins varð ekki gengið samkvæmt núgildandi stjórnarsamningi, en skemmdaröflin í stjórninni vilja gera þessa stofnun að engu, og það er algerlega undir framkvæmdinni komið, hvort hún verður eitthvað eða ekkert, og ákvæðið um að leita til heildsalanna um innkaup er sett inn til að gera hana að engu.

Forseti (GÞ): Í sambandi við aths. hv. 6. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að þm., sem ekki eru flm. máls, hafa ekki rétt til aths., nema þeir ræði um þingsköp eða séu að bera af sér sakir. Hitt er svo annað mál, að forsetar leyfa þetta venjulega, en það er ekki skilyrðislaus réttur þm.

ATKVGR.
Brtt. 909,1 felld með 22:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, SnJ, HermG.
nei: JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, SteindSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GÞG, HelgJ, IngJ, GÞ.
6 þm. (JJ, ÓTh, GTh, HÁ, HB, AuA) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 909,2.a felld með 18:7 atkv.
— 909,2.b felld með 19:7 atkv.
— 911 og 914 teknar aftur.
2.—7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 137. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 938).

15. Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Á 93. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit (stjfrv., A. 517).

Á 94. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson). Herra forseti. Í sáttmála þeim, er gerður var, þegar fyrrv. ríkisstj. tók við völdum, voru m. a. ákveðin tvö stórmerkileg atriði, sem vörðuðu íslenzka þjóðfélagshagi, annað var nýsköpun atvinnulífsins, hitt var almannatryggingarnar, sem nú hefur verið hrint í framkvæmd eins og kunnugt er. Síðan hefur skipaflotinn stóraukizt og er stöðugt að aukast, því að mikið er í vændum. Á þessu ári má búast við stórum nýtízku flota fiskiskipa, og í vændum er nýsköpun verzlunarflotans á næstu tímum. Einnig hafa verið byggðar nýjar verksmiðjur og iðjuver, og allt hefur yfirleitt verið gert til að auka og örva íslenzkt atvinnulíf og koma því til leiðar, ef vel tekst til, að ekki þurfi að óttast hinn mikla vágest, atvinnuleysið. Almannatryggingarnar sköpuðu stóraukið félagslegt öryggi, og ég hef hér nefnt þær og nýsköpun sjávarútvegsins sem tvö nærtæk dæmi um þann stórhug og framfarir, sem ráðizt hefur verið í fyrir atbeina ríkisvaldsins og löggjafarvaldsins. En til þess að aukin gæði í þjóðfélaginu komi að notum og ekki verði grafið undan félagslegu öryggi, þarf að skapa fastan og tryggan fjárhagsgrundvöll og bægja frá þjóðfélaginu hættum verðbólgu og ofþenslu og um leið bæta og festa félagsöryggið. Fjármála- og atvinnulífið þarfnast reglna, samstarfs og skipulags. Þar má ekki vera barátta allra gegn öllum, ekki hóflaust kapphlaup eftir reglunni, að fjandinn hirði þann aftasta. Það má með sanni segja, að ríki, sem ekki skipuleggur sinn þjóðarbúskap til þess að komast í gegnum erfiðleika eftirstríðsáranna, er eins og þjóð, sem fer í stríð án þess að hervæðast. Sá auður og þau atvinnutæki, er aflazt hafa hin síðari ár, geta horfið, eða að litlu liði orðið, ef ekkert er aðhafzt til öryggis, eftirlits og til skynsamlegs og réttláts skipulags.

Undanfarin ár hefur ríkisvaldinu verið beitt til að stuðla að öflun nýrra framleiðslutækja og notkun gjaldeyris í því skyni. Á sama hátt hefur verið haft eftirlit með innflutningi á vörum til landsins, notkun erlends gjaldeyris og verðlagi í landinu. Það hefur verið hlutverk viðskiptaráðs. Með stofnun nýbyggingarráðs var gerð frumtilraun til aukins skipulags í atvinnulífinu og til að greiða fyrir öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja.

En tími og ástand sýnir, að meira þarf, ef duga skal. Það þarf að grípa til öflugri og áhrifaríkari ráða til þess að forðast meira en orðið er dýrtíð og ofþenslu, og til þess að geta haldið uppi lífskjörum alls fólks í landinu, bætt þau og tryggt og eflt félagsöryggi. Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð, var gert samkomulag um stjórnarstefnu og framkvæmdir, sem miða í þá átt. Og til þess að skapa eitt af þeim tækjum, sem miða á að því marki, er nú fram komið frv. það um fjárhagsráð o. fl., er hér liggur fyrir.

Í 2. gr. frv. eru greind sjö höfuðatriði, sem stefna beri að til að framkvæma það, sem segir í upphafi sömu greinar, að hlutverk fjárhagsráðs sé að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir, þannig að þær verði gerðar eftir fyrir fram gerðri áætlun fjárhagsráðs, er ríkisstj. staðfesti. M. ö. o., það er gert ráð fyrir, að hér eigi í fyrsta sinn að gera alvarlega tilraun til þjóðfélagsbúskapar samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun. Ég skal nú drepa nokkuð á þessi sjö höfuðatriði, sem ég nefndi áðan:

Í fyrsta lagi sé öll framleiðslugeta hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna, en undir því er velferð allra þjóðfélagsþegnanna komin, að atvinna sé næg. Í öðru lagi séu öllum vinnandi mönnum tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu þeirra. Í þriðja lagi eigi neytendur kost á að kaupa neyzluvörur og framleiðendur rekstrarvörur á hagkvæmasta hátt, og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands verði gerð eins ódýr og hagkvæm sem frekast er unnt. Í fjórða lagi verði áframhald á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins. Í fimmta lagi verði byggðar verksmiðjur og iðjuver, eftir því sem nánar er tilgreint. Í sjötta lagi skulu atvinnuvegirnir reknir á sem hagkvæmastan hátt. Og í sjöunda og síðasta, en ekki sízta lagi á að útrýma húsnæðisskortinum og heilsuspillandi íbúðum með byggingum hagkvæmra íbúðarhúsa.

Í 4. gr. er talað um samvinnu þjóðfélagsaflanna um framkvæmdir þessarar áætlunar. Þar er gert ráð fyrir, að fjárhagsráð, sem skipa á samkvæmt 2. gr., hafi með höndum framkvæmdir, sem miða að fyrr greindu marki, og leiti samvinnu um samningu heildaráætlunarinnar við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga, sem framleiðslu, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur hafa með höndum og fjárfestingu þarf til. Enn fremur er það tekið fram í 2. málsgr. 4. gr., að fjárhagsráð skuli hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samningu fjárfestingaráætlunar, en telji ráðið eigi nægilega séð fyrir fjárþörf nýrra fyrirtækja, er það telur nauðsynlegt að stofnsetja, skal það leita samvinnu við ríkisstj. um fjáröflun.

Í 5. gr. er um að ræða stærsta og þýðingarmesta nýmælið, en þar eru ákvarðanirnar um fjárfestinguna. Þar segir, að til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á þeim, sem fyrir er, húsbygginga eða annarra mannvirkja, þurfi leyfi fjárhagsráðs, og gildi þetta

einnig um framhald þeirra framkvæmda, sem þegar eru hafnar.

Á því leikur ekki vafi, að þrátt fyrir hinar miklu framfarir síðustu ára, ný framleiðslutæki til lands og sjávar og miklar byggingar, hefur það berlega komið í ljós, að öll fjárfesting er of lítið háð föstu skipulagi, það hefur of lítið verið haft fyrir augum, að þær framkvæmdir og fyrirtæki sætu í fyrirrúmi, sem nauðsynlegast er að reisa og reka. En afleiðingin af því, að einstaklingar, fyrirtæki og hið opinbera hafa ráðizt í miklar framkvæmdir og fyrirtæki, hver á sínu sviði, en án samstarfs — afleiðingin hefur orðið sú, að þetta hefur komið af stað mikilli ofþenslu, sem veldur mestu vandræðum. Ég tel því, að eitt allra þýðingarmesta ákvæði þessa frv. sé það, að gera nú í fyrsta sinn *alvarlega tilraun til að reyna að hafa hemil og* ákveðið skipulag á fjárfestingunni, fjármagni hins íslenzka þjóðfélags, og allt með það fyrir augum, að þjóðarbúið verði rekið á þá lund, sem bezt er fyrir heildina. Að því á þetta frv. að stefna.

Ég vil benda á, að í 1. málsgr. 8. gr. eru nokkuð merkileg fyrirmæli um, að fjárhagsráð skuli beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bætta aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuafls og aukin vinnuafköst. Það hefur nú verið svo upp á síðkastið, að bæði verkamenn og vinnuveitendur hafa kvartað um of mikið skipulagsleysi í þessum efnum, sem er til óþurftar báðum aðilum, og ber brýna nauðsyn til, *að hið opinbera hafi hér frumkvæði um að kippa* í liðinn, eftir því sem unnt er, því að það er lífsnauðsyn, þegar við erum að byggja upp, mér liggur við að *segja með risaskrefum, að tryggja sem bezt* samstarf þessara meginafla í þjóðfélaginu, verkafólks og vinnuveitendanna.

Hin merkilegu ákvæði um fjárhagsráð í sambandi við samningu heildaráætlunar og fjárfestingu í íslenzku atvinnulífi koma ekki að notum, nema fjárhagsráð fái nauðsynlegt vald yfir innflutningsverzluninni, sem er svo nátengd atvinnulífinu, og innflutningur, gjaldeyrisnotkun og verðákvarðanir standi í órjúfanlegu sambandi við heildarskipulagið. Og allir eru sammála um það, án tillits til pólitískra skoðana, að nauðsynlegt sé, eins og málum er hér nú háttað, og raunar alls staðar, að hafa eftirlit og skipulag á innflutningi *til landsins og verðlagi á vörum í landinu sjálfu.* Þetta hefur aðallega verið hlutverk viðskiptaráðs, en með þessu frv. er gert ráð fyrir, að þessi mál verði einn þátturinn í starfsemi fjárhagsráðs og undir það falli einnig starfssvið nýbyggingarráðs. Valdinu hefur hingað til verið tvískipt, milli viðskiptaráðs og nýbyggingarráðs, en af þeirri tvískiptingu hefur ekki fengizt svo góð reynsla sem skyldi, nokkur reipdráttur hefur verið á milli og ekki til heilla, og er sjálfsagt og langeðlilegast, að þessi mál verði öll undir einum hatti. Gert er ráð fyrir sérstakri innflutnings- og gjaldeyrisdeild fjárhagsráðs, er einnig hafi með höndum verðlagseftirlit, eða raunverulega alla starfsemi núverandi viðskiptaráðs.

Í 12. gr. er gert ráð fyrir, að leyfaúthlutun þessarar deildar miðist við það, að verzlunar*kostnaður verði sem minnstur*, og leitazt verði við að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Á undanförnum árum hefur hér verið fylgt þeirri reglu um innflutning, sem kennd er við svokallað „kvótasystem". Það fyrirkomulag hefur ekki reynzt vel og allra sízt leitt til þeirra endurbóta á innflutningsverzluninni, sem þörf er á. En nú er hér stungið upp á nýrri heildarreglu, að þeir, sem kaupa inn og selja ódýrast, sitji fyrir leyfum. Vera kann, að þetta verði nokkuð örðugt í framkvæmdinni — um það þori ég ekki að fullyrða á þessu stigi málsins eða fyrir fram, hve nákvæmlega er unnt að fara eftir þessari reglu. En þessi regla er þó alltaf aðalsjónarmiðið og áreiðanlega réttlát að svo miklu leyti sem unnt er að framkvæma hana, og allt stendur til bóta, sem eftir henni er framkvæmt.

Þá kem ég að ákvæðunum um verðlagseftirlit. Það þarf bæði að bæta og skerpa. Þessi ákvæði *eru fyrst og fremst í 15. gr.*, og vil ég sérstaklega undirstrika upphaf greinarinnar, sem er á þá leið, að innflutnings- og gjaldeyrisdeild skuli í umboði *fjárhagsráðs og í samráði við það hafa með* höndum eftirlit með öllu verðlagi og miða verðlagsákvarðanir við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Hér er farið inn á nýja braut um verðlagsákvarðanir, því að hingað til hefur það gengið svo til, að jafnvel gamaldags og illa skipulögð fyrirtæki, sem reynzt hafa dýr í rekstri, hafa fengið það verðlag, sem þau þurftu vegna framleiðslukostnaðarins eða verzlunarkostnaðarins. Við höfum ekki ráð á þessu. Við höfum t. d. ekki ráð á að halda uppi of mannmargri stétt til vörudreifingar, ef verulegur hluti þeirrar stéttar rekur sín fyrirtæki óhagstætt. Það verður að miða við þau fyrirtæki, sem eru rekin af *skynsemd á skipulagðan og hagkvæman* hátt. Vera má, ef þessari stefnu væri framfylgt út í æsar, að það kynni að koma hart niður á einstaka fyrirtæki, en þegar framkvæma þarf endurbætur, verða ávallt einhverjir á að kenna, því að það verður því miður að viðurkenna, að verðlagseftirlitið hefur verið nokkuð misbrestasamt og handahófskennt og þarfnast endurbóta. Sérstaklega hefur prósentálagningin reynzt síður en svo heppileg aðferð. Það fyrirkomulag hefur frekar orðið til að örva óhagkvæman eða dýran innflutning og innkaup, vegna þess að gróðinn hefur orðið því meiri hjá innflytjendum, sem varan var dýrari í innkaupi. En slíkt má ekki eiga sér stað, ef endurbæta á verðlagseftirlitið, og þess er vænzt, ef miðað er við skynsamlegan rekstur fyrirtækja og fleiri slík sjónarmið, þegar teknar eru verðlagsákvarðanir — þess er vænzt, að með því móti mætti miklum endurbótum til vegar koma, og það er tilætlunin með þessu ákvæði frv.

Það er hægt að segja, að það séu fimm höfuðnýmæli í því frv., sem hér liggur fyrir.

Í fyrsta lagi ákvæðið um samningu og framkvæmd heildaráætlunar um rekstur þjóðarbúskaparins. Á það atriði drap ég í upphafi máls míns og tel það í sjálfu sér þungamiðjuna í þessari fyrirhuguðu löggjöf. Og er mikið komið undir því, að framkvæmd þessa atriðis heppnist vel.

Annað og mjög þýðingarmikið ákvæði frv. er um fjárfestinguna. Á það hef ég drepið, að það hefur valdið miklum vandkvæðum í þessu þjóðfélagi á undanförnum árum, hversu mikið skipulagsleysi hefur verið í þessum málum. Úr því þarf vissulega að bæta. En ég játa, að þetta, eins og margt annað *í sambandi við þessa löggjöf, er mjög vand-*

meðfarið. Og er mikið undir því komið, hvernig framkvæmd þessara mála tekst, bæði á þessu sviði sem öðrum, í höndum þess fjárhagsráðs, sem skipað verður á sínum tíma, eða í höndum þeirra undirdeilda, sem fjalla eiga um einstök atriði þessara mála, og síðast, en ekki síst þeirra ríkisstjórna, sem sitja að völdum á hverjum tíma.

Þriðja nýmælið er samvinna atvinnurekenda og verkamanna um bætta aðstöðu verkafólksins á vinnustöðum, betri hagnýting vinnuaflsins og aukin vinnuafköst. Ég drap líka á þetta atriði áður í ræðunni og sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um það nú.

Fjórða nýmælið er nýjar reglur um innflutningsverzlunina, sem ég drap á.

Fimmta atriðið er skipulagt eftirlit með innflutningnum eftir þeim reglum, sem ég var einmitt að minnast á áðan.

Þá tel ég rétt að víkja aftur að þungamiðju frv., sem er 2. gr. þess, sem er í höfuðatriðum í 7 liðum, fyrir utan upphaf gr. Í samræmi við 4. lið 2. gr. er lagt til í 1. gr. frv., að af andvirði útflutnings hvers árs skuli jafnan leggja 15% á sérstakan reikning erlendis og skuli verja því fé eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar. Það er sem sé gert ráð fyrir því, enda er það nauðsynlegt, að áframhald verði á þeirri nýsköpun í íslenzku atvinnulífi, sem staðið hefur yfir á undanförnum árum. En til þess þarf að hafa ákveðna upphæð af þeim erlenda gjaldeyri, sem þjóðinni áskotnast, og nota hann sérstaklega í þessu skyni. Og áður en ég kem lítillega að þessum sjö atriðum, skal ég taka fram út af fjárhagsráði, eins og tekið er fram í grg., að það voru uppi innan ríkisstj. fleiri en ein till. um það, á hvern veg fjárhagsráð skyldi skipað. Niðurstaðan varð sú að setja þetta í frv. eins og greinir í 2. gr. En eins og getið er um í grg., mun ríkisstj. fyrir sitt leyti vilja taka það til athugunar undir meðferð málsins hér á Alþ., hvort annar háttur virðist þar heppilegri. Ég vil taka þetta skýrt fram, vegna þess að þetta er eina atriðið, sem er að vísu ekki stórt fyrirkomulagsatriði, sem uppi voru innan ríkisstj. fleiri en ein till. um, hvernig skyldi leysa.

Áður en kemur að þessum sjö atriðum í 2. gr., þá er því slegið föstu í upphafi meginmáls gr., að hlutverk fjárhagsráðs sé að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins. Og til þess þarf að semja áætlun, sem ætlazt er til, að fylgt verði í framkvæmdinni. Er í byrjun 2. gr. gert ráð fyrir, að þessi áætlun verði samin.

1. og 2. tölul. 2. gr. eru um að tryggja næga og örugga atvinnu og að tryggja þeim, sem stunda framleiðslustörf, réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, og standa þessar gr. í órjúfanlegu sambandi við hina liðina, sem á eftir eru, og sérstaklega við 4., 5. og 6. lið í 2. gr. En í 4., 5. og 6. liðum er gert ráð fyrir áframhaldandi öflun nýrra framleiðslutækja, byggingum á verksmiðjum og iðjuverum og að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar. Tveir fyrstu liðir 2. gr. standa í órjúfanlegu sambandi við þessa þrjá liði, 4., 5. og 6. lið þessarar gr. Og til þess að hægt verði að framkvæma undirstöðuatriðin, sem ég tel, að séu í 1. og 2. lið gr., um næga og vel borgaða atvinnu, þá þarf að vera hægt að halda uppi framkvæmdum samkv. 4., 5. og 6. lið. En til þess að hægt sé að halda uppi þeim framkvæmdum, sem um ræðir í 4., 5. og 6. lið, þá þarf áreiðanlega að koma betra og auknu skipulagi á íslenzkt atvinnulíf. Því er ekki að leyna, að við erum ekki alveg öruggir og áhættulausir hér í þessu þjóðfélagi. Það er margt, sem bendir til þess, að við þurfum að halda vel á spöðunum, notfæra okkur vel vinnuaflið í landinu og halda skynsamlega á fjármunum okkar til þess að geta haldið uppi þeirri velmegun, sem verið hefur í hinu íslenzka þjóðfélagi, og unnið að því að auka hana. Það eru ýmsar hættur, sem að geta steðjað, hættur, sem er rétt að gera sér alveg ljósa grein fyrir, að fram undan geta verið, sumar, sem eru lítt viðráðanlegar, en aðrar, sem er undir okkur sjálfum komið, hvort tekst að bægja frá okkur eða ekki. Það er ekki nokkrum vafa bundið, að sú hin mikla dýrtíð, sem nú sverfur að íslenzku þjóðfélagi, er stórkostlega hættuleg. Og þar má ekki mikið á aukast, til þess að atvinnu- og framkvæmdalífið stöðvist ekki.

Það er stefna þessarar ríkisstj. að reyna að gera ráðstafanir til þess að bægja frá þessari hættu eða stöðva hana — fyrst í stað að vísu með niðurgreiðslum, síðan með náinni athugun á því, hvað hægt er með samtökum neytenda, framleiðenda og ríkisvaldsins í heild að gera í þessum efnum. Menn býsnast oft yfir því, að það sé einkennileg leið og nokkuð hæpin að gera það, sem kallað er að borga niður dýrtíðina. Og jafnvel hafa menn talað um, að niðurgreiðslan á þessum sex stigum, sem framkvæmd hefur verið fyrir atbeina þessarar ríkisstj., verði síður en svo til að lækka hana, og jafnvel heyrist, að með þessu sé þrengt að kjörum manna í landinu. Þetta er að mínu viti byggt á misskilningi. Það er nú fyrst og fremst svo, að hver einasta þjóð, sem ég þekki til í nágrenninu, hefur gripið meira eða minna til þessara ráðstafana, að greiða niður verðlag á ýmsum vörum í landinu. Íslenzka löggjafar- og framkvæmdarvaldið hefur líka gert þetta um mörg ár. Og ef þetta hefði ekki verið gert og ekkert til þess að stöðva dýrtíðina, þá er engum vafa bundið, að íslenzkur atvinnurekstur væri hreinlega kominn í strand. Þegar talað er um, að það sé ekki mikil lækning á dýrtíðinni að borga niður þessi sex vísitölustig, sem hækkunin varð um síðustu mánaðamót, þá má geta þess, að áður en löggjafarvaldið tók ábyrgð á ákveðnu verði á íslenzkum sjávarafurðum, þá töldu margir, sem höfðu með höndum þann rekstur, að það væri ekki einu sinni hægt að halda rekstrinum áfram með því verði á afurðunum, sem ábyrgzt var, ef dýrtíðarvísitalan hækkaði nokkuð yfir 300 stig eða a. m. k. yfir 310 stig. Hvert stig til hækkunar á dýrtíðinni gerir íslenzkum atvinnurekstri erfiðara fyrir. Og menn gera sér ekki ljóst allir, að hvert dýrtíðarstig er dýrt fyrir ríkið, því að það hefur í för með sér stórkostlega aukin útgjöld fyrir ríkið. Það er talið, að það láti nokkuð nærri lagi, að hvert stig, sem dýrtíðin vex um, þýði um hálfrar millj. kr. aukin útgjöld fyrir ríkið og stofnanir þess — bara fyrir ríkið og stofnanir þess. Ef nú t. d. það kostaði ríkið 750 þús. kr. að greiða niður eitt vísitölustig og ef niðurgreiðslan hefði ekki verið framkvæmd, þá hefðu aukin útgjöld fyrir ríkið og stofnanir þess vegna þess stigs orðið hálf millj. kr. Aukin útgjöld úr ríkissjóði væru því raunverulega ekki nema 250 þús. kr., miðað við,

að niðurgreiðslan á stiginu kostaði 750 þús. kr. í útlögðu fé. En hvað kostar svo þetta eina vísitölustig íslenzka atvinnuvegi yfirleitt? Það kostar íslenzka atvinnuvegi hundruð þús. kr. hvert einasta stig, sem dýrtíðin hækkar. Og það, sem verst er og alvarlegast, er, að ef dýrtíðarstigin verða mörg upp á við, þá er komið að þeim takmörkum, að atvinnuvegir okkar stöðvist. — Ég held þess vegna, að menn ættu að athuga mjög gaumgæfilega, að það er í sjálfu sér sjálfsagt, að meðan ekki er búið að finna nýja allsherjarleið til þess að spyrna við fæti til frambúðar gegn hækkun á vöruverði í landinu, þá er niðurgreiðsla einasta leiðin, sem fær er til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, meðan verið er að athuga aðrar leiðir, sem unnt væri að fara. Og niðurgreiðslan er eðlileg fyrir ríkið sjálft og fyrir íslenzkan atvinnurekstur.

Þetta er að segja um dýrtíðina almennt. Á seinna stigi þessa máls og í sambandi við önnur mál gefst kannske tækifæri til þess að fara nánar inn á þetta.

En þá er á það að minnast, að við horfum nú fram á þá staðreynd, að við erum komnir í vandræði með útlendan gjaldeyri nú eins og stendur, þó að vonir gætu verið til þess, að fljótlega rættist úr. En allt þetta sýnir okkur, að það verður að halda með skynsamlegu viti á framkvæmdunum í landinu, til þess að þær stöðvist ekki. Of mikið vaxandi dýrtíð getur stöðvað okkar framkvæmdir. Gjaldeyrisskortur getur líka stöðvað þær, ef ekki er haldið skynsamlega á okkar málum. Og það er áreiðanlegt, að það eru viss takmörk fyrir því, hvað hægt er að framkvæma í íslenzku þjóðfélagi á stuttum tíma. Bæði okkar vinnuafl og okkar fjármagn er háð vissum takmörkunum. Það ber að nota til hins ýtrasta og verður að nota sem skynsamlegast á hverjum tíma, svo að það komi þjóðfélagsheildinni að sem mestum notum. Og má vel vera, að takmörk séu fyrir þessu á þann veg, að við getum ekki gert eins mikið og við viljum. Ísland er lítt numið land ennþá, og það hafa orðið stórkostlegar og miklar framfarir hér hjá okkur á síðustu tímum, sem gætu orðið til ómetanlegs gagns fyrir okkar þjóðfélag, ef vel væri á haldið á næstu tímum. En atvinnubylting, eins og orðið hefur í íslenzku þjóðfélagi, getur aldrei skeð til fullnustu á fáum árum í jafnlítt numdu landi og Íslandi. Í löndum, sem miklu lengra eru á veg komin og tekið hafa við miklu meiri arfi frá fyrri öldum, tekur það tugi ára að skapa þá umbyltingu og breytingu á atvinnulífinu, sem þarf að framkvæma. Hverju má þá búast við í okkar landi, þar sem lítið var fyrir, áður en þessi kynslóð tók við, af uppbyggðum atvinnuvegum og þar sem flest eða allt þarf að byggja nýtt. Þjóðin sjálf er alin upp í moldarkofum í sveitum annars vegar og hins vegar í hreysum við strandlengjuna, og hefur búið þar umliðnar aldir. Og fyrirrennarar okkar og fyrri kynslóðir hafa allt að síðustu aldamótum ekki skilað til afkomendanna neinum verulegum verðmætum, sem hægt var að byggja á í framtíðinni. Moldarkofarnir hafa gengið úr sér og gömlu hjallarnir við sjávarsíðuna sömuleiðis, svo að allt þarf að byggja upp nýtt til íbúðar úr góðu og varanlegu efni. — Og þá er ég kominn að mjög þýðingarmiklu atriði, bæði í sambandi við fjárhagsmál og atvinnumál okkar, sem eru byggingarmálin.

Með l. um verkamannabústaði á sínum tíma var gert mikið til að bæta ástandið í þessu efni, og einnig, þegar l. um samvinnubyggingar bættust við, og svo loks með l. um opinbera aðstoð við byggingar í kaupstöðum og kauptúnum var komið upp höfuðreglum og heildaráætlun, sem meiningin var að reyna að framkvæma. Maður heyrir oft talað um það manna á meðal, og sér um það talað í blöðum, að þessi síðast nefndu l. hafi orðið aðeins pappírsgagn. *En því fer fjarri, þó að maður verði hins vegar að játa, að framkvæmdir eftir þeim hafi ekki orðið eins örar og æskilegt hefði verið og að fram undan bíði mörg merkileg og óleyst verkefni í byggingarmálum landsins.* Til þess að benda á, að það er síður en svo, að ekkert hafi verið aðhafzt í þessum byggingarmálum á síðustu árum, eftir að þessi nýju l. komu, vil ég taka fram, að á árunum 1946 og væntanlega á þessu ári hefur verið gert ráð fyrir, hvað snertir byggingar verkamannabústaða, að í byggingu séu nú þegar á vegum byggingarsjóðs verkamanna á eftirgreindum stöðum: Í Reykjavík 52 íbúðir, í Hafnarfirði 32, á Ísafirði 10, á Húsavík 12, í Ólafsfirði 10, á Akureyri 18, í Siglufirði 30, á Dalvík 10, í Bolungavík 10. Samtals 184 íbúðir. — Ég veit vel, að þessar íbúðir hefðu þurft að vera langtum fleiri. En þetta er ekki ómerkilegur sigur, að fá þessar byggingarframkvæmdir, en verður þó að auka, og þarf mikið fjármagn og mikið vinnuafl til, ef hægt á að vera að fullnægja óskum manna í þessum efnum. Auk þessara 184 íbúða hefur verið lokið við að byggja á árinu 1946 eftirtaldar íbúðir á þessum stöðum: 10 í Vestmannaeyjum, 20 á Akranesi og 9 í Neskaupstað, eða 39 íbúðir samtals samkv. l. um verkamannabústaði.

Lán hafa verið veitt byggingarfélögum verkamanna samtals á árinu 1946 tæpar 6 millj. kr. og á árinu 1945 tæpar 2 millj. kr. Og þessu fé var varið til ýmissa kaupstaða og kauptúna á landinu, sem ég hef nefnt.

Auk bygginga verkamannabústaða hefur risið upp mikið af byggingum íbúða eftir l. um byggingarsamvinnufélög. Á vegum byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur á árinu 1946 28 íbúðir. Á árinu 1947 má nefna byggingarframkvæmdir þessa félags 53 íbúðir, byggingarsamvinnufél. starfsmanna stjórnarráðsins 16, íbúðir, byggingarsamvinnufél. Hofgarðs Reykjavík 24 íbúðir, byggingarsamvinnufél. Garðs Akureyri 14 íbúðir, byggingarsamvinnufél. rafvirkja Reykjavík 16 íbúðir, byggingarsamvinnufél. barnakennara 7, byggingarsamvinnufél. starfsmanna S. V. R. 6 á árinu 1946 og 10 á árinu 1947, byggingarsamvinnufél. Árroða Reykjavík 1947 26 íbúðir, byggingarsamvinnufél. Skjóls Reykjavík árið 1946 35 íbúðir, byggingarsamvinnufél. Bjargs Reykjavík 20 á árinu 1947, byggingarsamvinnufél. Ísafjarðar árið 1947 6 íbúðir, byggingarsamvinnufél. prentara Reykjavík árið 1946 15 íbúðir, byggingarsamvinnufél. símamanna Reykjavík árið 1946 29 íbúðir, en 1947 24 íbúðir, byggingarsamvinnufél. Stykkishólms árið 1946 1 og 1947 3 íbúðir, byggingarsamvinnufél. bankamanna 1947 17 íbúðir og byggingarsamvinnufél. Ólafsvíkur árið 1946 4 og 1947 2 íbúðir. — Samkv. þessu eru nýjar íbúðabyggingar á vegum byggingarsamvinnufélaga árið 1946 118 íbúðir, en árið 1947 238 íbúðir.

Ég nefni þetta til þess að sýna, að það hefur ver-

ið talsvert farið af stað í þessum efnum, þó að langt sé frá því, að fullnægt sé þeirri miklu eftirspurn, sem er eftir þessum byggingarframkvæmdum nú. Félmrn. hefur látið athuga, hvernig þetta liggur fyrir nú og hvaða óskir séu í þessum efnum nú til staðar, sem sagt um byggingu íbúða eftir l. um verkamannabústaði og l. um byggingarsamvinnufélög og l. um aðstoð við byggingar í kaupstöðum og kauptúnum. Samkv. skýrslu frá því ráðuneyti er eftirspurnin eftir verkamannabústöðum það mikil, að fyrir liggja lánbeiðnir frá 15 kaupstöðum og kauptúnum til bygginga á 293 íbúðum, sem þyrfti til um 23 millj. kr. sem lánsfé. Óuppfyllt loforð um lán til 5 kaupstaða í þessu skyni eru ca. 1600000 kr. Og umsóknir eru um lán frá 3 kaupstöðum, sem aðeins hafa fengið loforð um nokkurn hluta af lánum til bygginga sinna, samtals ca. 1250000 kr. Auk þess stendur byggingarsjóður í skuld við Landsbankann, sem nemur um 3500000 kr. — Samtals þyrfti því til þess að fullnægja eftirspurn eftir lánum til að byggja verkamannabústaði á árinu 1947 um 30 millj. kr.

Tekjur byggingarsjóðs verkamanna verða væntanlega á árinu 1947 um 3 millj. kr., sem eru aðallega tillög frá sveitarsjóðum, bæjarfélögum og ríkissjóði og svo örlítið framlag frá Tóbakseinkasölu ríkisins. Aðallega verður því að byggja á lánum, sem byggingarsjóðurinn útvegar, og verður því að greiða af tekjum sjóðsins mismun á lánskjörum, sem sjóðurinn verður að sæta, og þeim kjörum, sem byggingarfélögin njóta að lögum.

Svo kem ég að stóru atriði, sem er fjögurra ára áætlunin um íbúðarhúsabyggingar til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum. — Það hafa gefið sig fram 5 kaupstaðir og kauptún í þessu skyni og gefið upp þarfir sínar til að útrýma hjá sér heilsuspillandi íbúðum. — Ísafjörður telur sig í þessu skyni þurfa að reisa 32 íbúðir á næstu 4 árum og áætlar, að þurfa muni alls á þessum fjórum árum um 2 millj. kr. til þessara bygginga. — Akureyri áætlar, að til þess að koma frá heilsuspillandi íbúðum þar á næstu fjórum árum þurfi að reisa þar 40 íbúðir. Og til þess þyrfti á næstu fjórum árum, miðað við áætlunina um Ísafjörð, um 3000000 kr. — Sauðárkrókur telur, að reisa þurfi í þessu sama skyni þar 36 íbúðir og áætlar, að þær muni kosta um 1800000 kr. í lánsfé frá ríkissjóði. Hann áætlar verð hverrar íbúðar 50 þús. kr. — Ólafsfjörður telur, að reisa þurfi í þessu skyni 16 íbúðir, en gerir ekki áætlun um kostnað. En miðað við Sauðárkrók mundi til þess þurfa um 800000 kr. á næstu 4 árum. — En þörfin í Reykjavík er vegna fólksfjölda eðlilega langstórkostlegust. Samkv. skýrslu borgarstjórans í Reykjavík, dags. 1. marz s. l., er gert ráð fyrir, að útrýma þurfi 461 heilsuspillandi íbúð í Reykjavík. Og sé reiknað með byggingarkostnaðaráætlun og samkv. reynslu, sem fyrir hendi er í þessum efnum, þá þarf að reikna með því, að áætla þurfi í þessu skyni ekki minna fé en 70 þús. kr. til byggingar hverrar íbúðar. Til þeirra þarf ca. 5 millj. kr., er greiðast þurfa þegar á þessu ári. Vantar þá fé til að byggja ca. 390 íbúðir, eða um 27 millj. kr., sem Reykjavíkurbær þyrfti að fá til þessara bygginga í lánum. Aðstoðin til Reykjavíkur þyrfti þá alls að vera ca. 32 millj. kr., eða ca. 8 millj. kr. á ári næstu 4 árin.

Þetta er dæmi um það, hve þörfin er mikil á byggingum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, sem gert er ráð fyrir í 7. og síðasta lið 2. gr. þessa frv. Ég orðlengi svo mikið um þetta atriði af því, að ég tel það mjög mikilvægt, og það ekki einungis frá sjónarmiði hins íslenzka þjóðfélags — en það er mjög mikilvægt þjóðfélagsatriði fyrir okkur —, heldur einnig af því, að þetta er málefni, sem flestar þjóðir eiga nú í mesta stríði út af. T. d. er í Bretlandi sérstakt ráðuneyti, sem hefur með nýbyggingar að gera. En af völdum styrjaldarinnar hafa geysimörg hús farið þar forgörðum. Svo er og um annað land, sem komst hjá hörmungum stríðsins í þessu efni, Svíþjóð, sem er auk þess vel stætt land fjárhagslega. Þar er eitt hið örðugasta viðfangsefni, sem Svíar hafa að glíma við, bygging nægilegra og hentugra íbúða fyrir landsmenn. Þetta er því ekki einstakt fyrirbæri hér hjá okkur, heldur vandamál, sem svo að segja allar þjóðir hafa við að glíma. Ég veit, að mikil þörf er fyrir úrlausn í þessum efnum á Íslandi. Og ég veit, að ef vel ætti að vera, þyrfti að fá á þessu ári um 40 til 50 millj. kr. til útlána til þess að byggja íbúðarhús á Íslandi.

Það þarf líka efni og íslenzkt vinnuafl til þess að hrinda í framkvæmd þessum byggingum. Undanfarin ár hefur það aðallega verið skortur á vinnuafli og fjármagni, sem hefur hindrað framkvæmdir í þessum efnum. En með fjárhagsráðinu ætti að vera hægt að leggja til grundvallar eina allsherjar áætlun um þetta. Og búið er þá í fyrsta sinn með framkvæmd l. um fjárhagsráð, þegar þau koma til framkvæmda, að þoka til hliðar ónauðsynlegum byggingum og láta félagsbyggingar á íbúðarhúsum sitja í fyrirrúmi fyrir þeim. Þetta er einmitt einn af þeim kostum, sem skipulagið eftir l. um fjárhagsráð hefur í för með sér.

Það hefur sannarlega mikið verið gert á síðustu árum að byggingum íbúða fyrir utan félagsbyggingar á þeim, svo og byggingum vegna annarra verklegra framkvæmda. Í því sambandi vil ég nefna — sem vel lýsir því, hve stór skref hafa verið tekin í þessu sambandi —, að innflutningur sements var fyrir stríð venjulega á ári um 20 þús. tonn. [Í hndr. vantar, frh. ræðunnar og upphaf að þeirri næstu.]

Einar Olgeirsson: ..... Ég skal þá minnast á eitt eða tvö atriði.

Í 2. gr., undir 5. lið, er ákvæði um, að við staðsetningu verksmiðja verði tekið tillit til framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga. Og í grg. er þetta alveg sérstaklega undirstrikað, að tekið verði tillit til byggðarlaga úti um landið, þar sem skortur sé á atvinnutækjum.

Þetta er allt saman hárréttur tilgangur — tilgangur, sem áður hefur komið fram í löggjöf og hefur vakað fyrir fyrrv. ríkisstj. og nýbyggingarráði. En hvað er það, sem þarf til þess að framkvæma þessa hluti, hvað er það, sem þarf til þess að tryggja það, að tækin verði staðsett á hinum og þessum stað úti um land, þar sem þörfin er mest fyrir þau, og til þess að tryggja það, að t. d. hraðfrystihúsin verði byggð á hinum og þessum staðnum til þess að skapa grundvöll að fullkominni útgerð — hvað þarf til þess? Það er vald einnar stofnunar, sem getur beint fjármagninu á þessa staði.

Nú er það hins vegar svo í okkar þjóðfélagi, að lánapólitík bankanna er rekin með það fyrir augum að vita fyrst og fremst, hvaða lántaki getur

gefið beztu skilríki fyrir því, að hann geti borgað lánið aftur, og hvað lántaki geti lagt mikið fram sjálfur, til þess að hægt sé að koma viðkomandi fyrirtæki upp á viðkomandi stað. Bankapólitíkin og lánastarfsemin er rekin frá almennu verzlunarlegu sjónarmiði.

Hvað er það hins vegar, sem er verið að slá föstu bæði með þessum ákvæðum og áður er í löggjöf og ætlazt er til, að gert verði? Það er, að fyrirtæki séu staðsett með það fyrir augum og út frá sjónarmiði þjóðarinnar og hennar þarfa. En þarfir þjóðarinnar og lánapólitík bankanna hafa ekki farið saman undanfarið, og í því liggur meinið.

Fjöldinn af okkar kauptúnum og kaupstöðum og byggðarlögum eru fátæk, vegna þess að þau hafa aldrei fengið stórvirk framleiðslutæki, sem hafa getað skapað þeim auð og völd. Af hverju? Af því að þar hefur ekki verið sá auður fyrir, sem hefur haft lánstraust hjá ríkisstofnunum, bönkunum. Ef þeim hefði verið lánað í nógu stórum stíl til þess að koma upp stórfelldri útgerð, þá væri öðruvísi komið fyrir þeim. Það er öðru máli að gegna hér í Reykjavík, því ef ríkur maður hefur komið hér til bankanna og ætlað að fá lán og hefur getað sjálfur lagt fram mikinn hluta af því fé, sem þarf til þess að koma upp fyrirtæki sínu, þá hefur hann fengið lán, því að frá verzlunarlegu sjónarmiði er það kannske rétt að lána þeim ríku og ekki kannske eins öruggt í bili að lána þeim fátæku. Þess vegna er það nú svo í okkar landi, að þeir, sem voru fátækir, eru það ennþá, en hinir ríku eru ennþá ríkari.

Það, sem gera þarf, er að breyta sjálfum grundvellinum fyrir lánveitingu, til þess að knýja fram að ákvörðunin um staðsetningu atvinnutækja úti um land verði meiri en orðin tóm. Ég þekki sjálfur þá baráttu, sem háð hefur verið í þessu skyni, og ríkisstj. þekkir hana líka, sérstaklega hæstv. fjmrh. Við vitum, hvað það er að vinna að því að fá bankana til þess að fara skynsamlegar leiðir í þessu efni með því að taka tillit til þarfa þjóðarinnar og brjóta þannig í bág við alla venjulega pólitík þeirra, sem lögð er til grundvallar lánveitingu bankanna nú. Það hefur verið háð barátta til þess að fá þá til þess að taka tillit til þarfa þjóðarinnar. Og það verður að heyja baráttu til þess að framkvæma þá staðsetningu úti um landið. Að byggja slíkar verksmiðjur og annað slíkt úti um land þýðir það, að það þarf að lána 100% út til hinna fátæku staða, þar sem svo að segja enginn eyrir er til.

Að skipa fjárhagsráð er ekki nóg, ef því er ekki falið vald til þess að framkvæma þá staðsetningu, sem verið er að tala hér um. Það þarf að fela því eða veita því vald til þess að framkvæma staðsetningu atvinnutækja með þarfir hinna fátæku manna fyrir augum og ákveða slíkt án þess að gera slíkt að fyrirskipun bankanna. Við erum nógu lengi búin að horfa á slíkt, og það er ekki til neins góðs fyrir þjóðina að halda áfram að kjósa menn á þing og fela þeim að skaffa sér framleiðslutæki út um landið, ef þeir geta ekki dugað í því embætti til þess að skaffa það fjármagn, sem þarf til þess að koma upp slíkum atvinnutækjum úti um byggðir landsins. Það þýðir ekki að vera að tala um þann mikla fólksstraum, sem á sér stað til Reykjavíkur, ef haldið er áfram að lána þannig, að hver auðmaður þar geti fengið að byggja, af því að hann er ríkur. Það verður að gerbreyta þessari háskalegu pólitík og skapa aðra, sem vinnur fyrst og fremst fyrir þörf þjóðarinnar í þessu efni.

Það þýðir ekki að vera að tala um að koma atvinnutækjum út um land og tala um, að þar séu skilyrði til þess, t. d. eins og í Grundarfirði. Hvað verður, þegar þeir svo koma þaðan og biðja um lán til þess að geta byggt hraðfrystihús? Þorpin eru að verða mannlaus, bátarnir geta ekki gengið, það er ekki hægt að hagnýta aflann. Og þó að ekki hafi verið beðið um lán nema svona 25—30% af kostnaðinum til slíkra bygginga, hefur oft gengið erfiðlega að fá þau lán hjá bönkunum. En ef á að skaffa þessi atvinnutæki út um landið og hjálpa þessu fólki, þá verður að vera til vald, sem getur gert það og vill gera það. Það er blekking ein að mynda þetta ráð, ef það á ekki að hafa þetta vald.

Við erum búin að fá nóg af því, að jafnvel valdamestu mönnum þessa lands hefur Landsbankinn neitað, eða bankastjórar hans, um lán til þess að hjálpa mönnum, sem eru fátækir og eru að brjótast í því að fá sér atvinnutæki. Það er nóg komið af slíku. Það þarf að sjá um, þegar þarf að taka ákvörðun um slíka hluti, að þetta geti ekki endurtekið sig og þau dæmi, sem við þekkjum frá liðnum árum um þetta. Þess vegna er það rétt hugmynd, sem bæði hefur verið gefin áður í l. og hér í þessu frv. er tekin, að taka tillit til staðsetningar framleiðslutækja miðað við þarfir byggðarlaganna. En það þarf að gefa stofnuninni, sem á að framkvæma þetta, vald til þess.

Hæstv. forsrh. talaði hér um húsnæðisskort og húsnæðisþörf og útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Við vitum, hvernig gengið hefur í þeim málum. Það voru sett ágæt l. á síðasta þingi, sem áttu að tryggja, að því fólki, sem býr í slíkum heilsuspillandi íbúðum, yrði hjálpað til þess að komast í betri íbúðir. Og hæstv. forsrh. taldi upp, hve mikil nauðsyn væri á slíku og talaði um, hve margar óskir hefðu komið fram um framlög í þessu efni. Hann talaði um, að samkvæmt áætlun þyrfti um 30—40 millj. kr. í fjögur ár til verkamannabústaða til þess að fullnægja þessum óskum og 30 millj. kr. til þess að framkvæma l. um heilsuspillandi íbúðir, en það hefur verið byggt fyrir um 100 millj. kr. hér í Reykjavík á þessu ári. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh., það þarf að byggja slíkar íbúðir, en það þarf að tryggja það, að þessum millj. kr., sem varið er í byggingar hér í Reykjavík, sé rétt varið. En við skulum ekki draga úr því eða gleyma því, að það er hægt að gera miklu meira en gert hefur verið, hvað snertir byggingu íbúðarhúsa, samtímis því sem stórvirki eru unnin á sviði atvinnulífsins.

Það hefur verið byggt mikið, eins og skýrsla hæstv. forsrh., sem ég nefndi, sannar, en þó vitum við, að framkvæmd þessara bygginga er svo langt frá því að geta talizt viðunandi. Það hefði verið hægt að byggja miklu meira af íbúðarhúsum á Íslandi, svo framarlega sem fullkomin tæki væru fyrir hendi og betra skipulag á vinnunni og svo framarlega sem ein yfirstjórn hefði þar haft ráðin og skipulagt þær framkvæmdir. Það þarf ekki að draga úr byggingunum, það er hægt að halda áfram með fullum krafti, en það þarf að tryggja, að byggðar verði íbúðir fyrst og fremst.

yfir það fólk, sem býr nú í heilsuspillandi íbúðum. En það þarf annað skipulag en verið hefur. Það má ekki svo til ganga, eins og verið hefur, að einn og einn maður tekur að sér eitt og eitt hús víðs vegar um bæinn, heldur á sá sami maður að taka að sér að byggja upp heilar götur með nýtízku aðferðum, einnar hæðar hús, sjö hæða hús eða jafnvel 10 hæða hús, með lyftum og öðrum þægindum. Slík vinnubrögð mundu koma í veg fyrir, að haldið yrði áfram að kasta í glæ eins mörgum vinnustundum og gert hefur verið undanfarið með þessu gamla og úrelta fyrirkomulagi, sem kallað er hér einstaklingsframtak.

Hvað er að gerast hér í okkar þjóðfélagi, á meðan við erum að tala um, að við þurfum að gera skipulagðar ráðstafanir til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum og höfum samþ. á síðasta þingi l. um slíkt?

Það, sem er að gerast, er það, að það er verið að hrekja fólkið, sem hefur verið að reyna að byggja yfir sig og lagt hart að sér til þess að eignast þak yfir höfuðið, út úr þessum íbúðum, — og vegna hvers er það? Þar á bak við stendur bankavaldið, Þetta fólk hefur ekki getað lagt fram nógu sterka tryggingu fyrir því láni, sem það þurfti til þess að geta fengið lánið, og það verður að neyðast til þess að selja húsin og afhenda þau forríkum mönnum, sem leigja þau svo út með okurleigu til þess að verða ennþá ríkari. Það er ekki til neins að samþykkja fjölda l., ef bankapólitíkin er sú, að menn eru reknir út úr bönkunum og neitað um lán og reknir til þess að hætta við sín hús, til þess að þeir ríku geti fengið þau til að leigja þau út.

Það er alltaf hægt að segja falleg orð um að hjálpa þeim, sem eru húsnæðislausir, og samþykkja l. um það, en það bara þýðir ekki, nema gera um leið ráðstafanir til þess að hafa stjórn á bönkunum. Og það verður að sjá um, að mönnum sé gert kleift að vinna að þessum tilgangi, sem lýst er í 2. gr. Það þarf vald í hendur þeirrar stofnunar, sem á að gera þetta. Og það er það, sem verður prófsteinninn í öllu þessu, hvort fylgir alvara þessum fallegu orðum.

Þá kem ég að 3. gr. Þar er talað um, að fjárhagsráð skuli semja fyrir ár hvert áætlun um heildarframkvæmdir, en það er ekki talað um það, að það skuli semja áætlun fyrir nokkur ár. Nú er það vitað, að með þessu móti er í raun og veru ekki hægt að gera heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap. Hann útheimtir mjög mikla forsjálni og skipulag langt fram í tímann hvað þetta snertir, og skal ég taka dæmi, þar sem er grundvöllurinn fyrir öllum rekstri hér á landi, rafmagnsmálin. Þegar við ætlum að skapa stóriðju við sjóinn og vélaiðnað í sveitum, auka þéttbýlið þar á einn og annan hátt, og ég tala nú ekki um, ef við ætlum að koma upp stórfelldum fyrirtækjum þar, eins og t. d. áburðarverksmiðju og öðrum verksmiðjum, sem þurfa gífurlegt rafmagn, þá er raforkan grundvöllurinn. Nú er það hins vegar svo, að hraðfrystihúsin, sem eru að rísa upp við sjóinn, eru að kaupa svo og svo mikið af dieselvélum, af því að raforkan er svo takmörkuð. Það þarf að gera áætlun um raforkuverin 5—10 ár fram í tímann og láta það stemma við aðrar framkvæmdir, sem á að gera. Það þýðir ekkert að hugsa sér að koma upp slíkum verksmiðjum sem áburðarverksmiðju o. fl., ef við höfum ekki nægilegt rafmagn. Það verður þess vegna að hafa samfellt plan. Ef t. d. verksmiðjurnar eiga að vera nýttar 1952, þá verður að ákveða, hvort orkuaukningin frá Soginu er nóg eða hvort við verðum að vera búnir að virkja Þjórsá eða hvort við fáum nægilega mikinn kraft úr okkar hverum. Þetta þarf að vera samfellt, og þetta er óhugsandi fyrir eitt ár í senn. Eins árs plan er nauðsynlegt og rétt sem liður í framkvæmd stórs plans, en heildarplanið kannske til 4—5 ára, kannske til 10 ára, en það, sem liggur til grundvallar, er, að heildaráætlunin sé gerð langt fram í tímann, þar sem allt er látið stemma. Annars vill eitt og allt rekast á annars horn, af því að það vantar orku til þess að reka fyrirtækin, sem byggð eru.

Alveg sama gildir hvað snertir sjávarútveginn og þau mörgu fyrirtæki, sem þar á að reka. Bátaflotinn kallar á hraðfrystihúsin, og í sambandi við hraðfrystihúsin þarf beinamjölsverksmiðju. Ákveðinn fjölda af bátum þarf til þess að framleiða nægilega mikið af fiski, þannig að úrgangur úr fiski, þegar búið er að flaka hann, nægi til þess að hægt sé að reka fiskimjölsverksmiðju. Það þarf að vera samræmi í þessu öllu saman og skipulagt fyrir fram, það er óhugsandi öðruvísi en að það sé líka gert langt fram í tímann, hvort sem það eru 5 ár eða 10 ár eða kannske líka ennþá lengra fram í tímann, ef það er nauðsynlegt.

Ég tek sem dæmi annað mál. Það er Suðurlandsundirlendið og skipulagning þess. Við göngum vonandi allir saman út frá því, að Suðurlandsundirlendið verði eitt af þeim hluta þessa lands, sem þéttbýlastur verður. Og þegar við gerum okkar þjóðfélagslegu ráðstafanir, þá þurfum við að taka tillit til slíks. Þegar við byggjum bæi á Suðurlandsundirlendinu, þá verðum við að ákveða um þá hluti fyrir fram. Við verðum að sjá um, að slík saga endurtaki sig ekki eins og sagan um Hveragerði, þar sem hver og einn leggur sína hitaleiðslu og bæjarstæðið er valið með það fyrir augum að hafa hver við eldhússvegginn.

Þegar við ætlum að skipuleggja fullkomin atvinnukerfi og kannske byggðir landsins, þá þurfum við að hugsa langt fram í tímann hvað þetta snertir. Og þegar við hugsum um fullkomna ræktun Suðurlandsundirlendisins, skapa bæi á því svæði og fullkomlega hagnýta þá ræktunarmöguleika, sem þar eru fyrir hendi, þá þarf plan 10 ár eða lengra fram í tímann.

Það er ekki gengið út frá neinu af þessu í þessari áætlun, og það er alveg í samræmi við þann hugsunarhátt, sem kemur fram í öllu því, sem markar stefnu þessa frv. Það er allt miðað við að takmarka þetta og hitt og skera niður, það miðar ekki að því að skapa og hrinda í framkvæmd, og meira að segja er kveðið svo skarpt að orði í þessari 3. gr., að í áætlun þessari skal gera ráð fyrir kostnaðinum við hverja framkvæmd, svo og með hverjum hætti fjár skuli aflað, enda skal kveða á um það, í hverri röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafl og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að. Alls staðar er það þveröfugur hugsunarháttur við það, sem var, á meðan það var aðalatriðið, að fyrst og fremst yrði að hrinda sem allra mestu af stað, til þess að sem allra fyrst væri hægt að hafa not af slíkum framkvæmdum.

Þá er þarna ákvæði um innflutning og gjaldeyrisverzlun og vald til þess að framkvæma það. Það er spor í rétta átt. Og það hlægir mig á vissan hátt, að þetta atriði skuli vera komið þarna inn. Þetta er það ákvæði, sem nýbyggingarráð óskaði eftir í nóv. 1945, að sett yrði, og var þá ákveðið, að nýbyggingarráð fengi vald til þess að gera þessa áætlun og úthlutun leyfa yrði sett til viðskiptaráðs. En þá þótti þetta ófært af þáverandi hæstv. fjmrh. Þá var fjmrh. með þá hugmynd, að það væri svo fjarri því, að það þyrfti að skapa áætlun um þessa hluti, og þvert á móti ætti að gera allt frjálst, verzlunina frjálsa og innflutning, og þær till., sem nýbyggingarráð kom með, voru kveðnar niður. Ég veit ekki, hvort hæstv. fyrrv. fjmrh. hefur átt eins mikinn þátt í því að skapa þetta frv. eins og hann átti þátt í því að koma á núverandi stjórn, en honum hefur þá undarlega snúizt hugur, síðan það var. En í rétta átt stefndi þetta og hefði sparað þjóðinni nokkra tugi millj. kr., ef það hefði fengizt framkvæmt fyrir rúmu ári, þegar nýbyggingarráð þá einróma lagði það til.

Þá er komið að 4. gr., og í þeirri gr. er að mínu áliti endanlega kveðið á um, hvaða vald það sé, sem fjárhagsráði er ætlað að hafa, og hvað því er gert mögulegt. Þarna er sem sé ákvæði um það, hvað gera skuli, ef ekki sé nægilega séð fyrir fjárhag þeirra fyrirtækja, sem ráðið telur nauðsynlegt að stofnsetja. Í 4. gr. er komið að því, sem er kjarninn í öllu skipulagi þjóðarbúskaparins og afstaða bankavaldsins til fjárfestingar. Skipulögð fjárfesting er óhugsandi, nema vald til fjárfestingar sé á einum og sama stað. Óhugsandi er sú tvískipting valdsins, sem hér er, þar sem annars vegar er ráð, sem gerir kröfu um fjárfestingu undir yfirstjórn ríkisvaldsins, og á sama tíma séu svo bankastjórar, sem leyfa sér að reka allt aðra pólitík. Þetta eru tvær stofnanir, sem stefna sín í hvora áttina. Nýbyggingarráð hefur undirbúið nýbyggingar undanfarið. Bankastjórnin hefur stritazt á móti, svo sem hún hefur frekast getað. Ríkisstj. hefur að vísu yfirstjórn yfir þessu öllu saman, en hún hefur reynzt næsta máttlaus gagnvart Landsbankanum við að tryggja framkvæmdir. Nú er ástæða til að spyrja: Er bætt úr þessu? Nei, ekki að neinu leyti. Ráðinu er gefið vald til þess að neita um leyfi til framkvæmda, en það hefur ekki vald til að sjá um, að framkvæmdir séu mögulegar, til þess þarf meira en þetta frv. hefur inni að halda. Bankinn hefur eftir sem áður vald til þess að neita um lán, en hann á erfitt með að veita lán á þann hátt, að það gangi í berhögg við ráðið eða vilja þess, og er það vissulega pósitívt.

Þessir tveir aðilar geta hvorir um sig heft það, að ráðizt sé í framkvæmdir. En ef ráðið hefur á prjónunum einhverjar framkvæmdir, t. d. í nýsköpun, þá mun það sýna sig, að Landsbankinn hefur aðra pólitík, það hefur reynslan fullkomlega sannað. Sá sterki vilji, sem var fyrir hendi í fyrrv. hæstv. ríkisstj. til framkvæmda, og svo erfiðlega sem þá gekk að fá landsbankann til að beygja sig, þá geri ég mér ekki bjartar vonir um, að núverandi hæstv. stjórn takist öllu betur, nema Alþ. búi svo vandlega um hnútana, að ráðið hafi það vald yfir bankanum, að hann geti ekki staðið á móti. En Alþ. þarf að breyta þessu frv. svo, að ráðið hafi vald yfir bönkunum. Það dugar ekki, að fjárfestingarleyfi geti strandað á bönkunum og að þeir hafi vald til að stöðva framkvæmdir.

Ég hef horft á tignustu menn þjóðarinnar nú undanfarið, menn, sem verið hafa í fyrrv. hæstv. stjórn, og menn, sem eru í núverandi hæstv. stjórn, forvígismenn stærsta stjórnmálaflokksins í landinu, hafa gengið á fund bankastjórnarinnar til þess að reyna að fá fram nauðsynlegar fjárveitingar. Ég hef fylgzt með því, hvernig menn, eins og núv. hæstv. fjmrh., hafa barizt við að fá Landsbankann til að framkvæma þau l., sem samþ. hafa verið, fá hann til að sporna ekki gegn því, að miklar framkvæmdir kæmust í framkvæmd. Og fyrrv. hæstv. forsrh. reyndi þetta sama. Hver eftir annan hafa þeir farið bónleiðir til búðar. Menn, sem þjóðin hélt, að hefðu mikil völd, hafa gengið betlandi til Landsbankans og fengið nei. Það er rétt eins og Alþ. sé ráðgefandi þing og embættismenn í Austurstræti réðu svo, hvað þeir framkvæmdu.

Það er því sannarlega tími til kominn, að Alþ. fari að sýna það, að við hérna höfum vald og að það sé húsbóndi á sínu heimili, svo að einstakir embættismenn og bankastjórar geti ekki leyft sér það að neita. Það er óþolandi, að svo búið standi sem verið hefur undanfarið. Alþ. verður að hafa vald gagnvart þessum mönnum. En um þetta er sagt í niðurlagi 4. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Enn fremur skal fjárhagsráð hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samning fjárfestingar, og ber þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárþörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstj., lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjáröflun til þeirra fyrirtækja.“ Í þetta vantar, svo sem ég hef áður sagt, valdið til að framkvæma hlutina, svo að einstakir embættismenn geti ekki staðið gegn vilja Alþingis og vilja þjóðarinnar.

Það hefur sýnt sig, að landsbankavaldið ræður meira um stjórnmálin en Alþ. sjálft, og hefur það ekki hikað við að eyðileggja áform róttækra stjórna. Sú stjórn, sem Alþfl. og Framsfl. mynduðu 1934, hafði ýmsar róttækar aðgerðir á prjónunum. En árið 1935 neyddi Landsbankinn stjórnina til að breyta lögum, sem Alþ. hafði þá nýlega samið. Þetta sama endurtók sig svo 1937. Og nýsköpunaráform síðustu stjórnar eyðilagði landsbankavaldið, svo sem frekast það gat. Við munum eftir afstöðunni til stofnlánadeildarinnar, og við þekkjum afleiðingarnar. Hvað eftir annað hefur bankavaldið gripið inn í til að stemma stigu fyrir framkvæmdum hér á landi í þjóðarbúskapnum. Það er því sannarlega kominn tími til, að Alþ. sýni það, að það hefur vald yfir bönkunum. Það verður að gerbreyta yfirráðunum yfir bankanum, sérstaklega seðlabankanum.

Þá er það 5. gr., sem hæstv. forsrh. lagði mest upp úr sem einu höfuðnýmæli frv., og er vissulega um þarft nýmæli að ræða, ef vel er á haldið. En nú er að athuga til hvers skipulagningin á að vera. Tilgangurinn með skipulagningu er að fá alla hlutina til að falla sem bezt saman, svo að kraftarnir notist sem bezt, og skapa þannig grundvöll að almennri velgengni. En það er líka hægt að beina skipulagningu inn á allt aðrar brautir, t. d. til að koma á atvinnuleysi, og það er hægt, jafnvel þó að vilji ráðsins væri allt annar. Lands-

bankinn er að skipuleggja atvinnuleysi hér. Það stendur fyrir dyrum, ekki af því að það sé nein þörf eða nauðsyn, heldur er það leið til þess að geta ráðizt á verkalýðinn. En nú spyr ég: Ef ráðið vildi koma í veg fyrir slíkt, hefur það þá vald til þess? Nei, það vald er ekki til. Þetta gerir landsbankanum mögulegt að framkvæma sína pólitík, þó að fjárhagsráðið stæði á móti. Og það er þetta, sem hann er að gera. Því þarf að taka hér í taumana, svo að fjárhagsráð hafi ekki aðeins vald til að neita um leyfi, það þarf líka að hafa vald til að koma fjárfestingunni fram.

Hins vegar verð ég að segja það, að það er undarlegt, ef Sjálfstfl. er með öllu samþykkur þessu atriði, og er hann þá farinn að ganga langt í að viðurkenna, að ekki þurfi mikið upp úr frjálsu framtaki að leggja, og hefði það vissulega einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar, a. m. k. þegar hann var alltaf að býsnast yfir höftunum. Ef þetta ákvæði miðaði til aukinna framfara, væri ekki nema gott eitt um það að segja, ef sá væri tilgangurinn, en mér virtist af ræðu hæstv. forsrh., að það væri miklu frekar hugsað sem hemill á framkvæmdum, en það þýðir, að þeir, sem óska eftir atvinnuleysi til þess að geta gert árásir á verkalýðsstéttina, fá þeim mun meiri möguleika.

Ef ráðið á að geta framkvæmt þetta atriði, verður það að fá vald í hendur, sem gerir því kleift að framkvæma það. Þá væri æskilegt að fá upplýsingar um það, hvað er hugsað með því, að ákveðið verði með reglugerð að smáframkvæmdir séu heimilar án leyfisveitingar.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þær greinar, sem eftir eru í I. kafla. Þær eru vel orðaðar, en það vantar valdið til að framkvæma hlutina, og fulla skipulagningu. Formið er ekki nægilegt, og af því, sem skortir, hef ég sýnt fram á 4 atriði. Það vantar fé. 15% eru ekki nærri því nægjanleg. Í öðru lagi þarf meira vald yfir innflutningnum. Það vald er aðeins formlegt, en óvíst, að komi að notum. Í þriðja lagi vantar vald yfir bönkunum, og í fjórða lagi að ná fjármagninu úr verzluninni.

Skipting fjármagnsins í þjóðarbúskapnum var fyrst rannsökuð af skipulagsnefnd atvinnumála, Rauðku I., eins og mætti kalla hana, sem skipuð var af stjórninni 1935. Þá kom það strax í ljós, að of mikill hluti fjármagnsins var í verzluninni, eða um 100 milljónir, en í sjávarútvegnum aðeins 22 milljónir. Þá var það talin brýn nauðsyn að draga úr verzluninni í atvinnulífinu og veita fjármagninu í framleiðsluna. Þetta er nauðsyn, og það verður ef til vill að gera það allharkalega, eins og hæstv. forsrh. sagði. Þá er spurningin: Er nægilega frá þessu gengið í þessu frv.? Hæstv. forsrh. benti á 12. gr. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður verði sem minnstur. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu.“

Þá er spurningin, sem nauðsynlegt er að fá úr skorið: Er meiningin að framkvæma þetta atriði út í yztu æsar? Ef kemur einhver aðili, og hann tekur að sér að skaffa ákveðnar vörur, t. d. matvörur, fyrir lægra verð en allir aðrir, fær hann þá allan innflutning þeirra? Gætu t. d. S. Í. S. og kaupfélögin, sem flest hafa góða „organisation“ og njóta auk þess fríðinda, hvað snertir skatt, og ættu því að geta selt ódýrar en aðrir og hafa líka það markmið, fengið innflutning á t. d. öllum búsáhöldum, vefnaðarvöru o. s. frv.? Á þá ekki að taka tillit til neins annars? Ef svona er farið að, er vissulega hægt að framkvæma gerbyltingu í verzlunarmálunum, og það er nauðsynlegt, að það sé ákveðið og upplýst í umr., svo að hægt sé að ganga sem bezt frá þessu. En meðan það er ekki upplýst, skal ég ekki staðhæfa, að ekkert sé á þessu að byggja, því ef vel er á þessu haldið, má það verða til mikils gagns.

Eins og ég tók fram, er það, sem fyrst og fremst skortir í þetta frv., valdið til framkvæmda, en það, sem ég sakna þó sérstaklega í þessu frv., er, að í því eru engin ákvæði um framkvæmd á þeim áætlunum, sem fyrir liggja. Ríkisstj. hefur nú í höndum áætlun um sjávarútveginn, sem nýbyggingarráð sendi henni, og það spáir ekki góðu um framkvæmdina, að ekkert er um það getið. Nýbyggingarráð hefur samið um þetta góða áætlun, en það er enginn stafkrókur fyrir því, að fjárhagsráð framkvæmi þetta verk, sem þegar er hugsað. Ég mun nú, þegar þetta frv. kemur til n., hreyfa þessum breytingum, sem ég hef nú drepið á. Ég vona, að allir þeir, sem í raun og veru berjast fyrir nýsköpuninni, verði sammála um það og samtaka, að þetta form fái innihald.

Mér er skipulag mjög kært orð, og mér er það líka mjög mikið atriði, að skipulagningin sýni þá yfirburði, sem hún á til að bera. En það má líka skipuleggja illa, það má skipuleggja atvinnuleysi og böl. Það er hægt að nota skipulagninguna til gagns, og það er hægt að misnota hana. Þess vegna er það lífsspursmál, þegar það opinbera ætlar að skipuleggja og stofnar til stórfelldrar „organisationar“ í því sambandi, að þessi skipulagning og hennar tilgangur og hennar vald sé ljóst frá upphafi. — Það er notað nýtt orð í sambandi við þetta frv., sem ekki hefur áður verið í íslenzku máli, svo að mér sé kunnugt, orðið „almannavald“, sem er gott orð. Og þessa almannavalds er sérstök þörf gagnvart bönkum landsins, þegar á að stjórna fjárhagslífi landsins út frá löggjafarsamkomu þjóðarinnar, Alþingi. Þegar horfið er frá stefnu 19. aldarinnar um afskiptaleysi hins opinbera af atvinnulífinu og skipulag byggt upp í atvinnulífinu í þess stað, þá er mótsetning í því að hugsa sér slíkt skipulag án þess að tryggja slíkt almannavald í skipulaginu í anda nýsköpunarinnar.

Hins vegar var komið inn á það af hæstv. forsrh., að við mættum ekki vera of greiðstígir, hvað hraða snertir í okkar uppbyggingu. — Ég vil þar undirstrika hitt, að okkur er nauðsynlegt að reyna til hins ýtrasta að hafa hraðann í okkar uppbyggingu eins mikinn og þjóðinni frekast er fært. Okkur er það fyrst og fremst nauðsyn vegna þess, að því meiri hraði sem þar er á, því fyrr nýtur þjóðin þeirra kjara, sem leiðir af fullkomnara framleiðslukerfi. Okkur er þetta því fremur nauðsyn af því, að við Íslendingar erum í kapphlaupi við aðrar þjóðir í uppbyggingu okkar atvinnuvega. Þegar farið verður ef til vill að skammta, hve mikið megi veiða á þessum eða hinum miðum, þ. e. hve mörg skip megi þangað fara til veiða, þá þurfum við að geta bent á, að við höfum mörg

skip, ef unnt er. Þegar við höfum nýsköpunarstefnuna, þá var ljóst, að við yrðum að leggja áherzlu á þetta, ef aðrar þjóðir skömmtuðu, hve mörg skip mættu veiða á fiskimiðunum. Nýbyggingarráð gerði þá ráð fyrir að fjölga togurum úr 51 upp í 75 togara. Og ef reiknað var með 50 togurum, yrði að fá 25 togara í viðbót við þá, sem þegar höfðu verið keyptir, og spursmálið var að gera þetta nógu fljótt til þess að skapa þarna staðreynd, sem ekki væri hægt að hnekkja síðar. Við höfum misst mikið af togurum í stríðinu. En við verðum, með tilliti til þess, sem ég hef sagt, að geta sett fram fyrir aðrar þjóðir þá staðreynd, að við séum búnir að auka okkar flota. — Við ákváðum árið 1945 að byggja 30 togara. Við gerðum um það samninga við skipasmiði í Englandi og sátum fyrir öðrum um byggingu þessara togara, af því að við ákváðum okkur fljótt. Ensku togarabyggjendurnir sáu eftir að hafa gefið okkur þetta forhlaup. En þar sem við komumst nú að þessum forréttindum, verðum við að lofa okkar þjóð að leggja að sér, eins og hún frekast fæst til, til þess að þessum togarabyggingum verði flýtt. Þjóðin hefur treyst okkur alþm. til að hafa forystu í þessu efni og ætlast til þess, að við höfum forsjá um að framkvæma þessa hluti, sem máske verða til eftir tvö ár, og þjóðin treystir okkur til að hafa þessa forsjá út frá þeim kringumstæðum og háttum í alþjóðlegu atvinnulífi, sem við eigum að þekkja betur en fólk almennt. Ef við látum þessa möguleika ónotaða, mun þjóðin ásaka okkur fyrir það seinna. — Og við getum þá líka ætlazt til þess, að þjóðin leggi að sér um þessa hluti.

Engri kynslóð, sem byggt hefur okkar land, hefur liðið eins vel eins og þeirri kynslóð, sem nú lifir á Íslandi. Og við, sem höfum notið í mörgu baráttu forfeðra okkar, þeirra pólitísku frelsisbaráttu, og fengið að lifa það, að stofnað hefur verið lýðveldi á Íslandi, við eigum að hafa fulla djörfung til að segja þjóðinni, að hún þurfi að skapa það fullkomna framleiðslukerfi, sem okkur er nauðsynlegt. Og sú kynslóð, sem nú byggir þetta land, hefur siðferðislega skyldu til þess. Hún hefur gert stóra hluti og getur gert stærri hluti, ef hún fær í hendur þau tæki til þess, sem við höfum ráð á, og ef nógu skipulagt er stefnt að því marki að nota þau rétt.

Hæstv. forsrh. sagði, að við mættum ekki stefna of hátt í þessu efni.

Menn voru ýmsir vantrúaðir á það árið 1944, þegar nýsköpunin var hafin, hvað við Íslendingar gætum gert. Mönnum fannst það stórhugur, sem lýsti sér í þeim ákvörðunum, sem þá voru teknar um nýsköpun. En við höfum komizt að raun um það nú, að við stefndum þá ekki nógu hátt. Við sjáum nú, að krafturinn, sem þjóðin býr yfir, og vilji hennar til þess að starfa að þessum efnum er miklu meiri en okkur óraði fyrir þá. Við skulum þess vegna ekki draga úr trú þjóðarinnar á möguleikana til aukningar atvinnuveganna, heldur þvert á móti stuðla að krafti hennar til hins ýtrasta og sýna henni, hvað hún getur gert, sýna henni fram á, að hennar stórhugur hefur getað flutt fjöll og getur það áfram. Við þurfum að efla þessa trú, trú á land og þjóð, sem ef til vill hefur aldrei verið sterkari hjá okkur heldur en nú þessi síðustu tvö ár. Og þessi trú þarf að leiða hana til glæsilegra framkvæmda, jafnvel glæsilegri en þeir hafa stigið, sem á síðustu tveimur árum hafa þótt stíga stór spor, — framkvæmda í miklu stórkostlegri nýsköpun en þeirri, sem ennþá hefur átt sér stað.

Ég býst við, ef við nú skipuleggjum okkar krafta fullkomlega, vinnum nægilega vel að þeim tilgangi, sem fyrir þjóðinni vakti í þeim kosningum, þegar hún kaus þetta þing, þá muni ekki skorta stórhug hjá þjóðinni. Það reynir nú á það, hvort við alþm. höfum forsjálni og stórhug til þess að hafa þarna forystu.

Hæstv. forsrh. minntist á innflutninginn og minntist í því sambandi á, hve mikið væri hægt að byggja. Það er hægt að gera svo miklu meira en ennþá hefur verið gert, ef við hagnýtum okkar krafta til hins ýtrasta. Og úr þeim stórhug, sem fyrir hendi er í því efni, megum við ekki draga. Þessi trú á möguleikana er meira virði en peningarnir og tækin, sem við höfum, og þessa trú verður að efla hjá þjóðinni. Við, sem sitjum hér á þingi, megum ekki bregðast í þessum efnum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 517, mun nú vera eitthvert stærsta mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþ. á síðari árum, og má því ætla, að ekki þyki nein undur, þótt umr. um slíkt mál taki nokkurn tíma, því að í rauninni virðist svo sem þessari n., sem hér á að stofna, sé ætlað að fjalla um allt, sem á að gera í okkar þjóðfélagi. Aðalatriðið er, að stofna skal 4 manna stjórnskipaða n. til þess að ráða, undir yfirstjórn stjórnarinnar, hvað eigi að gera hér í þessu landi. Mér virðist, að með þessu fyrirkomulagi sé alllangt gengið inn á það verksvið, sem Alþ. hefur haft sjálft, og því verði að athuga nánar, hvort farið skuli inn á þá braut, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég skal til að byrja með minnast á það, að það mun fyrst hafa verið árið 1931, sem gengið var inn á haftastefnuna í verzlunarmálum okkar lands, og það er haftastefnan í verzlunarmálum, sem er aðalatriðið í þessu frv. Það er þess vegna ekki úr vegi, að við gerum okkur grein fyrir, hvernig þessari haftastefnu er beitt. Þessi stefna var smátt og smátt að aukast á árunum 1934—1937 og svo nokkuð á síðari árum, þannig að hún hefur farið vaxandi, en hámarki sínu sýnist mér hún eiga að ná samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Því hefur oft verið haldið fram af þeim, sem hafa haldið með verzlunarhöftunum, að með þeim fengist betra fyrirkomulag á verzlunina og öryggi fyrir því, að verzlunargróðinn yrði minni en ella. Þetta hefur mér virzt vera öfugt, og enda svo, að í verzlunarstétt er nú meiri fjöldi manna en nokkru sinni áður, eins og kom fram í ræðu forsrh. áðan, þegar hann sagði, að þessi stétt væri orðin það fjölmenn, að það yrði að athuga, hvort ekki yrði að setja einhver höft á aukningu hennar. En það, sem hefur gert þetta að verkum, er það, að haftastefnan hefur verið framkvæmd á þann hátt, að ekki hefur verið reynt að auka verzlunarþekkingu, heldur hefur verið byggt á því, að mönnum hefur verið úthlutað leyfum, og allir, sem hafa getað fengið leyfi, hvort sem þeir hafa haft til þess þekkingu eða ekki, hafa getað stundað þessa atvinnu með góðum hagnaði. Nú hefur keyrt um þverbak fyrir almenningi, síðan sú regla var upp tekin að miða alla álagningu við prósentgjald af

kostnaði vörunnar og kostnaði, sem á hana fellur, þannig að þeir hafa grætt mest á verzlunarviðskiptum, sem hafa keypt inn hæstu verði. Af þessum sökum hafa smátt og smátt verið útilokuð frjáls samskipti í verzlunarmálum, vegna þess að það, hvað hvert verzlunarfyrirtæki hefur haft mikið með að verzla, hefur byggzt á því einu, hve mikil leyfi það hefur fengið fyrir gjaldeyri og vörum.

Það er nú tilgangurinn, eftir því sem segir í þessu frv. — og þó öllu heldur eftir því sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. —, að stefna að því að leiðrétta þetta og leiðrétta það á þann hátt að láta þau fyrirtæki sitja fyrir leyfum, sem hafa fullkomnastan rekstur og geta sýnt fram á, að þau hafi tækifæri til þess að ná sem beztum innkaupum. En mér fyrir mitt leyti finnst, að þetta frv. sé meira orðagjálfur en svo, að hægt sé að byggja á því, að maður hafi nokkuð fast undir fótum.

Ákvæðin um þetta eru í 12. gr. frv., og þar segir, að það skuli úthluta til innflytjenda innflutningi á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og setja þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum. Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður verði sem minnstur. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu.

Ég er nú heldur á því, að það verði býsna mikill ágreiningur um það nú þegar, hvernig þessu skuli skipta, og þurfi ekki neitt fjárhagsráð eða nýja n. til þess að sýna, að nokkuð mikill ágreiningur er um þessa hluti. Þetta frv. mun fara til fjhn. þessarar d. Þar eiga sæti hv. 3. þm. Reykv. (HB), sem er formaður Verzlunarráðs Íslands, og hv. þm. V-Húnv. (SkG), sem er einn af helztu forkólfum kaupfélaga þessa lands. Ég get hugsað mér, að þessum mönnum muni ekki koma saman um það í þessari n., hvort kaupmenn eða kaupfélög geti sýnt fram á það fyrir fram, hvorir geti keypt vörur með lægra verði. Mér sýnist, að ef menn hafa í hyggju að útfæra haftastefnuna meira en hingað til og koma á jafnvægi, væri meira virði, að þetta fjárhagsráð væri látið miða álagninguna — ekki við prósentgjöld, heldur við vörueiningar. Ég held, að sanngjarnara sé að borga jafnt fyrir að selja eitt tonn af mjöli, hvort sem það er hér í Reykjavík eða austur á landi eða vestur á landi, en að fara eftir því, við hvaða verði keypt er inn. Þetta atriði er til athugunar, og vil ég ekki fara út í það hér, en ég er þeirrar skoðunar, að til þess að við fáum bætta verzlun, verði hún að vera frjáls, en ekki bundin, og það verði að vera skilyrði, að þeir, sem hafa mikla þekkingu á verzlunarsviðinu, verði að fá að njóta sín. Hitt er vitað mál, að verzlunarsamningar við erlend ríki hafa sín áhrif, og það kemur fram, án þess að ný skipan verði gerð á þessum málum.

Aðalatriði þessa frv. er að finna í 2. gr. þess, og er það fyrst að segja, að mér kemur það undarlega fyrir sjónir, eftir því sem ég vissi um áður, að þetta skuli eiga að vera stjórnskipuð 4 manna n., því þegar tilgangur n. er, að Alþ. eigi að setja meiri hl. af því valdi, sem það hefur haft, undir n., þá er undarlegt, að það skuli ekki mega kjósa þá n., sem á með það að fara. Ég ætla nú, að áður en málið fer úr þessari d., hljóti að verða átök um það — og það átök, sem úr skera —, hvort þm. vilja takmarka svo vald Alþingis, að þm. megi ekki kjósa það ráð, sem hér er um að ræða. Að öðru leyti er þessi grein fremur eins og hún væri stefnuskrá stjórnmálaflokks en löggjafaratriði, því að það er eins og þetta framkvæmdarráð eigi að laga allt, sem aflaga fer í okkar þjóðfélagi. Ég held því, að fyrirmæli þessarar greinar verði ekki mikils virði.

6. liður hennar er um það, að ráða fram úr okkar dýrtíðarvandamálum, sem hefur verið verkefni og deilumál hér á þingi síðan stríðið byrjaði, og þykir mér undarlegt, ef miklu meiri árangur er að því að fela þessu fjárhagsráði að ráða fram úr því heldur en hefur orðið á undanförnum tímabilum. Annars vil ég taka fram í sambandi við dýrtíðarvandamálið, sem er mjög umrætt mál, að undirstaðan að því, hvernig hefur farið með þessa áframhaldandi skrúfu á dýrtíðarsviðinu, er vísitölulöggjöfin frá 1940, og frá mínu sjónarmiði er það í rauninni heimska að tala um dýrtíðarstöðvun, sem nokkru máli skiptir og á að hafa áhrif, á meðan þessi l. eru óbreytt. Þess vegna verður, ef alvarlegur vilji er fyrir því að ráðast á þetta, að ráðast á þá víxlskrúfu, sem er komin milli verðlags og kaupgjalds, og það er auðvitað vísitalan.

Viðvíkjandi byggingamálunum er það að segja, að eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh., þá eru líkur til þess, að þetta frv. hafi í för með sér höft á því sviði. Það er kannske þörf á höftum, en þau höft ættu að vera hjá Alþ., en ekki stjórnskipaðri n. Hæstv. forsrh. gaf skýrslu um þær húsabyggingar, sem þörf er á í ýmsum kaupstöðum, og komst að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti um 40 millj. kr. lán til þess að fullnægja þessu, en hann gekk fram hjá öllum kauptúnunum, fyrir utan allar sveitirnar og ennfremur opinberar byggingar, sem fara vaxandi. Nú virðist mér, að samkv. þessu frv. og þeim ráðstöfunum, sem ætlazt er til, að gerðar verði í sambandi við það, verði þeir menn, sem ætla að hefja framkvæmdir í byggingarmálum, að fara í gegnum margfaldar girðingar. Ég vil benda á það, að samkv. l. um nýbýlasjóð er okkur í nýbýlastjórn leyft að ráða, hverjir byggi á jörðunum. Við beitum þessu valdi mjög frjálslega, en það virðist ekki vera nein trygging fyrir því, að viðkomandi bændur fái komið því í verk, vegna þess að það getur orðið stoppað af þessu fjárhagsráði, sem á að hafa úthlutun á byggingarefni og ráða, hvað megi gera og hvað ekki megi gera.

Nú er það svo, að þótt talað sé um vöntun á íbúðarhúsum í hinum og öðrum bæjum, þar sem fólk hópast saman, er það ekki síður svo í sveitunum, því að þar eru heilir hreppar, þar sem þyrfti að byggja upp á hverri jörð. Og nú er það svo, að ef á að setja upp þetta stórráð, sem á að ráða því, hvort byggja megi upp á þessum staðnum eða hinum, væru líkur til, að gæti gætt nokkurrar hlutdrægni í úthlutun milli bæja og sveita. Nú eru ekki komin til framkvæmda fyrirmæli um aukna aðstoð til byggingarmála, en þar er svo ákveðið, að til endurbygginga í sveitum leggi ríkið til sem lánsfé 2½ milljón króna á ári.

Ég lít þannig á þetta ákvæði 7. liðar 2. gr., eins og mörg hinna, að það sé frekar hægt að segja, að þau séu stefnuskráratriði, en að líklegt sé, að það komist til framkvæmda, að þetta ráð komist yfir

að stjórna, hvaða byggingar megi ráðast í og hverjar ekki. Þó tekur út yfir í þeirri stefnu, sem fram kemur í 5. gr. frv., því að þar er greinilega fram tekið, að ekki megi ráðast í neinar framkvæmdir og ekki flytja inn neina vöru nema með leyfi fjárhagsráðs, og að jafnvel þurfi leyfi þess til að halda áfram framkvæmdum, sem þegar hefur verið byrjað á, en ekki er að fullu lokið. Þetta þykir mér furðu sæta, og í heild verð ég að segja, að ég undraðist mjög, er ég hlustaði á ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem er form. Sósfl., að hann skyldi ekki taka fegins hendi þessu frv., því að raunverulega er það hið allra kommúnistiska frv., sem nokkurn tíma hefur verið lagt fyrir hv. Alþ., síðan ég kom hingað inn á þing. Þess vegna hefði ég álitið, að hann hefði tekið fegins hendi svo róttækum aðgerðum, sem þetta frv. felur í sér, en nú virðist svo sem hæstv. ríkisstj. ætli sér að framkvæma kommúnismann í andstöðu við sjálfa kommúnistana hér á Alþ.

Ég held, að það hafi verið árið 1935, að hér á þingi varð hörð senna um frv., sem hlaut nafnið Rauðka. Sú Rauðka náði fram að ganga og síðan einar tvær eða þrjár aðrar, en þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sú allra stærsta Rauðka, sem nokkurn tíma hefur átt að stofna til.

Viðvíkjandi öðrum atriðum í þessu sambandi er þess að geta, að þegar talað er um, að hér sé verið að fara inn á nýjar leiðir með því að reka allt okkar þjóðfélag samkvæmt fast fyrir fram gerðri áætlun, sem þetta valdamikla fjárhagsráð eigi að undirbúa, þá fer nú að verða næsta lítið um atvinnufrelsi í okkar landi. Verð ég að segja það, að mér finnst fullkomin ástæða til að stinga hér við fæti á einhvern hátt, áður en frv. þetta er samþ. í því formi, sem það hefur verið lagt fram í.

Einn kafli þessa frv. fjallar um verðlagseftirlit. Um hann er það sama að segja og ég nefndi áðan varðandi innflutningsverzlunina, að þar verður að vera betur um hnútana búið en gert er samkvæmt frv., ef þar á að gera verulegar breytingar á til bóta á þann hátt, að þeir, sem hafi mikla þekkingu á þessu sviði og að öðru leyti tækifæri til þess að reka verzlun, sem er hagkvæmari fyrir almenning, fái að njóta sín. — Sannleikurinn er sá, að þar sem gert er ráð fyrir ákaflega miklu valdi fjárhagsráðs, þá er mjög mikið undir því komið, hvort það geti orðið sammála um hin ýmsu verkefni þess og að það þurfi ekki oft að skjóta ágreiningi sínum til ríkisstj., eins og gert er ráð fyrir samkvæmt frv., þegar um ágreining innan ráðsins er að ræða. Veltur því á mjög miklu, hversu frjálslyndir menn skipi fjárhagsráð og hvernig þeim tekst að vinna sitt verk.

Ég mun ekki að þessu sinni fara mikið frekar út í að ræða þetta stóra mál. Til þess mun gefast tækifæri, áður en það fer héðan út úr hv. d. Verð ég að láta þá skoðun mína í ljós, að það er algerlega útilokað, að ég geti fylgt þessu frv., nema því aðeins, að það taki stórbreytingum frá því, sem það nú er, fyrst og fremst hvað það atriði snertir, að ekki verði það vald tekið af Alþ., að það fái ekki að kjósa menn í fjárhagsráð, sem eiga að fara með svo mikið af fjárhagsvaldinu, sem Alþ. hefur haft hingað til. — Það má að vísu segja, að Alþ. geti breytt l., en slíkt gæti orðið býsna þungt í vöfum, og verður því að beita allri varfærni við að samþykkja slík l., sem þrengja svo valdssvið Alþ., sem mér virðist gert með þessu frv., ef að l. verður. Ég verð að líta svo á, að þetta frv. sé eitt hið mesta haftafrv., sem lagt hefur verið fyrir hv. Alþ., og vænti þess fastlega, að hv. fjhn. athugi það mjög gaumgæfilega, áður en hún afgreiðir það frá sér.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. lagði á það mikla áherzlu, að með þessu frv., ef að l. verður, fengist veruleg lausn á húsnæðisvandamálum þjóðarinnar. Það var vissulega eðlilegt, að þetta mál yrði ofarlega í huga hæstv. ríkisstj., þegar hún legði fram frv. um fjárfestingu. Finnst mér sérstök ástæða til að athuga þau ákvæði frv., sem að því lúta að leysa þetta vandamál, og reyna að gera sér grein fyrir því, hversu miklar líkur séu til, að um raunverulega lausn sé að ræða að fenginni reynslu í þessum efnum.

Það ákvæði, sem um þetta fjallar, er í fyrsta lagi 7. liður 2. gr. Þar segir, að eitt af verkefnum fjárhagsráðs skuli vera það: „að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.“ Er þetta að sjálfsögðu falleg, æskileg og þörf stefnuyfirlýsing. — Við skulum svo athuga frv. nánar og líta á það, hvernig eigi að tryggja þessa fögru yfirlýsingu í framkvæmdinni. Ég kem hins vegar ekki auga á mörg atriði í frv., sem að þessu miða. Ef til vill ber þó að skilja, að niðurlag 4. gr. frv. eigi eitthvað að þessu að miða. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárþörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstj., lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjáröflun til þessara fyrirtækja.“ Ég býst við, að þetta ákvæði nái til þess, að leita eigi samvinnu við ríkisstj., lánsstofnanir eða aðra aðila til þess að ráða fram úr fjárhagsvandamálum, ef um fjárskort er að ræða hjá fyrirtækjum, sem fjárhagsráð telur nauðsyn til að stofnsetja. Þá er það rétt, að 5. gr. snertir þetta atriði nokkuð. Þar er svo ákveðið, að til þess að ráðast í hvers konar framkvæmdir skuli koma til leyfi fjárhagsráðs, þ. e. a. s. að til þess að mega byggja hús þarf leyfi ráðsins. Það er síður en svo, að ég lasti ákvæði sem þetta, því að með þessu er hægt að hindra byggingu húsa, sem ekki er brýn þörf á, meðan húsnæðisskortur er tilfinnanlegur í landinu og meðan fjöldi fólks býr í heilsuspillandi húsnæði.

Þá er og rétt að athuga, hvað er til í l. varðandi þessi mál. — Það er ekki langt síðan hv. Alþ. fjallaði um húsnæðisvandamálið, sem sé á síðasta þingi. Þá var hv. þm. ljóst, að hér var um mjög stórt vandamál að ræða, og flokksbróðir hæstv. forsrh., fyrrv. félmrh. og dómsmrh. (FJ), lagði þá fram frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þetta frv. varð að l., eftir að hafa tekið smávægilegum breytingum í meðförum hv. Alþ. Er nú rétt að athuga, hvaða ákvæði finnist í þessum l., sem stefna í líka átt og ákvæði varðandi þessi mál í frv. því, sem hér liggur fyrir, og hvaða áhrif þessi ákvæði í l. hafa haft til að leysa húsnæðisvandamálið. Ég vil sérstaklega benda á 3. kafla l., sem fjallar um íbúðabyggingar sveitarfélaga. Sá kafli lýtur að því að gera sveitarfélögum skylt að ráða bót á húsnæðisskortinum og útrýma heilsuspillandi íbúðum, og í 29. gr. l. er tekið fram, að að því skuli

stefnt að útrýma öllum heilsuspillandi íbúðum á ekki lengri tíma en 4 árum. Hér er sem sé í l. sams konar ákvæði og í 7. lið 2. gr. frv., en ákveðnara þó, því að sá liður segir aðeins með almennum orðum, að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, eigi að útrýma með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa. Í l. er sveitarfélögunum hins vegar falið þetta verk, og eiga þau að hafa lokið því á 4 árum, þ. e. eftir 3 ár frá því herrans ári, sem við lifum nú á. Hér er því ekki um neitt nýmæli í frv. að ræða. — Í 38. gr. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í landinu og erfiðleikar eru á innflutningi nægilegs byggingarefnis að dómi ríkisstj., skal viðskiptaráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstj. ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins." Hér eru því fyrir hendi skýlaus fyrirmæli um skömmtun byggingarefnis, meðan núverandi ástand varir. Viðskiptaráð skal taka upp þessa skömmtun eða sú stofnun, sem ríkisstj. ákveður í þess stað. Hvað þýðir nú slík skömmtun? Hún þýðir það, að viðskiptaráð eða önnur stofnun, sem kemur í þess stað, getur ráðið því, í hvaða byggingar er ráðizt. Það þarf leyfi þess aðila, sem hér um ræðir, til vissra byggingarframkvæmda, hann getur lagt bann við öðrum. Hér er því um nákvæmlega sama efni að ræða og 5. gr. frv. fjallar um. — Mín niðurstaða af þessum samanburði er því sú, að í frv. því, sem hér liggur fyrir, sé ekkert nýtt ákvæði um byggingarmálin, því að allt, sem þar er nefnt varðandi þessi mál, er til í l. nú þegar. Sé ég enga ástæðu til að ætla, að þótt þau ákvæði, sem eru í l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, verði sett í ný lög og á nýjan pappír, þá verði þau áhrifaríkari en þau hafa reynzt á gamla pappírnum til þess að bæta úr húsnæðisvandamálinu.

Hæstv. forsrh. gaf hér yfirlit um það, hvernig ástandið væri nú í þessum málum. Las hann upp tölur um nokkra bæi og þorp, sem sýna, að þar er mjög mikil þörf á umbótum á þessu sviði, sem enn hafa ekki verið framkvæmdar og ekki hefur verið talið tiltækilegt að ráðast í. Ég gæti gefið nokkrar viðbótarupplýsingar í þessum málum. Ég hygg, að það leiki ekki á tveim tungum, að löggjöfin um byggingarfélög verkamanna hafi verið hin skynsamlegasta á þessu sviði. Nú standa sakir þar þannig, að byggingarsjóð verkamanna vantar 22966000 kr. til þess að geta orðið við beiðnum þeim, sem fyrir liggja frá byggingarfélögum verkamanna, og auk þess vantar 1,5 millj. kr. til þess að uppfylla þegar gefin loforð. Til þess að gefa yfir þetta glöggt yfirlit skal ég skýra frá því, að í Reykjavík hefur verið sótt um lán fyrir kr. 8000000, í Keflavík fyrir kr. 2100000, Hafnarfirði kr. 2000000, frá Húsavík kr. 2000000, Akranesi kr. 1240000, Ólafsvík kr. 1400000, Neskaupstað kr. 600000, Dalvík kr. 700000, Eskifirði kr. 500000, Patreksfirði kr. 700000, Sauðárkróki kr. 770000, Djúpavogi kr. 576000, Búðahreppi kr. 420000, Bolungavík kr. 1120000 og á Ísafirði kr. 840000. Nokkrar fleiri beiðnir liggja fyrir frá smærri stöðum, sem enn hefur ekki verið unnt að sinna. En það eru ekki aðeins byggingar verkamanna, sem þannig er ástatt um. Allt í kringum land — í þorpum, kaupstöðum og kauptúnum — hafa samvinnubyggingarfélög risið upp, sem hafa viljað hefja stórar framkvæmdir, en þær hafa hins vegar tafizt vegna skorts á lánsfé. Enn eru margir einstaklingar, sem hafa verið að leitast við að byggja yfir sig og sína, en hafa orðið að stöðva slíkar framkvæmdir, vegna þess að lánsfé hefur vantað. Og enn er sagan ekki öll. Æði margir kaupstaðir hafa þegar hafizt handa um að bæta úr húsnæðisvandræðunum, þ. e. að útrýma heilsuspillandi húsnæði samkvæmt l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Ekkert af þessum bæjarfélögum hefur hins vegar enn fengið grænan eyri úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, þótt þau eigi samkvæmt l. að fá það an 85% af byggingarkostnaði. Þá er og þess að geta í þessu sambandi, að þegar fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar var rædd nýlega á bæjarstjórnarfundi, voru það stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., sem drógu það mjög í efa, að ríkið gæti uppfyllt þessi l., þannig að það gæti látið af hendi rakna það lánsfé, sem kaupstöðum ber til byggingarframkvæmda þeirra samkv. l.

Ég hef rakið þetta hér að ofan til þess að sýna fram á, að þótt l. frá síðasta þingi, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, séu að formi til á margan hátt hin prýðilegustu og þeirra tilgangur mjög góður, þá hefur ekki orðið eins mikið úr framkvæmdunum, vegna þess að meginatriðið vantar í l., sem sé hvernig eigi að afla fjárins til þessara framkvæmda. Nú er hér komið nýtt frv., þar sem stiklað er á nokkrum helztu ákvæðunum í þessum l., og þar er ekkert nýtt sagt um byggingarmálin og engin fyrirmæli um það, hvernig eigi að afla fjár til byggingarframkvæmdanna. Það vantaði hins vegar ekki, að á þetta væri bent, þegar verið var að ræða frv. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Lét ég þá orð falla, að hv. Alþ. gerði ekki skyldu sína, ef það skildi svo við þessi l., að í þeim væru ekki skýr ákvæði um, hvernig fjárins skyldi aflað. Ég benti þá á, að ef þetta yrði ekki gert, væri hætta á, að l. yrðu ekki annað en pappírsplagg og lítið yrði úr framkvæmdum, og bar ég fram brtt. við frv., um að ætla ákveðin fjárframlög til þessara framkvæmda. Hæstv. núverandi forsrh. tók vel í þessa till. og sagði, að æskilegt væri, að slíkt ákvæði væri í l., en að betur athuguðu máli taldi hann þó ekki nauðsyn á slíku. Hvað snerti byggingu verkamannabústaða, benti hann á, að leita skyldi vinsamlegrar samvinnu við Landsbanka Íslands um lánsfé, og þetta ráð þótti honum því ágætara, þar sem aðalbankastjórinn, hr. Magnús Sigurðsson, ætti sæti í stjórn byggingarsjóðsins. Af þessari ástæðu fannst hæstv. forsrh. það viðhlítandi að láta frv. verða að l., án þess að í því væru ákvæði um það, hvernig skyldi afla sjóðnum tekna, og ég sé það nú, að þrátt fyrir fengna reynslu, þrátt fyrir það að þennan sjóð vanti nú nálega 25 millj. kr. til þess að standa við gefin loforð um lán og til þess að fullnægja beiðnum, sem eru óafgreiddar, treystir hæstv. forsrh. sér enn inn á sömu braut. Hann segir bara, að leita skuli samvinnu við Landsbanka Íslands eða aðra þá aðila, sem þessi mál hafa með höndum, ef fé vanti til framkvæmdanna.

Skal ég svo ekki fara miklu fleiri orðum um þetta atriði, en ég hygg, að allt þetta frv. frá upphafi til enda sé með því sama marki brennt sem ákvæðin um lausn húsnæðisvandamálsins, sem sé að hér sé um að ræða göfug fyrirheit og frómar

bollaleggingar, en að það vanti hins vegar á hverjum stað og í hverju atriði aflið, sem þarf til framkvæmdanna. Það vantar ákvæði um það, hvernig fénu skuli beint inn á þær brautir, sem fjárhagsráð vill láta það streyma inn á.

Mér dettur í hug í þessu sambandi, að það er oft sögð sú saga um okkar forna lýðveldi, að það setti sér löggjöf með þeim hætti, að sæmilega gat talizt séð fyrir tveim þáttum núverandi ríkisvalds, sem sé fyrir löggjafarvaldi og dómsvaldi, en þriðja þáttinn vantaði, það vantaði framkvæmdarvaldið. Afleiðingin varð sú, svo sem kunnugt er, að okkar forna lýðveldi beið skipbrot, fyrst og fremst vegna þess, að framkvæmdarvaldið vantaði. Ég hygg, að því muni eins varið með þá löggjöf, sem hér um ræðir, að stefnt sé að skipbroti, af því að hér vantar raunverulega framkvæmdarvaldið.

Ég hygg þetta frv. hafi alla þá ókosti, sem skipulagningu geta fylgt, en óneitanlega hefur það nálega enga kosti hennar. Þetta frv. tekur fram, hvað bannað sé, þú mátt ekki verzla, þú mátt ekki byggja o. s. frv., og þetta getur verið ágætt. Og hins vegar: Þú mátt verzla, þú mátt byggja, þú mátt framkvæma o. s. frv., og það er líka ágætt út af fyrir sig. En óumflýjanlegt skilyrði vantar, að þetta sé tryggt, að tryggt sé, að maður geti verzlað, byggt o. s. frv., því að ekkert af þessu er tryggt samkv. frv. Þar er hvergi stigið heilt spor, af því að hvergi er komið inn á það að segja bönkunum fyrir verkum. En áætlunarbúskapur eða „plan-ökonomi" er ekkert annað en fjarstæða, ef valdið, sem bak við hana stendur, er ekki þess megnugt að ráða því, hvert straumar fjármagnsins liggja. Ég hef við annað tækifæri bent á, að segja verði og taka fram í sambandi við slíka áætlun, svona mikið fjármagn á að festa í þessari atvinnugrein á þessu tímabili, svona mikið í verzlun, svona mikið í byggingum, svona mikið í sjávarútvegi o. s. frv., og þá fyrst er um áætlunarbúskap að ræða, er þannig er haldið á málunum. En um þetta er ekki stakt orð í frv. Mér liggur við að segja, að þar sé aðeins skipulagning eymdarinnar og volæðisins, að þar sé engin skipulagning. Eitt valdið segir: Þú mátt, þú mátt ekki. Annað valdið segir: Nei, ekkert fé til. Þetta er óhæfa, og með þessu er stefnt út í hreina vitleysu.

Hv. þm. A-Húnv. lét í ljós undrun sína yfir því, að við hv. 2. þm. Reykv. skyldum ekki taka þessu frv. eins og fagnaðarboðskap, þar sem hér væri þó um að ræða hinn tandurhreinasta „kommúnismus", sem þekkzt hefði hér á landi. Það er nú hægt að fyrirgefa þessum hv. þm. það, að hann skuli ekki vera þrautfróður um sósíalisma, ég geri ekki þær kröfur til hans. Þó mætti hann vel vita af samstarfi og kynningu við okkur sósíalista, að við lítum raunhæft á málin. Það er rétt, að við viljum ákveðna áætlun og erum samþykkir því að marka einkaframtakinu bás, en við viljum ekki þetta eitt, heldur viljum við tryggja framkvæmd þeirrar áætlunar eins og hægt er. Í þessu frv. er framkvæmd hvergi tryggð, og því get ég sagt með hv. þm. A-Húnv., að ég sé mér ekki fært að greiða því atkv., en þó af allt öðrum ástæðum en hann. Ég er ekki á móti því af þeim sökum, að gengið sé svo mjög á rétt einstaklinganna, eins og hann sagði, heldur af því, að hér er hrúgað saman höftum, án þess að tryggðar séu framkvæmdir, þetta er skipulagning eymdarinnar, eins og ég sagði áðan. Ég held, að það sé ekki rétt hjá hv. þm. A-Húnv., að hér sé fædd stóra Rauðka, afkvæmið er óásjálegt, magurt og mjótt sýnist mér, alveg á horleggjunum og þarf áreiðanlega gott fóður, ef það á að þrífast.

Ég held ég þurfi svo ekki að orðlengja þetta öllu meir. Ég hef nú með ljósum rökum sýnt fram á, að í þessu frv. eru engin ný ákvæði um húsnæðismálin. Þau ákvæði, sem þar eru um húsnæðismál, eru fyrir í lögum og hafa þegar reynzt lítils virði, að ég ekki segi einskis virði. Og ég staðhæfi, að allt er það eins í þessu frv. Þar eru frómar óskir, en það skortir, að séð sé fyrir framkvæmdunum, svo að hér er ekki um lífgimbur að ræða. Þetta er illa gert frv. í alla staði og þarf gerbreytingar við, ef það á að ná þeim tilgangi, sem stefnt er að.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Þó að hér hafi verið haldnar þrjár snjallar og alllangar ræður, gefa þær ekki tilefni til að orðlengja þetta mikið. Þó er eftirtektarvert, að annars vegar hefur verið talið, að frv. skorti allt, sem að gagni mætti verða, innihald, stefnu og vald, en hins vegar hefur komið fram það sjónarmið, að þetta væri sá róttækasti kommúnismi, sem sézt hefur hér á Alþ. Ég geri ráð fyrir, að fullyrða megi, að hvort tveggja sé jafnfjarri sannleikanum. Þetta sýnir, að hér er aðeins um að ræða tilhneigingu til aðfinnslu, en handhæg rök samstilltrar andstöðu skortir. Ég játa hins vegar, að þetta frv. er að vissu leyti aðeins beinagrind, ákveðin fyrirmæli eða leiðarljós fyrir ákveðna stofnun til að fara eftir í samráði við ríkisvaldið. Og það er rétt, sem komið hefur fram hjá andstöðunni, og ég gat raunar sjálfur um í ræðu minni, að um árangurinn fer eftir því, hvernig framkvæmdin tekst. En svo er um öll mál, sem eru góð, og einnig um þetta. Úr hverju góðu máli má gera gallagrip, ef illa er á haldið í framkvæmdinni. Þó undrast ég, að kommúnistar skuli finna þessu frv. það til foráttu, að það gangi of skammt og sé ekki sambærilegt við stórhug þann, sem hafi ríkt í löggjöf og framkvæmd tveggja síðustu ára. Ef gera ætti samanburð á þessu frv. og gildandi sambærilegum lagaákvæðum, þá væru það lögin um viðskiptaráð og nýbyggingarráð, og mér skilst, að hv. 2. þm. Reykv. hafi talið það ákaflega stórt framfaraspor, er frv. um nýbyggingarráð var lagt fyrir Alþ. og samþ. Hafi það verið stórt og merkilegt spor, er þetta frv. ennþá stærra og merkilegra spor, því að það inniheldur allt, sem var í nýbyggingarráðsfrv., og margt fleira, sem á skorti, til að hægt væri að framkvæma þá löggjöf. Og það, sem vantaði og hefur vantað á síðustu útþensluárum, er löggjöf, sem veitir vald til að líta eftir fjárfestingunni. Þá aðferð er nú verið að taka upp í mörgum löndum til að hindra dýrtíð og ofþenslu.

Hv. 6. þm. Reykv. kvað ekkert í þessu frv. varðandi byggingarmál, sem ekki stæði þegar í gildandi l. Hann leitaði með logandi ljósi í frv. með sinni alkunnu nákvæmni, og endirinn varð sá, að hann fann þar alls ekkert um þessi mál, sem væri fram yfir það, sem er í l. **Ég verð nú að segja, að mér** finnst þetta **undarleg fullyrðing**, að hér sé **ekk**ert nýtt að finna, sem gæti **kippt** byggingarmálunum í betra horf. Við höfum þráfaldlega heyrt það af munni þingmanna kommúnista hér og lesið það í blaði þeirra, að þeir vita, að hér skuli vera

byggðar skrautlegar hallir og salir, samtímis því að ekkert sé byggt yfir almenning, sökum þess að vald til framkvæmdanna skorti. En þegar frv. kemur fram um að byggja, er því fundið allt til foráttu, og hv. 6. þm. Reykv. sér ekkert nýtt í því. Það er svo mikil fjarstæða, að ekki er orðum að því eyðandi, því að einmitt með höfuðreglunni um fjárfestinguna er hugsunin í byggingarmálunum sú að láta félagsbyggingar sitja í fyrirrúmi. Hér er lagt til, að svo verði, og sízt bjóst ég við því af kommúnistum, að þeir kvörtuðu undan því. (**SigfS**: Þetta er allt í 38. gr. l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.) Það er fjarstæða, þar er aðeins heimild til að skammta byggingarefni, og það er allt annað. Hv. 6. Reykv. ætti að sjá, að það er annað en vald til að ákveða, að félagsbyggingar skuli sitja í fyrirrúmi. (**SigfS**: Þetta stendur allt í sömu gr. l., sem ég nefndi áðan.) Það stendur þar ekki. (**SigfS**: Á ég að lána hæstv. forsrh. lögin?) Ég hef aldrei þurft á aðstoð þessa hv. þm. að halda, þarf ekki á henni að halda og mun aldrei leita hennar.

Ég held ég geti látið þetta nægja um byggingarmálin, því að ekkert kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., sem betur skýrði þó þörfina. Hann las aðeins upp sömu tölur og ég, og er gott að hafa þær á pappírnum í tveimur ræðum, ekkert er við því að segja.

Hv. þm. A-Húnv. talaði um, hve varhugavert þetta frv. væri varðandi hið mikla vald hinnar opinberu stofnunar og höft á frelsi manna. Ég játa, að þar eru ný höft á athafnir manna, en sérstaklega varðandi það, hvernig nota megi fjármagnið í landinu. Ég álít þetta nauðsynlegt til að koma á betra skipulagi. Hv. þm. sagði, að 2. gr. mætti fremur skoða sem stefnuskrá stjórnmálaflokks en löggjafaratriði. Er hlutverk einhverrar stofnunar er ákveðið í l., þá má það vissulega skoðast sem stefnuskrá hennar, og það má gjarnan heita því *nafni, og sú stefnuskrá er í þessu tilfelli til stórra* endurbóta, ef skynsamlega og skelegglega er á haldið og framkvæmt. Og ég ætla, að vali manna í fjárhagsráð fylgi sú gifta, að þá skorti hvorki vilja, þekkingu né áræði til að koma á þeim endurbótum, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. Það má að vissu leyti taka undir það með hv. þm. A-Húnv., að um þá stærstu Rauðku sé að ræða, sem hér hefur þekkzt, er búið er að lögfesta þetta frv., en Rauðka er alþýðlegt mál um opinbera skipulagsnefnd. Hér er á ferðinni n. með valdi til að skipuleggja það, sem aðrar stofnanir hafa haft með höndum, og meira en það. En ég vænti þess, að framkvæmdin fari svo úr höndum, að til mikils gagns verði.

Með þessu frv. er reynt að gera tilraun til þess, eins og segir í 2. gr., að samræma starfsemi almannavaldsins og framkvæmdir einstaklinga á fjárhagssviðinu. Það er ætlunin með því að afnema hóflaust kapphlaup, en koma í stað þess á samstarfi hins opinbera og einstaklinganna. Þetta er merkileg tilraun, og þetta er ekki nýtt fyrirbæri, sams konar aðgerðir hafa verið gerðar víða erlendis með ágætum árangri. Þegar Svíar t. d., sem komust þó að mestu hjá hörmungum stríðs og verðbólgu, óttast nú samt verðbólgu, þá segja þeir: *Það er tvennt, sem þarf að gera fyrst og fremst: Í fyrsta lagi mjög ströng ákvæði um fjárfestingu, og í öðru lagi strangt verðlagseftirlit.* Þetta eru lausnarorð þessarar þjóðar, sem hefur þó komizt betur af en flestar aðrar, og þessi tvö höfuðatriði felast einmitt í þessu frv.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði hér langlengst um þetta mál, og skil ég það mjög vel, því að það er eitt af hans áhugamálum, að nýsköpunin verði framkvæmd og betri hættir upp teknir í þjóðarbúskapnum. En í því sambandi varð ég fyrir vonbrigðum, því að þegar rétt er fram hönd til að bæta úr því, sem hann hefur talið skorta, þá slær hann á þá hönd. Honum hefur með réttu þótt skorta skynsamlegt skipulag í fjárfestingunni. Hér er gerð tilraun til þess, það má fara svo, að hún heppnist ekki að öllu leyti, en tilraun á að gera.

Sami hv. þm. sagði, að í þetta frv. vantaði innihald, stefnu og vald. Það er nú eftir því, sem það er tekið. Innihaldið er vissulega merkilegt, að taka og setja í eina stofnun það vald og þau störf, sem illa hefur gefizt að hafa í tveimur, og auk þess það nýmæli að koma á heildarskipulagi hjá þessu nýja ráði og gefa því vald til að hafa áhrif á fjárfestinguna í landinu. Því er gefið mikið vald og *ákveðin stefna, og því skortir hér hvorki innihald*, stefnu né vald. Ég veit, hvað hv. 2. þm. Reykv. telur mest á skorta, en það er vald yfir peningastofnunum landsins, og telur hann ákvæðin um það ekki fullnægjandi eða nægilega skýr. Við höfum banka, sem segja má, að allir séu þjóðareign og lúti valdi ríkisins. Viðskiptamálaráðherrar og fjármálaráðherrar landsins hafa oft lýst yfir því, að þeir hefðu haft þá reynslu af peningastofnunum landsins, að þær vildu fara vel og dyggilega að óskum ríkisstj. í framkvæmdaratriðum. Hæstv. fyrrv. fjmrh. gaf síðast yfirlýsingu um þetta, en ekki hefur ennþá reynt á það, af skiljanlegum ástæðum, hvort peningastofnanirnar vilji setja sig á móti vilja núverandi ríkisstj. Nei, ég held þessi gamla grýla um landsbankavaldið sé notuð meira til að hafa einhverja grýlu til að hræða börnin á, því að það eru ekki nema börn ein, sem eru hrædd þannig. Vissir flokkar þurfa að stilla upp tilteknum stéttum og stofnunum til að berjast gegn og mála þær sem svartast upp á vegginn með hornum, klaufum og hala, til þess að það sjáist, hve miklir menn það séu, sem þora að glíma við þær ægilegu óvættir. Ég býst við, að það sé rétt, að kommúnistar þurfi að mála grýlur til að sýna hraustleika sinn.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði varðandi 1. gr., að 15% þyddu stöðvun nýsköpunarinnar, en væru ákveðin 25% í sama skyni, þýddi það stórkostlegt áframhald hennar. Skilji nú hver sem getur. Fyrst og fremst er svo ákveðið í 1. gr., að 15% af andvirði alls útflutnings skuli leggja til hliðar á sérstökum reikningi erlendis til kaupa á framleiðslutækjum og annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar. Hér er aðeins verið að tiltaka fast lágmark, og enginn veit, hve há þessi upphæð verður, það fer allt eftir útflutningnum. Vera má, að þessi 15% geti orðið stórkostleg fjárupphæð, ef vel tekst til með útflutning og sölu afurða okkar. Það er því hrein vitleysa að fullyrða, að 15% þýði stöðvun nýsköpunarinnar, en 25% hljóti að þýða stórkostlega aukningu hennar, þar sem upphæðin er alveg óþekkt. Það fer alveg eftir ástæðum, hvort 15% verða nægileg eða ekki.

Ég er einn af þeim mönnum, sem er bjartsýnn á nýsköpunina og vona, að hún geti haldið áfram

á ókomnum árum og tel þar af leiðandi ekki ástæðu til að tala um neitt ákveðið tímabil.

Ég gat um það í fyrri ræðu minni, að það væri svo ótal margt, sem gera þyrfti á Íslandi. Það má segja, að eins og sjálfstæðisbaráttu vorri var hvorki lokið 1918 né 1944, heldur er hún ævarandi, þá er eins um nýsköpunina. Verkefnin eru nægileg í margar aldir hér á okkar landi, sem er svo tiltölulega lítið numið ennþá. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég hefði barizt gegn fyrri stjórn. Ég verð að játa það, að ég hafði vantrúa á henni, og sú vantrú var byggð á því, að fulltrúar frá íslenzkum kommúnistum áttu þar sæti. Ég verð að segja, að reynslan hefur sýnt, að ótti minn var ekki ástæðulaus.

Þá taldi 2. þm. Reykv., að frv. væri hættulegt nýsköpuninni vegna þess, hvað það væri óákveðið, og það gæti jafnvel orðið hemill á hana. Það getur hver haft þá skoðun á því, sem hann vill, en mín skoðun er sú, að efni frv. sýni vel, að núverandi ríkisstj. vill láta nýsköpunina verða langvarandi.

Hv. 2. þm. Reykv. endaði ræðu sína með því, að hann hefði mikla trú á hraða í nýsköpuninni nú, en til þess þyrfti stórhug og djörfung. Ég vil sízt draga úr stórhug og djörfung, en þó verður skynsemin að ráða í því sem öðru, því að ekki dugar að kollsigla sig. Ég vil á engan hátt draga úr bjartsýninni, en tel þó sjálfsagt að athuga ráð sitt og takmarka það hraðann, að við lendum ekki á skeri. Og til þess að fyrirbyggja það, er þetta frv. til orðið, um leið og það er byggt á þeirri reynslu, sem fengizt hefur, til þess að fá styrkari grundvöll undir nýsköpunina.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er næsta eðlilegt, að frv. eins og það, sem hér um ræðir, sé rætt talsvert, og ekki óeðlilegt, að stjórnarandstaðan leiti eftir veikum punktum eða atriðum í því og dragi þau í dilk sem gagnrýni á stjórnarstefnuna. Það er líka víst, að Alþ. þarf vel að vanda til löggjafar sem þessarar.

Ég hef haft þá ánægju að starfa í annarri þeirri stofnun, sem gert er ráð fyrir, að sú stofnun, sem hér um ræðir, yfirtaki. Og með tilliti til þess, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, vildi ég segja það, án þess að ég taki undir gagnrýni hans, að ég hef haft gleði af því að starfa að þeim verkefnum, sem þar hafa verið lögð okkur á herðar, og átt gott samstarf við hv. 2. þm. Reykv. við að leysa úr þeim verkefnum. Nú er svo ákveðið í þessu frv., að nýbyggingarráð hætti störfum, en í 1. gr. frv. er ákveðið, að fram skuli haldið í nýsköpun atvinnulífsins undir stjórn hins nýja fyrirhugaða fjárhagsráðs, en þó finnst mér, að í frv. séu ekki nægilega skýr ákvæði um það, að fjárhagsráð taki við og haldi áfram öllum þeim störfum, sem bæði löggjöfin og rás viðburðanna hafa gert nýbyggingarráði nauðsynlegt að vinna að. Það var t. d. ekki tekið fram í lögunum um nýbyggingarráð, að það ætti að afla lánsfjár til framkvæmdar nýsköpuninni, en rás viðburðanna fékk því þetta verkefni í hendur, og þá var farið inn á þá braut, að sett voru lög um stofnlánadeild sjávarútvegsins. Ég drep á þetta til þess að sýna, að nýbyggingarráð fékk fleiri störf til þess að vinna að en þau, sem beinlínis voru ákveðin í 1. um nýbyggingarráð, og ég teldi illa farið, ef ekki verður eins unnið að þeim störfum, sem rás viðburðanna skapar á hverjum tíma, enda geri ég ekki ráð fyrir, að nokkur þeirra, sem að þessu frv. standa, hugsi sér það. Að sjálfsögðu er hvergi gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildin falli niður, en nýbyggingarráð hefur sett sér ýmsar starfsreglur og gert sér far um að greiða eftir föngum fyrir þeim aðilum í þjóðfélaginu, sem á aðstoð og ráðum þurftu að halda, koma þeim í rétta röð eftir þörfum þeirra, leiðbeina þeim um lántöku, gagnrýna lánsþörfina og undirbúa lántökur og beiðnir fyrir þá, sem það taldi réttilega á því þurfa að halda. Ég tel nauðsynlegt, að hið nýja ráð haldi þessum störfum áfram og aðstoði landsmenn, eftir því sem kostur er á. Þá eru það fleiri verkefni, sem nýbyggingarráð hefur haft með að gera, sem ekki mega falla niður. Má þar til nefna starf það, er nýbyggingarráð var falið, er mþn. hafði haft með höndum, en það var að gera áætlun um skipulagningu atvinnumálanna og að rannsaka þjóðartekjurnar. Að þessu hefur verið unnið í ráðinu ásamt mörgu fleiru, en að sjálfsögðu er þessum störfum ekki öllum lokið, og vegna þess getur verið óheppilegt að skipta þannig um stofnun, eins og hér er gert ráð fyrir. En í trausti þess, að hið nýja fjárhagsráð vinni áfram að þeim störfum, sem nýbyggingarráð hefur hafið, og fullkomni þau og notfæri sér þær áætlanir, sem þar hafa verið gerðar, þá má vel fara.

Eins og kunnugt er, hafa allmargir litið nýsköpunina hornauga og fundið henni það meðal annars til foráttu, að þar væri lítið um áætlanir, en í þess stað unnið af handahófi að verkefnunum. Það er að vísu rétt, að nýbyggingarráð hefur lagt mesta áherzluna á það að afla nýrra framleiðslutækja, en það hefur líka haft með höndum margs konar áætlanir og rannsóknir, og má þar til nefna rannsókn á því, hvort tiltækilegt er að reisa hér fullkomna ullarverksmiðju, sementsverksmiðju og framhaldsrannsókn á möguleika fyrir að reisa áburðarverksmiðju. Ég tel tvímælalaust nauðsynlegt, að hið væntanlega fjárhagsráð vinni að þessum verkefnum, því að þau mega ekki niður falla, þó að skipt verði um stofnanir, eins og frv. gerir ráð fyrir. Það hlaut svo að fara, að stofnun eins og nýbyggingarráð fengi aukin störf, eftir því sem tímar liðu, og vissulega eru mörg viðfangsefni nú, sem bíða úrlausnar og hafa ekki verið tekin fyrir, en það hefur komið í ljós, eftir því sem ráðið hefur starfað lengur, að hin kerfisbundna vinna hefur færzt í betra horf og skilað betri árangri.

Mér er það því mikið áhugaefni, að sú hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, athugi þennan gang vinnunnar og tryggi það, að þau verkefni, sem nýbyggingarráð nú er að vinna að, verði ekki vanrækt, þó að skipt verði um menn og nafn á stofnuninni.

Um ýmislegt annað, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, er ég honum ekki sammála. Mér hefur þótt gott að vinna með honum í nýbyggingarráði, og ég virði mjög áhuga hans og dugnað, en ég er ekki sammála honum hvað snertir það, að allt sé undir hraðanum komið. Við höfum eitt greinilegt dæmi um það í ræðu hv. 6. þm. Reykv., hvað hlotist getur af hraðanum. Hann minntist á 1. frá síðasta þingi um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og að til þess að framkvæma þau vantaði 25 millj. kr., sem hvergi væru

til. Þetta er rétt, og það eru mörg önnur l., sem Alþ. hefur sett, sem sama gildir um. Það er komið svo að segja daglega með slíkar kröfur á hendur ríkissjóði, kröfur, sem viðkomandi aðilar hafa lagalegan rétt á að fá uppfylltar. En er ekki bezt fyrir okkur alla að viðurkenna það, að við höfum stundum gengið of langt hér á Alþ., hraðinn hefur á þessu sviði verið of mikill, svo að við höfum ekki getað staðið við þær fjárgreiðslur, sem við höfum skuldbundið okkur til að greiða. Nei, hraðinn er ekki einhlítur, það verður að gæta forsjálni til þess að komast áfram, kollsiglingin verður aldrei happadrjúg.

Þegar því hv. 2. þm. Reykv. telur, að það frv., sem hér liggur fyrir, marki spor aftur á bak, aðeins vegna þess, að ekki nema 15% af gjaldeyri fyrir útflutningsverðmæti sé ætlað til nýrra framlaga í nýsköpunarefnum, þá get ég ekki verið þessum hv. þm. sammála. Í fyrsta lagi vitum við ekki óðar en líður, hvað þessi 15% þýða mikla fjárupphæð. Því ræður sú upphæð, sem okkur tekst að selja útflutningsvörur fyrir. Í öðru lagi verðum við að gæta að því, að þó að margt vanti hér til sjávar og sveita af svo kölluðum nýsköpunartækjum, þá er þó búið að verja mjög hárri upphæð til kaupa á þessum nauðsynlegu tækjum, og þau hafa fyllt og fylla smám saman þau skörð, sem fyrir voru og myndazt hafa, þannig að það ætti ekki að þurfa ávallt jafnmiklu fé að verja í þessu efni eins og varið hefur verið til kaupa á nýsköpunartækjum, síðan sett var löggjöfin um nýbyggingarráð. — Þess vegna er það, að ég lít þannig á, að út frá hundraðshlutatölunni einni saman verði alls ekki nein ályktun dregin um það, að þetta frv. miði ekki að því að halda áfram nýsköpuninni. En það virtist hv. 2. þm. Reykv. vilja draga í efa, að frv. geri.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði — og með fullum rétti þar —, að það yrði að þora að segja þjóðinni það strax, að hún megi ekki gera sér í hugarlund, að heppilegt sé að starfa að nýsköpun með erlendum lántökum. Ég er sammála hv. 2. þm. Reykv. um það, að þetta þor þurfi valdhafarnir að hafa á hverjum tíma. En við verðum að þora meira en þetta. Við verðum að þora, ef við trúum á nýsköpun, að horfast í augu við þá staðreynd, að þetta litla lýðveldi getur ekki sett heiminum neina afarkosti. Þetta verðum við að þora að horfast í augu við og þora líka að segja þjóðinni. Þegar svo er ástatt, að þeir, sem afla hinna sömu gæða úr skauti náttúrunnar og Íslendingar gera og bjóða þær á útlendum markaði fyrir miklu lægra verð, kannske helmingi lægra verð en Íslendingar treysta sér til að gera, þá verðum við sannarlega að þora að horfast í augu við og taka afleiðingunum af þeim staðreyndum, sem þar liggja fyrir. Við eigum ákaflega sterka keppinauta, Íslendingar, sérstaklega að því er snertir framleiðslu til sjávarins, keppinauta, sem eru alveg eins duglegir og við og alveg eins vitrir og við, en bara gera ekki eins háar kröfur hver til annars og við leyfum okkur að gera. — Við verðum að þora að segja þjóðinni það líka — ég vil bæta því við ræðu hv. 2. þm. Reykv. —, að framleiðsla á aðalmarkaðsvörum þjóðarinnar, þannig að ríkissjóður ábyrgist afkomuna, sú framleiðsla getur aldrei til langframa orðið okkur happadrjúg.

Hraðinn er góður. En hann er ekki einhlítur. Það eru svo ákaflega mörg — mér liggur við að segja náttúruskilyrði eða a. m. k. náttúrleg skilyrði fyrir því, að fyrirtæki okkar geti blessazt, hvort sem þau heita nýsköpun eða aðrar framfarir, önnur heldur en hraðinn, sem verður að uppfylla, ef vænta má góðs árangurs. Um þetta veit ég, að hv. 2. þm. Reykv. hlýtur við nánari athugun að verða mér sammála, að það er ekki hraðinn einn, sem hér segir já eða nei. Það verður ekki, hvort sem er, gert allt í einu, sem miðar til gagns og framfara fyrir þetta land. Og að því leyti vil ég taka undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, að nýsköpun og uppbygging hjá þjóðfélaginu er vitaskuld mál, sem er ævarandi. Við gerum það, sem við getum í þessum efnum, þann dag, sem okkur auðnast að starfa. Og eftirkomendurnir gera vonandi sitt á þeim tíma, sem kallið kemur til þeirra. Skilyrði fyrir því, að nýsköpunin, þ. e. a. s. hin nýju atvinnutæki, verði þjóðinni til varanlegs gagns til langframa, er það m. a. og ekki hvað sízt, að við höfum vit á að fara svo með þessi nýju tæki, að þau verði til framdráttar, en ekki til þess að draga okkur niður. Við höfum nú — og komum til með að hafa betri á næstu árum — góða aðstöðu, Íslendingar, til þess að afla gæðanna úr skauti náttúrunnar. Og þá er nauðsynlegt, að við reynum að tileinka okkur þá stillingu og þá vitsmuni og hófsemi í kröfum okkar hver til annars, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja það, að nýsköpunin verði að verulegu gagni og til frambúðar.

Umr. frestað.

Á 95. fundi í Nd., 14. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það er nú kunnara en frá þurfi að segja, að stjórnmálaflokkana greinir mjög á um það, með hverjum hætti eigi að leysa þau vandamál, sem að steðja á vettvangi þjóðfélagsins. Það er vitað um tvo flokka, sem fulltrúa eiga hér á Alþ., að þeir telja málunum þeim mun betur skipað sem afskipti ríkisvaldsins eru meiri, eftir því sem það tekur fleiri mál í sínar hendur, ýmist til beinna ákvarðana og framkvæmda eða mjög náins eftirlits með einstaklingunum. Aftur á móti lítur sá flokkur, sem ég tilheyri, þannig á, að þeim mun betur horfi, sem frjálsræði einstaklingsins er meira og afskipti ríkisvaldsins takmarkað við það, sem nauðsynlegt kann að vera á hverjum tíma. Nú er það svo, að þótt þessi reginmunur komi fram í skoðunum, er hér aðeins um heildarskoðanir að ræða, sem verða mjög að víkja til hliðar hvert sinn, eftir því sem á stendur um úrlausn einstakra mála. Það er t. d. vitað, að í samstarfi því, sem átti sér stað síðustu ár, þá féllust þeir tveir flokkar, sem mest vilja afskipti ríkisvaldsins, á það að vinna að ýmsum framfaramálum á grundvelli núverandi þjóðskipulags og á þann veg, að einstaklingum væri gefið olnbogarúm til mjög afdrifarikra framkvæmda, ef í þær yrði ráðizt. En þrátt fyrir það, að Sjálfstfl. fengi ekki höfuðstefnumáli sínu framgengt, að einstaklingsrekstur fylgdi að verulegu leyti, þá féllst hann á ýmsar framkvæmdir og afskipti af ríkisvaldsins hálfu, sem undir venjulegum kringumstæðum mundu ná lengra en er í samræmi við stefnu flokksins. Það kom þess vegna

að því, að öllum þessum flokkum var ljóst, að svo mikið lá við að nota rétt það tækifæri, sem við þá höfðum til þess að koma hér á allsherjar endurreisn og nýsköpun í atvinnulífi landsmanna, að þar tjáði ekki að binda sig við kenningar, sem miða við það, hvernig að eigi að fara á venjulegum tímum, en ekki við hitt, hverjar ráðstafanir eigi að gera, þegar sérstaklega stendur á, eins og vissulega gerði þá og gerir ennþá. Í því mikla og merka starfi, sem fyrrv. stjórn innti af höndum og beitti sér fyrir varðandi nýsköpun í atvinnulífinu, kom þó fram, að sumt hefði mátt betur fara. Og því ber ekki að neita, að ýmiss konar örðugleikar stöfuðu af því, að þær miklu framkvæmdir, sem ríkið sjálft beitti sér fyrir og ýtti undir einstaklinga að beita sér fyrir, voru ekki nógu samhæfðar eða samræmdar, þannig að vegna þess, að ráðizt var í of mikið í einu og menn vildu framkvæma of mikið á of stuttum tíma, þá varð allt seinunnara en ella hefði verið, og af sömu ástæðu varð kostnaðurinn vegna þessara framkvæmda miklu meiri en ella hefði orðið. Þetta er ekki einstakt fyrirbrigði hér á landi, heldur má segja, að hið sama hafi komið fram hvarvetna um heim í því mikla og margvíslega endurreisnarstarfi, sem allar þjóðir eða flestar hafa haft með höndum á þessum tíma. Það hefur alls staðar orðið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að beina fjármagninu í þær framkvæmdir, sem mest hefur á legið, og gera sérstakar ráðstafanir til þess, að vinnuaflið hagnýttist sem bezt. Margt af þessu er hægt að gera án þess að löggjöfin komi til, en þó er það ljóst og reynsla síðustu ára hefur sýnt, að ef hið sama kapp helzt eins og verið hefur um framkvæmdir, þá er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir þær betur en gert hefur verið fram til þessa, til þess að fyrr sækist með hóflegri skipun í þessum efnum og til þess að verðmæti fari síður í súginn en raun hefur á orðið undanfarin ár. — Af þessum sökum er það fullvíst, að flestir Íslendingar, alveg án tillits til stjórnmálaskoðana, hafa hina síðustu mánuði sannfærzt um það, að sérstakar ráðstafanir yrði að gera til þess að samhæfa betur en áður bæði framkvæmdir ríkisvaldsins og sveitarstjórna, þ. e. almannavaldsins innbyrðis og framkvæmdir þessara aðila við framkvæmdir einstaklinga. Þetta kemur í raun og veru ekki við skoðun manna á því, hvort á venjulegum tímum hentar betur að hafa svo kallaðan áætlunarbúskap eða ekki, heldur stafar þessi skoðun eingöngu af því, að á meðan um er að ræða svo mikla fjárfestingu og framkvæmdir eins og nú standa yfir, framkvæmdir, sem eiga að leggja grundvöllinn að heilbrigðu atvinnulífi í framtíðinni, þá þarf að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að þessar framkvæmdir rekist ekki á innbyrðis og taki ekki óeðlilegt vinnuafl og fjármagn frá þeim eðlilega og venjulega atvinnurekstri, sem verður að halda áfram óhikað, samhliða því að þessar miklu fjárfestingarframkvæmdir eiga sér stað. Af þessum sökum var það, að í þeim stjórnarsamningum, sem hafa átt sér stað, síðan hæstv. fyrrv. ríkisstj. lét af völdum, hefur eitt helzta atriðið verið að koma sér saman um einhverjar ráðstafanir í þessu skyni. Án þess að ég hafi vel fylgzt með því, held ég, að eitt helzta umræðuefnið, það, sem verulega kom málinu við í hinni svo kölluðu 12 manna n., hafi verið umr. í þessa átt. Hitt veit ég með vissu, að í þeim stjórnarmyndunartilraunum, sem gerðar voru, áður en núv. hæstv. forsrh. tókst að mynda þá ríkisstj., sem nú er, og í þeim fyrri tilraunum, sem gerðar voru af hálfu Sjálfstfl., var einn helzti þátturinn í þeim málefnasamningi, sem þar var lagður til grundvallar, alveg sams konar ráðagerð eins og felst í því frv., sem hér liggur fyrir, þannig að mér og öðrum hv. þm. hlýtur að koma það mjög á óvart, þegar einstöku þm. bregðast nú við á þann hátt, sem þeir hafa aldrei gert fyrr, og láta eins og hér sé um algera nýjung að ræða. Því fer fjarri, að svo sé, og ég fullyrði, að ekki hefði verið með nokkru móti mögulegt að koma saman stjórn á Íslandi, eins og nú horfir, nema því aðeins að einhverjar ráðstafanir í þessa átt væru gerðar. Og að svo miklu leyti sem sagt hefur verið, að þessar ráðstafanir væru kommúnistiskari en nokkuð, sem áður hefði þekkzt, þá fer því auðvitað fjarri, því að efni þessara till. er, eins og ég sagði, mjög hið sama og sízt róttækara en fólst í þeim till., sem lagðar voru til grundvallar við þá stjórnarmyndun, sem Sjálfstfl. beitti sér fyrir, áður en núv. ríkisstj. var mynduð. Munurinn er sá einn, að nú er ráðgert, að þessar framkvæmdir verði gerðar undir stjórn, þar sem sá ágæti flokkur, kommúnistar, eiga ekki fulltrúa og þess vegna líklegt, að þeirra áhrifa gæti minna varðandi framkvæmdir en orðið hefði, ef hin stjórnarmyndunin hefði tekizt. Það hefur líka komið fram hjá hv. 2. þm. Reykv., að honum finnst þessar till. ganga hvergi nærri nógu langt, þar sem aftur á móti er haldið fram af þeim, sem mest óska eftir samvinnu við hann, að till. gangi allt of langt, og er erfitt að sameina þau sjónarmið. En ég vildi leggja áherzlu á það hér og undirstrika það, að þær ráðstafanir, sem hér liggja fyrir, að svo miklu leyti sem þær horfa í þá átt að skerða frelsi einstaklinga til framkvæmda, eru engin nýjung, heldur að efni til samhljóða þeim ráðagerðum, sem áður hafa verið uppi og allir virtust þá vera sammála um. Ég vil einnig skýrt lýsa yfir því, út af ummælum hæstv. forsrh. hér í gær, að þótt Sjálfstfl. hafi fallizt á þessar ráðagerðir vegna þess ástands, sem nú stendur yfir í þjóðfélaginu og líklegt er, að verði enn um hríð, þá ber engan veginn að skilja það svo, að hann hafi bundið sig út af ráðstöfunum eða róttækum aðgerðum í þessa átt um alla framtíð. Því fer fjarri. Þótt Sjálfstfl. hafi fallizt á þessar till., vegna þess sérstaka ástands, sem nú ríkir, þá hefur hann ekki horfið frá sinni meginstefnu, eins og hv. 2. þm. Reykv. hélt fram í gær, að hann gerði. Þar fyrir hefur hann alls ekki horfið frá sinni meginstefnu, alveg eins og hann hefði ekki horfið frá henni, þótt hann hefði samið um þessar ráðstafanir við flokk hv. 2. þm. Reykv. Seinni villuna var komið í veg fyrir. En þótt Sjálfstfl. hafi þessa skoðun, þá haggar það auðvitað ekki því, að hæstv. forsrh. er á alveg sama hátt og hv. 2. þm. Reykv., en gagnstætt Framsfl., sannfærður um það, að þetta séu þær ráðstafanir, sem ekki skuli neitt hagga við á þeim sérstöku tímum, sem við nú lifum á. Þeir eru þarna sammála, en eiga í höggi við okkur í Sjálfstfl., og ef til vill við Framsfl. einnig að einhverju leyti, um það, hve lengi slíkar ráðstafanir eigi að standa. Og sé ég ekki að þeir geti af þessum sökum haft uppi miklar deilur sín á milli,

vegna þess að skoðanir þeirra í þessu fara í mjög svipaða átt, en aðstaða beggja til að koma þeim fram er hin sama, eins og núverandi þingmeirihluta er háttað. Og þó að við séum þeim ekki sammála um þær meginstoðir og höfum fallizt á þessar ráðstafanir nú um sinn, þá er það ekki frekar bindandi fyrir okkur en það var bindandi fyrir hv. 2. þm. Reykv. og hans flokk sem viðurkenning á hinu frjálsa framtaki einstaklingsins, sem fólst í stjórnarsamningi fyrrv. stjórnar, eða frekar en slík samningsatriði, sem felast í núverandi stjórnarsamningi, eru bindandi fyrir hæstv. forsrh. og hans flokksbræður. Þeir gera þetta til þess að koma málum fram, eins og sakir standa, en ekki vegna þess, að þeir hverfi frá sinni höfuðstefnu í stjórnmálum.

Það er nauðsynlegt í tilefni þeirra umr., sem hér hafa farið fram, að þetta sé skýrt fram tekið, svo að enginn misskilningur um það geti átt sér stað. Hitt vil ég segja, að það kann að vera, að þessar ráðstafanir séu gerðar helzt til seint, vegna þess að einmitt sá glundroði, sem í þessum efnum hefur verið á undanförnum árum, hefur átt nokkurn þátt í því, að svo getur farið, því miður, að við þurfum ekki um langa hríð að óttast það, að of mikil eftirspurn verði eftir vinnuafli hér á landi. Vonandi er ástandið þó ekki orðið þannig. En eins og hæstv. fjmrh. glögglega tók fram í gær, þá er þó ljóst, að ef ekki verða bráðlega gerðar ráðstafanir til þess, að við getum orðið samkeppnisfærir við aðra um sölu á afurðum, þá hlýtur illa að fara, og þá þurfum við ekki að kvíða því, að of mikið verði um framkvæmdir í þessu landi. En sem betur fer, þá hefur vegna frumkvæða og forystu fyrrv. stjórnar þannig tekizt til, að íslenzka þjóðin stendur nú miklu betur að vígi en nokkru sinni áður í sinni lífsbaráttu — hún hefur við betri kjör að búa, hún hefur þrátt fyrir allt við betra húsnæði að búa, hún hefur miklu betri, öflugri og meiri atvinnutæki en nokkru sinni áður í sögu sinni. Flest er þetta, sérstaklega öflun framleiðslutækja, að þakka forystu fyrrv. stjórnar, og með því móti hefur hún unnið ódauðlegt starf fyrir íslenzku þjóðina. En hins verður mjög að gæta, að þetta komi að því gagni, sem verða þarf, og að það verði ekki gert á annan veg en þann, að við notum þessi tæki til þess að verða samkeppnisfærir við aðra og geta selt okkar afurðir á frjálsum markaði, vegna þess að við getum framleitt jafnódýrt betri vöru en nokkur annar. Annars skal ég ekki fara að ræða þau mál, það yrði of umfangsmikið og skiptir ekki máli frekar í þessu sambandi, enda hefur hæstv. forsrh. gert grein fyrir frv. og einnig hæstv. fjmrh. Þó vildi ég segja það, að þó að ég og minn flokkur sé samþykkur þessu frv. í höfuðatriðum, þá eru þar auðvitað einstök atriði, sem við teljum, að betur mættu fara, og er þar sérstaklega um að ræða skipun fjárhagsráðsins. Við höfum ekki talið, að sú skipun, sem í frv. er ráðgerð, sé sú hagkvæmasta, og áskiljum okkur því rétt til að koma fram með brtt. við það efni hér í þinginu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér þykir nokkur ástæða til þess, vegna þess að umr. um þetta mál hafa fallið nokkuð almennt, sem ekkert er við að athuga, að segja um það örfá orð frá mínu sjónarmiði og Framsfl.

Fyrir nokkrum árum flutti ég hér í þinginu þáltill. um að skipa sérstaka n., sem rannsakaði og gerði sér grein fyrir því, eftir því sem unnt væri fyrir fram, hver verkefni væru þýðingarmest fyrir íslenzku þjóðina og hvaða framkvæmdir bæri að leggja mesta áherzlu á eftir styrjöldina. Ég flutti þessa þáltill. í samráði við Framsfl. og vegna þess, að mér var ljóst, að hér mundi verða og þyrfti að verða verulegt framfaratímabil, strax og hægt væri að fá erlent efni til landsins, og þá skipti miklu, hvaða verkefni væru tekin fyrir. Mér var ljóst, að ekki var hægt að gera allt í senn og þess vegna skipti miklu máli, að menn gerðu sér grein fyrir, hvað væri þýðingarmest. Þessi þáltill. var samþ. í þinginu, og þessi n. var sett, en starf n. lagðist niður, þegar fyrrv. stjórn tók við störfum og stofnaði nýbyggingarráð. En nýbyggingarráð mun hafa tekið við þeim plöggum, sem komin voru í þessari n., og það mun hafa verið þannig hugsað, að það héldi áfram þessari áætlunargerð. Ég segi þetta aðeins til þess að upplýsa það, að það er ekkert nýtt, þó að Framsfl. hafi áhuga fyrir því og vilji vera með í því að koma allsherjar skipan á þessi mál. Okkur hefur verið það ljóst um langan tíma, að mikil nauðsyn er á því, að ríkisvaldið hafi talsvert örugga stjórn á því, hverjar framkvæmdir eiga sér stað, ekki aðeins hjá bæjar- og sveitarfélögum og opinberum stofnunum, heldur einnig hjá einstaklingum. Ég hirði ekki að færa fyrir þessu mikil almenn rök, enda yrði það allt of mikil tímaeyðsla, og sumpart kem ég að þeim almennu rökum í sambandi við það, sem ég segi hér á eftir viðvíkjandi ástandinu, eins og það er í dag, og því, sem gerzt hefur á síðustu misserum. Það er mín skoðun, að löggjöf eins og sú, sem hér er fyrirhuguð, hefði þurft að vera sett fyrir nokkrum árum, og við höfum nú að mínum dómi fengið reynslu, sem hefur orðið til þess, að nú ljúka allir upp einum munni um það, að nauðsynlegt sé að hafa löggjöf af þessu tagi. En nýmæli í þessari löggjöf er aðallega það, að fjárhagsráð hefur víðtækara vald en nýbyggingarráð og viðskiptaráð höfðu áður, þannig að það má ekki ráðast í neinar verulegar framkvæmdir í landinu, án þess að samþykki ráðsins komi til. M. ö. o. getur ráðið valið og hafnað að þessu leyti og raðað niður verkefnum, bæði opinberum verkefnum og því, sem einstaklingar ætla að gera. Undanfarin ár hefur þetta vald í rauninni hvergi verið til fullkomið, þó að segja megi, að nýbyggingarráð hefði átt að geta haft nokkurt vald í þessu og viðskiptaráð nokkurt vald á því, vegna þess að margar framkvæmdir og eyðsla í framkvæmdaformi er þannig vaxin, að ekki er hægt að koma í veg fyrir hana eða stöðva hana, t. d. með því eftirliti, sem er á innflutningnum, og heldur ekki með því valdi, sem nýbyggingarráð hafði. Það hefur verið talað um það í þessum umr., að þetta frv. sé að sumu leyti neikvætt, að það sé borið fram að meira leyti neikvætt en jákvætt. En ég hygg, að það verði að játa það og styðjast þar við reynsluna, að það er ekki hægt að gera allt í einu og þess vegna sé nauðsynlegt, líka í þessum efnum, að hafa neikvætt vald. Við verðum líka að játa og styðjast þar við reynsluna, að ef veruleg uppbygging á að eiga sér stað hér á næstu misserum, þá þarf að minnka eyðsluna í mörgum greinum, því að það er ekki hægt að

samræma það, að verulegar framfarir og eyðsla eigi sér stað, eins og hér hefur átt sér stað á undanförnum árum. Með orðinu eyðslu á ég við óþarfa framkvæmdir, sem ráðizt hefur verið í og er veruleg eyðsla, þó að þær séu taldar í framkvæmdaflokki og til þeirra hafi verið notað byggingarefni og annað slíkt. Hvað er það annað en eyðsla, ef hundruð af borgurum landsins byggja lúxusíbúðir og lúxushús og bera í það gegndarlaust, á sama tíma og skortur er á byggingarefni til nauðsynlegra húsa fyrir borgara landsins? Þetta er ekkert annað en eyðsla, þó að það sé í framkvæmdaformi, og eitt af verkefnum fjárhagsráðs á að vera að koma í veg fyrir óeðlilega eyðslu í framkvæmdaformi, og það er ekki hægt nema með því móti, að stofnun eins og fjárhagsráð hafi meira vald en áður hefur tíðkazt að gefa slíkum stofnunum. Að þessu leyti er starf fjárhagsráðs neikvætt starf, en neikvætt starf verður um leið jákvætt, þegar þess er gætt, að ekki er hægt að koma upp nægilega mörgum verkamannabústöðum og samvinnubústöðum, íbúðarhúsum í sveitum, raforkuverum, hafnargerðum o. s. frv. nema með því móti, að fjárhagsráð noti það neikvæða vald til þess að koma í veg fyrir, að efni og vinnuafl fari í lúxusbyggingar eða til ýmiss konar framkvæmda, sem mega og eiga að bíða og eiga að víkja fyrir hinu, sem ég taldi upp, og öðru af þeirri tegund. Þess vegna verða menn að gera sér það ljóst, að það þýðir ekki að hafa á móti hinu neikvæða valdi, því að það er undirstaðan undir því, að nauðsynlegar framkvæmdir verði gerðar.

Ef við lítum á ástandið, eins og það er í dag, og íhugum, hvers vegna allir eru nú sammála um það að láta opinbera stofnun, ríkisstofnun, hafa svona mikið vald, þá kemur margt í ljós, sem nauðsynlegt er að draga fram í þessum umr., en hefur ekki ennþá verið dregið fram í neinni heild. Mér skilst, að undirstaðan undir framförum og framkvæmdum, sem stundum er kallað nýsköpun, sé með ýmsu móti saman sett, en þar megi þó nefna þrennt helzt: Það er erlendur gjaldeyrir, vinnuafl og það innlenda fjármagn, sem við höfum yfir að ráða. En mest markast þetta af erlendum gjaldeyri og vinnuafli. Erlendur gjaldeyrir kemur hér kannske í fremstu röð vegna þess, hversu lítið af kapítalvörum við getum framleitt sjálfir, við þurfum að kaupa mikið frá öðrum löndum fyrir erlendan gjaldeyri.

Hversu er svo ástatt í gjaldeyrismálunum nú í dag, tveim árum eftir styrjaldarlokin og tveim árum eftir, að við áttum tæpar 600 millj. kr. í erlendum bönkum? Það er þannig ástatt um gjaldeyrinn í dag, og það mun ekki sízt ástæðan til þess, að nú eru allir sammála um, að eitthvað verði að gerast, eftir því sem upplýst var fyrir nokkrum dögum á fundi í landsbankanefndinni, að bankarnir áttu þá utan nýbyggingarreiknings 44 millj. kr., en þeir hafa tekizt á hendur að yfirfæra upphæðir, sem nema 58 millj. kr., m. ö. o. meira en þeir áttu fyrirliggjandi af gjaldeyri. Á nýbyggingarreikningi eru 120 millj. kr., en leyfi, sem þar standa á móti, í kringum 150 millj. kr., eða ríflega á móti því, sem þar stóð inni. M. ö. o. er það staðreynd, sem ástæðulaust er að deila um, en við megum ekki gleyma og þjóðin verður að fá að vita til þess að geta myndað sér skoðun um þau verkefni, sem eru fram undan, — það er staðreynd, að það er búið að ráðstafa öllum erlendum innstæðum nú í dag og bankarnir horfa með kvíða til þess að yfirfæra núna þessa dagana, þegar við erum að ræða þetta frv. Erlendu innistæðurnar eru raunverulega búnar, þ. e. a. s. þannig, að það, sem eftir er af þeim, verður að standa á móti þeim innkaupaskuldbindingum, sem gerðar hafa verið. Til viðbótar þessu er svo það, að nýbyggingarreikningurinn hefur að vísu fengið þær 300 millj. kr., sem hann átti að fá eftir upphaflegu l. um nýbyggingarráð, og hann hefur fengið þau 15% af útflutningnum, sem hann átti að fá 1945, en nýbyggingarreikningur hefur ekki fengið þau 15%, sem hann átti að fá af útflutningnum 1946, og þeim 15% er búið að eyða nú í dag í almenna úttekt, og þau 15% koma aldrei til baka. Hitt er svo annað mál, hvort við berum gæfu til þess að fá á næstunni svo góða gjaldeyrisútkomu, að þessum tekjum verði skilað aftur, en um það skal ég ekkert segja, það veit ég jafnlítið um og aðrir. En þannig er þá ástatt um gjaldeyrinn, og það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði í gær í þessum umr., að þjóðin verður að fá að vita það, að framhald nýsköpunarinnar og framfarir er undir því komið, hversu mikið við getum tekið af gjaldeyristekjum — af útflutningnum sjálfum á hverju ári til uppbyggingarinnar, við getum ekki framar ráðstafað innistæðum í þessu sambandi, þær eru búnar. Og þetta er mál, sem er svo alvarlegt, að þjóðin þarf að fá að vita það sem allra gleggst og gera sér grein fyrir því, hvað þetta þýðir. En þetta þýðir auðvitað það — og ekkert annað en það —, að það er alveg óhugsandi, að íslenzka þjóðin geti notað jafnmikinn gjaldeyri á næstu misserum eins og hún hefur notað undanfarin misseri, og það þýðir aftur hitt, að ef framfarir eiga að verða verulegar framvegis, þá verður að skera niður mikinn gjaldeyri á öðrum sviðum, bæði með því að draga úr þeim framkvæmdum, sem mega bíða, og eins með því að draga úr nauðsynjavöruinnflutningi.

Frammi fyrir þessu stöndum við og verðum að gera okkur fullkomna grein fyrir því. Ég hef ekki hér í höndunum, hversu mikill gjaldeyrir hefur verið brúkaður á ári undanfarin ár, og skal ég ekki fara út í tölur í því efni, en mér er nær að halda, að það hljóti að svara til 500—600 millj. kr. á ári, og það eru engar líkur til þess, að við getum notað jafnmikinn gjaldeyri árlega framvegis. Ég skal ekki fara út í deilur í sambandi við það, hvernig þessum gjaldeyri hefur verið varið, en vil þó aðeins segja það, að það er ægilegur hlutur, að innistæðurnar skuli vera búnar tveim árum eftir styrjaldarlok, og ég vil segja það sem mína skoðun, að þær framfarir og framkvæmdir, sem hafa fengizt fyrir þetta gífurlega fjármagn, eru undarlega litlar, samanborið við það fjármagn, sem notað hefur verið. Það lítur út fyrir það, að menn hafi á undanförnum misserum haldið, að Íslendingar væru orðnir svo ríkir, að þeir gætu haldið uppi stórkostlegum framförum og leyft sér alla eyðslu jafnhliða. En þetta hefur aldrei verið hægt og verður aldrei hægt, reynslan hefur sýnt okkur það á þann hátt, sem verður okkur allt of eftirminnilegur. Við sjáum þess vegna, að varðandi gjaldeyrismálin stöndum við ákaflega tæpt og hættulega, og af þeim ástæðum er það meðal annars, að við erum svona sammála um það, að það

þurfi að grípa til meira eftirlits um verkefnavalið í framkvæmdum heldur en áður.

Ef við lítum svo á vinnuaflið, sem er annar þýðingarmesti þátturinn, þá sjáum við, að þar er líka mjög ískyggilega ástatt. Við vitum, að það er von á fleiri skipum og fleiri bátum í flotann og nokkurri framleiðsluaukningu að öðru leyti í ýmsum greinum. En til þess að þessi framleiðsluaukning geti gengið, verða að fást menn á skipin og í þennan atvinnurekstur. Ef þeir fást ekki, þá fáum við ekki þær auknu gjaldeyristekjur, sem við vonumst eftir af auknum framleiðsluháttum. En eins og nú er ástatt, þá er þenslan svo gífurleg í alls konar framkvæmdum, nauðsynlegum og ónauðsynlegum, að mjög miklir erfiðleikar eru á því að fá fólk til framleiðslustarfa og til þess að koma upp þeim byggingum, sem mestu máli skipta, og ef ekki verður tekið hér í taumana og reynt að velja og hafna eftir einhverjum skynsamlegum línum, þannig að það verði tekið út úr, sem má bíða, þá stöndum við frammi fyrir því innan lítils tíma, að það verði meiri eða minni stöðvun. En verði sú stöðvun af handahófi, þá getur farið svo, að það stöðvist helzt, sem sízt skyldi, en hinu verði haldið áfram, sem mætti bíða, og það er þetta, sem hefur átt sér stað undanfarin misseri, eins og hæstv. dómsmrh. vék að í sinni ræðu, — og þetta hefur orðið til þess að torvelda ýmsar framkvæmdir, sem eru mjög þýðingarmiklar, að ég nú ekki tali um það, að það er vonlaust verk að ætla sér að stöðva verðbólguna með því ástandi, sem hér er að þessu leyti og áreiðanlega er engum til góðs og hefur í för með sér margar skaðsamlegar afleiðingar.

Ef við lítum svo á þriðja þáttinn, innlenda fjármagnið, þá er það líka sýnilegt, að þar er ástandið afar ískyggilegt. Það er búið að vera þannig ástatt í landinu, svo að mánuðum skiptir, að það hefur verið nærri ómögulegt að selja ríkistryggð skuldabréf, m. ö. o. að lánamarkaður fyrir opinberar framkvæmdir er svo að segja alveg lokaður. Við höfum sett hér löggjöf um stofnlánadeild sjávarútvegsins og ný lán til byggingar í sveitum og margs konar lagabálka og heimildir viðvíkjandi nýjum raforkuframkvæmdum, nýjum hafnargerðum og þar fram eftir götunum — heimildir fyrir ríkisstj. til að takast á hendur slíkar ábyrgðir. En svo að segja ekkert af þessum lánum hefur enn fengizt — lánamarkaðurinn hefur verið alveg lokaður. Menn hafa haldið fjármagni sínu til baka, sumpart í alls konar miður þarfar framkvæmdir og sumpart legið með fjármagnið vegna þeirrar óvissu, sem ríkir í peningamálunum. Sem sé fjáröflun til nýsköpunarinnar er fyrir löngu algerlega stöðvuð, og þetta stafar meðal annars af ofþenslunni, af því að það eru alls konar möguleikar fyrir fjármagnið, sem ætti að loka, til þess að fjármagnið fengist inn í þessar nauðsynlegu framkvæmdir. Svo stafar þetta þar að auki af því, að aldrei hafa verið gerðar neinar verulegar ráðstafanir til þess af Alþ. hálfu eða ríkisstj. að afla fjár til nýsköpunarinnar. En þessi dæmi, sem ég hef talið viðvíkjandi innlenda fjármagninu, sýna, að það er fleira, sem þar kemur til greina. Það er ekki ótakmarkað fjármagn, sem menn hafa yfir að ráða, og menn gá að sér í því sambandi, og þess vegna þarf fjármagnsins vegna að hafa meiri og betri yfirstjórn á þessum málum en verið hefur og gæta þess, að fjármagnið renni í framkvæmdir, sem miklu máli skipta. Og fyrsta atriðið, til þess að svo geti farið, er að koma í veg fyrir það, að aðrar framkvæmdir séu gerðar og sogi fjármagnið til sín. Síðan koma aðrar ráðstafanir í framhaldi af því til þess að fá fjármagnið inn í þau verkefni, sem leyfð eru af fjárhagsráði og talið er nauðsynlegt, að komið verði upp.

Skal ég nú aðeins víkja að því síðasta í sambandi við gagnrýni frá hv. 2. þm. Reykv. Þessar ástæður, sem ég hef rakið hér, þær sýna það glögglega, að hér þarf að verða alger stefnubreyting að þessu leyti. Það þarf að taka miklu fastari tökum á framkvæmdum en verið hefur, ef það á að forðast allsherjar handahófsstöðvun og margs konar vandræði, sem af því mundi leiða, og setning þessarar löggjafar er fyrsta sporið í þessa átt — með henni eru gefnar þær nauðsynlegu heimildir og það nauðsynlega vald. En árangurinn af þessari löggjöf fer að mestu eftir framkvæmdunum, og skulum við vona, að hann verði góður, en úr því getur reynslan ein skorið.

Óhugsandi er, að þeir, sem eru í ráðinu eða ríkisstj., taki að framkvæma l. svo sem þarf, nema þm. sameinist um það að upplýsa þjóðina um ástandið og fá hana til að mæta ráðstöfunum ráðsins með skilningi, fá hana til að skilja það, að með jafntakmörkuðum gjaldeyri er ekki hægt að gera mikið í einu, og ef vel á að fara, verður að minnka eyðsluna og neyzluna, því að það getur ekki farið saman, mikil uppbygging og önnur eins eyðsla og hér hefur verið nú undanfarið.

Það verður að gera margar og miklar ráðstafanir í framhaldi af þessari löggjöf. Hún er ekki einhlít til úrbóta. Hún er fyrsta skrefið, og mikils vert skref, því að án þessa valds gæti stjórnin ekki haft tök á að framkvæma það, sem þarf.

Það eru aðeins 2 atriði, sem hafa komið fram í þessum umr. og mig langar til að minnast á. Þau komu fram hjá hv. 2. þm. Reykv. Ég vil biðja afsökunar, ef það, sem ég segi, hefur verið tekið fram áður, en ég gat ekki verið viðstaddur allar umr. í gær.

Það er þá í fyrsta lagi varðandi 1. gr. frv., þar sem tekið er fram, að af andvirði útflutnings hvers árs skuli jafnan leggja 15% til hliðar til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar. Hv. þm. sagði, að með þessu væri það ákveðið, hve miklu skyldi varið til nýsköpunarinnar. Ég held, að hv. þm. megi ekki líta svona á þetta ákvæði. Ég er ekki á móti þessari grein, en ég held, að það sé ákaflega þýðingarlítið, hvort þarna stendur 15% eða 25% eða einhver önnur tala. Það veit enginn ennþá, hvert verður verðmæti útflutnings okkar í ár. Enn er ekki farið að selja fiskugga, ekki dropa af síldarlýsi eða kg. af síldarmjöli, og þó er komið fram í marz. Nú höfum við ekki hugmynd um, hvert verður verðmæti útflutningsins. Svo gæti farið, að hægt yrði að taka meira en 15%, og þá er sjálfsagt að gera það. Þá yrðu þessi 15% aðeins lágmark. En svo gæti farið, að útflutningurinn hrykki aðeins fyrir brýnustu nauðþurftum, og þá neyddumst við til þess að nota allt útflutningsverðmætið til að greiða með þær nauðþurftir, frekar en að taka gjaldeyrislán. Það er ekkert á móti því að hafa áætlanir um, hversu miklu skuli verja í þessu skyni, en það fer eftir ráðdeild stjórn-

arvaldanna, hversu mikið hægt er að nota. Og reynslan er ólygnust í þessu efni frá s. l. ári, 1946. Það stendur skýrt í l., að 15% af útflutningsverðmæti skuli leggja á nýbyggingarreikning. En hvar eru þessi 15%? Þau eru ekki til, þau hafa farið fyrir innflutning. Af þessu sést vel, að það er engin trygging, þó að eitthvað standi í lögum. Árangur næst aðeins með ráðdeild í gjaldeyrismálum. Niðurstaðan verður alltaf sú, að ef gjaldeyri skortir, þá er hann ekki lagður til hliðar, heldur notaður til að greiða þær kröfur, sem fyrir eru.

Ég er ekki að mæla á móti því, að þessi gr. standi, en ég vil vara við því, að menn fái oftrú á lagabókstafnum í þessu sambandi og geri ráð fyrir, að 25% eða 30% tryggi nokkuð í þessu efni, og mætti tilgreina fleiri dæmi því til staðfestingar.

Þá vildi ég minnast á gjaldeyrisástæðurnar, eins og þær eru nú, því að búast má nú við, að þessa dagana verði yfirfærsluvandræði. Hv. 2. þm. Reykv. benti á það réttilega, að það mætti ekki koma fyrir, að ríkið taki gjaldeyrislán. En slíkt gæti verið nauðsynlegt til þess að komast yfir það tímabil, sem fram undan er, ef dregst með verzlunarsamninga, en kröfur koma um yfirfærslu og ekkert flyzt út. Á nýbyggingarreikningi munu vera um 120 millj., en búið mun að veita leyfi út á það allt, þó að ekki sé alveg komið að því að borga. Ég veit ekki, hvað á að gera, en má ef til vill nota eitthvað af því til yfirfærslu í bili. En aðalatriðið er að ráðstafa gjaldeyrinum vel og skynsamlega. En ég hef talið rétt að benda á þetta atriði, því að mér fannst hv. 2. þm. Reykv. gera of mikið úr þessu atriði og vilja leiða hug manna að því, að með 15% sé stefnt of lágt og með því sýni stjórnin, að hún hafi lítinn áhuga á að kaupa ný framleiðslutæki. Ég held, að þetta sé misskilningur hinn mesti og að það verði ekki framkvæmt meira, þó að talan væri hækkuð, en þessi tala segir ekki, að ekki verði notað meira, ef ástæður eru fyrir hendi.

Hitt atriðið, sem hv. 2. þm. Reykv. lagði mikla áherzlu á, var það, að ekki væri gert ráð fyrir, að fjárhagsráð hefði meira vald yfir útlánastarfsemi bankanna. Í þessu sambandi vil ég segja það, að þetta mál er ekki leyst, þó að ráðið gæti fyrirskipað bönkunum að lána til tiltekinna framkvæmda. Málið er ekki leyst, vegna þess að svo getur staðið á, að bönkunum sé ómögulegt að gera þetta nema með því að auka verðbólguna með aukinni seðlaútgáfu. Ég get í þessu sambandi vísað til álits hagfræðinganefndarinnar, en þeir telja, og leggja áherzlu á það, að það sé ekki hægt að skylda bankana til útlána vegna aukinnar verðbólguhættu, og þetta er engin fjáröflunarleið. En vitanlega verður útlánapólitík bankanna að vera í samræmi við stefnu ríkisstj., fjárhagsráðs og Alþ., en spursmálið um fjáröflun verður ekki leyst með einni málsgr. í lögum. Það spursmál, sem leysa þarf, er fjáröflunin. Það hafa verið sett ýmiss konar lög af Alþ., t. d. lögin um stofnlánadeildina, sem útheimta það, að bankapólitíkin sé rekin í samræmi við þingið, en til þess þarf ekki lög, því að Alþ. og ríkisstj. ráða yfir bönkunum.

Í 4. gr. segir, að fjárhagsráð skuli hafa samvinnu við lánsstofnanirnar um samning fjárfestingaráætlunar, og enn fremur: „Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárþörf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstj., lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjáröflun til þeirra fyrirtækja.“ M. ö. o., komist ráðið að því, að fjármagn sé ekki nægjanlegt fyrir hendi, þá hefur ráðið frumkvæði að því að taka málið upp við stjórnina til þess að leysa það. Þetta atriði er beint sett inn til þess, að ráðið geti átt frumkvæði að þessu leyti, en það er misskilningur, að fjáröflunarspursmálin eigi að leysa í þessu frv. Þau mál þarf að leysa, en ekki í þessu sama frv., sem fjallar um fjárfestingarleyfin og fjárhagsráðið. En í þessu frv., í 4. gr., er ákvæði, sem tryggir það, að ráðið hafi frumkvæði í samráði við þá aðila, sem þar eru greindir, að lausn þessara mála.

Ég er hv. 2. þm. Reykv. sammála um það, að það er nauðsyn að dreifa atvinnutækjunum um landið meir en verið hefur. Það hafa verið sett mörg lög í þessa átt, og þau gera ráð fyrir miklu meiri lánum en áður hefur tíðkazt. En víða er þannig ástatt, að þau lán hrökkva ekki til, og þá segir hv. 2. þm. Reykv., að það verði að fyrirskipa lánsstofnununum að lána allt að 100%. En ég tel mjög varhugavert að fara þá leið, heldur á að setja sérstaka löggjöf um þetta efni, sem miðuð sé við þá staði, sem þurfa á þessum aukalánum að halda. Það held ég, að væri skynsamlegri leið.

Ég hef nú á tveimur þingum flutt frv. um fiskimálasjóð, til þess að taka að sér þessi viðbótarlán. Þessu frv. var vísað frá á síðasta þingi, og hefur ekki enn verið samþ. á þessu þingi, þó að það væri eitt af þeim frv., sem fyrst komu fram. En ég vil mjög eindregið benda á þessa leið í sambandi við viðbótarlánin.

Ég hef látið þessi orð falla um afstöðu Framsfl. til þessa máls til þess að láta það koma fram, hvers vegna við erum fylgjendur þess. Ég vil undirstrika það, að aðalatriðið er að fá fram betra skipulag, og það, að segja þjóðinni hreinskilnislega, hvernig málunum er háttað. Þau viðfangsefni, sem fram undan eru, eru erfið, og það verður að gera margar þær ráðstafanir, sem menn hefðu viljað komast hjá að gera. En það skortir mikið á, að menn geri sér almennt ljóst, hvað viðfangsefnin eru í raun og veru erfið, vegna þess að það hefur svo lítið verið gert að því að segja mönnum, hvernig ástatt er.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. lét þau orð falla í gær, að hann undraðist þá fullyrðingu, að í þessu frv. væri ekkert nýtt varðandi húsnæðismálin. Mér finnst hitt undarlegri fullyrðing, að í frv. sé eitthvað nýtt varðandi þessi mál.

Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sýndi fram á í gær, að ákvæði í 7. lið 2. gr. frv. eru á engan hátt ný, þau ákvæði eru skýrari í l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Ég þarf heldur ekki að taka það fram, að niðurlag 4. gr. hefur engin nýmæli, þar er aðallega talað um, að fjárhagsráð skuli hafa samvinnu við lánsstofnanir varðandi nægjanleg lán til fyrirtækja.

Ég hef áður bent á, að nákvæmlega sama yfirlýsing var gefin af núverandi hæstv. forsrh. á þingi í fyrra varðandi verkamannabústaðina. Það átti að leita samvinnu við lánsstofnanirnar, og þá mundi vel fara. En nú er samt svo komið, að það vantar 25 milljónir, til þess að hægt sé að fullnægja þeim beiðnum, sem fyrir liggja.

Þá kemur til athugunar hvort 5. gr. hafi nokkuð nýtt inni að halda, en hún fjallar um það eitt, að leyfi ráðsins þurfi til allra framkvæmda. Til samanburðar kemur svo 38. gr. nefndra l. Ég las hluta af henni í gær, en vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana alla, en þar segir svo:

„Á meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í landinu og erfiðleikar eru á innflutningi nægilegs byggingarefnis að dómi ríkisstjórnar, skal viðskiptaráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstj. ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til að lög þessi nái tilgangi sínum."

Hér er skýrt og ótvírætt lagt fyrir stjórnina að setja reglugerð, sem feli í sér skömmtun á byggingarefni. En skömmtun þýðir það eitt, að sá aðili, sem skömmtunina framkvæmir, ráði, hvað er byggt. Það er að segja, að þessi gr. felur í sér það sama og 5. gr. frv. En auðvitað er svo mest undir því komið, hvernig þetta er framkvæmt. Og hér er í rauninni um framkvæmdaratriði að ræða í sambandi við 38. gr. gildandi l. Og hverjar eru svo líkurnar fyrir því, að betur takist til um framkvæmd þeirra ákvæða, sem nú er verið að leggja til að leiða í l.? Ég skal svo ekki orðlengja um þetta atriði. Ég tel það sannað mál, að ekkert nýtt sé um byggingamál í frv. þessu, heldur eru hér aðeins ákvæði eldri l. Og það eru engar líkur til þess, að betur takist til um framkvæmd þessara ákvæða en hinna sömu ákvæða eldri l.

Hæstv. fjmrh. lét orð falla hér á þingfundi í gær, að það væri daglegur viðburður, að menn kæmu og kölluðu eftir peningum úr ríkissjóði og að þeir, er kölluðu, gerðu það með fullum rétti, því að ýmsar fjárfrekar framkvæmdir hefðu verið ákveðnar með l., en þegar þeir koma, sem eiga að njóta l., og biðja um fé, þá er oft svo ástatt, að ríkissjóður getur ekki orðið við þessum greiðslum. Hæstv. fjmrh. þótti þetta ekki gott og taldi, að of mikils stórhugar hefði gætt í lagasetningum, en minna hefði verið um forsjálni til að afla fjár til framkvæmdanna. Ég get verið hæstv. fjmrh. sammála um, að það er óviðunandi, að Alþ. gangi að því starfi að setja löggjafir, sem ákveða svo og svo miklar framkvæmdir og fjárútlát úr ríkissjóði, án þess að nokkur grein sé gerð fyrir því, hvernig á að afla fjár í ríkissjóðinn í staðinn, svo að í honum þurfi maður ekki alltaf að heyra eintómt tómahljóð. Það er þetta, sem ég vil vara við í sambandi við þessa lagasetningu. Ég vil undirstrika það rækilega, að þetta frv. til l. er frómt frá sagt fallegar óskir um ýmsar góðar og nytsamar framkvæmdir, en í því örlar hvergi á því að tryggja þessar framkvæmdir. Og þótt ég hafi reynt að sýna fram á, hvernig hér eru tekin upp eldri ákvæði húsnæðisl., þá hygg ég, að ef rækilega væri farið í gegnum frv., megi finna nákvæmlega hvert einasta atriði þessa frv. í eldri l. Þessum ákvæðum hefur verið safnað saman og raðað upp, en ekki á nokkurn hátt reynt að koma í veg fyrir, að sú saga endurtaki sig, sem hæstv. fjmrh. rakti, sú saga, að framkvæmdum sé heitið í l. án þess að setja tryggingu fyrir framkvæmd þeirra.

Nú hygg ég í sambandi við ræðu hæstv. menntmrh., að þá hafi komið fram enn ljósari rök fyrir því, hversu hættulegt og óskynsamlegt þetta er. Ég vil fyrst segja það, að af öllum, sem staðið hafa að þessari frv.-smíð, þá skil ég hæstv. menntmrh. bezt. Mér finnst hann í þessari frv.-smíði í svo miklu samræmi við sögu sína og fortíð. Það er kunn staðreynd, að í stjórnartíð hæstv. ráðh. hefur einkum borið á ýmiss konar haftastefnu, sem ríkti hér um alllangt árabil fyrir stríð. Og vissulega er það svo, að hæstv. ráðh. hafði viss rök fram að bera fyrir sinni haftastefnu. Hann sagði sem svo, það er augljóst, að halli er á okkar gjaldeyrisviðskiptum, gjaldeyrisöflun okkar nægir ekki fyrir árlegum útgjöldum. Og þá sá ráðh. aðeins eitt ráð og aldrei nema eitt ráð: að skera niður útgjöldin. Þetta var hans haftastefna. Hins vegar brast hæstv. ráðh. viðsýni og hugkvæmni til þess að fara inn á þær leiðir að efla og auka útflutningsverzlunina, sumpart með aukinni frjálsleiðslu og fyrst og fremst með því að fá vörur okkar betur unnar í landinu, betur tilreiddar fyrir markaðinn. Hann sá aldrei þá leið að auka útflutninginn, heldur kom aðeins á fleiri og fleiri höftum. Í sannleika sagt er frv. greinilega markað þessari stefnu. Það er greinilega markað þessari neikvæðu stefnu. Þetta kemur skýrt fram í upphafi 2. gr. frv. Þar er tekið fram, að meðan hinar miklu framkvæmdir eru í íslenzku atvinnulífi, skuli fjárhagsráð gera ýmsar ráðstafanir. Og þessar ráðstafanir eru allar til hindrunar. Hæstv. menntmrh. sagði, að þessar hindranir, þessi neikvæðu ákvæði gætu í framkvæmd orðið jákvæð, og leitaðist við að færa rök fyrir því. Hann sagði, að þegar skornar væru niður ónauðsynlegar og óþarfar byggingarframkvæmdir, þá mundi það leiða til þess, að hægt verði að koma upp meira af verkamanna- og samvinnubústöðum. Það er nú svo. En á hverju hefur strandað að byggja verkamanna- og samvinnubústaði á s. l. ári? Það hefur eingöngu strandað á fjárskorti. Og hér er á engan hátt bætt úr því. Það þýðir ekkert að gera ráðstafanir, sem í sjálfu sér eru sjálfsagðar, t. d. um bann á byggingu ýmiss konar óþarfa bygginga, ef ekki er jafnframt séð fyrir fjármagni til nytsamra byggingarframkvæmda, að öðrum kosti er verið að draga úr framkvæmdum þessum. Það örlar hvergi á því í þessu frv., að reynt sé að tryggja nauðsynlegt fjármagn. Hæstv. menntmrh. benti á þá staðreynd, hversu örðugt væri um fjáröflun innanlands. Hann sagði í því sambandi, að ríkisskuldabréf væru óseljanleg. Hvers vegna í ósköpunum er ekki snúið sér að því í sambandi við þessa lagasetningu að leysa þennan vanda? Fyrst þessari stofnun er fengið vald til að skera niður hið ónauðsynlega, því er henni þá ekki fengið það vald, sem þarf til að byggja upp það nauðsynlega? Ef við athugum hvernig stendur á þessum erfiðleikum á að fá fé til nauðsynlegra framkvæmda, þá er enginn efi á því, að orsakarinnar er að leita í fávíslegri bankapólitík. Sú bankapólitík liggur í því, að bankarnir hafa tekið upp þá stefnu að lána ekki til byggingarframkvæmda. Þeir hafa jafnframt tekið upp þá stefnu að lána út fé með miklum vöxtum, en borga litla sem enga vexti af því fé, sem lagt

er inn í sparisjóði. Afleiðingin hefur orðið sú, að fé hefur flúið í hendur einstaklinga og nokkurra braskara, sem svo lána það til byggingaframkvæmda með okurkjörum. Það er ekki vafi á því, að hér er um að ræða meinsemd, sem þarf að bæta úr, ef við eigum yfirleitt að bæta úr húsnæðisvandræðunum og ef við eigum yfirleitt að fá þær framkvæmdir, sem talað er um með almennum, fögrum orðum í þessu frv. Hæstv. menntmrh. talaði um, að verið væri að loka leiðum fjárins inn á hinar óheppilegu brautir, er það streymdi nú. Þetta er að vísu rétt, en það kemur ekki að gagni, nema því sé jafnframt tryggilega beint inn á nauðsynlegar brautir. Það er ekki nokkur tilraun gerð í þessu frv. til að beina því þangað.

Ég vil svo leggja áherzlu á það, sem hæstv. fjmrh., dómsmrh., forsrh. og menntmrh. sögðu allir í ræðum sínum: Þetta er undir framkvæmdinni komið og aftur undir framkvæmdinni. Þessi l. eru fyrst og fremst háð framkvæmdinni. Ég vil nú beina því alvarlega til hv. þm., hvort þeim finnist það nokkur löggjafarstarfsemi að vera að setja löggjöf, sem í einu og öllu sé háð framkvæmdinni. Væri þá ekki einfaldara, að Alþ. aðeins samþ. þál., þar sem sagt er, að Alþ. óski þess, að hæstv. ríkisstj. geri sitt bezta til þess að ráða fram úr öllum vandamálum þjóðfélagsins? Mér fyndist það betra. Eftir að hafa heyrt yfirlýsingar þessara hæstv. ráðh., þá er það staðreynd, að þessi l. fela ekkert í sér nema frómar óskir. Hvers vegna er þá verið að setja l.? Mér er það óljóst. Hæstv. menntmrh. tæpti á því, að það mætti setja ýmis önnur lagaákvæði, sem tryggðu ákvæði þessara l. Ég vildi lýsa eftir fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. í því efni. Um það hefur ekkert heyrzt, hvað snertir mál það, sem ég hef aðallega rætt um, byggingarmálin. Ég hef lagt fram tvö frv., sem frá mínu sjónarmiði ættu að miða að því að tryggja framkvæmdir í þessu efni. Þessi frv. hafa ekki fengizt frá n. Ég skal viðurkenna það, að væri því lýst yfir, að ríkisstj. legði fram slík frv. jafnhliða þessu, þá væri vel farið. Og þannig mætti vera um fleiri atriði. En hvar eru rökin fyrir því að láta þetta ekki koma fram í þessari löggjöf, sem markar stefnu ríkisstj.?

Ég vil endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að ég ber verulegan kvíðboga fyrir því, hvaða áhrif þetta frv., ef að l. verður, muni hafa á okkar atvinnulíf. Ég held, að áhrifin verði neikvæð og slæm. Ég held, að framkvæmdin, sem allt er undir komið, að því er hæstv. ráðh. lýsa yfir, verði í þeirra höndum slík, að alls staðar verði samdráttur í atvinnulífinu, en hvergi verði stefnt að örvun eða uppbyggingu. Ég held, að það reki fyrst og fremst að því, að þetta sé bannað og hitt sé bannað og einkaframtakið verði að verulegu leyti sett úr leik, án þess að annað komi í staðinn: framtak þess opinbera. Þess er heldur ekki að vænta, að framtak hins opinbera komi í staðinn, þegar athuguð er afstaða þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa, til þessara mála. Það kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh., að Sjálfstfl. er í andstöðu við þetta, en það, sem fyrir honum vakir, er að draga úr framkvæmdum um stundarsakir til þess að minnka verðþenslu. Fyrir þeim flokki vakir engin allsherjar skipulagning atvinnulífsins, enginn þjóðarbúskapur samkv. áætlun. Það er líka ljóst, að annar flokkurinn af þeim, sem einnig styðja hæstv. ríkisstj., Framsfl., hefur mjög takmarkaðan áhuga fyrir þjóðarbúskap samkv. áætlun. En sá flokkur er þekktastur fyrir að vilja reka haftapólitík. Mér sýnist hann stefna að því að vilja beita hinu neikvæða í haftapólitíkinni án þess að taka tillit til þess jákvæða, sem henni getur fylgt. Því mun reynslan verða sú, að við munum reyna alla þá ókosti, sem fylgja skipulagningu, en enga af þeim kostum. Og það er illa farið, því að það gæti orðið til þess að fæla menn frá skipulögðum framkvæmdum, sem þó vissulega er það, sem koma skal. En það er ekki óeðlilegt, að svona fari, þar sem andstæðingar hvers konar þjóðarbúskapar samkv. áætlun eru hér að verki og sá flokkur, sem samkv. stefnu sinni ætti að hafa áhuga fyrir slíkum þjóðarbúskap, er eins konar fangi þessara flokka. Ég held því, að þetta sé ill stefna, bæði hvað snertir rekstur þjóðarbúskaparins á næstu árum og eins hvað snertir það að gefa þjóðinni rétta hugmynd um, hvað áætlunarbúskapur er og einnig líka hvað þjóðarbú er, sem byggt er á einkaframtakinu einu saman.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hér hafa farið fram miklar umr. Hafa fjórir hæstv. ráðh. gefið skýringu á afstöðu sinni til þessa frv. Mér virðist, að þær umr., sem hér hafa farið fram, séu mjög heppilegar og nauðsynlegar fyrir okkur til þess að glöggva skilning okkar á því, hvert stefnt sé með þessu frv. Það er ekki oft, sem rætt er um þessi mál eins og nú hefur verið gert.

Hæstv. dómsmrh. ræddi nokkuð um okkar þjóðfélag, hvernig því sé fyrir komið og hvernig við getum tryggt bezt öryggi þeirra afla, sem fyrir því standa. Ég er yfirleitt mjög sammála þeirri skilgreiningu, sem hæstv. ráðh. kom með. Ég vildi bæta því við, að það, sem hlýtur að vera aðalspursmálið fyrir okkur, þegar við ræðum annars vegar um þjóðfélag, þar sem einkaframtakið er aðalkrafturinn, og hins vegar um þjóðfélag, þar sem opinber rekstur er aðalatriðið, þá verðum við að gera okkur það ljóst, því að það er aðalatriðið í málinu, hvað er þá hreyfiaflið í hvoru þessara þjóðfélagsskipulaga út af fyrir sig. Hvað er það, sem þjóðin verður að treysta á til þess að knýja fram framfarir og koma í veg fyrir stöðvun og afturför? Í þjóðfélagi, þar sem einkaframtakið er aðalatriðið, er það einnig hreyfiaflið. Það er aflið, sem knýr þjóðfélagsvélina. Þetta fyrirkomulag hefur sína kosti og sína galla. Af því leiðir margs konar glundroða og skipulagsleysi, þar sem það leggur aðaláherzluna á, að hver einstaklingur fái notið sín óhindrað, en af því leiðir ýmiss konar árekstra. Þjóðfélag sósíalismans gengur út frá því, að hið opinbera sé sjálft hreyfiaflið, sjálft framtakið komi frá ríkisstj., bönkum og slíkum stofnunum. Í slíku þjóðfélagi verður þjóðin að treysta því, og það vonast því ekki eftir, að framtakið komi annars staðar frá. Við verðum því að gera okkur ljóst, að við getum ekki komizt af án þess að treysta öðru hvoru þessara afla. Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að með stjórnarsamningi, sem fyrrv. ríkisstj. gerði með sér, féllst bæði Sósfl. og Alþfl. á, að einstaklingsframtakið skyldi fá að njóta sín. Og ég held það hafi fengið að njóta sín á þessum árum betur en það hefur fengið um langan tíma. Þjóðin verður að geta treyst því, að annað hvort þessara afla sé virkt.

Við höfum hér ekki sósíalistiskt þjóðfélag, þótt hér sé opinber rekstur í stórum stíl af kapitalisku þjóðskipulagi að vera. Þess vegna verðum við að gæta þess, þegar við erum með skipulagningu, að grundvöllur þessa þjóðfélags er ekki kominn það langt í þjóðfélagsþróuninni, að við getum treyst á ríkið sem framtaksaðila. Ríkið sem hreyfiafl er ekki byrjað að njóta sín, en það, sem nú er drepið niður, er einstaklingsframtakið. Skilyrðið til þess, að þjóðin geti treyst framtaki þess opinbera, er, að hún sé innstillt á að krefjast þess af því opinbera, að það reki þessa hluti og það verði sósíalistiskt þjóðfélag. En slíkt er ekki fyrir hendi. Þess vegna þurfum við í dag að athuga ástandið. Þess vegna er það, sem ég fyrir mitt leyti hefði viljað vara við því, að við lentum hér út í því neikvæða eingöngu, að því er skipulagningu snertir. En það gerum við, ef við lendum í því að hefta einstaklingsframtakið án þess að tryggja, að hið opinbera taki að sér þessa hluti. Við verðum að tryggja, að hið opinbera framkvæmi þessa hluti, og við verðum að gefa því nægilegt vald til þess, en að öðrum kosti gefa einstaklingsframtakinu nægilegt rúm til að njóta sín og annast þessa hluti. Ég held því, að það, sem hæstv. dómsmrh. kom inn á, hafi einmitt skýrt þetta mál. Við verðum að gera það upp við okkur, hvoru þessara afla við ætlum að treysta. Við getum ekki treyst á einstaklingsframtakið, ef við setjum svo mikil höft á það, að þau verði hemill á því. Þetta er hlutur, sem vert er að athuga. Og mér virtist jafnvel á ræðu hæstv. dómsmrh., að hann væri hræddur um, að svona kynni að fara. Hann óttast, að úr einstaklingsframtakinu sé dregið og því verði ekki eins miklar framkvæmdir og það njóti ekki eins mikils stuðnings og undanfarið, því að t. d. l. um stofnlánasjóð voru stuðningur við einstaklingsframtakið, þótt þau séu jafnframt stuðningur við framkvæmdir þess opinbera. Þetta erum við einmitt sammála um. Það á að afstýra áhættunni af að hafa slíka eftirspurn eftir vinnuafli og koma á atvinnuleysi. Það er tilgangurinn. En það verð ég að segja, að af tvennu illu kýs ég heldur, að verkamenn byggi lúxusvillur hér í Reykjavík en þeir gangi atvinnulausir.

Hæstv. menntmrh. kom inn á, að það þyrfti að minnka eyðsluna. Það er rétt hjá honum. Og það er atriði, sem hvað mest var rætt um á milli flokka þeirra, sem stóðu að fyrrv. stjórn. Og jafnvel var stungið upp á að taka upp skömmtun. En þegar að því kom hjá hæstv. menntmrh., að gera skyldi einhverjar raunhæfar ráðstafanir til þess að draga úr eyðslu, þá virðist spursmálið snúast mest um minnkandi framkvæmdir, og mun ég koma að því síðar. Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri hægt að veita byggingu verkamannabústaða aðstoð nema að neita að leyfa byggingu villna. Þetta er rétt, en þó verður að gæta þess, að það verður jafnframt að skapa viðkomandi aðilum möguleika á að koma upp verkamannabústöðum. En hvar er valdið, sem getur hagnýtt þessa möguleika? Það er valdið, sem vantar. Það er rétt, að það er hægt að beita þeim rétti, en það vantar valdið til þess að hjálpa fyrirtækjunum.

Menntmrh. minntist á gjaldeyrisástandið. Honum þótti lítil fyrirhyggjan. En af hálfu nýbyggingarráðs var fyrir fram á þetta minnt sumarið 1946 og óskað eftir:

1) að ítrekað væri, að 15% yrðu lögð inn,
2) að 15 millj. kr. yrðu lagðar inn til ráðstöfunar fyrir nýbyggingarráð.

Af hálfu nýbyggingarráðs voru gerðar till. um að spara, að leggja meira af gjaldeyrinum inn á nýbyggingarreikning til þess að knýja fram, að gerðar yrðu raunhæfar ráðstafanir viðvíkjandi innflutningnum. Nýbyggingarráð fór fram á það í nóv. 1945, að það fengi umráð yfir byggingarefni, til þess að það gæti séð um, að það væri notað til þess, sem þörfin var mest fyrir, þannig að það komu fram aðvaranir um það í tæka tíð. Þetta var séð fyrir. En það eru önnur öfl þarna að verki, sem ég veit ekki, hvort hæstv. menntmrh. tekst betur að ráða við en síðustu stjórn tókst. Á meðan það er gróðavegur að flytja inn til þess að selja til landsfólksins, skapast af því þrýstingur, og þessi þrýstingur er orðinn það ríkur, að hann er orðinn áhrifaríkari á stjórnvöld landsins en hin viðleitnin, að reyna að spara sem mest til þess að byggja upp fyrir þjóðina. Á meðan verzlun á Íslandi er gróðavegur, rekin með tilliti til þess, að menn græði sem mest á henni, er það eðlilegt, að menn beygi sig fyrir þeim hagsmunum sinnar stéttar, að hún fái sem mestan innflutning til umráða. Ef á að tryggja gegn þessu, þarf annaðhvort að setja áhrifarík höft eða breyta svo til, að verzlun hætti að vera gróðavegur, að þjóðfélagið hafi sjálft verzlunina með höndum, að ekki verði lengur slíkur þrýstingur fyrir hendi, heldur fái þjóðin það, sem hún þarf af nauðsynjavörum, að annazt sé um innkaup á því, sem hún þarf, án þess að hagsmunir einstaklinga eða stétta komi þar til að skapa þennan eðlilega, en sterka þrýsting. Þessi þrýstingur kemur ekki einasta til greina hvað snertir gjaldeyrinn, heldur leggst hann líka á vinnuaflið. Þrýstingurinn á vinnuaflið er gífurlegur hvað þetta snertir. Ég skal lofa ykkur að heyra tölur úr skýrslu nýbyggingarráðs um það, hvernig vinnuaflið skiptist: sjávarútvegur og siglingar 7,3%, verzlun og því um líkt 16,4%.

Á meðan fjármagnið ber beztan arð í verzluninni, streymir fólkið þangað, og þessu verður ekki breytt, nema fjármagnið borgi sig ekki í verzluninni. Ég veit ekki, hvort heppilegra yrði það fyrirkomulag til þess að takmarka við verzlunarstéttina, að það yrði svo hverfandi lítið, sem hún fengi — það mundi yfirleitt þýða hærri álagningu — eða knýja hana út í að færa niður verðið. Ef við framkvæmum þetta, setjum við verzlunarstéttina á horrimina, setjum hana í eins konar svelti, og þá held ég, að hreinlegra væri að taka beinlínis stóra hluta af verzluninni undir ríkið. En þetta er vandamál, sem hvaða stjórn, sem ætlar að skipuleggja fjármál Íslands, verður í vandræðum með, og það fer eftir hennar „innstillingu", hvaða leið hún vill fara, og það fylgir um leið, að vinnuaflið streymir til þeirra atvinnugreina, sem fá gjaldeyrinn, en fjármagnið til verzlunarinnar minnkar. Þetta er mál, sem þarf að athuga, og ég sé ekki, hvernig þessi stjórn ætlar að ráða fram úr því. Þetta er mál, sem hefur verið undirstrikað, en ekkert fengizt gert í, og jafnvel svo stórvirk stjórn sem sú, er síðast sat, gat lítlu áorkað fyrir þeim þrýstingi, sem ég hef nú verið að tala um.

Menntmrh. kom inn á fjáraflanir til lána til

ýmissa framkvæmda. Þetta er erfitt mál að eiga við, og af fyrrv. stjórn voru gerð mikil átök, ekki einasta í sambandi við rekstrarféð, heldur einnig til fjárfestingar. Hæstv. menntmrh. vildi láta líta svo út, að óhugsandi væri að fyrirskipa bönkunum að gera þetta. En hvernig ætlar hann að leysa það? Ég hef alltaf litið svo á, að það yrði að skipa bönkunum að gera þetta. Hæstv. menntmrh. sagði, að bankarnir yrðu að starfa í samráði við fjárhagsráð, — en hvernig ætlar hann að tryggja það? Það er staðreynd, að síðan árið 1944 hefur verið allt önnur stefna í bönkunum en hjá stjórninni. Það er ekkert samræmi þar á milli. Stefna þeirra var að kaupa alls ekki togara. Landsbankinn var á *móti því að setja stofnlánadeildarlögin* og sérstaklega á móti því, að það væri skylda seðlabankans að lána fé. En hvað hefði orðið um þetta, ef sú skylda hefði ekki verið sett inn? Það er staðreynd, að það, sem dýrmætast er, er sú skylda seðladeildar bankans að lána nauðsynlega mikið til annarra deilda í bankanum til þess að geta tryggt þessar framkvæmdir. Þess vegna er það rangt hjá hæstv. menntmrh., að það þurfi ekkert að gera til þess að tryggja þetta samræmi, það verður að tryggja með því, að fjárhagsráð geti ráðið bankapólitíkinni, en ekki að pólitík bankanna komi til með að ráða fjárhagsráði.

Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) minntist á þetta frv., kallaði það róttækt og sagði, að ég mundi ekki vera á móti því. Það er allt hægt að kalla róttækt. Skipulag getur verið einkenni á einræði, eins og við fengum að sjá í hinu nazistiska Þýzkalandi. Það er hægt að skipuleggja auðvaldsrekstur svo, að hann nái auðveldlegar árangri í þjóðfélaginu. Skipulagið segir ekki neitt. Það er tilgangurinn og stefnan, sem segir allt. Hv. þm. A-Húnv. minntist á fyrstu Rauðku, og mér datt í hug saga um orðaskipti, sem fóru milli tveggja þm., þegar Rauðka var samþ. Þeir voru að koma sér saman um, hvort það ætti að samþykkja hana, en ákváðu, að *það skyldi skera undan henni öll folöldin*. Þau voru öll skorin. Sú góða Rauðka átti upphafið að mörgum l., en fæst af þeim komust í framkvæmd. Nokkur l. fengu að *sjá dagsins ljós*, en þau, sem verulega hefðu breytt þjóðfélaginu, fengu ekki að koma fram, og vona ég, að ekki eigi eftir að fara eins um þessa nýjustu Rauðku, sem verið er að koma upp nú.

Hæstv. forsrh. minntist á það, að ég hefði engin rök fært fram fyrir mínu máli. Það held ég nú samt. Þetta er eitt af þeim fáu málum, sem ég vegna míns starfa get komið með rök í, og ég held, að það sé heppilegt, þegar verið er að ræða þessi mál, að það sé gert með rökfestu og raunhæfni, vegna þess að hér er um grundvallaratriði að ræða. Hæstv. forsrh. minntist á það, að það hefði ekki verið komizt hærra með löggjöfinni um nýbyggingarráð á sínum tíma. Meira að segja var með þeirri löggjöf stefnt hærra, vegna þess að það var gengið út frá að leggja til 300 þús. kr., en hér er stofnað til að leggja til 15% af verðmæti útflutningsins og þar með skorinn þrengri stakkur allri nýsköpun. Enn fremur var ákveðið svo í l. og reglugerð um nýbyggingarráð, að stórfé hyrfi — ekki einasta til uppbyggingar — heldur og til endurnýjunar. Enn fremur var í þeim stjórnarsamningi, sem þá var gerður, ákveðið, hvernig fénu skyldi skipt milli atvinnugreinanna, og enn fremur gengið út frá sérstökum aðferðum til fjáröflunar, eins og skyldulánum og fleira.

Forsrh. segir, að stjórnin hafi rétt fram höndina með þessu frv. og ég slegið á hana. Mér finnst þvert á móti, að gagnrýni, sem hér hefur komið fram, hafi miðað til að bæta úr göllum þessa frv. og að með þeirri gagnrýni hafi verið reynt að fylgja fram þeirri stefnu, sem nýsköpuninni er nauðsynleg, og reynt að skapa það vald, sem gæti látið þetta verða meira en orðin tóm, og þykir mér miður, ef stjórnin ætlar að taka slíkri gagnrýni svo að segja, að slegið sé á útrétta hönd. Með slíkri gagnrýni er verið að rétta fram höndina, og það er slegið á hana, þegar henni er tekið á þennan hátt.

Hæstv. forsrh. kom inn á það, sem ég sagði um bankana, og sagði, að ég væri með dylgjur um þá. Ja, það var nú einu sinni svo, að Alþfl. áleit bankana ekki góða viðureignar. Ég held, að það væri rétt að spyrja útgerðarmennina, hvernig þeim finnist að eiga við landsbankann. Þeim finnst það sannarlega ekki þægilegt, og það er ekki undarlegt. Og til nýbyggingarráðs er sífelldur straumur til þess að biðja menn þar, starfsmenn og aðra, að veita sér lið með því að koma með sér í landsbankann, og það er ekki bara þangað, heldur líka til núverandi og fyrrv. stjórnar, sem menn koma til þess að biðja um að veita sér lið, og meira að segja þó að stjórnin hafi lagzt á eitt með útgerðarmönnum, þá hefur það ekki dugað. Það er ekki rétt að loka augunum fyrir þessari staðreynd, og svo mikið er víst, að útgerðarmönnunum finnst illa að sér búið. Það, sem ég hef talið rétt og sérstaklega var til umræðu við undirbúninginn að stjórnarsamvinnunni, var að koma upp seðlabanka, sem ætti um leið að hafa svipað vald og þetta fjárhagsráð nú til þess að sameina í eitt ábyrgðina á því, sem á að gera, og allan tímann, sem á samningunum stóð, var af minni hálfu lögð höfuðáherzla á þetta, því að þetta er *höfuðatriði*, til þess að skipulagningin yrði til gagns, og kemur mér því undarlega fyrir sjónir, að Alþfl. skuli standa á móti þessu, þar sem annar af *núverandi ráðherrum flokksins hefur á sínum* tíma flutt frv. um seðlabanka til þess að tryggja heildarstjórn á slíkum banka.

Hæstv. menntmrh. kom inn á spursmál, sem var nokkuð líkt, og var hann á móti því, að hægt væri að skipa þeim að gera þessa hluti. Hann var að ræða um, að það kynni að skapa verðbólgu. Nú vil ég taka það fram, að einmitt við þetta yrði langsamlega minnsta hættan á verðbólgu, ef bönkunum yrði skipað að gera þessa hluti, sem ég álít, að sé nauðsynlegt. Það gefur að skilja, að þegar bönkunum er leyft að skorast undan að gera þetta, þá geti það orsakað verðbólgu, en um leið er það eina ráðið að hafa það í sínum höndum, og þar af leiðir það, að til þess að slík fjárfesting geti skeð, verður að gefa þessu fjárfestingarráði um leið vald til þess að fyrirskipa bönkunum, hvað gera skuli.

Þá kem ég að því, sem þeir ræddu um, forsrh., fjmrh. og menntmrh. Það eru 15% og 25%. Ég hef haldið fast við það, að grundvallarmunur væri á því, hvort um 15% eða 25% væri að ræða. Hæstv. fjmrh. heldur því fram, að ég hafi komizt svo að orði, að 15% þýddu stöðvun, en 25% atvinnubyltingu. Það er þá meðaltalið af útflutningi fleiri

ára, sem kemur til með að gera útslagið. Við leggjum þetta á sérstakan reikning og notum það ef til vill ekki öll árin. Við ætlum að leggja í skipakaup og notum til þess það, sem við höfum lagt upp á 5—10 árum. Höfuðatriðið verður þá, hvaða magn það er, sem þjóðin sparar af sínum útflutningi, og 15% þýðir það, að við höfum nokkurn veginn jafnmikið og við höfðum á fyrstu stríðsárunum eða 1939. Ég skal lesa úr 5 ára áætlun nýbyggingarráðs, þar sem rætt er um þetta. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt l., sem samþ. voru á haustþinginu 1945, skal leggja sem svarar 15% af innflutningi hvers árs á nýbyggingarreikning. Ráðið er þeirrar skoðunar, að þessi 15% nægi aðeins til árlegs innflutnings á þeim tækjum, öðrum en skipum, er greiða skal af nýbyggingarreikningi, enda samsvara þau hlutfallstölu framleiðslutækja af innflutningi áranna fram til 1939. Það er því ljóst, að ef gjaldeyrir á að vera fyrir hendi til þess að halda áfram hinni fyrirhuguðu aukningu flotans, þá verður að auka þessa hundraðstölu mjög verulega. Ráðið er þeirrar skoðunar, að leggja þyrfti á nýbyggingarreikning 10% af andvirði útflutnings hvers árs til viðbótar, eða alls 25%."

Samkvæmt þessu er gengið út frá því, að það ætti að halda áfram þeirri stefnu að bæta við okkur atvinnutækjum. 15% eru miðuð við það, sem var fyrir stríð og á fyrstu stríðsárunum, og miðuð við öflun atvinnutækja eftir þeim útflutningi, sem síðar mundi verða. — [Fundarhlé.]

Ég var þar kominn ræðu minni, hvaða þýðingu það hefði, hvort ákveðin væru 15% eða 25% í 1. gr., og ég hafði lesið upp úr áætlun nýbyggingarráðs, þar sem sýnt er fram á, að sé reiknað með 15% og 300 milljón kr. meðalútflutningi á næstu árum, þá mundi það þýða samkv. reynslu síðasta áratugs, að ekkert yrði eftir fyrir skipakaupum. Hér hefur verið tekið fram í umr., að ekki sé hægt að segja um það fyrir fram, hve háa upphæð þessi 15% gera, og það er vitanlega rétt. En í áætlun verður alltaf að ganga út frá meðaltali. Það er að vísu erfiðara að gera áætlun hér en í iðnaðarframleiðslulöndum, þar sem hráefni okkar er svo ótryggt í sjónum, en það verður að taka upp meðaltal eða líkindareglu, þegar um áætlun er að ræða, og þess vegna hafa þessar mótbárur ekkert að segja. Í áætlun verður alltaf að reikna með meðaltali, og þjóðin verður að gera upp við sig, hve hart hún vill leggja að sér og hve hratt á að byggja upp. Í 5 ára áætlun nýbyggingarráðs er gengið út frá, að bætt verði við 25 togurum og nokkrum fiskibátum. En samkvæmt reynslu undanfarinna ára er þessi áætlun ekki framkvæmanleg, nema meira sé lagt til hliðar en 15%, 25% nægja. Þess vegna er nauðsynlegt að leggja til grundvallar ekki minna en 25% og miða hraða uppbyggingarinnar og sparnað þjóðarinnar við það. Og vafalaust þarf að setja inn ákvæði um það, að þennan hundraðshluta skuli leggja inn á reikning mánaðarlega eftir á, því að hörmuleg reynsla hefur fengizt af því að láta þetta dragast og fé liggja í óskiptum sjóði. Sú reynsla ætti að kenna mönnum að gera þetta upp mánaðarlega samkvæmt útflutningsskýrslum bankanna fyrir hvern mánuð.

Og þá kem ég að því, sem hæstv. forsrh. deildi við mig um, og vissulega einnig við hæstv. dómsmrh., en það var um það, hvort taka skyldi upp samkv. þessu frv. heildarskipulagningu íslenzks þjóðarbúskapar til frambúðar eða ekki. Ég hélt því fram, sbr. 2. gr., að skipulagningin gilti aðeins „meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir." Hæstv. forsrh. taldi þann skilning minn misskilning, sagði, að nýsköpunin mundi halda áfram, henni yrði aldrei lokið o. s. frv., lýsti því með öðrum orðum yfir, að hann ætlaðist til, að áætlunarbúskapur yrði lagður til grundvallar hér á landi héðan í frá. Ef þetta er hinn rétti skilningur, legg ég til, að inn í frv. verði sett skýrt ákvæði um þetta. En nú hefur það komið fram hjá hæstv. dómsmrh., að tilgangurinn er ekki þessi með 2. gr., eða Sjálfstfl. ætlast ekki til, að neitt ákvæði verði um þetta fyrir framtíðina eða lengur en núverandi ástand helzt í atvinnulífinu. Hann vill ekki neitt ákvæði um það, hvort hér skuli vera áætlunarbúskapur í framtíðinni, og telur það ekki felast í 2. gr. Hæstv. dómsmrh. hefur því skilið þessa gr. eins og ég og eins og menn hljóta að skilja hana eins og hún er. Skilningur hæstv. forsrh. á því engan grundvöll í orðalagi gr., eins og hún er nú, en orðalaginu má breyta, svo að hans skilningur verði ekki vefengdur, og það vil ég láta gera. En það er ekki rétt af honum að gagnrýna mig fyrir að skilja gr. rétt, eins og hún er nú, hæstv. dómsmrh. staðfestir minn skilning. Þess vegna ætti hæstv. forsrh. að breyta nú til og setja það skýrt inn í gr., að hér eigi að taka upp varanlegan áætlunarbúskap, það þarf ákveðið að taka fram, það er ekki nóg að óska eftir því.

En einmitt í þessum afgerandi frv.kafla um hlutverk fjárhagsráðs er um beina afturför að ræða frá nýbyggingarráðslögunum, því að þegar talað er í þessu frv. um áætlun, þá er ekki átt við framtíðina, eins og hæstv. dómsmrh. tók réttilega fram og ég hef bent rækilega á. Í l. um nýbyggingarráð er hins vegar komizt svo að orði, að hlutverk ráðsins sé að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Í þessu orðalagi liggur beinlínis sá skilningur, að semja eigi fleiri en eina áætlun, að áætlunarbúskapnum verði haldið áfram lengur en í fimm ár eða um ófyrirsjáanlega framtíð, þar sem tekið er svo til orða, að áætlunina skuli fyrst um sinn miða við næstu fimm ár. Þetta frv. hér er því bein afturför frá l. um nýbyggingarráð, áætlun á ekki að gera nema fyrir eitt ár í senn (sbr. 3. gr.), og allt er miðað við takmarkanir og neikvæða hluti. Mér skilst þó, að Alþfl. hafi hingað til viljað telja sig vera inni á braut áætlunarbúskaparins. Fyrir 13 árum lagði hann t. d. sína 4 ára áætlun fyrir þjóðina. En nú er honum ekki lítið gengið, hann hopar frá áætlunarhugmyndum nýbyggingarráðslaganna niður í eins árs áætlun. En ákvæðið í þeim l. um heildaráætlun langt fram í framtíðina gerir út um það, hvort hér á að taka upp áætlunarbúskap eða ekki. En með þessu frv. hér, um fjárhagsráð, er aðeins verið að búa til nokkurs konar aukafjárlög fyrir þjóðina með þeirri afgreiðslu, sem maður veit, að verður á þeim. Það er því ótvírætt, ef miða á við heildaráætlun íslenzks þjóðarbúskapar í framtíðinni, að breyta þarf þessu frv. hér, það er spor aftur á bak, eins og það er nú.

Hæstv. forsrh. minntist á, að síðasta ríkisstj.

hefði gert stóra hluti þrátt fyrir hlutdeild kommúnista í henni. Ég held, að þessi ummæli hans verði gott grín fyrir framtíðina. Ég fyrir mitt leyti þori vel að leggja hlut okkar sósíalista í þeirri ríkisstj. undir dóm þjóðarinnar og sögunnar og láta þann dóm gera út um það.

Að síðustu vil ég víkja að því, sem hæstv. forsrh. kom inn á í sambandi við fjárfestingarleyfin og staðsetningu þeirrar stofnunar, sem á að hafa uppbyggingu landsbyggðarinnar með höndum. Ég vara við þessum mikla samdrætti, að ein nefnd í Reykjavík á að hafa með höndum allar leyfisveitingar fyrir öllum aðgerðum og framkvæmdum alls staðar á landinu. Getur þetta ekki unnið beint á móti því, sem á að heita tilgangur frv., að byggja upp alla landsbyggðina? Mér sýnist það vera ljóst. Það er nógu erfitt fyrir fólk úti á landi að byggja upp, þó að það þurfi ekki að sækja um leyfi fyrir hverjum smáhlut til Reykjavíkur. Mér hefur stundum dottið í hug, hvort ekki væri nóg að miða leyfisveitingarnar við Reykjavík, en hafa þetta frjálst úti um land. Ég geri þetta þó ekki að till. minni, hef aðeins gaman af að drepa á þetta. En þetta sjónarmið þarf að taka til alvarlegrar athugunar í fjhn., hvort þessi gífurlega einbeiting og „concentrering" valdsins í Reykjavík sé heppileg fyrir alla landsbyggðina.

Þá ætla ég loks að minnast á það, sem hæstv. forsrh. sagði, að „ekki mætti fara of geyst." Það hefur farið svo um allar róttækar ríkisstj., eins og Strachey, núverandi matvælaráðherra Breta, kemst að orði á einum stað, að þær hafa verið eyðilagðar með því, að fjármagnið hefur gert verkfall. Með þeirri aðferð hafa verið beygðar og brotnar niður stærstu og róttækustu umbótastjórnir, sem alþýðan í ýmsum löndum hefur sett mest traust á og tengt flestir vonir við. Hér á Íslandi bregður svo við, þegar stórt er hugsað, að hér í Reykjavík og úti um land er alþýða manna reiðubúin til að leggja fram sitt fjármagn til uppbyggingarinnar, sbr. sölu vaxtabréfa stofnlánadeildar sjávarútvegsins, en erfiðlegast gengur að fá okrarafjármagnið, liggur mér við að segja, fé hinna ríkustu braskara. Og sá undarlegi hlutur hefur komið fyrir, að landsbankinn hefur að miklu leyti „strækað". Þess vegna er ekki svo gífurleg hætta á, að of geyst verði farið í sakirnar varðandi uppbyggingu atvinnulífsins, a. m. k. ekki utan Reykjavíkur. Ég held, að hvergi hafi verið farið of geyst utan höfuðborgarinnar, en miklu fremur skort fjármagn og atvinnu á ýmsum smærri stöðum. En hér í Reykjavík hefur gætt ofþenslu.

Hæstv. fjmrh. ræddi réttilega um það, að margt, sem tekið hefur verið upp af nýbyggingarráði utan við bein lagafyrirmæli og reglugerðir, ætti að haldast áfram, þótt nýtt ráð væri nú stofnað, og er ég honum alveg sammála um það. Það er bráðnauðsynlegt, að fjölmargir menn, ekki sízt utan af landi, gætu átt hauk í horni, þar sem fjárhagsráð væri, eins og þeir hafa ekki sízt átt hæstv. fjmrh. að í nýbyggingarráði. Þetta er bráðnauðsynlegt, ef byggja á upp landið, ef fólkið á að geta treyst á skilning og hjálpsemi þeirra, sem stjórna málum þess í Reykjavík. Hér hefur verið alit of mikið um skrifstofufargan og hitt ekki verið óalgengt, að embættismenn hafi látið fólkið kenna á valdi sínu í stað fyrirgreiðslu. Og um leið og ég lýsi yfir ánægju minni með samstarfið við hæstv. fjmrh. í nýbyggingarráði, vildi ég láta þá ósk í ljós, að þetta héldi áfram, að hér væri stofnun, sem hjálpaði mönnum í gegnum múr skriffinnskunnar.

Og að síðustu þetta. Ég held, að okkur hæstv. fjmrh. greini ekki svo mikið á um þessi 25%. Það er alveg rétt, að ekki er alltaf unnt að halda nýsköpuninni áfram með *jafnmiklum* hraða, og það væri heldur ekki heppilegt, að fólkið fengi aldrei að hætta að herða sig og njóta ávaxtanna af átökum sínum. En af hverju er hraðinn svo mjög aðkallandi nú? Hæstv. fjmrh. minntist á erlenda keppinauta, að við framleiddum of dýrt og að við yrðum að segja þjóðinni frá þessu, alveg eins og við hefðum áður sagt henni, að hún yrði að leggja að sér. Og hér er komið að kjarna málsins. Af hverju var lagt svo mikið kapp á hraðann haustið 1944, er nýsköpunin hófst? Það var af því, að við sáum, að verðlag mundi falla á heimsmarkaðinum. Sumir héldu, að það mundi gerast þegar að stríðinu loknu, en ég áleit, að það mundi dragast a. m. k. í tvö til þrjú ár og verðlag fyrst fara hækkandi eins og eftir síðasta stríð. Stefna okkar hlaut því að verða sú að nota hið hækkandi verðlag eftir stríðið, afla okkur framleiðslutækja sem fljótast og vinna þá gífurlegu markaði, sem mundu opnast að stríðslokum, og það sem allra fyrst. Ef verðfall yrði síðar á þeim mörkuðum, eftir tvö, þrjú eða fjögur ár t. d., þurftum við að vera búnir að selja sem mest á þeim áður, og til þess þurfti að fá landsmönnum atvinnutæki í hendur, svo að mikið væri hægt að selja, áður en verðfallið kæmi, og unnt væri að framleiða ódýrara og á stórvirkari hátt, þegar það væri komið. Þess vegna var hraðinn svo nauðsynlegur. Við vorum og erum í kapphlaupi við verðfall, og það er um að gera að afla sem mestra og beztra atvinnu- og framleiðslutækja, áður en það skellur á, svo að það finni okkur sem bezt vígbúna. Ef kreppa og verðfall skellur á, meðan við erum með léleg atvinnutæki, þá erum við algerlega óviðbúin að mæta slíkum vágestum. Nýsköpunin hefur fyrst og fremst það markmið að gera okkur færari til að mæta erfiðum árum og bæta lífskjörin eftir föngum, en vegna hinnar miklu samkeppni milli þjóðanna ríður á því að hraða eins mikið og auðið er að auka og endurnýja atvinnutækin. Hæstv. fjmrh. minntist réttilega á, að við gerðum meiri kröfur en áður, og það eigum við að gera, því að við höfum möguleika til góðra lífskjara, ef rétt er stjórnað. Ég held, að það sé hægt að skapa þessari þjóð beztu lífskjör í heimi, ef rétt er á haldið. Við þurfum ekkert að leggja í vígbúnað og getum því lagt allt okkar afl í að bæta okkar lífskjör, og vegna þess, hvað þjóðin er lítil, ætti hún að geta verið samstilltari og fullkomnara skipulögð. Ég held líka, að fátæktin um aldamótin sé jákvæð fyrir okkur nú, vegna þess að það stendur ekkert frá þeim tíma í vegi fyrir þróun atvinnulífsins nú, eins og það gerir t. d. í Englandi og víðar. Norðmenn, sem eru okkar harðasta samkeppnisþjóð í sjávarútveginum, framleiða nálægt því helmingi meiri fisk en við gerum, en við þá framleiðslu vinna hjá þeim nál. 100 þús. manna, meðan hjá okkur starfa ekki nema 6 þús. við þessa atvinnugrein. Þetta stafar af því, að meira en helmingur af okkar fiski er framleiddur á togurum, þar sem

ekki vinna nema um 1000 manns. Við erum þarna á hærra tæknilegu sviði og getum þar af leiðandi boðið upp á betri kjör til handa okkar starfsmönnum.

Við getum litið til Ameríku. Þar sjáum við betur en annars staðar, hvað hægt er að skapa mikil verðmæti með nógu mikilli tækni. Sú þjóð telur um 150 millj. manna, en hún hefur nálægt helming af allri stóriðju veraldarinnar og því möguleika til þess að bjóða upp á betri lífskjör en nokkur önnur þjóð, ef hún væri nógu vel skipulögð. Ef við hagnýtum okkur tækni Ameríku, en skipuleggjum þjóðarbúskapinn betur, þá getum við skapað betri kjör, þó að við seljum með sama verði og keppinautar okkar annars staðar. Eftir því sem við bregðum fyrr við með að ná þessari tækni í okkar þjónustu með því að ná í meira af stórvirkum atvinnutækjum og gera það, sem þarf til að ná sem hagkvæmustum rekstri þeirra, því betur erum við viðbúin að taka erfiðum tímum. Þess vegna er mikið komið undir hraðanum, og það erum við hér á Alþ., sem ráðum því, hvað hraðinn er mikill í þessu uppbyggingarstarfi, og þar af leiðandi bera þeir, sem á móti standa, ábyrgðina, ef illa fer. Það er mín skoðun, að það sé hægt að stjórna íslenzku þjóðinni betur en öðrum þjóðum, m. a. vegna þess, að hún er minni og menntaðri en aðrar þjóðir og samhentari, ef vel er stjórnað. Skipulagningin er orðin það mikil hjá okkur, að það er í raun og veru Alþ. sjálft, sem ræður þjóðarbúskapnum, og með því er ábyrgðin tekin af atvinnurekendum. Þessari ábyrgð, sem okkur hér á Alþ. er lögð á herðar, verðum við að gera okkur grein fyrir, þegar við göngum frá frv. því, er hér liggur fyrir. Ef þetta fyrirhugaða fjárhagsráð á að geta leyst þau verkefni, sem því eru ætluð í því frv., er hér liggur fyrir, verður það að hafa meira vald yfir útlánastarfsemi bankanna en hér er gert ráð fyrir. Við verðum að láta þjóðina skilja, hvað nauðsynlegt það er fyrir okkur að fá ný atvinnutæki og tryggja með þeim framtíðina, en með því er ekki sagt, að það eigi að píska þjóðina í nýsköpunarkapphlaupi um alla framtíð, þvert á móti á hún fljótlega að geta notið þeirra í betri lífskjörum, því að atvinnutækin skapa grundvöllinn fyrir betri afkomu þjóðarinnar í heild, ef þau eru rekin á hagkvæman hátt.

Ég hef nú rætt alllangt mál, en vil að lokum vona, að fjhn. vinni eftir beztu getu að því að bæta frv., svo að það tryggi, að nýsköpuninni verði haldið áfram og tekið verði tillit til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur, en mistökin ekki látin endurtaka sig.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það hafa nú blandazt inn í umr. um það mál, sem hér liggur fyrir, ýmis viðskiptamál, eins og innflutningsverzlunin og gjaldeyrisástandið. Ég tel víst, að viðskmrh. muni gefa skýrslu um þessi mál, þegar tími vinnst til, og mun því ekki fara frekar út í það, en vil þó aðeins skjóta því inn, að vitanlega tjói ekki að líta á þau mál eins og allir Íslendingar séu hættir að starfa og á næstu mánuðum komi bara skuldbindingar, en ekkert í staðinn. Þessa sjónarmiðs hefur nokkuð gætt hjá þeim svartsýnustu, en það er vitanlega ekki rétt. Ég vil hins vegar taka undir það, að fullkomin ástæða er til þess að gá að sér, og svo mikið hefur eyðzt undanfarið, að það verður ekki hægt að halda svoleiðis áfram, nema einhverjir óvæntir tekjustofnar fáist. Annars ætla ég ekki að ræða ástandið hér, en vil gera athugasemdir út af ræðu 2. þm. Reykv. Hann hélt því fram, að gjaldeyriseyðslan væri svo mikil vegna þess, að valdamiklir kaupsýslumenn neyddu vörum inn á landsmenn. Ég er undrandi, að maður, sem eitthvað hefur kynnt sér þessi mál, skuli halda þessu fram. Það þýðir ekki að neita þeirri staðreynd, að hin mikla kaupgeta landsmanna er aðalorsök gjaldeyriseyðslunnar. Þessi mikla kaupgeta hefur leitað útrásar í ýmiss konar vörukaupum, en ef innflutningurinn hefði ekki verið svo mikill, þá hefði fjármagnið leitað annað eða skapað enn meiri verðbólgu. Þetta hygg ég, að flestir séu sammála um, a. m. k. stundum. Ég skal ekki ræða frekar um kaupgetuna nú, en af henni stafar þessi mikli innflutningur, sem átt hefur sér stað, og sé hann böl, þá er hin mikla kaupgeta líka böl.

Það var í upphafi um tvær leiðir að ræða til þess að koma í veg fyrir gjaldeyriseyðsluna, en inn á þær vildi 2. þm. Reykv. og samstarfsmenn hans ekki fara. Önnur var sú að koma á í tæka tíð svo nefndum skyldusparnaði og draga með því úr kaupgetunni, en hin leiðin var sú, að skylda menn til að kaupa hluti í hinum nýju atvinnutækjum og láta þá um leið gerast virka þátttakendur í nýsköpun atvinnulífsins. Þessu var svarað af hálfu 2. þm. Reykv. og fylgismanna hans, að þetta væri sama og kauplækkun, auk þess sem þeirra skoðun var sú, að ekki væri heppilegt, að allir landsmenn ættu í atvinnutækjunum og yrðu með því atvinnurekendur, því að það mundi styrkja auðvaldsskipulagið á Íslandi. Vegna þess að ekki var farið eftir þeim leiðum, sem ég nú drap á, varð kaupgetan svo mikil, að hún varð að fá útrás annaðhvort í vöruinnflutningi eða aukinni verðbólgu. Þetta er augljóst hagfræðilegt lögmál, og þess vegna er það fjarstæða, sem 2. þm. Reykv. heldur fram, að gjaldeyriseyðslan sé sök nokkurra kaupsýslumanna.

Það kom fram bæði hjá menntmrh. og 2. þm. Reykv., að hér væri byggt mikið af óhófsíbúðum. Ég skal ekki mæla með „lúxusíbúðum" og hef hindrað eftir föngum, að þær væru reistar, m. a. með því að láta alls ekki lóðir undir einbýlishús, ef þau hafa verið óhóflega stór. Flest þessi stóru hús, sem mönnum virðast vera villur, eru með 4—8 íbúðum, þó að þau séu byggð sem sérstæð hús. Það kann að vera, að nokkur hús séu óhóflega stór, en ég held, að þau séu tiltölulega fá. Nú verður hægt að fylgjast betur með þessu, ef þetta frv. um fjárhagsráð nær fram að ganga, og getur það orðið mikið til bóta, þó að ég sé þeirrar skoðunar, að þetta út af fyrir sig hafi ekki haft mikil áhrif fyrir fjárhagslífið í heild. Hinu verður ekki móti mælt, að það hefur verið byggt svo mikið í heild, að með því hafa verið teknir kraftar frá framleiðslunni, og er nauðsynlegt að slíkt verði tekið til athugunar. Og það er vissulega nauðsyn á að hafa á þessu betri hemil en verið hefur. En menn mega ekki ganga í þeirri dul að halda, að út af fyrir sig þurfi að auka fjölda þeirra íbúða, sem hér í Reykjavík eru byggðar á hverju ári, vegna fólks, sem verið hefur í bænum. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að á síðasta ári hafa verið byggðar svo margar íbúðir í Reykjavík, að öll húsnæðisvandræði væru vissulega þar fyrir löngu úr sög-

unni, ef ekki hefði komið til hinn óskaplegi aðflutningur fólks utan af landi. Menn segja stundum, að það sé verið að drepa þessu máli á dreif, þegar á þessi sannindi er minnzt. En menn nálgast aldrei lausn þessara mála, nema menn geri sér þessi sannindi ljós. — Hv. 2. þm. Reykv. hefur m. a. rætt um það, að það sé nauðsynlegt að stuðla að atvinnulífi úti um landsbyggðina, til þess að þessi óhæfilegi straumur fólks til Reykjavíkur stöðvist. Og hann stöðvast auðvitað aldrei að fullu, nema þannig sé búið að mönnum, að mönnum séu gefnir þeir möguleikar utan Reykjavíkur, að þeir kjósi heldur að dvelja annars staðar en hér í bænum. Það er að vísu svo, að sett hefur verið löggjöf um það, að ekki megi leigja utanbæjarmönnum húsnæði. Sennilega hefði verið hægt að fylgja þeim l. eitthvað betur fram en gert hefur verið með strangara eftirliti. Ég skal ekki dæma um það. En þó tel ég vera töluvert til í því, sem form. húsaleigun. hefur sagt við mig, að þungi straumsins, sem á hefur verið í þessu efni, sé svo mikill, að í lýðræðislandi eins og okkar væru engin tök á að standa þar á móti. Til þess hefði þá þurft að koma slíkt vald, sem að vísu þekkist í einræðisþjóðfélögum í heiminum, en við því betur erum lausir við.

Hvorki hin mikla eyðsla gjaldeyrisins né húsnæðisskorturinn stafar því af óhæfilegum byggingum „lúxusíbúða". Þær hafa sáralitla þýðingu haft í þessum efnum. Ástæðan til þessa er fyrst og fremst sú, hve straumurinn til Reykjavíkur hefur verið gífurlegur. Hins vegar er það ljóst, að ef hægt á að vera að halda uppi atvinnulífinu á næstu árum, verður að hætta að eyða frá þjóðinni jafnmiklu fé til uppbyggingar íbúðarhúsa í einum bæ eins og hefur átt sér stað hér í Reykjavík undanfarið. Og m. a. þess vegna er óhjákvæmilegt að setja slíka löggjöf sem þessa og þá um leið að gera frekari ráðstafanir en hingað til hafa verið gerðar til þess, að bygging smárra íbúða gangi fyrir hinum stóru, jafnvel fyrir þeim íbúðum, sem engan veginn verða taldar „lúxusíbúðir", heldur þannig, að æskilegast væri, að hver einasti maður gæti veitt sér slíka íbúð, þó að við höfum því miður ekki efni á því nú í dag.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur mikið talað um valdið yfir bönkunum. Það er nú eftirtektarvert, að hann ræddi hér um það, að við ættum að spyrja útgerðarmenn og aðra um það, hvernig þeim líkaði að tala við landsbankastjórana. Hann vill ráða bót á því, hv. þm., og gera útgerðarmenn og alla aðra, sem hlut eiga að máli og óánægðir eru með stjórn Landsbankans, að einhvers konar yfirbankastjórn, þar sem þeir gömlu bankastjórar væru ekki annað en vikaþjónar. Ég held, að þessi sannindi, að mönnum líkar mismunandi vel við þá opinberu embættismenn og að embættismenn sjálfir í frjálsu þjóðfélagi eins og okkar hafi nokkra tilhneigingu til embættismennskuyfirlætis og hroka — hvað þá í þjóðfélagi, þar sem þeir eru alls ráðandi, eins og í því þjóðfélagi, sem hv. 2. þm. Reykv. sækist eftir að skapa — ég held einmitt, að þessir gallar embættismennskunnar ættu að vera okkur til varnaðar um að hafa ekki slíka allsherjar einræðisstjórn yfir atvinnuvegum landsmanna sem hv. 2. þm. Reykv. hér hefur gerzt talsmaður fyrir. Ég veit að vísu, að hann á sínum tíma hugsaði sér, að sú einræðisstjórn yrði vel skipuð með góðum og glæsilegum formanni og öðrum, sem hann gæti vel unnið með. En það er nú ekki öruggt, að öllum hefði líkað jafnvel við þann ágæta formann eins og hv. 2. þm. Reykv., heldur hefði svo getað farið, að menn hefðu farið að kvarta undan honum, áður en varði, og ekki síður en kvartað er undan bankastjórunum nú. Og embættishrokinn hefði líka ef til vill komið með starfinu — eins og sagt er, að gáfurnar til þess að gegna embætti komi stundum, þegar menn komast óverðskuldað í háar stöður. Það er vegna vitundarinnar um þá hættu, sem af þessu getur stafað, að íslenzka þjóðfélagið hefur nú ráðizt í það, sem frá kenningarsjónarmiði er ákaflega óhyggilegt, af því að það er mikill kostnaður við það, að hafa þrjá bankastjóra, þar sem ákaflega væri auðvelt, fræðilega séð, að komast af með einn. En þetta er haft eins og það er, af því að menn vilja ekki eiga allt undir einum eða tveimur mönnum, heldur hafa fleiri skjól, sem menn geti skotizt í, ef kalt blæs á móti þeim. Og ég held, að seint verði komizt fram hjá þeim þjóðfélagsástæðum, sem þessi ráðstöfun hvílir á.

Þá vil ég koma að því, sem ég vildi loks segja. Það hefur verið talað um það, að þessi stofnun, sem hér yrði sett á laggirnar, mundi geta stöðvað einstaklingsframtakið í landinu og líka orðið til þess, að einstaklingsframtakið yrði lamað, án þess að ríkisframtak yrði skapað í staðinn. Ég segi hiklaust, að ef þessi verður árangurinn, þá er alveg stefnt á móti því, sem fyrir mér vakir, að — sem segir hér í 2. gr. frv. — með þessu eigi að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins. Og framkvæmdir einstaklinga eru taldar á undan, vegna þess að tilætlunin er sú, að eftir sem áður hvíli þetta þjóðfélag fyrst og fremst á einstaklingsframtakinu. En því aðeins getur einstaklingsframtakið unnið sitt hlutverk — og ekki sízt í þjóðfélagi þar sem ríkið og almannavaldið er búið að taka undir sig jafnmikið af verkefnum eins og í okkar þjóðfélagi —, að framkvæmdir þess og ríkisvaldsins séu samræmdar, meðan á jafnstórfelldum stofnframkvæmdum stendur eins og nú á sér stað í þessu þjóðfélagi. Mér er það ljóst, að ef framkvæmd þessara l. lenti í höndum manna, sem vilja berja einstaklingsframtakið niður eða vilja lama það og helzt eyðileggja, þá yrði þetta hættulegt vopn í þeirra höndum. Og einmitt vegna þess, að hér er allt undir því komið, að þeir menn, sem að þessu mikilvæga verki eiga að ganga, sem þetta frv. er um, og með jafnvíðtæku valdi eins og þeir hljóta eftir þessum l., vinni sitt verk í þeim anda, sem í upphafi 2. gr. segir, þá legg ég höfuðáherzlu á það varðandi samþ. þessa frv., að skipun ráðsins verði með þeim hætti, að sem bezt verði tryggt, að þeim tilgangi verði náð, sem fyrir okkur vakir. Og hef ég þess vegna gert áskilnað um að bera fram brtt. við frv., ef til vill við það fyrirkomulag, er frv. stingur upp á.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég minntist á það, þegar ég drap á gjaldeyrisástæðurnar og ástæðurnar í fjárhagsmálum hér á landi yfirleitt, að eitt af því, sem áreiðanlega hefði dregið til sín gjaldeyri, vinnuafl og fjármagn, væru óhæfilega umfangsmiklar byggingar „lúxusíbúða". Hæstv. dómsmrh. telur, að þetta sé minna atriði en menn hafi gert ráð fyrir. Ég hef ekki gögn til þess að ræða þetta ýtarlega nú, en ég nefndi

þetta sem dæmi um það, sem hefði átt sér stað. Hinu datt mér ekki í hug að halda fram, að þetta væri eina ástæðan til þess, hvernig ástatt er í gjaldeyrismálunum hér nú. Þar kemur margt til greina. En einn tilgangur með þessari löggjöf, sem frv. þetta er um, er að koma í veg fyrir, að of langt sé gengið í þessu efni, sem sagt að koma í veg fyrir ónauðsynlegar framkvæmdir. En á undanförnum árum hefur óhæfilega mikið af gjaldeyri farið til slíkra framkvæmda. — Ég skal ekki fara út í það nú að ræða það nánar en gert hefur verið við þessa umr.

Það lætur nærri, að það hafi verið ráðstafað um eða yfir 1000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á síðustu tveimur árum. Þar koma margar ástæður til greina. En ástæða er til að benda á það, í framhaldi af því, sem hæstv. dómsmrh. tók fram, að það hefði ekki verið nóg bundið af fjármagninu innanlands, eins og þurft hefði að vera, og þess vegna hefði það leitað á með svo gífurlegum þunga, að menn hafa bognað fyrir því, og þess vegna hefði innflutningurinn orðið of mikill. Og þess vegna hefur einnig verið lagt í framkvæmdir, sem mikil óhæfa er að hafa átt sér stað sumar hverjar. Þar á ég auðvitað ekki við nýtilegar framkvæmdir eða framkvæmdir í atvinnumálum, heldur framkvæmdir allt annarrar tegundar, sem mikið hefur verið um á síðustu árum.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði mig að því, hvort ég hefði hugsað mér að tryggja samræmi í útlánastefnu hjá bönkunum og starfsemi fjárhagsráðs, þar sem ég vildi ekki fallast á það að gera fjárhagsráð að eins konar yfirstjórn fyrir bankana. Í fæstum orðum sagt vil ég svara þessu í fyrsta lagi með því, að ég vil vinna að því að útiloka ónauðsynlegar framkvæmdir. Það er eitt af hlutverkum fjárhagsráðs. Í öðru lagi með því, að ríkisstj. gegnum yfirráð þings og stjórnar yfir bönkunum, sem eru ríkisstofnanir, hafi áhrif á útlánastarfsemi þeirra, þannig að þeir geri það, sem að eðlilegum hætti er hægt að krefjast af þeim. Og auðvitað yrði hvaða ríkisstj. sem er og hvaða þingmeirihluti sem væri að gera þær breyt., sem þyrfti, á yfirstjórn bankanna, sem gerði það að verkum, að þetta næðist. Það er ekki hægt öðruvísi. Og í þriðja lagi vil ég tryggja þetta með lagasetningu um fjáröflun til lánaframkvæmda, sem yrði sett á Alþ. til styrktar þeim stofnlánadeildum, sem upp hafa verið settar, til þess að bankarnir séu megnugir að lána. — Hitt, sem er ofarlega í hv. 2. þm. Reykv., að gera það eitt að setja í þessi l. ákvæði um að fyrirskipa bönkunum að lána, er ekkert úrræði út af fyrir sig.

Að lokum vil ég aðeins segja, að mér er sagt, að hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) hafi haldið því fram, að í þessu frv. væri verið að fara inn á kreppupólitík, sem ég hefði fylgt og stýrt hér áður. Í þessu frv. er ekki ráðgert annað en það, að fjárhagsráð geti valið og hafnað framkvæmdum. Það er þannig meiningin, að það sé hægt að hafna þannig miður nauðsynlegum framkvæmdum, til þess að hægt sé að framkvæma aðrar, sem meira eru aðkallandi og meiri þýðingu hafa fyrir almenning í landinu. Þetta er sú pólitík, sem fjárhagsráði er ætlað að reka. Og þetta er pólitík, sem ég hef reynt að fylgja, sem ég kalla framfarapólitík, en ekki kreppupólitík. En kreppupólitík kalla ég það að leggja vinnuafl, fjármagn og gjaldeyri í ónauðsynlega hluti og gagnslausa, svo að það, sem nauðsynlegra er, verði að sitja á hakanum. Ég ætla ekki að segja hér, hverjir hafa rekið þessa pólitík, sem ég kalla kreppupólitík.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Aðeins nokkrar aths. þykir mér rétt að taka fram. Og ég vil vænta þess, að þær gætu orðið lokaaths. af minni hálfu við þessa umr. málsins, enda er hún orðin nokkuð langdregin.

Fyrst og fremst vil ég geta þess, að hv. 6. þm. Reykv. endurtók í ræðu sinni í dag, sem hann sagði hér í gær, að í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, sé ekki að finna nein ný eða aukin fyrirmæli til tryggingar því, að hægt sé að ráða fram úr húsnæðisvandræðunum í landinu.

Eins og ég sagði í gærkvöld, vil ég mótmæla þessari fullyrðingu, svo fjarri sem hún er því rétta. Í l. um opinbera aðstoð við byggingar í kaupstöðum og kauptúnum, í 38. gr. þeirra l., sem þessi hv. þm. vitnaði til, er að vísu gert ráð fyrir því, að það megi kveða á um, til hverra nota hafa skuli það byggingarefni, sem flutt er til landsins, og í öðru lagi megi setja reglur um það, hvaða framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni. En þetta er nokkurs annars eðlis, þó að ég vilji einnig segja, að það sé skylt að sumu leyti því, sem ákveðið er í þessu frv., sem hér liggur fyrir. En þó að svo sé, þá er þó í frv. um mikið annað og fyllra að ræða, sem er fyrst og fremst það — sem er ekki lítils virði, ef framkvæmdir verða á því sæmilegar —, að gert er ráð fyrir að skipa fjárhagsráð með miklu valdi. Og eitt af þess hlutverkum er að reyna að sjá um það, að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúða. Fyrr hefur aldrei með löggjöf verið sett á laggirnar sérstök stofnun til þess m. a. að hafa þetta merkilega hlutverk með höndum. Það er nú í fyrsta sinn, sem þetta er gert, og það út af fyrir sig er þó nokkurt atriði. — En til viðbótar þessu, þá er gert ráð fyrir, að fjárhagsráð, sem á m. a. að hafa með að gera framkvæmd á 7. lið 2. gr. frv., eigi að búa til áætlanir um framkvæmdir í þessum efnum eins og öðrum, sem getið er í 2. gr., og reyna að sjá um framkvæmdir þeirrar áætlunar. Og það er gert ráð fyrir því í 2. málsgr. 4. gr., að ef fjárhagsráð t. d. hefur lagt fram áætlun um, að svo eða svo mikið af húsnæði skuli byggja, t. d. árin 1947 og 1948, og ef fjárhagsráði finnst, að vandkvæði muni verða á útvegun fjár í þessu skyni, þá skuli það leita samvinnu við ríkisstj., lánsstofnanir og aðra aðila, sem hlut geta átt að máli, um að útvega fé eða láta af höndum fé m. a. til bygginga. Þessar lánsstofnanir eru ríkisstofnanir, sem gera má ráð fyrir, að ríkisstj., í því tilfelli, sem handhafi æðsta ríkisvalds, muni geta orkað nokkru á um, hvað gerðu í þessum efnum. Og ef búið væri að gera áætlun af fjárhagsráði um byggingu margra íbúðarhúsa víða á landinu og einhver skortur væri á, að fé næðist til þess, þá geri ég ráð fyrir, að möguleikar væru með aðstoð ríkisvaldsins til þess að knýja það fram, að fé væri útvegað til þessara hluta. — Svo eru í 5. gr. frv., að því er snertir byggingar, ákvæði um sjálfa fjárfestinguna. Og þau eru mjög ólík þeim ákvæðum, sem felast í 38. gr. l. um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Með 5. gr. frv. er

fjárhagsráði gefið það vald að geta ýmist synjað eða samþ., að fé skuli varið til þessa eða hins. Og ef fjárhagsráð hefur þannig í höndum framkvæmdarvald yfir byggingum í landinu, þá er augljóst, að með þessu valdi sínu getur fjárhagsráð gert það að verkum, að aukið fé komi til hagkvæmra félagsbygginga til íbúðar. — Þessi atriði vildi ég drepa á út af byggingarmálunum. Ég er ekki í vafa um það, að það er rétt, sem ég hef haldið fram, að í þessu frv. er að finna ný og meiri ákvæði, sem með góðri og skeleggri framkvæmd gætu orðið til þess að hraða og greiða fyrir félagsbyggingum á Íslandi. Og þess er vissulega þörf. Þar að auki vil ég geta þess, að ríkisstj. mun taka til athugunar, væntanlega áður en þessu þingi lýkur, og leggja fram frumvarp eða frumvörp, sem gætu gert það að verkum, að hægt væri að fá aukið fé til bygginga íbúðarhúsa og ýmissa annarra verklegra framkvæmda í landinu. Ríkisstj. er ljóst, að það er nauðsynlegt að afla fjár í þessu skyni. Og ég vænti þess, að hún muni gera till. og leggja fyrir þetta Alþ., áður en því lýkur, sem m. a. gætu greitt fyrir auknum félagsbyggingum í landinu.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi það höfuðgalla á þessu frv., að þar væri eiginlega hvorugt gert, sem þyrfti að gera, hvorki að styðja hreinlega kapitaliskt þjóðfélag, framtak einstaklingsins, eða að fella niður framtak einstaklingsins og láta í þess stað koma framtak þjóðfélagsheildarinnar. — Nú kann ég að líta dálítið öðrum augum á hið nýja þjóðfélag, sem ég vildi láta koma á Íslandi eins og annars staðar, heldur en hv. 2. þm. Reykv. En ég er þeirrar skoðunar fyrir mitt leyti, og það eru skoðanir lýðræðisjafnaðarmanna, að leiðin að því marki að skapa nýtt og betra þjóðfélag sé að samhæfa að verulegu leyti framkvæmdir einstaklinga og framkvæmdir þjóðfélagsheildarinnar í verklegum efnum og öðru líku. Ég held, að ekkert þjóðfélag fái staðizt án viss framtaks einstaklinga. Og það er ekki meining mín sem jafnaðarmanns, að það framtak eigi að hverfa úr sögunni. Langt frá því. En framtak einstaklinga á að vera innan þeirra takmarka, að hagur einstaklingsins verði að víkja fyrir heill fjöldans. Ég ætla, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé gerð tilraun til þess að samhæfa, ég vil segja á eðlilegan hátt, framtak einstaklinga og framtak þjóðfélagsheildarinnar. Það er einmitt þetta hvort tveggja framtak, sem nauðsynlegt er og skynsamlegt í hverju þjóðfélagi að hafa. En þetta tvenns konar framtak þarf að samhæfa, ef vel á að fara. En nú er svo laust við, að þetta tvennt sé samhæft hér á landi, að það má þvert á móti segja, að framtaki þess opinbera eða almannavaldsins sé að nokkru leyti stefnt á móti einstaklingsframtakinu. En það er mjög óheillavænleg stefna, sem hefur leitt til ýmissa hluta hér hjá okkur hin síðustu ár, sem sízt af öllu eru heillavænlegir. En einmitt með lögum og reglum á að setja þessu skorður hvoru tveggja og samhæfa framtak einstaklinga og almannavaldsins. Með sameiginlegu átaki þessara aðila beggja á að vera hægt að endurbæta margt í þjóðfélaginu. Ég hef yfirleitt ekki hugsað mér það þúsund ára ríki, þar sem framtak einstaklingsins sé brotið á bak aftur. En ég hugsa mér það þúsund ára ríki, þar sem framtak einstaklingsins væri háð þeim takmörkunum, að hagur einstaklingsins eigi að víkja fyrir heill fjöldans.

Það hefur nokkuð mikið verið rætt í þessum umr. um bankana og yfirstjórn þeirra. Ég get verið fáorður um það atriði, enda hef ég minnzt á það atriði áður út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. Ég skal ekki neita því, að oft hafi verið gerðar skyssur í íslenzkri bankapólitík. En ég ætla, að þær skyssur eigi að verulegu leyti rót sína að rekja til ríkisvaldsins á hverjum tíma, vegna þess að ríkisvaldið hafi ekki viljað eða ekki þótt rétt að beita valdi sínu til þess að koma í veg fyrir, að slíkar skyssur væru gerðar. Vera má, að þetta eigi sér að einhverju leyti stað í framtíðinni einnig, í einhverjum mæli. En ég ætla þó, að að verulegu leyti sé pólitík bankanna byggð á þeirri meginreglu, að ríkisstj. geti haft þar yfirráð, ef hún vill beita valdi sínu. Og ég vænti þess, að yfirstjórn bankanna geri ekki annað en það, sem ríkisstj. telur, að þurfi að gera. Það má vel vera, að þeir aðilar, sem standa að bankamálum, sjái oft ástæðu til að gefa aðvaranir og frá þeirra sjónarmiði holl ráð. Það verður ríkisstj. á hverjum tíma að meta, hvort þessar aðvaranir eru réttmætar eða ekki. Þegar ríkisstj. hefur metið það, verður hún að taka sínar ákvarðanir. Og ég hef mikla ástæðu til að ætla, að bankarnir yrðu ekki neinn óyfirstíganlegur þröskuldur þarna í vegi eða stjórnir þeirra.

Þá ræddu hv. 2. þm. Reykv. og hæstv. utanrrh. um áætlunarbúskapinn eftir upphafi 2. gr. frv. Það er rétt, sem hæstv. utanrrh. tók fram, að það er eftir ósk Sjálfstfl. tekið fram, að þetta um samræmingu á framkvæmdum einstaklinga og almannavaldsins, sem sett er í þá gr., sé fyrst og fremst miðað við hinar miklu framkvæmdir, sem nú standa yfir, vegna þess að Sjálfstfl. hefur ekki viljað slá því föstu, að það skyldi til ævarandi tíðar snúa sér að þjóðarbúskap eftir áætlun. Nú skiptir það frá mínu sjónarmiði ekki afgerandi máli orðalagið á þessu atriði. Það er aukaatriði. Og í raun og veru er það svo í lýðræðislandi, að þó að ákvæði eins og þetta stæði skilyrðislausara en hér er fram sett í íslenzkri löggjöf, þannig að héðan í frá skyldi taka upp þjóðarbúskap á Íslandi eftir áætlun, þá yrði það svo, t. d. eftir næstu kosningar, ef sá þingmeirihluti, sem þá yrði kosinn, væri þeirrar skoðunar, að þjóðarbúskap ætti ekki að reka eftir áætlun, þá yrði þeim ákvæðum bara breytt í löggjöfinni, sem nú væru sett um ævarandi áætlunarþjóðarbúskap, þótt samþ. væru nú. Þannig getum við ekki með l. sett upp neitt fyrirkomulag, meðan við erum í lýðræðislandi, sem síðari tíma þingmeirihluti gæti ekki með einfaldri lagasetningu numið að fullu úr gildi. Til þess að ekki væri hægt að nema slík l. þannig úr gildi, þyrfti að gera byltingu, þannig að t. d. „kvalifiseraður" minni hluti þjóðarinnar gripi völdin og hugsaði sér að halda völdunum í krafti einhvers valds, sem þessi minni hluti treysti á. Með því móti væri kannske hægt að halda við slíkum l., meðan því valdi væri ekki hrundið af stóli. En í lýðræðis- og þingræðisþjóðfélagi er ekki hægt að búa slík ævarandi ákvæði til, sem er ekki hugsanlegt að geta breytt, þegar kominn er annar meiri hluti á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. — Þess vegna skiptir mig það litlu máli, þó að þessi ákvæði um þessa samræmingu einstaklingsframtaksins og almannavaldsins séu bundin við að gilda, á meðan hinar miklu framkvæmdir

eru á ferðinni í íslenzku þjóðfélagi. En það, sem tekið er fram í upphafi 2. gr. frv. um þessa samræmingu, meðan hinar miklu framkvæmdir standa yfir, er áætlun um þjóðarbúskap, hversu langan tíma sem það varir.

Í þessu sambandi minntist hv. 2. þm. Reykv. dálítið á lengd þeirra áætlana, sem gert er ráð fyrir, að gerðar verði af fjárhagsráði, og gerði hann samanburð á því, sem í frv. þessu er um þetta, og hinu, sem ákveðið var í l. um nýbyggingarráð, þar sem gert var ráð fyrir áætlun um framkvæmdir til fimm ára. En í 3. gr. þessa frv. er hér gert ráð fyrir, að fjárhagsráð semji fyrir fram fyrir hvert ár áætlun um heildarframkvæmdir. Vildi hv. 2. þm. Reykv. halda fram, að hér væri um svo mikinn reginmun að ræða á þessum ákvæðum um áætlun um framkvæmdir í þessum tvennum l. og hér væri stigið vegna þessa mikla munar spor aftur á bak, að hér væri, eftir þessu frv., í raun og veru ekki um áætlunarbúskap að ræða. — Nú er mér ekki kunnugt um, að skilgreining á orðinu áætlunarbúskapur geri það á nokkurn hátt nauðsynlegt, að ef áætlunarbúskapur eigi að framkvæmast, þurfi áætlun um hann að vera gerð fyrir eitthvert visst árabil og að það sé skilyrði fyrir því, að hægt sé að tala um slíka áætlun, að hún sé gerð til fimm ára eins og í Rússlandi, en áætlun til eins eða tveggja ára geti ekki komið til greina um áætlunarbúskap. Ég þekki ekki þá skilgreiningu fyrir áætlunarbúskap. — Nú er það að vísu svo, að það má vel vera, að hentara þyki að gera áætlun fyrir lengri tíma en eitt ár í senn og að fjárhagsráð geri það að einhverju leyti, þó að ég álíti satt að segja, að tímarnir séu svo hverfulir nú og óvissa um marga hluti svo mikil, að ekki sé hægt að gera bindandi áætlun um mörg ár fyrir framtíðina. Ég ætla, að slíkt mundi örðugt verk.

Nú hefur nýbyggingarráð gert litlar áætlanir, sem komið hafi fyrir almenningsaugu a. m. k. Að vísu hefur það gert verulega áætlun um rekstur sjávarútvegsins. Þessi áætlun er miðuð við árslok 1951. Og þá er gert ráð fyrir, að togarafloti landsmanna verði orðinn 75 togarar. Nú má vera, að þetta verði. En ég er ekki sannfærður um, að það sé alveg rétt að slá því föstu, að togarafloti landsmanna ætti í árslok 1951 að vera orðinn 75 skip. Nú fáum við á þessu ári og í byrjun næsta árs 31 togara. Við fögnum þessu og vitum, að það verður til mikilla happa fyrir íslenzkt þjóðfélag. En við eigum eftir að reyna á þessu tímabili, hve mikinn mannafla við höfum til að reka þessa togara, áður en við getum slegið því föstu, hve margir togarar okkar eigi að vera í árslok 1951. — Ég hygg, að það sé því ekkert höfuðatriði, hvort áætlun er gerð fyrir fram til fimm ára eða til eins eða tveggja ára. Aðalatriðið er, að áætlunin sé gerð með þekkingu á fortíðinni og einhverju viti, eftir því sem hægt er að vita um möguleika framtíðarinnar, og framkvæma svo þá áætlun, eftir því sem frekast er kostur.

Í þessu sambandi vil ég taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði í gær, að ég tel sjálfsagt, að það nýja fjárhagsráð fái allar þær áætlanir, sem kunna að liggja fyrir í nýbyggingarráði, til athugunar. Ég dreg ekki í efa, að margt og merkilegt hafi verið gert í nýbyggingarráði, sem rétt er að gangi til fjárhagsráðs. Vera má, að einhver áætlun sé þar á ferð, því að fimm ára áætlun átti að semja af nýbyggingarráði, þó að hún komi nokkuð seint. Ef hún er til hjá nýbyggingarráði, þá álít ég, að fjárhagsráð eigi að athuga hana og athuga, hvort eigi að reyna að framkvæma hana.

Ég hygg, að það sé byggt á misskilningi, að það sé afgerandi um samræmingu einstaklingsframtaksins og framkvæmdir almannavaldsins, hvort áætlun um það er gerð til eins, tveggja, þriggja, fjögurra eða fimm ára. Aðalatriðið er að gera sér grein fyrir ástandinu, eins og það er í dag, og þeirri reynslu, sem fengizt hefur, og reyna svo að byggja brú svo langa frá fortíðinni yfir í framtíðina sem hægt er og reyna að gera þá brú svo úr garði, að hægt sé að láta þjóðina feta eftir henni.

Ég læt um þessi efni þessar aths. mínar nægja við þessa umr.

En loks vil ég segja, að ég tel, að með frv. þessu sé gerð merkileg tilraun af hálfu löggjafans og ríkisvaldsins til þess að koma mun betra skipulagi á atvinnuhætti á Íslandi en áður hefur gert verið í þessum efnum. Ég vil treysta því, að framkvæmdir þessara mála í höndum fjárhagsráðs, hverjir sem það skipa, og í höndum ríkisstj., hverjir sem hana skipa, gætu orðið til þess, að hægt væri að bæta úr ýmsum vandræðum, sem án efa eiga sér stað í hinu íslenzka þjóðfélagi. Það er tilgangur þessa frv. Og ef nógu góð samvinna og skilningur og vilji eru fyrir hendi til framkvæmdanna, efa ég ekki, að það tekst. Og verði svo, þá er þessi löggjöf mikið happaspor.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þessar umr. hafa farið svo á víð og dreif, að mig langar til að segja um málið nokkur orð. — Ég er búinn að vera alllengi á mælendaskrá um málið og þingbekkir nú að vísu þunnskipaðir.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur hlotið verulega gagnrýni, bæði frá hægri og vinstri. Hv. þm. A-Húnv. hefur talað gegn þessu frv. út frá því, að það miði of mikið í kommúnistiska átt. Hins vegar hefur hv. 2. þm. Reykv. og ýmsir aðrir úr Sósfl. gagnrýnt það frá því sjónarmiði, að með því væri ekki gengið nógu langt til vinstri. — Ég held, að gagnrýni beggja þessara aðila sé ekki á rökum reist.

Það er óþarfi fyrir hv. þm. A-Húnv. að óttast, að afleiðingin af samþykkt þessa frv. verði, að kommúnistiskt þjóðskipulag komist á á Íslandi. Og mér kemur líka gagnrýni Sósfl. nokkuð á óvart.

Inn í umr. um þetta frv. hafa blandazt bollaleggingar um það, hvort þetta frv., eða samþ. þess mundi þýða áætlunarbúskap á Íslandi. Um það vil ég segja nokkur orð.

Ef meginhluti framleiðslutækjanna er í höndum einstaklinga og ágóðavonin ein ræður því, hvað framleitt er og hvað ekki, þá er sagt, að um privat-kapítalisma sé að ræða. En svo sem kunnugt er, er það markaðsverðið, sem fyrst og fremst ræður um það, hve ágóðavonin er mikil. Í privatkapítalisku þjóðfélagi er það því markaðsverðið, sem ræður því, hvað er framleitt. — En ef tekinn er upp áætlunarbúskapur í einhverju þjóðfélagi, þá er hann fólginn í því, að ágóðavon og markaðsverð er ekki látið ráða því einvörðungu, hvað framleitt er eða ekki framleitt, heldur er samin áætlun um það, hvaða þörfum í þjóðfélaginu skuli

fullnægja, og það er þá látið ráða því, hvað framleitt er og hvað ekki, en ekki markaðsverðið fyrst og fremst. Í áætlun, sem þarf að semja, ef koma skal á áætlunarbúskap hjá þjóðfélagi, þarf að ákveða tvennt: hve miklu af þjóðartekjunum skuli verja til þess að koma upp framleiðslutækjum, og þá til hvaða framleiðslutækja á að nota þann hluta teknanna, og í öðru lagi, hve mikinn hluta teknanna má nota til eyðslu. — En áætlunarbúskapur er ekki þetta eitt að semja slíka áætlun, heldur er áætlunarbúskapur líka fólginn í því að skipuleggja atvinnulífið þannig og tryggja áhrif ríkisvaldsins þannig í þessu efni, að þar með sé fengin aðstaða til þess að framkvæma þessa áætlun.

Með frv. um fjárhagsráð er tilætlunin, að samin sé áætlun um framleiðslu í íslenzkum þjóðarbúskap, að vísu um nokkuð tímabundið skeið, og að þessu leyti er rétt að segja, að komið sé á áætlunarbúskap á Íslandi. Um þetta er ekki nema það bezta að segja. Hins vegar mun engum detta í hug, að í þessu frv. séu ákvæði, sem tryggi, að atvinnutækin séu rekin á vissan tiltekinn hátt, þannig að atvinnutækin séu rekin til þess að framleiða þetta eða hitt tiltekið af vörum. Ef um algeran áætlunarbúskap á að vera að ræða, er ekki nóg, að samin sé áætlun um skiptingu á þjóðartekjunum á milli þess, sem á að fara í framleiðslutæki og nauðsynlegar byggingar, og hins, sem megi verja til annars, heldur verður að gera ráðstafanir til þess að ákveða, hvað eigi að framleiða með framleiðslutækjunum, og tryggja, að framleiðslutækin séu notuð. En þetta tvennt síðast talda er ekki tryggt í þessu frv. Og það hefur heldur ekki verið til þess ætlazt, að það væri í þessu frv., svo að mér finnst ekki hægt að segja, að með samþ. þessa frv. sé stofnað til fullkomins áætlunarbúskapar á Íslandi. Það er að vísu rétt, að í þessu frv. er gert ráð fyrir þeirri áætlun, að ákveðið sé, hve mikill hluti af þjóðartekjunum skuli fara til nýbyggingar á framleiðslutækjum og hve mikill hluti til annars. Að þessu leyti finnst mér rétt að segja, að stofnað sé til áætlunarbúskapar með samþ. þessa frv., þó að hann sé ekki alger, enda hefur engum dottið í hug að halda því fram.

Þó að ég sé því þeirrar skoðunar, að með samþ. þessa frv. sé ekki komið á fullkomnum áætlunarbúskap á Íslandi, þá eru það ekki andmæli gegn frv. Það eru ekki frekar andmæli gegn því heldur en að segja, að með frv. þessu er ekki komið á kommúnisma á Íslandi. Og þó að það sé ekki tryggt með þessu frv., að áætlunarbúskapur verði rekinn á Íslandi, þá er ég ekki á móti frv. þess vegna, vegna þess að það markar þýðingarmikið spor í áttina að fullkomnum áætlunarbúskap í landinu. Heildarstefna þessa frv. er að mínu viti rétt og góð.

Í þessu frv. eru fjögur nýmæli. Nú á að semja heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, í staðinn fyrir að áður var í l. ákvæði um, að semja skyldi áætlun um nýsköpunarframkvæmdir. Í öðru lagi eru ákvæði í þessu frv. um fjárfestingu. Í þriðja lagi eru þar ákvæði um verðlagseftirlit. Og í fjórða lagi um innflutning og gjaldeyrismeðferð. Þetta eru meginatriði frv., sem hér liggur fyrir. Langþýðingarmest af þessum ákvæðum tel ég ákvæðið um fjárfestinguna. Þar er um nýmæli að ræða, sem ég hygg, að allir vinstri menn í landinu fagni yfir, að lögtekin eru. Hér er um það að ræða, að Sjálfstfl. hefur mjög hopað á hæl og gert verulega tilslökun frá sinni megnistefnu, og er það út af fyrir sig ekki nema ánægjulegt. En rétt er að vekja sérstaklega athygli á því, að Sjálfstfl. hefur þarna verið knúinn frá einu meginatriði í stefnu sinni.

Viðvíkjandi því, að nú er gert ráð fyrir áætlun um allar framkvæmdir í íslenzkum þjóðarbúskap, en ekki aðeins nýsköpunarframkvæmdir, er rétt að vekja athygli á því, að í l. um nýbyggingarráð er ákvæði um að semja áætlun um nýsköpunarframkvæmdir. Og mér kemur dálítið á óvart gagnrýni Sósfl. á þessu frv. að þessu leyti, þar sem sósíalistar áttu þátt í sjálfri setningu nýbyggingarráðs og einhver duglegasti og mesti maður þeirra hefur átt sæti í nýbyggingarráði. Samkv. l. um nýbyggingarráð hvílir á því sú skylda að gera áætlun um íslenzkan þjóðarbúskap. Vil ég lesa um það upp úr l., með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur: „Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og, hvernig bezt verði komið fyrir innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins.

Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um nýbyggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi."

Það er því rétt, sem haldið hefur verið fram, að það eru ekki nýmæli í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að það eigi að semja áætlun um framkvæmdir í atvinnulífi þjóðarinnar. Þetta átti samkv. l. að gera. Og það var nýbyggingarráð, sem átti að gera það.

Um leið og fjárhagsráði verður falið að semja ennþá víðtækari áætlanir en nýbyggingarráð átti að gera samkv. l., þá vil ég vekja athygli á því, að samþykktir Alþ. um að fela stjórnskipaðri nefnd að semja slíka áætlun hafa ekki reynzt vel. Mér er ekki kunnugt um, að nýbyggingarráð hafi gert þessa áætlun. Ég hef aflað mér upplýsinga um það og komizt að raun um, að þessi fimm ára áætlun nýbyggingarráðs er ekki til. Frá nýbyggingarráði hefur ekkert birzt um slíkt, annað en ritgerð, sem að vísu er á ýmsan hátt greinileg, um áætlaðar framkvæmdir í íslenzkum sjávarútvegi. En það er ekki rétt, að þar sé um að ræða áætlun um rekstur sjávarútvegsins í venjulegum skilningi á áætlun um þjóðarbúskap, heldur miklu fremur ritgerð um það, hvaða framkvæmdir séu æskilegar í sjávarútveginum á næstu fimm árum. Þessi ritgerð er prýðilega samin. Hún er samin af einum sérfræðingi í nýbyggingarráði, og er öll hin ágætasta. En því verður ekki með réttu haldið fram, að þar sé um venjulega áætlunargerð að ræða. Ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. er kunnugur því, hvernig slík áætlunargerð fer fram, t. d. í ráðstjórnarríkjunum. Og mér kemur ekki til hugar, að honum detti í hug, að þessi skýra ritgerð nýbyggingarráðs eigi nokkuð skylt við slíka áætlun um þjóðarbúskap sem í Rússlandi hefur verið gerð. — Þó að nokkrar vonir hafi staðið til þess, að þessi

áætlun yrði gerð af nýbyggingarráði, um framkvæmdir á næstu fimm árum, þá hafa þær vonir brugðizt, svo að arfurinn, sem fjárhagsráð tekur við af nýbyggingarráði í þessum efnum, er ekki sem beztur. Og ég vona, að ekki þurfi síðar að staðhæfa á hæstv. Alþ., að fjárhagsráð hafi uppfyllt þessar skyldur sínar álíka vel og nýbyggingarráð hefur gert. Það er ekki nóg að setja það í l., að semja skuli slíkar áætlanir, ef þeir, sem eiga að gera það, semja þær ekki og ósamkomulagið í ríkisstj. er svo mikið, að næstum ekkert verður úr framkvæmdum þeirra litlu áætlana, sem þó eru samdar.

Það er rétt í þessu sambandi að minna á, að nýbyggingarráð hefur ráðstafað gjaldeyri, sem nemur 360 til 380 millj. kr. af gjaldeyriseign þjóðarinnar. Og mér er ekki kunnugt um, að nýbyggingarráð hafi gert það eftir nokkurri sérstakri áætlun. Að vísu hefur af þessum 360—380 millj. kr. verið tekin upphæð um 180 millj. kr. til togarakaupa samkv. áætlun nýbyggingarráðs. En að öðru leyti hefur nýbyggingarráð ráðstafað af gjaldeyriseign þjóðarinnar yfir 200 millj. kr. til nýsköpunarframkvæmda án sérstakrar áætlunargerðar. A. m. k. hafa utan að komandi aðilar ekkert vitað um, að ráðstafanir á þessum 200 millj. kr. hafi verið gerðar eftir nokkru sérstöku heildarplani. Og hygg ég, að ekki verði annað sagt en að þetta valdi nokkrum vonbrigðum og sé vissulega ekki gott veganesti fyrir fjárhagsráð, sem nú tekur til starfa.

Auk þess hefur gengið nokkur orðrómur um það, að nýbyggingarráð hafi farið nokkuð út fyrir þann ramma, sem l. um nýbyggingarráð setja því um starf sitt, þannig að það hafi ekki aðeins veitt leyfi til nýsköpunarvara, heldur einnig annarra vara. Væri gott að fá það upplýst, um leið og þessi l. taka gildi, sem frv. þetta miðar að, hvort nokkuð er hæft í þessum orðrómi, þar sem form. nýbyggingarráðs er nú hæstv. fjmrh. og annar nýbyggingarráðsmaður á einnig sæti í þessari hv. þd. En sögusagnir hafa gengið um það, að leyfi hafi verið veitt af nýbyggingarráði fyrir hlutum, sem algerlega eru óskyldir nýsköpun, svo sem ísvélum ásamt ýmsu öðru slíku, og auk þess fyrir miklum bílainnflutningi, sem ekki verður talinn til nýsköpunar, svo sem jeppum og þar fram eftir götunum.

Hv. 2. þm. Reykv., sem hefur verið mjög mikil driffjöður í nýbyggingarráði, átti að hafa með höndum m. a. að semja áætlunina um nýsköpun atvinnuveganna, þótt ekki hafi af því orðið. Og það má náttúrlega segja, að ekki hafi þýtt mikið að semja slíka áætlun, þar sem nýbyggingarráð hafi ekki haft neitt vald til þess að framkvæma hana og samvinna við ríkisstj. um það efni hafi ekki verið mikil. Og þetta kann að vera laukrétt. En annars minnist ég þess ekki, að opinberlega hafi komið fram frá nýbyggingarráði óskir um það, að eftirlit yrði tekið upp með allri fjárfestingu, og má þó vera, að nýbyggingarráð hafi látið slíka ósk í ljós. En meginatriðið í þessu máli er það, að við höfum ekki sérstaklega góða reynslu af því að hafa lagaákvæði ein um það, að semja skuli áætlanir, og ég hygg, að rétt sé að benda á það sérstaklega nú, þegar gert er ráð fyrir í þessu frv., að þessi áætlun sé gerð, að þetta sé stóraukið frá því, sem verið hefur, og er rétt, að n. taki það til athugunar. Ég dreg ekki í efa, að óskir allra standi til þess, að fjárhagsráð muni bera gæfu til þess að vinna þetta verk betur en nýbyggingarráð.

Þá verð ég að segja, að mig furðar stórlega á, að í hinum löngu og ströngu umr., sem farið hafa fram um þetta frv., skuli ekki hafa verið rædd ákvæði 10. gr., en sú grein hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeild, er einnig hefur með höndum verðlagseftirlit.“ Það hlýtur að vekja athygli, að ekkert er um það sagt, hvernig þessi innflutnings- og gjaldeyrisdeild skuli skipuð, ekki hve margir skuli vera í henni, hverjum hún skuli lúta, tekið fram um verkaskiptingu hennar o. s. frv. En þegar þess er gætt, að það er þessi deild, sem á að annast úthlutun allra gjaldeyrisleyfa og hafa með höndum allt verðlagseftirlit, held ég, að ekki verði annað talið en það sé sjálfsagt, að miklu nánari ákvæði séu í l. um þetta efni. Hlutverk fjárhagsráðs sjálfs á að vera að semja heildaráætlun og ýmislegt annað, sem nefnt er í 2. gr., en hlutverk þessarar deildar fjárhagsráðs á að vera að úthluta öllum einstökum leyfum, svo að ég hygg, að ekki verði um það deilt, að öll dagleg störf deildarinnar séu miklu þýðingarmeiri en störf fjárhagsráðs sjálfs. Ég geri því ráð fyrir því, að mjög margir verði við nánari athugun þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að setja nánari ákvæði í l. um þessa deild, skipun hennar og starf, en þarna á sér stað.

Það eru nokkur atriði í verðlagskaflanum, sem ég hefði viljað ræða nokkuð, því að þar er sumt, sem ég tel, að gæti farið betur, en ég mun þó ekki gera það við þessa umr. Ég get bera skýrt frá því, að verðlagsstjóri hefur haft í undirbúningi nokkrar brtt. við ýmsar gr. hinna fyrri l. um verðlag og hafði m. a. komið þeim brtt. á framfæri við fyrrv. viðskmrh., sem taldi rétt að láta það bíða um sinn. En nú hefur hins vegar ekki verið neitt til verðlagsstjórnarinnar leitað í sambandi við samningu þessa frv., svo að hún hefur ekki átt þess kost að koma þessum aths. sínum á framfæri, en vafalaust mun fjhn. leita til þessa aðila.

Ég vil svo að lokum geta þess, að þessari innflutnings- og gjaldeyrisdeild fjárhagsráðs er hinn mesti vandi á höndum, þegar hún tekur til starfa. Gjaldeyrisástandið er nú mjög alvarlegt. Það er alveg rétt, sem hæstv. menntmrh. tók fram áðan, að gjaldeyrisástandið er nú þannig, að í raun og veru er hinn frjálsi gjaldeyrir bankanna þrotinn — og meira en það. Spádómur hagfræðinganefndarinnar frá því í október, að hinn frjálsi gjaldeyrir mundi næstum að þrotum kominn um næstu áramót, hefur samkv. þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, ekki reynzt of svartsýnn, eins og sumir héldu fram. Frekar hefur áætlun n. reynzt nokkru hagstæðari en reynslan hefur síðar leitt í ljós. Og það er ekki eingöngu í gjaldeyrismálunum sem ástandið er slæmt, heldur er það einnig skipulagsleysið í fjárfestingunni innanlands, þar sem allt er á ringulreið. Og með tilliti til þess, hvernig gjaldeyrisástandið er orðið, held ég, að ekki sé ofsagt, að gífurlegir erfiðleikar séu fram undan og það sé ekki öfundsvert verkefni, sem fjárhagsráð fær nú í hendur að leysa, þar sem ástandið í þessum málum, bæði í gjaldeyrismálunum og fjárfestingarmálunum, er jafnslæmt og raun ber vitni, þegar fjárhagsráð tekur við störfum. Á

undanförnum árum hafa átt sér stað greinileg mistök í þessum málum, og skal ég ekki um það ræða, hver ábyrgð ber á því. En ég álít rétt að vekja athygli á þessu, að það ástand, þegar fjárhagsráð tekur við, og þau verkefni, sem þess bíða, kemur til með að verða mjög vandasamt. Það mun vera ósk allra, að fjárhagsráði takist að inna af höndum hið vandasama hlutverk sem allra bezt. Sá rammi, sem því er skapaður með þessum l., er mun betri en verið hefur undanfarið, og skilyrðin til þess að hrinda góðu og gagnlegu í framkvæmd eru því betri nú en áður átti sér stað. Og þó að einhverjir mundu segja, að annað gæti verið mun betra, þá er það alltaf takmarkað, hverju má koma í framkvæmd. En óhætt er að fullyrða, að með þessu frv. eru skilyrðin til þess að reka skynsamlega pólitík mjög mikið bætt, og þess má óska af alhug, að fjárhagsráði takist að leysa þann mikla vanda, sem nú bíður þess, á sem heppilegastan og beztan hátt.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 17. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef einu sinni tekið til máls varðandi þetta frv., og bjóst ég ekki við að ræða þetta frekar við þessa umr. En sökum þess að sérstök ástæða hefur gefizt, sem sprottin er af ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem fól í sér ýmsa hluti, sem ég get ekki gengið fram hjá að svara, þá vildi ég gefa nokkrar upplýsingar um þetta mál í sambandi við störf nýbyggingarráðs. Það hefur þegar komið fram, sérstaklega í ræðu hv. þm. A-Húnv. og einnig tekið undir það af hv. 2. þm. Reykv., að það eftirlit og það vald, sem lagt er til, að fjárhagsráði verði lagt í hendur, gæti orðið fullýtarlegt og að það gæti farið út í of mikla smámunasemi, og vita þó allir, að þess er ekki þörf og er ekki heldur tilgangurinn. Hv. 2. þm. Reykv. lét svo um mælt, að það væri athugandi, hvort afskipti fjárhagsráðs, að svo miklu leyti sem um hömlur er að ræða, ættu að ná víðar en til Reykjavíkur. Það er vitanlegt, að við í nýbyggingarráði, bæði ég og hv. 2. þm. Reykv., erum þeirrar skoðunar og höfum hagað störfum eftir því, að það þurfi að leggja sérstaka alúð við það að skapa fólki utan Reykjavíkur betri aðstöðu en er, enda mun það vera öflugast til að draga úr flutningi fólks hingað til höfuðstaðarins. Tillögur nýbyggingarráðs hafa miðað að þessu og hafa sumar verið framkvæmdar, t. d. dreifing togaranna um landið, og sömuleiðis var till. sú, sem hv. 2. þm. Reykv. og ég bárum fram hér í frv.-formi um nýjan bæ á Skagaströnd, sem var líka byggt á þeirri skoðun að gera landsbyggðina aðgengilegri fyrir fólkið. Þar utan voru ræddar till. og áætlanir um sveitaþorp, og styðst allt þetta við þá skoðun meðlima nýbyggingarráðs, að áherzlu beri að leggja á að bæta skilyrði fólks utan Reykjavíkur. Þegar þess vegna bent er á þá hættu, sem leitt gæti af sér allt of neikvæða stefnu, og þá stefnu sá ég bezt hilla undir í ræðu hv. 4. þm. Reykv., þá er enn meiri ástæða til að hafa gát á, hvernig þetta mál verði afgr. hér á Alþ.

Ég bjóst ekki við, að nýbyggingarráð yrði fyrir svo miklum ádeilum, en þær nálguðust deilur í eldhúsumræðum, og hefði ég álitið, að því mætti halda utan við þessar umræður. Hitt ber nýbyggingarráð mjög fyrir brjósti, að því, sem sú stofnun hefur reynt að gera til gagns, verði ekki stefnt í aðra átt, og að sú fyrirgreiðsla, sem átt hefur sér stað, verði ekki látin niður falla. Þetta þarf kannske skýringa við, er ég tala um fyrirgreiðslur, og má vera, að hv. 4. þm. Reykv. skilji ekki, hvað við er átt. En til okkar hafa komið menn til að spyrjast fyrir, hvernig þeir ættu að taka lán eða hvernig þeir ættu að fá vél í bátinn sinn, svo hafa auðvitað aðrir komið með stærri erindi. Nýbyggingarráð hefur litið á það sem óskrifuð lög, og ég votta öllum þeim, sem starfað hafa við ráðið, að þeir hafa verið fúsir til að vinna að störfum, sem ekki eru skráð í lögum, nefnilega þessa svo kölluðu fyrirgreiðslu og leiðbeiningar fyrir þá menn, sem til nýbyggingarráðs hafa leitað. Það getur verið, að þetta hafi ekki verið gert hávísindalega eða eftir sérstakri áætlun, en það hefur komið mörgum að góðu haldi og mörgum mun bregða við, ef hið nýja ráð tekur upp ólík vinnubrögð.

Eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, þarf oft að ýta undir fólkið og hjálpa því, og hefur sá þáttur starfa okkar í nýbyggingarráði verið hinn ánægjulegasti að ráðleggja og leiðbeina þeim duglegu mönnum, sem til ráðsins hafa leitað. Ég get sagt það, að ég er þakklátur fyrir að hafa starfað með þessum ágætu mönnum í nýbyggingarráði og ég mun sakna þeirra. Hv. 4. þm. Reykv. virtist hneykslaður yfir gjaldeyrisyðslu nýbyggingarráðs, en hafði ekkert að athuga við aðra aðila og minntist oft á orðróm og sögusagnir. Ég þykist vita, að þessi sprenglærði prófessor telji sig til vísindamanna vegna lærdóms síns. En ég verð um leið að láta í ljós, að ég tel það litla vísindamennsku af manni með hans lærdóm og gáfur að dylgja með orðróm og sögusagnir um stofnun, þar sem auðveldlega er hægt að vita hið rétta. Það eru ekki allir eins miklir lukkunnar pamfílar og hv. 4. þm. Reykv. að fá allt upp í hendurnar erfiðislaust, en hætt er við, að þeir verði nokkuð einhliða, þegar dæma á um lífsbaráttu þess meiri hluta þjóðarinnar, sem berst fyrir lífi sínu til sjós og sveita. Hv. 4. þm. Reykv. þarf ekki að fara eftir orðrómi um starfsemi nýbyggingarráðs, því að ráðið hefur samið skýrslu um úthlutun gjaldeyrisleyfa frá 1. jan. 1945 til 31. jan. 1947, og eru þau veitt í samræmi við málefnasamning fyrrv. ríkisstj. Á þessum tíma námu leyfisveitingar rúmlega 335 millj. kr. 205 millj. kr. voru veittar til kaupa á skipum, vélum til skipa og efni til skipasmíða.

Í lok janúar þessa árs hafði ráðið veitt innflutningsleyfi til hraðfrystihúsa og síldarverksmiðja að upphæð kr. 34591447,00, og eru þá ekki talin með innflutningsleyfi fyrir vörubílum, sem þessi fyrirtæki hafa fengið.

Loks gerði málefnasamningurinn ráð fyrir, að um 50 milljónum yrði varið til ýmissa þarfa landbúnaðarins og rafvirkjana. Í lok umræddds tímabils hafði ráðið veitt innflutningsleyfi fyrir landbúnaðarvélum og vélum til fyrirtækja, sem starfa að nýtingu landbúnaðarvara, að upphæð kr. 20866484,00, þar með eru talin leyfi fyrir jeppa-

bifreiðum, en þau námu kr. 7894647,00. Leyfi til rafvirkjana námu kr. 19206752,00.

Auk áður talinna leyfa veitti ráðið leyfi til innflutnings ýmissa iðnaðar- og vinnuvéla að upphæð kr. 25100920,00.

Leyfi til samgöngutækja námu kr. 20378367,00, til vita, hafna- og bryggjugerða kr. 6289075,00, til vatnsveitna og hitaveitna kr. 2798876,00, ýmis önnur leyfi námu kr. 801677,00.

Allar leyfisveitingar ráðsins námu 335754496 kr.

Með l. nr. 117 31. des. 1945 var ákveðið, að árlega skyldu 15% af andvirði útflutningsins lögð á nýbyggingarreikning. Samkv. því bar að leggja kr. 40131150,00 inn á þann reikning fyrir árið 1945, en samkomulag varð á milli nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs um, að frá þeirri upphæð skyldi draga 36 millj. kr. vegna vara, sem fluttar hafa verið inn og tilheyra nýsköpuninni, en ekki hafa verið greiddar af nýbyggingarreikningi. Af þeim ástæðum bætast aðeins kr. 4131150,00 við nýbyggingarreikning fyrir árið 1945. Samkv. bráðabirgðatölum hagstofunnar nam verðmæti útfluttra vara kr. 291446430,00 árið 1946, og mun því nýbyggingarreikningur aukast um kr. 43716965,00 fyrir það ár.

Um leyfisveitingar nýbyggingarráðs liggur allt fyrir í skýrslum, þ. e. tímabilið frá 1. janúar 1945 til 31. janúar 1947.

A-flokkur:

1.	Skip		
	a. flutninga- og farþegaskip	54372454,00	
	b. togarar	95545405,00	
	c. mótorbátar	27149754,00	
	d. ferjuskip, varðskip og önnur skip, sem ekki falla undir a—c	5020367,00	
			182087980,00
2.	Útbúnaður til skipa		
	a. líf bátar, léttbátar og nótabátar, hringnótabátar og nætur	1320008,00	
	b. troll-, línu-, dekk-, akkerisspil o. fl.	3248565,00	
	c. vírar, kaðlar og blakkir o. fl.	2014067,00	
			6582640,00
3.	Vélar til skipa		
	a. aflvélar til skipa	8185549,00	
	b. allar hjálparvélar, sem notaðar eru um borð í skipi	848710,00	
	c. smábátamótorar og varahlutir til skipsvéla	2523319,00	
			11557578,00
4.	Efni til skipasmíða og skipaviðgerða		
	a. timbur	3339535,00	
	b. járn, boltar o. þ. u. l.	950700,00	
	c. viðgerðir erlendis á ísl. skipum	1194615,00	
			5484850,00
		Samtals kr.	205713048,00

B-flokkur:

Vélar og efni til iðnaðar

1.	Vélar til fiskiðju		
	a. síldarverksmiðja	9659897,00	
	b. hraðfrystihúsa	8120849,00	
	c. niðursuðuverksmiðja	2219000,00	
	d. lýsisbræðslu eða hreinsunar	1831303,00	
	e. lýsisherzlu	29030,00	
	f. fiskimjölsvinnslu	1518825,00	
			23378904,00
2.	Vélar handa verksmiðjum, sem framleiða nær eingöngu í þágu sjávarútv.		
	a. Kassagerðarvélar	78870,00	
	b. dósagerðarvélar, ef verksmiðjan er rekin óháð niðursuðuverksmiðju	200000,00	
	c. vélar til hampiðju	303620,00	
	d. tunnuverksmiðjuvélar	160081,00	
	e. vélar til annarra verksmiðja, sem geta fallið undir þennan flokk	200775,00	
			943346,00
3.	Vélar handa vélsmiðjum og blikksmiðjum		3810922,00
4.	Vélar handa dráttarbrautum og bátasmíðastöðvum		2461020,00
5.	Efni til ofan greindra fyrirtækja (járn, timbur, sement o. þ. u. l.)		3997255,00
		Samtals kr.	34591447,00

C-flokkur:

1.	Vélar og efni til rafvirkjunar	19022452,00
2.	Vélar og efni til símalagna	184300,00
	Samtals kr.	19206752,00

D-flokkur:

Vélar til hagnýtingar landbúnaðarafurða, jarðyrkjuvélar.

1. Landbúnaðarvélar.		
a. mjaltavélar og skilvindur	1209177,00	
b. rakstrar- og sláttuvélar, plógar, herfi og múgavélar	5519682,00	
c. traktorar og jarðýtur	6844188,00	
d. útungunarvélar	33075,00	
e. ljósavélar o. þ. u. l.	328300,00	
f. önnur landbúnaðarverkfæri	1520691,00	
		15455113,00
2. Vélar og efni til áburðarverksmiðju		
3. Vélar og efni til ullar- og klæðaverksmiðju		2120900,00
4. Vélar og efni til leður- og skóiðnaðar		414430,00
5. Frystivélar og efni til þeirra frystihúsa, sem aðallega frysta kjöt, svo og til sláturh.		181664,00
6. Vélar og efni til mjólkuriðnaðar		1668127,00
7. Vélar og efni til fyrirtækja, sem ekki hafa verið talin, en segja má, að starfi aðallega að hagnýtingu landbúnaðarafurða		1026250,00
Samtals kr.		20866484,00

E-flokkur:

1. Vélar til ýmislegs iðnaðar		
a. prentsmiðjuvélar og bókbandsvélar	3034885,00	
b. trésmíðavélar, sem ekki fara til bátasmíðastöðva eða vélsmiðja	2499702,00	
c. vélar til ölgerðar	238062,00	
d. vélar handa fata- og saumaverkstæðum	270612,00	
e. vélar handa brauðgerðarhúsum	938933,00	
f. vélar til steypublöndunarstöðva	553050,00	
g. steypuhrærivélar, vinnupallar úr stáli, kranar, vélskóflur, fallhamrar, mokstursvélar, mótordælur, jarðbor, loftborar og tæki til viðgerðar, loftpressur og grjótmulningsvélar	8828226,00	
h. vélar til raftækjaverksmiðja	285000,00	
i. vélar, sem ekki falla undir a—g	8206450,00	
		24854920,00
2. Efni til byggingar ofangreindra fyrirtækja, timbur, járn, sement o. fl.		246000,00
Samtals kr.		25100920,00

F-flokkur:

Samgöngu- og flutningatæki	
1. Vörubílar	5874699,00
2. Lyftutæki, lyftur, dráttarvagnar o. þ. u. l.	605368,00
3. Jeppabílar	7894647,00
4. Vagnar, sem dregnir eru af öðru farartæki	144450,00
5. Flugbátar og flugvélar	5859203,00
Samtals kr.	20378367,00

G-flokkur:

Efni til vita, hafna- og bryggjugerðar, timbur, járn, sement o. þ. u. l.	6289075,00

H-flokkur:

1. Vélar og efni í vatnsveitur	2696876,00
2. Vélar og efni í hitaveitur	102000,00
Samtals kr.	2798876,00

I-flokkur:

Vélar og efni til olíufélaga	7850,00

J-flokkur:

Ferðakostnaður og ýmsar vélar og efni, sem erfitt er að fella undir aðra flokka	801677,00

Samtals eru þessar upphæðir kr. 335754496,00.

Nú skilja hv. þm., hvað nýbyggingarráð hefur farið út fyrir sinn verkahring með úthlutun á gjaldeyri. Það er hægt að gefa margar skýringar á því, hvers vegna ráðið hefur veitt leyfi fram yfir það, sem má teljast skyldugt með tilliti til nýsköpunar atvinnuveganna. Nýbyggingarráð er sett á stofn, eins og hv. þm. vita, til þess að úthluta gjaldeyri til nýsköpunar atvinnuveganna. Viðskiptaráðið felldi sig illa við þess breytni í byrjun. Þeir höfðu verið til þess tíma einráðir um úthlutun gjaldeyris og voru því nokkuð afbrýðisamir, ef nota mætti það orð, svona fyrst í stað. Ágreiningur varð um nokkra vöruflokka og vélar, sem segja mátti, að væru á landamærum þessara tveggja ráða. En þetta var aðeins framan af, og vissar reglur sköpuðust um þetta, hvernig leysa skyldi slík ágreiningsatriði, og er núverandi formaður nýbyggingarráðs tók við, varð samkomulag brátt hið bezta, og þar voru dregin takmörk, og ef mál reis upp, sem vafi lék á, hvar til heyrði, þá skáru tveir menn úr, sinn frá hvoru ráðinu, hvort málið heyrði undir nýbyggingarráð eða viðskiptaráð, og ég verð að segja það, að með þeirri aðferð varð alltaf samkomulag. En svo, eftir því sem áfram gekk, urðum við þess varir, að okkur í nýbyggingarráði voru send æ fleiri og fleiri erindi, sem áður höfðu verið í viðskiptaráði. Menn komu í viðskiptaráð með erindi sín, en þeir bentu þeim að reyna að tala við nýbyggingarráð, og nýbyggingarráð hefur, nú síðustu mánuði sérstaklega, teygt sig lengra en hinn strangasti lagabókstafur segir til um. Ég skal taka dæmi. Má hér t. d. nefna viðgerðarkostnað botnvörpuskipa, viðgerðarkostnað strandferðaskipa og útbúnað Svíþjóðarbátanna. Er menn fóru utan til að sækja hina nýju báta, er smíðaðir höfðu verið á vegum ríkisins, þá töldum við það praktíska ráðstöfun að láta þessum mönnum í té nokkur auraráð í gjaldeyri, svo að þeir gætu keypt efni til bátanna, svo sem veiðarfæri og annað í sambandi við útgerð bátanna, og létum við því forráðamenn hvers báts fá gjaldeyrisleyfi að vissu hámarki. Þá höfum við og lagt út leyfi fyrir varahlutum í verksmiðjuvélar, bátavélar og skipavélar. Þá timbur, járn og sement, þ. e. a. s. það, sem mætti teljast innan ramma verkahrings nýbyggingarráðs. Nú, nú, þá hefur nýbyggingarráð einnig lagt út gjaldeyri fyrir rafveituefni og sams konar efni í innanbæjarkerfi og kvikmyndaáhöld út á land, og það var nú víst þessi bíóvél, sem hv. þm. minntist á, og ég lít nú svo á, að ef nauðsynlegt er að veita gjaldeyri fyrir kvikmyndafilmum, þá sé nú vart ástæða til þess að meina fólki úti um landið að njóta þeirrar skemmtunar, er kvikmyndir þykja veita. Það kann að vera, að nýbyggingarráð hefði stundum getað sett hnefann í borðið og sagt: Ja, við erum ekki skyldir að gera þetta — en ég tel, að það hefði ekki verið hyggilegt, og hefði það oft komið framtakssömum mönnum mjög illa.

Ég skal minna á eitt dæmi, er sýnir glögglega, hve skammsýnin getur verið dýrkeypt. Ungur maður hafði lært ytra iðn, sem nefnist rafsuða og var áður óþekkt iðn hér á landi. Og þessi ungi maður lærði iðn sína með ágætum vel, en til þess að framkvæma verk sitt hér heima að loknu námi þurfti hann að fá efni, sem heitir rafsuðuvír. Hann leitaði fyrst til viðskiptaráðs um fyrirgreiðslu um gjaldeyri fyrir þessari vöru, en var vísað á dyr. Hann kom síðan til okkar í nýbyggingarráði og lýsti fyrir okkur, hvernig farið hefði í viðskiptaráði. Við gáfum svo þessum unga manni leyfi fyrir rafsuðuvírnum og hjálpuðum honum þannig að fá vírinn. Þessi maður hefur svo bjargað þremur bátum frá tapi af vertíð, með því að hann gat framkvæmt viðgerð á vélahlutum, sem annars hefði ekki orðið hægt hér á landi. Ég vildi aðeins benda á þetta dæmi til þess að sýna og undirstrika, hve skammsýnin getur verið bagaleg og að áherzlu skuli leggja á það að afhenda iðnaðarmönnum okkar hin réttu efni, svo að þeir geti stundað sína iðn.

Ég hef ekki dregið hér fram fleiri dæmi og mun ekki gera það, og ef hv. 4. þm. Reykv. ætlar að halda hér eldhús á nýbyggingarráð fyrir þá, sem hafa sent hann til þess, þá gæti hann ef til vill fengið að heyra um eyðslu á gjaldeyri annars staðar frá og þar sem hann er kunnugri. Einn af hinum elztu og reyndustu rörlagningameisturum þessa bæjar sagði við mig um daginn, að viðskiptaráðið neitaði sér um leyfi fyrir svokölluðum „fittings“ og að þær væru alveg ófáanlegar í bænum, en ef Jón í Austurbænum eða Pétur í Vesturbænum færu á stúfana til viðskiptaráðs, þá fengju þeir hinar svokölluðu „fittings“ út á hús sín. Þetta er ekkert fyrirkomulag, en aðeins til þess að auka skriffinnskuna.

En er minnzt er á eyðslu gjaldeyris, þá má minna á, að Alþ. og stjórn sú, er mynduð var 1944, tók þá stefnu að leggja til hliðar gjaldeyri til nýsköpunar, og má fullyrða, að sú ráðstöfun hafi bjargað frá eyðslu á mörgum sviðum. Og hví skyldi hv. 4. þm. Reykv. vera að dylgja um sögusagnir, hvernig gjaldeyri nýbyggingarráðs hefur verið ráðstafað, þar sem það liggur hér fyrir, og með dylgjum sínum er hv. þm. kominn út á hálari ís en hann getur staðizt.

Ég get getið þess, að hv. þm. skaut því inn í ræðu sína, að Sjálfstfl. hefði hörfað eitthvað frá stefnu sinni með því að standa að frv. um fjárhagsráð, að það er alveg óþarfi fyrir mig að svara honum þar. Það hefur hæstv. dómsmrh. þegar gert. Hann gaf til kynna, með hvaða forsendum Sjálfstfl. stendur að þessu frv. Hitt vita allir, að er margir flokkar starfa saman, þá er ekki nema eðlilegt, að menn slaki eitthvað til, og þarf hv. 4. þm. Reykv. ekki að ögra Sjálfstfl.

Hv. þm. var sérstaklega að tala um jeppabifreiðarnar, sem fluttar hafa verið til landsins á vegum nýbyggingarráðs. Það er mál að sönnu, að nýbyggingarráð hefur veitt mörg leyfi fyrir jeppabifreiðum og vörubílum. Við höfum flutt þessa bíla út um landið, og er það nauðsynlegt að hjálpa mönnum um nauðsynleg og heppileg farartæki, og við höldum því fram, að amerísku vörubílarnir séu hentugri okkar vegum en þeir ensku. Viðskiptaráðið hefur haft aðra stefnu í þeim málum en við í nýbyggingarráði. Þeir hafa veitt leyfin fyrir hinum ensku bílum og halda því fram, að þeir henti fullt eins vel hér á landi og þeir amerísku, en við í nýbyggingarráði héldum fram hinu gagnstæða. En fyrst ég minntist á jeppana, þá má geta þess, að fyrst út í það var farið að flytja inn litla og létta bíla, þá er rétt að undirstrika það, að bændur hafa yfirleitt verið mjög ánægðir með jeppa, sem þeir hafa fengið, og áður en þessir bílar voru fluttir til landsins, lágu fyrir umsagnir mætra manna um gildi þeirra og not í þágu sveit-

anna, og leyfi ég mér að nefna hér einn þessara manna, sem gáfu ráðinu álit sitt, en það var Kristján Karlsson, skólastjóri að Hólum. Ég held því, að reynslan hafi orðið góð með þessa bíla, enda er eftirsókn eftir þeim mjög mikil, og má hér til nefna marga iðnaðarmenn, sem sótt hafa eftir því að fá jeppa, en hafa engan farkost haft að komast í til vinnustaðar, en aðallega hafa jepparnir farið til sveitamanna, en við höfum líka orðið varir við, að sumir sveitabílarnir hafa komið í bæinn aftur, og er nú ekki svo gott að sporna á móti því, að ekkert verði um slíkt. Yfir höfuð má segja, að það hafi verið betri ráðstöfun að flytja inn jeppana en litlu ensku eða frönsku bílana, sem komast hvergi í hálfkvisti við jeppana.

Það var ekki von, að hv. þm. skildi þetta. Hann hefur ekki komið nálægt neinu starfi. Það er ekki von, að hann skildi, að sveitabóndi, sem er þrjár klukkustundir að koma mjólk sinni upp á veg, hvað hann virðir mikils þann tímasparnað að vera ekki lengur en 20 mínútur til hálftíma að skreppa með mjólkina á jeppabíl og hvað honum þykir hentugt að hafa farkostinn ávallt heima við og þurfa ekki sí og einatt að vera að elta uppi hest. Þessir jeppar eru sterkir og áreiðanlegir vagnar, og má m. a. nota þá við ýmis önnur störf en til flutninga, svo sem við heyvinnu og önnur landbúnaðarstörf, svo að ég er ekki kvíðinn dómi fólksins um jeppana. Búnaðarfélag Íslands, sem flutti jeppana inn í fyrstu, hefur nýlega fengið ósk sína uppfyllta, að þeim hefur verið ætluð sending til úthlutunar til búnaðarsambandanna.

Þetta er starfsemi nýbyggingarráðs, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur gotið hornauga til. Hann segir, að starfsemi nýbyggingarráðs hafi verið byggð á áætlunarleysi. Þetta, að ekki sé byggt á fyrir fram gerðri áætlun, þau ummæli hef ég heyrt áður, og þau eru þekkt og gamalkunn. Hann heldur kannske eða hefur kannske hugsað sér, að það gæti verið vinningur að því að halda því fram, að nýbyggingarráð hafi eytt gjaldeyrinum í ráðleysi, eins og einu sinni var sagt í Tímanum, þegar nýbyggingarráð greiddi fyrir því, að menn gætu keypt sér báta í Svíþjóð — ekki hina svo kölluðu Svíþjóðarbáta, heldur sænsk-byggða báta, sem Svíar höfðu ætlað sér sjálfum að nota — þá var þetta kallað ráðleysi af Tímanum. Og líklega er það frá svipuðu sjónarmiði, sem hv. 4. þm. Reykv. segir, að ekki hafi verið starfað nóg í nýbyggingarráði samkv. fyrir fram gerðri áætlun. En þetta er ekki eins haldgott reipi eins og hv. 4. þm. Reykv. hugsar sér. Nýbyggingarráð hefur starfað allt sitt aðalstarf eftir áætlun. Það er langt síðan lögð var fram áætlun nýbyggingarráðs um fiskiskipaflotann, og það er orðið alllangt síðan lögð var fram fyrir hv. þm. — og á borð hv. 4. þm. Reykv. líka — áætlun nýbyggingarráðs um fiskveiðiflotann til ársins 1951. Í 2. gr. l. um nýbyggingarráð eru eftirfarandi ákvæði um áætlunargerð ráðsins:

„Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita" o. s. frv. — Það má nú segja, að skipting þessara þrjú hundruð milljóna, sem nýbyggingarráð fékk umráð yfir og gert var ráð fyrir í stjórnarsamningnum, hafi verið fyrstu frumdrög í þessari áætlun. Ég hef nú gert nokkra grein fyrir, hvernig sú skipting hefur orðið í framkvæmdinni. Það, sem gert hefur verið af hálfu nýbyggingarráðs til þess að auka og koma upp fiskiskipastól og flutningaskipastól, og það, sem gert hefur verið af hálfu þess ráðs til þess að koma upp frystihúsum, hefur verið gert eftir áætlun. Um leið og tilmæli um gjaldeyri til þess að koma þessu upp hafa verið tekin til athugunar og fyrirgreiðslu nýbyggingarráðs, hefur nýbyggingarráð tekið þessar framkvæmdir inn í þá áætlun íslenzks þjóðarbúskapar, sem gert er ráð fyrir í l. þar um. Þar að auki hefur stofnlánadeild sjávarútvegsins á ákveðnum tíma, samkvæmt reglugerðinni um stofnlánadeild, sent þessari stofnun þær tilskildu áætlanir um skip og iðjuver og hvers kyns annað, sem tekið hefur verið upp í áætlun ráðsins og hefur fengið meðmæli þess um lánveitingar. — Þess vegna er það, hvað snertir sjávarútveginn og iðnaðinn í sambandi við sjávarútveginn og millilandasiglingar, að ráðið hefur þar gert þær áætlanir, sem nauðsynlegar voru. En eins og ég gat um áður við umr. um þetta mál, þá voru fleiri verkefni fyrir hendi, sem nýbyggingarráð hefur stefnt að að leysa og sumpart undirbúið það, en það er ekki fullgert. Það verksvið, sem ráðið hefur sérstaklega haft í huga, fyrir utan sjávarútveginn og vissar iðngreinar í sambandi við sjávarútveginn, er annar iðnaður, landbúnaður og byggingarstarfsemi. Það hefur ekki verið hafizt handa á sviði iðnaðarins að tilhlutun nýbyggingarráðs, að undanskildum þeim athugunum, sem fram hafa farið viðvíkjandi ullariðnaði og áburðar- og sementsgerð. Þessu lýsti ég við umr. málsins og gat þess þá líka, að fyrirrennari nýbyggingarráðs, skipulagsnefnd atvinnumála, sem starfaði frá 1933 til 1944, hafði látið byggingarmálin til sín taka og samið ýtarlega álitsgerð um þau mál. Og þó að nýbyggingarráð hafi ekki haft bein áhrif á byggingarmálin, hvorki með leyfisveitingum eða á annan hátt, þótti því ekki rétt að leiða þau mál alveg hjá sér. Og var því á vegum ráðsins starfað að áframhaldandi áætlun og till. um þau mál, og sérstök grg. hefur verið samin af ráðinu um byggingarmálin. — Annars mun það nú verða svo, að þegar nýbyggingarráð hættir störfum, þá hverfur þetta inn í þá nýju stofnun, og mun þá verða lögð fram greinileg og ýtarleg skýrsla um öll störf nýbyggingarráðs og leyfisveitingar frá byrjun. Verður þá hægurinn hjá fyrir hv. 4. þm. Reykv. að kynna sér til hlítar, hvað ráðið hefur haft með höndum. Og hvað hvatvísa menn snertir, þá eiga þeir síður á hættu, þegar þeir hafa þessa skýrslu við höndina, að hlaupa á sig með aðfinnslur við ráðið, þó að mikið þyki nú við liggja.

Hv. 4. þm. Reykv. eyddi mörgum orðum í það að mikla það fyrir þeim, sem tækju við störfum í fjárhagsráði — og hafði allan þann blæ á ræðu sinni, hve þessi hv. þm. teldi sig það miklu skipta — hve erfitt yrði verkefni fjárhagsráð — ákaflega, skelfing erfitt — og sérstaklega vegna þess, að ekki væri vel búið í hendur fjárhagsráðs af hálfu nýbyggingarráðs.

Ég hef nú dálítið reynt að sýna fram á, hvað tilefnislítið það var af hendi hv. 4. þm. Reykv. að efna til umr. um nýbyggingarráð í þeim anda, sem hann gerði. Ég gæti gert það miklu ýtarlegar og betur, ef ég vildi eyða miklu meira af tíma hv. þd. til þess. En ég álít þess í sjálfu sér ekki þörf.

Hv. 4. þm. Reykv. hefur talað hér af ókunnugleika. Hann skilur ekki þessi mál eins og vera skyldi. Hann skilur sjálfsagt sína vísindalegu afstöðu í þessu efni, en það þýðir ekki það, að hann hafi réttan skilning á þeim verkefnum, sem slíkar stofnanir þurfa að sinna, og sízt af öllu nokkurn skilning á lífskjörum fólksins, sem á að leita aðstoðar og fyrirgreiðslu hjá slíkum stofnunum, hvort sem heldur heita viðskiptaráð, nýbyggingarráð eða fjárhagsráð eða annað slíkt. Það er það, sem skortir hjá þessum hv. þm. Hann vantar alla lífsreynslu. Hvað þekkir hann það, hvaða þýðingu það hefur fyrir fátækan útvegsmann, sem er að berjast við það að vinna fyrir sér og sínum, að honum sé hjálpað til þess að fá nýja og betri vél í bátinn sinn? Hvað ætli hann þekki það, þessi hv. þm., hvaða breyt. það gerir í litlum sjávarþorpum, að menn taka höndum saman og fá aðstoð þess opinbera og fyrirgreiðslu þeirra, sem betur vita, til þess að koma upp hraðfrystihúsi og öðru slíku á stöðum, þar sem þessi fyrirtæki gerbreyta alveg viðhorfinu til atvinnu hjá fólkinu og lífskjörunum hjá svo og svo mörgum mönnum? Þessi hv. þm. veit sjálfsagt allt, sem stendur skrifað í bókum um þessa „planökónómí", og kann að fara rétt með það. Það er gott og blessað. En það er fleira til í dæminu en fyrir fram samdar og skrifaðar áætlanir, jafnvel þótt frá lærðum hagfræðingum séu. Við rekum okkur á það iðulega í lífinu, að það er þróun lífsins, sem kallar eftir lausn verkefna, þrátt fyrir það að ekki hafi verið gert ráð fyrir því upprunalega í einhverri áætlun. Eftir því sem hv. 4. þm. Reykv. þroskast og ef hann vitkast í þessum málum, þá á hann sjálfsagt eftir að reyna þetta sjálfur.

Ég lít þess vegna þannig á, að nýbyggingarráð hafi beinlínis bjargað mörgum hundruðum millj. kr. frá því að fara í aðra eyðslu en þá, sem nytsamleg er.

Hv. 4. þm. Reykv. lýsti eftir því, hvaða vöruinnflutningi og framleiðslutækja nýbyggingarráð hefði stutt að. Ég hef hér langan lista, sem snertir staði víðs vegar kringum landið, og get lagt hann fram eða lesið hann upp, ef ég teldi þess þörf á þessari stundu, sem sýnir, hve miklu meira hefur verið flutt inn af bátum á síðasta ári en áður. — Það hafði þó borizt þessum hv. þm. til eyrna, að varið hefur verið þessum milljónum til togarakaupa, sem gert hefur verið. Það hafði þó náð í gegnum hans skólaeyra til hans.

Ég er ekki sannfærður um gildi þessara fyrir fram gerðu áætlana, þessarar „planökónómíu", sem okkar sprenglærðu hagfræðingar lofa svo mjög. Það er eitthvað, sem er gott á vissum stöðum. En ég held, að við að athuga þau náttúruskilyrði, sem íslenzkir atvinnuvegir eiga við að búa, og þær sveiflur, sem hér hljóta að verða á framleiðslu- og atvinnuháttum einmitt í sambandi við hnattstöðu landsins og í sambandi við eðli atvinnuveganna, þá hljóti menn að reka sig á það fyrr eða síðar, að það á ekki sama „planökónómía" við hér eins og í þeim löndum, sem byggja tilveru sína mest á verksmiðjuiðnaði. Það er gott að gera áætlanir og ennþá betra að gera þær góðar og geta uppfyllt þær. En það er vissulega nauðsynlegt, þrátt fyrir allt þetta, að hæfilegt tillit sé tekið til lífsins sjálfs, fólksins í landinu og lífskjara fólksins og afkomu.

Ég býst við, að margir hv. þdm. hafi heyrt talað um það stórfellda átak, sem viðfrægt er orðið um allan heim og kennt er við Tennessee-dalinn í Bandaríkjunum. Hér er bók, sem heitir „Tennessee Valley Authority on the March" — og lýsir þeim feikna miklu vatnsvirkjunarframkvæmdum, sem komnar eru á í þessum mikla dal, þar sem Tennessee-áin rennur í gegn. Þar er breyt. orðin sú, að stórfljót, sem svo að segja árlega hótaði eyðileggingu með flóðum og oft líka flæddi og eyðilagði meira og minna með því að flæða yfir akra og engi og taka með sér svo að segja allt laust og jafnvel hrífa með sér það, sem álitið var að vera fast — þetta mikla fljót hefur verið beizlað og látið framleiða kraft, sem gerir hvort tveggja í einu að halda fljótinu í skefjum og líka að ljá kraft öllum þeim búskap og öllum þeim iðnaði, sem blómgast í Tennessee-dalnum. Þessi bók, sem ég nefndi, lýsir þessu. Hún er nærri því eins og skáldsaga að lesa hana, hún er svo skemmtileg. Og þó lýsir hún eingöngu raunverulegum framkvæmdum, sem staðið er að af fyrirhyggju og mikilli verkfræði, ásamt því — og það er hér undirstrikað —, að allt er gert þar með lýðræðislegum anda og fyrirkomulagi. Þar er ekkert, sem hefur verið gert eftir einstrengingslegum boðum eða fyrirskipunum, án þess að reynslan hafi fengið að komast þar að. — Nú skyldi maður ætla, að um slíkt og annað eins fyrirtæki hjá þessari stórþjóð, eins og þarna er um að ræða, mundi nú „planökónómían" hafa fengið að njóta sín. En hvað skal segja? Á bls. 192 í þessari bók er um þetta atriði talað, og heitir sá kafli „Planning and planners", þ. e. a. s. áætlanir og þeir, sem gera áætlanir. Og í þessum kafla er komizt þannig að orði, lauslega þýtt, með leyfi hæstv. forseta:

„Tennessee Valley Authority" er álitin að vera áætlunarstofnun fyrir þetta umdæmi. Samt sem áður er ekki nein deild innan þess, sem gæti heitið deild fyrir félagslegar áætlanir, og þegar ég bið um eintak af TVA-áætlunum, er það ekki fyrirfinnanlegt. — Eitthvað á þessa leið hefur oft verið sagt við okkur af mönnum, sem vilja kynna sér Tennessee Valley Authority. — Ástæðan fyrir þessu er sú, að það er engin slík áætlun til og ekki heldur er nein sérstök deild, þar sem starfað er eingöngu að samningu áætlana."

Ja, það virðist vanta „planökónómíuna" heldur illilega þarna, finnst mér. Og væri nú ekki úr vegi fyrir okkar vísindamenn að benda stjórnendunum þarna í Tennessee-dalnum á það, að þeir hafi alveg gleymt „planökónómíunni", sem við Íslendingar teljum, sumir af okkur, vera algerlega nauðsynlega fyrir okkar þjóð.

Ég bendi aðeins á þetta til þess að sýna það, að í Bandaríkjunum er ráðizt í stórvirki og hafðar með höndum þúsundfalt stærri framkvæmdir en þær, sem hér er um að ræða hjá okkur og við höfum vald á, án þess að þar séu nokkrir dósentar, prófessorar eða hagfræðingar með sína „planökónómíu" — og þó snúast hjólin á þessum stöðum.

Ég vil svo mega segja að lokum þetta: Nýbyggingarráð er stofnað í þeim anda og með það verkefni, sem og var samþ. af Alþ., að það má heita að hafa verið jákvæð stofnun. Það var stofnað með framfarahug fyrir augum. Og í þeim anda hefur

ráðið leitazt við að starfa. Þegar það nú á að hætta störfum og eftir liggja ýmis hálfunnin verk og mörg óunnin, þá er nauðsynlegt, að sú stofnun, sem við þessum málum tekur, fari ekki of mikið yfir í hitt hornið og verði neikvæð í þeim málum. En ræða hv. 4. þm. Reykv. gerði mig nokkuð uggandi í þessu efni. Ég vil, að við tökum nokkuð til athugunar þann varnað, sem hv. þm. A-Húnv. hafði hér í umr. um þetta mál, um það, að ekki verði lagðar of miklar hömlur á framkvæmdir manna.

Hv. 4. þm. Reykv. var að vísu að minnast á það sem einn ágalla á starfsemi nýbyggingarráðs, að hann hefði ekki heyrt um það, að nýbyggingarráð hefði neitt viljað beita sér fyrir fjárfestingu, sem hann og margir telja nauðsynlega. Nei, nýbyggingarráð hafði satt að segja ekki aðra fjárfestingu með höndum en þá að dæma um það, hvort þeir menn, sem til þess komu með sín erindi og fyrirætlanir, hvort sem það var varðandi skipakaup eða annað, stefndu að framkvæmdum í þeim efnum með nokkru viti, og mæla því aðeins með þeirra fyrirætlunum, ef nýbyggingarráði virtust þær vera viturlegar að dómi ráðsins. En þetta var ekki á öðrum sviðum en viðkomandi nýsköpun. En á öðrum sviðum var það ekki nýbyggingarráð, sem hafði aðstöðu né heldur skyldu til þess að beita sér í þessum efnum, heldur annað ráð, sem hv. 4. þm. Reykv. — þótt hann sé ekki í því — þekkir miklu betur, sem sé viðskiptaráð. Viðskiptaráð hafði og hefur ásamt viðskmrn. ávallt í höndum sér allt vald um veitingu eða neitun á gjaldeyri til innflutnings á öðrum vörum en til nýsköpunar og hefur haft þetta vald í höndum öll stríðsárin. Og þá gat það a. m. k. neitað að veita þeim innflutningsleyfi, sem voru á skakkri leið, og leitt þá inn á réttar brautir eða frá því, sem hv. 4. þm. Reykv. og aðrir góðir menn kalla, að væru rangar leiðir. En nýbyggingarráð hafði ekki slíkar leyfisveitingar með höndum, að þar væri að ræða um neitt það, sem talizt gæti til óþarfa eyðslu. Það er viðskmrn. og viðskiptaráð, sem hafa alltaf haft það í hendi sinni öll hin síðustu ár að beita þessum hemli.

Ég hefði svo gaman af að spyrja hv. 4. þm. Reykv. um annað atriði. Hann er nokkurs konar viðskiptaráðsmeðlimur, af því að hann er í verðlagsnefnd. Nú þætti mér fróðlegt að vita hjá svo miklum „planökónómista“, hvort hann hefur ekki öll þessi ár, sem hann er búinn að starfa í verðlagsráði, haft með höndum áætlanir um það, hvernig slík stofnun eigi að starfa. Það hefur ekki, svo að ég viti, komið fram í verki, að neitt liggi eftir hann í þeim efnum, nema kannske það að setja niður kaffipundið, en ekki heildarskipulagning um verðlagningarstörf. — Nú er hér í þessu frv. látið hilla undir það, að fara megi inn á nýjar brautir að því er snertir verðlagningu. Þess vegna væri fróðlegt að heyra frá þessum strangvísindalega hagfræðingi, hvað hefur brotizt um í hans heila öll þessi ár í þeim efnum og hvaða till. hann hefur haft á takteinum í sínu ráði til þess að bæta úr þeim ágöllum, sem kynnu á að vera í því efni. Ég vil gjarnan hlusta á það, sem hv. 4. þm. Reykv. kann að vilja segja mér og öðrum í þessari hv. þd. af afrekum sínum í verðlagsráðinu og þeim skipulagningarumbótum — ef einhverjar eru —, sem þessi hv. þm. kann að hafa komið á í þeirri deild, sem hann hefur starfað í að þessum málum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég var af sérstökum ástæðum ekki viðstaddur allar umr., sem fóru fram s. l. föstudag, en heyrði þó allmikið af þeim og því, sem fram hefur farið síðan, og þykir mér því ástæða til að segja nokkur orð til viðbótar því, sem ég sagði í ræðu minni hér á fimmtudaginn. Ég var þá svo ónærgætinn að nefna í ræðu minni, að í þessu frv. væri meiri kommúnismi en í nokkru frv., sem ég hefði séð hér á Alþ., og að þennan kommúnisma virtist ríkisstjórnin ætla að lögfesta í andstöðu við sjálfan Kommúnistafl. Þetta hefur komið óþægilega við taugar sumra þm. og það svo, að mótmæli hafa komið úr ýmsum áttum. Fyrstur reið á vaðið hæstv. forsrh. og taldi þetta fjarri öllum sanni, næstur kom svo hæstv. dómsmrh. og greip í sama streng. Þriðji maðurinn var svo hv. 4. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sem mælti gegn þessu með mjög hörðum orðum og sagði, að þessi skoðun væri hin hreinasta villa. Ég verð nú að hryggja alla þessa menn með því að segja, að þetta hefur ekki haft hin minnstu áhrif á mína sannfæringu í þessum efnum. Rautt er rautt og svart er svart, þó að einhverjir menn vilji kalla það hvítt.

Hvað ert þú að hafa á móti sósíalismanum, sem vildir hafa fyrrv. stjórn áfram? mundi einhver segja. Þar er því til að svara, að ég fylgdi ekki fyrrv. ríkisstj. vegna kommúnistastefnunnar, heldur vegna framfaranna og samvinnunnar milli atvinnurekenda og verkamanna hér á landi, sem ég tel nauðsynlega. En það er nú ljóst orðið, að andstaðan gegn fyrrv. ríkisstj. byggðist ekki á andstöðu gegn kommúnistastefnunni, því að það kom aldrei til mála í tíð fyrrv. stjórnar að framkvæma og lögfesta eins róttækan kommúnisma og felst í þessu frv., sem hér liggur fyrir, en sumum mönnum finnst hann sennilega góður, ef hann er framkvæmdur í andstöðu við Sósfl. Ég tel það hins vegar verra, því að samvinnan við sjálfa hina yfirlýstu stefnu er miklu eðlilegri. Að taka upp meginþáttinn úr kommúnistastefnunni í mikilvægum atriðum, en berjast við Kommúnistafl. er svipað því og að taka eignir annarra manna, en skilja þá sjálfa eftir. Þess vegna er það svo, að þm. Sósfl. skilja þetta og eru því ekkert glaðir yfir þessu frv., sem ekki er heldur von. Að tala um þetta mál við hv. 4. þm. Reykv. blasir einna bezt við, fyrst hann gaf til þess sérstakt tilefni. Hann virðist eftir ritum og ræðum að dæma vera mjög róttækur kommúnisti í skoðunum og meira að segja töluvert róttækari en flestir þm. Sósfl. og vera til þess reiðubúinn að framkvæma sósíalistastefnuna út í yztu æsar með stórkostlegum lögránum á eignum manna og fyrirtækja, með allsherjar ríkisverzlun og ríkisrekstri o. s. frv. En þessi maður telur sér hagstæðara að sigla að því leyti undir fölsku flaggi að vera í andstöðu við Sósfl., og virðist vilja hafa sinn flokk, Alþfl., enn rauðari en yfirlýst er, að Sósfl. sé, sem viðurkennir hreinlega sína stefnu. Annars kom það í ljós í ræðu hv. þm., sem hæstv. fjmrh. vék að, að hann mótmælti því, að nokkur kommúnismi feldist í þessu frv., og sagði eitthvað á þá leið, að þetta frv. væri sönnun þess, að Sjálfstfl. hefði verið knúinn til að ganga frá einu aðalatriðinu í sinni

stefnuskrá, sem er atvinnufrelsið. Hv. þm. hafði þannig í sömu ræðunni — með fárra mínútna millibili — endaskipti á sjálfum sér. Skal ég ekkert um það segja, hvorum endanum er í þessum efnum öruggara að trúa, en það, sem á sér stað um þennan þm., það gildir einnig um marga aðra. Það er t. d. ekkert undarlegt við það, þó að aðalforvígismaður haftastefnunnar, hæstv. menntmrh., vilji fá meiri, víðtækari, harðari og áhrifasterkari höft á allt einstaklingsfrelsi en áður hefur verið.

Ég skal svo koma nánar að því, hvers vegna ég held því svo ákveðið fram, að þetta frv. sé byggt á grundvelli kommúnistastefnunnar. Er þess þá fyrst að geta, að hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað tekið það fram í ræðum sínum, að höfuðtilgangurinn með þessu frv. væri sá, að koma hér á skipulögðum þjóðarbúskap eftir fyrir fram saminni áætlun, þ. e. áætlunarbúskap, en hann er, eins og kunnugt er, eitt af höfuðstefnumálum kommúnista.

Hvernig á þetta svo að gerast? Ríkisstj. á samkv. upphafi 2. gr. að skipa 4 manna n., sem tekur við miklu af verkefnum Alþ., og mundi þetta því verða langveigamesta n., sem nokkru sinni hefur verið stofnsett hér á Alþ., hún á að heita fjárhagsráð. Vald hennar og verkefni er hreint ráðstjórnarfyrirkomulag. Allt fjármagn þjóðarinnar, viðskipti, atvinna og framkvæmdir á að vera henni háð. Alþ. má ekki einu sinni kjósa n. samkv. frv., eins og það liggur hér fyrir. Einn þm. úr minum flokki sagði við mig fyrir nokkru: „Það er engu líkara en að ýmis atriði í þessu frv. séu beinlínis tekin úr stjskr. Sovétríkjanna.“ Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvað er eftir, þegar öllu er ráðstafað, sem ákveðið er með 2. og 5. gr. þessa frv.? Öll atvinnumál, framkvæmdir, dýrtíðarmál, fjármál og húsnæðismál — allt á þessi mikla n. að hafa, öllu á hún að ráðstafa.

5. gr. er svo hátoppurinn á þessu valdahúsi, þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á þeim, sem fyrir er, húsbygginga eða annarra mannvirkja, þarf leyfi fjárhagsráðs, og gildir þetta einnig um framhald þeirra framkvæmda, sem þegar eru hafnar.“

7. gr. er svo til frekari áherzlu, þar segir: „Fjárhagsráð og þeir aðilar, er það felur umboð til þess, hafa með höndum framkvæmd áætlunarinnar, veiting fjárfestingarleyfa, innflutningsleyfa, gjaldeyrisleyfa og verðlagseftirlits, sbr. II. og III. kafla laga þessara.“ Hvað vilja menn hafa það öllu meira?

Enginn má stunda verzlun nema hafa til þess leyfi, því að ekkert þýðir að hafa verzlun, nema hafa leyfi fyrir vörum. Enginn má byggja hús, ekki byggja brú, ekki kaupa skip og ekki stofna nýjan atvinnurekstur, ekki má einu sinni ljúka þeim mannvirkjum, sem þegar er byrjað að byggja, nema leyfi þessa stóra ráðs komi til. Atvinnufrelsi, viðskiptafrelsi og umbótafrelsi, allt verður það lagt undir eina n. Og ráðh. og þm. hrópa hver í kapp við annan: Þetta er ekki kommúnismi. Það er jafnvel gengið svo langt, að ýmsir þm. eru sí og æ að brigzla okkur fylgjendum fyrrv. stjórnar um dýrkun á kommúnistastefnunni, þó að þeir séu fúsir til að gleypa við þessu frv., sem gengur miklu lengra í kommúnistiskum ráðstöfunum en kom til mála í tíð fyrrv. stjórnar. Þessum mönnum virðist nægja það eitt að koma í veg fyrir, að þm. Sósfl. séu í ríkisstj., þó að kommúnistastefnan sé lögfest og ákveðin í framkvæmd — það virðist þeim vera nokkurn veginn sama um. Fyrir mér er þetta allt annan veg farið. Mér eru framfarirnar aðalatriðið. Ég vil láta framkvæma sem mest af þeim af einstaklingum og eins fyrirtækjum. Takist það ekki, þá verður ríkið að koma til sögunnar, en þar á Alþ. að ráða, en ekki einhver yfirráð utan þingsins. Ég býst við, að einhver ráðh. eða aðrir vilji spyrja: Er þetta ekki allt góður og nauðsynlegur kommúnismi, mundi hann ekki verða enn magnaðri, ef Kommúnistafl. væri með í ríkisstj., eins og þú gjarnan vilt? Hvorugu þessu ætla ég að svara í dag, en ég ætla að segja annað, það er þetta: Ég kann ekki við, að menn séu að flytja eða fara með þá blekkingu, að þeir séu að berjast á móti kommúnistastefnunni, þegar þeir vilja auðfúsir framkvæma hana, eins og ég hef þegar sýnt fram á. Og ég endurtek það, að það er miklu viðfelldnara að framkvæma þennan kommúnisma, ef það á endilega að gera, í samvinnu við Kommúnistafl. en í andstöðu við hann. Svo kemur og fleira til, sem ég skal í þessu sambandi víkja að, og það er þá eðlilegast að nefna nokkur atriði, sem fram hafa komið í ræðu hæstv. fjmrh. Hann flutti hér ræðu á fimmtudaginn var, og ég man ekki eftir neinni setningu í þeirri ræðu, sem ég gæti ekki undirskrifað. En það kom fram í henni hjá hæstv. ráðh., að í þetta frv., sem hér liggur fyrir, vantaði allar tryggingar fyrir því, að haldið yrði áfram með þær margvíslegu framfararáðstafanir, sem nýbyggingarráð stofnaði til á undanförnum tveim árum.

Þetta ítrekaði hæstv. ráðh. nú mjög rækilega í sinni löngu ræðu, og þetta er í fullu samræmi við margt af því, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur haldið fram í þessum umr.

Þessir tveir menn hafa líka með fyrrv. stjórn verið forystumenn hinnar mestu framfarastefnu, sem hafin hefur verið á Íslandi, annar sem form., hinn sem varaformaður í því ráði, sem þessi nýja stóra n. á nú að gleypa.

Mig furðar ekkert á því, þó að hæstv. fjmrh. hafi fundið öryggisleysið í þessu efni, þegar það er beinlínis bannað samkv. 5. gr. að halda áfram með framkvæmdir, sem byrjað hefur verið á, nema sérstakt leyfi komi til. Hitt hefði mér fundizt miklu viðfelldnara fyrir hæstv. fjmrh., að setja inn í frv. einhverjar frekari tryggingar fyrir nýsköpunarframkvæmdum, áður en hann samþykkti, að frv. væri lagt fram sem stjfrv. En væntanlega og vonandi tekst hæstv. fjmrh., því að ég ber til hans fullt traust í því efni, að fá úr þessu bætt að fullu, áður en frv. kemur til 2. umr. í þessari hv. d., og það getur haft mikla þýðingu fyrir framkvæmd málsins næsta tímabil.

Hæstv. dómsmrh. mun hafa lýst því yfir, að hann ætlaði að flytja brtt. um skipun þessa ráðs í samræmi við það, sem ég lýsti eftir í ræðu minni á fimmtudaginn. Það er stundum gott og stundum ekki gott að flytja brtt. við sín eigin frv., í þessu efni er það gott. En ef hæstv. ráðh. hefur tryggingu fyrir því að fá samþykkta þessa brtt., þá hefði hitt verið enn betra og forðað okkur sjálfstæðismönnum frá því að fá frv. sem stjfrv. eins og 2. gr. þess nú er. Þess hefur verið getið í tveim

blöðum ríkisstj., að ég hefði lýst mig fullan andstæðing þessa frv. Um það hef ég ekki sagt meira en það, að ég mundi aldrei fylgja því óbreyttu. Afstaða mín fer mjög eftir því, hvað margvíslegar og miklar breyt. verða gerðar á frv., áður en það kemur til lokaafgreiðslu hér í hv. d., og það má, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, fara alla vega með þetta mál í framkvæmd, því að það fer að sjálfsögðu eftir því, þegar jafngífurlegt vald er lagt á hendur fárra manna eins og hér er gert — þá fer það eftir því, hverjir mennirnir verða og hvernig þeir fara með þetta vald.

Þetta mál er eins og kunnugt er í aðalatriðum stjórnarsamningur og verður vafalaust samþ. í einhverri mynd. Fyrir mig skiptir það, úr því sem komið er, mestu máli að vita um það, áður en málið fer úr þessari hv. d., hvort þessi n. verður skipuð mönnum, sem ég ber traust til, eða einhverjum öðrum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hélt áðan næstum 1½ tíma ræðu. En tilefnið var stundarfjórðungsræða, sem ég flutti á föstudaginn var. Hæstv. ráðh. sagði, að þessar umr. hefðu ekki gefið tilefni til þess að taka starfsemi nýbyggingarráðs til sérstakrar athugunar, en það hefði ég gert í minni ræðu, og hans ræða var svar við þeim atriðum ræðu minnar. Ég held, að það sé misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ekki sé ástæða til að ræða um nýbyggingarráð, því að þetta frv., ef að l. verður, nemur úr gildi l. um nýbyggingarráð, og þess vegna er ástæða til að ræða þetta nokkuð. Annars var það þó sérstaklega annað, sem gaf mér tilefni til að standa upp.

Í fyrri ræðu sinni sá hæstv. fjmrh. ástæðu til þess að fara sérstökum hrósyrðum um hv. 2. þm. Reykv. fyrir samstarf þeirra í nýbyggingarráði og hældi honum og nýbyggingarráði mjög fyrir störf, sem það hefði unnið og þeir saman 2 s. l. ár. Það mun hafa komið ýmsum mönnum á óvart, að hæstv. fjmrh. skyldi fara að kasta þannig ástarorðum yfir salinn til leiðtoga stjórnarandstöðunnar, og menn voru ennþá meira undrandi, þegar þeir heyrðu, að ekki stóð á því, að hv. 2. þm. Reykv. tæki undir þessa ástarkveðju, og í einni ræðu sinni lýsti hann yfir sérstakri ánægju af samstarfinu við hæstv. fjmrh. í nýbyggingarráði og hrósaði öllum störfum nýbyggingarráðs hið mesta. Þetta þótti ýmsum næsta spaugilegt og nokkuð óvenjulegt, að þannig skyldi kastað ástarorðum milli ráðh. og leiðtoga stjórnarandstöðunnar. En þegar farið er að athuga, hvort þessi hrósyrði þarna á milli eru eðlileg eða á nokkrum rökum reist, þá verður manni ljóst, að þau eru nokkuð undarlegri en orðin sjálf kunna að hafa gefið tilefni til að halda. Ég benti á það í ræðu minni, að samkvæmt l. um nýbyggingarráð hefði það verið höfuðverkefni nýbyggingarráðs, eins og segir í l., að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn fyrir næstu 5 ár, um nýsköpun íslenzka þjóðarbúsins, og nýbyggingarráð fékk til umráða 300 millj. kr. og átti að verja þessum fjármunum eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar. Höfuðverkefni nýbyggingarráðs var sem sé tvenns konar: annars vegar að semja heildaráætlun og hins vegar að ráðstafa þessum 300 millj. kr. og auk þess 15% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Ég leiddi að því rök, að nýbyggingarráði hefði ekki farið þetta starf sitt svo vel úr hendi, að sérstök ástæða væri fyrir form. og varaform. — hæstv. fjmrh. og leiðtoga stjórnarandstöðunnar — að hrósa hvor öðrum sérstaklega mikið af því. Ég gat um það, að nýbyggingarráð hefði ekki enn innt af hendi þá meginskyldu sína að semja heildaráætlun um nýsköpun íslenzkra atvinnuvega, sú áætlun er ekki til og hefur aldrei verið samin. Það eina, sem gert hefur verið í þessa átt, er, að samin hefur verið áætlun um togaraflotann og aukningu hans, sem frekar má telja ritgerð en áætlun, en nýbyggingarráð hefur ekki gætt þeirrar höfuðskyldu að semja heildaráætlun um nýsköpun í íslenzku atvinnulífi. Ég benti á, að nýbyggingarráð hefði, síðan það tók til starfa, gefið út leyfi fyrir 355 millj. kr. til 1. marz, þar af eru eftir leyfisveitingar fyrir 8 millj. kr., sem ekki hafa verið notaðar, svo að leyfisveitingar hafa verið notaðar fyrir 347 millj. kr. Að vísu er nokkur spurning um það, að eitthvað af þessum leyfum hafi ekki verið framlengt, það veit ég ekki um, en það mun form. ráðsins vita. Heildarleyfisveitingar nýbyggingarráðs eru þá 347 millj. kr. Nýbyggingarreikningurinn nemur hins vegar 304 millj. kr. Það eru því 304 millj. kr., sem nýbyggingarráð hefur haft til að gefa leyfi út á, en það gefur hins vegar leyfi út á 347 millj. kr. Ég veit ekki, hvort formenn nýbyggingarráðs hafa ástæðu til að hrósa hvor öðrum fyrir þessa ráðsmennsku, — ég held þó ekki.

Enn heldur nýbyggingarráð áfram leyfisveitingum í febrúar fyrir 13 millj. kr., jafnvel þótt leyfisveitingar séu orðnar talsvert meiri en stendur inni á nýbyggingarreikningi. Ég veit, að því verður svarað til, að eftir sé að færa inn á nýbyggingarreikning 15% af verðmæti útflutningsins 1946, sem nemur 40 millj. kr., en þar til er því að svara, að þessar 40 millj. eru ekki til, þjóðin á þær ekki lengur — gjaldeyriseignin er þegar orðin neikvæð, því eins og hæstv. menntmrh. minntist á í sinni ræðu, þá er frjáls gjaldeyriseign þjóðarinnar aðeins 44 millj. kr., en greiðsluábyrgðir bankanna 58 millj. kr.

Hv. 2. þm. Reykv. ræddi í sinni ræðu á föstudaginn um það, að nauðsynlegt væri að stofna ekki til erlendra skulda. Þetta er rétt hjá honum. En í ljósi þess virðist það vera undarlegt, að hann skuli ekki sýna meiri varkárni í störfum sínum í nýbyggingarráði en svo að halda áfram útgáfu gjaldeyrisleyfa vitandi það, að engin gjaldeyrisinnistæða er til til þess að veita leyfi út á, og vitandi það, að með þessu er hann að stofna til gjaldeyrisskulda. En í þingsölunum varar hann við að stofna til erlendra skulda. Með tilliti til þessara staðreynda held ég, að ekki hafi verið ástæða til svo rækilegra hrósyrða sem fóru á milli hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Reykv., og þess vegna ástæðulaust fyrir hæstv. fjmrh. að undrast það, að mér og fleirum skuli hafa fundizt nokkuð ofmælt í þessum vinaorðum og hrósyrðum.

Það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh., að ég hafi verið að vitna í orðróm um það, hvernig nýbyggingarráð hafi ráðstafað sínum gjaldeyri. Mér er kunnugt um, hvernig það hefur gert það. En það, sem hann mun meina, þegar hann talar um orðróm, mun vera það, að ég sagði, að það hefði heyrzt, að nýbyggingarráð hefði auk þessa farið

nokkuð út fyrir sitt verksvið í sínum leyfisveitingum. Hann sagði, að það væri óþarfi að tala um orðróm, þar sem ég ætti að vita, hvað nýbyggingarráð hefði veitt mikil leyfi. Ég hef hér fyrir mér skýrslu um leyfisveitingar nýbyggingarráðs, og það er alveg rétt, að þar sést ekki neitt um einstakar leyfisveitingar, og þar er heldur ekki mjög nákvæm undirflokkun. Það stendur t. d. ekki í þessum skýrslum, að veitt hafi verið leyfi til kvikmyndastarfsemi, og enn síður, að það hafi verið veitt leyfi til kvikmyndastarfsemi fyrir bæjarstjórann á Norðfirði, ekki til bæjarins sjálfs, heldur til bæjarstjórans privat.

Ég hygg, að segja megi, að nýbyggingarráð hafi hér seilzt út fyrir starfssvið sitt sökum afbrýðisemi við viðskiptaráð. Það hefur ekki alltaf stýrt í nýsköpunaráttina, þótt leyfi þessi eigi að vera bundin við framleiðslutæki og aðra nýsköpun. Það er t. d. þetta bíóleyfi, sem veitt var til Norðfjarðar fyrir mánuði síðan eða svo, enginn heldur því fram, að það sé nýsköpun að veita kommúnista á Norðfirði leyfi til að setja upp bíó.

Hæstv. fjmrh. talaði um það, að einhver mundi hafa sent mig til að halda mína gagnrýnisræðu hér, og átti þar við viðskiptaráð, og hann gaf í skyn, að mér væri nú vissara að fara varlega, því að það mundi nú ekki hafa svo hreint mél í pokahorninu. Hann fullyrti þetta, en vísaði í þetta skipti ekki til neins orðróms í þessu sambandi, og læt ég því að mestu ósvarað. En ég vil benda hæstv. fjmrh. á, að ef hann hefur eitthvað út á viðskiptaráð að setja, væri honum nær að snúa sér með umkvartanir sínar til flokksbróður síns, Péturs Magnússonar, hæstv. fyrrv. viðskmrh., því að allir vita, að ráðið hefur á undanförnum árum fylgt stefnu hans í öllum meginatriðum. Sé því starfsemi viðskiptaráðs að einhverju leyti vítaverð, er ekki síður við þennan hæstv. fyrrv. ráðh. að sakast, og átti hann því fremur hnúturnar, sem hæstv. fjmrh. ætlaði viðskiptaráði. En ætti að fara rækilega út í þessa sálma, mundi það lengja umræður um of, en þær eru þegar orðnar langar og hafa borizt vítt og breitt.

Varðandi jeppainnflutning nýbyggingarráðs er það misskilningur, að ég hafi gagnrýnt jeppainnflutninginn yfirleitt. Ég var aðeins að gagnrýna það, að sá innflutningur hefði ekki allur gengið til atvinnulífsins. Og auk þess eru yfirbyggðu jepparnir, sem fluttir hafa verið inn, allir vita, að þeir geta ekki stuðlað að nýbyggingu atvinnuveganna.

Það, sem í fyrsta lagi gaf mér tilefni til að taka hér til máls, voru þessi fúlsyrði formanns nýbyggingarráðs, núverandi hæstv. fjmrh., og mér fannst sannarlega, að hann hefði sízt ástæðu til að láta sér þau um munn fara. Og í öðru lagi var það vegna þeirrar gagnrýni, sem fram hefur komið á þessu frv., en hún hefur verið alveg sérstaklega máttlaus. Þessi gagnrýni hefur bæði komið frá vinstri og hægri, ýmist hefur það verið talið allt of róttækt eða ekki nærri nógu róttækt. Hv. þm. A-Húnv. hefur nú endurtekið þau rök, sem hann færði fyrir því, að frv. væri of róttækt, og hæstv. forsrh. svaraði þeirri gagnrýni svo rækilega, að ég ætla ekki að bæta neinu við það. En mig langar til að segja hér nokkur orð um gagnrýni sósíalista, þar sem ég varð að ljúka ræðu minni svo skjótlega s. l. föstudagskvöld, vegna þess að kvöldverðartími var kominn.

Gagnrýni sósíalista hefur einkum verið tvenns konar. Annars vegar hefur ekki verið talið vera um nógu mikinn áætlunarbúskap að ræða, þ. e. a. s. ekki samin áætlunargerð um nógu mörg mál, og hins vegar hefur verið talið, að með þessu frv. fengi fjárhagsráð ekki vald yfir bönkunum, en að það vald væri nauðsynlegt, til þess að fullur árangur næðist. Það fer ekki hjá því, að mönnum þyki það hljóma undarlegar en við mætti búast, er hv. 2. þm. Reykv. þykir ekki nógu langt gengið í átt áætlunarbúskapar með þessu frv. Hann átti sinn þátt í setningu nýbyggingarráðslaganna, og þar var gert ráð fyrir að nýbyggingarráð semdi áætlun um nýsköpun íslenzks atvinnulífs. Hv. 2. þm. Reykv. hafði sérstaklega góða ástæðu til að framfylgja þessu ákvæði l. En eftir rúmlega tveggja ára starf hans í nýbyggingarráði er engin slík áætlun til um nýsköpun atvinnulífsins. En nú, þegar miklu víðtækara frv. kemur fram, frv., sem ekki miðast við nýsköpunina eingöngu, heldur skipulagningu alls atvinnulífsins og eftirlit með allri fjárfestingu í landinu, þegar slíkt frv. kemur fram, sem endurbætir mjög lögin um nýbyggingarráð og eykur mjög íhlutun ríkisins, þá verður hv. 2. þm. Reykv. skyndilega óánægður. En hann var ánægður með l. um nýbyggingarráð, líklega vegna þess, að þau voru sett að tilhlutan þeirrar ríkisstj., sem flokkur hans átti þátt í að mynda, og hann vissi, að mundi sjálfur hafa áhrif á þau l. í framkvæmdinni. En nú er hann óánægður með miklu víðtækari og róttækari löggjöf á sama sviði, af því að hann er í stjórnarandstöðu og getur ekki sjálfur hafi áhrif á framkvæmd l. Hér er mjög skýrt dæmi um afstöðu, sem ekki mótast af eðli málsins sjálfs, en mótast af því einu, hvort um stjórnaraðstöðu eða stjórnarandstöðu er að ræða.

Þá kem ég að hinu atriðinu í gagnrýni sósíalista, valdinu yfir bönkunum. Nýbyggingarráði var ekki heldur gefið slíkt vald, og ekki kom það fram, að sósíalistar teldu það neinn galla á þeim l. Og í öll þessi ár hefur tiltölulega lítið heyrzt frá þeim í þá átt, að brýna nauðsyn bæri til, að nýbyggingarráð fengi slíkt vald. Það, sem áður var gott, á meðan hv. 2. þm. Reykv. og flokkur hans var í stjórnaraðstöðu, er nú skyndilega orðið algerlega óhæft, óalandi og óferjandi í alla staði, þegar flokkurinn er ekki lengur í þeirri aðstöðu. Slík gagnrýni er meira en lítið máttlaus. Og satt að segja kemur mér það nokkuð á óvart, hve veigalítil þessi gagnrýni er. Með því er ég ekki að segja, að ríkið eigi ekki að hafa full tök á útlánapólitík bankanna. Hitt er annað mál, hvort heppilegt sé, að fjárhagsráð og bankaráð sé beinlínis sameinað í eina stofnun, og um það skal ég ekki fjölyrða.

Hæstv. fjmrh. fór allmörgum orðum um „plan-ökónómi" í ræðu sinni, gagnrýndi hana mjög og vitnaði í erlendar bækur máli sínu til stuðnings. Hæstv. forsrh. hefur hins vegar lýst vel, hve þýðingarmikið spor þetta frv. er í áttina til fullkomins áætlunarbúskapar hér á landi. En nú vill hæstv. fjmrh. ekkert með áætlunarbúskap gera og ekkert við hann kannast. Ég hélt að vafalaust mætti skilja stefnuyfirlýsingu hæstv. forsrh. í þessu máli sem stefnu ríkisstj., og kom mér því nokkuð á óvart að heyra þessi ummæli hæstv. fjmrh. Hitt er minna tiltökumál, þó að hv. þm. A-Húnv. þrumi hér gegn áætlunarbúskap og kommúnisma.

Hæstv. fjmrh. talaði allmikið um það, að mig

skorti talsvert skilning á lífskjörum og hagsmunum almennings, og bæru ýmis skrif mín vott um það. Öðru máli væri að gegna um hann sjálfan, skilning hans og ást á alþýðunni og umhyggju hans fyrir bættum kjörum hennar. Ef þetta væri nú allt þannig, held ég, að hann ætti sem fljótast að segja sig úr þeim flokki, sem hann er nú í. Hingað til hefur sá flokkur ekki verið sérlega giftudrjúgur alþýðunni, og gæti ég nefnt mörg dæmi um það, ef ég vildi þenja umræður svo vítt og breitt. En hér skýtur nokkuð skökku við, er einn af forvígismönnum Sjálfstfl. telur alþýðuflokksmanni það til sérstaks lasts, að hann sýni heldur lítinn skilning á lífskjörum og hagsmunum alþýðunnar. Ég veit hvaða hagsmunum hæstv. fjmrh. hefur sérstakan skilning og áhuga á, hann hefur ekki eingöngu sýnt það í ræðum sínum, heldur og í ýmsum verkum.

Hæstv. fjmrh. lýsti eftir því, að ég gerði grein fyrir, hvort ég hefði lagt fram nokkrar sérstakar skipulagningartillögur í viðskiptaráði, en í því ráði hef ég átt sæti, þegar það hefur fjallað um verðlagsmál. Var það á hæstv. ráðh. að heyra, að ekki sæti á mér að víta nýbyggingarráð fyrir framkvæmdaleysi, þar eð ekki mundu hafa legið miklar tillögur fyrir frá mér í viðskiptaráði. Ég furða mig mjög á þessum ummælum hæstv. ráðh. og sérstaklega á því, að hann skuli viðhafa þau einmitt nú, og skal ég síðar koma að því.

Annars ætti ekki að þurfa að skýra hæstv. ráðh. frá því, að hlutverk viðskiptaráðs, þegar það fjallar um verðlagsmál, er ekki að semja „skipulagstillögur", heldur að setja reglur um verðlagningu þeirra vörutegunda, sem undir það heyra, og á því sviði hefur það vissulega verið allathafnasamt. Þegar það tók til starfa fyrst á árinu 1943, fór því víðsfjarri, að verðlagsákvæði væru til um allar vörur, sem fluttar eru til landsins. Á fyrsta starfsári sínu setti ráðið ákvæði um allar þær innflutningsvörur, sem ákvæði vantaði um, og auk þess mikinn fjölda innlendra iðnaðarvara og ýmiss konar innlendrar þjónustu. Skömmu eftir að ráðið tók til starfa, gerbreytti það og allri framkvæmd verðlagseftirlitsins með innfluttum vörum, og hirði ég ekki um að lýsa því fyrirkomulagi, sem upp var tekið og viðhaft er enn, en þess má þó geta, að verðlagseftirlitið fær nú afrit af verðreikningi yfir sérhverja vörusendingu, sem flutt er til landsins, og endurskoðar það. Jafnframt fær svo eftirlitið afrit af öllum sölureikningum innflytjenda, svo að hægt er að fylgjast með því, að söluverð sé í samræmi við verðreikninginn. Viðskiptaráðið hefur og nokkrum sinnum endurskoðað flest gildandi verðlagsákvæði, eftir því sem ástæða hefur þótt til.

Við setningu verðlagsákvæða hefur viðskiptaráð til skamms tíma — eins og raunar þeir, sem með verðlagseftirlit hafa farið á undan því, — fyrst og fremst orðið að styðjast við rekstrarreikninga fyrirtækjanna, þá sömu, sem þau afhenda skattayfirvöldum, en á allra vitorði er, að þeir eru ekki mjög áreiðanleg heimildarskjöl. Þess vegna stofnaði verðlagseftirlit til rannsóknar á raunverulegum dreifingarkostnaði innfluttrar vöru á grundvelli verðreikninga þeirra, sem verðlagseftirlitið fær, samkv. því, sem ég gat um áðan, og var rannsókninni ætlað að ná til áranna 1944 og 1945. Átti niðurstaðan að liggja fyrir í ársbyrjun 1946, en skýrslan varð þó ekki fullbúin fyrr en í apríl í fyrra. Ég var þá farinn utan í þágu embættis míns og kom ekki til landsins aftur fyrr en um mánaðamótin sept.—okt. Meðan ég var erlendis, höfðu engar tillögur verið undirbúnar um breytingar á verðlagsákvæðum á grundvelli þessarar skýrslu, en eftir heimkomu mína var farið að vinna að því, og nú nokkru eftir áramótin lágu fyrir tillögur um ný verðlagsákvæði um nær allar innfluttar vörur, og miðuðu þær til verulegrar lækkunar á álagningu frá því, sem verið hefur. Jafnframt var svo gert ráð fyrir því, að í ýmsum vöruflokkum væri hætt við að miða álagninguna eingöngu við kostnaðarverð vörunnar, en hún miðuð sumpart við magn hennar og sumpart kostnaðarverð. Þessar tillögur voru ræddar við fulltrúa verzlunarstéttarinnar, og tóku þær viðræður alllangan tíma. En vitað var, að meiri hluti væri fyrir samþykkt þessara till. í viðskiptaráði. Engu að síður hefur ráðið ekki enn tekið þessar till. til endanlegrar afgreiðslu, og veit hæstv. fjmrh. vel, af hverju það hefur ekki verið gert. Hæstv. ríkisstj. hefur nefnilega óskað eftir því, að till. yrðu ekki endanlega afgreiddar, fyrr en ríkisstj. hefði rætt við viðskiptaráðið, og mun einmitt hæstv. fjmrh. hafa staðið að þessari ósk. Eftir þessum fundi hefur viðskiptaráðið beðið nú alllengi, og getur hæstv. fjmrh. vafalaust ráðið miklu um, hvenær hann verður haldinn.

Hér er m. ö. o. um það að ræða, að í viðskiptaráði liggja fyrir fullbúnar til afgreiðslu víðtækar tillögur um endurskoðun og lækkun gildandi verðlagsákvæða, en frá þeim er ekki gengið vegna þess, að hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir því. Auðvitað veit hæstv. fjmrh. þetta allt, og þess vegna er mér öldungis óskiljanlegt, hvernig hann telur sig þess um kominn að sveigja að mér í þessu sambandi með því að spyrja, hvort fyrir lægju frá mér eða öðrum till. um aðgerðir á starfssviði viðskiptaráðs og láta það liggja í orðum sínum, að svo sé ekki. Hann veit, að þetta er ekki rétt. Hann veit, að fyrir liggja mjög þýðingarmiklar og víðtækar till. til endurskoðunar og lækkunar álagningarstigans, og hann veit, að þetta hefur enn ekki verið endanlega afgr., m. a. af því, að hann hefur sjálfur óskað eftir, að það væri ekki gert.

Enda þótt ástæða væri til að svara fleiri atriðum í ræðu hæstv. fjmrh., ætla ég nú að láta hér staðar numið, því að full ástæða er til, að umr. færu að styttast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 118. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 517, 559, n. 662, 690).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 662 ber með sér, þá hefur meiri hl. fjhn. litlu við að bæta það, sem stendur í grg frv. og fram kom við 1. umr. í ræðum hæstv. ríkisstj., sem flutti frv. Við flytjum aðeins eina brtt., sem má segja, að sé meiri háttar, um að hafa 5 menn í þessu ráði í stað 4 manna, eins og gert er ráð fyrir í frv. Við teljum, að 5 manna ráð sé í réttara hlutfalli við styrkleika

þingflokkanna. En við höldum okkur við það, að það skuli vera stjórnskipað, enda á þetta ráð að fara með part af framkvæmdarvaldinu, og því teljum við rétt, að ríkisstj. eigi að skipa það, til þess að ekki verði klofningur milli ráðsins og ríkisstj. Þó að Alþ. auki framkvæmdarvaldið, eins og hér er gert með þessari löggjöf, þá er ekki ástæða til, að það skipi menn að þessu leyti í framkvæmdarvaldið, þannig að það yrðu í raun og veru tvær ríkisstjórnir í landinu. Það hefur verið venja að skipa slík ráð sem þetta, svo sem t. d. nýbyggingarráð, af ríkisstj., því að ríkisstj. þarf að hafa vald til þess að skipta um menn í ráðinu, ef nauðsyn krefur, þó að það séu kannske ekki líkur til, að til þess komi.

Aðrar brtt. hygg ég ekki, að þurfi að skýra frekar en gert er í nál. En við teljum ótvírætt til bóta, að fært sé saman starf nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs, því að það hefur komið á daginn, sérstaklega á síðasta ári, að það er mjög varhugavert að hafa þau störf á tveimur stöðum, sem þessi ráð hafa annazt, sérstaklega útdeilingu á leyfum vegna innflutnings. Við það að hafa slíkt á tveimur stöðum þá er hvort tveggja, að landamerkin á milli tveggja slíkra ráða eru ógreinileg, og einnig hitt, að það er jafnan hætta á, að skapist samkeppni um úthlutun leyfa hjá tveimur slíkum ráðum. Það er einnig sjálfsagt, að ráð, sem á að gera áætlanir, sjái um framkvæmd þeirra, en fjárhagsráð á að gera allar höfuðáætlanir, sem svo á að framkvæma, sumpart með fjárfestingarleyfum og sumpart með innflutningsleyfum. — Hið mikla nýmæli, sem hér er um að ræða, að veita leyfi til fjárfestingar, teljum við nauðsynlegt, enda hefur það komið á daginn, að svo miklar framkvæmdir hafa verið undanfarið, að það hefur bæði eytt um of fjármagni landsmanna og eins fylgir því alltaf hætta á aukningu dýrtíðarinnar. Og jafnvel er svo með margar stórar framkvæmdir, að það tefur þær allar, ef allt á að vera samferða, í stað þess að skammtaður sé gjaldeyrir til framkvæmda á þann hátt, að sumt af framkvæmdunum komi sem fyrst að gagni. Það hefur líka borið á því, að sumir staðir hafi orðið afskiptir í þessu sambandi, og gerir einnig þetta það nauðsynlegt, að fjárfesting fari fram með skipulögðum hætti til þess að hindra, að þeir veikari og afskekktari verði afskiptir í þessu kapphlaupi. Það er ekki aðeins óhollt, að svo mikil samkeppni sé um fjármagnið og starfskraftana á svona tímum, heldur þarf líka að gæta að hinu, að þegar vöruskortur er á vissum sviðum — og sérstaklega má búast við, að slíkt eigi sér stað um ýmis framleiðslutæki og byggingarvörur, jafnvel um langt skeið —, þá þarf að skipuleggja það, hvernig slíkt skuli keypt inn og hvernig slíkum vörum skuli ráðstafað innanlands.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Ég get í flestum greinum vísað til grg. frv. og grg. hæstv. ríkisstj. frá 1. umr. um þetta frv. Auk þess hef ég ekki enn séð álit hv. minni hl. fjhn., en þeim brtt., sem hv. minni hl. n. ber fram, er fyrst útbýtt á þessum fundi. Og mér hefur ekki unnizt tími til þess að líta á þær. Ég mun þess vegna geyma að minnast á öll ágreiningsatriði á milli meiri hl. og minni hl. n., þar til frekari grein er gerð fyrir klofningi nefndarinnar af hálfu hv. minni hluta.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hafði farið fram á það við hæstv. forseta og hæstv. ríkisstj. að fá þessu máli frestað, þar til seinna í vikunni, vegna þess að mér hefur ekki tekizt ennþá að ljúka við neitt nál. Hæstv. ríkisstj. hefur lagt áherzlu á að fá þetta mál á dagskrá hér nú í dag. En þær brtt., sem ég hefði viljað gera í því formi, sem ég gekk frá þeim í gær, hafa ekki fengizt prentaðar, vegna þess að Gutenberg þarf að láta ganga fyrir að prenta fjárl. Ég verð því nú að láta mér nægja framsöguræðu um þetta mál án þess að geta lagt fram prentað nál.

Ég minntist á það í fjhn., að ég mundi reyna að vinna að því að gera mjög miklar breyt. á 2. gr. og út frá henni, vegna þess að minn hugsunarháttur viðkomandi íslenzku atvinnulífi væri allur annar en þar kemur fram. Ég hef því þennan tíma, síðan n. klofnaði og þar til nú, verið að reyna að vinna að þessu, að forma betur ákvæðin um það hlutverk, sem ég tel, að þetta ráð eigi að hafa.

Í frv. ríkisstj. er gengið út frá, að hlutverk fjárhagsráðs sé að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir, þannig að þær verði gerðar eftir fyrir fram samþinni áætlun fjárhagsráðs, er ríkisstj. staðfestir.

Hugsunarhátturinn er sá, að sökum þess, að undanfarið hefur verið mjög mikið að gera í íslenzku þjóðlífi, framkvæmdir og framtak afskaplega mikið, þá þurfi að setja ráð til þess að takmarka þessar framkvæmdir. Ég álít, að þannig sé það ekki í reyndinni. Ég álít, að þetta sé ekki aðalatriðið, sem beri að stefna að, heldur að við þurfum að samræma þær aðgerðir, sem gera skal, ekki aðeins fyrir hvert ár, heldur langt fram í tímann, því að öðruvísi sé ekki hægt að vinna að þessum málum, við verðum að búa til áætlanir, sem ná ekki aðeins yfir eitt ár, heldur 5—10 ár fram í tímann. Mun ég rökstyðja það nánar í þessari ræðu.

Mér hefur skilizt, t. d. á hæstv. dómsmrh. við 1. umr. þessa máls, að hann gekk greinilega út frá því, að Íslendingar tækju ekki upp áætlunarbúskap. Hins vegar skildist mér á hæstv. forsrh., að hann vildi leggja þann skilning í þessi l., að taka ætti upp áætlunarbúskap. Ég vil undirstrika það, að mínar brtt. eru allar við það miðaðar, að Íslendingar taki upp fullkominn áætlunarbúskap, og ég mun reyna að sanna það í þessum umr., að það sé ekki fært að ætla að reka virkilega stóriðju hér á landi, það sé ekki hægt að reka okkar atvinnulíf með nútíma tækni nema með því að taka upp fullkominn áætlunarbúskap. Við munum koma til með að reka okkur á það og erum þegar farnir til þess, að með því skipulagi, sem verið hefur hjá okkur, þá stöðvast meira og minna af iðju hjá okkur. Þess vegna hef ég reynt að gera allmiklar brtt. við þetta frv., sem miða fyrst og fremst að því, að áætlunarbúskapur verði tekinn upp.

Í öðru lagi er á það að líta, að það er ekki hægt að ætla sér að búa til l. um áætlunarbúskap, án þess að það liggi fyrir um það ráð, sem á að sjá um, að þessu verði framfylgt, hvaða stefnu skuli fylgja í þessum áætlunarbúskap. Það er óhjákvæmilegt, að Alþ. móti í þeim l., sem það samþykkir, þá stefnu, sem þar skuli framkvæmd í einstökum greinum.

Árið 1944, þegar nýbyggingarráð var sett í l. og

þáverandi stjórn tók við völdum, þá var það ákveðið í prógrammi hennar, að það væri höfuðatriði, hvernig skyldi verja því fé, sem nýbyggingarráð ætti að ráðstafa, hvernig því væri skipt milli atvinnuvega o. þ. h., og var sú áætlun látin fylgja sem fskj. með l. um nýbyggingarráð. Það hlýtur að verða ákveðið af Alþ., þegar það ætlar að taka upp áætlunarbúskap hjá þjóðinni, hvaða atvinnugreinar eigi að leggja höfuðáherzlu á á hverju tímabili og hvernig skuli undirbyggja það, sem stefna skuli að, og við munum sjá, þegar við förum að ræða þetta mál og athuga, að við þurfum að gera þetta alllöngu fyrir fram. Það er svo takmarkaður, ekki aðeins vinnukraftur okkar þjóðar, heldur líka fjármagn og annað, sem við höfum úr að spila, að við verðum að ákveða löngu fyrir fram, hvernig við ætlum að haga framkvæmdum. Þess vegna hef ég hér formað allmargar brtt., sem allar koma út frá 2. og 3. gr., um það, hvaða höfuðstefnu fjárhagsráð skuli fylgja viðvíkjandi sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði og öðru slíku, og einnig farið nokkuð inn á einstakar framkvæmdir, þó að það sé að miklu leyti í samræmi við það, sem nú þegar hefur verið lagt til, en ekki enn þá komið til framkvæmda.

Ég held, þegar við rannsökum nánar, að við komumst að þeirri niðurstöðu, að ýmislegt, sem við höfum hugsað um undanfarið, eins og áburðarverksmiðja og annað slíkt, ýmislegt, sem okkur hefur dottið í hug og við erum að semja áætlanir um og margir hafa áhuga fyrir, það komist ekki í framkvæmd, nema það sé sett inn í miklu stærri heild og samræmt á þennan hátt.

Ég skal svo snúa mér nákvæmar að frv. og rekja eins skýrt og ég get þessar brtt., sem ég flyt.

Við 1. gr. geri ég þá brtt., að fé það, sem leggja á inn á sérstakan reikning samkvæmt þeirri gr., sé lagt inn mánaðarlega eftir á. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, og eins verður með þessi 15%, sem nú á að leggja til hliðar, að ef við gerum það ekki jafnóðum, þá erum við ekki nógu sparsamir, leggjum það ekki inn strax, heldur viljum bíða með það þar til seinna. Ég tel betra, að þetta sé gert jafnóðum og jafnað svo eftir á fyrir árið. Enn fremur held ég, að það sé skynsamlegra að kalla þennan reikning nýbyggingarreikning. Enn fremur vil ég, að það komi skýrt fram, að þetta er sami reikningur og lagt hefur verið inn á undanfarin ár og nú eru í 100 millj. kr., og þó að búið sé að ráðstafa því fé, þá er það ekki komið til útborgunar enn þá. Í l. um nýbyggingarráð er tekið fram, að fénu skuli verja til nýsköpunar, til að kaupa atvinnutæki og annað slíkt í samræmi við áætlanir þess.

Aðalatriðið í brtt. mínum við 1. gr. er það, að ég legg til, að 25% sé lagt inn á þennan reikning í stað þess, að í frv. stjórnarinnar er lagt til, að það sé 15%. Ástæðan til þess er sú, að með því að leggja aðeins 15% til hliðar, ef miðað er við meðaltalsútflutning síðasta áratugar, þá verður sú upphæð, sem þar með sparast okkur, of lítil til þess að ljúka því mikla verkefni, sem ég álít, að okkur sé nauðsyn að ljúka á næstu 10 árum. Við höfum tekið við þessu landi alls vana og verðum að byggja það upp á skömmum tíma. En ef sú kynslóð, sem næst kemur, á að geta tekið við því í sæmilegu ástandi, þá verðum við að leggja verulega að okkur. Ef við leggjum til hliðar aðeins 15%, þá þýðir það það, að við höldum aðeins sæmilega í horfinu, en ef við leggjum til hliðar 30—40 eða 25%, þá þýðir það, að uppbyggingin verður með virkilegum hraða. Ég geng hér út frá meðaltali margra ára. Það getur verið, að 15% eitt árið verði meira að krónutali en 25% annað árið, en það þarf ekki að færa rök að því, að 25% er meira en 15%. Hins vegar álít ég, að sú kynslóð, sem nú er uppi, hafi skyldu til að leggja verulega að sér til þess að byggja landið upp. Henni ber að gera það vegna þess, að engin kynslóð á Íslandi hefur búið við eins góð kjör. Þess vegna eru möguleikar fyrir okkur, ef við í tíma byrjum að spara, að vinna stórvirki með þeim sparnaði. Við vitum, að 1944 voru lagðar 200 milljónir til hliðar til að kaupa atvinnutæki, en þó er ekki búið enn að kaupa nema lítið af þeim eða þau komin til landsins. Við vitum, hvað það þýðir efnahagslega, að lagt var í þetta.

Nú komum við til með á sama hátt að ákveða aftur: Eigum við á næstu árum að leggja það á okkur að spara það á öðrum innflutningi, sem við þurfum til ýmissa hluta, sem er okkur til skemmtunar og gagns, spara það við okkur til þess að geta lagt í verulega stórfellda uppbyggingu?

Nú vil ég skýra frá því, hvað ég álít sérstaklega mæla með, að við leggjum þetta mikið að okkur á næstu árum.

Ef við ætlum að gera virkilega stóra hluti, á hvaða sviði sem er, ekki sízt hvað stóriðju snertir, þá verðum við að gera það í mjög stórum stíl, og við verðum að hafa svo mikið kapital, t. d. ef við ætlum að leggja í margfalt stærri virkjanir en að undanförnu, að við verðum að hafa svo miklu meiri peninga til að verja á 1—2 árum en við komum nokkurn tíma til með að hafa, ef það er aðeins lítið, sem við spörum upp á hverju ári. Ef við þurfum að leggja í eina vatnsvirkjunarstöð 100 millj. kr. og meginið af því útlendur gjaldeyrir, þá þorum við ekki að ráðast í slíkt og getum ekki ráðizt í það, nema við höfum stórar fjárfúlgur yfir að ráða. Ef það er lítið, sem við leggjum til hliðar á hverju ári, þá komum við ekki til með að spara nægilega mikið til að geta lagt í slíkar stórframkvæmdir. Spursmálið er, hvort við getum verið samkeppnisfærir við aðra, hvort við getum framleitt ódýrara rafmagn en Norðmenn, en til þess verðum við að geta lagt mikið fé í slíkar framkvæmdir í einu. Þess vegna álít ég óhjákvæmilegt fyrir okkur að taka ákvörðun um það strax að leggja verulega mikið til hliðar, eins mikið og við frekast treystum okkur til. Og ég álít, að við getum lagt 25% til hliðar án þess að taka verulega nærri okkur.

Þá kem ég að 2. gr. Eins og sú gr. er orðuð og þó sérstaklega 3. gr., þá er í frv. í raun og veru aðeins gengið út frá, að samin sé áætlun fyrir eitt ár í einu, en engin önnur áætlun samin. Þetta þýðir það, að fjárhagsráð ætti nú á þessu ári aðeins að semja áætlun fyrir 1948. En það er óhugsandi vinnulag að ætla sér að semja áætlun fyrir eitt ár í senn. Það er ekki hægt vegna þess, að svo og svo mikið af þeim undirbúningi, sem þarf að fara fram í sambandi við áætlun hvers árs út af fyrir sig, verður að gerast á öðrum árum, t. d. þarf langan og mikinn undirbúning, áður en viðkomandi verksmiðja kemst upp. Þess vegna þarf að gera áætlun 5—10 ár fram í tímann, þó að

það sé kannske ekki hægt að reikna það nákvæmlega út.

Ég skal taka hér sem dæmi áburðarverksmiðjumálið. Ég geng út frá, að það mál sé komið í strand í augnablikinu, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til að koma upp stóru heildarplani. Á hverju strandar það? Það strandar á því, að ekki er til nægileg raforka til að koma upp áburðarverksmiðju. Það er talað um það í áliti n., sem átti að rannsaka það mál, að það kunni að fara svo, að hægt verði að koma upp áburðarverksmiðju, þegar búið er að virkja neðri fossana í Soginu 1949—1950, en samt sem áður muni framleiðsla þeirrar verksmiðju verða of dýr, vegna þess að raforkan verði of dýr, og efamál, hvort það verði þá nægileg raforka afgangs. Það er við því búið, að 1950 verði eftirspurnin orðin svo mikil eftir rafmagni á öðrum sviðum, ekki aðeins til heimilisnota í bænum, heldur líka til fiskiðjuvera og annars slíks, að vel má svo fara, að lítill afgangur verði af því 1950. Við getum því fyllilega gert ráð fyrir, að 1950 komi það á daginn, að ekkert rafmagn verði þar afgangs handa áburðarverksmiðjunni. Þetta þýðir m. ö. o. það, að ef á að koma hér upp áburðarverksmiðju, sérstaklega ef hún á að vera nægilega stór til að geta framleitt ódýrari áburð og eins mikinn áburð og flytja þarf nú inn og jafnvel flutt áburð út, þá verður að reisa þá verksmiðju í sambandi við nýjar vatnsvirkjunarframkvæmdir. Þess vegna er það, að þegar farið er að tala um að ráðast í stórar vatnsvirkjunarframkvæmdir, þá kemur sú röksemd frá sérfræðingunum, að það þýði ekki að ráðast í stórfelldar vatnsvirkjunarframkvæmdir, vegna þess að ekki sé markaður fyrir raforkuna innanlands. Þá er á öðru sviði áburðarverksmiðja látin stöðvast, af því að ekki er til nægilega ódýr raforka, og á hinu sviðinu hætt við að reisa stór raforkuver, af því að ekki sé markaður fyrir næga raforku. Aðeins með því að fella þessar framkvæmdir saman er hægt að skapa markað fyrir væntanlega raforku og koma virkjunum upp með tryggingu fyrir, að þær beri sig svo að segja strax fyrsta árið og einnig hægt að tryggja þeim stóru verksmiðjum, sem reistar eru, næga orku. En ef við ætlum að byggja slík stór orkuver, þá þarf máske á örskömmum tíma að leggja svo að hundruðum milljóna skiptir af kapitali í virkjun, t. d. í Þjórsá, og verksmiðjur, sem standa í sambandi við það. Slíka peninga komum við ekki til með að geta átt nema með því að spara upp á þó nokkru árabili. Þess vegna álít ég óhugsandi að ætla sér að gera svona áætlun fyrir eitt einasta ár í senn. Fjárhagsráð verður að hafa sæmilega yfirlitsáætlun fyrir 5—10 ár fram í tímann, eins konar plan fyrir sjálft sig, sem ríkisstj. vitanlega hefur samþ. og búast má við, að hafi fylgi Alþingis. Út frá þessu sem höfuðlínu verður síðan fjárhagsráð að ákveða fyrir hvert einstakt ár út af fyrir sig, hvað það er, sem það ætlar að ráðast í. Ef við spörum meira af gjaldeyri á þessum árum, þá þarf þetta að vera allt gert með slíkri forsjálni, að það sé hægt t. d. að koma upp stóriðju í svona litlu landi, sem geti staðið jafnfætis stóriðju erlendis, eða að við getum hagnýtt annað eins afl og við eigum í okkar vatnsföllum, þannig að við séum samkeppnisfærir.

Af þessum ástæðum legg ég til, að áætlun fjárhagsráðs sé tvenns konar: að það sé heildaráætlun um íslenzkt atvinnulíf í 5—10 ár, eftir því sem fjárhagsráð og ríkisstj. ákveða, og svo áætlun um hvert ár fyrir sig.

Út frá þessu eru mínar brtt. við 2. gr. gerðar. Þær eru aðeins við 2. málslið 1. málsgr. En það er ein smábrtt., sem ég flyt við 2. gr. Þar stendur, að öllum vinnandi mönnum, og þá sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en koma í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku. Ég legg til, að orðið „vinnandi" falli niður. Ég hygg, að það sé meining gr., að öllum mönnum séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, þ. e. að allir, sem vinna, fái réttlátar tekjur fyrir það. Í niðurlagi málsliðarins stendur: „en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku". Ég legg til, að orðið „óeðlileg" falli niður. Ég álít, að sérréttindi eigi ekki að eiga sér stað, og spákaupmennsku viljum við allir útrýma, svo að það er ekki rétt að hossa sérréttindum og telja, að spákaupmennska eigi sér stað og sé eðlileg. Þetta er aðeins leiðrétting.

Þá legg ég til, að bætt sé við 3. gr., en í brtt. er prentvilla, það á að standa 3 a og b við 3. gr. Í a-liðnum legg ég til, að tekið sé upp í frv. sams konar orðalag um heildaráætlunina og er í núgildandi l., en úr því er dregið með breyt. hæstv. stjórnar, og álít ég það óþarft.

Hins vegar er b-liðurinn mjög mikil efnisbreyt. Ég legg til, að aftan við gr. bætist ný málsgr. á þá leið, að fjárhagsráð skuli um samning og framkvæmd útflutnings- og innflutningsáætlana sinna alveg sérstaklega stefna að því að afstýra því, að atvinnulíf landsmanna verði fyrir kreppum, markaðsvandræðum og verðhruni, en beita sér fyrir því, að afkomuöryggi landsmanna verði tryggt með útvegun öruggra framtíðarmarkaða, m. a. með því, að samið verði til nokkurra ára í senn um sölu og kaup erlendra vara. Ég þarf ekki að ræða þetta ýtarlega nú, ég geri það kannske seinna í umr.

Til þess að halda mér við aðalatriðin í þessu, þá tek ég fyrir 4. brtt., sem er með allmörgum undirliðum og er um það í stuttu máli, að taka skuli upp í þessi l. að ákveða höfuðstefnu fjárhagsráðs á hverju af þessum sviðum. Ég tek fyrst fyrir sjávarútveginn. Nú er það svo hvað sjávarútveginn snertir, þá liggur fyrir fyrsta áætlunin, sem hefur verið gerð um það svið af þeirri stofnun, sem sett var til að semja um það, nýbyggingarráði, og mun hv. þm. að einhverju leyti kunn, þar sem hún hefur verið send út. Þar liggur fyrir áætlun um að efla sjávarútveginn í næstu fimm ár. Það er höfuðatriði, að Íslendingar eigi að eignast nægilegan skipastól til þess að geta annazt fiskveiðar á Íslandsmiðum, miðað við það, sem þessi fiskimið þola nú eftir þeim rannsóknum og niðurstöðum, sem sérfræðingar okkar hafa komizt að. Ég tek enga ábyrgð á, hvort þær eru endilega réttar, en ef annað reynist, þá getum við breytt áætluninni í samræmi við það. Við eigum í þessu efni að miða við, að það verði reynt að semja um alþjóðasamvinnu við aðrar þjóðir og þar verði m. a. samið um alþjóðaverkaskiptingu og þar verði það okkar hlutverk að framleiða þann fisk, sem hægt er að framleiða á Íslandsmiðum. En þá verðum við að geta leitt rök að því, að við séum þessum vanda vaxnir, við höfum nægan flota til

að inna þetta starf af hendi. Við verðum að halda því fram í sambandi við þessa alþjóðasamvinnu, að það sé réttlátt og skynsamlegt, að við Íslendingar sjáum um þennan þátt. Fari svo, að þetta nái ekki fram að ganga, að það náist ekki samkomulag um, að við Íslendingar öðrum fremur sitjum að framleiðslu á fiskimiðum Íslands, en áfram haldi sú samkeppni og rányrkja, sem átt hefur sér stað, þá verðum við Íslendingar jafnt sem aðrar þjóðir að vera við búnir að veiða þar og enn fremur við því búnir að sækja á fiskimið annarra þjóða, hafa skip, sem geta það, og við það eru líka okkar stóru togarar miðaðir. Hins vegar sjáum við auðvitað fyrir, að svo framarlega sem ekki næst alþjóðasamkomulag, þá fer vaxandi sú hætta, að fiskimið okkar verði ekki önnur eins uppgrip og verið hefur fyrir okkar þjóðfélag. Náist hins vegar samkomulag við aðrar þjóðir, þá tel ég rétt að miða við þann flota, sem við göngum út frá í áætlun nýbyggingarráðs, en sú áætlun nær yfir fimm ár, 1946—1950, og að því tímabili loknu sé fiskiflotinn þannig búinn, að hann geti fullnægt þessum kröfum, að hann geti náð því marki að veiða þetta magn, 5600 þús. tonn af fiski úr sjó. 1950—1951 ættum við að hafa lokið höfuðatriðum þessarar aukningar skipastólsins. Sem sé geng ég út frá því, að aukning okkar skipastóls verði ekki meiri, meðan áætlunin, sem við höfum gengið út frá um fiskimið okkar og annað slíkt, er óbreytt. En ef ekki næst samkomulag um það í alþjóðasamningum, að við fáum að sitja að þessari auðuppsprettu einir, þá verðum við að reikna með því í náinni framtíð, að við verðum að lifa að verulegu leyti á öðru en sjávarútvegi, og enn fremur höfum við reiknað með því, að aflinn verði undir eins hagnýttur. En til þess að leggja grundvöllinn að því, þá verðum við að spara svo mikinn erlendan gjaldeyri sem okkur er mögulegt og leggja hann til hliðar í þessu skyni. Þess vegna hef ég slegið föstu með þessari brtt., að sé þessi áætlun nýbyggingarráðs framkvæmd, þá sé þar með lokið höfuðáfanganum í að efla okkar sjávarútveg á þessu tímabili.

Við eigum að nota það fé, sem við vonandi ausum upp á þessu 5 ára tímabili, til þess að skapa undirbúning að því, sem við ætlum að leggja höfuðáherzlu á síðar. Þess vegna álít ég líka heppilegt, að við reynum að koma upp hinum nýja fiskiskipastól sem allra fyrst, að þetta gangi sem fljótast, vegna þess að hvert ár, sem hver togari er ekki kominn, er tap. T. d. telst mér svo til, að hinn nýi togari, Ingólfur Arnarson, muni á einu ári fiska fyrir álíka mikinn útlendan gjaldeyri og hann hefur kostað. Og þannig skulum við vona, að við getum haldið áfram að ausa upp gjaldeyri. Þess vegna hef ég í a-brtt. undir 4. gr. tekið fram í 9 undirliðum, að hvaða höfuðverkefnum ég álít við eigum að beita okkur á næstu fimm árum. — Hvað snertir hin atriðin, fiskiðjuverin, þá eru það í raun og veru allt ýmist mál, sem vitanlegt er, að nauðsyn er á að koma í framkvæmd, eða það hefur beinlínis verið ákveðið að koma þessu upp, en það ekki verið framkvæmt.

Nú, svo kemur 5. gr., sem frá mínu sjónarmiði er höfuðatriðið í sambandi við þessa áætlun. Það er enginn vafi á því, að það væri óráð fyrir Íslendinga þrátt fyrir það, hvað sjávarútvegurinn gefur okkur mikið, að byggja eingöngu á honum, þegar við hugsum um framtíðina. Við erum sem stendur ekki nema 130 þús. í þessu landi, en eins og fólkinu hefur fjölgað hér á síðustu öldum, vonumst við til, að þeir tímar komi, að hér búi milljónir manna, sem við þá verðum að geta fætt. Og þegar við hugsum um, af hvaða iðju við ætlum að lifa í framtíðinni, þá verðum við að hugsa um meira en okkar sjávarútveg og landbúnað í því ástandi, sem hann er nú. Við verðum að gæta að því, að við getum ekki í það óendanlega haldið áfram að auka sjávarútveg okkar, við verðum að finna eitthvað annað til þess að lifa af. Landbúnaðurinn, sem fram að þessu hefur verið okkar annar aðalatvinnuvegur, er nú orðinn langt á eftir tímanum, eins og hann er rekinn nú. Ég er þess fullviss, að íslenzkur landbúnaður á mikla framtíð fyrir höndum. Við eigum vafalaust eftir að rækta allt landið, a. m. k. þann hluta, sem ræktanlegur er, og hafa þar mikla framleiðslu og góða vinnu. En til þess að geta það þurfum við að geta látið landbúnaðinum í té bæði fjármagn og jarðhita í miklu ríkari mæli en nú. Ef við ætlum að hafa allan okkar heyskap á ræktuðu landi og koma hér upp fjöldamörgum gróðurhúsum, eins og jarðhitasvæðin skapa raunverulega möguleika fyrir, verðum við að hefja mjög stórfelldar raforkuframkvæmdir í landi okkar. Hins vegar er ekki gefið, þó að við ykjum þann landbúnað gífurlega, margfalt á við það, sem nú er, með aukinni vélanotkun — þá er ekki gefið, að sá fjöldi, sem vinnur við landbúnaðinn, yrði svo miklu meiri en nú er. Við verðum að leggja grundvöll að stórfelldum iðnaði, og nú erum við svo heppnir að eiga okkar mikla fossaafl. Viðvíkjandi okkar fossafli og rafmagni þá höfum við alltaf rekið okkur á það, að við höfum byrjað of smátt, af því að við höfum verið svo fátækir. Við höfum verið fátækir og þurft að taka lán erlendis og gengið á milli höfuðborga erlendis til þess að biðja um þessi lán og af vanefnum ráðizt í þetta. Við höfum alltaf séð það eftir á. En sú kynslóð, sem hefur ráðið þessu á undanförnum áratugum, hefur þarna eina afsökun, sem verður tekin gild: Þeir áttu ekki meiri peninga. En við, sem nú tækjum við þessu, hefðum ekki þessa afsökun, við eigum ekki að þurfa að taka þessi lán, ef við höfum mannrænu í okkur, því að við ættum að geta lagt nógu mikið fyrir til þess að geta lagt í þetta. Við tölum oft um stóriðju Norðmanna, hvernig þeir flytja inn hráefni, vinna úr þeim í sínum stóru verksmiðjum og flytja síðan út aftur. Og hví skyldum við ekki geta gert þetta sama? Við vitum allir, hvaða mótbárur eru gegn þessu og erfiðleikar í þessum efnum, við höfum ekki treyst okkur fram að þessu að ráðast í neinar nægilega stórar vatnsvirkjanir, sem gætu gefið okkur nægilega ódýrt afl. Við höfum ekki haft peninga til þess, og þess vegna höfum við rekið okkur á það, að hver einasta vatnsvirkjun, sem við höfum ráðizt í, hefur verið fullásetin — og meira en það. Við vitum, að þannig er þetta hjá okkur nú, og vitum enn fremur, að nú þegar stendur þetta íslenzkum iðnaði fyrir þrifum. Hér verður því að koma gerbreyting í þessum efnum. Við þurfum á næstu árum að ráðast í það stórar vatnsvirkjanir, að við virkilega getum reiknað með orku, nægilegri til þess að koma upp stóriðju til þess að geta keppt við Norðmenn. Ég á við, að við verðum að einbeita okkur að fáum verksmiðj-

um, því að hver um sig verður að vera svo stór. — Þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þeim skilyrðum, sem við þurfum til þess að við getum ráðizt í þessar stórvirkjanir. Það er þá fyrst ódýrt kapítal, það þýðir fjármagn, sem við getum látið okkur nægja að reikna lága vexti af, því að ef fjármagnið, sem við notum til þess að byggja stóra stöð, er tekið að láni erlendis og við verðum að borga vexti, þá kiknum við undir þessu. En ef við getum sparað þetta fjármagn upp hjá okkur sjálfum og hagnýtt þá pólitík, sem við höfum tekið upp með stofnlánadeild sjávarútvegsins, þá getum við staðið undir þessu, fyrir utan það, að þá eigum við þetta sjálfir. Þetta er því fyrsta skilyrðið: lágir vextir. Í öðru lagi er svo það, að ráðizt sé í nógu stórt í einu, í þriðja lagi, að þegar slíkri stórvirkjun hefur verið komið upp, sé nægilega mikið til af verksmiðjum, tilbúnum til þess að hagnýta sem mest af orkunni, og í fjórða lagi, að okkar teknik við að vinna þetta geti orðið sem fullkomnust.

Þá er það viðvíkjandi 6. gr. (**Forseti:** Stæði ekki vel á hjá hv. þm. að láta hér staðar numið?) Jú, ég mun verða við tilmælum hæstv. forseta og fresta ræðu minni. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 120. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 122. fundi í Nd., 6. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 517, n. 662 og 754, 559, 690, 725, 769, 770).

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson) [Frh.]: Herra forseti. Ég hafði í fyrri hluta ræðu minnar lokið við að skýra nokkuð frá því, hvað fælist í brtt. mínum viðvíkjandi frv. um fjárhagsráð, einkanlega í sambandi við sjávarútveginn. Og var ég kominn að þeim brtt., sem eru viðvíkjandi landbúnaðinum. Þar hef ég tekið upp till., sem var í frv. um ræktunarsjóð, eins og nýbyggingarráð útbjó það fyrir hæstv. fyrrv. ríkisstj. og hún lagði fyrir hv. Alþ., og hefur það verið rætt hér í þinginu og mun hafa komið úr landbn. þessarar d. Þessar till. hef ég tekið upp svo að segja orðréttar.

Ég man, að þegar frv. var hér til 2. umr., þá skýrði frsm. landbn., hv. 1. þm. Skagf., frá því, að n. hefði orðið sammála um það, að þessi gr., sem er 4. gr. í ræktunarsjóðsfrv., ætti heima í frv. um fjárhagsráð, og á þeim grundvelli væri rétt að fella hana niður úr ræktunarsjóðsl.

Ég hef nú tekið þessa gr. orðrétta upp, nema 3 síðustu línurnar, sem fjalla um starfsmenn hjá Búnaðarfélagi Íslands. Og geri ég ráð fyrir, að hv. d. verði sammála um að taka þetta hér upp í þetta frv., því að við munum allir vera sammála um það, að slíkar áætlanir beri að gera sem þarna er um að ræða. Og slíkar áætlanir eru nauðsynlegar fyrir landbúnaðinn. Það verður að vera samræmi á milli þeirra aðgerða að koma upp t. d. stórum raforkuverum og stórum iðnaðarverum eins og áburðarverksmiðju.

Ef við ætlum að láta landbúnaðinn eiga sig, þannig að haldið verði áfram með þau framleiðslutæki, sem bændur hafa nú, og ekkert verður frekar að gert, þá hef ég ekki von um, að hægt verði að koma upp áburðarverksmiðju hér á landi, þar sem hún þyrfti að vera svo stór til þess að geta borið sig, að áburðarmagnið mundi verða margfalt meira en landsmenn gætu og þyrftu að nota. En ef við gætum ekki komið upp slíkri verksmiðju, mundi ef til vill óráðlegt að koma upp stóru raforkuveri.

En ef við gerðum áætlanir, t. d. til 10 ára, um ræktun Suðurlandsundirlendisins og skipulegðum það og veldum beztu staðina og notuðum þau beztu tæki, sem völ er til þeirra hluta, þá er mikil von til þess, að við gætum haft mörgum sinnum meiri þörf fyrir tilbúinn áburð og gætum notað mörgum sinnum meira áburðarmagn. Og það er vel hægt að skapa þessa möguleika hér á landi. Hitt er barnaskapur, að ætla bændum að ráðast í svona fyrirtæki. Þess vegna þyrfti ríkið að gera þarna stórfellda áætlun og gera beinlínis sjálft þarna frumvinnslu, svo sem framræslu, og taka fyrir stór flæmi.

Við þurfum að koma okkar landbúnaði í það horf, sem hann er víðast hvar erlendis, að framkvæma alla vinnu á ræktuðu landi. Bændur eru sem óðast að fá sér fullkomin vinnutæki, og kemur þá fljótt í ljós, að ræktaða landið, sem þeir hafa, er allt of lítið vegna meiri afkasta vélanna, af því að það er ekki hægt að vinna með þeim nema á ræktuðu landi, svo að þeirra afköst koma þeim ekki að fullu gagni. Það hefur líka komið í ljós, að þeir bændur, sem hafa sjálfir getað lagt út í ræktun í stórum stíl, hafa getað heyjað á mjög skömmum tíma með fullkomnum tækjum svo mikið magn af heyi, að ótrúlegt hefði þótt hér áður. Ég veit um einn bónda, sem s. l. sumar heyjaði með mjög lítilli hjálp heiman frá sér á 5 vikum um 1500 hesta með vélum og á ræktuðu landi.

Ef not þessara framkvæmda geta orðið til þess að gera vöruna ódýrari, er hægt að lækka afurðaverðið.

Til grundvallar 6 manna n. álitinu gamla lá það að tryggja bændum samsvarandi kjör og öðrum atvinnustéttum í landinu, og þá líka að veita bændunum samsvarandi tækni og öðrum stéttum.

Þetta er sá rétti mórall, en til þess að þetta geti orðið, verður að aðstoða bændurna við þetta og gera sams konar byltingu í landbúnaðinum og nú hefur verið gerð í sjávarútveginum. En svona verk tekur langan tíma. Þess vegna þurfa ákvæðin að vera til langs tíma, og ef úr þessu yrði, t. d. að Urriðafoss í Þjórsá yrði virkjaður með t. d. 300 hestafla stöð, yrði því líklega lokið 1952—'53. Sama um það, ef ráðizt yrði í byggingu áburðarverksmiðju. Þessar framkvæmdir þyrftu að stefna að vélbyltingu á Suðurlandi. Það tekur 5—6 ár að rífa landið allt sundur, svo að bændur geti eingöngu unnið með vélum á ræktuðu landi. Þessu yrði lokið um 1952—53, ef byrjað er strax á byggingu áburðarverksmiðju og að búa Suðurlandsundirlendið undir ræktunina. En þetta verður að vera til langs tíma. Fleiri staði þarf svo að taka með sama taki, t. d. Borgarfjörð og Skagafjörð.

Þá eru ákvæði í þessari gr. varðandi staðsetningu framleiðslunnar, eftir því sem hentar á hverjum stað og tíma. Ég hef oft sýnt fram á, hvernig auka þarf verkaskiptinguna milli nautgriparæktar og sauðfjárræktar, en alveg sérstaka áherzlu vil ég leggja á gróðurhúsin, en á því sviði eigum við alveg stórkostlega framtíð með þeim

góðu skilyrðum, sem landið býður upp á: heita vatnið og sólarljóssrafmagn. En þetta á að vera atvinna fyrir bændur, en ekki kapítalista úr Reykjavík, eins og nú er. Og það verður að vera í svo stórum stíl, að hægt sé að vinna með almennilegum verkfærum, en ekki eintóm smáhús, eins og nú er. Þannig er það í Bandaríkjunum. Þar hafa þeir hús, sem ná yfir marga hektara lands, svo að hægt er að vinna þar með traktorum og sambærilegum verkfærum.

Þá eru ákvæði um lánveitingar ræktunarsjóðs. Þessi ákvæði eru líka úr gamla frv., og ég vil fastlega treysta því, að landbn. þessarar hv. d., sem lagði til við 2. umr., að þessi gr. yrði felld úr frv., til þess að hún kæmi í frv. um fjárhagsráð, láti skoðun sína í ljós um þetta atriði, en grundvallarákvæðin þurfa að vera í l.

Þá kemur d-liður, 7. gr.: „Fjárhagsráð skal gera nákvæma áætlun um byggingu íbúðarhúsa fyrir næstu 5 ár, þar sem ákveðin sé gerð húsa og stærð og á hvaða stöðum þau skuli byggð, samkvæmt þörfinni fyrir íbúðir á hverjum stað, og skal miðað við það hvort tveggja að fullnægja íbúðarhúsaþörfinni fyrir þá staði, sem sérstaklega þurfa íbúðarhúsa vegna vaxandi framleiðslu, og svo hitt, að bæta sem skjótast úr húsnæðisvandræðum þeim, sem fyrir eru. Skal fjárhagsráð leita álits bæjar- og sveitarstjórna, svo og byggingarfélaga, áður en áætlunin er samin. Í samræmi við áætlun þess skal fjárhagsráð láta ráðstafa byggingarefninu til þessara staða. Skulu byggingarfélög launþega, samvinnubyggingarfélög og bæjar- og hreppsfélög hafa forgangsrétt að öllu efninu, enda myndi þau samtök sín á milli á hverjum stað til þess að annast byggingarnar og innkaup til þeirra í þeim tilgangi, að byggt verði sem ódýrast og bezt."

Nú vil ég vekja eftirtekt á því, að eins og frv. er nú, hefur ráðið vald til þess að ákveða byggingu hvers einasta húss í landinu. Ég veit ekki, hvort allir hafa gert sér grein fyrir því, að atvinnufrelsið er nú svo skert, að ekkert má gera nema með leyfi n. í Reykjavík. Það er því nauðsynlegt, að sú stofnun, sem hefur valdið, geri sér og þjóðinni grein fyrir því, hvernig hún ætlar að nota þetta vald, hvar hún ætlar að byggja íbúðir og hve mikið á hverjum stað og hvernig hún ætlar að fullnægja kröfum fólksins. Það þarf ákveðna stefnu frá ráðinu. Það er ómögulegt að sækja ár eftir ár um sama leyfið, fá ár eftir ár neitun, en aldrei neina vissu um það. Ráðið þarf að búa út áætlun um það t. d., hvar byggð skuli íbúðarhús. Það er talið, að byggja þurfi þar sem framleiðslan er. Það er óhæfilegt að geta ekki rekið framleiðslu á ýmsum stöðum, vegna þess að fólk geti ekki flutt þangað sökum skorts á íbúðarhúsum. Það þarf að koma fram frá ráðinu, að ákveðið sé að byggja svo og svo mikið á ákveðnum stöðum á landinu, og þá veit fólkið, hvað það á að gera. Það þarf að ákveða þetta sérstaklega með tilliti til tvenns. Í fyrsta lagi með tilliti til framleiðslunnar, og í öðru lagi þar, sem þörfin og framleiðslan er mikil. Við vitum um togstreituna um þessa hluti. En þetta verður að vera einhverjum takmörkunum háð. Það væri óbætanlegur skaði, ef það lenti út í því, að önnur sjónarmið en þessi væru látin ráða. Þá er það enn fremur nauðsynlegt, að ákveðin sé gerð húsa og stærð. Undanfarið hafa þessi mál verið rekin á mjög ópraktískan hátt. Það eru varla til tvö hús eins, þegar frá eru tekin þau hús, sem hið opinbera eða bæjarfélög hafa látið reisa, allir einstaklingar byggja hver með sínu lagi. En þegar svona er að farið, að við hvert hús þarf sérstakan byggingarmeistara, málarameistara, múrarameistara o. s. frv., þá verður allur kostnaður margfaldur. Eigi að takast að byggja mikið af íbúðum, verður að byggja eftir einni ákveðinni gerð. Sumir segja, að þetta muni verða tilbreytingarlaust. En þegar við erum í kapphlaupi um að koma fólkinu úr óhæfum íbúðum, verður að gera eitthvað. Fólkið er í baráttu út af þessu, og þegar hver byggir með sínu lagi, verður kostnaðurinn svo mikill, að margir, sem vilja, geta ekki ráðizt í það kostnaðar vegna. Það er líka mjög mikið vafaatriði, hvort það er fallegra að hafa húsin hvert með sínu lagi, en þetta vandamál verður að leysa.

Þá geri ég ráð fyrir, að ráðið leiti álits bæjar- og sveitarfélaga og byggingarfélaga og þau fái aðstöðu til að láta álit sitt í ljós, áður en ráðið gerir upp við sig, hvert það ráðstafar byggingarefninu. Þangað er það svo flutt beint, því að ef á að fara að ráðstafa því milli staða, verður það oft eins dýrt og að flytja það frá útlöndum. Þessi ákvæði eru ekki síður mikilvæg en aðrir þættir, sem ég hef nú rakið. Það er líka svo, að af allri fjárfestingunni veitir ekki af, að ⅓ fari til íbúðarhúsabygginga, sérstaklega þar sem við verðum að byggja allt upp að nýju. Það er allt annað í löndum eins og t. d. Englandi, þar sem núverandi íbúar hafa erft ⅘ þjóðarauðsins og mikið af því eru hús, heldur en á Íslandi, þar sem mjög lítið er erft af húsum.

Um forgangsrétt ákveðinna aðila síðast í 7. gr. er það að segja, að það hefur áður verið í l., að þessi félög hafi forgangsrétt, en það hefur ekki verið fyllilega framkvæmt. Félögin þurfa líka að hafa samtök sín á milli. Það er óhæft annað, ef ríkið styrkir þessi félög, en að það hvetji þau líka til að vinna skynsamlega, og félögin hafa líka hug á þessu og hafa myndað stofnun, sem sér um innkaup og jafnvel byggingar, sé eins konar verktaki. Til þess að geta útrýmt braski úr byggingarmálum er nauðsynlegt, að þeim sé stjórnað í heild, en óhætt er að segja, að það sé þjóðarnauðsyn. Það má nú raunar segja, að þetta sé þjóðnýting, en það er ekki þjóðnýting ríkisins, heldur samtaka þeirra, sem á þessum hlutum þurfa að halda, en ríkið ýtti undir. En höfuðnauðsynin er að útrýma braskinu, sem gerir byggingarnar allt að þriðjungi dýrari hér í Reykjavík en úti á landi, þar sem sama verkkaup er.

Þá segir enn fremur í 7. gr.: „Þessi áætlun skal birt, strax og hún hefur verið samin, og send þeim aðilum, er hún varðar, svo að þeir geti gert við hana aths. og brtt. Eigi skal þó fjárhagsráð láta slíkar till. tefja framkvæmd áætlunarinnar, en endurskoða hana á hverju misseri í ljósi þeirrar reynslu, sem þá er fengin."

Það er enginn efi, að þetta er mjög nauðsynlegt. Það er kvartað svo mikið yfir úthlutunum út um land, t. d. bílaúthlutuninni, og það má gera sér í hugarlund, hvernig það yrði, þegar eitt ráð í Reykjavík ætti t. d. að úthluta öllu byggingarefni til alls landsins. Það er því nauðsynlegt, að gegn svona óánægju séu gerðar haldgóðar varúðarráðstafanir.

Þá segir enn fremur, að lánveitingum lánstofn-

ana til bygginga skuli hagað í samræmi við þessa áætlun fjárhagsráðs um íbúðarhúsabyggingar.

Það er alveg óhæft, ef fjárhagsráð hefur ákveðnar hugmyndir um þessa hluti, að lánstofnanirnar hafi allt aðrar hugmyndir um þetta. Þarna verður að vera samræmi á milli, svo að allt lendi ekki í handaskolum, svo að ekki sé gefið leyfi annars vegar, en neitað um peninga hins vegar. Sérstaklega er þetta nauðsynlegt um byggingarefni, vegna þess að í ár verður erfitt um útvegun byggingarefnis, það eru hlutir, sem allur heimurinn þarfnast, og því verður mjög hörð samkeppni um það. Þó að við fengjum 70 þús. tonn á s. l. ári, þurfum við ekki að búast við að fá nema lítinn hluta þess á þessu ári, þó að fullkominn dugnaður verði við að ná í það. Timbur er nú ein eftirsóttasta vara heimsins, eins og síldarlýsið okkar, og því erfitt að útvega það. Þess vegna verður skömmtunin að vera miklu raunhæfari en verið hefur. Þess vegna er nauðsynlegt, að fullt samræmi sé í öllum þessum aðgerðum.

Þá hef ég sett sérstaka málsgr. síðast í 7. gr.: „Fjárhagsráði er heimilt að láta sérstaka starfsdeild, byggingardeild fjárhagsráðs, annast samning og framkvæmd þessarar áætlunar. Enn fremur að ákveða, að skömmtun og innflutningur byggingarefnis sé í höndum þessarar deildar."

Nú má vel vera, að þessi málsgr. verði meira ágreiningsefni en ætti að vera. Það er gengið út frá því, að fjárhagsráð reki sérstakar deildir. Í 1. er gert ráð fyrir einni, gjaldeyris- og innflutningsdeild. Það er vegna vinnulagsins, að ég geri ráð fyrir sérstakri deild, er annist þessi mál, byggingarmálin. Ef ráðið ætti að hafa þau sjálf með höndum, þá yrði starfsfriður þeirra manna, sem í því eru, enginn. Það er því, eins og það er skynsamlegt að setja sérstaka innflutnings- og gjaldeyrisdeild, ekki síður skynsamlegt og nauðsynlegt að hafa þessa deild, sem ég var nú að tala um. Og þeir, sem eiga að ákveða um þessa hluti, verða að hafa tíma til þess. Ef menn verða að sækja um leyfi til allra íbúðarhúsa, þá er það alveg ótækt, að menn þurfi að bíða lengi eftir svari. Allt gerir þetta óhjákvæmilegt, að það sé sérstök deild, sem fólk geti snúið sér til, og enn fremur, að þessi deild hafi innflutninginn í sínum höndum. Nú er innflutningurinn í höndum innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, og ef hann er takmarkaður, svo að tiltölulega lítið fer í hvern stað, þá veitir ekki af, að sérstakir menn hafi þetta með höndum, því að þetta verður eitt af erfiðustu verkefnum ráðsins. Ég tala nú ekki um, þegar svo er, að ríkið kaupir mest af timbrinu sjálft, eins og nú er venjulega, að mest af byggingarefninu er fengið með milliríkjasamningum.

Þá kem ég að e-lið, því, sem ég legg til, að verði 8. gr. frv., sem snertir sérstaklega verzlunina í landinu. Í 2. gr. frv., 3. lið, er sérstaklega komið inn á það, að framleiðsluráð skuli miða störf sín við, að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og að vörukaup og vörudreifing verði gerð sem hagkvæmust. Er þetta gert til þess að tryggja hag neytenda. Þessi brtt., sem ég geri í e-lið, varðar það, að verzlunin sé ekki gerð yfirleitt að sérstökum gróðaatvinnuvegi. Frá því að fyrst var byrjað að rannsaka skipulag á atvinnu á Íslandi af skipulagsnefnd atvinnumála, sem skipuð var 1934, þá hefur það verið staðreynd, sem mikið hefur verið rætt og deilt um, að fjármagnið á Íslandi er að stórum mun of mjög bundið í verzluninni, og að það er eitt höfuðvandamál í okkar atvinnulífi að fá því til vegar komið, að fjármagnið fari ekki svo mikið til verzlunarinnar eins og verið hefur, heldur fari meir til framleiðslunnar, sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar. Og það væri þörf á að mæla beinlínis svo fyrir í l., að stefna fjárhagsráðs skuli vera, að því er verzlunarrekstrinn snertir, að spara fjármagn og vinnuafl það, sem nú er í verzluninni, svo sem verða má, og beina hvoru tveggja til framleiðslugreinanna, og að þetta skuli gert með því m. a. að takmarka með verðlagningarákvæðum og öðrum ráðstöfunum svo gróða þann, er ná megi í verzlunarrekstri, að svo miklu leyti sem hann er rekinn í gróða skyni, að arðvænlegra þyki að setja fjármagn í framleiðsluatvinnugreinarnar. Við vitum, að í kapítalistísku þjóðskipulagi, þar sem fjármagnið er í einstakra manna höndum, þar er aðeins ein leið, meðan ekki er gripið til neinna harðstjórnaraðgerða, til þess að beina fjármagninu af einu sviði inn á annað, þ. e. að minnka svo gróðamöguleikana á því sviði, sem maður vill fá fjármagnið burt úr, en létta undir með atvinnu á öðrum sviðum, sem maður vill fá fjármagnið inn á. Og í þessu efni væri möguleikinn sá, að minnka möguleikann, sem kaupsýslustéttin hefði til álagningar á vöruverð, til þess að beina fjármagninu nokkuð frá verzluninni. Og hins vegar væri sá möguleiki til þess að beina fjármagninu inn á framleiðsluatvinnusvið, að veita hagfelld lán til langs tíma til framleiðsluatvinnugreinanna, t. d. til 15—20 ára með lágum vöxtum, og lána svo sem ⅔ eða ¾ af því, sem þarf til þess að reisa ákveðin framleiðslufyrirtæki eða kaupa þau. Þetta eru allt ráðstafanir, sem miða í þá átt að draga úr gróðamöguleikum manna á því að setja fé í verzlunina og til að beina slíku fjármagni til framleiðsluatvinnunnar. Hins vegar hefur sýnt sig, að meiri hluti þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið í þessum efnum, hafa ekki dugað fram að þessu. Það verður að ganga mun lengra en gert hefur verið um það að kreppa að verzluninni í þessu efni.

Nú kunna menn kannske að segja, að þetta sé illa hugsað. Í gamla daga var slík frjáls verzlun, að samkeppnin var það hreyfiafl, sem kreppti að verzluninni og gerði að verkum, að það féll alltaf svo mikið úr verzluninni af mönnum, sem ekki þótti borga sig að verzla, og samkeppnin takmarkaði þá verzlunargróðann. Þessir dagar frjálsrar verzlunar eru nú löngu taldir, og það er ekki möguleiki til að koma henni á aftur, hvort sem menn vildu eða ekki. Hins vegar hafa menn nú fengið ákveðin leyfi til að verzla og þau þjóðfélagsskilyrði til þess að hagnýta þessa aðstöðu til þess að selja svo að segja allt, sem boðið er fram af innfluttum vörum. Hvert leyfi er þá um leið orðið ávísun á ákveðinn ágóða. Það þýðir, að sú áhætta, sem kaupmaðurinn hafði í gamla daga á að geta ekki selt sína vöru, hún er raunverulega fallin. Einmitt vegna þessa eru innflutningsverzlun og vörusala innanlands orðin örugg gróðafyrirtæki. Hins vegar er aðeins með þjóðfélagslegum aðgerðum, og tiltölulega hörðum aðgerðum, hægt að skapa nýtt hreyfiafl til þess að knýja fram þróun þá

í þjóðfélaginu, sem frjálsa verzlunin gerði með öllum sínum barbarisku aðferðum, gjaldþrotum og öðru slíku. Það er gefið, að slík þróun mundi verða í þá átt, að það mundu alltaf verða færri og færri og stærri og stærri fyrirtæki, sem verzluðu. — Það hefur oft verið rætt um það hér á hæstv. Alþ., að þörf væri á því að knýja það fram, að fjármagnið færi verulega burt úr verzluninni og í framleiðsluatvinnuvegina fremur en nú er. En þegar hefur átt á að herða, hafa menn venjulega guggnað á því að beita svo hörðum aðgerðum sem til þess þarf. Fjárhagsráð mundi hafa slíkt vald í sínum höndum, að það gæti komið þessu til vegar. En það er viðbúið, að það mundi verða mjög erfitt að fá fjárhagsráð til þess að taka það upp hjá sér að fara að beita þess háttar aðgerðum, þó að þeir menn, sem í því væru, álitu það nauðsynlegt, ef ekki væru beinlínis fyrirmæli í l., sem fyrirskipuðu fjárhagsráðsmönnum að vinna að þessu. Við vitum, að allar slíkar ráðstafanir taka langan tíma, nema við viljum láta þetta ganga fljótt fyrir sig, þá þarf að grípa til róttækra ráðstafana. Ég veit, að sumir segja, að það mundi kannske nægja, að neytendafélög landsins fengju meiri rétt í þessum efnum, og með því að þau gætu keppt við verzlun annarra aðila, þá mundi þetta vera allt í lagi. En ég held, að það sé ekki nægilegt. Það hefur sýnt sig, að það eru líka stundum tilhneigingar hjá stjórnendum slíkra verzlana, hvort sem það eru kaupfélög eða önnur slík innkaupa- og sölufélög, til að sýna góðan hagnað af rekstri síns fyrirtækis. Það þarf að skapa aðhald hjá kaupfélögunum, þannig að það þarf að segja ekki aðeins við kaupmenn, heldur og S. Í. S.: Þjóðfélaginu bráðliggur á því, að það mikla vinnuafl, sem verzlunin tekur nú til sín, og það hlutfallslega mikla fé, sem hún einnig tekur til sín, verði minnkað, og það verður að gera ráðstafanir til þess. Ég held því, að þessi 8. gr. samkv. brtt. minni sé mjög nauðsynleg, af því að það þurfi að setja fram þessa ákveðnu stefnuyfirlýsingu, sem fjárhagsráð eigi að fara eftir, að fjármagninu og vinnuaflinu skuli veitt úr verzluninni til framleiðsluatvinnuveganna. Þetta þýðir ekki að drepa verzlunina á Íslandi. En það þýðir, að hún verði rekin af stórum fyrirtækjum með praktisku fyrirkomulagi. Og það er lífsnauðsyn fyrir þjóðina. Við megum bókstaflega ekki við því, að svo gangi til í þessum efnum sem er. Þetta er að verða svo mikil byrði á okkar þjóðfélagi, að við kiknum undir því. Ég á þar ekki við þann margumtalaða gróða heildsalanna, heldur líka það, sem fer í súginn sem kostnaður við verzlunina á margan hátt, vegna þess að verzlunin er óhaganlega rekin. Það, sem verzlunin kostar þjóðina of mikið, er ekki eingöngu heildsalagróðinn, heldur margt, sem verzlunarmenn þurfa að kosta til, svo sem auglýsingakostnaður, aukinn skrifstofukostnaður og annað slíkt, sem er margfalt á við það, sem þyrfti að vera. Þessi kostnaður þarf allur að minnka. Og ef þetta næðist, mundi það þýða það, sem sett er fram í 3. tölulið 2. gr. frv., að vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands verði gerð eins ódýr og hagkvæm eins og frekast er unnt. Ef þetta væri gert, mundi það geta þýtt taprekstur hjá hér um bil helmingi af þeim, sem reka nú verzlun.

Þá kem ég að f-lið í minni brtt., sem ég legg til, að verði 9. gr. frv. Þar er svo fyrir mælt, að fjárhagsráð skuli, auk heildaráætlana sinna og séráætlana fyrir einstakar atvinnugreinar, semja sérstakar áætlanir um þróun hinna einstöku byggðarlaga og landsfjórðunga og skuli þær yfirleitt miðaðar við lengri tíma en séráætlanirnar og sé tilgangur þeirra að tryggja samfellda þróun atvinnulífsins. — Þetta má segja, að sé mjög nauðsynlegt fyrir okkur. Það er engum efa bundið, að ef við ætlum að reyna að vinna skynsamlega að uppbyggingu okkar lands á næstu áratugum, þá verðum við frá upphafi að reikna með þeim kostum eða göllum, sem hinir einstöku staðir á landinu hafa í þessu efni, og reyna að þroska og þróa í hverju héraði og byggðarlagi það, sem það fyrst og fremst getur gefið okkur bezt. Við höfum áður gert mjög smáar tilraunir um þetta, sem enn sem komið er hafa ekki tekizt vel, vegna þess að of litlu fé hefur verið varið til þeirra og þær hafa ekki verið gerðar í nógu stórum stíl. En það hefur verið rætt þó nokkuð í nýbyggingarráði í sambandi við þetta, að það þyrfti að taka helzt allt Suðurlandsundirlendið fyrir til þess að planleggja það. Það hefur oft verið um það rætt, að á Suðurlandsundirlendinu gætu ef til vill allir Íslendingar lifað. Og það er ekki efi á því, að ef á að byggja upp þróun atvinnulífsins og byggðarlaganna á Íslandi um næstu áratugi, þá komumst við ekki hjá því að gera alveg sérstaklega ráð fyrir því, hvernig við ætlum að haga slíkri uppbyggingu með tilliti til hinna einstöku byggðarlaga og héraða. Og það, sem gerir sérstaklega nauðsynlegt, að við ákveðum þetta fyrir fram og gerum ráðstafanir í þessu sambandi, er, að þetta verður miklu dýrara, ef ekki er gerð áætlun um það fyrir fram. T. d. er svo um Suðurland, ef við vissum, að eftir svo sem 40 ár byggju um 50 þús. manns í Árnes- og Rangárvallasýslum, og ef við vissum, að þetta mundi ekki gerast eftir fyrir fram gerðri áætlun, þá vissum við einnig, að það mundu rísa upp á ótal stöðum smá þorp, sem teygðu sig í áttina hvert að öðru, þar til þau næðu saman. Þetta mundi gerast óskipulega, og íbúarnir mundu ekki njóta nema að hverfandi litlu leyti þeirra kosta, sem þessi landssvæði hefðu og hafa að bjóða. Ef við vissum þetta fyrir fram — og við getum vitað þetta fyrir fram að verulegu leyti, af því að þar er byggilegast í sveitum á Íslandi —, mundum við þá ekki fremur kjósa að gera ráðstafanir til þess að byggja á Suðurlandsundirlendinu eina borg, sem væri á stað, sem okkur kæmi saman um, að heppilegastur væri í slíku tilliti? Ég geri ráð fyrir, að það yrði þá reist aðalborg á þessu svæði, en svo væru nokkur þorp eða bæir, ekki hér og hvar úti um Suðurlandsundirlendið eins og af tilviljun, heldur eftir fyrir fram gerðri athugun. Við höfðum í nýbyggingarráði rætt þó nokkuð um þetta og þá verkaskiptingu, sem til greina kæmi milli einstakra staða á þessu svæði. En það, sem við þyrftum að gera allra fyrst viðkomandi slíkri ákvörðun, væri að láta ríkið kaupa upp þau landssvæði, sem við ætlum að byggja slíka borg á, og tryggja frá upphafi, að það færi aldrei þannig, að lóðirnar í slíkri borg lentu í braski, eins og t. d. nú hefur farið um lóðirnar í Reykjavík. Nú mundum við líklega meta lóðirnar í Reykjavík til söluverðs einhvers staðar milli 100 og 200 millj. kr., eða upp undir a. m. k. ⅓ af húsaverðinu í Reykja-

vík. Og þegar við hugsum út í, hvað þetta þýðir, hvaða skattur þetta er, sem raunverulega liggur á atvinnuvegunum í landinu, þá er það einnig ljóst, að þetta með öðru skapar dýrtíð í landinu. Ef við hugsum okkur, að á 10—20 árum rísi upp 10—15 þús. íbúa bær, t. d. í Hveragerði, hvað skyldi lóðaverðið þar verða þá orðið hátt, ef ekkert verður gert til þess að koma í veg fyrir brask með lóðirnar þar? Hvað skyldi þjóðarbúið vera búið að verða fyrir þungum búsifjum vegna óhæfilega mikils lóðaverðs? Við, sem búumst við, að þéttbýli rísi upp á Suðurlandsundirlendinu, verðum að taka tillit til þessa í tíma. Og það er Alþ., sem á að ráða, hvar koma upp bæir á Suðurlandsundirlendinu, og það er Alþ., sem á að gefa fjárhagsráði sérstakt vald í þessu efni. Þess vegna þurfum við að hugsa þetta fyrir fram og gera ráðstafanir, ekki aðeins viðkomandi lóðunum, heldur öllu, sem þarna þarf að fylgjast að, bæði viðkomandi menningarstofnunum, iðjuverum o. fl. Í sósíalistiskum löndum hafa verið byggðar heilar borgir eftir fyrir fram gerðri áætlun. Og líka í kapítalistiskum löndum hefur mikið verið framkvæmt þannig eftir áætlun, en í slíkum löndum er þetta erfiðara. Eitt dæmi um miklar framkvæmdir eftir fyrir fram gerðri áætlun, sem er þess vert, að menn kynni sér það sérstaklega, er frá Tenesseedalnum í Bandaríkjunum, sem gerðar voru af stjórn Roosevelts í Bandaríkjunum, þar sem gífurlega stórt landssvæði var tekið og þessi mikla Tenessee-á hagnýtt. Þarna var áður svo ástatt, að þessi á ógnaði oft með flóðum eyðileggingu allra lífsmöguleika á þessu stóra svæði og gerði það að verkum, að þetta landssvæði í kringum hana varð eitthvert fátækasta landssvæði. Þessi á var beizluð og er nú eitt stórkostlegasta orkuver í Bandaríkjunum, og síðan hefur verið komið upp þarna fjölda af iðjuverum. Og þetta var gert af ríkisins hálfu, en hagnýting á þessum iðjuverum miðuð við einkaframtak að mestu leyti. — Og ég hef hugsað mér í sambandi við Suðurlandsundirlendið, að við gætum á vissan hátt í smáu gert eitthvað dálítið svipað þessu og síðan tæki við að gera það sama viðvíkjandi öðrum byggðarlögum, sem mikla möguleika hafa í þessum efnum.

Þá er síðasta setningin í þessari fyrirhuguðu 9. gr., að ráðið skuli einnig í slíkum áætlunum gera ráðstafanir til heppilegastrar þróunar eða uppkomu allstórra bæja í hinum ýmsu landsfjórðungum. Við verðum að gera okkur ljóst, að með því að setja svona l. eins og um fjárhagsráð, þá erum við að taka þróunina í okkar hendur, þannig að þróunin hættir að verða afleiðing af meir eða minna blindum þjóðfélagsöflum, sem hefur okkur meira og minna að leiksoppi. Við sem fulltrúar á Alþ. eigum og ætlum að ákveða, hvernig þessi þróun skuli vera. Og við beinum henni í ákveðinn farveg vitandi vits. Og við þurfum að koma okkur saman um, hvaða farveg við ætlum að beina henni í, og segja þjóðinni það. — Það þarf að rísa upp a. m. k. ein stór borg utan Reykjavíkur. Við vitum t. d., að þegar bær hefur 5—6 þús. íbúa, þá gefur hann íbúunum vissa möguleika, sem 2 þús. íbúa bær getur ekki gert. Ef því reynt er að hlynna að því að koma upp slíkum bæjum á Vesturlandi, Austfjörðum eða annars staðar, skapast miðstöðvar fyrir þessa landsfjórðunga hvern fyrir sig í margs konar menningarlegu og atvinnulegu tilliti, þannig að fólk þurfi t. d. ekki að flytja úr þessum landsfjórðungum til Reykjavíkur til þess að koma börnum sínum á menntaskóla, af því að mönnum sé ómögulegt að kosta börn sín á slíkan skóla á annan hátt. Ég álít, að fjárhagsráð eigi að ráða því, hvar á Íslandi verði byggt á næstunni, og þá er alveg gefið, að það þarf ákveðið í l. að marka stefnuna um það. Skipulagning í þessu efni eftir því, hvar byggilegast er, væri miklu heppilegri en að veitt væru leyfi fyrir t. d. vissum hundraðshluta af byggingum, sem sótt væri um á hverjum stað. Frá öllu þjóðfélagslegu sjónarmiði væri vitleysa að veita leyfin í blindni, t. d. hlutfallslega eftir umsóknum án tillits til atvinnumöguleika. En hvað á fjárhagsráð að gera í þessu efni, ef það hefur engin fyrirmæli um þetta frá Alþ.? Ég álít nauðsynlegt að taka fram um þetta í svona l. Það hefur t. d. verið talað um það og deilt, hvort hinn mikli vöxtur Reykjavíkur væri heppilegur. Ég býst við, að flestir líti svo á, að þessi gífurlegi vöxtur bæjarins sé óheppilegur. En vöxtur Reykjavíkur er svo mikill af því, að þjóðfélagsöflin hafa fengið að hafa áhrif á það, án þess að mannshöndin hafi þar stjórnað. T. d. ef maður hefur átt auðveldara með að fá lán fyrir atvinnutæki, ef hann hefur verið í Reykjavík, heldur en t. d. með því að vera í Vopnafirði eða Vestfjörðum, sem oft virðist hafa verið, þá hefur hann frekar getað byggt hús fyrir sín atvinnutæki með því að vera hér í Reykjavík en að vera á Austfjörðum eða Vestfjörðum.

Það er vitað, hvað það hefur verið mikill hagur fyrir efnamenn í Reykjavík að fá lánað. Vegna þess eru menn efnaðir. Það er bankateknik að lána þeim mönnum, sem eiga eitthvað. Þeir hafa eitthvað til að tapa. Það er ekki heppilegt að lána mönnum utan Reykjavíkur. Bankarnir hugsa meira um sinn verzlunarrekstur en að reka starfsemi sína út frá þjóðfélagslegu sjónarmiði. Bankarnir eru reknir út frá bankahagsmunasjónarmiði, og það þýðir, að bankastjórnirnar verða eins og peð í öllu þessu tafli og afgreiða málin þannig, að meginið af fólkinu kemur til Reykjavíkur, en mennirnir úti á landinu geta ekki komið neinu upp, vegna þess að þar er fátækt fyrir og þar verður að vera fátækt áfram.

Fyrrv. stjórn gerði ráðstafanir til þess að snúa þessu við með því að staðsetja togara hjá bæjarfélögum úti um landið. Til þessa verður að grípa til sérstakra ráðstafana, því það er mjög erfitt fyrir þessa bæi að koma þessum tækjum upp og reka þau. Ég veit líka, að margir auðmennirnir hér í Reykjavík segja: „Ætli þeir komi svo ekki til okkar.“ Strax og eitthvað bjátar á, skapast líkur fyrir, að fjármagnið komi til Reykjavíkur. Það er þess vegna alveg heildarbreyting, sem þarf að verða á þessum málum. Ef við ætlum að miða við það að koma upp úti á landi stórum bæjum, byggja upp bæi og tryggja þeim starf og góða afkomu, þá verður að grípa til óvenjulegra ráðstafana. Þess vegna vildi ég, að hraðað yrði ráðstöfunum til þess að koma upp bæjum, þar sem þeir eru ekki fyrir.

Það hefur oft verið rætt í nýbyggingarráði, að norðausturhlutinn af Íslandi væri að leggjast í eyði. Útvegurinn fer minnkandi, fólkið flytur burt. Ef við ætlum að byggja þarna upp skipu-

lega, mundi verða að taka til þess sérstakt landssvæði og gera ráðstafanir til þess að byggja upp bæ. Þótt ekki væri nema um 2 þús. íbúa að ræða til að byrja með, mundi bærinn vaxa. Ég held, að þessi ákvæði séu mjög nauðsynleg. Það er ekki til neins fyrir okkur að stjórna svo, að fólkið haldi áfram að flytja til Reykjavíkur, heldur þurfum við að stjórna þannig, að það sé til hagsbóta fyrir allt landið.

Brtt. mín við 10. gr. er annars eðlis en við þær gr., sem ég hef verið að lýsa. Allar gr., sem ég hef lýst, fjalla um útfærslu á „principum". 10. gr. er um ákveðið „princip", sem ég veit, að muni valda deilum. Það er stefna, sem mótuð er af sjónarmiðum okkar flokks. Það, sem ég hef verið að ræða á undan, þarf ekki að mótast af stefnu Sósfl. Það er hægt fyrir aðra en Sósfl. að vinna að áætlun samvinnubúskapar. Ég býst við, að það verði farið meira og meira inn á það, enda hefur verið gert samkomulag um það, og það samkomulag virðist benda til þess, að allir séu farnir að viðurkenna áætlunarbúskap, en bara ekki, hvað langt ætti að ganga í því efni.

10. gr. segir, að þegar menn greini á, skuli þau fyrirtæki tekin fram yfir, sem rekin eru með hag heildarinnar fyrir augum. Þessu er nauðsynlegt að slá föstu, því að fjárhagsráð getur oft þurft að gera út um svona hluti. Iðnreksturinn kemur til með að markast af því, hvað þessi þjóð er smá. Það þarf ekki nema eina verksmiðju í hverri grein. Ég tala ekki um, ef það þarf að fara inn á stórrekstur. Það, hvort lagt verður út í stórrekstur, gerir út um það, hvort okkur tekst þetta. Þá er óhjákvæmilegt, þegar tveir vilja reka eitthvert atvinnufyrirtæki, að gerður verði greinarmunur á starfseminni í þjóðfélaginu. Það hefur komið fyrir í nýbyggingarráði, að gera hefur þurft upp á milli t. d. Sambandsins og einhvers annars fyrirtækis, og þegar það hefur komið fyrir, hefur nýbyggingarráð veitt Sambandinu leyfið.

Stundum, ef engin fyrirmæli eru sett, eru veitt leyfi fyrir fleiri fyrirtækjum en þjóðin þarf á að halda. Ég skal nefna það, að hér í bænum eru óþarflega margar smjörlíkisverksmiðjur. Það þyrfti ekki nema eitt sett af fullkomnum tækjum til þess að framleiða það smjörlíki, sem þarf. Hins vegar, ef þessar verksmiðjur skapa hring, þá skapast hjá þeim þörf til þess að kaupa af þeim óánægðu, og ef þannig yrði haldið áfram og farið eftir samkeppnisaðferðinni, yrðu veitt allt of mörg sett, en vegna þess að vélarnar yrðu allt of margar, yrði kostnaðurinn allt of mikill. Þess vegna þarf að taka ákvörðun um það, hvaða „principi" við ætlum að fylgja í þessu efni. Annars gæti farið svo, að fjárhagsráð léti í eitt skipti Sambandið og í annað skipti bæjarfélögin sitja fyrir. Það yrði engin stefna, engin ákveðin áætlun. Þetta er annað en það, sem ég hef verið að taka fram hér á undan, enda er hér um ákveðið „princip" að ræða.

Í seinasta kafla hafði ég fjallað um stefnu þá, sem fjárhagsráð þyrfti að taka og Alþ. að marka því.

Nú koma þá brtt. við 4. gr. Þar er mælt svo fyrir, að ráðið skuli leita samvinnu um samning heildaráætlunar við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga, sem framleiðslu, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur hafa með höndum, er fjárfestingu þarf til. Skulu þessir aðilar senda fjárhagsráði fyrir þann tíma, er það ákveður, áætlun um stofnfjárþörf sína, lánsfjárþörf, gjaldeyrisþörf og vinnuþörf. Hér legg ég til, að bætt sé við: „Þá skal og ráðið hafa samstarf við samtök launþega, bænda, fiskimanna og annarra framleiðenda um samning áætlana sinna og framkvæmd þeirra."

Því er svo háttað, að til þess að framkvæma sumar ráðstafanir í lýðræðisþjóðfélagi er ekki nægilegt að snúa sér til þeirra, sem hafa yfir fjármagninu að ráða. Fólkið verður líka að vita um þessa áætlun, svo að það geti vitað, hvar er vænlegt að vera, hvar framkvæmdir verði o. s. frv. Ráðið verður því að hafa samband við ýmis samtök landsmanna, sérstaklega við hina vinnandi menn. Það þarf ákveðinn vilja og samtök hjá fólkinu, til þess að hægt sé að framkvæma þessa hluti. Væri t. d. ákveðinn hluti verkalýðsins andvígur áætluninni, yrði mjög erfitt að framkvæma hana. Því þarf að hafa samband við samtök fólksins sjálfs, og því er það nauðsynlegt að hafa sem bezt sambönd við fólkið, og það, hvernig þetta fer úr hendi, er ekki hvað sízt komið undir áhuga og krafti fólksins sjálfs. Þjóðfélagið á mikið undir því, að framkvæmdin takist vel, en það verður því aðeins, að ráðið hafi samstarf við hinar vinnandi stéttir þjóðfélagsins.

Þá er enn fremur ákveðið, að fjárhagsráð skuli hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samning fjárfestingaráætlunar, og ber þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Á eftir þessari málsgr. legg ég til, að komi: „Skulu lánsstofnanirnar síðan framfylgja fjárfestingaráætluninni og ákvörðunum hennar í lánastarfsemi sinni."

Þetta er alveg sjálfsögð setning og felur þó mikið í sér. Ráðið verður auðvitað að hafa samstarf við lánsstofnanirnar, en það verður líka að tryggja, að þær hagi starfsemi sinni í samræmi við ákvarðanir ráðsins. Væri þetta ákvæði ekki, væri þetta ekki tryggt, væri það gat í l. Þegar landbn. þessarar hv. d. ræddi frv. um ræktunarsjóðinn, var hún sammála um þessi ákvæði, eins og ég hef tekið þau upp. Það hlýtur líka að vera meginatriði, að lánsstofnanirnar hafi ekki aðeins samvinnu við ráðið, heldur vinni líka að framkvæmdinni. En verði þetta ekki í l., verða þau aðeins pappírsgagn, eða sífelld togstreita verður á milli ráðsins og lánsstofnananna. Við höfum haft þá reynslu í sambandi við nýbyggingarráð og landsbankann, að þessar tvær stofnanir litu mjög ólíkum augun á, hvaða lánapólitík bæri að reka. Þegar nýbyggingarráð samdi ýtarlegt frv. um fiskveiðasjóð, var af hálfu landsbankans hafin mjög hörð gagnrýni á frv. Síðan voru deilur milli bankans og ráðsins um þetta, sem ollu því, að frv., sem var til um haustið, var ekki lagt fyrir þingið fyrr en komið var undir jól, og var þó ágreiningur um það innan ríkisstj. Stjórn landsbankans tókst svo að orka svo á ýmsa hv. þm., að frv. var breytt verulega. Og hvað sem deila má um þetta, þá er það þó víst, að nýbyggingarráð hafði þá skoðun, að þetta væri hið mesta nauðsynjamál, en landsbankinn var andvígur því. Það hafði svo þær afleiðingar, að lánamarkaðurinn, sem var mjög góður 1945, eyðilagðist hvað sölu á bréfum stofnlánadeildarinnar snerti. Ég býst við, að ef frv. nýbyggingarráðs hefði verið samþ. um haustið, hefði

verið hægt að selja fyrir tugi milljóna fram að nýári. En 1946 eyðilagðist lánamarkaðurinn af ýmsum orsökum, svo að ekki var hægt að selja neitt fyrr en tekinn var upp áróður fyrir því og þá fyrir um 12 milljónir, sem sýnir hvað hefði verið hægt að selja á sæmilegum tímum. Það er því nauðsynlegt, ef ráðið á að geta unnið það verkefni, sem því er ætlað, að tryggja það, að lánsstofnanirnar framfylgi fjárfestingaráætlun þess. Það er búið að ræða svo mikið um togstreituna milli viðskiptaráðs og nýbyggingarráðs og nýbyggingarráðs og landsbankans, að ég trúi ekki, að hv. þm. vilji halda þeirri togstreitu áfram.

Það er svo breytt um í þessu frv., að fjárfestingin er tekin í hendur hins opinbera til þess að tryggja það, að réttilega sé farið með fjárfestinguna. En þar sem lánsstofnanirnar hafa það hlutverk að stjórna þessu með sinni lánapólitík, verða að vera fyrirmæli um það, að ákvarðanir ráðsins skuli framkvæmdar af lánsstofnununum. Þetta verk ríkisstj. væri óklárað, ef þessari setningu væri sleppt úr, enda alltaf verið á þetta bent, þegar um þetta hefur verið rætt.

Þá hef ég lagt til, að aftan við gr. verði bætt: „Fjárhagsráð skal beita sér fyrir og hafa forustu um skipulagningu þeirra átaka, er þjóðin gerir á sviði fjármála og atvinnulífs til þess að framfylgja ákvörðunum þess. Sérstaklega ber því að beita sér fyrir fjáröflun meðal þjóðarinnar til slíkra fyrirtækja og annast upplýsingastarfsemi um þau. Enn fremur skal ráðið gefa út leiðbeiningar til almennings um þær atvinnuhorfur, er séu í hinum ýmsu greinum, er ráðið hyggst að stuðla að."

Jafnframt því sem ráðið stjórnar fjárfestingunni, er nauðsynlegt, að það geri meira en að fyrirskipa, það þarf líka að hafa áhrif á þjóðina í þessum málum. Við skulum taka dæmi til skýringar. Nú ákveður ráðið, að nauðsynlegt sé að koma upp áburðarverksmiðju. Ríkisstj. álítur hins vegar, að það svari ekki kostnaði, og telur ríkissjóðinn ekki hafa fé til að leggja fram til þess. Ráðið ákveður þá að bjóða út lán í þetta fyrirtæki. Þá verður ráðið að hafa forgöngu fyrir upplýsingastarfsemi um þetta fyrirtæki meðal þjóðarinnar. Við höfum ekki mikla reynslu af svona „propaganda", áróðri, hér á Íslandi. Við höfum þó dæmi frá eimskipafélaginu, þegar það var stofnað, og nú fyrir skemmstu frá stofnlánadeildinni, og það er einmitt ágætt dæmi. Bréfasalan var dauð, þangað til nýbyggingarráð og landsbankinn tóku til að „agitera" fyrir þessu með þeim árangri, að á tveim mánuðum voru keypt bréf fyrir 10—12 millj. kr., þegar engin önnur bréf voru seljanleg. Þetta sýnir, að verzlunar- og hagfræðilögmáli, sem gildir á einhverjum tíma, getur verið breytt með starfsemi þess opinbera, þegar það hefur áróður fyrir því að fá menn til að leggja fé í ákveðin fyrirtæki. Þetta er svo nauðsynlegur liður í verki fjárhagsráðs, að binda verður ráðið skyldu til að gera þetta.

Varðandi síðasta málslið er það að segja, að það er ekki aðeins rétt að láta þá, sem hafa fjármagnið, vita, hvað er ætlunin að leggja í, það er líka rétt að segja almenningi, að hverju hann á að einbeita sér. Þetta er nauðsynlegt af því, að þegar fjárhagsráð ákveður sérstaka þróun í atvinnumálum landsins, útheimtir það einbeitingu vinnuaflsins og alveg sérstaklega, að faglærða vinnuaflinu sé beint í ákveðnar greinar. Það er því nauðsynlegt, að ráðið veiti mönnum, áður en til framkvæma kemur, upplýsingar um, hvað í vændum sé. Við skulum taka dæmi. Einn af erfiðleikunum í sambandi við kaup hinna nýju togara var sá, að fyrirsjáanlegt var, að skortur yrði á vissum fagmönnum, sérstaklega vélstjórum. Við í nýbyggingarráði vöktum eftirtekt manna á þessu og gerðum ráðstafanir til þess, að nægilega margir fagmenn yrðu til, þegar skipin kæmu. Nú getur það tekið allt að 8 ár að útskrifast sem vélstjóri, og er það út af fyrir sig óviðunandi, að svo langan tíma þurfi til þess, og algerlega ónauðsynlegt, en þetta sýnir, hversu nauðsynlegt er, að allar áætlanir séu gerðar með alllöngum fyrirvara. Það tekur langan tíma að fá fagmenn, en þeir eru líka eitt það dýrmætasta, sem eitt þjóðfélag á, sérstaklega þegar það verður að byggja á fullkomnum iðnaði.

Fjárhagsráð verður því að gefa út leiðbeiningar til fólksins, til þess að það viti, á hvaða sviði það á að einbeita sér. Dæmi: Fyrir ári síðan þótti það hin mestu uppgrip að vera vörubílstjóri og vörubifreiðar því hin eftirsóttasta vara. Allir lögðu mikið kapp á að eignast þær, og varð það til þess, að þær fóru í mjög hátt verð á svörtum markaði. Þessi stofnun, fjárhagsráð, getur nú ákveðið það með innflutningsráðstöfunum, að það verði engin uppgrip að vera vörubílstjóri. Nú skulum við segja, að ráðið ákveði að gera þetta, þá gerir það almenningi kunnugt um þessa ákvörðun og þar með, að nægilegt muni verða af vörubílum, svo að ekki sé ráðlegt að kaupa þá á svörtum markaði. Með svona ráðstöfunum væri mörgum bjargað frá því að tapa fé í svona braski, en stuðlað að því, að menn létu fé sitt í annað, þar sem meiri þörf væri fyrir það, t. d. við landbúnað eða vélstjórn á togurum.

Svona leiðbeiningar eru líka nauðsynlegt atriði í starfsemi ráðsins. Það er oft eins mikið komið undir því, að þannig sé hugsað um vinnuna, ekki síður eða eins og fjármálin. Framkvæmdir fjárhagsráðs snerta hvern einasta þegn í þessu þjóðfélagi, og þeir eiga kröfu á að vita, hvert er verið að stefna.

Þá koma brtt. við 6. gr. Eins og hún er í frv., er gengið út frá, að fjárhagsráð geri áætlanir sínar, áður en fjárl. eru samin fyrir ár hvert. En nú er ákveðið í stjskr., að Alþ. skuli koma saman 15. febr. Fyrir þann tíma yrði ráðið að hafa áætlunina tilbúna, og raunar alllöngu áður, svo að hægt sé að semja fjárl. með tilliti til hennar, þannig að áætlun um framleiðslu ársins 1948 yrði til í ársbyrjun 1947. Það er við búið, að eftir því sem þingið bindur sig meira við áætlun, þá verði óhugsanlegt að semja árið 1946 áætlun fyrir 1948. Mér finnst, að ríkisstj. hafi hugsað sér, að ekki þyrfti að leggja áætlunina fram fyrr en seint á árinu, og hef tekið það upp í mína brtt., sem eiginlega er aðeins vatill. Það, sem ég álít, að skera þurfi sérstaklega úr um, er, hvaða aðili hafi úrslitavaldið um samning áætlunarinnar, og geri ég ráð fyrir, að það verði Alþ. Áætlunin yrði lögð fyrir Alþ. eins og fjárl. nú, og eins og stjórn stendur eða fellur með fjárl., þá yrði það eins með áætlun um þjóðarbúskapinn í heild. Við verðum að gera okkur ljóst, að með stofnun fjárhagsráðs er verið að reka smiðshöggið á þá þróun að breyta starfs-

sviði Alþ. og færa það endanlega í það horf að vera stjórn á þjóðarbúskapnum í viðbót við að hafa á hendi stjórn ríkisins. Heildaráætlunin yrði þannig fjárl. þjóðarbúskaparins. Áður hefur Alþ. farið í vaxandi mæli inn á það að stjórna þjóðarbúskapnum og skipað ýmsar nefndir í því skyni, t. d. nýbyggingarráð. Nú á að setja á stofn fjárhagsráð til að búa til fjárl. þjóðarbúskaparins. Ég hef aukið við 6. gr. og geng út frá því, að ríkisstj. hafi heildaráætlunina til hliðsjónar við samning fjárl., áætlunina þurfi svo að leggja fyrir Alþ., og fái hún þar endanlega afgreiðslu. Ég geng út frá því, að Alþ. sitji 1. okt., en ef svo verður ekki, þá kveðji ríkisstj. það saman til fundar um áætlunina, sem í frv. stjórnarinnar er hugsuð, að eigi að vera svo nákvæm, að ég undrast stórlega, enda hefur nú meiri hl. fjhn. dregið þar úr í sínum till., að mínu áliti til bóta. En vegna þess, hve gert er ráð fyrir nákvæmri áætlun, tel ég rétt að leggja hana fyrir Alþ. Sérástæður fyrir langt tímabil eru ekki þess eðlis, að hægt sé að leggja þær fyrir Alþ. til bindandi afgreiðslu, heldur til leiðbeiningar, og er mál, sem vel má „diskutera". En ef heildarstefnan, sem langar áætlanir eiga að fylgja, er mótuð eins og gert er ráð fyrir í minni till., þá er ekki þörf að taka þær áætlanir fyrir á Alþ., en þó geri ég ráð fyrir, að til slíks geti komið. Ég geng út frá því, að ef ágreiningur er í fjárhagsráði um heildarstefnuna, þá verði Alþ. að skera úr, vegna þess að framkvæmdir hvers árs miðast við það, sem gengið er út frá í heildaráætlun fyrir langt árabil. Legg ég því til, að fjárhagsráðsmenn hafi rétt til að leggja till. sínar fyrir Alþ., en þann rétt hafa náttúrlega fyrir þeir, sem eiga sæti á þingi. Það „principiala" við þessa grein er í stuttu máli það, að Alþ. hafi endanlegu ráðin. Það má segja, að ráðin séu hjá Alþ., þar sem stjórnin er ákveðin af því. En ef við athugum meðferð fjárl., þá er höfð sérstök fjvn. og reynt að koma þar að mörgum sjónarmiðum einstakra þm., og kjarninn í valdi Alþ. er einmitt fjárveitingavaldið. Það er sama eðlis og fjárl., þegar semja á heildaráætlun um allar framkvæmdir landsmanna. Á Alþ. þarf að fást eitthvert samkomulag, þegar fara á að hefja áætlunarbúskap, því að það verður að vera tryggt, að stórar áætlanir megi leggja fyrir þingið, án þess að allt fari í handaskolum, þegar Alþ. hefur endanlega farið inn á þá braut að taka upp áætlunarbúskap.

Ég hef borið fram litla brtt. við 7. gr., sem ég býst við, að meiri hl. fjhn. hefði getað fallizt á. Hún er um það, að fjárhagsráð taki við þeim verkefnum, sem nýbyggingarráði eru nú falin í ýmsum l., jafnskjótt og það hefur verið lagt niður. Engin ákvæði eru um þetta í frv., eins og það er nú, hver rækja skuli störf þau, sem nýbyggingarráði og viðskiptaráði eru falin í öðrum l. T. d. má nefna l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins, en í þeim er ákveðið, að til þess að fá lán í stofnlánadeildinni þurfi meðmæli nýbyggingarráðs. Ef þetta ákvæði fellur burt, svífur þetta í lausu lofti, og mætti ætla, að stjórn stofnlánadeildarinnar ætti ein að ráða, hverjir fengju lán, en slíkt er óheppilegt, vegna þess að þetta er veigamikill þáttur í framkvæmd áætlunarbúskaparins, og þrátt fyrir deilur milli nýbyggingarráðs og landsbankans, þá hefur upp á síðkastið vegna valds nýbyggingarráðs orðið vaxandi samvinna um slíkar framkvæmdir, og má segja, að samstarfið hafi verið farið að ganga vel, en færi út um þúfur, ef málsgr. eins og í minni brtt. væri ekki tekin upp. Þetta vald, sem nýbyggingarráð hefur, er vissulega mikið öryggi fyrir menn utan af landi, er reyna að fá lán, og við í nýbyggingarráði höfum gert ráðstafanir til að hjálpa þeim, og hefur það oft borið árangur, því að það er hægara að fá bankastjórana til að taka tillit til óska manna, ef opinber valdastofnun liðsinnir þeim. Ef um það er að ræða, að fjárhagsráð byggði bæi úti á landi eða setti upp atvinnurekstur, þá væri nauðsynlegt, að það tæki við störfum nýbyggingarráðs á þessu sviði. Í fleiri l. eru ákvæði um nýbyggingarráð, t. d. í l. um Höfðakaupstað og l. um nýbýlastjórn, þar sem nýbyggingarráð á að tilnefna einn mann. Finnst mér í fyllsta máta eðlilegt, að fjárhagsráð taki við öllum þessum verkefnum, sem nýbyggingarráð hefur nú með höndum.

Í 8. gr., eins og hún nú er í frv., er sérstaklega rætt um samvinnu verkamanna og atvinnurekenda. Þetta er þörf og réttmæt grein, en það er rétt, að svona hlutir séu gagnkvæmir. Það er rétt að stefna beri að auknum afköstum verkamanna, en það verður líka að auka afköst fjármagnsins. Því legg ég til, að við sé bætt, að ef verkamenn óska þess, þá skuli settar á stofn framleiðslunefndir, er hafi samstarf við viðkomandi atvinnurekstur, og skal fjárhagsráð einnig hafa samvinnu við þær. Það mundi þýða, að eins og atvinnurekendur vænta aukinna afkasta verkamanna, þannig vænta verkamenn aukinna afkasta fjármagns og véla. Sjálfstæðismenn hafa flutt frv. svipaðs eðlis, og vona ég, að þeir athugi þessa till. Nú á síðustu árum hafa svona nefndir verið settar upp, t. d. í Englandi, og gefið góða raun og sýnast þær hafa verið veigamikill þáttur í að bjarga Englendingum út úr þeim vandræðum, sem að þeim hafa steðjað. Það mun því heppilegt að setja upp slíkar nefndir og í samræmi við andann í 8. gr. frv. En það er vissulega réttmætt, að tryggt sé jafnrétti verkamanna og atvinnurekenda.

Þá kemur að b-lið brtt. við 8. gr., en hann er um, að aftan við gr. bætist ákvæði um það, að ef fjármagn og vinnuafl landsmanna sækir meir inn á sérstök atvinnusvið utan beinnar framleiðslustarfsemi en þörf er fyrir frá þjóðhagssjónarmiði, þá skal fjárhagsráð rannsaka orsakir slíks og gera tillögur til ríkisstj. og ráðstafanir, að svo miklu leyti sem í þess valdi stendur, til þess að draga úr slíku aðstreymi. Samstarf skal hafa við samtök verkalýðsins og eigendur fjármagnsins um þessar aðgerðir, eftir því sem kostur er á. Þetta er að nokkru leyti tekið upp úr reglugerð fyrir nýbyggingarráð. Nýbyggingarráði er nú fyrirskipað að rannsaka, þegar slíkt aðstreymi er of mikið í einhverja atvinnugrein, og gert að hafa samstarf við verkamenn og atvinnurekendur.

9. brtt. er um, að koma skuli ný grein svo hljóðandi: „Fjárhagsráði er heimilt að fela atvinnudeild háskólans og rannsóknaráði ríkisins svo og öðrum rannsóknar- og vísindastofnunum ríkisins sérstök verkefni, er snerta rannsókn á auðlindum landsins, jafnt á jörðu sem sjó, og að gera tilraunir og rannsóknir varðandi hagnýtingu lífrænna sem ólífrænna efna, sem gildi gætu haft fyrir atvinnulíf landsmanna." — Það er mitt álit, að þótt kostnaður við rannsóknir sé oft mikill, þá

sé um of horft í þann kostnað, sem líklegur er til að bera mikinn árangur seinna meir. Það er að mestu órannsakað, hvaða auðlindir Ísland hefur að geyma. Við eigum ýmsa ágæta kunnáttumenn og sérfræðinga, en kraftar þeirra eru ekki notaðir sem skyldi. Það getur orðið tafsamt, ef það á að ganga gegnum stjórnardeildir, hvenær og hvar rannsókn eigi að hefja, og legg ég því til, að fjárhagsráði sé heimilt að stofna til rannsókna og tilrauna í þágu atvinnuveganna, og má þá búast við betri árangri. Þá er ekki síður nauðsynlegt að vinna fullkomlega úr framleiðslunni. Með því að vinna fullkomlega úr síldarlýsinu, gætum við gert það margfalt verðmeira, og af fiskaflanum er ekki nema helmingurinn nýttur, og höfum við sannarlega ekki efni á að fleygja kannske því dýrmætasta úr honum.

Það þyrfti að vísu nákvæmar, efnafræðilegar rannsóknir til að vinna úr öllum innyflum fisksins, en það þarf að gera þær rannsóknir og tilraunir, þótt þær séu stundum mjög dýrar. Það er ef til vill eitt það erfiðasta fyrir okkur sem smáþjóð að reka allar tilraunir, sem þarf í þessu sambandi. Ef til vill gæti tekizt samstarf með okkur og Norðmönnum í þessu efni, báðum þjóðum til hagsbóta, og víst er það, að fyrir hvert ráð, sem stofnað er og falið að hagnýta framleiðslu og auðlindir landsins sem bezt, er slík efnafræðileg rannsókn ekki þýðingarminnst. Ég veit, að ekki er gott fyrir okkur þm. að dæma um þetta, en við verðum að reyna að setja okkur sem bezt inn í hlutina, ef við ætlum að stjórna þjóðarbúinu, eins og við höfum tekið að okkur. Þegar lagt er á herðar Alþ. og ríkisstj. að hugsa fyrir þjóðina næstum því að segja í þessum efnum, þá verðum við að finna til skyldunnar, sem á okkur hvílir, og breyta hér til. Við vitum vel, að enginn útgerðarmaður getur byggt stóra rannsóknarstöð, það þarf ríkið að gera. Erlendis eru slíkar stofnanir eitt af því þýðingarmesta, sem unnið er. Ég get t. d. nefnt, að Kodak-hringurinn ver árlega til sinna „laboratoria" 50 millj. dollara, sem er allmiklu hærri upphæð en samanlögð fjárlagaupphæð okkar, en þetta gefur hugmynd um þær „gigantisku" upphæðir, sem auðhringar verja til rannsóknarstofnana sinna. Og því er það, eins og nú er í veröld hinnar gífurlegu teknisku þróunar, að lífsnauðsyn er að rannsaka þessa hluti til hlítar. Við vitum t. d., að úr sjó getum við unnið flestöll efni, sem unnin eru úr jörðu, og þar sem við höfum jarðhitann, höfum við sérstök skilyrði til að vinna ýmis efni úr sjónum með uppgufun. Og þetta krefst fljótt úrlausnar. Það er nauðsynlegt að gera sér það ljóst, að þessi ár og þessir mánuðir, sem eru að líða, eru hið stórkostlegasta breytingatímabil um efnafræðilegar rannsóknir, og möguleikarnir eru ákaflega miklir, ef menn fylgjast með tímanum. Rétt er það, að það er aðeins fyrir örfáa sérfræðinga að fylgjast vel með í þessum efnum, en hitt þarf að tryggja, að til séu þó einhverjir menn með okkar þjóð, sem fylgjast vel með í fremstu röð, og þótt ekkert sjáist eftir þá í eitt, tvö eða þrjú ár, þá er ekkert við því að segja, ef þeir koma aðeins einhvern daginn með hluti, sem þeir geta gert. Því er það, að valdið til að ráða sérfræðinga og hafa stjórn rannsóknarstofnana ríkisins er mjög þýðingarmikið vald, ef fjárhagsráð er vakandi í þeim efnum. Í fyrsta lagi á að miða við, að sérfræðingar okkar fylgist vel með, í öðru lagi, að þeir fái tæki til hagnýtingar. Og því hef ég sett þessa grein þarna inn. Ég geng nefnilega út frá því, að samkv. eðli fjárhagsráðs verði því helzt síðar álasað fyrir það, sem það hefur vanrækt að gera, og því þarf að gefa því vald til að geta ráðið verulega um hluti, sem það vildi ráða.

Þá hef ég gert hér grein fyrir öllum brtt. mínum, sem eiga við fyrstu kafla frv., og ég hef í framsöguræðu minni, brtt. og nál. sérstaklega einbeitt mér á fyrsta kaflann. Það er það svið frv., sem ég hef mestan áhuga og kunnugleika á, og við það miðast till. mínar. Þó er hér síðasta brtt. við annan kafla frv., það er 10. brtt. á þskj. 725, sem er við 12. gr. Hún er á þá leið, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir framleiðslutæki og annað, sem greiðast á af nýbyggingarreikningi, skuli yfirleitt veitt þeim, sem ætla sér að nota eða starfrækja tækin. Nýir aðilar skulu hafa sama rétt til kaupa á atvinnutækjum og þeir, sem fyrir eru.

Ég geng hér út frá því, að í verkaskiptingu innflutnings- og gjaldeyrisdeildar fjárhagsráðs verði aðskilin leyfi út á nýbyggingarreikning og leyfi til almenns vöruinnflutnings. Áður hafa gilt tvennar reglur um þetta í nýbyggingarráði og viðskiptaráði. Í viðskiptaráði hafa leyfi verið veitt í ákveðnu hlutfalli við innflutning fyrirtækjanna áður, það er hið svo kallaða „kvotasystem", og þetta hefur verið gert, þó að það skapi nýjum fyrirtækjum mikla erfiðleika. Í nýbyggingarráði hefur aftur verið fylgt þeirri reglu, að menn hafa fengið leyfi án tillits til þess, hvort þeir hafa verið í viðkomandi atvinnugrein áður eða ekki, og það er samkvæmt þeim fyrirmælum í reglugerð nýbyggingarráðs, að nýir menn skuli njóta sama réttar um leyfisveitingar og aðrir. Ég álít þetta allþýðingarmikið atriði og rétt, að þetta reglugerðarákvæði nýbyggingarráðs gildi áfram, þegar fjárhagsráð tekur við. Viðskiptaráð hefur yfirleitt veitt innflytjendum leyfin, og ef við tökum dæmi, t. d. af manni, sem ætlar að kaupa sér rennibekk, þá hefur hann í því tilfelli orðið að kaupa rennibekkinn af heildsala eða innflytjanda. Hin almenna regla í nýbyggingarráði er hins vegar sú að veita slíkum manni sjálfum beint þetta leyfi, en ekki firmum, sem flytja inn vöruna og hafa ef til vill umboð fyrir hana. Sá maður, sem fær þannig leyfi fyrir atvinnutæki eða framleiðslutæki, ræður því þá sjálfur, hvar hann kaupir hlutinn. Ef hann fær t. d. leyfi fyrir vörubíl, þá ræður hann, hvar hann kaupir bílinn. En innflytjendur hafa oft í slíkum tilfellum fengið leyfin beint í sínar hendur frá viðskiptaráði. Og viðvíkjandi innflutningi á öllum stærri tækjum er regla nýbyggingarráðs alveg sjálfsögð. Og þar sem hin frjálsa samkeppni kemst ekki að með innflutning á slíkum tækjum almennt, þá ætti kaupandinn sjálfur að ráða, hjá hvaða umboðssala hann kaupir, og gæti hann þá látið gera sér tilboð og tekið hinu hagkvæmasta. Ég álít alveg nauðsynlegt að lögfesta þessa reglu, eins og hún hefur þegar verið meira og minna fest í reglugerðum.

Ég ætla hér ekki að fara út í 2., 3. og 4. kafla frv. að svo stöddu, geri það ef til vill eitthvað seinna. Ég vildi gjarnan gera brtt. við þá einnig, en ég hef einbeitt mér á fyrsta kaflann, eins og ég hef áður sagt og brtt. mínar bera með sér, á

framkvæmd hans veltur mest, þar eru gerðar mestar breytingar frá því, sem nú er. Ég hef því lagt mikla vinnu í það undanfarnar vikur að gera brtt. við þennan frv.-kafla, og ég vildi mælast til þess, að hv. dm. vildu athuga gaumgæfilega þær till., sem hér liggja nú fyrir. Með þessu frv. erum við að fara inn á nýtt starfssvið, og það er nauðsynlegt, að við alþm. gerum okkur það ljóst, að við erum hér með, meira eða minna, að taka af landsmönnum afskipti þeirra af atvinnulífinu. Ég vil sérstaklega mælast til þess, að þm. hafi þetta í huga og ræði þessar till. Það er trú mín, að ef við sleppum að ræða þessar till. og samþykkja þær að mestu, þá sleppum við miklu tækifæri. Við vitum nú, að það hefði verið mikið óhapp, ef ekki hefði náðst samkomulag um það 1944 að ráðstafa 300 milljónum króna til togarakaupa o. fl., en ef við samþykkjum nú ekki að leggja 25% af útflutningi hvers árs á nýbyggingarreikning, þá munum við einmitt á þessum árum sleppa einhverju hinu bezta tækifæri til að hagnýta auð næstu ára sem framast er unnt, og það verður þungt högg fyrir atvinnulífið að hagnýta ekki þann auð, sem sjávarútvegurinn skapar á næstu árum, til að gera þá atvinnulegu gerbyltingu, sem þarf að verða. Við erum nú meira og minna sammála um, að rétt var stefnt með byltingu og nýsköpun skipastólsins, sem var framkvæmd strax og hiklaust, en ég vil undirstrika það, að ef við hagnýtum ekki þann auð, sem þessi skip færa í þjóðarbúið á næstu árum, þá spilum við úr höndum okkar tækifæri til stóriðju á grundvelli raforkuframkvæmda. Það tækifæri kemur ef til vill aftur, en kostar þá miklu meira, eins og það kostaði mikið að nota ekki allar 600 milljónirnar 1944 til atvinnulífsins. Eins leiðir það nú til ófyrirsjáanlegs tjóns, ef við leggjum ekki 25% til hliðar á nýbyggingarreikning til ráðstöfunar fyrir fram. Það gildir að spara gjaldeyrinn til óþarfans, en nota hann til þarfa. Ef við ætlum að nota tækifærið, þá verðum við að þora að líta fram og festa þetta fé og ráðstafa því fyrir fram, taka ákvarðanir, sem við getum glaðzt yfir og verið stoltir af að hafa tekið, segjum eftir einn áratug. Einstaklingarnir hafa þurft á sparsemi og framsýni að halda til að komast áfram í lífsbaráttunni, og fleiri slíkar dyggðir mætti nefna. Við, sem hugsum fyrir þjóðina að svo mörgu leyti, ef svo mætti segja, við þurfum að þora að spara og ráðstafa því, sem lagt er til hliðar, til uppbyggingar íslenzku atvinnulífi.

Ég vona, að hv. þm. íhugi þetta vel.

Forseti (BG): Ég vildi mælast til þess við hv. þm., að hver einstakur talaði ekki lengur en 20 mínútur hér eftir við umr. þessa máls.

Pétur Ottesen: Ég mun að sjálfsögðu verða við tilmælum hæstv. forseta um að takmarka mál mitt, og máske þarf ég ekki einu sinni allan þann ræðutíma, er hann tiltók.

Á þskj. 559 er brtt., sem ég flyt hér ásamt hv. 1. þm. Skagf. og hv. 6. þm. Reykv., um það, að Búnaðarbanki Íslands fái nokkra íhlutun um verzlun á erlendum gjaldeyri. Búnaðarbankinn er ört vaxandi stofnun, starfsfé hans hefur rúmlega sexfaldazt á síðustu 7 árum og viðskiptaveltan aukizt um 600% frá byrjun. Aðalverksvið bankans er, eins og kunnugt er, í sveitum landsins, en viðskipti hans hafa einnig aukizt mikið hér í bænum á síðustu árum, bæði með lánum til iðnaðar, húsbygginga og verzlunarfyrirtækja. Er hér að langmestu leyti um skammæja víxla að ræða, á meðan verið er að afla lánsfjár til lengri tíma.

Útlán sparisjóðsdeildarinnar skiptust nokkurn veginn þannig 31. des. 1945:

Landbúnaður	Kr.	17500000
Verzlun	—	6800000
Iðnaður	—	6200000
Byggingar	—	4300000
Útvegur	—	125000
Ýmislegt	—	7500000

Samtals eru þessi viðskipti 42 millj. 425 þús. kr. Ég hef ekki fyrir hendi slíka sundurliðun 31. des. 1946, en þá hafði heildartalan vaxið upp í rúmlega 50 millj. kr..

Auk þessa eru útlán hinna einstöku sjóða bankans, sem öll eru til landbúnaðar, og samkvæmt nýju l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum er áformuð stórfelld aukning útlána. Þessi sjóðir eru: byggingasjóður, veðdeild, ræktunarsjóður, viðlagasjóður, nýbýlasjóður og smábýladeild. Í árslok, eða 31. des. 1945, námu viðskipti þessarar deildar bankans 10,8 millj. kr., en í árslok 1946 11 millj. 775 þús.

Af öllu þessu má sjá, að velta þessarar stofnunar er orðin afar mikil og fer ört vaxandi. Það virðist því mjög eðlilegt, að bankastofnun eins og þessi eigi þess kost að kaupa erlendan gjaldeyri til þess að greiða fyrir viðskiptum viðskiptamanna sinna, eigi síður en hinir bankarnir tveir, enda hafa ýmsir viðskiptavinir Búnaðarbankans þráfaldlega óskað eftir því, að þeir gætu einnig haft gjaldeyrisviðskipti sín við hann. Í brtt., sem við flytjum um þetta efni, er stungið upp á því, að hlutur Búnaðarbankans í þessum utanríkisviðskiptum verði aðeins 16% þess gjaldeyris, sem til fellur árlega, og er þetta dregið hlutfallslega af hinum bönkunum, miðað við þá skiptingu, sem gilt hefur síðan 1943 um gjaldeyrisviðskipti bankanna, sem er það, að Útvegsbankinn hefur heimild til þess að hafa ⅓ af gjaldeyrisviðskiptunum. Samkv. þessu yrði þá skiptingin þannig, að Landsbankinn fengi 56%, Útvegsbankinn 28% og Búnaðarbankinn 16% af gjaldeyrinum. Þetta er þá harla smár hluti, viðskiptin, sem Búnaðarbankanum eru ætluð hér. Hins vegar felst þó í þessu, ef samþ. er þessi brtt., viðurkenning á því, að þessi banki fái einnig þátttöku í þessari verzlun, sem virðist vera ákaflega eðlilegt, eftir því sem högum þessarar stofnunar er nú háttað. Það er vitað, að þessi viðskipti hafa gefið bæði Landsbankanum og Útvegsbankanum allgóðan arð. Og það virðist enn fremur vera eðlilegt, að Búnaðarbankinn fái einnig aðstöðu til þess að fá nokkra hlutdeild í þeim arði, sem leiðir af þessum viðskiptum — auk þess sem það virðist líka vera fullkomin sanngirniskrafa, að þeir menn, sem reka viðskipti sín við Búnaðarbankann, fái einnig aðstöðu til þess að hafa við þennan banka, innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, viðskipti í sambandi við gjaldeyrisverzlunina. — Ég vænti því, að hv. þdm. muni líta með sanngirnisaugum á þetta mál, þannig að þessi brtt. fái samþykki hv. þd.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir því, hvert væri álit mitt á aðalatriðum þess, og vék nokkuð að því, að mér þætti gengið hér inn á nokkuð mikla einræðisbraut í okkar fjármálalífi. Eftir þær umr., sem þá urðu, og eftir þær smávægilegu brtt., sem hér eru fluttar af hv. meiri hl. fjhn., þá þóttist ég sjá, að það hefði ekki mikla þýðingu að flytja mjög róttækar brtt. við þetta frv., sem að sjálfsögðu er samkomulag um, að í einhverri mynd eigi að ganga fram. Samt sem áður hef ég nú leyft mér að flytja hér tvær brtt. á þskj. nr. 690 og vil fara um þær nokkrum orðum.

Ég lýsti því hér við 1. umr., að þegar svo væri komið, að hér ætti að fara að leggja mikið af valdi hæstv. Alþ. í fjármálum landsins undir eina nefnd, þá væri það hin minnsta krafa, sem Alþ. gæti gert, að það kysi þá þessa n., en hún væri ekki stjórnskipuð. Í samræmi við þetta hef ég leyft mér að flytja brtt. um, að fjárhagsráð sé kosið með hlutfallskosningu af Alþ. til tveggja ára í senn og jafnframt séu þá kosnir varamenn í þetta ráð. Segja má, að út af fyrir sig sé það aukaatriði, hvort varamenn eru eða ekki eða hvort kjörtímabil þessa ráðs er tvö ár eða lengra. En ég hef stungið upp á þessu, ef það væri hugsanlegt samkomulag við hv. fjhn. um þetta. — Þá hef ég lagt til, að 5. gr. frv. verði orðuð um. Við 1. umr. kom það greinilega fram hjá hæstv. fjmrh., að hann teldi, að það væri á engan hátt tryggt, að þeirri starfsemi yrði haldið áfram með hinni breyttu skipun, sem framkvæmd hefur verið af nýbyggingarráði á undanförnum tveimur árum. Og því miður er ég mjög hræddur um, að um leið og nýbyggingarráð verður lagt niður og sameinað viðskiptaráði, eins og ætlazt er til með þessu frv., þá yrði meira eða minna af þeirri starfsemi, sem nýbyggingarráð hefur haft með höndum, vanrækt allmiklu meir en verið hefur. Það er kunnugt mál, að nýbyggingarráð hefur á undanförnum tveimur árum verið ákaflega mikil nytjastofnun fyrir framfarir í landinu, sérstaklega til að greiða fyrir framfaramálum úti um byggðir landsins, því að fyrir þess milligöngu hafa komizt á margvíslegar framfarir víðs vegar um land. Og það er ekki smávægilegt starf, sem nýbyggingarráð hefur haft með höndum. Það hefur haft með höndum að semja áætlun um fjármálalíf og framfarir í landinu og greitt fyrir útvegun og úthlutun margvíslegra tækja, vinnuvéla, bifreiða og annars. Það hefur haft með höndum að undirbúa stórstígar framfarir, bæði til lands og sjávar. Og það hefur undirbúið l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins og l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, sem hvort tveggja er orðið að lögum. Og það hefur undirbúið frv. um ræktunarsjóð, sem enn liggur óafgreitt hér í hv. d. vegna tilmæla frá hæstv. landbrh., því að landbn. hefur ekki afgr. það frá sér enn, vegna þess að það hefur ekki verið til, hvaða breyt. hæstv. ríkisstj. óskaði að gera á því máli. Þá hefur nýbyggingarráð, eins og kunnugt er, haft með höndum leiðbeiningar um útvegun skipa og leiðbeiningar um byggingu iðjuvera og leiðbeiningar og hjálp við útvegun á lánsfé til ýmissa framfaramála. Allt þetta eru verkefni, sem eru jafnvel enn meir fyrir fólkið úti á landsbyggðinni, sem á erfitt með að afla hins og annars til sinna framkvæmda, heldur en þá, sem hafa beztu aðstöðuna samningslega séð. Nú er það kunnugt, að á undanförnum tuttugu árum hefur sveitahéruðum okkar lands verið smátt og smátt að blæða út, bæði að fólki og fjármagni. Og það er af þeim sökum, hvernig hagað hefur verið fjármálastjórn í þessu landi. Þeirra hluta vegna hefur það farið svo, að fólkið hefur dregizt meir og meir í hina stærri bæi, og einkum hingað til höfuðstaðarins. Aldrei hefur þessi straumur þó verið örari heldur en á stríðsárunum síðustu, því að þá var það mjög margt, sem að því studdi að draga fólkið burt frá sveitaatvinnunni og jafnvel einnig úr hinum smærri þorpum. Og ekki sízt vegna þessara hluta er það, að á þessum stríðsárum voru svo að segja allar framkvæmdir í atvinnurekstri einstaklinga stöðvaðar hér á landi, þangað til nýbyggingarráð tók til starfa. Þetta kom til af því, hve mikill efnisskortur var þá í landinu, og líka af því, að hinir vinnandi menn voru dregnir með háum kaupboðum að setuliðsvinnunni. Og afleiðingin varð, að ekki aðeins nýjar framkvæmdir, heldur einnig viðhald eldri mannvirkja dróst úr hömlu. Það eina, sem í þessum efnum mátti segja, að héldi nokkurn veginn áfram, voru opinberar framkvæmdir, svo sem vegabætur, sem ekki þurfti erlent efni í. Nú er það svo, að þegar verið er að setja hér l. um það að láta allar framkvæmdir, opinberar og framkvæmdir einstaklinga, hlíta yfirráðum eins ráðs, einnar nefndar, þá finnst mér, að það megi ekki minna vera en að gerð sé tilraun til þess í l. að tryggja það, að ekki sé haldið áfram á sömu braut eins og gengið hefur verið né gengið lengra í því, eins og mér þykir mjög mikil hætta vera á nú, að fólkið streymi til stóru bæjanna og fjármagnið líka, þannig að reynt sé að stuðla að því að stöðva þennan straum nokkuð. Og það er áreiðanlegt, að það verður ekki gert á annan hátt en þann að auka verklegar framkvæmdir úti um byggðir landsins, byggingar, samgöngubætur og allar þær framkvæmdir, sem nauðsyn ber til, til þess að sveitafólkið og fólkið, sem býr í þorpum úti á landi, verði ekki áfram eins tiltölulega afskipt um lífsþægindi eins og orðið er og hlýtur að leiða til þess að draga meira og meira af hinu vaxandi fólki áframhaldandi hingað til höfuðstaðarins. Stefnan er sem sagt sú, að ef áfram heldur á sömu braut og verið hefur, a. m. k. síðan í stríðsbyrjun í þessu efni, þá verður þess ekki langt að bíða, að miklu meira en helmingur þjóðarinnar safnist saman hér í Reykjavík og í grennd. Með tilliti til þessa hef ég flutt þessa mína brtt., sem er umorðun á 5. gr. og hljóðar um það, að fjárhagsráð skuli vera skyldugt til að stuðla að því með efnisútvegun, lánsfjárútvegun, útvegun á tækjum og vinnuafli, að þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru í sveitahéruðum landsins, verði ekki stöðvaðar vegna þess, að ekki fáist til þeirra efni eða tæki eða annað nauðsynlegt. En mér sýnist, eftir því sem þetta frv. er formað og eftir því sem talað hefur verið við 1. umr. þessa máls hér í hv. þd., þá stefni allt miklu meir í sambandi við þetta frv. að því að takmarka framkvæmdir en að því að auka þær. Ef um það er að ræða að takmarka framkvæmdir, þá er það svo, að þeir, sem eiga örðugasta aðstöðu og eru lengst frá og allir þurfa að ganga í gegnum margfaldar girðingar nefnda og ráða, þeim er hættast við að verða út undan, þannig að þeir fái ekki nauð-

synleg tæki, nauðsynlegt efni og nauðsynlegt fé til þeirra framkvæmda, sem þeim er lífsnauðsyn að koma áfram, ef þeirra atvinnurekstur á að geta haldizt við. Nú hef ég sett það inn í mína brtt., að fjárhagsráð skuli um þessa hluti vera í samráði við nýbýlastjórn ríkisins, við raforkuráð, vegamálastjóra og vitamálastjóra varðandi þær framkvæmdir, sem þeim aðilum koma við. Eins og hv. þm. vita, voru l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum og raforkulög samþ. hér á þingi í fyrra. Og þau l. krefjast mjög mikils fjár, tækja, efnis og vinnu, ef framkvæmdir í því sambandi eiga að verða nokkuð í samræmi við það, sem l. gera ráð fyrir. Nú vakir það fyrir mér, ekki síst vegna þess, að ég er formaður í nýbýlastjórn, sem á að hafa með höndum yfirathugun á því, hve mikið sé byggt af nýbýlum og endurbyggt af sveitabæjum og húsum úti um landið, að það sé nokkuð tryggt, að ekki sé alveg gengið fram hjá þeim aðilum, sem hér eiga að hafa hönd í bagga um málin, eins og nýbýlastjórn og raforkuráð, svo og vegamálastjóra varðandi samgöngubætur og vitamálastjóra í sambandi við hafnargerðir og lendingarbætur. Virðist það sjálfsagt og eðlilegt og réttlátt, að þetta stóra og valdamikla ráð verði að hafa samráð við vegamálastjóra og vitamálastjóra um samgöngu- og hafnarmál, því að þeir menn hljóta á hverjum tíma að vera þeir menn, sem kunnugastir eru um þá hluti, sem þar er um að ræða. Þess vegna þykir mér það mjög undarlegt, ef hv. alþm. geta ekki fallizt á þann hluta minnar brtt., sem er um það, að fjárhagsráð skuli stuðla að þessum framkvæmdum öllum úti um landsbyggðina og vera í því efni í samráði við þá aðila, sem áður er búið með l. að setja til þess að stjórna þeim framförum, sem þar koma til greina.

En þá kemur að síðustu það, sem ég býst við, að hv. þm. kunni að reka augun fyrst og fremst í og hnjóta um. Og það er sá endir á minni brtt., að þegar skortur verði á gjaldeyri, vinnuafli og lánsfé til þess að fullnægja eftirspurn, þá sé fjárhagsráði heimilt að takmarka byggingar og aðrar framkvæmdir í Reykjavík, eftir því sem nauðsynlegt reynist. Ég get búizt við, að einhver segi sem svo, að þetta sé ekki vinsamleg tillaga í garð Reykjavíkur. En því fer fjarri, að á bak við þessa till. liggi nokkur andúð í garð okkar höfuðstaðar, því að vissulega óska ég eftir, að höfuðstaðarins hag sé sem bezt borgið, að unnt er. En ég tel, að hér eigi að fara saman hagur landsbyggðarinnar utan Reykjavíkur og hagur höfuðstaðarins sjálfs, því að það er sannarlega ekki hagur Reykjavíkur, að hópað sé þangað stöðugt þúsundum á þúsundir ofan af fólki utan af landsbyggðinni til þess að þurfa að byggja yfir þetta fólk hér í Reykjavík, þar sem vafinn verður meiri og meiri á, að tilsvarandi atvinna geti orðið fyrir allan þann fólksfjölda hér í Reykjavík, sem hingað flykkist, jafnframt því sem byggðirnar úti á landi leggjast smátt og smátt í auðn, ef þessi straumur heldur áfram óhindraður, þannig að þeim byggðum er, eins og ég sagði áðan, smátt og smátt að blæða út. Það er talið, að undanfarin tvö til þrjú ár hafi verið byggt hér í Reykjavík fyrir 70 til 90 millj. kr. á ári. En það eru smáar upphæðir í samanburði við þetta, sem byggt hefur verið fyrir úti á landi á sama tíma. Og ef það á svo til að ganga viðkomandi byggingum úti á landinu, að takmarkað verði enn meir, hve mikið þar er byggt, með því að þeir menn, sem þar eiga hlut að máli, verði að fara svo að segja í gegnum margfaldar girðingar ráða og nefnda til þess að fá fyrirgreiðslu fyrir sínum málum, og ef þeir tapa þeirri stofnun, sem vinsælust er orðin allra stofnana, sem með þessi mál hefur haft að gera úti á landsbyggðinni, sem er nýbyggingarráð, þá stefnir það að því að halda við straumnum til höfuðstaðarins, en tálma framkvæmdum og framförum úti á landsbyggðinni, sem ég tel mjög skaðlegt. Ég fyrir mitt leyti hefði álitið, að miklu réttara hefði verið að láta nýbyggingarráð halda áfram og fá meiri völd en það hefur haft en að leggja það niður og sameina starf þess starfi viðskiptaráðs. En úr því að það á að sameina þetta undir einn hatt, finnst mér ekki til of mikils mælzt, að gerð sé í l. alveg skýlaus krafa um, og að það sé ákveðið, að þetta fjárhagsráð vinni í samráði við þær stofnanir og nefndir, sem ég hef hér nefnt, og að það sé skyldað til að stuðla að því, að framfaramálum verði haldið áfram, eftir því sem frekast eru föng til og þeir aðilar hafa aðstöðu til að styrkja, sem ég hef nefnt.

Ég sé að sinni ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þessar brtt. Það kann að vera, ef einhver mótmæli koma gegn þeim frá einhverjum hv. þd-mönnum, að ég geri nokkru nánari grein fyrir efni því, sem hér er um að ræða í þessum brtt. En ég vænti þess, að menn sjái, að hér er um að ræða till. um nauðsynlegar breyt. á þessu lagafrv., og samþykki þess vegna þessar tvær brtt., sem ég flyt hér á þskj. nr. 690.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Það hefur nú verið mælt fyrir öllum brtt. við frv. Hv. þm. A-Húnv. flytur tvær brtt. við frv., sem hann hefur mælt fyrir. Fyrri brtt. er um það, að kjósa skuli fjárhagsráð með hlutfallskosningu af Alþ. Við í meiri hl. n. lítum svo á, að ríkisstj. eigi að skipa þetta ráð, því að það eigi enginn klofningur að myndast milli ríkisstj. og þessa ráðs, þar sem hvorir tveggja fara með framkvæmdarvald. Þó að bætt sé við verkefni ríkisstj. því að þurfa að skipa nýjar nefndir og ný ráð, á ríkisstj. að hafa höfuðábyrgð á beitingu framkvæmdarvaldsins. Ég játa, að það hefur stundum verið gert á Alþ. að dreifa framkvæmdarvaldinu og koma alls konar stofnunum þar að. En yfirleitt held ég, að það sé röng stefna. Það er rétt, að pólitíska ábyrgðin sé aldrei annars staðar en hjá ríkisstj. sjálfri. Þar fyrir getur ríkisstj. tekið öll réttmæt tillit. Og ég er ekki að gefa í skyn, að stjórnin eigi ekki að taka tillit eins og t. d. til þingflokkanna og hlutfalla milli stærða þingflokka á Alþ. Virðist engin ástæða til að breyta frv. í þessu efni. — Sama er um 2. brtt. hv. þm. A-Húnv. að segja, að meiri hl. fjhn. leggur á móti þeirri brtt., eins og hún er. En þar fyrir getum við viðurkennt ýmislegt af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði í því sambandi. En einmitt með því að gefa þessu ráði nokkurt vald yfir fjárfestingu landsmanna, þá er verið að tryggja betur en nokkurn tíma hefur áður verið gert, að hinar dreifðu byggðir verði ekki afskiptar. Og um leið og við erum að tryggja það, þá er minni þörf en nokkurn tíma áður á því að orða lagagreinar á þann hátt eins og það væri slagur á milli

Reykjavíkur annars vegar og landsbyggðarinnar að öðru leyti. Það væri mjög óviðfelldið að sjá í l., að ef eitthvað eigi að skerða, þá skuli það allt koma niður á Reykjavík. Sá hugsanleiki er líka mögulegur, að eftirspurn samtals alls staðar að eftir efni, áhöldum og fjármagni og vinnu verði meiri en hægt er að verða við. Og ef eftirspurn eftir þessum hlutum er svo mikil utan af landi, að hún gæti gleypt allt, sem fyrir hendi væri af þessum hlutum, þá ætti samkv. þessari brtt. að afskipta Reykjavík svo, að hún fengi ekkert. Þegar um umsóknir er að ræða um tæki og fjármagn og framkvæmdaleyfi, þá geta þær orðið helmingi meiri en hægt sé að sinna, svo að það þurfi af öllu þessu eitthvað að klípa. En hitt er rétt, að víða úti um land hafa menn orðið afskiptir í þessum efnum vegna þess skipulagsleysis, sem verið hefur í því sambandi. En hér er verið að reyna að koma á a. m. k. svo miklu skipulagi, að afskekktari staðir verði öruggari í þessum efnum en þeir áður hafa verið.

Þá hefur hv. þm. Borgf. mælt fyrir brtt. sinni og tveggja annarra hv. þm. á þskj. nr. 559. En hún er um það að veita Búnaðarbankanum leyfi til að verzla með erlendan gjaldeyri. Ég vil nú segja það, að þessi brtt. er borin nokkuð seint fram, þegar búið er að eyða okkar mikla gjaldeyrisforða, þannig að nú er ekki um að ræða að verzla með annan gjaldeyri en þann, sem fellur til hér eftir. Auk þess er brtt. komin fram á óheppilegum tíma að því leyti, að Búnaðarbankinn hefur gefið sig að ýmsum öðrum verkefnum en þörfum landbúnaðarins, einmitt á stríðsárunum, þegar eftirspurnin úr sveitunum eftir fé var mikil. Til þess að afla sér tekna og til að hafa fé upp í vexti hefur Búnaðarbankinn þess vegna nú um nokkurra ára skeið lánað til verzlunar og til bygginga og til annarra hluta, sem flestir hafa litið þannig á, að bankinn gerði eingöngu, meðan svo stæði á. Það er bersýnilegt, að landbúnaðurinn er í þörf fyrir svo mikið fé nú á næstu árum, að það væri óheppilegt fyrir Búnaðarbankann að víkja frá hinu upphaflega verkefni og skapa sér nýtt svið, sem kostar hann að hvika að einhverju leyti frá því verkefni, sem honum er ætlað fyrir sveitir landsins. Hann var stofnaður til þess að tryggja sveitum landsins lánamöguleika. Og það er þegar sýnt, bæði af þeim frv., sem liggja fyrir þessu þingi, og yfirleitt af öllum þeim verkefnum, sem liggja fyrir í sveitum landsins, að Búnaðarbankinn verður frekar fjárþurfi fyrir þessa starfsemi en að hann hafi afgang til þess að taka að sér nýja starfsemi. Við þurfum ekki annað en að líta á það frv., sem nú liggur fyrir þinginu um breyt. á ræktunarsjóðsl., til þess að sjá, að Búnaðarbankinn fær ærið nóg að gera við sitt fjármagn. Ég sá líka, að það skein í gegn hjá hv. flm., að þessi brtt. væri mest flutt til þess, að Búnaðarbankinn gæti fengið nokkuð af þeim arði, sem aðrir bankar hafa haft hingað til. En sá arður væri of dýrkeyptur að mínu áliti, ef bankinn færi hans vegna að afrækja það starf, sem hann á að hafa fyrir sveitirnar. Ég skal ekki segja miklu fleira um þessa brtt. En ég hygg, að augljóst sé, að ef Búnaðarbankinn færi að taka upp gjaldeyrisviðskipti, þá yrði það ekki til hagsbóta fyrir landbúnaðinn. Auk þess er það svo, jafnvel að því er snertir útflutningsvörur landbúnaðarins, þá veitir Búnaðarbankinn ekki lán yfirleitt til þeirrar starfsemi. Kaupfélögin hafa yfirleitt flestöll í gegnum S. Í. S. verið hjá Landsbankanum með þau viðskipti. Og sumir aðilar, sem flutt hafa út landbúnaðarvörur, hafa verið hjá Útvegsbankanum. Þessir bankar tveir hafa annazt lánastarfsemi til þeirrar starfsemi landbúnaðarins, sem skapar erlendan gjaldeyri. — Þetta legg ég fram aðeins til viðbótar hinum atriðunum, sem út af fyrir sig ættu ein að duga að fullu til að sýna, að ekki sé þörf á, að Búnaðarbankinn annist gjaldeyrisverzlun.

Aðalræðan, sem hér var flutt um málið, var flutt af hv. frsm. minni hl. fjhn., sem við var að búast, og bar margt á góma hjá honum. Ég skal fúslega játa, að sumt, sem hann sagði, var athugavert og getur vel verið til leiðbeiningar. En það er sama að segja um brtt., sem hann ber fram, að þær eru að sumu leyti athyglisverðar hugleiðingar og geta orðið til leiðbeiningar. En það er ekki þörf á því á þessu stigi að lögtaka þessar hugleiðingar. Það er ærið nóg nú að gera þá breyt., sem í frv. felst, frá því sem áður var, að þessi nýja nefnd fái allmikið vald yfir fjárfestingu hins opinbera og almennings yfirleitt. Og fyrsta stigið er auðvitað ekki að setja nákvæmar reglur um þetta. Við í meiri hl. fjhn. höfum alveg gefizt upp við það — ég skal fúslega játa það — að setja í sjálf l. glögg greinarmerki milli þess, sem á að vera háð leyfisveitingum, og hins, sem á að undanþiggja leyfisveitingum til fjárfestingar. Við treystum því, að heppilegar reglur skapist þarna í framkvæmdinni, sem svo mætti lögfesta síðar. Við höfum hins vegar talið, að þetta ráð þurfi að hafa mjög víðtækt vald, svo að það skorti aldrei vald til þess, sem það telur nauðsynlegt að gera vegna þjóðarhags og til þess að samræma framkvæmdir almannavaldsins og einstaklinganna. En í þessum efnum erum við að fikra okkur áfram. Og við höfum sannarlega séð það á starfsemi okkar ágæta nýbyggingarráðs, sem hefur starfað í tvö ár, að við höfum ekki í þessum efnum stigið fullvaxnir út úr höfði Seifs eins og Aþena, en við verðum að byrja á fyrsta stigi og fikra okkur áfram. Ég segi þetta ekki til áfellis fyrir nýbyggingarráð. En við verðum að gera okkur ljóst, að eftir tveggja ára starf erum við búnir að eyða okkar gjaldeyrisforða, að vísu miklu af honum til nauðsynlegra framkvæmda, en líka töluverðu af honum til þess, sem ekki hefur áhrif á framleiðslugetu þjóðarinnar. Þegar svo er komið, þá er hætt við því, að það sé ómögulegt að forðast það, að það verði farið eitthvað hægar nú á eftir, þegar eingöngu er tekið til ráðstöfunar það fé, sem við getum klipið af okkar útflutningi. — Hv. 2. þm. Reykv. fullyrti það, að þau 15% ef erlenda gjaldeyrinum, sem eru nefnd í frv. stjórnarinnar, eigi ekki að fara til annars en almenns viðhalds. En ef svo er, að þessi hluti nægi ekki til annars eða meira, þá held ég, að hann geti ekki bjargað öllum þeim hlutum og framkvæmt þá, sem hann taldi upp, með þeim *10% af erlenda gjaldeyrinum, sem hann vill taka* til þessara hluta til viðbótar 15%, svo sem að virkja Urriðafoss fyrir marga tugi milljóna og tífalda landbúskap á Suðurlandsundirlendinu, fyrir utan það að koma fiskiskipaflotanum í það lag, að hann geti veitt allan þann fisk, sem hægt sé að veiða við Íslands strendur. En í því eina plani, sem ég hef séð frá nýbyggingarráði, er gert ráð fyrir, að við getum komið slíku í framkvæmd á

næstu fjórum árum eða svo. Nei, það er hætt við, að þá verði orðinn lítill afgangur a. m. k. af þessum 10% af gjaldeyrinum. Það er svolítið erfitt fyrir okkur í þessu landi, þar sem það getur gengið upp og niður með okkar afla og afurðir og gjaldeyrismöguleika, að gera mjög stórfelld plön. Þar að auki höfum við litla hugmynd um, hvað við getum fengið frá útlöndum af efnivörum, jafnvel þótt við hefðum nógan gjaldeyri, þannig að það er erfitt að planleggja langt fram í tímann framkvæmdir hér á landi. Við getum skrifað ritgerðir og haft ýmsar hugleiðingar um þessi efni, eins og margt af þessu er. En eins og málum er hjá okkur komið, skulum við ekki kalla það fullkomin plön, sem við getum sett upp og gengið svo eftir eins og járnbrautarvagnar á teinum. Það er miklu auðveldara að planleggja framkvæmdir í stórum löndum, sem eru sjálfum sér nóg á öllum sviðum, — ég tala nú ekki um í löndum, þar sem hægt er að skipa fólkinu og segja: Þarna skaltu vera og vinna, og svo hefur fólkið ekkert annað að segja við því en að hlýða. Þar er hægara að skipuleggja framkvæmdir langt fram í tímann en í okkar landi, sem hefur einhæfa framleiðslu og verður á hverjum tíma að laga sig eftir markaðsmöguleikum. Og þó að við gerum okkur vonir sem beztar, þá eru markaðsmöguleikar fyrir vörur okkar óvissar, þannig að við getum ekki til fulls búið okkur undir að nota markaðsmöguleika okkar löngu fyrir fram. Við getum t. d. orðið að breyta frá ári til árs um verkunaraðferðir á vörum okkar og annað slíkt, því að í því þurfum við að taka tillit til annarra og laga okkur eftir þeim. — Mig minnir, að ég hafi heyrt það hér í þingræðu, að því hafi verið haldið fram, að við ættum helzt að haga svo okkar framkvæmdum í sjávarútvegsmálum, að innan nokkurra ára verði því lokið í bráð, sem þurfi að gera á því sviði. En því verður bara aldrei lokið til fulls, hvorki í bráð né lengd. Við getum heldur ekki tekið þannig einn atvinnuveg út úr og lokið við það, sem fyrir hann þarf að gera, og tekið svo annan atvinnuveg á sama hátt á eftir og látið t. d. landbúnaðinn bíða, á meðan við erum að koma sjávarútveginum í eitthvert fyrirhugað horf. Þetta getum við ekki í okkar landi. Við erum að sjálfsögðu á sömu brautum og aðrar þjóðir að því leyti, að við sjáum, að það gengur ekki lengi að láta allt arka að auðnu og treysta á, að óskipulagðir kraftar gefi beztan árangur. En þar fyrir skulum við ekki hugsa okkur, að það sé svo ákaflega auðvelt verk að planleggja þjóðarbúskap okkar að flestöllu leyti og stjórna okkar þjóðarbúskap ofan frá. Og ég vil játa, að okkur vantar enn sem komið er fullhæfa menn til þess að stjórna þannig þjóðarbúskapnum, vegna þess að við fáum ekki þá menn nema fyrir æfingu og fyrir margra ára gætilegt og viturlegt starf. Þegar þjóðir taka fyrir ný verkefni — og hér er sumt nýtt okkur á sviði verklegra framkvæmda —, þá kemur það sem þróun, en ekki sem bylting. Og það, sem lengi á að standa, þarf einnig að hafa töluvert langan vaxtartíma. Þessi ákvæði í frv. um að leggja 15% af andvirði útflutningsins á sérstakan reikning, eins og þar getur, þau eru vitanlega ekki fullnægjandi, en eru yfirlýsing um það, að við eigum að gera okkur far um það, að það verði aldrei minna en 15%, sem þannig verði lagt til hliðar. En það getur komið fyrir, að okkur verði þetta ómögulegt. En á hverjum tíma, sem það er kleift, á ríkisstj. að gera sér far um að leggja þetta til hliðar a. m. k. Og þessi 15% geta orðið töluvert drýgri en þau hefðu getað orðið eftir þeim reglum, sem nýbyggingarráð starfaði eftir, vegna þess að ég tel sjálfsagt, að listinn yfir þær vörur, sem eiga að koma á þessi 15%, verði þrengdur mjög frá því, sem verið hefur, þannig að á honum verði ekkert annað en framleiðslutæki og það, sem kemur við nýsköpun atvinnuveganna og aukinni tækni í atvinnuvegunum. Þannig að þessi hundraðshluti á, samkv. þeim reglum, sem að vísu eru ekki settar hér í frv., en sem fjárhagsráð verður að setja, að geta verið töluvert drýgri en hann hefur verið áður. — Það kemur líka fram í þessum brtt., að það mun vera erfitt að setja upp nokkra áætlun, sem eigi að gilda til lengri tíma en eins árs. Og í þeirri gr. í brtt. hv. 2. þm. Reykv., sem hér ræðir um, að heildaráætlun skuli lögð fyrir Alþ., þá er ekki ætlazt til, að önnur áætlun sé gerð en árs áætlun, sem þarf að endurskoða mánuð fyrir mánuð.

Þar sem í 6. gr. frv. er talað um að leggja áætlun um heildarframkvæmdir fyrir Alþ., þá get ég ekki skilið þá gr. svo, að hér sé fyrirskipað að leggja þessa áætlun fyrir Alþ. í frv.-formi. Það stendur ekki í gr., enda efast ég um, að hægt væri að framkvæma það að gera slíkar áætlanir að l., þegar allir viðurkenna, bæði í ræðu og till., að slíkum áætlunum þurfi að vera hægt að breyta ársfjórðungslega og jafnvel mánaðarlega eftir breyttum viðhorfum. Það er sjálfsagt mál, að allar slíkar stórar áætlanir verða lagðar fyrir ríkisstj. og fjvn., og hafa allir hv. þm. að sjálfsögðu aðgang að þeim. Og þá hafa þm. sama möguleika og þeir alltaf hafa, því að hjá Alþ. situr alltaf æðsta valdið í þessum efnum, að löggjafarvaldið getur alltaf á hverjum tíma skipað fyrir um þetta, hvað sem því sýnist. Hver þm. getur þá líka komið fram með þáltill., sem getur gengið fram sem ályktun Alþ., ef þinginu svo sýnist. Ef með l. á að breyta einhverju, þá getur hver þm. komið með lagafrv., sem svo gæti verið samþ. En hitt er óþarfi, að gefa utanþingsmönnum rétt til þess að bera fram frv. á Alþ. Ég veit ekki, hvort það samrýmist þingsköpum, því að hér stendur í brtt.: „Rétt hafa þó einstakir fjárhagsráðsmenn að leggja fram till. um þessi mál á Alþingi" o. s. frv. Þetta mundi, ef samþ. væri, að þetta skyldi vera í frv.-formi, gefa þeim mönnum, sem ekki eru þm., en aðeins eru í þessu ráði, rétt til þess að koma hér fram sem þm. að vissu leyti. Mér skilst, að þetta sé lítils virði, ef þeir hafa ekki málfrelsi og allt hvað eina. En það verður eins auðvelt fyrir fjárhagsráðsmenn að koma sínum aths. að á Alþ. eins og hverjum manni, sem góðar till. hefur að flytja. Við þurfum ekki að telja upp í þessum l. allar þær nefndir og stofnanir, sem menn kynnu að vilja setja á laggirnar. Frv. þetta er nógu almennt orðað til þess, að það misskiljist ekki, að allt, sem von er um, að komið geti í þjóðarhag og orðið þjóðarbúskapnum til góðs, kemur fjárhagsráði við og er á þess starfssviði.

Ég skal nú ekki fara svo ákaflega nákvæmlega út í þetta, enda hefur hæstv. forseti mælzt til, að við takmörkuðum okkar ræðutíma. Ég skal þó aðeins taka fram, að ég sé ekki, að það sé nauðsynlegt endilega að telja upp þessa 9 liði, sem eru

í 4. tölul. brtt. hv. 2. þm. Reykv., að það skuli t. d. afla 20 nýrra togara. Er nokkur ástæða til að binda þetta? Hvers vegna ekki að hafa þetta frjálst til athugunar fyrir ráðið? Og að þetta eigi að gerast ekki síðar en að því sé lokið 1951, það virðist vera að einhverju leyti í samræmi við sjávarútvegsblaðið frá nýbyggingarráði, þar sem sagt er, að ef við getum ekki rýmt öðrum burt af okkar miðum, þá eigum við að taka þátt í að eyðileggja þau sjálfir. — Þegar við lítum á það heildarplan, sem sett er fram í þessari gr. brtt., sjáum við, hversu margt hlýtur að vera óathugað í þessum efnum fram sett, því að eftir till. skulum við nú gera þetta, þegar við erum búnir að eyða okkar 300 millj. kr. og hælum okkur af því, hvað við séum búnir að veita mikið til skipaflotans, bæði til togara og minni báta, þannig að erfitt verður að fá menn á þennan flota. Það er ekki hægt að búa skipshafnir til með l. frá Alþ. Þetta verður að þróast. Við verðum að gera okkur ljóst, í hvaða stefnu skuli haldið, en svo tekur það allt sinn tíma að koma framkvæmdunum í hið bezta horf. Og það er ekki sama, hvaða menn halda á þessum málum. Ég held, að það sé hæpið, að það sé hægt að draga allt okkar starfslíf og atvinnulíf í framtíðinni saman í lagafrv., svo sem hér er miðað að, t. d. að „koma upp fiskiðjuverum ríkisins á Hornafirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði og einum stað á Suðurnesjum.“ Ég fyrir mitt leyti væri alls ekki tilbúinn að samþykkja, að þessir staðir eigi að fá einhver forréttindi frá ríkinu fram yfir aðra staði, sem er eins og eigi að hafa út undan í sambandi við fiskiðjuver. Og ég kynni að geta nefnt ýmsa staði á landinu, sem mundu vera betur settir fyrir fiskiðjuver en sumir af þessum stöðum, sem hér eru taldir. Ég efast um, að bak við þetta sé nægilega gott plan, og ég efast um, að við eigum endilega að samþykkja svona uppástungur óbreyttar. Og hvers vegna á að setja á svona staði iðjuver að kostnaðarlausu fyrir íbúa staðanna? Einmitt sumir þessara staða hafa kannske fjármunamöguleika fremur en aðrir smærri staðir til þess að setja upp iðjuver. Væri kannske réttast að láta sömu styrktarreglur gilda um öll útgerðarpláss á landinu, sem vildu koma upp fiskiðjuverum hjá sér. En svona till. um þetta, eins og brtt. eru, eru ekki sjálfsagðar. Þær geta verið góðar á sumum stöðum. — Svo er talað um í þessari tillgr. að koma upp lýsisherzluverksmiðju, síldarniðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju, tunnuverksmiðjum og síldarverksmiðju austan Langaness o. fl. Allt þetta eru ákvæði um í l., og mér virðist engin ástæða til að telja þetta upp hér. Og þó að svona till. yrðu felldar, þá held ég, að enginn tryði því, þótt sagt væri, að Alþ. hefði drepið þetta allt á einni kvöldstund, því að þetta er allt nú þegar á vegum ríkisstj. samkv. l. og á vegum nefnda, og kemur til framkvæmda fjárhagsráðs. — Svo stendur hér enn fremur í till., að það eigi að „stuðla að uppkomu hafna og verbúða í samræmi við þörf og staðsetningu fiskiflotans.“ Þetta er alltaf verið að gera í fjárl., og það er ekki nein lífsnauðsyn að nefna þetta svona sérstaklega þarna. En svo stendur hér, að þessu á svo að vera lokið í bráð, sem stendur hér í þessum till., og er þetta einnig mjög óheppilegt orðatiltæki í l., sérstaklega þar sem lífsbaráttunni hér í þessu landi verður aldrei lokið í bráð.

Um stóriðjukaflann skal ég ekki segja neitt sérstaklega. Það eru vitanlega margir aðrir góðir fossar til en Urriðafoss í Þjórsá, og hitt er ekki minna atriði en sjálfir fossarnir og virkjun þeirra, að hægt sé að nota orkuna, sem þeir framleiða. Það að fá orkunni arðbær verkefni er vandi, sem hingað til hefur ekki verið leystur hjá okkur að neinu verulegu leyti. En það má vel vera, að einhverjir möguleikar finnist í náttúru okkar lands, sem megi nota í framtíðinni, og þá er sjálfsagt að vinna að því að leysa þau auðæfi úr læðingi. En það er ekki ástæða til að nefna neina sérstaka fossa í þessum l. í því sambandi.

Viðkomandi því, sem tekið er hér fram í brtt. um landbúnaðinn, er það að segja, að það ákvæði, sem hér var tekið út úr frv. um daginn, að því er landbúnaðinn snertir, það hefur ríkisstj. nú lagt fyrir þingið í frv., sem þetta felst í með öðru orðalagi, því að í 2. gr. frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins, 2. tölul., stendur, að meðal aðalverkefna framleiðsluráðsins sé „að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er á, þörfum þjóðarinnar“, og í 5. tölul. „að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma.“ Þetta er að vísu mjög almennt orðalag, en ég hygg, að það sé ekki tilsvarandi gagn að því að orða þetta öllu nákvæmar sem verkefni fyrir starfandi framleiðsluráð landbúnaðarins, sem á vissulega að starfa í samráði við fjárhagsráð. — Það er búizt við, að fjárhagsráð hafi manns vit, rétt eins og þingmennirnir, sem við erum nú hér að ræða við.

Sama má segja um bygging íbúðarhúsa og áætlun um það efni fyrir næstu 5 ár, sem í brtt. er rætt um, að það eru til l. frá síðasta þingi um byggingarstarfsemina yfirleitt. Og í sambandi við þau l. hefur það verið fundið að, að ekki hafi verið séð fyrir fjármagninu, sem þarf til þess að byggja. En fyrir fjármagninu er ekki heldur séð hér í þessari brtt., fyrir utan það, að það er langt frá, að hægt sé að ákveða fyrir fram til 5 ára, hvaða þörf fyrir byggingar á að meta mest á hverjum tíma á því árabili, enda felst í þessari gr. brtt., að það á að byggja fyrst þar, sem atvinnuskilyrði eru góð, og svo á að leysa úr húsnæðisvandamálunum þar, sem of mikið er fyrir af fólkinu. Þetta er því svo almennt sem hægt er. Ég álít, að það bæti ekkert framkvæmdir fjárhagsráðs að samþykkja svona almenna löggjöf. — Og þegar lagt er til, að sett verði svo almenn löggjöf sem hér er till. um fyrir þjóðarbúskapinn og atvinnulífið, þá kann ég illa við gr., eins og brtt. er hér um við 8. gr. frv., að sú atvinnugrein sé tekin út úr og skrifuð í till.-formi eins konar hálfgerð blaðagrein um það, að taka beri fjármagn út úr verzluninni og færa yfir í eitthvað annað. Vitanlega á fjárhagsráð gegnum innflutningsleyfi að hafa það fyrir aðalsjónarmið, hver sé þörf þjóðarinnar, og það er þess hlutverk að ákveða, hvað þurfi að flytja inn. Og það er ekkert við því að gera, þó að menn verði látnir velja um, hvort þeir vilji heldur kaupa vörur hjá kaupmönnum eða eiga við samvinnufélög um það. Það verða þeir að eiga við sjálfa sig. Þeir, sem vilja losna við heildsalana, geta verzlað við kaupfélög. Menn þurfa

ekkert að furða sig á því, þó að búið sé að gera vesalings heildsalana að Gyðingum, því að „agitationin" þarf alltaf að hafa eina stétt og hana helzt sem fámennasta til þess að beina óvild sinni til. (**Forseti GÞ**: Ég vil segja hv. þm., að það var meiningin að hafa nú kaffihlé.) Já, ég skal stytta ræðutíma minn. Sízt vil ég taka undir, að það eigi að eyðileggja smáfyrirtækin, en láta vera eftir nokkur fá og stór. Það væri andstætt reynslunni, því að smáfyrirtæki, sem eru rekin af ágætum mönnum, þrífast alltaf.

Það er ýmislegt fleira, sem ég gæti nefnt, sem er ekki þörf að hafa með. Það er ekki þörf að vera að tala um sérstakt samstarf launþega, bænda og fiskimanna, því að því leyti, sem þeir fást við félagsmálastarfsemi, þá heyrir það undir 2. gr. Eins er það, að lánsstofnanir skuli framfylgja fjárfestingaráætluninni og ákvörðunum hennar í lánastarfsemi sinni. Um það flytjum við brtt., sem er réttar orðuð. Hún er um það, að fjárhagsráð skuli hafa samvinnu við lánsstofnanirnar um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar. Um þessa brtt., líka um framkvæmd hennar, vil ég segja, að það kemur margt af sjálfu sér um framkvæmd þessarar áætlunar hjá bönkunum, því að það er það sama og með gjaldeyrisleyfi nú, að það fær enginn gjaldeyri, nema hann hafi gjaldeyrisleyfi, eins fær enginn lán, nema hann hafi fjárfestingarleyfi. Bankarnir verða að spyrja um þennan hlut eins og annað, sem við kemur framkvæmdinni. Hitt er annað mál, að það er ekki hægt að skylda bankana til að hafa nóga peninga til að fullnægja allri eftirspurn. Það þýðir vitanlega ekki að hafa svona grein upp á það að gera.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt, en ég þori að segja það, að ákvæði eins og það, er hér er lagt til að bæta aftan við 1. málsgr. 8. gr., að ef settar eru á stofn framleiðslunefndir á vinnustöðvum, þá skuli þær hafa aðgang að reikningum þeirra fyrirtækja, sem þessir menn vinna hjá, svona gr. verður ekki samþ. á þessu þingi. Það er sama, hvaða sovétskipulag er sett upp, ef þar er einstaklingsrekstur, þá verður þessu ekki hagað svona. Gr. um fjármagnið og það allt er nægilega greinileg í frv. og að það eigi að taka við af viðskiptaráði. Ef þarf ákvæði um, að fjárhagsráð eigi að taka við verkefnum, sjóðum og fleira af báðum þessum ráðum, þá á að nefna þau bæði.

Ég hef svo ekki þessi orð fleiri, en hér verður allt komið undir framkvæmdinni. Heimildin er víðtæk, en það er sama, hverju maður bætir við af þessu tagi, að ég hygg, að það tryggi ekki framkvæmdina betur en það, sem er í frv. nú. Við þurfum að fikra okkur áfram. Þetta þarf að vera fast, en þó gerum við engar áætlanir til næsta árs án þess að hugsa lengra fram í tímann. Jafnvel þó að um sé að ræða smáframkvæmdir í sambandi við fjárl., þá fylgir því alltaf áætlun, hvað það kosti og hvað það taki langan tíma. Eins þarf fjárhagsráð að hafa áætlun og samvinnu við allar stofnanir og þjóðina alla í sambandi við þá löggjöf, sem nú er verið að vinna að hér og verður sett.

Forseti (GÞ): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. Þarf tvöföld afbrigði til að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 769) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Forseti (BG): Mér hafa borizt brtt. frá hv. þm. Siglf. við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Brtt. eru svo hljóðandi: [sjá þskj. 770.]

Brtt. þessar eru of seint fram komnar og skriflegar, og þarf því afbrigða við, og mun ég nú leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Hallgrímur Benediktsson: Ég þarf ekki að lýsa afstöðu minni og skoðun á þeirri stefnu í verzlunar- og viðskiptamálum, sem hefur verið framkvæmd hér á landi nú um alllangt skeið. Þm. er það væntanlega kunnugt, að frjálsræði í viðskipta- og verzlunarmálum er að mínu áliti vænlegra en höft og hömlur til að skapa þjóðinni sem beztan árangur á viðskiptasviðinu. — Ef innflytjandi ræður sjálfur, hvar og hvernig hann gerir innkaup sín, er það áreiðanlegt, að niðurstaðan verður hagkvæmari, að því er snertir verð og gæði vörunnar, en ef hann verður að hlíta forsjá opinberrar nefndar um vörukaup sín, hversu svo sem þessar n. kunna að inna starf sitt af hendi með samvizkusemi og kostgæfni.

Þrátt fyrir þessa afstöðu mína mun ég fylgja því, að frv. þetta nái fram að ganga, að vísu með talsverðum breyt. Ástæðurnar fyrir þessu eru:

Í fyrsta lagi sú, að frv. þetta byggist á málefnasamningi núv. ríkisstj. — Að þeirri ríkisstj. standa þrír flokkar með ólíkar skoðanir á ýmsum málum og grundvallarstefnum jafnvel. Það er því ekki von, að einn flokkur fái allt að vilja sínum, meðan sá flokkur hefur ekki meiri hl. á Alþ. — Málefnasamningur þriggja ólíkra flokka getur því ekki byggt algerlega á stefnu eins flokksins og meðlima hans. Ég áleit rétt, eins og á stóð, að efnt væri til samvinnu þessara þriggja flokka, þar sem annað betra úrræði til stjórnarsamvinnu var ekki fyrir hendi eftir flokkaskiptingu á Alþ. og framkomu flokka þar að dæma.

Í öðru lagi, að sem stendur og í náinni framtíð eru það ýmis atriði, sem til greina koma og gera það að verkum, að hið opinbera getur ekki með öllu látið innflutningsmálin og viðskiptamálin afskiptalaus. Vil ég drepa á nokkur atriði þessu til skýringar.

Er þá fyrst á það að minna, að nokkur óvissa ríkir enn um, hvernig viðskiptum okkar við einstakar þjóðir verður háttað. Ekki hefur enn verið gengið frá samningum við lönd, sem við óhjákvæmilega verðum að eiga viðskipti við. Um sum þessara landa er það að segja, að vöruútflutningur til þeirra kemur því aðeins til greina, að andvirði hinna seldu vara verði notað til kaupa á framleiðsluvörum þeirra. Með öðrum orðum, til þess að selja tilteknar íslenzkar framleiðsluvörur verðum við að skuldbinda okkur til að kaupa vissar aðrar vörutegundir. Það er jafnvirðiskaupasjónarmiðið, sem fyrir stríð var svo algengt, sem hér gerir aftur vart við sig. Vil ég í þessu sambandi benda á, að mikil líkindi eru til, að í viðskiptum

okkar við ýmis lönd þurfi að reikna með jafnvirðiskaupafyrirkomulagi að meira eða minna leyti. Þessi lönd eru Ítalía, Frakkland, Tékkóslóvakía, Pólland, Finnland og ef til vill enn fleiri lönd.

Þegar um jafnvirðiskaupafyrirkomulagið er að ræða, þá verður að hafa það hugfast, og vil ég beina því til réttra aðila, að ekki ber einungis að taka tillit til, hvar bezt verð að krónutali fæst fyrir útflutninginn, heldur verður einnig að taka tillit til þess, hvaða verð og gæði eru á þeim vörum, sem þar er hægt að fá keyptar. Ef bæði sjónarmiðin eru tekin með í reikninginn, gæti það leitt til þess, að hagkvæmara þætti að skipta meira við land, sem að vísu greiddi minna verð fyrir okkar framleiðslu, en seldi sína framleiðslu tiltölulega enn lægra verði.

Nú þegar er vitað, að við munum verða að flytja út til áður nefndra landa allverulegt magn íslenzka framleiðsluvara, en andvirði þeirra verður hins vegar að nota til vörukaupa frá þessum löndum, jafnvel þótt hægt sé að kaupa sams konar vörur annars staðar frá með hagkvæmara verði. Þetta meðal annars gerir það að verkum, að hið opinbera telur sig þurfa að hafa nokkra íhlutun um, í hvaða átt innkaupum okkar er beint.

Í annan stað ríkir ennþá nokkur óvissa um, hversu mikils erlends gjaldeyris þjóðin mun afla á yfirstandandi ári. Í sambandi við þá miklu kaupgetu, sem fyrir hendi er innanlands, er ekki með öllu óeðlilegt, að ríkisstj. vilji hafa hönd í bagga með innflutningi miður þarflegs varnings, á meðan ekki verður séð fyrir, hve mikil gjaldeyrisöflunin verður.

En enda þótt þetta sé viðurkennt af minni hálfu, vil ég leggja á það hina mestu áherzlu, að framkvæmd þessara hafta af hálfu þess opinbera verði sem frjálslegust. Vil ég í því sambandi sérstaklega minnast á tvö atriði.

Í fyrsta lagi vil ég vísa til heimildar, sem felst í 11. gr. frv. um útgáfu frílista.

Í l. um viðskiptaráð, sem gengu í gildi 1. des. 1945, var gert ráð fyrir frjálsum innflutningi ýmissa vörutegunda. Þetta var að mínu áliti spor í rétta átt, þó að ekki kæmi það til framkvæmda. Legg ég fyrir mitt leyti á það mikla áherzlu, að í sambandi við framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður, verði heimild 11. gr. um útgáfu frílista notuð. Bendi ég á, að þrátt fyrir þá stefnu núverandi stjórnar að takmarka meira innflutning á miður þörfum vörum er vel framkvæmanlegt að gefa frjálsan innflutning á tilteknum vörum, sem á undanförnum árum hafa verið leyfðar eftir þörfum, og verða væntanlega takmarkalitið leyfðar framvegis. Á ég hér t. d. við kornvörur, sykur, kaffi og ýmsar vörur til útgerðar og landbúnaðar, svo og viss hráefni til iðnaðar. Óhindraður innflutningur þessara vörutegunda er raunverulega ekki breyting á því fyrirkomulagi, sem ríkt hefur, aðeins er með sliku skapað aukið athafnafrelsi og innflytjendur losaðir við óþarfa skriffinnsku.

Í öðru lagi vil ég benda á, að nú í fyrsta sinn er gert ráð fyrir því, að ríkisvaldið taki upp afskipti af margs konar framkvæmdum innanlands og gerir þær samkv. frv. háðar leyfi opinberrar stofnunar. Hér getur verið um ákaflega varhugaverða stefnu að ræða, og er hún það áreiðanlega, nema þeir, sem til starfans veljast, sýni þá víðsýni að einskorða starf sitt aðeins við hinar stærri línur, en láti sig eðlilegar framkvæmdir og atvinnustarfsemi lítlu eða engu skipta. Mín skoðun er sú, að einstaklingarnir eigi að kveða á um það sjálfir án afskipta hins opinbera, í hvaða framkvæmdir er ráðizt, þar eð þeim er ljósara en opinberum nefndum, hvaða framkvæmdir eru arðbærar og hagkvæmar, þegar af þeirri ástæðu, að þeir reka framkvæmdir sínar fyrir eigin reikning, en opinberar n. fyrir almannafé. Þá er engin von til þess heldur, að sú margvíslega þekking, sem hinir mörgu einstaklingar hafa, sé fámennu ráði gefin. — Ég endurtek þá skoðun mína, að ráðið, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, láti sig eingöngu skipta höfuðatriðin, en sé ekki með óþarfa smámunasemi.

Að því er þennan þátt frv. snertir, fylgi ég því af illri nauðsyn sem tímabundinni bráðabirgðaúrlausn og eingöngu í trausti þess, að um viðsýna framkvæmd verði að ræða í líkingu við það, sem ég hef þegar drepið á.

Um frv. í einstökum atriðum vildi ég segja þetta:

Mörg ákvæði frv. eru næsta óljós, þar sem gert er ráð fyrir, að þau verði nánar skýrð og framkvæmd með reglugerð. Að mínu áliti getur það í senn verið bæði kostur og galli. — Kostur, ef framkvæmd þessara ákvæða verður falin viðsýnum og frjálslyndum mönnum, en galli, ef framkvæmdin lendir hjá mönnum, sem framkvæma höftin haftanna vegna, en ekki af tilliti til sérstakra vandamála, sem leysa þarf.

Sérstaklega tel ég þó, að æskilegt hefði verið, ef frv. hefði kveðið nánar á um skipan gjaldeyris- og innflutningsdeildar, svo og um það, hverjir eiga að annast setning verðlagsákvæða og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Ef ekki er talið ráðlegt að kveða nánar á um þetta atriði í frv. sjálfu, óska ég eindregið eftir því, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að skýra fyrir hv. d., hvernig hún hugsar sér að skipa þessum málum. Upplýsingar um þetta atriði væri gott að fá, áður en málið er afgr. frá deildinni.

Ég mun ekki fara út í það hér að rekja efni einstakra greina frv., þar sem það hefur verið gert af hv. frsm. meiri hl. fjhn., sem einnig hefur gert grein fyrir þeim brtt., sem meiri hl. n. flytur á þskj. 662.

Þó vil ég að lokum minnast á eitt atriði í frv., sem er nýmæli.

Í þeim l., sem til þessa hafa legið til grundvallar framkvæmd gjaldeyris- og innflutningshafta, hefur ekki verið kveðið á um það, eftir hvaða sjónarmiði úthluta skuli gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Í 12. gr. frv. þess, er hér liggur fyrir, felst hins vegar ábending um framkvæmd þessa atriðis, þar sem sagt er:

„Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður verði sem minnstur. — Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, er bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu."

Um þessa reglu er ekki nema gott eitt að segja, það langt sem hún nær. Menn geta verið sammála um, að þeir, sem bjóða bezt og hagkvæmust kjör, eigi að sitja fyrir, að því er leyfi snertir. Hins vegar er vert að benda á, að í framkvæmd er þessi regla ekki einhlít, þar sem um vörur er að ræða, sem

eru margbreytilegar að gerð og gæðum. Geri ég því ráð fyrir, að þessi regla komi þar helzt til framkvæmda, þegar „standardvörur" og vörur líkar að gerð og gæðum eiga í hlut. Sé þetta haft í huga við framkvæmdina, er nýmæli þetta spor í rétta átt og til bóta.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið á drepið, fylgi ég þessu frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja skrifl. brtt. við 12. gr. frv., og fjallar hún að efni til um innflutning samvinnufélaganna. Fer hún í þá átt, að ákveðið sé í l., að hlutdeild þeirra í heildarinnflutningi vefnaðarvöru, búsáhalda, skófatnaðar og byggingarefnis sé a. m. k. hin sama og þau hafa í matvöruinnflutningi á hverjum tíma, enda séu engar hömlur lagðar á matvörukaup þeirra.

Ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt., er fyrst og fremst sú, að á síðasta aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga, sem haldinn var s. l. sumar, var ýtarlega rætt um innflutningsmál kaupfélaganna. Að loknum þeim umr. var gerð samþykkt, sem gekk efnislega í þá átt, að aðalfundur Sambandsins lýsti því yfir, að hann teldi æskilegt, að innflutningur til landsins væri frjáls, svo að kaupfélögin gætu tekið þátt í frjálsri samkeppni um vörukaup við kaupmenn, og gerði það að kröfu sinni, sem brtt. mín fer fram á. Rökin fyrir þessari kröfu samvinnufélaganna eru augljós. Á undanförnum árum hefur innflutningur á matvöru verið ótakmarkaður, og þar hefur hver fengið það, sem hann hefur þurft og viljað. Sala kaupfélaganna á þessari vöru er því mælikvarðinn á það, hver vilji landsmanna er til þess að fylgja þessum samtökum, og eftir því sem upplýst hefur verið af Sambandinu, sýnir það sig, að þessi vilji landsmanna er mikill. Það hefur komið í ljós, að Sambandið hefur flutt inn rúm 50% af öllu haframjöli og rúgmjöli, sem flutt var til landsins, af mjölsykri 45%, af strásykri 33%, en eins og ég hef áður tekið fram, hefur svo mátt heita, að innflutningur á þessum vörum hafi verið frjáls, sérstaklega á kornvöru, og þar hafa kaupfélögin fengið það, sem þau hafa viljað og þurft. Þetta virðist benda til þess, að um það bil helmingur landsmanna óski eftir því að eiga viðskipti við þessi samtök. Hins vegar kemur það í ljós, að innflutningur Sambandsins á vefnaðarvöru, búsáhöldum og annarri notavöru almennings er ekki nema ca. 14½%. Er því augljóst af þessum tölum, að mjög mikið vantar á það, að samvinnufélögin geti fullnægt eftirspurn meðlima sinna hvað þessar vörur snertir, enda er mér kunnugt um það, að hvar sem kaupfélög eru starfandi á landinu, eru sífelldar umkvartanir frá félagsmönnum um það, að þeir verði að leita til annarra verzlana til þess að kaupa búsáhöld, skófatnað og að nokkru leyti byggingarefni. Mér finnst ekki nema eðlilegt og réttmætt, að landsmenn ráði sjálfir, hverjum þeir vilja fela verzlun sína og við hverja þeir vilja verzla. Þeir, sem vilja verzla við samvinnufélögin, þeim á að vera það heimilt, hinir, sem vilja annan hátt um þetta hafa, þeir um það. — Ástandið í þessum málum þarf að breytast. Það má ekki hefta kaupfélögin í þessum efnum, það verður að gera þeim kleift að flytja inn vefnaðarvörur, búsáhöld og fleiri slíkar vörur engu síður en matvörur. Það eru og fleiri stoðir, sem undir þessa kröfu samvinnufélaganna renna, m. a. sú, að álagning á matvörur er svo lág, að það er rétt um það bil, að matvöruverzlun beri sig, en hins vegar er verulegur hagnaður að því að verzla með vefnaðarvörur, búsáhöld og skófatnað. Það er því ekkert réttlæti í því, ef innflutningsyfirvöldin haga sér áfram eins og hingað til, að láta kaupfélögin dreifa álagningarlægstu vörunni, þannig að þau fullnægi allt að helmingi landsmanna, en fái aðeins að fullnægja 7.—8. hluta af íbúatölu landsmanna hvað snertir álagningarhærri vörur. Vil ég leyfa mér að vænta þess, að hv. þd. líti með skilningi á þessa sanngjörnu kröfu kaupfélaganna og verði með þessari skrifl. brtt., sem ég flyt hér.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. meiri hl. hefur vikið hér lítillega að brtt. þeirri, sem ég er flm. að ásamt tveim öðrum hv. þm. Hefur mér verið sagt frá því, þar eð ég var ekki viðstaddur, þegar hann hélt sína ræðu, að hann hafi viljað gera lítið úr þýðingu till. og að réttur Búnaðarbanka Íslands til þess að gerast þátttakandi í gjaldeyrisverzluninni væri harla lítill eða enginn. Ég þóttist færa rök fyrir því með þeim fáu orðum, sem ég talaði fyrir þessari till., að eðlilegt væri, miðað við viðskiptaveltu og starfsemi þessa banka, að hann fengi einnig hlutdeild í gjaldeyrisverzluninni. — Mér er þá tjáð, að hv. frsm. hafi vikið að því, að bankinn hefði ekki þurft að nota allt sitt fé til þarfa landbúnaðarins á undanförnum árum og af því stöfuðu þau viðskipti, sem hann hefur nú haft á þessum árum í verzlun, iðnaði og að því er snertir byggingar utan sveitanna. Þær tölur, sem ég tilgreindi hér, voru um umsetningu sparisjóðsdeildar bankans, eins og hún var 31. des. 1945, sem skiptist þannig, að lánað hefur verið til landbúnaðarins 17500000 kr., en rúmar 16 millj. kr. til verzlunar, iðnaðar og bygginga utan sveitanna, auk þess var nokkur upphæð, 7,5 millj. kr., sem ekki var tilgreint, hvert hefur runnið, hvort hún hefur farið til sveita eða til kaupstaða. — Það er nú svo um starfsemi sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans, að hún er ekki bundin við neina sérstaka atvinnuvegi. Þess vegna er ástæðulaust að halda því fram, að Búnaðarbankinn hafi farið fram hjá því hlutverki, sem honum er sérstaklega ætlað. Hitt er vitað, að starfsemi bankans, hvað snertir þær sérstöku deildir, sem þar eru sérstaklega tileinkaðar landbúnaðinum, þeirra starfsemi er eingöngu rekin á sviði landbúnaðarins. — Hv. frsm. meiri hl. hefur enn fremur haldið því fram til þess að andmæla þessari till., að þær stofnanir í landinu, sem verzla með gjaldeyri þann, sem tilheyrir landbúnaðinum, skipti við aðrar peningastofnanir, landsbankann og útvegsbankann. Ég vil benda á í þessu sambandi, að þótt Samband ísl. samvinnufélaga muni ef til vill að miklu eða mestu leyti eiga viðskipti sín í þessum efnum við landsbankann, þá er það síður en svo, að kaupfélögin skipti ekki við búnaðarbankann, og er mér vel kunnugt um það, að þau skipta við búnaðarbankann í stórum stíl. Hitt leiðir af sjálfu sér, að þar sem svo er ákveðið í l., að engir aðrir bankar en landsbankinn og útvegsbankinn hafa rétt til þess að fara með gjaldeyrisverzlun, hafa innflutningsstofnanir á sviði landbúnaðarins verið einskorðaðar við það að skipta við þessar pen-

ingastofnanir, en fyrirmunað að skipta við búnaðarbankann. Það er einmitt þetta, sem brtt. mín fer fram á, að þessum aðilum sé ekki lokuð leið til þess að reka einnig þessi sín viðskipti gegnum sína eigin stofnun, Búnaðarbanka Íslands. Mér finnst það því undarlegt að mæla gegn þessari till., úr því að svo er ákveðið, að það er ekki aðeins ein stofnun, sem hefur á hendi gjaldeyrisverzlunina, sem gæti vel komið til mála, að væri, heldur skuli önnur stofnun, sem er hliðstæð búnaðarbankanum, sem sé útvegsbankinn, hafa þennan rétt, en búnaðarbankanum fyrirmunað að hafa hann. Þetta álít ég undir öllum kringumstæðum ekki samrýmanlegt og þess vegna sé eðlilegt, að hv. Alþ. bæti úr þessum misrétti, sem hér er á, og veiti búnaðarbankanum einnig hlutdeild í gjaldeyrisverzluninni.

Það má segja, að við flm. þessarar brtt. séum ekki kröfuharðir fyrir hönd Búnaðarbankans, þar sem við ætlum honum minni hlut en hinum stofnununum, en það ætti ekki að vera þrándur í götu þess, að réttur Búnaðarbankans væri viðurkenndur eins og gert yrði með samþ. þessarar till.

Mér er sagt, að frsm. meiri hl. hafi sagt, að mjög sé nú gengið á gjaldeyrisforðann og sé því ekki þar feitan gölt að flá. En það er engin röksemd móti sanngirniskröfu þessarar brtt., því að gjaldeyrisskorturinn er aðeins stundar fyrirbrigði, og svo framarlega sem við eigum að halda lífskjörum okkar jafngóðum, verðum við að hafa mikil utanríkisviðskipti, og það kreppuástand, sem nú er í gjaldeyrismálunum, stendur til bóta og getur ekki verið röksemd gegn samþ. þessarar till.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Út af orðum hv. frsm. meiri hl. fjhn. vildi ég gera nokkrar smáathugasemdir. Ég er hræddur um, að hv. þm. V-Ísf., sem mikið talaði um þróun, hafi ekki fylgzt vel með þróuninni upp á síðkastið og ekki gert sér ljóst, hvaða skipulag við erum að taka upp í atvinnulífinu. Hv. þm. gerði lítið úr þeim mun, sem er á því að leggja til af útflutningsverðmætunum 25% eða 15%. Þetta gæti þó riðið baggamuninn um ýmsar framkvæmdir okkar. Næstu 10 árin má gera ráð fyrir 400 millj. kr. meðalútflutningi á ári, og ef 25% væru lögð til hliðar, fengist þar á 10 árum 400 millj. kr. meira en ef aðeins 15% væru lögð til hliðar, og fyrir þær 400 milljónir mætti reisa Urriðafossstöðina og áburðarverksmiðju og auk þess koma upp orkuverum. Þess vegna held ég, að menn verði að gera sér ljóst, einkum þeir, sem mest tala um þróun, að það er aðalatriðið að halda stöðugt áfram að leggja til hliðar og reyna að spara fé til stórfelldra framkvæmda. Hv. frsm. minntist á, að hægara væri að framleiða, ef nægir markaðir væru. Ef við ætlum að byggja framleiðslu okkar á öruggum grundvelli, þá verðum við að gera okkar áætlanir í sambandi við trygga markaði. Öll Evrópa er nú að fara inn á áætlunarbúskap, og ættum við því að geta tryggt okkur örugga markaði víða. Við gætum samið um vöruverð til langs tíma, þar sem stöðugt fleiri þjóðir taka nú að framleiða eftir áætlun. Heimsmarkaðurinn er ekki lengur planlaus. Ástandið er að færast í það horf, að hin einstöku lönd semji um afurðasölu sína um heil árabil. Við þurfum, sbr. 3. brtt. mína, að „innstilla" okkur á að fá markaði í löndum, þar sem áætlunarbúskapur er upp tekinn, svo að innflutningur okkar geti orðið óháður kreppum auðvaldsríkjanna. Við getum losnað við öryggisleysið með því að verzla við þau lönd, sem útrýmt hafa kreppum með áætlunarbúskap. Ég skal viðurkenna, að markaðurinn verður aldrei alveg fullkomlega tryggur, enda ekkert á móti því að taka „rísikó" á sumum sviðum og því rétt að fórna ekki alveg markaði auðvaldsríkjanna. Hv. frsm. minntist á, að það væri munur að planleggja, þar sem hægt væri að skipa mönnum að vera hér eða þar. En það er raunverulega gert í þessu frv. Þetta frv. felur ekki í sér frelsi, það felur í sér takmarkanir á öllum sviðum og það, sem verst er, að um leið og fjárhagsráði er gefið svo mikið vald, þá veit maður ekki, hvert ráðið ætlar að stefna, og hef ég því í mínum brtt. lagt til, að því yrði markaður nokkur bás og gengið út frá, að fyrir liggi ákveðin heildarstefna. Hv. frsm. þótti ljótt, að þróun sjávarútvegsins ætti að vera lokið 1950. Hvað það snertir, þá er átt við, að þróun sjávarútvegsins verði þá lokið í bráð, þ. e. a. s. að til ársins 1950 leggi þjóðin meginkraft sinn í að auka flotann, þangað til hann hefur náð réttri aukningu með tilliti til fólksfjölda. Það er röng viðbára, að á nýja báta komi tómir nýir menn, sem ekkert kunni til starfa. Slíkt er hrein undantekning. Venjan er sú, að á sama skipi eru bæði vanir menn, sem kunna sín verk, og svo nýir menn, sem nema af hinum. Og það verður erfitt að fá nægilegt aðstreymi í sjávarútveginn, ef ekki er gert svo mikið fyrir hann, að það verði heppni að komast á togara. Því álít ég rétt að auka flotann til ársins 1950 og líka rétt að takmarka aukninguna þá.

Hv. frsm. vildi láta líta svo út, að allt ætti að fara í sjávarútveginn, en annað látið sitja á hakanum. Árið 1944 var ákveðið í höfuðdráttum, hvernig 300 milljónunum skyldi skipt. 200 milljónir áttu að fara í sjávarútveginn og afgangurinn í raforku-, iðnaðar- og landbúnaðarmál. Og þessari skiptingu álít ég, að halda beri til ársins 1950, að láta ⅔ fjármagnsins renna til sjávarútvegsins. Þessum 300 milljónum, sem ráðstafað var 1944, var varið til að festa kaup á nýjum framleiðslutækjum, sem koma til landsins á árunum 1945—1949, t. d. verður ullarverksmiðjan varla tilbúin fyrr en eftir 3 ár, og sýnir það, að ýmsar verksmiðjur, sem þarf að reisa, verður að undirbúa löngu fyrir fram. Það er því langt frá því, að það sé ónauðsynlegt að lögfesta það, sem kallað hefur verið hugleiðingar. Það var vissulega heppilegt, að ýmsar hugleiðingar voru lögfestar árið 1944, og býst ég við, að eins sé nú. Verði þessar hugleiðingar ekki lögfestar nú, þá verða ekki teknar neinar afgerandi ákvarðanir á neinu sviði, og þá getur slembilukka ein bjargað, ef alveg sérstakir menn veljast í fjárhagsráð. **(Forseti (GÞ):** Nú hefur hv. þm. talað í 20 mínútur.) Þar sem nú er verið að afgreiða þýðingarmikla lagasetningu, og þar sem frv. var illa undirbúið af stjórninni og lítið rætt í n. og hv. þm. hafa lítið verið við umr., þá tel ég óforsvaranlegt að afgreiða málið með svona hroðvirkni. **(Forseti (GÞ):** Hv. þm. er í sínum lagarétti, en að tala lengur en 20 mínútur gefur fordæmi, sem er brot á tilmælum hæstv. 1. forseta, enda hefur nú hv. þm. talað við þessar umr. á 5. klukkustund). Ég þykist hafa dálítið meiri rétt en almennt til að tala í þessu máli, þar sem ég er frsm. nefndarhluta, en ég er fús

til að fresta ræðu minni, ef hæstv. forseti óskar að fresta umr. (**Forseti (GÞ)**: Þessum umr. verður ekki frestað, og hv. þm. heldur ræðu sinni áfram.) Hv. þm. V-Ísf. talaði um, að hér ætti að vera þróun, en ekki bylting. Við höfum nú talað um, að þróunin hafi verið svo hröð, að margir hafa notað orðið atvinnubylting, og er það rétt notkun á hugtakinu. Hv. þm. V-Ísf. minntist á, að nánar þyrfti að ákveða um 15% með reglugerð. En því ekki að setja ákvæði um það í lögin? Ég veit alveg, hvernig fer, þegar reglugerðina á að semja og hagsmunatogstreitan byrjar.

Það hefur gengið þannig, að viðskiptaráð hefur reynt að setja á nýbyggingarreikning sem allra mest, t. d. alla varahluti í tæki, sem flutt hafa verið inn á nýbyggingarreikningi, en raunar ættu engir varahlutir að koma þar undir. En þetta verður að ákveðast af Alþ., en ég held, að ekkert eigi að koma á nýbyggingarreikning, sem er endurnýjun. En þegar togstreitan er eins og verið hefur, er reynt að skella öllu á nýbyggingarráð. Þess vegna duga 15% lítið, 25% er það minnsta, sem komizt verður af með, ef ekki á að stöðva alla nýsköpun.

Ég held ég hafi heyrt skakkt hjá hv. frsm., að þetta skuli ekki vera lagt fyrir Alþ. í frv.-formi, það stendur einmitt þar, en það er rétt hjá honum, að þeir fjárhagsráðsmenn, sem ekki eru alþm., geta vitaskuld ekki lagt till. sínar fyrir Alþ.

Þá er spurningin um, hversu marga togara við getum mannað upp. Þetta var falið nýbyggingarráði 1944 til rannsóknar, til þess svo að geta lagt fram áætlun, og hún liggur nú fyrir. Sama er að segja um farskipaflotann. Áætlun um hann hefur líka verið lögð fyrir og framkvæmd. Þess vegna er rétt að taka till. ráðsins upp í l., eins og ég hef lagt til, því að það þýðir ekkert að fela neinni stofnun neina framkvæmd, þegar farið er með hana eins og pappírsgagn. Svoleiðis stofnun þýðir ekki að láta gera áætlanir.

Það má vitanlega deila um það, á hvaða stöðum eigi að reisa fiskiðjuver. Hv. þm. V-Ísf. kemur með till., sem ég minntist á. Hann sagði, að það sama gilti um marga aðra staði og þeir ættu eins mikinn rétt til iðjuvers eins og þeir, sem ég tók upp. En það er óframkvæmanlegt að reisa iðjuver á þeim öllum, þess vegna verðum við, ef við ætlum að koma upp nægilega stórum iðjuverum, að hafa þau á fáum stöðum og færa byggðina við sjóinn saman. Þegar verið er að koma upp verstöðvum, þá rekast á hagsmunir ýmissa staða, og þegar um stór iðjuver er að ræða, er ekki hægt að jafna þetta út vegna þess, hve land okkar er stórt. Það verður því að velja á milli, en láta sérhagsmuni ekki verða til þess að sundra og tefja framkvæmdir. En þessi mál þurfa að ræðast meir en milli okkar tveggja, en ekki virðist vera mikill áhugi fyrir þessu mikla nauðsynjamáli, þar sem þm. fást ekki til að taka þátt í umr. Það er ekkert ákveðið um það, hvenær þessi iðjuver skuli komast upp, aðeins að þau skuli reist.

Um viðskiptaráð er það að segja, að ég man ekki eftir neinum l., þar sem viðskiptaráði er falið sérstakt verkefni nema þau, sem falla úr gildi með þessum lögum.

Þá minntist hv. frsm. á, að vandi væri að fá aflinu verkefni. Ég fæ nú ekki séð, að það sé svo ýkja mikið vandaverk. Hingað til höfum við verið of seinir með öll okkar raforkuver og svo komizt í þrot og orðið að grípa til óyndisúrræða, eins og olíustöðvarinnar hér í Reykjavík. Við erum í vandræðum með að koma upp áburðarverksmiðju, af því að það vantar afl. Búnaðarráð samþ., að ákvæði um hana skyldu tekin upp í ræktunarsjóðslögin, en það er aðeins almennt orðalag, sem ekkert segir, en þetta er till. hv. landbn. þessarar hv. d., og var svo til ætlazt, að hún yrði tekin upp í þessi l., þegar til kæmi.

Hv. frsm. sagði, að ég vildi skylda bankana til að hafa nóga peninga. Það er hinn mesti misskilningur. Ef hv. þm. læsi það, sem ég legg til, að bætt verði við 4. gr., og fleiri till. mínar, gæti hann séð, að þetta er alveg út í loftið, en þeir eiga að framfylgja þeim áætlunum, sem eru samdar af ráðinu. Þá vildi hv. þm. líta svo á, að framleiðslunefndir væru óhæfar nema í einhverjum ægilegum þjóðfélögum. En það er nú svo, að þær eru einmitt þar, sem sósíaldemókratar ráða, t. d. Englandi, og vissulega binda þær þegnana nokkuð, en af þeim eiga ekki að stafa ópægindi fyrir þjóðarheildina.

Hv. frsm. sagði, að við ættum að fikra okkur áfram með þróuninni. Ég er honum sammála um það, að ör þróun hefur átt sér stað, en ég held, að hv. þm. hafi ekki fylgzt nægilega vel með þessari þróun og því sleppi þeir tækifærinu, sem nú gefst, út úr höndum þjóðarinnar, tækifæri til að stýra þessari þróun. Ég vildi hjálpa þeim til þessa, og mér þykir leitt, þegar menn eins og hv. þm. V-Ísf., sem hefur gott vit á þessum málum, ef hann kærir sig um, látast ekkert skilja.

Þetta frv., eins og það er nú, er spor aftur á bak, en við eigum að halda áfram, og í því trausti eru brtt. mínar fram bornar. Hv. þm. ráða svo, hvað þeir gera við þær.

Jón Pálmason: Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn. þykir mér ástæða til að segja nokkur orð í viðbót við það, sem ég hef áður sagt, út af brtt. mínum. Hann mælti gegn þeim báðum, og skal ég víkja nokkuð að þeim rökum, sem fram komu hjá honum.

Varðandi fyrri till. sagði hv. frsm., að valdið ætti að vera hjá stjórninni, en hún ætti svo að taka tillit til flokkastærðar og fleiri atriða. Ég verð nú að segja það, að mér þykir undarlegt að heyra þetta frá þessum hv. þm., því að ég efast ekki um, að hann viti, hvert það leiðir, ef þessi hugsun er hugsuð til enda. Með þessu frv. er farið inn á meiri haftabraut en dæmi eru til áður. Undir eina n. er lagt meira vald en áður hefur þekkzt í þessu landi. Ef valdið er hjá stjórninni, er það ekki hjá Alþ. Alþ. á þá aðeins að koma saman til þess að mynda stjórn, hún gefur svo út tóm brbl., sem Alþ. skal svo segja já eða nei við. Í þessu frv. er ekki orð um það, til hve langs tíma ráðið skuli skipað. Nú er það ekki venjulegt, að stjórnir sitji lengi. Nýr meiri hl. á Alþ. hefur tækifæri til að bera fram ný l., svo að nýtt ráð verði sett, og hver kann þá að ráða við, að á stuttum tíma verði algerlega skipt um stefnu, vegna þess að skipt hefur verið um flokka í ríkisstj.?

Við atkvgr. hér í hv. Alþ. hefur það komið í ljós, að 1½ þingflokkur hafði snúið við blaðinu, vegna þess að skipt hafði verið um stjórnarflokka frá því í fyrra, en ég greiddi atkv. eins og í fyrra, því að ég kann ekki við svona vinnubrögð. Mér finnst því

það eitt eiga við, að Alþ. kjósi ráðið og ákveði, til hve langs tíma það skuli kosið.

Varðandi seinni till. þá kunni hv. frsm. því illa að sjá það í lagagr., að gefið sé í skyn, að slagur sé milli kauptúnanna og sveitanna um framkvæmdir, það er ekki rétt orðað, að það sé slagur, það er samkeppni á milli sveitanna og stærri bæjanna og hefur verið nokkuð lengi, og það hefur farið svo, að sveitirnar hafa orðið undir, en Reykjavík orðið ofan á. Hún hefur nú blásið svo út, að þangað eru nú ⅖ landsmanna komnir, af því að atvinnu- og fjármálin hafa verið rekin á þá leið að draga fólkið hingað utan af landsbyggðinni, og svo langt er þetta gengið, að ýmsar sveitir landsins eru að leggjast í auðn af þessum sökum.

„Það er aldrei minni ástæða en í sambandi við þetta frv. að setja föst ákvæði um það, að framkvæmdir úti á landi skuli sitja fyrir", sagði hv. frsm. Ég lít allt öðrum augum á þetta en hv. frsm. Ég tel aldrei meiri ástæðu en nú. Aðalatriði þessa frv. er að takmarka framkvæmdir í landinu frá því, sem fólkið vill hafa þær.

En þó að hægt sé að segja, að svo miklar framkvæmdir eigi að hefja úti á landi, að Reykjavík fái ekki neitt, þá er þó eftir að ákveða það, hver fær það fé, sem varið er til bygginga. Ef sveitirnar verða þar alveg út undan, verður áfram að rótast í því, að opinber völd byggi yfir fólkið. Ég álít því, að þetta sé vitlausara en allt, sem vitlaust er, og þess vegna vil ég skipta um, svo að framkvæmdirnar komi þar, sem skynsamlegt er vegna atvinnulífsins.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þessar till. Ég býst við, að svo sterkur hringur hafi verið slegginn um þetta frv. að fá það í gegn svo til óbreytt, að hvorki þessar eða aðrar till. nái samþykki.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. Borgf. var að tala um búnaðarbankann. Það, sem hv. þm. sagði, haggaði ekki þeirri staðreynd, að hann hefur fullkomið verkefni við landbúnaðinn fyrir allt sitt fjármagn.

Ég tel það ekki hættulegt, þó að framkvæmdavaldið sé hjá ríkisstj. Það er grundvallarsetning, að Alþ. framselur vald sitt til einhvers, sem sér um framkvæmdina. En Alþ. hefur eftir sem áður löggjafarvaldið, en Alþ. framkvæmir ekki sjálft. 2. till. hv. þm. A-Húnv. er óframkvæmanleg, eins og hún er, en margt, sem hann hefur sagt, er satt, og ætti vissulega að sjá til þess, að hinar dreifðu byggðir verði ekki afskiptar, en að segja svo, ef eftirspurn er meiri en fjármagn er til að fullnægja henni, að þá skuli skorið niður í Reykjavík, það er óframkvæmanlegt. Ég skal svo ekki eyða meiri tíma í þetta vegna þess, sem forseti hefur mælzt til.

Það er nú ýmislegt að athuga við ræðu hv. frsm. minni hl., sem ég vildi ógjarnan sleppa.

Þegar hv. frsm. minni hl. fjhn. segir, að 10% af okkar útflutningsverðmæti geti orðið 400 millj. kr. á 10 árum, þá er það náttúrlega hugsanlegt. En það er ekki nein vissa og því ekkert til að byggja á neitt plan. Þetta gæti alveg eins orðið 200 millj. kr. og jafnvel lægri upphæð en það. Um þessa hluti vitum við lítið, t. d. um það, hvað verður gildi krónunnar áfram, hvort það hækkar eða lækkar. Og allt, sem byggt væri á slíkri ágizkun, væri út í bláinn. Viðkomandi sölu á matvörum til annarra landa og að við getum bjargað okkur eitthvað á því að semja til langs tíma um þá sölu, þá getum við ekki byggt neina áætlun til 5 eða 10 ára á sölu á matvöru. Þessir löngu samningar, sem hafa í sumum löndum farið fram, eru, að svo miklu leyti sem ég bezt veit, um vélar, framleiðslutæki og annað þ. h. Og ég veit ekki til, að hægt sé að selja matvöru fyrir fram til langs tíma af öðrum ástæðum en vegna fæðuskorts í heiminum. Hann getur ekki orðið kominn í lag fyrr en eftir 2 ár a. m. k. og sennilega ekki fyrr en eftir lengri tíma. En það er ekki hægt að semja til langs tíma um sölu á fiski fyrir það verð, sem ríkisstj. hefur ábyrgzt nú. Ég þori að fullyrða það. Við getum því ekki bjargað okkur á því að gera slíka langa samninga. Og þessar þjóðir, sem hafa haft mikinn planrekstur hjá sér upp á síðkastið, eins og Tékkóslóvakía, hún hefur hann ekki nema á svo sem helmingi af þjóðarbúinu. Og það er hér um bil allt iðnaður, sem fellur inn í það, en ekki matvörukaup til langs tíma. Ég get nefnt fleiri ríki sem sönnun fyrir því, að um matvörukaup er ekki samið til langs tíma. Viðkomandi því, sem hv. frsm. minni hl. fjhn. var að tala um áætlunarbúskap í öðrum löndum, þá er það að segja, að hann er miklu auðveldari í löndum, sem eru sjálfum sér nóg á mörgum sviðum og geta fært vinnuaflið til eftir geðþótta. En það er ekki meiningin hjá okkur að ganga lengra en Englendingar og Norðurlandabúar, sem eru á slíkum brautum að hafa þar planrekstur, sem rúm er fyrir hann, en þó sé sem mest frelsi í þjóðfélaginu. Og það eru þessar brautir, sem við erum inni á, en ekki þær, að úti sé um allt frelsi. Þetta frv. er fyrst og fremst byggt á einkaframtaki við hliðina á því, sem Alþ. ákveður á hverju ári með fjárl., því að það eru engar heimildir hér til fjárframlaga frá ráðinu eða til lántöku eða neinna slíkra hluta. Og þar kemur aðalruglingurinn í þessu máli fram hjá hv. frsm. minni hl. n., að það er eins og hann geri ráð fyrir, að þetta ráð eigi að gera allt mögulegt í þessum efnum án þess að spyrja þingið. En strax og ráðið gerir eitthvert plan, á það að koma til þingsins, því að það er ekki hægt annað, nema hægt sé að fá einstaklinga eða einstök félög til þess að ganga inn í þetta, þá þarf ekki að fara til þingsins. — Hv. frsm. minni hl. n. vildi leggja mikla áherzlu á, að allt, sem frá ráðinu kæmi, færi til þingsins. Og svo sagði hann, að það þyrfti að fullnægja þessu eina plani um sjávarútveginn og ákveða tölu togara o. m. fl. í sambandi við sjávarútveginn. En þetta plan er ekki komið til þingsins, og þessi krafa hv. þm. ríður í bága við 6. brtt. hans, sem hann leggur áherzlu á. Þetta plagg er í prentun nú, og er ekki búið að útbýta því til þm., svo að á þessu stigi, meðan hv. þm. hafa ekki lesið það, skal ég ekki fara ýtarlega út í það. — Mér er kunnugt um, að það eru framleiðslunefndir til víða um heim. En við kapítalisk fyrirtæki í hinum frjálsu löndum er mér ekki kunnugt um, að slíkar nefndir geti vaðið í alla reikninga fyrirtækja, og það held ég, að verði aldrei gert hér. Ef þjóðfélagið vill skipta sér af þeim greinum, verður það að nota sérstaka menn til þess. Slíkt verður ekki samþ. á þessu þingi, og verður sennilega nokkuð langt þangað til það verður gert.

Ég vildi nefna að lokum, að það er rétt, sem ég sagði, að einn aðalvandinn hjá okkur viðvíkjandi stórum rafvirkjunum hefur verið að útvega

verkefni fyrir raforkuna. Hingað til höfum við ekki getað virkjað nema fyrir þörf þéttbýlisins og nokkurn iðnað, sem er ekki í stórum stíl. Krafturinn er til í fossunum, en spursmálið er enn óleyst, hvað sá kraftur á að vinna, ef framkvæma á stórvirkjanir — þrátt fyrir öll okkar „ráð". Og þó að till. um þetta séu til, þá munu engar þeirra vera svo rökstuddar, að hægt sé nú að taka ákvarðanir um þær á Alþ. Í þessum l., sem eru yfirlitslög um stórt fjárhagsráð, þá eiga ekki að vera neinar sérstakar ákvarðanir, sem taka fram fyrir hendurnar á stjórninni um nánari athugun. Þetta eru yfirlitslög, og allt hlýtur að koma síðar með sérstökum frv. með viðeigandi heimildum, til þess að eitthvað sé hægt að gera af því opinbera og til styrktar þeim, sem ekki hafa nóg fjármagn eða kraft til framkvæmda. En þessar reglur á að setja með sérstökum frv., en eiga ekki að vera í þessum l., en till. um þær eiga helzt að koma frá ráðinu, en síður frá einstökum þm.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég hef flutt hér skrifl. brtt., sem leitað hefur verið afbrigða fyrir, og vildi fara nokkrum orðum um hana. — Í frv. er gert ráð fyrir því í 10. gr., að fjárhagsráð starfræki innflutnings- og gjaldeyrisdeild, er einnig hafi með höndum verðlagseftirlit. Nú hef ég flutt brtt. um það, að í stað þess, að hér er gert ráð fyrir því að hafa eina gjaldeyris- og innflutningsdeild, þá verði því fyrirkomulagi komið á, að þetta verði haft í fernu lagi, þannig að fjárhagsráð starfræki innflutnings- og gjaldeyrisdeildir á þessum stöðum: Í Reykjavík, á Ísafirði, á Akureyri og í Neskaupstað. Ég legg til, að Reykjavíkurdeildin gegni hlutverki sínu í þessum sýslum og kaupstöðum: Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Vestmannaeyjum, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Ísafjarðardeildin gegni hlutverki sínu í Ísafirði, Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu. Akureyrardeildin í Siglufirði, Akureyri, Ólafsfirði, Vestur- og Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu. Neskaupstaðardeildin í Neskaupstað, Seyðisfirði, Norður- og Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu. Þá er enn fremur gert ráð fyrir, að fjárhagsráð ákveði hlutdeild þá fyrir hvert ár, sem hverri innflutnings- og gjaldeyrisdeild ber af gjaldeyri þeim, sem ráðstafa á til vörukaupa erlendis, og að við þá skiptingu á gjaldeyrinum milli þessara deilda verði tekið sérstakt tillit til íbúafjölda og þess, hve mikill gjaldeyrir verður til á starfssvæðinu. — Það er ekki nokkur vafi á, að það, að hafa þessa gjaldeyrisúthlutun eingöngu í Reykjavík, hefur haft það í för með sér um allar vörur, a. m. k. stykkjavöru og hvers konar neyzluvörur aðrar en þungavörur, sem fluttar eru inn í heilum förmum, að innflutningur þeirra hefur dregizt algerlega hingað til Reykjavíkur, þannig að innflutningsverzlunarfyrirtæki úti á landi hafa beinlínis orðið að stöðvast fyrir það, að ekki voru skilyrði til þess að reka þau áfram þar, þegar leita þurfti til Reykjavíkur um að fá öll gjaldeyrisleyfi, sem þurft hefur að fá. Þetta liggur í augum uppi, að er af því, að þeir, sem heima eiga í Reykjavík, hafa margfalt betri aðstöðu í þessum efnum en menn úti á landi til þess að fá gjaldeyrisleyfi. Þannig er útilokað, að raunverulega sé nokkurt vit í því að reka innflutningsverzlun með þessar vörur, sem ég nefndi sérstaklega, upp á þær spýtur að þurfa að leita utan af landi til Reykjavíkur um gjaldeyrisleyfi. Verulegur hluti af starfsemi heildverzlana fer í það að kría út gjaldeyrisleyfi, og til þess að ná í gjaldeyri er beitt ýmsum brögðum. Það eru viðtöl við meðlimi þessara nefnda og ráða, sem um gjaldeyrisleyfi hafa að segja. Það er vitað öllum, að viðtöl við starfsmenn í þessum stöðum og jafnvel viðtöl við alls konar kunninga og venzlamenn þessara manna eru notuð af heildverzlunum til þess að heyja taugastríð, sem oft ber þann árangur, að þær ná þannig gjaldeyri til sín. Þeir, sem hafa verið að burðast með heildverzlanir úti á landi, hafa átt í vök að verjast mjög tilfinnanlega. Og t. d. fyrirtæki úti á landi, sem þurfa að fá hráefni til síns rekstrar, eru svo sett af þessum sökum, að það liggur við borð, að þau verði að stöðvast, vegna þess að þau fái ekki hráefni til þess að geta haldið áfram sínum rekstri. T. d. eru gosdrykkjaverksmiðjur á Siglufirði og Akureyri svo langt frá því að geta fengið nægan sykur, að þær geta ekki framleitt nema einn fimmta hluta af því, sem þær hafa markað fyrir. En svo eru á sama tíma fluttir gosdrykkir héðan úr Reykjavík þangað norður, þannig að bæði glerið og vatnið er flutt þessa löngu leið, til Akureyrar og Siglufjarðar, í stað þess að framleiða þessar vörur þarna nyrðra. Þannig er þetta. Ástæðan er sú, að betri aðstaða er hér syðra til þess að fá gjaldeyri til þessa iðnaðar en fyrir norðan. Það er engin leið til þess fyrir fyrirtæki, sem ekki eru í Reykjavík, að standast samkeppni í þessu efni með núverandi fyrirkomulagi á úthlutun gjaldeyrisins, sem ég tel verulegan þátt eiga í því að draga alla innflutningsverzlun til Reykjavíkur með því að setja Reykjavík í sérréttindaaðstöðu í þessu efni. Ef maður fengi gjaldeyri á þessum stöðum: Ísafirði, Akureyri, Siglufirði, Neskaupstað og Vestmannaeyjum, þá er alveg víst, að margir þeirra hefðu allmikla innflutningsverzlun, t. d. Akureyri. En þetta er dottið niður, vegna þess að það eru engin skilyrði lengur til þess að reka innflutningsverzlun á þessum stöðum, svo að nokkurt vit sé í. Og það fæst ekki nein leiðrétting á þessu, nema því aðeins að gjaldeyrisúthlutun sé höfð úti á landi. Ég býst við, að þessir staðir, sem ég greini í brtt. minni, séu alls ekki illa til þess fallnir, og eru þeir allir staðir, sem voru verzlunarmiðstöðvar hver á sínu svæði á sínum tíma, þótt þeir séu ekki orðnir það nú af ástæðum, sem ég hef greint. Akureyri er t. d. ekki orðinn neinn staður um þetta móts við það, sem var, þó að mjög fáir staðir séu betur í sveit settir í þessu tilliti en Akureyri. — Hins vegar er gert ráð fyrir því í brtt. minni, að gjaldeyris- og innflutningsdeildin í Reykjavík hafi með höndum allt verðlagseftirlit. Enn fremur er þar gert ráð fyrir, að hún hafi með höndum vöruskömmtun í þeim tilfellum, sem það er nauðsynlegt, að fengnu samþykki fjárhagsráðs. Þetta er eftir sem áður eftir mínum brtt. í höndum nefndar í Reykjavík.

Ég býst við, ef leitað væri álits manna úti á landi í bæjum, t. d. eins og Akureyri, Siglufirði, Neskaupstað, Seyðisfirði o. fl. bæjum á Austurlandi og á Ísafirði og í nærsveitum þessara bæja, þá

mundu menn verða þar sammála um það, að með því að koma fyrirkomulaginu í það horf, sem hér er gert ráð fyrir, að skipta gjaldeyrisúthlutuninni þannig niður á milli landsfjórðunga, væri stigið mjög þýðingarmikið spor til þess að bæta verzlunarhætti í þessu landi og til þess að tryggja það, að vörur, sem fluttar eru til landsins, verði fluttar sem allra mest beint til þeirra staða, þar sem þeirra er neytt eða þær notaðar. Það hefur verið mikið talað um, að það sé of lítið, sem þessir bæir kaupa, til þess að flytja gjaldeyrisúthlutun þangað. En það er ekki rétt. Ef þessir bæir hefðu sömu möguleika og Reykjavík hefur til innkaupa hlutfallslega við stærð, þá mundi sýna sig, að meiri þróun kæmi í verzlun og atvinnulíf þar en nú er, ef þetta fyrirkomulag væri tekið upp.

Í brtt. mínum er gert ráð fyrir, að fjárhagsráði verði uppálagt að taka tillit til þess viðkomandi skiptingunni á gjaldeyrisúthlutuninni, hve mikill gjaldeyrir er framleiddur á hverju starfsvæði fyrir sig. Það er að vísu ekki hægt að skipta þessu eingöngu eftir því. En það er fullkomin ástæða til að taka tillit til þessa. Það þarf að láta hvert byggðarlag haga sinni framleiðslu þannig, að það framleiði sem mestan gjaldeyri. Reykjavík framleiðir óhæfilega lítið af gjaldeyri, miðað við eyðslu hennar á gjaldeyri. Reykjavík situr nú fyrir um eyðslu á gjaldeyri. Og það er vitanlega óhæfa, að Reykjavík skuli eiga heimtingu svo mjög sem nú er á að taka gjaldeyri af öðrum héruðum landsins, þar sem svo að segja er eingöngu gjaldeyrisframleiðsla, en ekki eyðsla á gjaldeyri, svo að neinu nemi. Það verður að skapa eitthvert aðhald fyrir héruðin, til þess að þau reyni að leggja eitthvað af mörkum við framleiðslu gjaldeyrisins, sem við byggjum okkar atvinnulíf á. Þess vegna ber ég þessa brtt. fram. Úti á landsbyggðinni er þetta sameiginlegt álit allra, að þetta ástand, að gjaldeyrisúthlutunin öll skuli fara fram í Reykjavík, sé mjög óheppilegt, þannig að menn verði að leita til Reykjavíkur um öll gjaldeyrisleyfi, og ekki nóg með það, heldur verði hver maður úti á landi, sem þau vill fá, að hafa mann hér í Reykjavík til að borga leyfin, því að annars fá þeir þau ekki. Hver maður úti á landi, sem ætlar að fá gjaldeyrisleyfi, verður að sjá um, að einhver hér í Reykjavík leysi út leyfið, því að það er hætt að senda leyfin út á land upp á það, að bæjarfélögin innheimti leyfisgjöldin. Það getur kostað tugi króna að leysa út eitt smávegis leyfi, ef maður fær það, sem er úti á landi. Og það fer vaxandi gremja og óánægja út af þessu. Þetta verður ekki þolað til lengdar, þó að þessi brtt. verði kannske ekki samþ. að þessu sinni. Það er ekki vafi á, að ef sú skipun væri höfð um leyfisúthlutunina, sem gert er ráð fyrir í brtt. minni, mundi það verða til þess, að atvinnulíf mundi vérða blómlegra úti á landi en nú er.

Það er t. d. enn eitt atriði í þessu sambandi, sem er ekki þýðingarlaust. Af því að Reykjavík hefur svo mikla innflutningsverzlun, getur hún lagt útsvör á þann atvinnurekstur, meðan aðrir staðir eru að veslast upp af tekjuleysi. Því að þeir, sem reka innflutningsverzlun úti á landi við þau erfiðu skilyrði, sem þeir eiga við að búa, geta ekki borið útsvar á borð við það, sem á sér stað um innflytjendur hér í Reykjavík. Þessi skipun á úthlutun gjaldeyrisleyfa, sem nú er, stendur því alla vega í vegi fyrir því, að bæjarfélög og byggðarlög úti á landi geti blómgazt og þrifizt með eðlilegum hætti.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í önnur atriði þessa frv. en þetta. En þetta mál, sem ég hef flutt brtt. um, er eitt mesta áhugamál alls þorra manna í hinum ýmsu bæjum og kauptúnum úti um allt land, vegna þess að þessi samdráttur atvinnulífsins hér í Reykjavík, sem stafar mjög af gjaldeyrisúthlutunarfyrirkomulaginu, er að ríða allt á slig og er á góðum vegi með að verða þess valdandi, að bókstaflega heilar sýslur leggist í eyði. Það hefur aldrei verið meiri flótti frá stöðum úti á landi til Reykjavíkur en einmitt nú. Ég tel, að það, sem ég legg hér til í brtt. minni, mundi verða sú fljótvirkasta ráðstöfun, sem hægt er að gera til þess að stöðva þennan óskaplega samdrátt hér í Reykjavík.

Jón Pálmason: Herra forseti. Út af síðustu ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn. vildi ég gera tvær aths. Í sinni fyrri svarræðu sagði hv. frsm. meiri hl., að framkvæmdarvaldið ætti að vera hjá ríkisstj. Hér er í raun og veru í sambandi við mínar brtt. ekki verið að deila um framkvæmdarvaldið, eins og það orð er skilið. Deilan er um það, hvort valdið til þess að skipa þetta valdamikla fjárhagsráð eigi að vera hjá Alþ. eða ríkisstj. Og því held ég ákveðið fram, að frá mínu sjónarmiði sé það ósamboðið þinginu, þegar það er að kasta frá sér jafnmiklu valdi og hér er verið að gera, að það ekki einu sinni eigi að kjósa þessa nefnd, sem á að taka við valdinu.

Varðandi síðari brtt. mína sagði hv. frsm. meiri hl. n., að hún væri óframkvæmanleg eins og hún er. Þar fer hann villur vega, fyrst og fremst af því, að hann sneiðir alveg fram hjá höfuðatriðunum í þessari seinni brtt. minni, sem ég hef orðað svo: „Skal fjárhagsráð vera í samráði við nýbýlastjórn ríkisins, raforkuráð, vegamálastjóra og vitamálastjóra varðandi þær framkvæmdir, sem þeim aðilum koma við.“ En það eru þessir aðilar, sem hafa með að gera nálega allar framkvæmdir, eins og nú er komið, úti á landsbyggðinni á vegum ríkisins. Og allir þessir aðilar eru bundnir við lög og margvíslegar takmarkanir, bæði fjárveitingar frá Alþ. og annað. Þess vegna er það aðalatriðið í minni kröfu varðandi þessa brtt., að þetta fjárhagsráð eigi ekki og megi ekki koma í veg fyrir þær framkvæmdir, byggingar, samgöngubætur og annað, sem ákveðið er samkv. l., sem hér er um að ræða, að á að framkvæma — að þetta ráð geti ekki komið í veg fyrir þetta með því að láta fara til Reykjavíkur svo mikið af gjaldeyri, efni, vélum og vinnu sem oft hefur átt sér stað á undanförnum árum og stefnt er auðsjáanlega miklu meir að nú en nokkru sinni áður, eftir þeim grundvelli, sem þessi l. eiga að hvíla á. — Þessar aths. vildi ég láta koma fram. Að öðru leyti skal ég ekki fara fleiri orðum um þessar brtt.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði, að það, sem ég talaði um 400 millj. kr., sem væru þau 10% af gjaldeyrinum, sem inn kæmi á tíu árum, sem ég vil bæta við 15%, væri út í bláinn. Ég sló þessu fram sem hugmynd og sem líklegum hlut. En auðvitað er ekki hægt að ákveða neitt um slíkt fyrir fram. En aðeins til að sýna, hvað líklegt megi telja með sama útflutningi sem verið hefur, að þessi

10% af útflutningsverðmætinu mundu nema eða geta numið á þessu árabili, sló ég þessu fram, því að þessi 10%, sem fram yfir eru 15% af útflutningsverðinu, geta gert útslagið á það, á hve mörgum sviðum er hægt að byggja upp atvinnuvegina í þessu landi á þessu árabili. Það er að vísu hægt að segja, að krónan geti fallið á þessu tímabili og að verðlagið geti fallið. En það er ólíklegt, að verðlagið falli á íslenzkum afurðum, en lækkaði ekki á þeim vörum, sem við þyrftum að kaupa til þessarar uppbyggingar. Og þó að við reiknum með 200 millj. kr. í þessu efni, í stað 400 millj., gerir það sömu útkomu raunverulega, því að þá mundi lækka í verði jafnframt það, sem til uppbyggingarinnar þyrfti að kaupa. Ef maður getur ekki reiknað með líkindareikningi, þá er ekkert hægt að planleggja í þessum efnum. Það getur komið uppskerubrestur og vantað síld og fisk, það er allt hugsanlegt. En við reiknum með því, að sólin hætti ekki að skína og að síldin komi á miðin og þorskurinn komi o. þ. h., þó að við vitum, að afli geti tregðazt.

Hv. frsm. meiri hl. n. talaði um frelsi. Við erum nú einmitt með þessu frv. að setja rothöggið á það atvinnufrelsi, sem miðað er við í stjskr., það lítið sem eftir er af því, því að því verður ekki neitað, að allur áætlunarbúskapur víkur til hliðar í aðalatriðum því atvinnufrelsi 19. aldarinnar, sem okkar stjskr. gengur út frá. En við göngum út frá því, að áætlunarbúskapur sé í frjálsu þjóðfélagi, vegna þess að við álítum, að menn séu frjálsir, jafnvel þótt ríkið taki af þeim svo og svo mikið af þeirra rétti, sem þeir einu sinni höfðu til þess að geta notað sitt fé og annað slíkt eins og þeim þóknaðist, því að þau réttindi, sem menn fá aftur, eru svo margfalt dýrmætari en þetta atvinnufrelsi, sem af þeim er tekið. Þessi réttindi í sambandi við atvinnu og afkomumöguleika, sem menn fá í staðinn, gefa þeim það, sem er fyrir þá raunverulegt frelsi í þeirra lífi.

Viðvíkjandi því, að fjárhagsráð eigi að leggja frv. fyrir Alþ., vil ég segja, að ég veit ekki betur en að einmitt fjárhagsráð Norðmanna hafi nú nýlega verið að leggja áætlun fyrir Stórþingið, þar sem lagt er til, hve mikið veita skuli í hverjar framkvæmdir fyrir sig.

Viðvíkjandi því, sem minnzt var á 5 ára áætlun nýbyggingarráðs og að hún hefði ekki komið til þingsins, þá er því að svara, að ég veit ekki betur en að nýbyggingarráð hafi sent öllum hv. þm. þessa bók fjölritaða. Ég veit ekki betur en að hv. frsm. meiri hl. fjhn. hafi séð hana. Til þingsins er hún því komin, og til stjórnarinnar er hún komin þar áður. Hvað það snertir, hefur því þessi áætlunargerð farið rétta boðleið. En stjórnin hefði átt að leggja þetta fyrir þingið. Og það er til lítils að leggja fyrir eina nefnd að vinna mikið og stórt, ef svo er ekki farið eftir l. um að leggja það fyrir.

Viðvíkjandi virkjun og stóriðju þá er það rétt, að okkur skortir raforku til þeirrar iðju, sem við höfum haft. En ef við ætlum að planleggja stórvirkjun hér, þurfum við um leið að ákveða nú þegar alveg á næstunni, hvaða stórfyrirtæki við ætlum okkur að leggja áherzlu á að koma upp. Það hefur verið talað um að koma upp t. d. áburðarverksmiðju, en við höfum vitað, að við mundum verða í vandræðum með að skaffa nóg rafmagn til þess að geta rekið hana, eins og nú er ástatt. En ef við ætlum að koma á fót svona stórvirkjunum fyrir 1952, þá geng ég út frá því, að við verðum að panta túrbínur og annað, sem til þeirra þarf, 1949 og jafnvel fyrr, þannig að við hefðum ekki nema eitt til tvö ár fyrir okkur til þess að gera þær rannsóknir, sem við þurfum að gera, til þess að vita, hvort t. d. bygging áburðarverksmiðju eða annað slíkt er fyrirtæki, sem við getum ráðizt í, svo að það er ekki seinna vænna að ákveða það en nú, í maí 1947, ef við ætlum að koma þessu í framkvæmd fyrir árið 1952. Það getur kostað tugi millj. kr. skaða fyrir landið, ef ekki er hugsað fyrir svona stórum framkvæmdum í tíma, heldur þá fyrst, þegar það í mörgum tilfellum er allt of seint að hugsa fyrir þeim.

Ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan og hv. frsm. meiri hl. fjhn. hefur ekki hrakið, að ef þessar brtt., sem ég flyt hér við frv., verða ekki samþ. nú, þá er ég viss um það, að fjárhagsráð, sem skipað verður, kemur áreiðanlega ekki til með, nema þá fyrir einhverja sérstaka slembilukku, að geta tekið þær ákvarðanir, sem þjóðinni er þörf á, að teknar séu í þessum málum, sem það á að fjalla um. Sjálft frv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, er þannig úr garði gert, að það er eftir því hægt að láta fjárhagsráð hætta að vinna á þessu ári. Það á ekki að lifa, nema meðan hinar miklu atvinnuframkvæmdir standa yfir, sem byrjað hefur verið á. Og eitt þess aðalverk á að vera að skera þannig niður, að það sé ekki of mikil eftirspurn eftir vinnu. Þessi l. falla í raun og veru úr gildi um fjárhagsráð, þegar hinar miklu atvinnuframkvæmdir eru ekki lengur fyrir hendi, sem nú standa yfir. Þess vegna hef ég lagt verk í að undirbúa og semja þessar brtt. við frv. Ég álít mjög illa farið, hvernig hagað hefur verið umr. um þetta mál. Ég álít það til skammar, að þetta frv. hæstv. ríkisstj. hefur verið undirbúið eins illa og það er undirbúið og að stjórnin skuli ekki hafa neitt skeytt um að reyna að lagfæra nokkurn hlut í sambandi við það, meðan þingið hefur haft það til meðferðar, og að hún skuli síðan hafa fyrirskipað hæstv. forseta að pína málið í gegnum þessa umr., án þess að raunverulega fengist um það umr. og án þess að hv. þm. almennt geri sér far um að afla sér nokkurrar verulegrar vitneskju um, hvað gerzt hefur á þessum sviðum undanfarið. Ég álít það illa farið, að hæstv. forseti skuli beita því valdi, sem hann hefur, til þess að enda þessa umr. um þetta mál hér í þinginu nú með þeim hætti, sem gert er hér. Sú ábyrgð verður að hvíla á hæstv. ríkisstj., sem þessu ræður. En það tjón, sem af því hlýzt, ef þessu er haldið áfram, verður ekki reiknað í tugum millj. kr., heldur hundruðum millj. kr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 122. fundi í Nd., 6. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 769 tekin aftur til 3. umr.

— 725,1.a felld með 18:7 atkv.

— 725,1.b felld með 22:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, JPálm, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ.

nei: BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, JörB, PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BG.

JJ greiddi ekki atkv.
5 þm. (FJ, HermG, ÓTh, SB, SK) fjarstaddir.
Brtt. 725,1.c felld með 21:5 atkv.
— 725,1.d felld með 18:6 atkv.
— 725,1.e felld með 18:7 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 690,1 felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SB, SG, SK, ÁkJ, EOl, GTh, IngJ, JPálm, KTh, LJós.
nei: PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, JóhH, JS, JörB, BG.
JJ greiddi ekki atkv.
3 þm. (ÓTh, FJ, HermG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Samkv. gildandi l. um nýbyggingarráð og gjaldeyrismeðferð hafa ráðamenn þar verið stjórnskipaðir, en ekki kjörnir af Alþ. Það ákvæði frv., að fjárhagsráð skuli vera stjórnskipað, er því í fullu samræmi við það, sem áður hefur gilt um nýbyggingarráð og viðskiptaráð, og minnist ég ekki, að hv. þm. hafi við stofnsetningu þessara ráða lagt til, að kosin skyldu af Alþ., ekki einu sinni hv. þm. A-Húnv. Í samræmi við það, sem ég hef nú sagt, segi ég nei.

Brtt. 662,1 samþ. með 20:3 atkv.
— 725,2.a felld með 22:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.
nei: GÞ, GSv, GTh, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, BG.
GÞG, JPálm, SK greiddu ekki atkv.
4 þm. (FJ, HermG, JJ, ÓTh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þar eð ég tel, að þetta ákvæði, eins og það er í frv., sé bæði í samræmi við stjórnarsamninginn og tryggi framhald nýsköpunarinnar, þá segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Með því að gr., eins og hún er nú í frv., þýðir, að öll l. falla, er núverandi atvinnuástandi lýkur, þá segi ég já.

Brtt. 725,2.b felld með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, SigfS, SG, StgrSt, EOl.
nei: JS, JörB, PO, SEH, SkG, StJSt, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH.
JPálm, JJ, PÞ, SB, ÁÁ greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÓTh, SK, ÁkJ, FJ, HermG, BG) fjarstaddir.

Brtt. 662,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 662,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 725,3.a felld með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, KTh, LJós, SigfS, SG.
nei: ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, JörB, PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StgrSt.
GTh, JPálm greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁkJ, FJ, HermG, JJ, ÓTh, SB, SK, BG) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.

Einar Olgeirsson: Með því að þessi a-liður er tekinn orðréttur úr núgildandi l. og ég sé ekki ástæðu til að rýra þau l., segi ég já.

Brtt. 725,3.b felld með 19:5 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 725,4.a felld með 23:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, KTh, LJós, SigfS, SG.
nei: ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, BG.
7 þm. (ÁkJ, FJ, HermG, JJ, ÓTh, SB, SK) fjarstaddir.

Forseti (GÞ): Ég vildi spyrja hv. 2. þm. Reykv., flm. þessara till., hvort hann ætli að óska eftir nafnakalli um alla liðina áfram.

Einar Olgeirsson: Þm. hafa yfirleitt ekki tekið svo mikinn þátt í umr. um þetta mál eða till. mínar til breytinga, að nokkuð sé á móti því, að „dokumenterað" sé, hvaða afstöðu hver og einn þeirra hefur til þessara till.
Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að hann hefur vald til að láta umr. ganga fram á nótt, þannig að meginið af þm. hlýði hvorki á umr. né taki þátt í þeim. Forseti hefur notað þetta vald í þessu máli. Ég hef aftur á móti þetta vald, að óska eftir nafnakalli, og ég býst ekki við, að hæstv. forseti neiti mér um það.

Brtt. 725,4.b felld með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, SigfS, SG, EOl.
nei: JS, JörB, PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, BG.
JPálm greiddi ekki atkv.
8 þm. (JóhH, JJ, ÓTh, SB, SK, ÁkJ, FJ, HermG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Gylfi Þ. Gíslason: Það er um þessa brtt. eins og aðrar á undan henni og eftir á þskj. 725, að ég hef ekkert við það að athuga, að fjárhagsráð fjalli um þau verkefni, sem þar eru tilgreind. Hitt tel ég óeðlilegt, að slíkri nefnd séu sett svo nákvæm fyrirmæli í l., en eðlilegra, að ráðið taki sjálft sínar ákvarðanir, og segi ég því nei.

Forseti (GÞ): Ég skal láta þess getið, að mér hefur borizt bréf frá 6 þm. Sósfl. hér í d., þar sem óskað er eftir nafnakalli um alla liðlna á þskj. 725. Ég get ekki neitað um þetta, þar sem liðirnir eru sjálfstæðir og óskyldir.

Brtt. 725,4.c felld með 21:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.
nei: GÞ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, JörB, PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, BG.
JJ greiddi ekki atkv.

6 þm. (FJ, GTh, HermG, ÓTh, SB, SK) fjarstaddir.
Brtt. 725,4.d felld með 19:6 atkv.
— 725,4.e felld með 23:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, EOl, KTh, LJós, SigfS, SG.
nei: SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, BG.
JJ greiddi ekki atkv.
5 þm. (SK, FJ, GTh, HermG, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 725,4.f felld með 19:6 atkv.
— 725,4.g felld með 23:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, EOl, KTh, LJós, SigfS, SG.
nei: StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, BG.
JJ greiddi ekki atkv.
5 þm. (FJ, GTh, HermG, ÓTh, SK) fjarstaddir.
Brtt. 622,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 725,5.a felld með 21:6 atkv.
— 725,5.b felld með 23:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.
nei: JS, JJ, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, BG.
JPálm greiddi ekki atkv.
5 þm. (ÓTh, SK, FJ, GTh, HermG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Gylfi Þ. Gíslason: Ég tel sjálfsagt, að ríkisstofnanir eins og bankarnir framfylgi stefnu, sem ríkisstj. ákveður á hverjum tíma, og ég tel, að ríkisvaldið geti látið þessar stofnanir gera það, og ástæðulaust að setja ákvæði um það í lög. Og það er raunar hæpið að fara að setja það í lög, að ríkisstofnanir skuli framfylgja pólitískri stefnu ríkisvaldsins, og segi ég því nei.

Brtt. 725,5.c felld með 20:6 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 690,2 felld með 22:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, JJ, IngJ.
nei: JS, JörB, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, JóhH, BG.
KTh, LJós, ÁkJ, GÞ greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÓTh, SB, SK, FJ, GTh, HermG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Jón Sigurðsson: Enda þótt ég sé samþykkur hv. flm. um, að tryggja beri hlut þeirra, er búa í fjarlægð frá kaupstöðum, þá er till. hans ekki svo vel orðuð, að forsvaranlegt sé að samþ. þetta, og í trausti þess, að fjárhagsráð veiti hinum fjarlægari héruðum meira öryggi í þessum efnum en þau eiga við að búa, segi ég nei.

Jónas Jónsson: Lagabálkur þessi er allur allfurðulegur. Fyrir tveimur árum var samþykktur hér lagabálkur í svipuðum dúr, sem átti að endurfæða þetta vesala land og þjóð. Nú er það skipulag, sem komið var á með hinum mesta hávaða, orðið ónýtt, og vil ég ekki taka þátt í að stofna til slíks aftur. En við þennan lagabálk hér hefur komið fram ein brtt. frá hv. þm. A-Húnv., sem mundi bjarga frv., ef hún yrði samþ., og segi ég því já.

5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 725,6 felld með 16:6 atkv.
6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 725,7 felld með 17:6 atkv.
7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 725,8.a felld með 18:6 atkv.
— 725,8.b felld með 18:6 atkv.
8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 725,9 felld með 19:6 atkv.
9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 770,1 felld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.
nei: JóhH, JS, JörB, PÞ, PO, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, GÞ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, BG.
9 þm. (JPálm, JJ, ÓTh, SB, SK, EystJ, FJ, GTh, HermG) fjarstaddir.
10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 770,2 kom ekki til atkv.
11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 662,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 662,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 725,10 felld með 16:6 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 559 samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, HÁ, HelgJ, IngJ, JS, JörB, KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, StgrSt, ÁkJ, BÁ.
nei: EmJ, EystJ, GÞ, GÞG, HB, JóhH, SkG, StJSt, ÁÁ, BG.
GSv greiddi ekki atkv.
8 þm. (FJ, GTh, HermG, JPálm, JJ, ÓTh, SB, SK) fjarstaddir.
Brtt. 662,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
15.—19. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 662,8—9 samþ. með 19 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 662,10 samþ. með 20 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 662,11 samþ. með 21 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
24.—27. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 123. og 124. fundi í Nd., 7. og 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (útvarpsumr.).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Háttv. áheyrendur. Það er eftir kröfu frá Sósfl., að nú er útvarpað umræðum um þetta frv. við 3. umr. þess hér í d. En við fyrri umr. um þetta mál, bæði 1. og 2. umr., hafa þm. Sósfl. flutt um það mjög langar ræður, sem samtals hafa staðið yfir í marg-

ar klst. Hafa þeir þá að sjálfsögðu ekki komizt hjá endurtekningum, og ræður þeirra hér í kvöld verða vafalaust að mestu endurtekningar á því, sem þeir hafa sagt um málið hér á þingi undanfarna daga. Úr því að þeir vilja fá útvarpað umræðu um málið nú við 3. umr. þess, hefðu þeir getað sparað sér eitthvað af löngu ræðunum við 1. og 2. umr., ef þeir hefðu viljað flýta þingstörfum. En þeir virðast síður en svo hafa áhuga fyrir því, að þetta þing, sem nú er búið að standa í 7 mánuði og 2 daga, ljúki störfum sem fyrst. Það er venja, að álit þingnefnda um mál, sem vísað hefur verið til þeirra, liggi fyrir við 2. umr. En ekki hefur verið meiri hraði á fulltrúa Sósfl. í fjhn. en svo, að áliti hans um málið var fyrst útbýtt í d. í dag. Þessi hv. þm., Einar Olgeirsson, hefur látið fylgja þessu nál. sínu ritgerð um sjávarútvegsmál, sem nýbyggingarráð, þar sem hann hefur átt sæti, hefur látið gera. Í l. um nýbyggingarráð, sem sett voru seint á árinu 1944, segir, að hlutverk nýbyggingarráðs sé „að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu 5 ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar".

Þessi heildaráætlun hefur ekki sézt ennþá, en ráðið er fyrir alllöngu búið að ráðstafa öllu því fé, sem það fékk til umráða. En í sambandi við það frv., sem hér er til umr., hefur hv. 2. þm. Reykv., nýbyggingarráðsmaðurinn Einar Olgeirsson, lagt fram brtt. um það, að fjárhagsráð skuli gera 5—10 ára áætlun um nýsköpun. Og vafalaust lýsir hann þessu „plani" sínu hér í kvöld. Hann átti að semja áætlun, gerði það ekki, en vill nú fela öðrum að semja 5—10 ára áætlun, þegar allir peningarnir eru eyddir. Sniðugur ráðsmaður sá!

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir stofnun 5 manna fjárhagsráðs, sem á að koma í staðinn fyrir tvö ráð, er starfað hafa að undanförnu, þ. e. viðskiptaráð og nýbyggingarráð. Á þannig að sameina hjá einni nefnd þau störf, sem þessar tvær nefndir hafa áður annazt, og eru lagaákvæði um innflutning og gjaldeyrismeðferð og um verðlag tekin upp í þetta frv. — En auk þess er hinu nýja fjárhagráði ætlað að hafa eftirlit með fjárfestingu og yfirstjórn hennar. Er þetta að því leyti nýmæli, að áður hefur engum einum aðila verið falið þetta verkefni. Að öðru leyti er hér ekki nýmæli á ferð, því að langt er frá því, að menn hafi verið frjálsir ferða sinna í atvinnu- og viðskiptalífinu á liðnum árum. Margs konar víðtækum hömlum hefur þar verið beitt af hálfu þess opinbera. Enginn hefur getað fengið keyptan varning frá útlöndum eða erlendan gjaldmiðil til annarra nota nema að fengnu leyfi hjá viðskiptaráði eða nýbyggingarráði. Meira að segja á þeim tíma, þegar innieignir þjóðarinnar í útlöndum jafngiltu nærri 600 millj. króna, en það komust þær hæst seint á árinu 1944, þótti ekki fært að aflétta gjaldeyrishöftunum. Var þó yfirstjórn fjármála og viðskiptamála þá hjá ráðherra úr Sjálfstfl., sem hefur talið sig fylgja frjálsri verzlun og hefði því vafalaust verið fús til að afnema höftin, ef hann hefði talið það fært. Menn geta því ekki vænzt þess, að nú sé hægt að létta hömlunum af, þegar allar þessar erlendu innieignir eru til þurrðar gengnar.

En þó að það sé þannig ekki nýtt í okkar sögu, að beitt sé gjaldeyrishömlum og eftirliti á atvinnu- og viðskiptasviðinu, þá hefur þetta opinbera eftirlit og vald verið hjá fleiri aðilum síðustu árin, og þar af leiðandi hefur gætt allmikils ósamræmis í framkvæmdum og heildaryfirlit og heildarstjórn vantað. Þetta hefur valdið þeim einstaklingum og stofnunum, sem hafa þurft að leita til „ráðanna" til þess að koma fram málum sínum, erfiðleikum og tímatöfum, þar sem oft lék vafi á því, hvert átti að leita eftir nauðsynlegum leyfum, og dæmi eru þess, að hin opinberu „ráð" hafa stjakað umsækjendum á milli sín vegna ágreinings þeirra um verkaskiptingu, auk þess sem af þessari skiptingu valdsins hefur leitt ósamræmi í leyfisveitingum og framkvæmdum. Þrátt fyrir öll opinberu afskiptin af framkvæmdum einstaklinga og félaga síðustu árin hefur engin ein stofnun haft yfirstjórn á framkvæmdunum og fjárfestingu landsmanna, og af því hefur leitt, að margar nauðsynlegar framkvæmdir hafa stöðvazt á miðri leið og orðið að sitja á hakanum, meðan fé var lagt í annað, sem ef til vill var ekki eins þýðingarmikið.

Með l. um nýbyggingarráð, sem samþ. voru á þingi 1944, var ákveðið að leggja til hliðar jafnvirði 300 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, og skyldi fé þessu varið til kaupa á framleiðslutækjum eftir ráðstöfun nýbyggingarráðs. Öllum þessum gjaldeyri hefur þegar fyrir nokkru verið ráðstafað. En hitt hefur að verulegu leyti verið vanrækt að sjá um leið fyrir innlendu fjármagni á móti þessum útlenda gjaldeyri. Um leið og menn fá ávísun á erlenda peninga til þess að kaupa fyrir þá framleiðslutæki eða annað, þurfa þeir vitanlega að leggja fram hér íslenzka peninga á móti, og eigi þeir ekki þessa fjármuni sjálfir, þurfa þeir að fá þá að láni. Nú mun það vera svo um flesta þá, sem fengið hafa gjaldeyrisleyfi hjá nýbyggingarráði síðustu tvö árin til kaupa á skipum eða öðrum framleiðslutækjum, að þeir hafa ekki sjálfir nema lítið af því fjármagni, sem þurft hefur til kaupanna, og því orðið að leita eftir miklu lánsfé. En fyrir þeirri þörf hefur ekki verið séð, svo að fullnægjandi sé. Að vísu voru sett lög um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands á þingi í fyrra, og með þeim l. var seðladeild bankans gert skylt að lána stofnlánadeildinni allt að 100 millj. kr., en til þess að stofnlánadeildin geti annað því verki, sem henni er ætlað, þarf hún miklu meira fé til umráða, og þrátt fyrir öflugan áróður og áskoranir til almennings um að lána stofnlánadeildinni fé hefur ekki enn fengizt nema lítið af því, sem þar er þörf fyrir. Það mikla fjármagn, sem leikið hefur lausum hala að undanförnu, hefur að verulegu leyti runnið í aðra farvegi, og því liggur við borð, að ýmsar nauðsynjaframkvæmdir á sviði framleiðslustarfseminnar stöðvist vegna vöntunar á stofnlánum. Til dæmis um það, hvað miklar framkvæmdir eru í undirbúningi, og þar af leiðandi mikil eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri og innlendu fjármagni, má nefna áætlun, sem hagfræðinganefndin, er starfaði á vegum þingflokkanna s. l. haust, gerði um fyrirhugaða fjárfestingu þess opinbera og einstaklingsfyrirtækja árið 1947, en áætlun þessa er að finna í nál. hagfræðinganna. Þeir komast að þeirri niðurstöðu, að fyrirhuguð fjárfesting árið 1947 nemi 335 millj. kr. og þar af í erlendum gjaldeyri 130 millj. Þó taka þeir það fram, að þessar tölur muni vera heldur of lágar en of háar, þar sem þeim hafi á þeim skamma tíma, sem þeir höfðu til starfa, ekki tekizt að fá tæmandi upplýsingar um fyrirætlanir manna í þessum efnum. Af þessum fyrirhuguðu framkvæmd-

um er ekki, samkvæmt áætlun hagfræðinganna, nema lítill hluti, eða um það bil ⅛, svo kallaðar nýsköpunarframkvæmdir, heldur er meginhlutinn ýmiss konar aðrar framkvæmdir ríkisins, bæjarfélaga og einstaklinga, svo sem húsabyggingar, rafveitur o. m. fl. Þetta eru miklu meiri framkvæmdir en verið hafa á síðustu 2 árum samkvæmt yfirliti um þær, sem birt er í áliti hagfræðinganna.

Þegar nú litið er til þess, að allar þær innleignir, sem söfnuðust utanlands á stríðsárunum, eru þegar eyddar, og þegar enn fremur eru athugaðar þær horfur, sem nú eru um sölu á íslenzkum framleiðsluvörum í öðrum löndum, verður að telja það ákaflega hæpið, og ég vil raunar segja útilokað, að þjóðin hafi 130 millj. kr. í afgang af gjaldeyristekjum sínum á þessu ári, þegar búið er að borga allar innfluttar neyzluvörur og aðrar daglegar nauðsynjar. En þetta er, eins og áður er getið, sú upphæð í erlendum gjaldeyri, sem hagfræðingarnir áætla, að þurfi til þeirra nýju framkvæmda, sem þeir gátu fengið upplýsingar um, að ráðgerðar væru á árinu. Og verði öll þessi upphæð ekki fyrir hendi, kemur til kasta hins væntanlega fjárhagsráðs að velja og hafna. Þá verður ráðið að hlutast til um, að þær af hinum nýju framkvæmdum, sem nauðsynlegastar eru, verði látnar sitja fyrir því fjármagni, bæði erlendu og innlendu, sem hægt er að verja í þessu skyni. Þá á fjárhagsráðið einnig, um leið og það miðar ákvarðanir sínar við fjárhagsástæðurnar, að athuga, hvað mikið vinnuafl er fáanlegt til hinna nýju framkvæmda, miðað við það, að næg atvinna haldist í landinu, en að framleiðsluatvinnuvegirnir fái fullnægt vinnuaflsþörf sinni.

Samkv. 3. gr. frv. er fjárhagsráði ætlað að semja fyrir fram áætlun um heildarframkvæmdir fyrir ár hvert. En samkv. 6. frvgr. á það jafnframt að gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins, áður en fjárlög eru samin ár hvert, og sé við samning þeirrar áætlunar, er Alþ. og ríkisstj. geti haft til hliðsjónar við fjárlagaafgreiðslu og ákvarðanir um framkvæmdir, stefnt að því að tryggja öllum landsmönnum næga atvinnu, en koma jafnframt í veg fyrir ofþenslu.

Ákvarðanir um ríkisframkvæmdir verða að sjálfsögðu eins og áður í höndum Alþ. og ríkisstj., en hins vegar er fjárhagsráði ætlað að gera um þetta áætlanir, sem þing og stjórn geti haft til hliðsjónar. Þetta er nauðsynlegt ákvæði og sett í þeim tilgangi að tryggja eðlilegt samræmi í framkvæmdum þess opinbera og annarra, en slíkt hefur skort tilfinnanlega að undanförnu. Á síðustu þingum hafa verið sett mörg lög um ríkisframkvæmdir og um heimildir til ríkisstj. til þess að taka lán til þeirra. Hafa þessar lagasetningar að ýmsu leyti mótazt meira af vilja þingsins til þess að stuðla að framkvæmdum og framförum á ýmsum sviðum heldur en af mati á því, hvaða möguleikar væru fyrir hendi til framkvæmdanna á hverjum tíma. Ég man nú í svipinn eftir slíkum ríkislántökuheimildum frá þingunum 1944 og 1945, sem nema samtals hátt á annað hundrað millj. kr., og er þó ekki þar með talin 60 millj. kr. lántökuheimild vegna togarakaupanna, en það lán átti að greiðast upp, um leið og skipin seldust. Vel getur þetta hafa verið enn meira en það, sem ég man eftir nú í svipinn. Margar af þessum framkvæmdum eru enn ekki hafnar, m. a. vegna vöntunar á fjármagni. Hér fyrir utan eru svo allar þær ríkisábyrgðir, sem þingið hefur samþ. að veita fyrir lánum bæjar- og sveitarfélaga vegna ýmiss konar framkvæmda, sem þau hafa með höndum. Á þennan hátt er af ríkisins hálfu stofnað til samkeppni á lánamarkaðinum við þau einstaklingsfyrirtæki, sem hafa þurft að afla sér lánsfjár til þess að kaupa fyrir ný framleiðslutæki og endurnýja þau, sem fyrir voru. En í stað slíkrar samkeppni þarf að koma eðlileg samvinna þessara aðila og samræmi í framkvæmdum þess opinbera og annarra, þar sem hagsmunir heildarinnar eru hafðir fyrir augum. Þetta áður vanrækta, en stóra og þýðingarmikla verkefni er fjárhagsráðinu ætlað. Þessi opinberu afskipti eru óhjákvæmileg, eins og nú er ástatt, ef takast á að koma í veg fyrir stöðvun á mörgum nauðsynlegum framkvæmdum, sem þegar eru hafnar eða í undirbúningi.

Til þess að leitast við að skýra þetta mál nokkru nánar og leiða í ljós þá þörf, sem er nú um sinn fyrir opinbera afskiptasemi af öllum meiri háttar framkvæmdum landsmanna, sem fjárfestingu þarf til, vil ég taka hér dæmi. Við skulum hugsa okkur bónda, sem býr á jörð, þar sem þörf er mikilla umbóta. Hann á eftir að byggja nýtt íbúðarhús í stað gamla bæjarins, hann þarf að byggja nýtt fjós, fjárhús og hlöðu. Hann þarf að slétta það af túninu, sem ósléttt er, svo að það verði allt vélfært, og hann þarf að stækka túnið, svo að engjaheyskapurinn verði óþarfur. Hann þarf líka að setja fjárhelda girðingu um túnaukann og hann þarf að girða beitilandið. Hann vantar líka rafmagn til heimilisnota og ýmiss konar vélar til þess að létta störfin. Við getum líka hugsað okkur, að þarna sé útræði og bóndinn þurfi að fá smíðaðan nýjan bát, vegna þess að sá gamli sé orðinn fúinn. Bóndinn á kannske eitthvað af peningum, sem hann getur varið til framkvæmdanna, en þó ekki nándar nærri nóg til þess að kosta þetta allt saman. — Og hvernig fer hann þá að? Gerir hann kröfu til þess að fá strax að láni hjá banka eða sparisjóði allt það fé, sem þarf til að vinna þetta allt á einu ári, og pantar hann vélarnar og efni til allra framkvæmdanna í einu? Sé þetta hugsað maður og forsjáll, fer hann öðruvísi að. Hann gerir áætlun um framkvæmdirnar og skiptir þeim niður á hæfilega mörg ár, eins og Hákon á Borgum, eftir því sem hann skýrði frá í sögu sinni. Hann metur það og gerir upp við sjálfan sig, hvað mikið sé hægt að gera á einu ári, hvað sé mest aðkallandi og hvað sé frekar hægt að láta bíða til næsta árs. Að þessari athugun lokinni hefst hann svo handa um þær framkvæmdir, sem hann metur mest, útvegar sér efni til þeirra og lánsfé, ef hann þarf á því að halda. En við þessar áætlanir og ákvarðanir hefur hann vitanlega enn eitt í huga, og það er þetta: Hvað get ég komið miklu í framkvæmd af þessum nýjungum í ár með þeim vinnukrafti, sem ég hef yfir að ráða, án þess að heyöflunin og önnur framleiðslustörf bíði hnekki við það? Þau nauðsynjastörf verða vitanlega að sitja í fyrirrúmi, til þess að hinar nýju framkvæmdir geti orðið og verði einhvers virði, þegar þær eru komnar.

Eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu, verður ekki hjá því komizt að taka upp starfsaðferðir þessa forsjála bónda. Alþm. gera miklar kröfur um ýmiss konar ríkisframkvæmdir, bæjar- og sveitarstjórnir hafa líka margt á prjónunum, og félög og einstakl-

ingar gera líka sínar kröfur um efni og fjármagn til nýrra framkvæmda. Þegar þetta allt er lagt saman, er það meira en svo, að hægt sé að koma því öllu í verk á skömmum tíma. Og þá þarf einhver aðili að vera til, einhver Hákon á Borgum, sem raðar skynsamlega niður framkvæmdum þessa smábýlis, sem þjóðfélagið okkar óneitanlega er, vegur og metur, annars vegar óskirnar og hins vegar framkvæmdarmöguleikana, og ákveður, hvað skuli sitja í fyrirrúmi og hvað skuli bíða þar til síðar. Þetta á fjárhagsráðið að gera.

Þess má geta, að ákvæði þessa frv. um stofnun fjárhagsráðsins eru í fullu samræmi við þær tillögur, sem fram komu frá hagfræðinganefndinni s. l. haust og birtar eru í áliti hennar.

Það er út af fyrir sig ekki vandasamt að setja um þetta lög og reglugerðir, þó að þar þurfi að sjálfsögðu margs að gæta, heldur kemur vandinn aðallega til sögunnar, þegar að framkvæmdunum kemur. Er þá þýðingarmikið, að afgreiðsla mála, sem undir ráðið heyra, geti orðið sem greiðust og að skriffinnskan, sem þegar er allt of mikil í ríki voru, færi þar ekki allt á bólakaf. Má í þessu sambandi benda á það, að í 5. gr. frv. er svo fyrir mælt, að með reglugerð skuli ákveða, að tilteknar minni háttar framkvæmdir séu heimilar án fjárfestingarleyfis. Er þess að vænta, að hæstv. ríkisstj. hafi þessi undanþáguákvæði svo rúm sem hún telur sér frekast fært, án þess að með því sé spillt fyrir því, að sá heildarárangur náist, sem stefnt er að með frv. Er það mikils um vert fyrir þá fjölmörgu einstaklinga um land allt, sem hafa minni háttar framkvæmdir með höndum, að þeir geti starfað að þeim með eðlilegum hætti og svipað og áður hefur tíðkazt án þess að þurfa að leita um mjög margt samþykkis stjórnarvalda í höfuðstaðnum, Þykist ég vita, að hæstv. stjórn sé þetta vel ljóst og að hún hafi þessi reglugerðarákvæði svo frjálsleg sem hún telur mögulegt.

2. gr. þessa frv. kveður á um skipun fjárhagsráðs og hlutverk þess. Þar er svo fyrir mælt, að ráðið skuli m. a. miða störf sín við það, „að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku."

Þetta er vel mælt, og ef fjárhagsráðinu auðnast að stuðla verulega að því, sem hér er nefnt, þá held ég, að það hljóti að fá góð eftirmæli, þegar þar að kemur, þó að störf þess verði vafalaust að einhverju leyti aðfinnsluverð, eins og önnur mannanna verk. En vitanlega er hið væntanlega fjárhagsráð ekki einhlítt í þessu efni. Það hefur ekki þessa siðabót að öllu á sínu valdi, heldur verða hér margir fleiri að koma til og leggja fram sitt lið, ef þetta takmark á að nást. Þetta ákvæði 2. gr. er í fullu samræmi við það, sem segir í öðru stjfrv., sem nú liggur fyrir þessari d., frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins. Þar er því slegið föstu, að afurðaverð til bænda á innlendum markaði eigi að miðast við það, að þeir hafi tekjur sambærilegar þeim, sem aðrar vinnandi stéttir njóta.

Þessi ákvæði í 2 stjfrv. er ekki hægt að skilja á annan veg en þann, að ríkisstj. vilji stefna að því að koma á réttlátri skiptingu þjóðarteknanna yfirleitt, en þess er brýn þörf og ástæða til að fagna því, að fjárhagsráðið á að miða störf sín við þetta. Þó að þetta sé þannig orðað, að sérstaklega skuli tryggja þeim mönnum, er stunda framleiðslustörf til sjávar og sveita, réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, þá er ljóst, að til þess að það mark náist, verða tekjur þeirra að vera í eðlilegu og sanngjörnu hlutfalli við tekjur annarra manna í landinu. Að öðrum kosti eru þær ekki réttlátar.

Ég vil í þessu sambandi og af þessu tilefni minnast með fáeinum orðum á þáltill., sem ég bar fram í sameinuðu Alþingi fyrr á þessu þingi. Efni hennar er nátengt því ákvæði frv., sem ég hef hér gert að umtalsefni, og vænti ég þess því, að hæstv. forseti telji ekki óviðeigandi, þótt ég geti hennar lítils háttar hér um leið. Tillagan er um hlutfallstölur tekna hjá þjóðfélagsstéttunum, og er á þskj. 304. Efni hennar er það, að ríkisstj. skuli skipa 6 manna nefnd til þess að gera tillögur um hlutfallstölurnar. Er þar lagt til, að félagasamtök fjölmennustu stéttanna í þjóðfélaginu hafi rétt til að velja einn mann hvert í þessa nefnd. Náist samkomulag um tekjuhlutfallið, verði síðan unnið að því að koma tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu í samræmi við það.

Þessari till. minni var vísað til allshn. Sþ. til athugunar, og hefur n. nýlega skilað áliti um hana. Kemur þar fram, að nm. voru ekki á eitt sáttir í málinu, en urðu þó sammála um að leggja til, að till. yrði vísað til ríkisstj. til athugunar. Get ég eftir atvikum sætt mig við þá meðferð á því máli. Aðalatriðið tel ég það, að sem flestir vilji íhuga þetta mál og fallast á, að rétt sé að stefna að því að koma á meira réttlæti í skiptingu þjóðarteknanna, en ekki hitt, hvaða aðferðir þar eru við hafðar, þótt ég hins vegar telji mikils vert og líklegast til árangurs, að sem flest stéttasamtökin fáist til að gefa málinu gaum og beita sér fyrir sanngjarnri lausn þess. Og ég get því betur sætt mig við þá meðferð á till. minni, að henni verði vísað til hæstv. ríkisstj., þar sem stjórnin hefur einmitt í þessu frv. um fjárhagsráð lýst yfir þeim vilja sínum að koma á meira réttlæti í þessu efni og lagt fyrir ráðið að vinna að því, að tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu verði komið í heilbrigðara og réttlátara horf.

Við lifum á öld stéttarsamtaka og stéttabaráttu. Hver stétt fyrir sig reynir að ná til sín sem ríflegustum hlut, og er þess þá ekki ætíð gætt svo vel sem skyldi, að jafnvægi þarf að haldast í þjóðfélaginu, ef vel á að fara. Ef einstakar stéttir eða hópar manna draga til sín meira verðmæti en þjóðarbúskapurinn í heild þolir, og meira en sanngjarnt er í samanburði við aðra, þá er komið á óheillabraut. Skipting þjóðarteknanna má ekki fara eftir því, hvað einstaklingar eða stéttir geta til sín togað í skjóli þeirrar aðstöðu eða þess valds, sem þeim hefur skapazt. Í stað slíkrar togstreitu þarf að koma réttlæti og sanngjörn lausn málanna, að beztu manna yfirsýn, þar sem nægilegt tillit er haft til þjóðarheildarinnar, og helzt þarf þetta að gerast með samkomulagi stéttanna.

Ég nefndi áðan bónda, sem þarf að gera margs konar umbætur í búskap sínum, og aðferðir hans við það. Nú ætla ég að taka annað dæmi. Við skulum hugsa okkur fiskibát, sem fer í róður og aflar vel. Bátverjar skipta aflanum, þegar í land er komið, eins og siður var í gamla daga og eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Þeir fara í annan róður næsta dag, en þá afla þeir þriðjungi minna en fyrri daginn. En þegar að því kemur að

skipta í fjörunni, þá vandast málið. Einn hásetinn heimtar að fá jafnmarga fiska í sinn hlut og dagginn áður, þó að aflinn sé nú þriðjungi minni. „Mér kemur það ekkert við, hvort mikið eða lítið aflast," segir hann. „Mér veitir ekkert af þessu, og þetta vil ég hafa." Þá kemur annar til sögunnar, ekki vægari í kröfum. „Ég vil fá jafnmarga fiska í minn hlut nú og í gær", segir hann, „og svo vil ég fá einn fisk í viðbót núna, vegna þess að nýlega hafa verið hækkaðir tollar. Ég verð að gera gagnráðstafanir, og þess vegna heimta ég einum fiski meira en í gær. Hvort mikið eða lítið aflast, það kemur ekki mál við mig."

Og svo er hnakkrifizt út af skiptunum.

Þið segið nú ef til vill, góðir hálsar, að slíkt og því líkt komi ekki fyrir hjá sjómönnunum, enda væri þetta óbjörgulegt úthald. Rétt mun það, að þetta gerist ekki bókstaflega í sjóferðum. En er ekki þetta dágóð mynd af okkar nýendurreista og sjálfstæða lýðveldi? Landið er báturinn og landsfólkið áhöfnin.

Heildartekjur þjóðarinnar eru vitanlega misjafnlega miklar frá ári til árs, og er margt, sem þeim mismun veldur. Tíðarfar er ekki alltaf jafnhagstætt fyrir framleiðslustarfsemina. Uppskera og aflabrögð er hvort tveggja ótryggt og breytingum háð. Þá hafa markaðsástæður í viðskiptalöndunum mikil áhrif á efnalega afkomu okkar. Hvernig er þá hægt að hugsa sér, að heilar stéttir í þjóðfélaginu, hvort sem það eru nú embættismenn ríkisins, kaupsýslumenn, daglaunamenn eða einhverjir aðrir, geti haft fastákveðnar og óhreyfanlegar tekjur? En þó eru til hópar manna í landinu, sem hugsa og tala á þessa leið: „Okkur kemur það ekkert við, hvernig þjóðartekjurnar breytast, hvernig aflast þetta eða hitt árið eða hvernig ykkur gengur að selja framleiðsluna. Við þurfum að fá okkar ákveðnu laun, og við gerum kröfu til þess að fá þau. Við sættum okkur ekki við neitt öryggisleysi í þeim efnum."

Svo rísa deilur, þar sem rifizt er um hvern spón og bita, sem til fellur á þjóðarheimilinu, og minna þær aðfarir oft einna helzt á hrafnahóp í kringum hrossskrokk.

En er það nú alveg óhjákvæmilegt að hafa þjóðfélagið svona? Nei, langt frá því. Það er alveg óþarft. Það er vel hægt að koma á það meiri menningarbrag, ef menn, nógu margir, aðeins vilja og vinna að því. Hér er nóg af hagfróðum mönnum, sem geta reiknað út þjóðartekjurnar ár hvert og komizt að niðurstöðu um það, hvað mikið sé til skipta milli landsmanna. Og það er hægt að setja sanngjarnar reglur um skiptingu þjóðarteknanna, ef menn aðeins vilja gera það og fara síðan eftir þeim. Í launalögunum er ríkisstarfsmönnum skipt í milli 10 og 20 launaflokka eftir gildi starfanna. Þannig er hægt að hafa þetta um fleiri. Ef forvígismenn stéttanna vilja á annað borð koma sér saman og fremur stuðla að friði en ófriði í landinu, þá hljóta þeir að geta náð samkomulagi um það, hvernig tekjuhlutföllin eigi að vera hjá hinum ýmsu starfshópum, t. d. hjá sjómönnum, landverkamönnum, embættismönnum og kaupsýslumönnum, hvað bændurnir þurfi að fá fyrir sínar vörur, til þess að tekjur þeirra verði réttlátar í samanburði við tekjur annarra, hvað húsameistararnir og aðrir byggingarmenn eigi að fá mikið fyrir að byggja hús af ákveðinni stærð á hverjum tíma, til þess að tekjur þeirra verði í eðlilegu samræmi við tekjur annarra, o. s. frv. — Þegar þetta hlutfall væri ákveðið, ættu svo tekjur stéttanna að fylgja því og breytast eftir heildartekjum þjóðarinnar á hverjum tíma. Þessi tilhögun kæmi í stað þess vísitölufyrirkomulags, sem nú gildir, en fæstir munu þó að vísu telja, að sé viðhlítandi til frambúðar.

Þegar þessi nýja skipan væri komin á, væri það allra hagur, þegar vel árar og þjóðartekjurnar vaxa, og þá mundu líka allir bera byrðarnar í eðlilegum hlutföllum, þegar verr gengur.

Ég held því ekki fram, að þetta sé vandalaust, en framkvæmanlegt er það, ef vilji er fyrir hendi. Og það væri áreiðanlega stórum hollara og þarfara viðfangsefni fyrir stéttasamtökin í landinu, að reyna að ná samkomulagi um slíka lausn málanna, heldur en það meira og minna neikvæða nagg, sem þau standa nú í oft og einatt. En einmitt á því, hvernig stéttirnar í þjóðfélaginu beita samtökum sínum og valdi, mun það fyrst og fremst velta, hvort hér verður stefnt inn í nýja Sturlungaöld eða í áttina til réttarríkis, sem samboðið er siðuðu fólki, þar sem reynt er að leita sanngirni og beita henni við lausnir allra mála.

Samkv. 2. gr. frv. á fjárhagsráðið enn fremur að miða störf sín við það, „að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar."

Hér er komið að því, sem nú skiptir mestu máli, að takist að koma í veg fyrir enn frekari vöxt verðbólgunnar og að samtök fáist um að draga úr henni, til þess að undirstöðuatvinnuvegir landsmanna geti komizt á traustan grundvöll. Það er í raun og veru táknrænt dæmi um þá öfugu þróun, sem hér hefur orðið í þessum efnum á síðari tímum, að um það leyti, sem fyrstu nýju skipin eru að koma til landsins og búast á veiðar, þá er svo komið rekstri sjávarútvegsins, að ríkið verður að ganga í ábyrgð fyrir hærra verði á framleiðsluvörum hans, sumum a. m. k., heldur en útlit er fyrir, að nokkurs staðar sé hægt að fá fyrir þær erlendis. Og þetta er sá atvinnuvegur, sem hefur skapað og verður einnig framvegis að skapa að mestu leyti þau verðmæti, sem þjóðin hefur til að nota í viðskiptunum við aðrar þjóðir. En þrátt fyrir þessar ömurlegu staðreyndir er til hópur manna í landinu, sem enn vill hlaða nýjum byrðum á þennan atvinnuveg og aðra og hefur í hótunum um að beita sér gegn þeirri viðleitni ríkisstj. að stöðva verðbólguskriðuna. Reynt er að nota það sem tilefni æsinga og andstöðu, að nýlega hafa verið hækkaðir tollar til þess að jafna hallann á fjárl. Vandlega er þá forðazt að geta þess, að ríkissjóður þurfti að fá auknar tekjur, m. a. og ekki hvað sízt til þess að geta risið undir útgjöldum af löggjöf síðustu þinga, sem þeir hinir sömu menn, sem nú hamast gegn tekjuöfluninni, töldu sig mjög fylgjandi, svo sem lögum um skólamál, lögum um almannatryggingar o. fl. Líka gleymist að geta þess, að um sama leyti og hin nýju tollalög komu til framkvæmda, hafa stjórnarvöld landsins minnkað allverulega álagningu verzlana á innfluttan varning, sem vegur að nokkru upp á móti tollahækkuninni.

Málið er túlkað einhliða og villandi í því skyni að torvelda ríkisstj. nauðsynlegar ráðstafanir, sem

nú þarf að gera til þess að forða aðalatvinnuvegum landsmanna frá enn frekari vandræðum.

En þó að það hljóti að verða og þurfi að verða höfuðviðfangsefni næstu mánaða að stöðva verðbólguna og gera ráðstafanir til þess að minnka hana, svo að afstýrt verði stöðvun atvinnulífsins og þar með fylgjandi atvinnuleysi og vandræðum, þá er vitanlega ýmislegt fleira, sem þarf að gefa gætur. Ríkisútgjöldin hafa farið síhækkandi og eru orðin iskyggilega há. Ég vil nefna hér fáeinar tölur, sem sýna, hvert stefnir. Á árunum 1935—1936, að báðum meðtöldum, var útflutningsverðmæti landsins að meðaltali 53,7 millj. á ári. Á þeim árum voru ríkisútgjöldin samkvæmt rekstrarreikningi ríkissjóðs að meðaltali 16,6 millj. kr. eða um 31% af útflutningnum. En s. l. ár, 1946, var vöruútflutningurinn frá landinu um 291 milljón að verðmæti, og þá voru ríkisútgjöldin um það bil 60% af útflutningnum, eða um það bil helmingi hærri hlutfallslega en á árunum fyrir stríðið. — Og enn hækka gjöldin. Alþ. hefur nýlega samþ. fjárlög fyrir árið 1947 með rekstrarútgjöldum, sem nema rúmlega 196 milljónum króna. Það er nær 70 en 60% af útflutningsverðmæti s. l. árs. En enginn veit enn, hvað útflutningur þessa árs verður mikill.

Þetta eru tölur, sem tala sínu máli.

Yfirbygging þjóðfélagsins fer sífellt stækkandi, og þó örast á síðustu tímum. Þangað vilja flestir komast, en fólk vantar til bjargræðisatvinnuveganna. Í sumum verstöðvum voru fiskiskip ónotuð í vetur vegna vöntunar á sjómönnum. Og þó eru nýju togararnir aðeins að byrja að koma til landsins. Þetta er öðruvísi en það ætti að vera.

Þannig er þessu varið. — Það eru ýmsir vankantar á þeim heimi, sem mennirnir eru að smíða, bæði hjá stóru þjóðunum og eins hjá okkur, hinni fámennu þjóð á þessum hólma.

Í næsta mánuði verður lýðveldi okkar þriggja ára. Sú lýðveldisbygging, sem hér hefur verið að rísa á þessum þremur árum, kemur mér þannig fyrir sjónir, í fáum orðum sagt:

Hús í smíðum. Hljómar í viðum
hefils raust og sagar kliður.
Háa stiga á stafni og hliðum
stíga smiðir upp og niður.
Hamrar og axir höggva og sníða.
Höllin á að fríkka og stækka.
Efni safna ýtar víða.
Enn skal turninn breikka og hækka.

Yfirsmiður, æruverður,
aldar prýði, líkur jarli,
öllu stjórnar, aldrei verður
orða- og ráðafátt þeim karli.
Tæmist vorar timburhlöður,
tæknin bjargar nýrra daga.
Allar hallar undirstöður
upp í turninn smiðir draga.

En hvernig skyldi það vera með þyngdarlögmálið? Ætli það haldi ekki gildi sínu þrátt fyrir alla nýsköpun vorra daga? Og mun þess þá ekki ærin þörf að skjóta stoðum undir bygginguna, í stað þeirra, sem kippt hefur verið burtu? Er það ekki einmitt það verk, sem ríkisstj. nýja, og fjárhagsráðið, þarf fyrst og fremst að vinna?

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Þessar útvarpsumræður, sem nú fara fram eftir kröfu stjórnarandstöðunnar, fjalla um hið nýja skipulag, er leysa á af hólmi bæði nýbyggingarráð og viðskiptaráð. Þar sem þannig sú stofnun, nýbyggingarráð, sem ég hef veitt forstöðu frá byrjun, á að hætta störfum, þykir mér viðeigandi að rifja upp við þetta tækifæri í helztu atriðunum, hvað ráðið hefur haft með höndum.

Samkv. málefnasamningi fyrrv. ríkisstj. voru sett l. seint á árinu 1944, og hófst starfsemi ráðsins samkv. þeim l. um árslokin sama árs. Hefur nýbyggingarráð nú starfað í 2½ ár.

Samkv. l. skyldi það vera höfuðverkefni nýbyggingarráðs að gera áætlun um þróun atvinnulífsins í næstu framtíð og áætla, hvaða framleiðslutæki, samgöngutæki og annað, sem nauðsynlegt er atvinnuvegum landsmanna, þyrfti að flytja til landsins og hvar þau skyldu staðsett. Enn fremur var ráðinu falið að beita sér, ef þyrfti, fyrir framkvæmdum í því efni. Þá var og kveðið á um það, að nýbyggingarráð skyldi veita fyrirgreiðslu um útvegun tækjanna með úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa og veita annan stuðning til að útvega tækin, ef hans þyrfti með. Í meginatriðunum hefur starfsemi ráðsins markazt af því, sem hér hefur sagt verið.

Þá var samkv. þessum l. ákveðið, að af inneignum Landsbanka Íslands erlendis skyldi jafngildi a. m. k. 300 millj. kr. lagt á sérstakan reikning, og skyldi eingöngu verja þeirri upphæð til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar samkv. nánari ákvörðun nýbyggingarráðs.

Ég vil sérstaklega benda á það, að höfuðtilgangur þessarar löggjafar var sá að fá svo til stillt, að mikill hluti af innistæðum þjóðarinnar erlendis yrði notaður til þess að búa svo í haginn fyrir landsmenn, að atvinnuöryggi þjóðarinnar yrði meira í framtíðinni en verið hefur oft undanfarið. Ég bendi á þetta þegar í stað, vegna þess að þjóðin má aldrei missa sjónar af þessu markmiði, og í sambandi við það er rétt að benda á það um leið, að jafnframt og þannig var hafizt handa um stórfellda nýsköpun í atvinnumálum þjóðarinnar með útvegun betri atvinnutækja en hún hafði áður átt kost á, hlaut og hlýtur af því að leiða, ef rökréttri hugsun er beitt, að allar aðgerðir — hvers kyns sem eru —, sem stofna atvinnuöryggi landsmanna í hættu, vinna beint á móti nýsköpuninni og geta eyðilagt það, sem annars kynni að ávinnast og hefur áunnizt með því starfi, sem lagt var út í samkv. stefnuskrá fyrrv. ríkisstj. og með l. um nýbyggingarráð.

Nýbyggingarráð hefur að sjálfsögðu sætt gagnrýni, og er ekkert við því að segja, þegar sú gagnrýni er á rökum reist, en það, sem einkum hefur verið bent á, er það, að nýbyggingarráð hafi ekki beitt sér nægilega á þeim þætti starfsins, sem unnið skyldi að með samningu áætlana. Þó er því ekki til að dreifa, að sá þáttur starfsins hafi verið vanræktur, svo að nokkur bagi hafi af hlotizt. Um hitt má lengi deila, hvort réttara hefði verið að eyða meira af starfi nýbyggingarráðs til samningar áætlana, en minna til raunverulegra framkvæmda eða fyrirgreiðslu framkvæmda. Það eitt er víst, að svo mikill áhugi var vakandi hjá þjóðinni fyrir nýsköpun á ýmsum sviðum í atvinnumálunum þegar

í upphafi, að þróun þessara hluta hlaut að vera sú, sem varð, að nýbyggingarráð — jafnframt og unnið var eftir föngum að hinum lögskipuðu áætlunum — leitaðist við að sinna þeim erindum, sem ráðinu bárust víðs vegar af landinu um fyrirgreiðslu og útvegun á margs konar tækjum fyrir sjávarútveginn, landbúnaðinn og iðnaðinn.

Fyrsta áætlunin, sem nýbyggingarráð gerði, var um aukningu flutningaskipaflotans. — Samkv. þeirri áætlun var gert ráð fyrir, að farskipaflotinn yrði aukinn um 22,500 smál. — Um framkvæmd þessarar áætlunar er það að segja, að lögð hafa verið drög fyrir að fá til landsins 10 farþega- og flutningaskip, 2 tankskip og þrjú kæliskip. Þessi áætlun ráðsins er því komin vel í framkvæmd, að því leyti sem það getur við ráðið.

Þá hefur nýbyggingarráð lokið við heildaráætlun um sjávarútveg Íslendinga fram til ársins 1951, og hefur sú áætlun fyrir löngu síðan verið send þingmönnum og stjórnaryfirvöldum. — Í sambandi við hana hefur nýbyggingarráð gert áætlun um hugsanlegan afla á þann flota, sem gera mætti ráð fyrir, að fyrir hendi yrði, þegar áætlunin væri komin í framkvæmd. Skal sú áætlun ekki gerð hér að umtalsefni, en hana er að finna, eins og hv. þm. vita, í þeim plöggum, er nýbyggingarráð hefur látið frá sér fara um þetta efni.

Það skal tekið hér fram, að á árunum 1945—1947 hafa bætzt við fiskiflotann 163 fiskiskip önnur en togarar, og er rúmlestatala þeirra samtals 11,500 lestir. Af togurunum, er keyptir hafa verið í Englandi fyrir forgöngu og með aðstoð nýbyggingarráðs, munu nú 4 vera komnir til landsins og byrjaðir fiskveiðar og sá fimmti væntanlegur mjög bráðlega og ef til vill á þessari stundu kominn til landsins. Þegar þess er gætt, að tala þeirra togara, sem þegar hafa verið fest kaup á, mun nú vera nálægt hálfur 4. tugur, og hins, að nýbyggingarráð hefur gert ráð fyrir, að togaraflotinn verði 75 togarar á árinu 1951, er auðsætt, að aukning fiskiskipastólsins verður mjög mikil. Tala togaranna 1951 samkv. áætlun ráðsins er við það miðuð, að þá verði enn eftir í eigu landsmanna fimmtán togarar af þeim gömlu, þ. e. sem til voru fyrir stríð.

Í sambandi við þessa áætlun um aukningu fiskiskipastólsins hefur ráðið gert áætlun um stórfellda aukningu á hraðfrystihúsum, niðursuðuverksmiðjum og öðrum fyrirtækjum, sem vinna úr sjávarafurðum. Talið er, að afkastageta hraðfrystihúsa landsins í aprílmánuði 1946 hafi numið um 750 tonnum af frystum flökum á sólarhring. Nýbyggingarráð áætlar, að allt að því tvöföldun þessara afkasta sé æskileg vegna aukningar fiskiskipaflotans. Síðan í apríl 1946 hafa bætzt við hraðfrystihús með um 100 tonna afkastagetu. Í byggingu og sumpart langt á veg komin eru hús með um 180 tonna afkastagetu. Auk þessa liggja fyrir í nýbyggingarráði umsóknir varðandi fyrirhugaðar byggingar slíkra húsa til viðbótar, sem mundu geta afkastað um 250 tonnum, að sumum þeirra er undirbúningur þegar hafinn.

Afkastagetutölurnar gefa þó ekki rétta mynd af þeim stóru framförum, sem á hafa orðið, því að bætt geymslu- og vinnuskilyrði hafa líka átt sér stað í ríkum mæli. Afköstin miðast við vélasamstæðurnar.

Hvað síldarverksmiðjurnar snertir, mun stórkostleg aukning á afköstum þeirra vera fyrir hendi og verður þó einkum, þegar fullgerðar eru síldarverksmiðjan nýja á Siglufirði, ríkisverksmiðjan, og síldarverksmiðjan á Skagaströnd. Hefur verið að því stefnt, að afköst þeirra gætu á sínum tíma samsvarað því aukna aflamagni, er gera verður ráð fyrir vegna fjölgunar fiskiskipanna. Ráðið hefur enn fremur áætlað mikla aukningu niðursuðuiðnaðarins á næstu árum og að teknar verði upp nýjar aðferðir til vinnslu á fiskúrgangi. — Þessi iðnaður er ennþá á byrjunarstigi, en geta má þess, að nokkur hraðfrystihús hafa þegar fengið fiskimjölsvinnsluvélar til vinnslu á úrgangi.

Það kom í ljós mjög fljótlega, að til þess að unnt væri að koma í framkvæmd fyrirætlunum nýbyggingarráðs og þeirra manna víðs vegar um land, sem samkv. l. um nýbyggingarráð vildu taka þátt í hinni stórfelldu nýsköpun á sviði sjávarútvegsins, þurfti að búa svo í haginn, að greiðari yrði aðgangur að stofnlánum til þessara fyrirtækja en áður hafði verið. — Í þessu skyni samdi nýbyggingarráð því frv., sem sent var fyrrv. ríkisstj. og síðar lagt fyrir Alþ., um stórkostlega aukningu Fiskveiðasjóðs Íslands, með það fyrir augum, að fiskveiðasjóðurinn gæti staðið straum af þeirri aukningu stofnlánastarfseminnar, sem nýbyggingarráð taldi nauðsynlegt, að kæmist á fót.

Alþ. breytti frv. þannig, að Landsbankanum eða sérstakri deild við hann, stofnlánadeild sjávarútvegsins, var falið þetta verkefni. Hér skal það ekki gert að umtalsefni, hvort sú ráðabreytni hafi verið rétt, en hitt er víst, að ýmsir töldu fiskveiðasjóðinn vera hinn rétta aðila í þessu efni, og hafa spunnizt út af því nokkrar deilur, svo sem kunnugt er. Þegar l. um stofnlánadeildina höfðu verið samþ. og reglugerð um hana verið gefin út, varð það hlutverk nýbyggingarráðs að semja áætlanir um útlán deildarinnar samkv. ákvæðum reglugerðarinnar og að fella þær inn í heildaráætlun sína.

Nýbyggingarráð hefur síðan, að því er snertir þessa starfsemi, starfað í náinni samvinnu við stofnlánadeild sjávarútvegsins, úrskurðað kostnaðarreikninga þeirra fyrirtækja, er um stofnlán hafa sótt, og skiptingu kostnaðar í erlendan og innlendan kostnað, þegar að því hefur komið, að lánin skyldi veita. Hefur mikið starf verið fólgið í því að safna upplýsingum um þær framkvæmdir, sem sótt hefur verið um lán út á, og kynna sér ýmsar aðstæður í því sambandi, áður en lánin væru afgreidd.

Þá hefur ráðið leitazt við að sameina framkvæmdir, þegar fleiri en einn aðili á sama stað hafa fyrirhugað þær, er það hefur ekki að áliti ráðsins verið talið heppilegt, að fleiri en einn aðili á sama stað hefðu þessar framkvæmdir með höndum. — Fyrirtækin hafa að sínu leyti sótt til ráðsins ýmsar upplýsingar og fyrirgreiðslu í þessum efnum, og hefur ráðið jafnan haft milligöngu milli þeirra og stofnlánadeildarinnar og í sumum tilfellum annarra aðila, þegar þess hefur þurft til að greiða götu þeirra. Á þetta sérstaklega við fyrirtæki, sem eiga heima utan Reykjavíkur og hafa því átt óhægara um allan málarekstur en þau, sem hafa búsetu í Reykjavík. Þá hefur þess einnig verið gætt að stuðla að því eftir megni, að fyrirtækin, og þó einkum hraðfrystihúsin, yrðu sem bezt úr garði gerð tæknilega séð, og hefur ráðið haft aðstoð sérfræðinga í þeim málum, til

þess að sem mest tæknilegt öryggi væri fyrir hendi. Á þetta sérstaklega við um einangrunar- og vinnufyrirkomulag í hraðfrystihúsunum.

Eins og kunnugt er, lögðu l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins þá skyldu á herðar Landsbankanum, að hann sæi fyrir þeirri fjáröflun til stofnlánadeildarinnar, er þyrfti til þess að lána fyrir erlendum tilkostnaði. Fjár til lána fyrir hinum innlenda tilkostnaði skyldi aflað með sölu verðbréfa, og hefur nýbyggingarráð átt drjúgan þátt í því að vekja áhuga meðal landsmanna fyrir kaupum á þessum verðbréfum stofnlánadeildarinnar. Rétt er að geta þess, að sala þessara verðbréfa hefur ekki gengið svo vel sem skyldi, og ber þar margt til. En víst er það, að grundvöllurinn fyrir því, að sú lánastarfsemi til sjávarútvegsins og þó einkum iðjufyrirtækja í sambandi við hann, sem nauðsynleg er, ef fyrirætlanir nýbyggingarráðs og hlutaðeigandi atvinnurekenda eiga að komast í framkvæmd, þá er skilyrðið það, að verðbréfasalan haldi áfram og eflist til muna, og er því brýn nauðsyn á nýju átaki í þeim efnum.

Lán stofnlánadeildarinnar, bæði til togarakaupa og til annarra fiskiskipakaupa, hafa verið og verða veitt samkv. þeim ákvæðum, sem l. um stofnlánadeildina gera ráð fyrir. Þar undir koma líka hinir svo kölluðu Svíþjóðarbátar, sem smíðaðir voru í Svíþjóð fyrir reikning ríkissjóðs og seldir hafa verið aftur einstaklingum og bæjarfélögum, en þessir Svíþjóðarbátar voru smíðaðir á vegum utanþingsstjórnarinnar og ráðstafanir gerðar gagnvart þeirri smíði, eins og vitað er, áður en löggjöfin var sett um nýbyggingarráð. En á þeim tíma, sem nýbyggingarráð hefur starfað, hafa verið smíðaðir auk þessa fiskibátar á hérlendum skipasmíðastöðvum, og var sú ráðstöfun gerð án íhlutunar nýbyggingarráðs, en lán til þeirra hefur Fiskveiðasjóður Íslands tekið að sér að inna af hendi.

Lán stofnlánadeildarinnar hins vegar til annarra framkvæmda en skipa og bátakaupa námu í byrjun þessa mánaðar rúmlega 10 millj. kr., og lofað er 18 millj. umfram þá upphæð og enda lánað til bráðabirgða gegn endurgreiðslu af væntanlegum stofnlánum. Nýbyggingarráð hefur í áætlunum sínum samþ. sem lið í heildaráætlunum sínum fyrir 1946 og 1947 92 fyrirtæki, og lánsþörf þeirra er áætluð um 58 millj. kr. Hér er um að ræða sumpart fiskiðjufyrirtæki, svo sem hraðfrystihús, niðursuðuverksmiðjur og síldarstöðvar, fiskimjölsverksmiðjur og söltunarstöðvar, eða fyrirtæki, sem standa í nánu sambandi við sjávarútveginn, svo sem skipasmíðastöðvar, verbúðir o. s. frv. Nú ræðir hér aðeins um þau fyrirtæki, sem nýbyggingarráð hefur þegar samþ. sem lið í heildaráætluninni fyrir þessi ár, en fyrir utan þau eru mörg önnur fyrirtæki hliðstæð, sem enn hafa ekki verið samþ. af nýbyggingarráði, en eru þó fyrirhuguð. Ég skal geta þess, að tala þessara fyrirtækja er 55 og lánsþörf þeirra áætluð 28 millj. kr. Bæði að því er snertir fyrirtæki þau, sem þegar hafa verið samþ. sem liður í heildaráætlun nýbyggingarráðs, og eins hin, sem bíða samþykktar, er um að ræða sumpart nýbyggingar, og raunar í flestum tilfellum, og sumpart stækkanir og endurbætur eldri fyrirtækja. Ráðinu hafa alls borizt yfir hálft annað hundrað umsóknir af þessu tagi, og er það út af fyrir sig ljós vottur þess, að landsmenn yfirleitt hafa á prjónunum stórfelldar fyrirætlanir í anda nýsköpunarinnar til þess að koma upp hraðfrystihúsum og fiskiðjuverum hvers konar, sem og endurbótum iðnfyrirtækja, er standa í nánu sambandi við sjávarútveginn. Hin áætlaða lánsþörf þessara fyrirtækja allra, bæði fyrir A-lán eða erlendum og B-lán innlendum tilkostnaði, nemur 107 millj. kr. Er því auðsætt, að mjög þarf að efla stofnlánadeildina, bæði til A- og B-lána.

Af þessu má ráða það, að nýsköpunin varðandi sjávarútveginn er enn langt frá því að vera komin í það horf, sem æskilegt er og þörf krefst, þótt hins vegar, að því er fiskiskipaflotann sjálfan snertir, sé hún komin mjög vel á veg og jafnvel betur en búast mætti við. Þótt sú lánsfjárþörf, sem hér hefur verið nefnd, dreifist á bæði þetta ár og nokkur hin næstu, er nú þegar mikil þörf á að stofnlánadeildin sé efld. Leiðir og af þessu að sjálfsögðu það, að samstilltir kraftar landsmanna beinist að því nú og framvegis að koma svo vel í horf þessum nauðsynjamálum sjávarútvegsins, að í hendur haldist aflamöguleikar og hagnýting aflans á landi, að ógleymdu því höfuðskilyrði, að unnið sé að því einbeittlega og af framsýni að afla markaða fyrir afurðirnar.

Ég hef hér fyrst og fremst gert að umtalsefni nokkra höfuðdrætti í starfi nýbyggingarráðs varðandi sjávarútveginn. Hann er og hefur verið undirstaða gjaldeyrisöflunarinnar og þar af leiðandi undir svo að segja öllu atvinnulífi landsmanna. En nýbyggingarráð hefur einnig eftir föngum reynt að sinna öðrum atvinnuvegum landsmanna, bæði landbúnaðinum og iðnaðinum. Um landbúnaðinn er það að segja, að frv. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, sem samþ. var á Alþ. í apríl 1946, og frv. það um ræktunarsjóð, sem liggur fyrir yfirstandandi þingi, eru bæði frá nýbyggingarráði, en bæði þessi frv. stefna að því að undirbúa ræktun lands fyrir byggðahverfi í sveitum og meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði. — Þá hefur ráðið látið rannsaka til hlítar hið svo kallaða áburðarverksmiðjumál, og liggja nú fyrir þær fyllstu upplýsingar, sem frekast er hægt að fá með ráðum hinna beztu manna hérlendis, þannig að ekkert þarf lengur að vera því til fyrirstöðu að hrinda málinu í framkvæmd, svo framarlega sem Alþ. vill taka undir þá stefnu — að öllum aðstæðum athuguðum — að leggja út í byggingu áburðarverksmiðjunnar.

Í beinu sambandi við þetta stórmál, sem á tilverurétt sinn að mestu leyti undir því, að nægileg og ódýr raforka sé fyrir hendi, er rétt að taka það fram, að nýbyggingarráð hefur talið sér skylt að stuðla að byggingu orkuvera þeirra, sem rafmagnseftirlit ríkisins hefur umsjón með, og veita af gjaldeyri nýbyggingarreiknings til þeirra hluta, sömuleiðis til Reykjavíkurbæjar og m. a. þar í sambandi við væntanlega eimtúrbínustöð.

Til vélaverkstöðva á ýmsum stöðum á landi hér hefur ráðið að sjálfsögðu einnig veitt nauðsynleg leyfi.

Auk alls þessa hefur ráðið líka stuðlað að byggingu innanbæjarkerfa á fjölmörgum stöðum vegna brýnnar nauðsynjar í kauptúnunum og annars staðar, en annars átti viðskiptaráð samkv. samkomulagi milli ráðanna um þessa hluti að sjá fyrir gjaldeyri til innanbæjarkerfa.

Ráðið hefur einnig látið til sín taka iðnaðarmál í sambandi við landbúnaðinn og þó einkum athuganir á möguleikum á stofnun verksmiðju til ullariðnaðar. Nú er það vitað, að slíkar verksmiðjur voru til hér á landi áður, og hefur það orðið að ráði — og kalla má að samkomulag hafi um það orðið milli þeirra aðila, sem nú hafa ullariðnað með höndum, aðallega Sambands ísl. samvinnufélaga og Álafossverksmiðjunnar, að nýbyggingarráð styddi fyrst og fremst stækkanir og endurbætur á þessum verksmiðjum, áður en lagt væri út á nýjar brautir í ullariðnaðinum með aðstoð og fyrir forgöngu ríkisvaldsins. Nýbyggingarráð taldi sér skylt að hlúa fyrst og fremst að þeim iðnaði af þessu tagi, sem fyrir er í landinu, með því að ekki þótti ugglaust, að bygging nýrrar, stórrar verksmiðju á ríkisins vegum kynni að verða til þess að rýra eða jafnvel eyðileggja þann iðnað, sem fyrir hendi var.

Nýbyggingarráð hefur haft til umræðu þá hugmynd, sem víða hefur gert vart við sig, sem sé að stuðla að samfærslu byggðarinnar með stofnun byggðahverfa í sveitum, og látið athuganir fara fram á því sviði. L. um stofnun Höfðakaupstaðar eru líka frá nýbyggingarráði runnin, en þau voru samþ. á síðasta þingi. Ráðinu hefur verið ljóst, að hér væri um stórt nýmæli að ræða og að tillögur um byggðahverfi og ný þorp eða bæi þurfa mikillar umhugsunar og undirbúnings við, áður en að framkvæmd er horfið. En að því er Höfðakaupstað snertir, virtist tilvalið, að um leið og síldariðnaður er hafinn á slíkum stað í stórum stíl — stað, sem er tiltölulega afskekktur og lítið byggður, en hefur góða aðstöðu bæði til sjávarins og til landsins, — þyrfti að gera ráðstafanir til, að það fólk, sem þarna sezt að, geti búið við viðunandi skilyrði, bæði hvað húsakost og annað snertir.

Sú rannsókn, sem fram hefur farið undir umsjá atvinnudeildar háskólans um hugsanlega möguleika á sementsvinnslu hér á landi, er af stað komin samkv. till. nýbyggingarráðs. Hér skal ekki um þá hugmynd fjölyrt, en væntanlega koma bráðlega í ljós niðurstöður þeirra rannsókna, og verður það þá hlutverk þings og þjóðar að taka afstöðu og ákvörðun í því efni.

Nýbyggingarráð hefur og átt sinn þátt í því að gera S. Í. S. unnt að koma upp kornmyllu. Væri slíkt fyrirtæki til hinna mestu þrifa, varan heilnæmari og ódýrari. Í sambandi við slíka myllu má vænta ýmissa framfara í kornmatarhæfi landsmanna.

Hvað iðnaðinn snertir, hefur nýbyggingarráð stutt hinar ýmsu greinar hans með fyrirgreiðslu á innflutningi véla, og yfir höfuð má segja, að nýbyggingarráð hafi eftir megni stutt að innflutningi vinnuvéla af ýmsum tegundum, bæði til notkunar við þann iðnað, sem unninn er í verksmiðjum, og líka hinar stórvirku vinnuvélar, sem hingað hafa flutzt síðan ráðið tók til starfa og notaðar eru bæði við byggingar og vegaframkvæmdir, sem kunnugt er, en árangurinn af notkun þeirra eru aukin afköst og ódýrari vinnubrögð, er bezt og áþreifanlegast mun hafa komið fram við vegavinnuna.

Sementsteypustöðin sú hin mikla, sem í ráði er, að reist verði hér í bænum, er eitt af þeim fyrirtækjum, sem nýbyggingarráð hefur stuðlað að, að komið yrði á fót. Er talið, að hún muni gera húsbyggingar og annað, sem steinsteypu þarf til, mun ódýrari en ella.

Öllum er kunnugt um það, að með aðstoð nýbyggingarráðs hefur verið stigið stórt spor í þá átt að auka véltækni við landbúnaðinn, bæði með innflutningi á venjulegum landbúnaðarvélum, mjaltavélum og flutningatækjum. Þá hefur nýbyggingarráð haft sérstakan áhuga fyrir súgþurrkun á heyi og bæði greitt fyrir öflun súgþurrkunartækjanna og stutt það mál eftir föngum. Má í því efni minna á útvarpserindi Sigurðar Þórðarsonar fyrrv. alþm., er hann flutti fyrir nokkru síðan með vitund ráðsins og að þess vilja, en hann á sæti í nýbyggingarráði, sem kunnugt er. Standa nú góðar vonir til þess, að á ýmsum stöðum verði sveitavinna fyrir þessar sakir afkastabetri og um leið ódýrari, þegar til lengdar lætur.

Það frv., sem hér er til umr. og fjallar um fjárhagsráð, gerir nú ráð fyrir, að hin nýja stofnun haldi m. a. áfram hinni svo kölluðu nýsköpun. Brtt. frá fjhn., sem nýlega eru fram komnar, kveða svo á um það, að fjárhagsráð taki við verkefnum nýbyggingarráðs. Með það fyrir augum hefur nýbyggingarráð látið semja ýtarlegar skýrslur í hendur fjárhagsráðinu væntanlega um öll störf nýbyggingarráðs, þannig að fjárhagsráð getur séð allt það, sem gert hefur verið í nýbyggingarráði, og á hvaða stigi verkefnin hafa verið, þegar nýbyggingarráð skilur við þau. Er þetta gert til þess, að sem minnst truflun verði á nýsköpunarframkvæmdunum vegna þessarar lagabreytingar.

Nýbyggingarráð tók líka að sér í byrjun að halda áfram störfum skipulagsnefndar í atvinnumálum og ljúka þeim hlutum í því efni, er fyrir lágu, þegar nýbyggingarráð tók við af nefndinni.

Í nýbyggingarráði hafa jafnan setið 4 ráðsmenn, sinn úr hverjum stjórnmálaflokkanna fjögurra. Um þá framsóknarmenn, sem setið hafa í ráðinu, mun þó rétt að geta þess, að þeir munu ekki hafa verið kvaddir til starfsins samkv. ósk síns flokks. Þó að sömu menn hafi að mestu leyti setið í ráðinu lengst af, hafa þó allir flokkar haft þar mannaskipti á þessu tímabili um lengri eða skemmri tíma, nema Sjálfstfl. Hans fulltrúi í ráðinu hefur starfað þar óslitið frá byrjun.

Þótt í ráðinu hafi þannig starfað menn með mjög mismunandi pólitískar skoðanir, hefur samvinna ávallt haldizt hin bezta. Allur hugsanlegur ágreiningur, sem annars hefði getað risið vegna mismunandi stjórnmála- eða lífsskoðana, hefur þokað fyrir sameiginlegum áhuga allra nýbyggingarráðsmanna fyrir því, að nýsköpunarstörfin og fyrirgreiðsla öll í þágu almennings í því sambandi væri vel og rösklega af hendi leyst.

Vil ég við þetta tækifæri færa samverkamönnum mínum í nýbyggingarráði þakkir fyrir góða samvinnu á framangreindu sviði, bæði ráðsmönnum og öðru starfsliði nýbyggingarráðs, og vona ég, að framtíðin sýni það og sanni, að nýsköpunarstefnan og störf nýbyggingarráðs verði þjóðinni til mikils gagns.

Ráðið hefur leitazt við að haga störfum sínum og atbeina við atvinnuvegina þannig, að stuðla af alefli fyrst og fremst að framtaki einstaklingsins til aukinna athafna í íslenzku atvinnulífi, bæði á sjó og landi. Hins vegar hefur ráðið einnig, þar sem þess hefur verið óskað sérstaklega, veitt bæjar-

og hreppsfélögum sams konar aðstoð og í sumum tilfellum álitið það alveg nauðsynlegt á þeim stöðum, þar sem öflugt einstaklingsframtak hefur ekki gert vart við sig.

Ráðið hefur ekki leitazt við að hafa bein áhrif á það, hvor leiðin í atvinnurekstrinum væri farin, bæjar- eða hreppsfélagarekstur eða einstaklingsframtakið, af þeim ástæðum aðallega, að það litur svo á, að það eigi að vera komið undir vali manna sjálfra í hinum einstöku byggðarlögum, hvaða tilhögun þeir vilja hafa á atvinnurekstri sínum. Nýbyggingarráð hefur fyrst og fremst skoðað það hlutverk sitt að greiða fyrir hinum ýmsu aðilum, sem hafizt hafa handa með framkvæmdir í atvinnumálum á þessum tíma og þannig gerzt þátttakendur í nýsköpuninni, aðstoða þá og leiðbeina, eins og við, sem þar störfum, bezt höfum getað.

Við í nýbyggingarráði höfum oft orðið þess varir, að þessi viðleitni hefur verið skilin og metin af almenningi og það aftur verið okkur uppörvun í starfinu.

Nú er það yfirlýst áform núverandi ríkisstj. að halda áfram nýsköpuninni, sem svo hefur verið nefnd, og ekki síður hitt, að tryggja, svo sem unnt er, að tilgangi hennar verði náð, þeim að gera þjóðinni fært að auka afköst framleiðslunnar og atvinnuöryggið í landinu, þetta allt miðar að því að bægja hættu atvinnuleysisins frá dyrum þjóðarinnar.

Að þessu vill ríkisstj. vinna af alefli. — Fjárhagsráð það, sem þetta frv. fjallar um, tekur því við öllum þeim verkefnum, er nýbyggingarráð hefur hingað til unnið að, auk fleiri verkefna, sem þessi nýja stofnun einnig á að hafa með höndum, eins og þetta frv. ber með sér.

Til þess að hið nýja ráð geti sinnt þeim málum, er nýbyggingarráð hefur annazt, og afgreitt þau og til þess yfirleitt að sem minnst truflun verði á daglegum störfum í þágu nýsköpunarinnar vegna þessarar fyrirhuguðu breytingar, höfum við í nýbyggingarráði gert ráðstafanir til þess, að fyrir liggi þar, er hið nýja ráð tekur við, glögg skýrsla og aðgengileg yfir það, á hvaða stigi afgreiðsla allra þeirra mála er nú í nýbyggingarráði, sem ekki hafa hlotið þar fullnaðarafgreiðslu og ætlazt er til, að hið nýja ráð taki við til framhaldandi fyrirgreiðslu.

Víða um heim og jafnvel í nágrannalöndum okkar ríkir nú skortur, margs konar atvinnuleysi og jafnvel neyð.

Við Íslendingar erum svo hamingjusamir að vera lausir við allt þetta. Hér er atvinna næg til sjós og lands og hún yfirleitt vel borguð. Auk þessa gerir nýsköpunin okkur fært að efla og tryggja framleiðsluna með nýtízku vélum og tækjum á svo að segja öllum sviðum, að nokkru leyti þegar í stað og þó betur, þegar liðið er ár hér frá eða svo, en þá má búast við, að þessi tæki, bæði skip og vélar, sem nú hefur á vegum nýsköpunarinnar verið stofnað til að útvega til landsins, verði komin og tekin í notkun.

Mundu ekki margar þjóðir og það með réttu telja Íslendinga öfundsverða?

Vissulega.

Enginn vafi er á því, að þeir búa nú yfirleitt við betri lífskjör en margar aðrar þjóðir og hafa af framangreindum ástæðum skilyrði til að halda þeim, ef vel er á haldið og sæmilega árar til lands og sjávar.

Ef við sjálfir skildum þetta og viðurkenndum, mundi enginn góður Íslendingur vera svo skammsýnn að tefla hér öllu í voða og rífa niður það, sem upp hefur verið byggt. En það, að nú eru gerðar ákafar tilraunir til að efna til verkfalla og auka verðbólguna, einmitt þegar mest þörf er á því að draga úr henni, sýnir, að annað hvort skortir, skilninginn eða þjóðhollustuna.

Höfuðskilyrði fyrir því, að nýsköpunin heppnist og haldi áfram að verða það, sem til var ætlazt, grundvöllur að almennri hagsæld landsbúa, er það, að eining og vinnufriður sé varanlegur, en skefjalaus stéttabarátta og sífelld átök vegna hennar mundu eyðileggja nýsköpunina og allt það góða, sem henni getur fylgt.

Það er ósk mín og von, og ég ætla, að ég þá muni einnig mæla fyrir hönd ríkisstj. og fyrir þeirra hönd, er ásamt mér hafa hingað til unnið saman að þessum málum, að gifta landsins megi afstýra vandræðum og bægja frá þeim hættum, sem nú steðja að nýsköpuninni, og að fjárhagsráðið megi með sem beztum árangri starfa að nýsköpuninni og henni verði þannig tryggð framvegis sú aðstoð og forysta, sem nýbyggingarráð hefur fram að þessu haft með höndum.

Einar Olgeirsson: Haustið 1944 var gert samkomulag um að reyna að stjórna einum þýðingarmesta þætti þjóðarbúskapar vors, nýsköpun atvinnulífsins, samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun, — en ekki að láta geðþótta peningamanna og meira eða minna óljósar hugmyndir atvinnurekendanna um gróðavon eða markaðshorfur ráða framkvæmdunum á þessu þýðingarmikla sviði. Í kosningunum s. l. sumar kepptust allir flokkarnir við að lofa nýsköpun þessa og heita þjóðinni því að halda henni áfram. Nú sjást efndirnar hjá gömlu þjóðstjórnarflokkunum þremur, er þeir nú hafa myndað sína gömlu þjóðstjórn á ný. Hefur stjórnarliðið nú við 2. umr. sýnt hinn sanna hug sinn í garð nýsköpunarinnar með því að fella allar till. minar um að framkvæma áætlanir nýbyggingarráðs um sjávarútveg og um gjaldeyrissparnað og drepa allar ákvarðanir um stórhuga framtíðarfyrirætlanir.

Það er hver þjóð sinna eigin örlaga smiður, og þjóð vor skapar sér sína sögu, að vísu ekki alveg eftir eigin vild, en vefur hana úr þeim þáttum, sem fyrir eru. Hve vel sá efniviður er notaður, fer eftir kjarki og framsýni þess, er efnið mótar. Bölsýni og bjartsýni sköpum vér sjálfir, mennirnir, og ef vesaldómur og trúleysi á land og þjóð ríkir í hugum okkar, þá verður líka sagan, sem vér sköpum, aum og vesalmannleg. En ef vér setjum markið hátt og spörum ekki að gera stórar kröfur til sjálfra vor — telja kjark í þjóðina og vekja hana til meðvitundar um möguleika sína, þá getum vér unnið stórvirki, jafnvel af litlum efnum.

Það þótti dökkt fram undan haustið 1944. Helztu fjármálaspekingar þjóðarinnar sáu ekkert nema hrun og öngþveiti á næstu grösum, og við, sem bentum á, að þjóðarinnar biði bjartasta framtíð, ef hún hagnýtti tækifærið til nýsköpunar atvinnulífsins, vorum kallaðir skýjaglópar og nýsköpunarkenningar vorar taldar glapræði, landráð og svik. Með samtökum þeirra, sem þá trúðu á landið og

þjóðina, var kvíðanum og bölsýninni á nokkrum mánuðum breytt í ærði og bjartsýni, sem gagntók alla þjóðina. Burt frá hrunstefnunni var sveigt inn á braut nýsköpunar og djörfustu framfara, sem land vort hefur þekkt. Bjartsýnin, sem þá sigraði, hefur sett mark sitt óafmáanlega á tvö síðustu ár Íslandssögunnar. Sú bjartsýni var oss dýrmætari en allir togararnir, sem keyptir voru í krafti hennar. Og ávextir þess áræðis munu halda áfram að setja mark sitt á söguna næstu tvö árin, þrátt fyrir allt afturhald. Hver togari og hvert flutningaskip, sem siglir í höfn á þessu og næsta ári, mun verða lifandi sönnun þess. Það er því óhrekjanlega sannað með staðreyndum þessara ára, hver lífsnauðsyn Íslandi er á djarfmannlegu áræði og einbeitingu orku sinnar til þess að skapa sem allra bezt framleiðslukerfi á eins skömmum tíma og nokkur kostur er á.

Við, sósíalistar, höfum ekki baráttuna fyrir nýsköpun atvinnulífsins vegna þess eins, að okkur þætti svo gaman að því, að þjóðin eignaðist nýja togara eða skapaði sér fjölbreytt og mikilvirkt framleiðslukerfi. Við höfum baráttuna vegna þess, að við álítum, að nú væru að skapast á Íslandi efnahagsleg skilyrði til þess að afnema það böl, sem lengst hefur þjáð íslenzka alþýðu og löngum þjóð vora alla, fátæktina. Við drógum enga dul á þetta mark vort. Í útvarpsræðu fyrir kosningarnar í sumar kynnti ég takmark Sósfl. í því efni með eftirfarandi orðum:

„Takmarkið, sem þjóðin á að setja sér að ná á næsta áratug, er: afnám fátæktarinnar. Nógu lengi hafa alþýðuheimili lands vors þjáðst undir fargi fátæktarinnar, undir þrældómnum og niðurlægingunni, undir sjúkdómunum og sorgunum, sem því böli fylgir.

Sósfl. álítur það helga skyldu þjóðarinnar, þegar hún nú er laus undan sjö alda erlendri áþján, að losa sig á fyrsta áratug lýðveldisins endanlega úr þeim viðjum örbirgðar og eymdar, sem þjakað hefur þorra Íslendinga í þúsund ár, — skapa hverjum þjóðfélagsþegn sínum öryggi gegn skorti.

Sósfl. álítur raunhæfan grundvöll vera að skapast fyrir afnámi fátæktarinnar með þeim þjóðarauð og þjóðartekjum, sem vér öðlumst nú í krafti nýrrar tækni. En skilyrði til þess, að sá grundvöllur verði hagnýttur til þess að ná þessu háleita marki — en ekki til þess að auka braskið, fjármálaspillinguna og arðránið í þjóðfélaginu — er réttlát skipting eigna og tekna í landinu, og hana getur alþýðan tryggt í krafti lýðræðisins í landi voru með góðu kaupi, öruggri atvinnu, fullkomnum alþýðutryggingum og auknu valdi alþýðu í atvinnulífinu."

Svo mörg voru þau orð.

Í samræmi við þessa yfirlýsingu okkar höfum við nú lagt fram tillögur við meðferð þessa máls, sem miða að þessu tvennu:

1) að auka og margfalda framleiðslukerfi vort á næsta áratug samkv. fyrir fram gerðri áætlun;

2) að tryggja vinnandi stéttunum aukin áhrif og völd í atvinnulífinu, samfara því sem frelsisbaráttu þeirra utan þingsalanna miðar að því að tryggja þeim vaxandi hlutdeild í hraðvaxandi afrakstri og auðlegð þjóðfélagsins.

Og í samræmi við hagsmuni skammsýnasta hluta auðmannastéttarinnar hefur afturhaldið hér á Alþ. drepið hverja einustu brtt. vora, samtímis því sem það brennimerkir viðleitni verkalýðsins til vaxandi hlutdeildar í velmegun þjóðarinnar sem glæp.

Það ætti þó nú að vera orðið hverjum manni ljóst, hver hagur það er þjóðinni að verja fé sínu fyrst og fremst til sköpunar nýs framleiðslukerfis — og hart er að sjá meiri hlutann hér á þingi drepa það nú að framkvæma t. d. þá áætlun nýbyggingarráðs að afla þjóðinni 20 nýrra togara fram að 1950.

Íslenzka þjóðin veit, að ef hún leggur að sér til þess að koma upp á skömmum tíma stórfelldu framleiðslukerfi, þá fær hún það margfalt endurgreitt í stórbættum þjóðarhag eftir nokkur ár.

Það er gott dæmi um slíkt nú, að b.v. Ingólfur Arnarson, fyrsti nýsköpunartogarinn, skuli þegar vera búinn að selja fyrir eina millj. kr. á 3 mánuðum, þannig að ef svipað gengi, mætti gera ráð fyrir, að hann seldi fyrir 3 millj. kr. á ári eða m. ö. o. skapaði gjaldeyri á einu ári, sem svarar andvirði hans sjálfs. 30 slíkir togarar ættu með sama hætti að geta aflað gjaldeyris fyrir 90 millj. kr. á einu ári.

Skúla Guðmundssyni fannst slík undirstaða sem þessir togarar og þeirra afli veik og líkti því við, að undirstöðurnar væru dregnar í turninn. Það er ekki nýtt að heyra slíkt úr því heygarðshorni.

Það voru slíkar ráðstafanir sem öflun slíks togaraflota, sem helztu fjármálaspekingar Íslands og aðalstuðningsblöð núv. stjórnar töldu fásinnu, þegar við lögðum þær til árið 1944. Nú standa þessir hrunadansarar svo berstrípaðir frammi fyrir þjóðinni, að þeir reyna að hylja nekt sína með stolnum fíkjublöðum. — En baráttan fyrir nýsköpun atvinnulífsins stóð ekki aðeins um það að skapa fullkomið framleiðslukerfi, er gæti staðið undir betri lífsafkomu þjóðarinnar. — Inntak hennar var einnig hitt, að skapa efnahagslegt sjálfstæði Íslands, — losa þjóðina úr því niðurlægingarástandi að flytja hráefni sín óunnin eða lítt unnin út sem hver önnur nýlenda. Takmarkið var að hagnýta auðlindir lands vors til þess að reisa hér stóriðju á sem flestum sviðum, er fullnægt gætu hráefni, sem unnin yrðu úr skauti lands og sjávar.

Verkalýður Íslands og atvinnurekendur tóku höndum saman í þessari efnahagslegu frelsisbaráttu þjóðarinnar árið 1944. Báðar þessar stéttir gerðu þetta í meðvitund þess, að verið væri þar með að smíða vopn handa þjóðinni, sem gerðu hana sem heild sterkari í lífsbaráttunni, hver svo sem forystu þjóðarinnar hefði, verkalýðurinn eða atvinnurekendur. Þær komu sér saman um að reyna að stjórna þjóðinni í einingu og láta það sitja í fyrirrúmi að hagnýta þennan auð, er Íslandi hafði borizt, til þess að auka og margfalda framleiðslukerfi þess allri þjóðinni til blessunar. Okkur sósíalistum var ljóst, að það lá á, að þessi vopn í efnahagslegri frelsisbaráttu þjóðarinnar væru smíðuð sem fyrst, til þess að þjóð vor yrði á sinn friðsamlega hátt sem bezt vígbúin, þegar baráttan um afkomuna færi að harðna úti í heimi. Þess vegna lögðum við, sósíalistar, aðaláherzluna á, að allur sá auður, sem Ísland hafði eignazt, yfir 500 millj. kr., væri lagður til hliðar á nýbyggingarreikning, þótt ekki tækist þá samkomulag nema um 300 millj. kr. sakir skilyrða Alþýðuflokksins.

Þess vegna lögðum við sósíalistar líka áherzlu á það, að þjóðin yrði að setja sér það að lifa á því, sem hún flytti út, en falla ekki fyrir freistingunni að eyða innistæðunum, sem hægt var að nota til að leggja grundvöll að efnahagslegri velferð hennar í framtíðinni. — Það tókst að fá því framgengt, að þessar 300 millj. kr., sem til hliðar voru lagðar, væru notaðar til þess að umskapa algerlega farskipa- og fiskiskipastól landsins, — hefja margföldun á fisk- og síldariðnaði í landinu og byrja á vélbyltingunni í landbúnaðinum. — Öllum Íslendingum kemur nú saman um það, að slík stórvirki hafi verið unnin fyrir þessar einustu 300 millj. kr., að kalla megi það atvinnubyltingu í landinu, og þjóðin reisir höfuðið hærra með réttlátu stolti í hvert sinn, er nýr togari siglir í höfn.

En þessi bylting kostaði baráttu. Fyrir hverjum sigri framfaranna á atvinnu- og fjármálalífinu varð að berjast við þann hluta peningavaldsins, sem fyrst og fremst heimtaði að fá fé til stundargróðans í verzluninni og braskinu. Sú barátta harðnaði því meir sem á leið, og að lokum fór svo, einkum eftir kosningarnar í júní 1946, að íslenzka yfirstéttin brást í því bandalagi, sem hún hafði myndað við verkalýðinn um einbeitingu að því að efla framleiðslukerfi landsins og tryggja efnahagslegt sjálfstæði þess. Yfirstéttin brást, þegar atvinnurekendastéttin innan hennar lét undan þeim hluta peningavaldsins, sem krafðist þess að fá að eyða í verzlunargróða handa sér, „lúxusbyggingar" og annað, sem þjóðin gat verið án. Sósfl. barðist frá upphafi nýsköpunarinnar fyrir því, að meira fé en 300 millj. yrði lagt inn á nýbyggingarreikning, og birti hvað eftir annað í blöðum sínum kröfur þess efnis.

Nýbyggingarráð lagði um mitt sumarið 1946 einróma til, að 100 millj. kr., sem þá voru ennþá *til óeyddar utan við nýbyggingarreikning*, væri bætt inn á hann til þess að tryggja áframhald nýsköpunarinnar. Vald heildsalanna var þá nógu mikið til þess, að sú krafa væri algerlega hundsuð, og síðari hluta ársins 1946 voru þessar 100 millj. kr. notaðar í almenna eyðslu og neyzlu. Það samsvarar því, að andvirði allra nýsköpunartogaranna hefði verið hagnýtt til augnabliksþæginda. Og það var ekki nóg með, að ekki fengist samkomulag um svo viturlega tillögu sem þessa. Meira að segja lög, sem til urðu í þessa átt, voru ekki haldin.

Í árslok 1945 hafði nýbyggingarráð samið frv., sem að lögum varð, um, að 15% af andvirði útflutnings hvers árs skyldi bætt inn á nýbyggingarreikning. Þessi lög voru brotin, heildsalastéttinni fannst ekki nægilegt að hafa til umráða 85% af útflutningi landsins þessi árin og fá þar að auki að hagnýta sér yfir 200 millj. kr. af inneign Íslands, eins og hún var 1944. Heildsalastéttin knúði ráðherra sinn í ríkisstj., annan fulltrúa Sjálfstfl., til þess að bregðast þeirri lagaskyldu að leggja þessi 15% til hliðar, og þrátt fyrir það að ítrekaðar áminningar kæmu frá nýbyggingarráði og fulltrúar Sósfl. í ríkisstj. gerðu kröfu um framkvæmd laganna, fékkst þessi upphæð ekki greidd inn og hefur ekki verið greidd inn ennþá nema að hverfandi litlu leyti. Augnablikshagur yfirstéttarinnar varð í hennar augum þýðingarmeiri en þjóðarþarfir. Þannig brást íslenzka yfirstéttin hugsjón þjóðarinnar um áframhaldandi nýsköpun atvinnulífsins.

Þegar sýnt var hvernig hér fór, var hafin ein atrennan enn til þess að reyna að tryggja það, að nægur hluti þjóðarteknanna yrði lagður til hliðar til þess að endurskapa allt framleiðslukerfið sem fyrst.

Nýbyggingarráð lagði einróma til í áætlun sinni haustið 1946, að þaðan í frá yrðu 25% af útflutningsverðmætinu lagt á nýbyggingarreikning í stað 15% áður og færði óhrekjandi rök að.

Sósfl. tók þessa kröfu um 25% upp við stjórnarsamningana í vetur og bar hana fram nú við 2. umr. þessa máls. Nú gátu þjóðstjórnarflokkarnir, sem hæst töluðu um nýsköpun í síðustu kosningum og allir vildu tileinka sér hana, sýnt alvöru sína. — Þeir sameinuðust allir um að drepa þessa till., þó að fulltrúar þeirra allra hefðu staðið saman um hana í nýbyggingarráði.

Eftir að yfirstéttin hafði brugðizt nýsköpuninni og atvinnurekendur gefizt upp vegna áfergju heildsalanna, var tekinn upp aftur gamli söngurinn um hrunið, sem fram undan væri, — um, að engir peningar væru til, að íslenzkar afurðir væru ekki samkeppnisfærar, að alþýðan yrði að fórna.

Það væri til skammar fyrir oss, Íslendinga, að láta það heyrast, að hér sé ekki hægt að halda áfram uppbyggingu atvinnulífsins á öllum sviðum, vegna þess að peningar til að borga með tækin liggi ekki í bönkum erlendis. Aðeins sá á skilið efnahagslegt frelsi, sem daglega verður að vinna sér fyrir því og hefur það siðferðisþrek og framsýni að geta neitað sér um einn hlut í dag til þess að geta *lifað betur á morgun*. Og þegar vér, Íslendingar, nú — í krafti þess stórhuga, sem mótaði hag vorn árin 1944—1946 — höfum eignazt 30 nýtízku togara og stórvirk tæki á öðrum sviðum, þá förum við sannarlega ekki berhentir út í baráttuna fyrir hraðari uppbyggingu og efnahagslegu frelsi.

Vér sósíalistar höfum aldrei álitið nýsköpun atvinnulífsins einskorðaða við innieignir erlendis. Árið 1939 lögðum við til með frv., er við lögðum fyrir Alþ. þá, að hafin yrði nýsköpun atvinnulífsins hér á landi með skipulögðum sparnaði af þeim litlu tekjum, sem þjóð okkar þá hafði, og vér höfum nú lagt fyrir þetta þing í sambandi við það frv., sem hér er verið að ræða, ýtarlegar till. um nýsköpun atvinnulífs vors á næsta áratug á grundvelli þess að spara 25% af útflutningi hvers árs til uppbyggingar stórvirks framleiðslukerfis.

Hugsum okkur, að meðaltal útflutningsins á næstu 10 árum væri 400 millj. kr. Ef 25% væru lagðar til hliðar á nýbyggingarreikning, yrðu það 1000 millj. kr. á 10 árum, sem hægt væri að hagnýta til að skapa hér ef til vill hlutfallslega stórvirkasta framleiðslukerfi heims, miðað við stærð þjóðarinnar. Og þegar þjóðin hefur séð, hvað einar einustu 300 millj. kr. eru að gefa henni í aðra hönd, þegar þeim er varið til öflunar framleiðslutækja, þá getur hún gert sér í hugarlund, hvað 1000 millj. kr., eða jafnvel þótt það væri eitthvað lægri upphæð, mundi veita.

Í þeim brtt., sem ég lagði fram við 2. umr. þessa máls, var í höfuðatriðum gengið út frá eftirfarandi:

1) Að sjávarútvegsáætlun nýbyggingarráðs yrði framkvæmd til fullnustu á næstu 10 árum, þar

með talið, að keyptir verði 20 nýir togarar, sem mundu kosta eitthvað yfir 60 millj. kr.

2) Að lokið verði við hina fyrirhuguðu nýsköpun í síldar- og fiskiðnaði og þó alveg sérstaklega lýsisherzluverksmiðjuna, sem ætluð er til að vinna úr síldarlýsinu, þannig að það verði markaðshæf vara í hvaða landi sem er.

Einmitt nú, meðan verðið á síldarlýsi er eins hátt og raun ber vitni um, þurfum við að koma slíkri verksmiðju upp til þess að gera þessa vöru okkar fullunna út úr lýsisverksmiðjunum álíka dýrmæta og síldarlýsið sjálft er okkur nú, þó að það þá yrði farið að falla. En fram að þessu höfum við látið erlenda auðhringa gleypa gróðann af því að herða þetta lýsi og selja það smjörlíkis- og sápuverksmiðjum Evrópu. Uppkoma lýsisherzluverksmiðju hér á landi er einn stór þáttur í efnahagslegri frelsisbaráttu Íslendinga til þess að losna úr einokunarklóm „Unilever"-hringsins.

En aðalþátturinn í brtt. mínum við frv. um fjárhagsráð, hvað framtíðarstefnuna snertir, er sá, að undirbúa skuli nú þegar og koma síðan upp á árabilinu 1951—1956 þeim stærstu raforkuverum, sem völ er á, með tilliti til framleiðslu ódýrrar orku og stóriðju á grundvelli hennar. — Íslendingar geta ekki byggt framtíð sína á sjávarútvegi einum saman. Til þess eru fiskimiðin of ótrygg, meðan ekki tekst alþjóðlegt samkomulag um vernd þeirra og um sérréttindi okkar Íslendinga til hagnýtingar þeirra. Við þurfum þess vegna að hagnýta þá auðsuppsprettu, sem fiskimið okkar eru, einmitt meðan þau eru eins mikil auðsuppspretta og nú, til þess að leggja grundvöllinn að stóriðju á Íslandi með hagnýtingu beztu fossa vorra, til að veita okkur ódýra orku, er keppt geti við hvaða ódýran orkugjafa sem vera skal. Öll framtíð iðnaðar og landbúnaðar á Íslandi byggist á rafmagni, — nógu miklu og nógu ódýru rafmagni. Skorturinn á rafmagni er nú þegar þrándur í götu iðnaðarþróunar og vélbyltingar í landbúnaði. Reynslan hefur verið sú, að við höfum verið svo seinir í að koma orkuverunum upp, að hvert einasta orkuver er að heita má orðið of lítið, jafnóðum og lokið er við það, og hvaða stóriðja sem er, sem áhugi hefur skapazt á að reisa hér heima, strandar næstum strax á skorti á rafmagni. Það má nefna áburðarverksmiðjuna sem dæmi. — Af hverju erum við svona seinir að koma upp raforkuverum? Hvað veldur því, að við leggjum ekki í þau nógu stór og nógu mikilvirk í einu — sem þó er viðurkennt að vera eina aðferðin til þess að geta framleitt nógu ódýra orku? Það er fátæktin, fjármagnsleysið og gjaldeyrisskorturinn, sem valdið hefur þessu á undanförnum áratugum. Eða hver man ekki þá tíma, þegar fulltrúar Íslands urðu að ganga land úr landi til að biðja um lán til þess að koma upp Sogsvirkjuninni — og fengu hvað eftir annað nei?

Í Urriðafossi í Þjórsá má virkja yfir 100 þúsund hestöfl. Ef til vill er það einhver ódýrasta stórvirkjun, sem völ væri á á Íslandi, en orkuvirkjanir eru einmitt það gjaldeyrisfrekasta, sem við getum ráðizt í. — Skilyrðin til þess, að við þorum að ráðast í svona stórvirki og getum það, eru eftirfarandi:

1) Að við eigum fjármagnið sjálfir í erlendum gjaldeyri, því að ella mundum við þurfa að borga svo háa vexti, ef við ætluðum að fá það lánað, að orkuframleiðslan yrði okkur of dýr, og við mundum aldrei þora að leggja út í hana þess vegna.

2) Að við eigum þetta fé fyrirliggjandi allt í einu lagi, svo að við getum ráðizt í virkjunina í einu, en þurfum ekki að taka hana í smápörtum.

3) Að við getum séð til þess, að samtímis raforkuverinu komi upp það stórfelldar verksmiðjur í ýmsum greinum, að orkuframleiðslan verði næstum því strax hagnýtt til fullnustu, svo að vaxtatap verði sem minnst, og jafnframt fylgist að margföldun ræktaðs lands, til þess að landbúnaðurinn geti hagnýtt vélaaflið til hins ýtrasta og sveitaheimilin notið þess sem mest.

En ef þetta á að gerast, þá verður að fara saman áætlunin um uppkomu raforkuversins — um sköpun stóriðjunnar, sem á að nota kraft þess, og þar með rannsóknin á því, hvers konar iðja það helzt eigi að vera — og sú vélabylting í landbúnaðinum, sem gerir honum kleift að hagnýta raforkuna og tryggja í senn ódýrari framleiðslu íslenzkra afurða heldur en nú er og betri kjör þeirra bænda, er afurðirnar framleiða. Athugum svo, að ef við ættum að koma upp raforkuveri við Urriðafoss, t. d. á árinu 1952, og sömuleiðis stóriðju um svipað leyti, þá mun ekki veita af að panta túrbínu og önnur tæki til þessara framkvæmda með 3ja til 4ra ára fyrirvara, þannig að í síðasta lagi á árinu 1949 yrði heildarrannsókn og áætlun um, hvort hægt væri að koma slíku raforkuveri og stóriðju upp, að vera lokið og praktiskur undirbúningur hafinn. — Þetta er glöggt dæmi þess, hve óhjákvæmilegur áætlunarbúskapur, sem miðar heildaráætlanir sínar við 5—10 ára tímabil, er orðinn íslenzku þjóðinni. Án slíks fullkomins áætlunarbúskapar munum við ekki geta lagt í þær stórframkvæmdir, sem eru undirstaðan að tækni nútímans og þeirri efnahagslegu velmegun, sem henni getur fylgt. Áætlunarbúskapur er Íslandi jafnmikið skilyrði til efnahagslegs sjálfstæðis og stjórnarskráin er skilyrði pólitísks sjálfstæðis.

Ég veit, að það vantar ekki áhuga hjá þeim þúsundum bænda, sem rafmagnið skortir, fyrir því að koma upp nógu stórum raforkuverum. Ég veit, að iðnaðarmenn, sem verða oft að vinna á nóttum í verksmiðjum og hvað eftir annað að hætta, ef unnið er á daginn, sökum rafmagnsskorts, vilja líka fá nægilega stór raforkuver. En það vantar framsýni og stórhug hjá þeim fulltrúum, sem þeir hafa kosið á þing, því að vitanlegt er, að þegar Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin verða fullgerðar, verður rafmagnsskorturinn aftur að 2 árum liðnum orðinn jafntilfinnanlegur og nú, ef ekki er strax farið að hugsa fyrir nýjum stórvirkjunum. Og áburðarverksmiðjur og önnur stóriðja verður aðeins blekkjandi kosningamál, meðan ekki er á eftir fylgt með ákvörðunum um stórfelld orkuver og ráðstöfunum til þess að safna fé til þeirra.

Ef fulltrúa þjóðarinnar á þingi skortir framsýni til þess að leggja nægilegt fé til hliðar nú strax, þá mun okkur líka finnast á næstu árum, að við séum alltaf of fátækir til þess að hafa efni á að gera það, sem nógu stórt er til þess að geta margborgað sig. Vér lifum á örlagastund í dag eins og haustið 1944. Vér vitum nú, hverju vér hefðum tapað, ef vér hefðum ekki borið gæfu til að grípa tækifærið þá. En það er verið að kasta tugum milljóna króna út úr höndunum á Íslendingum

með því að sleppa nú tækifærinu til þess að halda nýsköpun atvinnulífsins áfram af fullum krafti, eins og vér sósialistar höfum lagt til og barizt fyrir.

Það er svo stórkostlegt, uppbyggingarstarfið, sem bíður vor, að vér megum engan tíma missa.

Vér Íslendingar þurfum að vinna upp aldirnar, sem vér höfum glatað meðan vér vorum kúguð þjóð. Þess vegna liggur oss svo á að byggja upp nú. Og engri kynslóð í landi voru ber helgari skylda til að leggja þessi störf á sig en einmitt vorri kynslóð, því að engin þeirra kynslóða, er byggt hafa þetta land, hefur lifað við jafngóð kjör og hún.

Í trausti þess, að þjóðin finni til þessarar köllunar sinnar, höfum vér sósialistar barizt fyrir því, að þetta tækifæri, sem enn býðst oss nú eins og árið 1944, verði hagnýtt. En það er auðséð af þeim undirtektum, sem brtt. vorar við frv. um fjárhagsráð hafa fengið á Alþ. — þær voru allar felldar við 2. umr. —, að núverandi valdhafar eru staðráðnir í því að sleppa því tækifæri, og það verður að ske stórkostleg breyting, svo framarlega sem það dýrmæta tækifæri á ekki að ganga úr greipum þjóðarinnar um lengri tíma.

Peningavaldið í Reykjavík sveik nýsköpunina og lætur nú þjóðstjórnarþjóna sína hér á Alþ. brugga henni banaráðin. Þegar þjóðinni reið mest á þjóðhollustu þeirra og þegnskap, féllu auðmenn Íslands og þjónar þeirra í æðstu embættum landsins fyrir þeirri freistingu að búa til kreppu hér heima — skrúfa fyrir lánveitingar bankanna og gera aðrar ráðstafanir, sem reka hina smærri atvinnurekendur og fátæka eða bjargálnamenn, sem skortir lánsfé, í greipar okraranna. Með slíkri heimatilbúinni kreppu er nú peningavald stórlaxanna á Íslandi að fléttta þá smáútgerðarmenn og aðra, sem í trausti á áframhaldandi nýsköpun og velvilja fjármálavaldsins brugðust vel við kalli þjóðarforystunnar á þeim tíma um að leggja fram allt það fjármagn, er þeir megnuðu, til að taka þátt í nýsköpun atvinnulífsins.

Þingmennirnir, sem kosnir voru fyrir tæpu ári síðan, allir með loforð um nýsköpun á vörunum, hafa nú gengið á það lagið — svo að segja allir að undanteknum þm. Sósfl. — að kveða þá nýsköpun niður, sem þeir lofuðu þjóðinni að varðveita *og efla. Þessir menn munu á sínum tíma verða að* standa þjóðinni reikningsskil. Þeir skulu, eftir umr. hér í neðri deild a. m. k., ekki hafa sér það til afsökunar þá, að þeir hafi ekki vitað, hvað þeir gerðu.

Íslands óhamingju hefur orðið allt að vopni þessa síðustu mánuði. Samsæri peningavaldsins og stjórnmálaafturhaldsins er með sköpun núverandi stjórnar að leiða yfir þjóðina stöðvun og kreppu, fyrst hún bar ekki gæfu til að losa sig við vald þeirra í síðustu kosningum. *Núverandi stjórn* hefur valið sér það hlutskipti að verða eins konar afturganga Coca-cola-stjórnarinnar og taka þar nú við, sem hún varð að gefast upp í október 1944, er hún ætlaði að hefja árásina þá á launakjör verkamanna og lífskjör allrar alþýðu. Þessi ríkisstj. á að stjórna afturhvarfinu frá nýsköpunarstefnunni, og fái hún að sitja um nokkra stund enn að völdum, þá munu okrararnir, sem svikust um þátttöku í nýsköpuninni, fá tækifæri til þess að kaupa upp tækin, sem *athafnamennirnir* lögðu eigur sínar í. Hún byrjar á að reyna að brjóta það, sem þjóðinni er dýrmætast, fjöregg hennar: kjark hennar og áræði. Hver á fætur öðrum troða nú hinir vísu, sjálfkrýndu landsfeður upp hér í útvarpinu til þess að telja þeirri þjóð, sem á undanförnum öldum hefur þolað „ís og hungur, eld og kulda“ — og lifað það allt saman af, trú um, að nú loksins á árinu 1947 sé hún að steypast niður í gljúfrið, nú biði hennar ekkert nema hrun og öngþveiti, nú sé það heimska að hugsa hátt, nú sé það glæpur að gera kröfur til sómasamlegs lífs.

Og það er aðeins þjóðin sjálf, sem getur afstýrt því, hin starfandi, framleiðandi þjóð, verkamenn, bændur og fiskimenn, með því að rísa upp í samtökum sínum — þeim sterku og voldugu samtökum, sem framleiðslustéttirnar á Íslandi hafa skapað sér, og krefjast þess einum rómi, að áfram sé haldið og að á sé hert um fullkominn, djarfan og stórhuga áætlunarbúskap fyrir Íslendinga, er tryggi efnahagslegt sjálfstæði vort og skapi á einum áratug grundvöll að öruggri lífsafkomu, jafngóðri og nokkur önnur þjóð á jörðinni býr við. — Þetta er hægt, ef þjóðarsamtök eru tafarlaust sköpuð um þetta hugsjóna- og atvinnumál. — En tíminn er dýrmætur. 170 millj. kr., sem nú ættu að liggja á nýbyggingarreikningi, ef hollum ráðum og lögum hefði verið fylgt, hafa ekki komið þangað, sökum þess að eigingirni auðmannanna varð þörfum þjóðarinnar yfirsterkari. Og með hverjum mánuði, sem líður í tákni þeirrar stjórnarstefnu eða stjórnleysis, er nú ríkir, glatast þau verðmæti, sem hagnýta mætti til þess að tryggja efnahagslegt sjálfstæði og afkomuöryggi Íslendinga.

Ásgeir Ásgeirsson: Hæstv. ríkisstj. hefur skv. stjórnarmyndunarsamningnum lagt fyrir Alþ. frv. um fjárhagsráð. Í þessu frv. er sameinuð starfsemi viðskiptaráðs og nýbyggingarráðs og bætt við einum höfuðkafla um fjárfestingu — eða með öðrum orðum ráðstöfunum á fjármagni til lengri tíma til hvers konar framfara í atvinnuvegum og aðbúð þjóðarinnar.

Hér er stigið fyrsta stóra sporið á langri leið, sem þjóðin á eftir að fara til að skapa jafnvægi og öryggi í atvinnumálum. Þetta verður ekki gert með einu frv. og 3 umræðum í báðum deildum Alþ., heldur er þetta fyrsta ákvörðunin um skipulega *sókn að settu marki.* Það stendur að vísu í 2. gr. frv., að fjárhagsráð skuli „samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir“, en það er hvort tveggja, að ráðinu er falið að hlutast til um, að miklar framkvæmdir haldi áfram í hinum ýmsu atvinnugreinum og eins hitt, að það þarf enginn að segja mér, að nokkur ábyrgur stjórnmálaflokkur vilji fella þessa löggjöf niður, ef atvinnuleysi steðjaði að við sjávarsíðuna og sölu*erfiðleikar fyrir bændur.* Þetta ordalag er dregið af undanfarandi ástandi. Eftirspurn eftir vinnuafli hefur verið svo mikil, að það skapar miklar hættur fyrir framtíðina. Það er eins og allir vilji gera allt í einu með sívaxandi stofnkostnaði — þar til pendúllinn slæst um yfir í minnkandi framkvæmdir og minnkandi eftirspurn eftir vinnu og afurðum. Því lengra sem pendúllinn slæst til annarrar handarinnar, því lengra leitar hann til hinnar, ef ekkert er að gert. Flest leitar jafnvægis, og það er nú í *lok hinnar síðari heimsstyrjaldar* viðurkennd skylda í hverju siðuðu þjóðfélagi, að það þurfi að skapa festu og öryggi í atvinnumálum — ekki með klaka-

höggi á vetrum, eins og áður tíðkaðist, heldur með ráðstöfunum, sem sköpuðu þegar til lengdar lætur næga og arðbæra atvinnu jafnt fyrir verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn og bændur. Við Íslendingar erum ekki undanþegnir þessari nauðsyn, nema síður sé. Við skulum ekki ofmetnast af velgengni undanfarinna ára, heldur hafa í huga, að hún skapaðist af ófriðarástæðum, en engri nýbreytni í atvinnuháttum eða auknum þroska í þjóðfélagsmálum. Allur útflutningur þjóðarinnar greiddi aðeins rúmlega innflutning stríðsáranna, og stríðsgróðinn í erl. gjaldeyri, sem nú er að mestu búið að ráðstafa, átti rót sína að rekja til setuliðsins. Ef hér á að skapast varanleg velgengni, þá þurfum við nú að taka okkur til og láta hillingarnar ekki trufla okkur. Tvær síðustu ríkisstj. hafa lýst yfir því, að þær vilji stuðla að því, að öllum verkfærum mönnum verði tryggð næg og arðbær atvinna, og nær það jafnt til allra stétta, en yfirlýsingin ein verður skammgóð, ef ekkert er að gert til að ná þessu marki, svo að tryggt sé til frambúðar. En til þess er beinasta leiðin, að þjóðfélagið taki að sér það verkefni að sjá um, að fjárfesting sé hvorki óhæfilega mikil né lítil á hverjum tíma, og þær framkvæmdir hafi forgangsrétt, sem mestu varða fyrir alþjóðarheill.

Nú skyldi maður ætla, að þessu frv. væri fagnað af öllum, sem hafa opin augun fyrir núverandi ástandi og framtíðarþörf þjóðarinnar. En það er öðru nær. Sá flokkur þingsins, sem annars vill ganga lengst í afskiptum þjóðfélagsins af atvinnumálum, hefur nú upp þann söng, að nú sé verið að stöðva nýsköpun undanfarinna ára og skapa tilbúna kreppu handa auðmönnum og heildsölum til að græða á. Við 2. umr. þessa máls voru bornar fram till. af 2. þm. Reykv. (EOl), sem allt var talið velta á, en ekkert fengið með frv. ríkisstj. né framkvæmd hennar og fjárhagsráðs. Voru þær till. felldar, og mun það vera ástæðan til þessarar útvarpsumræðu. Skal nú vikið nánar að þessum brtt.

Þegar horfið er að skipulegri fjárfestingu, þá er fyrst að gera sér grein fyrir, hve mikill hluti af þjóðartekjunum þarf að fara til neyzlu og hve mikið sé hægt að taka frá til framfara — eða nýsköpunar, eins og nú er farið að kalla það. Ef um eldri sjóð er að ræða, þá er tiltölulega einfalt að taka frá tiltekna fjárhæð, t. d. 300 millj. eins og gert var fyrir 2 árum, en ef taka á gjaldeyrinn af óvissum þjóðartekjum, jafnóðum og þær skapast, þá vandast málið. Það má segja, að erfitt sé að tiltaka nokkra hundraðstölu í lögum, heldur verði á hverjum tíma að fara eftir ástæðum, áhuga ríkisstj. á því að hafa fjárhæðina svo háa sem frekast er unnt og samstarfsvilja almennings til að draga úr neyzlu sinni. Í frv. ríkisstj. er þó lagt til, að eigi skuli leggja minna en 15% af erlendum gjaldeyri á hverjum tíma til kaupa á framleiðslutækjum. Og ég legg hér áherzlu á, að hér er átt við framleiðslutæki og ekki ýmiss konar óarðbæran innflutning, sem komizt hefur á nýbyggingarreikning til þessa. En vitanlega þarf fjárhagsráð og ríkisstj. að gera þennan lista. Slíkt er ekki venja að lögfesta. Með góðum vilja ríkisstj. til að hafa hundraðshlutann svo háan sem aðstæður leyfa og gera sitt ýtrasta til að fullnægja eftirspurn eftir framleiðslutækjum — þá verður ekki annað sagt en að hér sé forsvaranlega um búið. En við 2. umr. bar hv. 2. þm. Reykv. fram brtt. um að leggja til hliðar, hvernig sem á stæði, 25% af útflutningsverðmæti, og taldi það þýða fullkomna stöðvun á öllum framförum, ef það væri ekki samþykkt. Því hærra sem farið er með þessa hlutfallstölu, því nauðsynlegra er að gera um leið ráðstafanir til, að tilsvarandi sparnaður sé innanlands, og vel gæti til þess komið, að það þyrfti að innleiða skömmtun á öllum nauðsynjum, skófatnaði, vefnaðarvöru og öðru, sem enn hefur ekki verið skammtað, skyldusparnað og annað, svo að kaupgetan sprengi ekki verðlagið innanlands. En engar till. þess efnis fylgdu till. 2. þm. Reykv. (EOl), enda væri það ekki í samræmi við þá kauphækkunarstefnu, sem nú er verið að hefja. En þetta er algengt fyrirbrigði í stjórnmálum — og mjög hættulegt fyrir það jafnvægi, sem nauðsynlegt er í áætlunarbúskap. Ég er þess fullviss, að ákvæði stjfrv. er hæfilegt sem lágmark, og aukið fjármagn til framfara verður að vera undir afkomu þjóðarinnar komið og samstarfsvilja almennings — bæði ríkra og fátækra. Þegar búið er að ráðstafa okkar setuliðságóða, þá verður ekki hjá komizt, að það hægi á ferðinni, og er þeim ekki um að kenna, sem við tekur. Þó verður haldið áfram á þeim brautum, sem síðasta stj. lagði út á, eftir beztu getu.

Í 2. gr. frv. er mælt svo fyrir, að fjárhagsráð samræmi framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, svo að þær verði gerðar eftir fyrir fram samdri áætlun, sem ríkisstj. samþykki, og í 3. gr. að ársáætlanir skulu gerðar um heildarframkvæmdir. En við þetta bar hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, fram brtt. um, að gerðar skyldu 5—10 ára áætlanir um nýsköpun atvinnulífsins. Nú liggur það í augum uppi, að þegar gerðar eru ársáætlanir, þá þarf að hafa lengra sjónarmið. En þó er framtíðin ekki svo skýr — og það sízt nú fyrstu eftirstríðsárin —, að það sé vert að kalla þær hugleiðingar og ritgerðir, sem samdar eru um langa og óljósa framtíð: „staðfestar áætlanir ríkisstj.“ Fjárhagsráð með sínum aðstoðarmönnum þarf að gera sér ljósa hina stóru drætti þróunarinnar og vekja umhugsun og umræður meðal almennings um framtíðarmöguleika þjóðarinnar, en „áætlunar“ nafnið er rétt að takmarka við svo stuttan tíma, að einhverju sé að treysta um framkvæmdir. Það er margt fyrir okkur í óvissu, og ekki sízt hin erlendu viðskipti, — útflutningur, verðlag, efni og vélar, — að það er varlegra fyrir okkur fyrst um sinn að fara gætilega í ákvörðunum, Við erum byrjendur, sem þurfum að þreifa okkur áfram, og skipulagður þjóðarbúskapur stekkur ekki á einu vetfangi úr höfði neins nýsköpunarráðs eins og Aþena alvopnuð úr höfði Seifs forðum. Við erum byrjendur og vantar enn jafnvel hinn nauðsynlegasta hagfræðilega grundvöll. Okkur vantar líka menn, sem þurfa að alast upp við þessar nýju þjóðfélagsskyldur í nánu samstarfi við þá, sem eru hinir raunverulegu brautryðjendur atvinnuveganna. Þróunin verður ekki strikuð út af lærðum manni á skrifstofu og kölluð 10 ára áætlun. Það er jafnvel ekki úr vegi að benda á, að í sjálfu Ráðstjórnar-Rússlandi hófst ekki 5 ára áætlunarbúskapurinn fyrr en 10 árum eftir byltinguna, og er þó ólíkt hægara að áætla í landi, sem er heil heimsálfa og sjálfu sér nógt, og þar sem hægt er að flytja vinnuaflið eftir fyrirmælum yfirvaldanna — en í landi,

sem á hálfa afkomu sína undir erlendum viðskiptum og ætlar að sveigja saman frjálsræði þegnanna og þörf þjóðarheildarinnar. Það má einnig minna á, að nýbyggingarráð úthlutaði sínum 300 millj. án þess að hafa nokkra 10 ára né heldur 5 ára áætlun í baksýn. Það mun því nógu hratt af stað farið að fela fjárhagsráði að gera áætlanir, sem þó geta ekki verið bindandi, til eins árs í senn og láta það frjálst um allar hugleiðingar og ráðagerðir til lengri tíma, sem hvort sem er koma ekki til úrslita eða framkvæmda fyrr en jafnóðum og árin líða.

Ég skal nefna til dæmis till. hv. 2. þm. Reykv. (EOl) um sjávarútveginn, sem á að vera eins konar 5 ára áætlun, samin af nýbyggingarráði, frá 1946 til 1951, og á þá árið 1951, eins og í till. segir, „að vera lokið höfuðframkvæmdum á því sviði", og síðar er að vísu bætt við „í bráð". Þar er lagt til að kaupa minnst 20 nýja togara. En þetta ákvæði á ekki heima í frv. um starfsaðferðir fjárhagsráðs og stefnumið. Slíkar till. má bera fram sérstakar, rétt eins og í tíð fyrrv. stjórnar, og skal ég alveg ósagt látið, hvort togarar verða 10—20 eða 30 fleiri eftir 4 ár en nú. — Þá er till. um að koma upp fiskiðjuverum ríkisins á 4 stöðum: Hornafirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Suðurnesjum, en annars staðar eiga einstaklingar eða hreppsfélög að sjá um sig með lögákveðnum lánum. Nú má það merkilegt heita, ef ríkið á að reka slík fyrirtæki einmitt á þeim stöðum, sem sumir hverjir geta bezt bjargað sér sjálfir, — og skilja eftir hina smærri staði, sem engan atvinnurekstur hafa nema útgerð. Mér skilst á þessu, að þorpin séu flest of smá til að hægt sé að taka þau upp í þjóðarbúskapinn, og jafnframt sé ég í hinni stóru áætlun, að enga báta skuli byggja til 1951 minni en svo, að þeir geti verið einir um nót á síldveiðum. Það verða mörg sæmileg mið, landróðrar og jafnvel þorp, þar sem margir okkar beztu sjómenn hafa lært sjóinn frá barnsaldri, lögð niður, ef þessa áætlun á að samþykkja. Það er ekki svo, að ég sé hræddur um framkvæmd á þessu, en svona getur ýmislegt smávegis gleymzt á skrifstofum. — Þá er í brtt. Einars Olgeirssonar, hv. 2. þm. Reykv., fjárhagsráði falið að koma upp: lýsisherzluverksmiðju, síldarniðursuðu- og tunnuverksmiðju og einni síldarbræðslu, — en allt þetta er talið í sérstökum lögum og hér ekki þörf. Þá eru nefnd hraðfrystihús og hafnir og verbúðir, en um þetta gegnir sama máli, aðstoð ríkisins um lánveitingar til þeirra er einnig ákveðin í sérstökum lögum. — Þannig er þá um þessa 5 ára áætlun sjávarútvegsins; þar er, eins og sagt hefur verið, margt nýtt og margt gott, — en hitt á þó enn betur við, að hið góða er ekki nýtt, og hið nýja er ekki gott. — Það er margt fleira í 5 ára áætlun nýbyggingarráðs, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hefur ekki treyst til að taka upp í till. sínar, og skal ég ekki vanþakka þá viðleitni, sem þar er sýnd til að hugsa fram í tímann — en þetta sýnir og sannar, að hér er ekki um áætlun að ræða, sem á það nafn skilið í hinni nýju merkingu orðsins, heldur ritgerð eða hugvekju til að skapa umræður meðal sjómanna og útgerðarmanna, en á ekkert erindi inn í þetta frv. eða löggjöf að svo stöddu. Það er þó til varnaðar, að þeir, sem samið hafa þetta álit, virðast leggja til, að allt fjármagn þessara 5 ára fari til sjávarútvegsins eins — og fyrst síðar sé hægt að sinna öðrum limum þjóðarlíkamans. Svo fer stundum þeim, sem stara á einn blett, að þeir blindast fyrir umhverfinu. En það má sízt henda þá, sem eiga að áætla alhliða þróun atvinnulífsins, þó ekki sé nema til eins árs í senn.

Þá eru enn till. hv. 2. þm. Reykv. (EOl) um iðnaðinn, og bera þær þess vott, að ekkert fjármagn er honum ætlað fyrr en þróun sjávarútvegsins „er lokið í bráð", eins og þar stendur. Á árunum 1950—1955 á að reisa slík raforkuver, að þau geti nægt til sköpunar stóriðju, sem þó er ekki getið, hver skuli vera, og skal þó skv. brtt. sérstaklega rannsaka virkjunarskilyrði við Urriðafoss í Þjórsá. Hins vegar er ekki í till. minnzt á hinn smærri iðnað, sem nú er til vísir að, og mætti þó ætla, að þar væru ýmis viðráðanleg viðfangsefni, og langt mun sumum brautryðjendum í hinum smærri iðnaði þykja að bíða fram yfir 1955 eftir því, að þjóðfélagið geti litið til þeirra í viðleitni sinni til að skapa hér atvinnu, öryggi og vellíðan. Ég er líka hræddur um, að ýmis héruð og fulltrúar þeirra hefðu líka viljað sjá sinn foss prýða frv. og ekki láta Urriðafoss einan kveða þar sína Gilitruttrímu fyrir alla þjóðina. En það er ekki í samræmi við eðli þessa frv. að nefna neinn einstakan eða heila tylft af fossum, og það skildu þingmenn yfirleitt. Það hafa nýlega verið sett raforkulög, og fjárhagsráð og ríkisstj. geta látið rannsaka alla þá virkjunarmöguleika, sem líklegastir eru taldir — og þá sérstaklega til að fullnægja þeim verkefnum, sem þegar eru fyrir hendi, — en ekki einhverri tröllaukinni stórvirkjun, sem enginn veit, hvað á að vinna.

Till. hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, um 10 ára áætlun landbúnaðarins er til annars staðar, í frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins, sem liggur fyrir þessu þingi, þó að hún sé öðruvísi orðuð þar og engin 10 ár nefnd. Þá skal og bent á, að í till. hans er ekkert um 5 eða 10 ára skipulagningu á framkvæmdum sjálfs ríkisins og einstakra bæja og hreppsfélaga, og eru það þó langsamlega stærstu vinnuveitendur þjóðarinnar, og fjárhagsráði skylt að hafa hliðsjón af þeim í heildaráætlunum sínum.

Það má með fullum sanni segja um þessa þrjá aðila: iðnaðinn, t. d. byggingar- og smáiðnað, sem ekki er mjög háður erlendum hráefnum, landbúnaðinn og þá sérstaklega ræktunarstarfið, sem og um almannavaldið, t. d. vega- og hafnargerðir, að þessir þrír aðilar eru líklegastir til að geta komið í veg fyrir tímabundið atvinnuleysi, því að framkvæmdir þeirra eru hvað mest óháðar erlendum viðskiptum og hægt að stofna til þeirra með tiltölulega stuttum fyrirvara. Það má því ætla þessum aðilum að taka af stærstu truflanir, sem leitt geta af snöggum verðbreytingum á erlendum markaði. Við ráðum bezt við þá starfsemi, sem notar mest innlend hráefni. Það er viðráðanlegast að afla fjár til slíkra starfa, því að það getur ekki talizt neinni þjóð hættulegt að skulda sjálfri sér, *ef þjóðarauðurinn vex til jafns eða umfram skuldasöfnunina*. En sé ekki almenningur nógu samstarfsfús, getur þurft að grípa til skyldusparnaðar eða lána, og er slíkt engin frágangssök.

Það er sama að segja um till. 2. þm. Reykv. (EOl) um byggingarmálin, að hún er óþörf til viðbótar ákvæðum sjálfs frv. um það, að fjárhagsráð skuli starfa að því, „að húsnæðisskorti og heilsu-

spillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúða." Auk þess eru til nýleg lög um þetta efni, og vantar ekkert á annað en útvegun nægilegs fjár — en því ræður till. EOl enga bót á —, og er það eitt aðalviðfangsefni fjárhagsráðs og ríkisstj. að finna ráð til að leysa þann vanda.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á till. EOl um verzlunina. Skal fjárhagsráð samkv. henni draga undan henni fjármagn og takmarka verzlunargróða, svo að aðrar atvinnugreinar þyki álitlegri. Nú er það svo, að álagningarvaldið er í höndum ríkisvaldsins, og þegar veitt eru innflutningsleyfi, verður ekki hjá því komizt, að einhver fari með þá verzlun. Þeir, sem vilja skipta við kaupmenn, eru frjálsir að því, og hinir, sem ekki vilja una heildsalaokrinu, eiga allir kost á að vera í samvinnufélögum og taka hinn mikla verzlunargróða undir sjálfum sér. En þegar koma slík ár eins og 1946, að útdeilt er innflutningsleyfum fyrir samtals 800 millj. kr., þá verður ekki hjá því komizt, að það hækki kaupmannagróðann, — og er þessi till. nokkuð seint á ferðinni til þess að koma í veg fyrir það. Minnkandi innflutningur nú og lægri álagning, sem nýlega hefur verið ákveðin, munu draga mjög úr verzlunargróða þessa árs. En það hefur víst ekki þótt fært að sleppa heildsölunum í brtt., því að nú er það mikil tízka að benda á þá, ef ríkið vantar fé eða lífga þarf kjósendur um kosningar. Það er fámenn stétt og þægileg, líkt eins og Gyðingar fyrir Hitler. En ólíkt kann ég betur við ákvæði sjálfs frv. um þetta efni, en það hljóðar svo: „Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt." Er hér miðað við hagsmuni neytenda og framleiðenda og frjáls viðskipti þeirra, — og ætti það að ná réttmætum tilgangi.

Við annað hljóð kveður aftur í brtt. hv. 2. þm. Reykv. (EOl) um svonefndar framleiðslunefndir, sem stofna má á vinnustöðum, þ. e. a. s. við hvert framleiðslufyrirtæki sem er, og eiga að hafa „rétt til þess að fá aðgang að reikningum viðkomandi fyrirtækja til þess að geta gert tillögur um bætt rekstrarskipulag, betri hagnýtingu fjármagnsins, viturlegri innkaup eða sölu og sparnað við stjórn og rekstur fyrirtækisins." Það er ekkert nánar tekið fram um það, hvernig til þessara nefnda skuli stofnað, en hér er öllum landslýðnum vísað inn á skrifstofu hvaða framleiðslufyrirtækis sem er og gerast þar nokkurs konar forstjóri. Ekki veit ég, hvort þetta er gert til að hvetja þá, sem einhver peningaráð hafa, til að stofna ný fyrirtæki, en hitt þykist ég vita, að svona tillaga verður vart samþykkt á Alþingi, meðan nokkuð er byggt á einstaklingsrekstri. Á þennan hátt er ekki hægt að stjórna fyrirtækjum. Það er máske ekki ástæðulaust að benda á í þessu sambandi, að þó að verkamannanefndir yfirtækju verksmiðjur og atvinnufyrirtæki í Rússlandi í byltingunni, þá var snemma á árum Lenins horfið frá því og að eins manns forstjórn, sem var svo ábyrgur gagnvart ríkisvaldinu. Ef ísl. ríkisvald teldi sér rétt að hafa afskipti af einstaklingsrekstri, þá mundi allur annar háttur vera hafður á en lagt er til í þessari till., — enda hefur nýbyggingarráð átt þátt í að auka og stofna mörg ný fyrirtæki án nokkurrar slíkrar klásúlu.

Ég hef nú sýnt fram á, að till. hv. 2. þm. Reykv. (EOl), sem allar voru felldar, eru ekki nauðsynlegar fyrir tilgang og starfsemi fjárhagsráðs. Sumar þeirra geta að vísu verið til leiðbeiningar, en eiga ekki við í lögum. Þegar stigið er fyrsta stóra sporið til samræmingar í atvinnulífi þjóðarinnar, ætti sízt að vera ástæða til að halda því fram, að stofnað sé til stöðvunar og atvinnuleysis. Við ættum allir að geta verið sammála um, að þjóðfélagið hefur tök á því að samræma og örva framkvæmdir í landinu. Þjóðfélagsvaldið eitt er þess umkomið að skapa jafnvægi: stuðla að því, að fjármagnið sé hæfilegt til að halda öllum höndum starfandi. Ríkisvaldið eitt getur dregið úr forgangsleyfum, þegar eftirspurnin er of ör, og ríkisvaldið á að hafa forustu um að örva framtakssemina, þegar þess þarf með, og leggja sinn skerf til. Þjóðfélagið hefur möguleika, sem eru á einskis félags eða einstaklings valdi, og þó ekki til fulls nema þegnarnir sýni skilning og samstarfsvilja. Þjóðfélagið getur ákveðið, hve mikið af þjóðartekjunum skuli ganga til neyzlu, en það er erfitt að klípa af neyzlunni, nema þegnarnir séu fúsir til sparnaðar og vilji leggja að sér um skeið til að ná betri árangri í framtíðinni um almenn lífsskilyrði og menningu. Það er ekki hægt að festa annað verðmæti en það, sem er afgangs neyzlunni. Fjárfestingin getur ekki að ósekju farið fram úr sparnaðinum. Möguleikum þjóðfélagsins eru takmörk sett. Gullkálfurinn á að vísu að vera þjónn, þarfasti þjónninn, — en það verður að fara vel með hann, eins og hvert annað húsdýr.

Mér kemur ekki til hugar að halda því fram, þó að við tökum nú upp eftirlit með fjárfestingu og framkvæmdum, að við höfum himin höndum tekið og að aldrei komi hér framar atvinnuleysi né óáran. Það eru ýmis öfl og ytri skilyrði, sem við ráðum ekki einir við. Svo er um aflamagn og uppskeru. Okkar þjóð hefur meiri erlend viðskipti á nef en allar aðrar þjóðir. Við erum háðir þróuninni í viðskiptum og þjóðfélagsmálum annarra þjóða. Það er erfitt að sjá fyrir okkar erlendu markaðsskilyrði. Útflutningur okkar er einhæfur. Sjávarútvegurinn verður að borga svo að segja allt, sem þetta land vantar: timbur, málma og korn. Og af okkar útflutningsvöru er ég hræddur um, að ekki sé nema ein tegund, sem nú væri hægt að selja til nokkurs arðs — en það er lýsið. Það er feitmetishungur, og má reikna út, að það kemur til að vara um hríð. En lýsið getum við ekki selt frá fiskinum, sem bæði hefur þrengri markað og borgar ekki framleiðslukostnað eins og stendur. Jafnvel Rússinn vill ekki greiða framleiðslukostnaðinn, og þó virðast vinir þeirra hér á landi vera í þeim ham, að ætla enn að auka framleiðslukostnaðinn. Til langframa er ekki hægt að framleiða yfir markaðsverði. Áætlunarbúskapurinn verður að bera sig eins og hver annar búskapur. Og hann verður að vera liður í stærri áætlun margra þjóða. En svo er fyrir þakkandi, að flestar þjóðir taka nú upp áætlunarbúskap í einhverri mynd.

Sá áætlunarbúskapur, sem hér er hafizt handa um, byggist á frjálsri þjóðfélagsskipun. Það er framtak einstaklingsins, framleiðslu- og kaupfélaga, sveitarfélaga, bæjarfélaga og ríkisheildarinnar, sem á að samræma og jafna frá ári til árs. Framtak

og atorka einstaklingsins og félagssamtaka er enn grundvöllurinn — en þó ekki einhlítt til að stýra þróuninni. Þar þarf almannasamtök til. Hér er ekki stefnt að þjóðnýtingu á öllum sviðum. Okkur Íslendingum dugar ekki neinn einn -ismi, hvort sem það er kapitalismi eða kommúnismi. Okkar þróun verður svipuð og hjá okkar skyldustu þjóðum vestrænnar menningar, atvinnurekstur inn skiptist eftir eðli sínu milli einstaklinga, samtaka, bæjarfélaga og ríkisins sjálfs, — en þjóðfélagið stýrir þróuninni til aukinna framfara, velmegunar og menningar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að mörgum hafi þótt harla einkennilegt að heyra málflutning hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, hér áðan. Hann leyfði sér að halda því fram, að þeir sósíalistar hefðu lagt alla áherzlu á það á sínum tíma, að allur gjaldeyrisforði landsins, yfir 500 millj. kr., yrði lagður á nýbyggingarreikning. Þetta er alls ekki í samræmi við veruleikann. Það má geta þess, að þegar l. um nýbyggingarráð voru til meðferðar hér á þingi seint á árinu 1944, þar sem ákveðið var að leggja 300 millj. af gjaldeyriseigninni á nýbyggingarreikning, bárum við framsóknarmenn fram till. um að hækka þá upphæð upp í 450 millj., en þá mun gjaldeyriseignin alls hafa verið nálægt 550 millj. kr. Þessi till. okkar var felld m. a. af þm. Sósfl., og engin till. kom fram frá þeim á þingi um að leggja til hliðar meira en þær 300 millj. kr., sem l. kveða á um. Samkv. l. um nýbyggingarráð átti að leggja 15% af gjaldeyri hvers árs á nýbyggingarreikning. Einar Olgeirsson viðurkenndi í ræðu sinni, að þessi l. hefðu verið brotin af þeirri stjórn, sem hans flokkur var þátttakandi í, enda var það svo.

Í 1. gr. þessa frv. er ákvæði um það, að af andvirði útflutningsins hvert ár skuli jafnan leggja 15% á sérstakan reikning erlendis, og sé því fé eingöngu varið til kaupa á framleiðslutækjum. *Þetta er samhljóða fyrirmælum, sem nú eru í l.* um nýbyggingarráð. Við 2. umr. um þetta mál bar hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, fram brtt. um þetta atriði. Samkv. henni vildi hann láta ákveða að leggja 25% af útflutningsverðmætum ár hvert á þennan reikning. Þessi brtt. hans var felld, þar sem meiri hl. þm. taldi óvarlegt að slá því föstu, að ¼ hluti af gjaldeyristekjunum skyldi lagður til hliðar á þennan hátt, ekki sízt þar sem allt er í óvissu um afurðasöluna framvegis, því að vitanlega er það meiningin, að þetta ákvæði verði ekki aðeins dauður bókstafur eins og það var s. l. ár. Útflutningsverðmætið nam 291 millj. kr. árið 1946, og samkv. l. átti að leggja 15% af því, eða tæpar 44 millj. kr., á nýbyggingarreikning. Nú er það viðurkennt af hv. 2. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, að þetta hafi ekki verið framkvæmt af fyrrv. stjórn á árinu 1946. Hún hafði þó til ráðstöfunar, ekki aðeins útflutningsverðmæti ársins, 291 millj. kr., heldur að auki um 177 millj. kr., sem voru til í ársbyrjun 1946 fyrir utan nýbyggingarreikning. Það lítur út fyrir, að hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, beri mikið traust til þeirrar stjórnar, sem nú hefur tekið við, þar sem hann gerir ráð fyrir, að hún geti lagt til hliðar á nýbyggingarreikning ¼ af væntanlegu útflutningsverðmæti, þó að sú stjórn, sem hans flokkur var þátttakandi í og studdi, legði ekki einn eyri til hliðar til kaupa á framleiðslutækjum, enda þótt hún hefði hátt á annað hundrað millj. til ráðstöfunar auk útflutningsins á árinu. Þessar gömlu eignir eru nú allar til þurrðar gengnar og því útflutningsverðmætið eitt, sem á er að byggja.

Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, talaði um það við 1. umr. þessa frv. hér í d., að nú þyrfti þjóðin að spara, til þess að hægt væri að verja meira en 15% af gjaldeyristekjum hvers árs til kaupa á nýjum tækjum. Hann sagði enn fremur, að það væri hættulegt að stofna til skulda í útlöndum. Þetta er rétt, en þetta hefði hann átt að athuga fyrr, um það leyti sem hans flokkur fór í ríkisstj. og meðan hann var í ríkisstj. Það var ekkert smáræði, sá gjaldeyrir, sem þeir höfðu til umráða. Gjaldeyrisinneignin var, þegar þeir settust í stjórn, um 550 millj. kr. Útflutningsverðmæti beggja áranna 1945 og 1946 nam rúmlega öðru eins, svo að samtals hefur það verið yfir einn milljarður króna, sem þeir hafa haft til ráðstöfunar. Aðeins lítill hluti af þessu hefur farið til svo kallaðrar nýsköpunar, en mikill meiri hluti til venjulegrar eyðslu. Þetta er auðvitað ekki í fyrsta skipti, sem ráðlitlir menn fara þá fyrst að tala um að spara, þegar þeir eru búnir að eyða þeim arfi, sem þeir hafa fengið í hendur. Það er gömul og ný saga.

En svo segjast þessir menn hafa farið inn í stjórn til þess að tryggja nýsköpunina. Hafa menn heyrt annað eins? *Saga liðinna ára sýnir, að þeir hafa* fyrst og fremst farið í stjórn til þess að eyða fé í annað, og ekki sögðu ráðh. þeirra af sér vegna ágreinings við aðra ráðh. um þessi mál, eyðsluna. Nei, ónei. Þar var allt annað gefið upp.

Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, talar um, að óhamingju Íslands verði allt að vopni, því að nú verði ekki áframhald á stefnu fyrrv. stjórnar, að því er manni skilst.

En ég er nú bara hræddur um, að það verði lítið úr áframhaldi nýsköpunarinnar, ef fylgt verður eyðslustefnu þeirrar ríkisstj., sem Sósfl. var þátttakandi í. Hv. þm. talar um, að menn verði kallaðir til reikningsskila. Víst væri þörf á því að kalla þá menn til reikningsskila — þar á meðal þm. Sósfl., sem með óhófseyðslu erlends gjaldeyris á síðustu árum glötuðu að verulegu leyti möguleikum þjóðarinnar til nauðsynlegra framkvæmda og framfara. Þessa menn á að kalla til reikningsskila. Hv. þm. talar um till. sínar nú sem einhverja úrbót. Hvaða töfralyf er hann þar með? Hvort mundi sá gjaldeyrir, sem flokkur hans sóaði, koma aftur, ef till. hv. þm. væru samþykktar? Ég hef ekki séð þess getið í till. hv. þm. Hann flytur m. a. till. um, að gerðar verði áætlanir um þjóðarbúskapinn. Þessi hv. þm. var í nýbyggingarráði og átti að gera slíka áætlun, en gerði það ekki.

Eins og þegar hefur verið tekið fram í þessum umr., er það eitt af aðalverkefnum hins væntanlega fjárhagsráðs að samræma framkvæmdir einstaklinga og hins opinbera. Vissulega er þess þörf, að betur sé vandað til undirbúnings opinberra framkvæmda og áætlana um þær en gert hefur verið nú um skeið, því að mjög hefur skort á sæmilegan undirbúning og fyrirhyggju við ýmsar stórar ríkisframkvæmdir. Sem dæmi um það má nefna byggingu síldarverksmiðjanna á Skagaströnd og Siglufirði, sem sagt var fyrir síðustu kosningar, að

mundu verða tilbúnar í byrjun síldarvertíðar 1946, en eru langt frá því að vera fullgerðar enn. Fyrst var lántökuheimildin vegna þeirra hækkuð úr 10 millj. í 20 millj. króna. Næst sagði fyrrv. atvmrh., að lánið þyrfti að hækka upp í 27 millj. og að framkvæmdir væru það vel á veg komnar, að fyrirsjáanlegt væri, að verksmiðjurnar mundu kosta um það bil þessa upphæð. Þetta var í apríl í fyrra, tveim mánuðum fyrir alþingiskosningarnar. En í nóvember í haust biður hann þingið um að hækka lánsheimildina upp í 38 millj. vegna verksmiðjanna, og nú í vikunni sem leið var áætlaður kostnaður við þessar verksmiðjubyggingar kominn upp í 43 millj. kr. Ekki skakkaði nú meira en 16 millj. hjá karli frá því, sem hann sagði fyrir einu ári! Á þessu sviði þarf vissulega að taka upp önnur og betri vinnubrögð. Slík hroðvirkni og flaustur við undirbúning þýðingarmikilla stórframkvæmda er vissasta leiðin til þess að sigla þeim í strand á miðri leið. — Og vonir okkar um framfarir eru fyrst og fremst byggðar á því, að nú eru þeir menn farnir úr ríkisstjórn, sem fyrirhyggjuminnstir og eyðslusamastir hafa verið allra þeirra, sem þar hafa setið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hefði getað búizt við því eftir þá ræðu, sem ég hélt hér áðan, að hv. 2. þm. Reykv., sem vitanlega hefur stofnað til þessara umr. til þess að halda eina af sínum Sölva-Helgasonar-ræðum hér á Alþ., mundi láta þar við sitja, en því var ekki að heilsa. Þeir, sem hlustuðu á mitt mál og hans og vita, að hér hafa talað tveir þeirra manna, sem sæti hafa átt í nýbyggingarráði allan tímann, sem það hefur starfað, geta, ef þeir hugsa um, hvað sagt hefur verið, auðveldlega séð, hver munur var á málfærslunni. Ég lýsti staðreyndum, hvað fram hefði farið í nýbyggingarráði, og ég bætti við það þeirri ósk, að hinni nýju stofnun mætti auðnast að taka við, þar sem nýbyggingarráð hætti, og tengja saman endana, þannig að sem minnst truflun yrði á nýsköpunarstarfinu, sem hv. 2. þm. Reykv. og ég höfum starfað að í bróðerni undanfarin ár.

Í minni ræðu kom ekki fram hnúta eða aðfinning til nokkurs manns né stéttar. En hvað skeður svo, þegar hv. 2. þm. Reykv. kemur hér í ræðustólinn? Fyrir utan hans hugsjónadraumóra, sem voru mér ekkert nýnæmi, þá þurfti hann endilega að bera hér á borð það andlega fóður, sem hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hefur því miður drukkið í sig í allt of ríkum mæli: gamlar leifar, fúlar dreggjar úr kommúnistasellunum, áburður um svik. Og svo er alið á þessu, sem hans flokkur hefur frá fyrstu tíð borið fyrir þessa þjóð, stéttarígnum. Ég átti ekki von á því, að hv. 2. þm. Reykv. mundi í þetta skipti falla fyrir þessari freistingu, en raunin hefur orðið önnur.

Það, að hefjast handa um öflun nýrra framleiðslutækja á svo mörgum sviðum, sem raun ber vitni um, og verja drjúgum hluta af innistæðum þjóðarinnar, eins og gert var með nýsköpuninni svo nefndu, til þess með öflun hinna nýju tækja að gera þjóðina færari í lífsbaráttunni og girða fyrir atvinnuleysi í framtíðinni, var ekki annað en það, sem þingi og ríkisstj. var skylt að gera, eins og á stóð. Enginn einn stjórnmálaflokkur getur eignað sér hvorki hugmyndina né framkvæmdirnar. Nýsköpunin, sem hafin var undir forystu Sjálfstfl., átti sér fylgismenn í tugþúsundatali meðal þjóðarinnar og innan allra flokka, enda þótt einn þeirra, Framsfl., sem var í andstöðu við ríkisstj. og tók því ekki sem flokkur þátt í störfum nýbyggingarráðs, og blað hans, Tíminn, tæki jafnan mjög óheppilega afstöðu til þessara mála, og svo hitt, að annar stjórnmálaflokkur, kommúnistarnir, hlupu undan merkjum nýsköpunarstjórnarinnar á s. l. hausti. Þrátt fyrir hvort tveggja þetta er það víst, að mikill meiri hluti þjóðarinnar aðhylltist nýsköpunina. Það sýnir bezt hin mikla þátttaka í framkvæmdunum á hennar vegum, sem menn úr öllum landshlutum standa að.

Fyrrv. ríkisstj. tók þetta mál að sér í upphafi, eins og lýst hefur verið, og núverandi ríkisstj. setur það hæst á stefnuskrá sína að halda nýsköpuninni áfram. Það skiptir ekki mestu, hvaða hundraðshluti af andvirði útflutningsins er ákveðinn fyrir fram til þess að afla enn nýrra tækja í viðbót við þau, er þegar hafa verið fengin. Hitt tel ég meiru varða, að nú sé svo búið að þeim, sem lagt hafa hönd á plóginn, að þeir geti öruggir og óttalaust haldið áfram að vinna að sínum þætti í nýsköpuninni og þar með vinna sér og allri þjóðinni sem mest gagn.

Kommúnistar verða að gera sér það ljóst — og ég efast ekki um, að þeim er það þegar ljóst —, að ekkert er eins skaðlegt nýsköpuninni eins og verkföll, vinnustöðvanir eða hótanir um slíkar aðgerðir. Öll þjóðin veit, að hvað vel sem búið er um hnútana að öðru leyti, eru truflanir á atvinnulífinu af þeim ástæðum, sem nú greindi ég, bani ráð við nýsköpunina. Kommúnistafl. brást nýsköpuninni, þegar hann sprengdi nýsköpunarstjórnina á s. l. hausti. Hans sök er það, að 117 daga stjórnarkreppa eyðilagði öll störf þingsins á þeim tíma og gerði það verklaust og landið stjórnlaust. Hans sök var það líka, að fyrir þessar sakir dróst á langinn óhæfilega langan tíma að semja um sölu afurðanna á erlendum vettvangi. — Kommúnistar höfðu öðrum hnöppum að hneppa. Þeir eyddu tímanum fyrir hinum flokkunum með óverjandi tvöfeldni og höfðu, eins og sagt er, tungur tvær og töluðu sitt með hvorri. Þeir reyndu að tefla hinum flokkum þingsins hverjum á móti öðrum, í stað þess að þeim hefði verið skylt að vinna að einingu á Alþ. Þeir hefðu að minnsta kosti átt að gera það til þess að tryggja framgang nýsköpunarinnar, fyrst þeir eru svo skapi farnir að tortryggja alla aðra í þessu efni. Þeir létust vera til í tuskið hvað stjórnarmyndun snerti við fleiri en einn í einu. Á meðan sumir þeirra sátu og sömdu eða létu semja um endurreisn fyrrv. ríkisstj. með sömu flokkum og áður, voru flokksfélagar þeirra á leynifundum með framsóknarmönnum og einstaka mönnum úr Alþfl., sem þeim voru að skapi, og höfðu þeir látið miklar ráðagerðir uppi um svo kallaða vinstri stjórn. Allt þetta laumuspil var rekið með flokkshagsmuni eina fyrir augum. Ekki datt þeim í hug að stuðla að því, að afgreiðsla fjárlaganna gæti farið fram á sómasamlegan hátt, né heldur að afgreiða önnur nauðsynjamál þingsins. Nei, allt þetta mátti bíða að þeirra dómi. Þá lá þeim og í léttu rúmi, að því er virtist, hvernig færi með sölu afurðanna, eins og áður segir, því að þeir hirtu ekkert um að vinna að því, að ábyrg ríkisstj. væri til, sem staðið gæti fyrir samningagerðum við erlendar þjóðir.

Jafnvel eftir það, að þessi flokkur hafði orðið þess valdandi, að nær 4 mánuðir þingtímans fóru forgörðum vegna stjórnarkreppunnar, og jafnvel þegar í slíkt óefni var komið, að ekki leit út fyrir annað en að forseti lýðveldisins yrði í annað sinn að leita út fyrir Alþ. til þess að mynda ríkisstj., neituðu kommúnistar afdráttarlaust, eftir því sem upplýst hefur verið, að ræða um myndun þingræðisstjórnar undir forystu Alþfl. Svona hrokafullir voru þessir vesalings menn orðnir af þeim völdum, sem þeir um stund höfðu haft í ríkisstj.

Það er von menn spyrji, hvað vaki fyrir þeim flokki, sem þannig hagar sér á Alþ., og það er von, að menn spyrji líka: Er þetta leiðin, sem leiðtogar þjóðarinnar eiga að fara til þess að tryggja nýsköpunina?

Hið eina, sem vitað er, að kommúnistar hafa afkastað á þessum tíma, er það að semja svo kallaða stefnuskrá fyrir flokk sinn eða skilyrði fyrir stjórnarmyndun á 14 fólíóblaðsíðum.

Þjóðin veit — og kommúnistar vita það líka —, að raunhæf nýsköpun, þ. e. a. s. endurreisn og stórfellt nýtt framtak í atvinnumálunum, er ekki bylting, heldur þróun. Þar er það ekki höfuðskilyrðið, að flaggað sé með fjarstæðukenndum — nærri stjarnfræðilegum — tölum um afrakstur, framkvæmdir og þess konar, en hlaupa síðan á brott frá öllu saman, áður en verkið er enn hálfnað.

Þjóðin, sem fagnaði nýsköpuninni, og hinn mikli fjöldi framtaksmanna landsins, sem af áhuga hefur tekið þátt í nýsköpuninni, á kröfu á allt öðrum vinnubrögðum gagnvart atvinnuvegum landsins en þeim, sem kommúnistar beita.

Núverandi ríkisstj. hefur efst á sinni stefnuskrá sem hlutverk sitt að tryggja góð og örugg lífskjör allra landsmanna og að halda áfram og auka nýsköpun í íslenzku atvinnulífi. Þetta mun líka vera að vilja þjóðarinnar.

Hitt vita allir, að kommúnistar meta nú mest það, að skapa að nýju glundroða í stjórnmálum landsins, koma af stað nýrri stjórnarkreppu til þess eins, ef vera mætti, að þeir næðu því að ná völdum. Það er nú fullreynt, að ekki þarf að ræða við kommúnista um þjóðlega einingu.

[Hér mun vanta tvær stuttar ræður EOl og ÁÁ, sem innanþingsskrifari (Björn Bald) hefur ekki staðið skil á handr. að, eftir því sem lestrarsalsvörður skýrir frá.]

Forseti (GÞ): Mér hafa borizt skrifl. brtt. frá meiri hl. fjhn. og í öðru lagi frá 6. þm. Reykv. — Mun ég leita afbrigða fyrir þessar till., svo að þær geti komið til atkv. á næsta fundi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 820 og 824) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 774, 769, 786, 792, 797, 820, 823, 824).

ATKVGR.

Brtt. 823,1 felld með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl, HermG, JPálm.

nei: JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GTh, GÞG, HÁ, HB, IngJ, JóhH, JS, JJ.

3 þm. (FJ, HelgJ, BG) fjarstaddir.

Brtt. 786,1 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 823,2 felld með 15:11 atkv.

— 792,1 felld með 20:8 atkv.

— 792,2 felld með 17:8 atkv.

— 824 felld með 21:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HermG, JJ, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, EOl.

nei: EmJ, EystJ, GSv, GTh, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, ÁÁ, BÁ, GÞ.

GÞG, StgrSt greiddu ekki atkv.

3 þm. (FJ, HelgJ, BG) fjarstaddir.

Við nafnakallið gerðu svo grein fyrir atkv.:

Ingólfur Jónsson: Með því að hér í 12. gr. frv., sem ég geri ráð fyrir, að verði samþ., er það tekið fram (orðrétt), að það sé m. a. hlutverk fjárhagsráðs, að „reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu", og ef þetta verður samþ., sé ég ekki, að ástæða sé samhliða því að samþykkja brtt. á þskj. 824, og ég segi því nei.

Jónas Jónsson: Þetta er eitt af þeim sjaldgæfu tilfellum, þar sem maður getur með góðri samvizku fylgt kommúnistum. Og í þessu tilfelli ætla ég að nota orð eins góðs læknis, nefnilega að það er hægt að nota eiturlyf til góðs í einstöku tilfellum. Þess vegna segi ég já.

Jörundur Brynjólfsson: Um afgreiðslu þessa máls er samkomulag milli stjórnarflokkanna. Það samrýmist því ekki þeim samningi að lögfesta þessa brtt. Framkvæmd málsins, sem brtt. er um, verður í höndum fjárhagsráðs, og í trausti þess, að þar verði gætt réttinda samvinnumanna, segi ég nei.

Páll Þorsteinsson: Ég segi nei, með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Árn.

Skúli Guðmundsson: Ég vil vísa til grg. hv. 1. þm. Árn. og einnig til þess, að ég er einn af flm. samkomulagstill. um orðalagið á þessari málsgr., sem hér er um að ræða brtt. við, og er sú till. á þskj. 820 frá meiri hl. fjhn. Auk þess vil ég benda á, að það er vafasamt, að hv. flm. þessarar brtt. á þskj. 824 sé mikil alvara með brtt., því að hann greiddi atkv. með brtt. frá hv. 4. þm. Reykv., sem, ef hún hefði verið samþ., hefði útilokað, að þessi brtt. kæmi undir atkv. Ég segi því nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. 1. þm. Árn. tók fram, er mál þetta afgr. með samningi á milli stjórnarflokkanna og í sambandi við önnur mál. Hefur orðið samkomulag um það orðalag á niðurlagi 1. tölul. 12. gr., sem greinir á þskj. 820. Framkvæmd þessa máls verður á valdi fjárhagsráðs. Og í trausti þess, að samvinnufélögin

njóti þar fulls réttar, svo sem ráð er fyrir gert í frv. og brtt. á þskj. 820, þá segi ég nei.

Brtt. 820 samþ. með 21:2 atkv.
— 769, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
— 797 felld með 26:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ.
nei: EystJ, GTh, GÞG, HB, HermG, IngJ, JóhH, JPálm, JörB, KTh, LJós, ÓTh, PÞ, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ.
GSv, HÁ, JS, SK, GÞ greiddu ekki atkv.
3 þm. (FJ, HelgJ, BG) fjarstaddir.
Brtt. 786,2 felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl, HB, HermG, IngJ, JóhH, KTh, LJós, SigfS, SG.
nei: SEH, SK, StgrSt, HÁ, JPálm, JS, JJ, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SB, GÞ.
BÁ, EmJ, EystJ, GSv, GTh, GÞG greiddu ekki atkvæði.
3 þm. (BG, FJ, HelgJ) fjarstaddir.
Við nafnakallið gerðu grein fyrir atkv.:

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég hafði ekki tækifæri til þess að sjá þessa brtt., áður en hún var lögð hér fram. Og eins og kunnugt er, hafa ekki farið fram umr. um þetta mál við þessa umr., nema útvarpsumr., svo að það hefur ekki verið hægt að ræða þessa brtt. hér í hv. d. En ég get ímyndað mér, að það geti verið stundum nauðsynlegt að gera það, sem í fyrri liðnum segir. En síðari liðurinn, ef samþ. væri, hygg ég, að gæti ruglað gjaldeyrisskiptingunni milli bankanna. Og ég hef ekki getað gert mér nægilega grein fyrir, hvaða áhrif þetta mundi hafa. Get ég ekki greitt atkv. um þetta hér í hv. d. Ég mun athuga við meðferð málsins í hv. Ed., hvað rétt þykir í þessu efni. Ég greiði því ekki atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Með tilvísun til grg. hæstv. samgmrh. greiði ég ekki atkv.

Brtt. 792,3 felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermG, KTh, LJós, PÞ, SigfS, SG, StgrSt, ÁkJ, EOl, GÞG, HÁ.
nei: HB, IngJ, JóhH, JPálm, ÓTh, PO, SEH, SK, StJSt, ÁÁ, GSv, GTh, GÞ.
JS, JJ, JörB, SB, SkG, BÁ, EmJ, EystJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (HelgJ, FJ, BG) fjarstaddir.
Við nafnakallið gerði grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Þessi till. var það seint fram borin, að það vannst ekki tími til að taka hana til athugunar í fjhn. Ég greiði því ekki atkv.

Brtt. 786,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 132. fundi í Ed., 14. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 831).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég stend aðeins upp til þess að láta í ljós undrun mína yfir því, að enginn af hæstv. ráðh. skuli sýna þessu stórmáli þann sóma að vera viðstaddur í d., þegar umr. fara fram um það. Þar sem ég tel slíkt alveg ótilhlýðilegt, þá mun ég ekki taka þátt í neinni atkvgr. um málið nú.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GJ, GÍG, LJóh, PM, BSt, BK, ÞÞ.
PZ, ÁS greiddu ekki atkv.
7 þm. (BBen, BrB, HV, HermJ, JJós, SÁÓ, StgrA) fjarstaddir.
Frv. vísað til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 831, n. 918 og 920).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. Ed. hefur haft mál þetta til umr. á mörgum fundum. Ég hef að vísu ekki verið nema á einum fundi, þar sem ég kom inn sem varamaður. Ég ætla ekki hér að rekja frv. þetta að nokkru leyti efnislega, þar sem svo miklar umr. hafa farið fram um það, enda þótt að mínu áliti þetta frv. gengi lengra en nokkur önnur l., sem Alþ. hefur samþ. í þá átt að beina atvinnulífi þjóðarinnar yfir í „planökónómí". Frv. þetta er lagt fram í samræmi við stjórnarsamninginn og byggt að miklu leyti á áliti sérfræðinga, sem fjölluðu um atvinnumál þjóðarinnar. Fjhn. klofnaði í þessu máli, og mun minni hl. skila sérstöku áliti. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. að mestu leyti án breyt., en þó leggur hann til, að breyt. verði gerð á 13. gr. Fyrsta breyt. er sú, að gert var ráð fyrir í frv., eins og það kom frá hv. Nd., að gjaldeyrinum yrði skipt á milli 3 banka, Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans. Meiri hl. n. leggur til, að þessu verði breytt og ákvæði frv. fært í sama horf og það var, þegar frv. var lagt fyrir þingið, þannig að gjaldeyrinum væri skipt að ⅓ og ⅔ milli Landsbankans og Útvegsbankans. Ég skal ekki rekja ástæðurnar fyrir þessu. Ég skal geta þess, að einn maður úr meiri hl. var ekki alls kostar sammála um þetta, og hefur verið gerð grein fyrir því hér í nál., af hverju hann tekur ekki sérstöðu í málinu. Hin breyt. er sú, að n. hefur fallizt á, að ríkisstj. skipi sérstaka menn, sem hér eru kallaðir millibankanefnd, sem hafi það hlutverk að raða niður gjaldeyrisleyfum til afgreiðslu í þeim tilfellum, þegar gjaldeyrisleyfi hafa verið veitt fyrir hærri upphæð en bankarnir geta afgr. á hverjum tíma. N. féllst á, að þetta væri nauðsynleg og réttlát ráðstöfun og að með þessu ákvæði væri fengin trygging fyrir því, að þau gjaldeyrisleyfi, sem mest eru aðkallandi og nauðsynlegust eru, fengju afgreiðslu á undan öðrum ónauðsynlegri gjaldeyrisleyfum. Ég vil svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en legg til, að hv. d. samþykki

frv. með áorðnum breyt., eins og meiri hl. fjhn. leggur til.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, hefur n. klofnað um þetta mál. Ég hef ekki getað orðið meðnm. mínum sammála um þetta mál. Ég hef ekki getað fylgt frv. nema á því yrðu gerðar veigamiklar breyt. Þess vegna hefur n. ekki getað orðið sammála. Þeir, sem hafa fengizt við framkvæmd nýsköpunarinnar á undanförnum 2 árum, hafa fyrir löngu gert sér ljóst, að nauðsynlegt hafi verið að gera víðtækar skipulagsbreyt. á þessum málum. Það er ekki hægt að vinna eftir áætlun og yfirleitt ekki með nein föst markmið í huga, nema eftirlitið og yfirráðin yfir allri fjárfestingunni sé á einni hendi og ráðstöfun gjaldeyrisins sömuleiðis. Þess vegna þurfti að sameina nýbyggingarráð og viðskiptaráð í eitt. Um þetta hefur oft verið rætt. En það hefði þurft að vera búið að gera það fyrir löngu. Þá hefði verið hægt að girða betur en raun varð á fyrir þau mistök, sem áttu sér stað með ráðstöfun gjaldeyrisins. Sósfl. hafði einmitt sett fram ýtarlegar till. um þetta í sambandi við umr. um stjórnarmyndun. Með þessu frv. er geysilegt vald lagt í hendur fárra manna, svo að sliks munu engin dæmi í íslenzkri stjórnmálasögu. Þessu fámenna ráði og hæstv. ríkisstj. er fengið vald til að ráðstafa í meginatriðum fjármunum landsmanna. Og það fer allt eftir ákvörðunum þessa ráðs og fyrirmælum ríkisstj., hversu heppilegar þessar ráðstafanir verða. Þetta er mikið vald, og það er hægt að nota það til þess að endurskipuleggja allt atvinnulíf landsmanna, það er hægt að nota það til að örva nýsköpunina, sem hefur farið fram undanfarið, og beina henni inn á þær brautir, sem henni er mest þörf. En það er líka hægt að nota þetta vald til að hefta nýsköpunina og stöðva allar atvinnulegar framkvæmdir. Það hlýtur því fyrst og fremst að fara eftir því, hvort menn treysti ríkisstj. á hverjum tíma, hvaða trú menn hafa á þessari lagasetningu og hvers þeir vænta af henni. Nú virðist okkur sósíalistum, að andi þessa frv. bendi til þess, að sú stefna verði ekki upp tekin, sem við teljum þjóðinni mest nauðsyn á. Og okkur virðist öll framkoma stjórnarinnar og ræður forustumanna hennar, síðan hún tók við, staðfesta þetta. Það er gert ráð fyrir, að aðeins 15% af gjaldeyrinum, sem aflað er, verði lagt á nýsköpunarreikning. Við teljum þetta allt of lítið. Þessi upphæð mundi kannske nægja til að halda áfram framkvæmdum, sem þegar eru hafnar, og kannske eitthvað lítils háttar hægt að halda áfram þeim framkvæmdum, sem þegar eru undirbúnar og ákveðnar. Hitt sjá allir, að það er fjarri því, að með þessari upphæð sé hægt að halda áfram hinni stórfelldu nýsköpun, sem hefur verið ráðandi og er nauðsyn íslenzku atvinnulífi, enda stendur það í 2. gr. frv., að hlutverk ráðsins sé bundið við það tímabil, meðan hinar miklu framkvæmdir standa yfir, sem nú er verið að framkvæma. Það er ekki gert ráð fyrir, að áætlun um framkvæmdir sé gerð nema aðeins til eins árs í einu. Það er ekki hægt að hafa áætlunarbúskap, nema gera áætlun fyrir allt tímabilið.

Margt af hinum stærstu framkvæmdum krefst langs undirbúnings, og er alveg nauðsynlegt, að framkvæmdaráætlanir hvers árs séu miðaðar við framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á næstu árum, enda hygg ég, að svo sé að farið alls staðar í löndum, sem hafa gert tilraun til áætlunarbúskapar.

Í frv. eru ekki tekin upp nein ákvæði um framkvæmd næstu ára, sem þó hefur verið gerð áætlun um, og Alþ. því ekki gefinn kostur á að taka afstöðu til þeirra áætlananna, sem nýbyggingarráð hefur þegar gert. Það er ekki gert ráð fyrir því, að Alþ. verði framvegis gefinn kostur á því að taka afstöðu til þeirra áætlana, sem gerðar verða, heldur á ákvörðunarvaldið einungis að vera hjá ríkisstj. Ekki er gert ráð fyrir því í frv., að fjárhagsráð skuli hafa samráð við samtök hins vinnandi fólks í landinu um áætlanir sínar og framkvæmdir, hvorki við verkalýðssamtökin né samtök fiskimanna og bænda, og engin ákvæði, að bankinn fylgi stefnu ráðsins í fjármálapólitík sinni. Úr því hefur Sósfl. reynt að bæta með till. sínum, að hækka skuli nýbyggingarreikninginn af gjaldeyristekjunum og gerð skuli heildaráætlun til 5—10 ára, og um það, að ráðið skuli hafa samráð við samtök verkamanna, fiskimanna og bænda um afstöðu bankanna til þeirra heildaráætlana, sem gerðar verða o. fl. Þá var enn fremur till. um það, að í frv. verði tekin upp megintill. í áætlun þeirri, sem nýbyggingarráð hafði gert um atvinnuframkvæmdir næstu ára. Og loks var lagt til, að áætlun ráðsins verði lögð fyrir Alþ. til ákvörðunar. Þessar till. hafa allar verið felldar í Nd., og um þær hafa farið fram ákaflega langar og víðtækar umr., svo að málið er þegar orðið þaulrætt og meira að segja í útvarpi. Það virðist augljóst af þeim löngu umr., sem þar hafa farið fram, að málið sé af hálfu ríkisstj. þegar útrætt, þar sem stuðningsflokkar ríkisstj. séu alráðnir í því að samþykkja frv. án nokkurra breytinga, sem nokkru verulegu máli skipta.

Ég mun þess vegna ekki taka þessar till. upp aftur, nema aðeins þær, sem beinlínis varða höfuðstefnuna, ég tel það tilgangslaust, en hins vegar er alveg nauðsynlegt að fá úr því skorið, einnig hér í hv. d., hvaða stefna er tekin, áður en hægt er að taka afstöðu til frv. í heild. Þess vegna hef ég borið fram þessar till., sem lagðar eru fram í hv. d. á þskj. 920.

Fyrsta brtt. er um það að hækka upp í 20% þann hluta af gjaldeyristekjum hvers árs, sem lagður er á nýbyggingarreikning. Ég vil með þessari till. gera tilraun til miðlunar, úr því að till. um 25% hefur verið felld í hv. Nd. Önnur till. um 20% mun raunar hafa verið felld þar líka. Það er ekki hægt að bera því við til andmæla gegn þessari brtt., að ekki verði nægilegur gjaldeyrir afgangs til kaupa á almennum nauðsynjavörum. Það eru líkur fyrir því, að gjaldeyristekjur þessa árs verði mjög miklar. Það eru taldar líkur fyrir því, að útflutningur á árinu muni nema ekki minna en 400—500 millj. kr., og yrði þá eftir 360 millj. kr. til kaupa á nauðsynjavörum, ef mín brtt. yrði samþ.

Þá er það brtt. við 2. gr. frv., að niður falli orðin: „meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir," til þess að því sé þar með slegið föstu, að hér sé um framtíðarstefnu að ræða, þ. e. a. s. að taka upp áætlunarbúskap í íslenzku þjóðarbúi, en þessum aðgerðum verði

ekki lokið með þeim nýsköpunarframkvæmdum, sem þegar eru hafnar og undirbúnar.

3. till. er um það, að gerð skuli heildaráætlun fyrir ákveðið árabil, og ég ætlast til, að það sé á valdi ríkisstj. og í samráði við ráðið, hvað langt árabil yrði ákveðið. Ég hygg, að þessi brtt. mín geti orðið aðgengileg fyrir stuðningsmenn ríkisstj. í því formi. En með því að samþykkja till. er þessari stefnu slegið fastri, að í raun og veru verði tekinn upp áætlunarbúskapur eða gerð tilraun til hans.

Þá er 4. brtt. um það, að ráðið hafi samráð við verkafólk í landinu og framleiðendur, eins og þar segir.

Þá er 5. brtt., sem er um það, að samvinnufélögin skuli hafa að öðru jöfnu að minnsta kosti sömu hlutdeild í innflutningi vefnaðarvöru, búsáhalda og skófatnaðar sem þau hafa í matvöruinnflutningi á hverjum tíma, og séu engar hömlur lagðar á matvörukaup þeirra. Þessi till. var einnig felld í hv. Nd., en þetta er í samræmi við samþ., sem gerðar voru samhljóða á þingi S.Í.S. Samkv. till. fá samvinnufélögin því aðeins þennan rétt, og er það orðrétt í minni till. eins og frá þingi S.Í.S., að þau geti útvegað vörur með a. m. k. jafngóðum kjörum og aðrir innflytjendur. Og mér þykir undarlegt, ef vinir samvinnufélaganna samþykkja ekki þessa brtt. mína, því að þetta er auðvitað skilyrðið fyrir því, að þeir geti haldið áfram að bæta og efla samvinnufélögin í landinu, eftir því sem þeir megna.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. meiri hl. fjhn. fyrir afgreiðslu þessa máls hér inn í d. og get lýst því yfir fyrir mína hönd og ríkisstj., að brtt. sú, sem liggur fyrir frá meiri hl. n., sé til bóta á frv.

Þegar mál þetta var hér til 1. umr. í hv. d., átti ég þess ekki kost að vera hér til staðar og gat því ekki tekið þátt í umr. um málið á því stigi. Nú, þegar málið er aftur komið inn í d., þykir mér hlýða að segja um það nokkur orð, jafnvel þótt rétt sé, sem hv. 4. landsk. tók fram, að þetta mál hefur þegar í hv. Nd. verið rætt svo ýtarlega og einnig við útvarpsumr., að öllum þingheimi eru vel kunnug þau rök, sem liggja til flutnings slíks frv.

Eins og frv. sjálft ber með sér, eru uppistöðuatriði þess að finna í 2. gr. frv., þar sem taldir eru upp 8 liðir, sem eiga að vera grundvallarsjónarmið þess fjárhagsráðs, sem gert er ráð fyrir að skipa, — leiðarvísir fyrir það að starfa eftir og í raun og veru regla og stefna, sem því ber að fylgja, þegar það tekur til starfa. Allir þessir 8 liðir eru í málefnasamningi þeim, sem gerður var milli þeirra flokka, sem standa að núverandi ríkisstj. Og ég hygg einnig, að varla muni koma fram nokkur maður, sem neitar því, að hér sé um atriði að ræða, sem réttlátt væri og eðlilegt að framkvæma með stuðningi í löggjöf og á annan hátt.

Þessa liði mun ég ekki rekja, enda hefur frv. legið fyrir Alþ. um tíma og menn búnir að kynna sér það. Ég hygg, að allir muni einnig vera sammála um, að þess hafi verið brýn þörf, og reynsla undanfarinna ára sýnt það, að það hefði verið nauðsynlegt að sameina í eina stofnun nýbyggingarráð, sem verið hefur til þessa dags, og viðskiptaráð. Bæði er það alkunnugt þeim, sem til þekkja, að á milli þessara stofnana var nokkuð óeðlileg togstreita, enda greinaskil á milli þessara tveggja ráða ekki sem allra skýrust. Ég hef áður heyrt því haldið fram, að þessi sameining væri rétt og eðlileg. Og minni hl. n. hefur einnig talið það þessu frv. til gildis.

Fyrir utan sameiningu þessara tveggja ráða, sem starfað hafa undanfarin ár, er bætt við nýju, mjög merkilegu verkefni fyrir fjárhagsráð, og það er eftirlit með fjárfestingu í landinu. Ég ætla fyrir mitt leyti, að ef fljótlega og það innan skamms verði hægt að gera ráðstafanir til þess að draga úr vaxandi dýrtíð, þá sé það alveg nauðsynlegt skilyrði, að ríkisvaldið hafi í sínum höndum, og þá með milligöngu einhverrar stofnunar, eftirlit og ákvörðunarvald um fjárfestinguna í landinu. Ég held þess vegna, að það þurfi ekki að deila um það, að það sé nauðsynlegt, enda kom það greinilega í ljós í tilraunum þeim, sem gerðar voru til þess að mynda ríkisstj., sem fram fór s. l. vetur, að allir flokkar töldu nauðsyn á því, að einhver heimild væri fyrir fjárfestingu. Allir flokkar lýstu yfir þeirri skoðun sinni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um eðli og nauðsyn fjárfestingar. Reynslan verður að skera úr um það í framtíðinni, hvernig það eftirlit er innt af hendi af þeim mönnum, sem til þess verða sérstaklega kjörnir að hafa eftirlit og framkvæmd þess undir yfirstjórn og eftirliti ríkisstj. Ég fyrir mitt leyti vildi mega vænta þess, að það gæti orðið á þann veg, að það kæmi að verulegu gagni fyrir íslenzkan þjóðarbúskap.

Hvað snertir svo það atriði að byggja þjóðarbúskaparstarfsemina á fyrir fram gerðri áætlun, þá hygg ég líka, að það sé næsta nauðsynlegt. Frá mínu sjónarmiði er það ekki aðalatriðið, hvort það er ákveðið með l., að áætlanir um rekstur þjóðarbúskaparins séu t. d. gerðar til tveggja, þriggja eða fimm ára. Það er í sjálfu sér ekkert ákveðið einkenni á skipulögðum þjóðarbúskap. Aðalatriðið er það, hvað ætla má, að hægt sé með skynsemi og viti að gera áætlun til langs tíma. Og ég hygg, að eins og nú er högum háttað í íslenzku atvinnulífi og íslenzku þjóðfélagi, þá muni vera nokkuð vafasamt, að hægt sé að gera áætlun langt fram í tímann. Það er líka síður en svo, að slíkt megi ekki gera eftir því frv., sem fyrir liggur, þar sem gert er ráð fyrir, að fjárhagsráð taki við eignum og verkefnum, sem nýbyggingarráði var falið með þeim l., sem um það giltu. Nú er það vitað, að nýbyggingarráð hafði í smíðum og nokkurn undirbúning um vissa áætlun um rekstur sérstaks, tiltekins atvinnuvegar. Að sjálfsögðu mun fjárhagsráð taka þessi gögn og upplýsingar, sem fyrir liggja hjá nýbyggingarráði, í sínar hendur, vinna úr þeim og síðan í fylling tímans gera um það till. og leggja fyrir ríkisstj., og ef þykir ástæða til, jafnvel að þær till. verði lagðar fyrir Alþ. að einhverju leyti í frv.-formi.

Ég verð að segja það, að það hefur verið dálítið undarlegt við andstöðu Sósfl. gegn þessu frv., miðað við fyrri afstöðu flokksins til nýbyggingarráðs og löggjafarinnar um nýbyggingarráð. Þá var það talinn mikill fengur að fá l. um nýbyggingarráð, og ég tel einnig, að það hafi verið gott og gagnlegt, að nýbyggingarráð var stofnað og löggjöf sett um það. En hafi það verið nokkur fengur, þá álít ég, að það hafi verið meiri fengur og nær stefnu,

við skulum segja fyrrv. stjórnarflokka, það frv., sem hér liggur fyrir, en löggjöfin um nýbyggingarráð, a. m. k. mætti ætla, að þetta frv. væri nær stefnu Sósfl.

Ég fæ því ekki skilið þá andstöðu gegn þessu frv., og ætla ég ekki að fara frekar út í það. En ég vil aðeins að gefnu tilefni út af brtt. frá hv. minni hl. n. — en lík brtt. kom fram í hv. Nd. — varðandi nýbyggingarreikninginn, að hækka skuli það hlutfall, sem lagt yrði á þann reikning, upp í 20% í stað 15%, þá vil ég benda á það, að þegar Sósfl. stóð að ríkisstj., þá þótti þeim nóg að hafa þennan hluta aðeins 15%, og það ákvæði er upp tekið úr nýbyggingarráðsl. og hefur meira að segja verið bætt við í það ákvæði l., að ekki megi leggja minna inn á þennan reikning af gjaldeyristekjum þjóðarinnar til nýsköpunarframkvæmda. En í nýbyggingarráðsl. er miðað við 15%, kannske sem hámark, en hér er það miðað við lágmark.

Það kemur í ljós, hve miklar gjaldeyristekjur þjóðarinnar verða, þegar fjárhagsráð tekur til starfa. Og það er alveg óhætt að lýsa yfir af hálfu núverandi ríkisstj., að hún mun fús til þess, ef það verður hægt, að hækka þennan lið, og það er í fullu samræmi við yfirlýsta stefnu hennar að láta þarna eins mikið fé og hægt er til nýsköpunarinnar. Það er yfirlýst stefna núverandi ríkisstj. að halda áfram nýsköpun atvinnuveganna, og hún mun vinna að því, meðan hún situr að völdum. Það væri þess vegna gleðilegt fyrir ríkisstj. og alla þá, sem telja mikla þörf á aukinni nýsköpun í þjóðfélaginu, að hægt væri að leggja til nýsköpunarinnar meira en 15% af þeim erlenda gjaldeyri, sem þjóðarbúinu berst.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta frv. frekar á þessu stigi, af þeim ástæðum, sem ég hef getið um, að málið hefur þegar verið mikið rætt í þinginu og einnig í útvarpinu, og liggur það, að mér virðist, tiltölulega skýrt fyrir og stefnan, sem mörkuð er með frv., nokkuð skýr og ákveðin.

Ég vildi svo mæla með því fyrir hönd stjórnarinnar, að frv. verði samþ. í þessari hv. d. með þeirri brtt., sem meiri hl. hv. fjhn. hefur flutt við frv.

Ég ætla, að till. minni hl. séu sumpart þess eðlis, að þær séu ekki að stórauknu gagni, þótt þær væru samþ., enda kannske ekki sérstaklega til þess hugsaðar, en ég álít, að framgangi málsins væri enginn greiði gerður með því að samþykkja þessar brtt. hv. minni hl. n., og legg ég því til, að frv. verði samþ. með brtt. meiri hl. n.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara langt út í að ræða þetta mál, það hefur þegar verið rætt allmikið hér á þingi og einnig í útvarpi. Ég get þó ekki skilið svo við málið að lýsa ekki ánægju minni yfir því, að gerð er tilraun til þess að koma einhverju skipulagi á fjárfestingu, því að það þarf ekki annað en að líta á það, að nú er svo komið í landinu, að þeir aðilar, sem hafa ábyrgð ríkissjóðs, geta ekki einu sinni fengið lán til þess að framkvæma þau nauðsynlegustu verkefni, sem ríkisstj. eða Alþ. telur, að séu svo mikilvæg, að það heimilar ríkisstj. að ábyrgjast allt að 35% af öllum stofnkostnaði af öllum rafveitum og raforkuverum o. fl., og hefur þá fyrst eitthvert fé fengizt, og skal ég ekki fara út í það.

En mér er sérstaklega kunnugt um, hvernig hefur gengið með þessi mál, og hlýtur það að verða fyrsta verk þessa fyrirhugaða ráðs að reyna að skapa fé til þess að starfrækja orkuver og eitt og annað, sem nauðsynlegt er að koma áfram.

Ég ætla að segja nokkur orð um brtt. n. á þskj. 918. Þetta hefur verið fært í það horf, sem upphaflega var í frv., þegar það var lagt fram, þ. e. a. s. ef samþ. verður a-liður við 13. gr., þ. e. hvernig skipta skuli gjaldeyri milli bankanna, og mun þetta vera nokkurn veginn eða alveg eins og það er ákveðið nú í l. Nú er það svo, að Útvegsbankinn fær hér aðeins ⅛ af gjaldeyrinum, en um þetta var fullt samkomulag, og var lýst yfir af þáverandi fjmrh., Birni Ólafssyni, að þótt þetta væri ekki sett inn í l., þá var gefið fyrirheit um, að þetta skyldi vera svona, og þetta fyrirheit hefur verið haldið, að Útvegsbankinn fengi ekki nema ⅛ af gjaldeyri með innkaupsverði. Þá skyldi hann eiga kost á því að fá með söluverði það af erlendum gjaldeyri, sem hann þyrfti. Þessu mun hafa verið haldið, þar til nú alveg nýlega, að á þessu varð töluverð breyt., svoleiðis að viðskiptamenn, sem hafa þar viðskipti, hafa orðið fyrir töluverðum erfiðleikum út úr því atriði. Mér þætti vænt um að heyra, hvort n. hefur kynnt sér það mál. Mér er kunnugt um það, að á síðasta ári mun Útvegsbankinn hafa greitt sem svarar 500000 kr. í vaxtamismun fyrir það að kaupa þá hluti, sem hann þurfti að fá, en átti ekki heimild á samkvæmt l. Þessar 500000 kr. lagði svo bankinn á herðar viðskiptamanna bankans, þeirra manna, sem afla þessa gjaldeyris, og bankinn hafði áður orðið að hækka vexti til sinna viðskiptavina, af því að hann hafði ekki eins góð kjör og aðrir bankar. Þess vegna er nauðsynlegt, jafnframt því sem hér er ákveðið, að bankinn skuli hafa ⅛ af gjaldeyri, að setja tryggingu fyrir því í löggjöf, að hann eigi a. m. k. kröfu á því að fá það, sem hann þarf af gjaldeyri, eins og hefur verið „praktiserað" undanfarin ár og loforð hafa verið gefin um. Ég hefði þó helzt óskað eftir því, að sú breyt. yrði gerð hér á, að framleiðendur, sem flytja vörur út, fengju sjálfir að ráða því, á hvern hátt bankarnir skila sínum gjaldeyri, og skal ég færa fyrir því nokkur rök. Í fyrsta lagi komu háværar kröfur um það frá útgerðarmönnum á síðasta landssambandsaðalfundi, að þeir fengju með l. ákveðinn hluta af sínum gjaldeyri til þess að ráðstafa sjálfir. Ég hef ekki getað fallizt á þessa till., og það er vegna þess, að þeir töldu, að þeir ættu meiri rétt á þessum gjaldeyri, vegna þess að þeirra starf væri í því fólgið að afla gjaldeyris, en aðrir, sem flytja inn vörur. Um þetta má deila, þetta er þeirra skoðun. En um hitt verður ekki deilt, að það getur ekki talizt ósanngjarnt, að þeir, sem flytja inn erlendan gjaldeyri, fengju að ráða því, hvort þessi gjaldeyrir fari til þess banka, sem hjálpar þeim í viðskiptum, eða til þess banka, sem ekki hjálpar þeim. Og ég verð að benda n. á það, að eitt af undirstöðuatriðunum í öllu fjármálalífi þjóðarinnar er það, að útflutningur bregðist ekki og það séu fleiri menn, sem vilja starfa við útflutning en við innflutning eða eitthvert annað starf, sem ekki gefur erlendan gjaldeyri. Mér er það alveg persónulega kunnugt, að á þeim tíma, sem við áttum í baráttu með gjaldeyrismálin, 1930—1939, þá var það einmitt útvegsbankinn, sem hjálpaði mest til þess að koma upp nýjum fyrirtækjum, sem

skapa útflutning. Ég segi þetta ekki sem árás á landsbankann, hann hafði þá eins og nú ýmsum skyldum að sinna, eins og að sjá fyrir erlendum gjaldeyri fyrir ríkið, en ég er að benda á þetta sem staðreynd, og fyrir þessu má ekki loka augunum. Ef því útflytjendur vilja og telja sér hag í því vegna útflutnings og vegna öflunar erlends gjaldeyris og vilja frekar hafa einn banka en annan, þá tel ég sjálfsagt og skylt að mæta þeim óskum. Ég vil því óska þess, að n. taki þetta mál enn til athugunar, hvort ekki sé fært að setja það ákvæði inn, að útflytjendur mættu ráða hvaða banka þeir afhenda sinn gjaldeyri, eða ef það er ekki unnt, þá a. m. k. að setja inn, að sá banki, sem fær minni hlut, skuli mega kaupa það, sem hann þarf fyrir sína viðskiptavini, af hinum bankanum með kaupverði, og ef ekki það fæst, þá með söluverði. Um b-lið er það að segja, að um þá till. er ég ekki sammála n. Þessi till. er ný og hefur ekki komið inn í frv. áður, og ég sé ekki, að þessi leið sé til bóta. Hér er verið að setja upp eina sérstaka n., sem heitir millibankan., sem mér skilst, að eigi að ákveða, í hvaða röð leyfi skuli afgreidd. Ef fjármálakerfi þjóðarinnar kemur inn í þann farveg aftur, að ekki sé hægt að afgreiða leyfi, sem gefin eru út, þá hlýtur það að verða verkefni fjárhagsráðs, en ekki millibankan., að ákveða, hvað eigi að ganga fyrir og hvað ekki. Ef það ástand skapast, þá tel ég sjálfsagt, að slík leyfi, sem gefin eru út, séu stöðvuð, sé ekki hægt að uppfylla þau eða færa peninga inn. Ég vil benda n. á það, að það er upplýst í Sþ., að það hafi verið gefin út leyfi fyrir 4—5 millj. kr. meira á s. l. ári til bílavarahluta heldur en hefur verið notað, og ef þetta er þannig um fleiri vörutegundir, að gefin hafi verið út 30—50% meiri leyfi en nauðsynlegt hafi verið að flytja inn, þá er ekki að furða, þó að gangi á gjaldeyrinn. Ég get ímyndað mér, að hér verði tekin upp önnur stefna, og það er, að fjárhagsráð flokki leyfin eftir því, hvað er óhjákvæmilegt á hverjum tíma. Það yrðu þá fyrst og fremst veitt leyfi til þess, sem þjóðin þarf af útlendum afurðum til að geta fætt sig, og þess, sem hún þarf til þess að geta framleitt ný verðmæti til útflutnings, og þann flokk mætti aldrei stöðva, það yrði þá frekar að taka gjaldeyrislán erlendis en að stöðva þann flokk. Það ætti ekki að vera millibankan., sem ákvæði, hvernig þeim leyfum væri úthlutað, heldur fjárhagsráð, frá minu sjónarmiði, ef hér yrði um nokkra verulega erfiðleika að ræða.

Á þeim erfiðu árum 1930—1939 þá var það víst sumum mönnum ekkert lítil tekjulind að verzla með gjaldeyrisleyfi, og ég tel mjög óheppilegt að skapa þá aðstöðu hér, að nokkur milliliður eigi að taka á sig þetta, sem ætlazt er til með þessari gr., og vil alvarlega vara við því að samþykkja gr. eins og hún liggur fyrir. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að ræða frv. að öðru leyti. En ég vildi mjög mælast til þess, að hæstv. fjmrh. og n. athugi, hvort ekki væri fært fyrir 3. umr. að taka þennan b-lið til baka, og síðan, hvort ekki væri hægt að setja inn í gr. þau ákvæði, sem ég hef talað um, til réttlætingar á þessu máli.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þessar breyt., sem hér liggja fyrir á þessu frv. frá minni hl. fjhn., þær eru þannig, að mér skilst að minni hl. vilji, að það verði ákveðið nánar í frv., að störf fjárhagsráðs skuli vera ákveðin á þann hátt að skapa hér fullkominn áætlunarbúskap. Ég vil um þessa brtt. segja það með tilliti til atkvgr., að það er vitanlega samið um þetta mál milli stjórnarflokkanna í aðalatriðum, og þess vegna er ekki eðlilegt, að á málinu séu gerðar breyt. frá því, sem um er samið. — Það leynir sér ekki, að hér kemur fram nokkur tvískinnungur, þar sem sagt er, að fyrst og fremst eigi að starfa að áætlunarbúskap samkvæmt 2. gr. frv., meðan hinar miklu framkvæmdir standa yfir. En með því telja sjálfsagt sumir þeir flokkar, sem standa að ríkisstj., að sé sagt að ekki sé verið að samþykkja áætlunarbúskap til frambúðar, heldur sé það tímabundið, þó að það hafi heyrzt í málefnaflutningi, að aðrir flokkar, sem standa að ríkisstj., leggi aðra meiningu í þetta orðalag.

Aðrar brtt. minni hl. fara í rauninni allar í sömu átt, því að það er gert ráð fyrir, að áætlunin nái yfir lengri tíma en frv. segir, og sömuleiðis, að leitað verði til stærri hringa til samráða en gert er ráð fyrir í frv. Að sjálfsögðu, eins og ég sagði áðan, er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að á þessu verði gerðar breyt. Frv. hlýtur, eins og það ber með sér, að sýna, að það er samið af flokkum, sem hafa nokkuð mismunandi sjónarmið, og við það verða stjórnarflokkarnir að sjálfsögðu að sætta sig. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, eins og líka kom fram hjá hæstv. forsrh., að það sé ekkert til fyrirstöðu, að áætlun sé gerð lengra en eitt ár, samkvæmt ákvæðum frv. Það er ekkert, sem bannar fjárhagsráði að gera það. Það er alveg auðsætt, að það er ákaflega erfitt að koma við áætlun fyrir eitt ár, og þótt það sé gert ráð fyrir því í frv., að áætlunin sé gerð fyrir eitt ár, þá er líka auðsætt, að það verður næstum ókleift verk fyrir fjárhagsráð að koma því í verk, af því að svo mörg atriði þarf að rannsaka, áður en niðurstaða er fengin, vegna þess að vinnubrögð hagstofunnar eru með allt öðrum hætti en þyrfti að vera, til þess að hér væri hægt að reka áætlunarbúskap, eins og gert er ráð fyrir í frv. Í rauninni álít ég, að það hefði verið eitt af því, sem ríkisstj. hefði þurft að gera samhliða því að bera fram þetta frv., að gera gerbreytingu á Hagstofu Íslands. Það er enginn efi á því, að allt, sem snertir hagskýrslur, um atvinnuvegi okkar og fjármál, er vegna fyrirkomulagsins á hagstofunni svo langt á eftir tímanum, að við stöndum þar verr núna en við stóðum jafnvel á öldinni, sem leið, þegar tveir merkir menn unnu mjög merkilegt starf, einmitt að því er þessi atriði snertir. Þess vegna er það, að fjárhagsráð mun komast fljótt að þeirri niðurstöðu, að það þarf að vinna þau verk, sem hagstofa í hverju landi þarf að vinna, áður en það getur gert áætlun um það, hvernig framkvæmdum skuli háttað, og er það mjög illa farið. Ég geri ráð fyrir því, að vinnubrögðin í fjárhagsráði muni brátt leiða til þess, að lagabreyt. í þessa átt, um hagstofuna, muni verða gerð, enda er það óumflýjanleg nauðsyn. Ég ætla svo ekki að segja fleira um þessi atriði.

En viðkomandi verkefnum fjárhagsráðs vil ég segja það, að ég er sammála þeim, sem um þetta mál hafa rætt — sammála ríkisstj. um það, að verkefni fjárhagsráðs eru áreiðanlega mörg. Ég er

sömu skoðunar um það, að þau verk, sem nú hefur verið byrjað á, þurfa skipulegri vinnubragða við en ríkt hefur þar til þessa. En ég álít, að það muni fara svo, að jafnhliða því, sem það verður verkefni fjárhagsráðs að koma í veg fyrir ofþenslu, eins og hefur verið talað um eingöngu, þá verði það ekki síður verkefni fjárhagsráðs að koma í veg fyrir það, að framleiðslan gangi saman. Ég hugsa, að fjárhagsráð starfi ekki lengi, ef það þarf ekki að sinna því verkefni.

Það getur ekki verið dulið fyrir þessari hv. þd., að það er orðið mikið atvinnuleysi, t. d. hjá vörubílstjórum, og tilfinnanlegt, og það er vegna þess, að það skortir efni til þess að halda áfram byggingum, en við það hafa vörubílstjórar mikla atvinnu. Þetta er orðið áberandi nú síðustu vikurnar, og það getur ekki farið fram hjá mönnum, sem um það mál hugsa, að það er svo komið, að bankarnir hafa ekki lengur fé til að lána.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Barð. tók fram, að ríkisskuldabréf hafa bankarnir ekki séð sér fært að kaupa og hafa neitað því í mörgum tilfellum í seinni tíð. Af þessu leiðir það, að ég er ekki í nokkrum vafa um það, að tímabil ofþenslunnar, sem mikið er talað hér um af þm., er raunverulega að verulegu leyti liðið hjá, sem auðsætt er, þegar þess er gætt, að menn eiga ekki fjármagn — þeir hafa sett það fast, og lánsgeta bankanna er að miklu leyti gengin til þurrðar. En þrátt fyrir þetta er fullkomin þörf á stofnun fjárhagsráðs, því að það er þörf á því, að það fjármagn, sem við höfum og eignumst í erlendum gjaldeyri, sé notað til þess að vinna þau verk, sem þjóðarbúskapnum eru nauðsynlegust. En þetta atriði skiptir kannske ekki verulegu máli í sambandi við umr. um þetta mál, en það hefur verið svo mikil áherzla lögð á það, að fjárhagsráð ætti að koma í veg fyrir ofþenslu, að mér finnst rétt, að þetta sjónarmið komi hér fram. Ég lít a. m. k. svo á, að það sé engu síður hin hlið málsins — ranghverfa ofþenslunnar —, sem þetta fjárhagsráð þarf að fyrirbyggja, að skapist í okkar þjóðfélagi.

Ég ætla ekki að ræða í verulegum atriðum um frv. Það er rétt, að það hefur mjög verið rætt hér á Alþ. og í útvarpsumr. En þó get ég ekki stillt mig um að segja það, að þau stóru og mörgu verkefni, sem um er getið í 2. gr. og fjárhagsráð á að leysa — að lausn þeirra verkefna hlýtur að fara eftir því, hvaða fjárhagsgrundvöll tekst að skapa í landinu. Það á að koma í veg fyrir, að atvinnuleysi skapist — það á að vinna að því, að öll framleiðsla sé með sem mestum blóma, o. s. frv. En ég held, að það velti mest á því, hvernig tekst að leysa dýrtíðarmálin nú á næstunni. Það hlýtur að vera okkur öllum ljóst, að ef ríkisstj. ber ekki gæfu til þess að leysa dýrtíðarmálin þannig, að öruggur fjárhagsgrundvöllur skapist fyrir framleiðsluna í landinu, þá er hætt við, að gangi erfiðlega að ná þeim glæstu takmörkum, sem ætlazt er til, að náð verði samkv. 2. gr. Þetta held ég, að sé nauðsynlegt fyrir okkur að hafa mjög í huga. Það er auðsætt mál, að þegar fiskurinn er raunverulega sú aðalframleiðsluvara og ríkissjóður ber ábyrgð á vissum greiðslum — þegar fiskurinn stendur ekki í nema ⅔ þess verðs, sem við þurfum að fá fyrir hann, og við getum skapað okkur meira en ⅓ af verðhækkun á fiskinum með því að selja lýsi með honum — þá er auðsætt, að framleiðsla okkar stendur ekki á traustum grundvelli. Hún stendur m. ö. o. á þeim grundvelli, að það er hægt að selja vöruna, meðan feitmetishungrið er svo mikið í veröldinni, að það er hægt að selja fiskinn fyrir hærra verð en heimsmarkaðsverð raunverulega er með því að selja þessa eftirsóttu vöru. En um leið og úr rætist fyrir hinum þjóðunum með feitmeti, þá sjá allir, hvar við stöndum með okkar framleiðslu.

Ég sagði, að ég ætlaði ekki að orðlengja um þetta frv., en taldi þó rétt að minna á þetta með örfáum almennum orðum. En það er eitt atriði hér í brtt. meiri hl., sem ég tel ástæðu til að fara nokkrum orðum um. Það er ekki nema eðlilegt, að sú brtt. kæmi fram í Nd., að bankarnir allir hefðu gjaldeyrissöluna á hendi. Munu þessar till., sem þarna eru bornar fram, hafa verið bornar fram eftir ósk stjórnenda Búnaðarbankans. Mér finnst í alla staði eðlilegt, fyrst þjóðbankinn einn hafði ekki gjaldeyrisverzlunina, að þá hefðu bankarnir hana allir nokkurn veginn í hlutfalli við umsetningu eða eitthvað annað, sem miða mætti við, því þó að t. d. Búnaðarbankinn sé fyrst og fremst lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, þá er hann opinn fyrir sparifé og verður hins vegar að hafa almenn viðskipti út yfir það þrönga svið að annast lánveitingar til landbúnaðarins. Á sama hátt átti t. d. Útvegsbankinn fyrst og fremst að sinna útveginum, en hefur nú aukið viðskipti sín og fært þau langt út fyrir það svið. Búnaðarbankinn er í örum vexti, og það er á allan hátt réttlátt, að gjaldeyririnn skiptist þannig á milli. En þjóðbankinn hefur alltaf sótt það fast að hafa einn gjaldeyrissöluna og hefur vísað til erlendra fordæma í því sambandi, en ég er því ekki svo kunnugur. En eftir að þessi brtt. var samþ. í Nd., hafa framkvæmdastjórar Landsbankans og Búnaðarbankans rætt allýtarlega saman, og ég hygg, að framkvæmdastjóri Búnaðarbankans vilji ekki gera þetta að kappsmáli í bráð, Ég vil ekki draga dul á, að gjaldeyriskaup krefjast starfskrafta og töluverðs fjármagns, og það mun vera rétt, sem hv. þm. Barð. talaði um ágreining milli Útvegsbankans og Landsbankans um sölu gjaldeyris. Þannig háttar til, að Landsbankinn á nokkra inneign hjá seðlabankanum, en Útvegsbankinn á þar ekki inni, heldur hið gagnstæða. Það er að vísu svo með Búnaðarbankann, að hann á ef til vill tiltölulega stærri sjóði en Landsbankinn í svipinn, en í þessu sambandi er auðséð, að banki, sem ekki hefur nægilega mikla peninga í sjóði, verður að sækja um lán til þjóðbankans til að kaupa gjaldeyrinn, og um það lán mun Landsbankinn neita Útvegsbankanum. Og án þess að ég blandi mér inn í þetta býflugnabúr, mun það standa, sem hv. þm. Barð. sagði um þetta mál. Og þó að Búnaðarbankinn hafi nægilegt fé til gjaldeyriskaupa, þá hygg ég, að framkvæmdastjóri hans leggi ekki ríka áherzlu á þetta vegna hitans, sem er í þessu máli innan þings og utan. Búnaðarbankinn álítur hins vegar, að honum beri þessi réttur, því að engin sanngirni mælir með því, að hann hafi enga gjaldeyrisverzlun, eins og hinir bankarnir. Hins vegar er auðsætt, að með aðstöðu Landsbankans, sem hann beitir eða notar sér gegn Útvegsbankanum, getur hann samkv. l. ráðið því að verulegu leyti, hver hlutföllin verða, með því að neita honum um fjármagn til gjaldeyriskaupa. A-liður brtt. meiri

hl. fjhn. á hins vegar að jafna þessa deilu milli Útvegsbankans og Landsbankans, en ég held, að ég greiði hvorki þeim lið né b-liðnum atkvæði. Ég læt það land og leið af fyrr greindum ástæðum, en vildi hins vegar taka fram, að Búnaðarbankinn hefur sinn rétt í þessu sambandi.

Frsm. meiri hl. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. gerði hér aths. við það, að við í meiri hlutanum hefðum gert brtt. um að skipta gjaldeyrinum þannig, að Útvegsbankinn fengi einn þriðja hlutann og Landsbankinn tvo þriðju, en það eru einmitt miklir kostir við að ákveða þannig visst hlutfall, og það er til samkomulags. Enn fremur hafði hv. þm. Barð. það á móti brtt. okkar um millibankanefnd, að hann vildi, að fyrirhugað starf hennar heyrði undir fjárhagsráð. En fjárhagsráð gefur nú út leyfin, og það er ekki gert ráð fyrir, að þessi millibankanefnd þurfi að starfa, nema gjaldeyrisleyfi séu veitt fyrir hærri upphæð en þá er til í erlendum gjaldeyri. Leyfin eru gefin út fyrir fram, og bregðist vonir manna um gjaldeyristekjur, sem getur komið fyrir við og við, þá er eðlilegra, að sérstök nefnd, en ekki fjárhagsráð sjálft, ákveði, í hvaða röð leyfi frá því skuli afgr. Það má vera, að sumir telji þetta ekki þýðingarmikið atriði, en við teljum það þó til mikilla bóta.

Um málið almennt vildi ég segja, og þá í sambandi við till. hv. 4. landsk., að ég lít svo á, að hér sé verið að gera fyrstu alvarlegu tilraunina með „planökónómí" hér á landi, og vegna reynsluleysis verðum við að fara með nokkurri gætni í þá átt. Við í kapitalistiskum löndum höfum ekki mikla reynslu af „planökónómí", nema á stríðsárunum. Og þegar hér er um að ræða „kompromi" milli flokka með ólíkum sjónarmiðum, þá er varla hægt að gera ráð fyrir, að gengið sé lengra en gert er, því að það er gengið furðu langt. Það hefur líklega ekki marga dreymt um það fyrir fáum árum, að þeir gætu ekki byggt yfir sig nema með leyfi nefndar í Reykjavík eða handverksmaður úti á landi gæti t. d. ekki byggt sér verkstæði til að smíða í húsmuni nema með leyfi þessarar nefndar. Vitanlega verður það komið undir reglugerðarákvæðum og túlkun á hverjum tíma, hve langt verður gengið í þessu efni og hve strangt ráðið verður í sínum ákvörðunum. En eigi það að ná tilgangi sínum, þá á frekar að ganga of langt en skammt.

Þá er annað atriði hjá hv. 4. landsk. Hann segir, að ekki sé gengið inn á nægilega miklar áætlanir. Það er sennilega óvíða verra en hér að gera áætlanir til margra ára, þar sem við höfum aðalatvinnu okkar af fisk- og síldveiðum. Það er öllu ábyggilegra, þar sem kol og málmar eru t. d. unnin úr jörðu, það er við höndina og framleiðslan meira komin undir vilja manna en hér.

Hv. þm. Str. gat þess, að erfitt mundi fyrir fjárhagsráð að gera áætlanir, af því að skýrslur hagstofunnar bærust svo seint. Það er rétt. Það er mjög erfitt að fá þær svo fljótt sem skyldi, og það er ekki hagstofunni að kenna, heldur koma skýrslurnar svo seint til hennar. T. d. koma innflutningsskýrslurnar oft ekki fyrr en mörgum mánuðum eftir að varan er komin inn í landið. Og það kostar mikið að fá afgreitt frá þessum undirstofnunum svo fljótt sem skyldi. Mér er t. d. vel kunnugt um þær skýrslur, sem á að útfylla og senda skattanefndum og skattstjórum. Þær eru afar margbrotnar og vandaðar, en gallinn er bara sá, að það eru alltaf svo margir, sem ekki senda þessi gögn á tilskildum tíma, og ef allt ætti að vera tilbúið á réttum tíma, þyrftu þessir embættismenn að gera sér aukaferðir til hvers og eins til að draga þessar upplýsingar upp úr þeim.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hér er nú til umræðu eitt stærsta málið, sem fyrir þinginu hefur legið, og því þótti mér tíðindum sæta, er enginn hinna sex ráðherra gat verið hér viðstaddur til að leggja það fyrir þessa hv. d. Að vísu er sagt, að það sé orðið svo þrautrætt í hv. Nd., en hér er ekkert smámál á ferðinni, og jafnvel smámálum eru flm. vanir að fylgja úr garði. Það gleður mig því, að tveir ráðherrar eru hér nú viðstaddir þessa umr. Hæstv. forsrh. hefur gert glögga grein fyrir málinu, og er ég honum þakklátur fyrir það.

Ég tek það strax fram, að ég tel það fyrirkomulagsatriði í frv. til bóta, að fella undir eina yfirstjórn störf nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs. Mér er tjáð, að stundum hafi orðið mikil mistök í leyfisveitingum þessara stofnana. Hvor um sig hefur veitt full leyfi, svo að einstaklingar og stofnanir hafa riðið feitum hesti frá garði með allt að tvöföld leyfi upp á vasann. Þetta á ekki að koma fyrir hér eftir.

Ég játa, að hlutverk ráðsins samkv. 2. gr. er hið glæsilegasta. Ég hygg, að enginn andmæli því. Í fyrsta lagi á samkvæmt því að hagnýta alla framleiðslugetu til fulls og tryggja öllum verkfærum mönnum næga og örugga atvinnu. Í öðru lagi á að tryggja mönnum réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, einkum þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, og koma í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku. Þá mun enginn vera því andvígur, að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og að vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands verði gerð sem ódýrust og hagkvæmust, eins og segir í 3. lið 2. gr., því að fyrirkomulagið á þessu hefur verið þannig, að tálsnörur og freistingar hafa leitt þá, sem með vörukaupin hafa farið, til að gera þau sem óhentugust fyrir neytandann, hafa innkaupsverðið sem hæst og kostnaðinn sem mestan á leiðinni til neytendanna, því að það hefur aukið álagninguna, svo að þetta hefur verið sannkölluð gróðurhúsarækt dýrtíðarinnar. Ef takast mætti að snúa hjólinu réttsælis í þessu efni, þá væri það eitt afar mikils virði, því að öllu atvinnulífi stafar háski af þessu.

Þá er í 2. gr. tekið fram, að áframhald skuli verða á öflun nýrra framleiðslutækja til landsins. Því er m. ö. o. lofað, að nýsköpuninni verði haldið áfram, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafl leyfa. Það er einnig gott loforð, ef vel verður staðið við það. Í sömu átt gengur það verkefni, að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver í því skyni, að unnt verði að flytja út fullunnar vörur. Fjárhagsráð á að reyna að tryggja starfsskilyrði iðjuvera og verksmiðja, að þau verði sem hagkvæmust og sem mestur gjaldeyrir sparist. Í 6. lagi á ráðið að leitast við að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna af völdum dýrtíðar. Ekki hefur enn verið fundin sú leið, sem stöðvar hina raunverulegu dýrtíð, en hér er gefið fyrirheit um dýrtíðarráð-

stafanir. Síðasta verkefni fjárhagsráðs samkv. 2. gr. er útrýming húsnæðisskortsins. Ég verð að segja, að svo bágborið sem ástandið í þessu efni er í öllum kaupstöðum og kauptúnum og nálega öllum sveitum landsins, þá væri mikill sigur unninn, ef ráðinu tækist að leysa þann vanda.

Ég er harla mjög ánægður með efni frv., ef það væri nokkurn veginn tryggt, að framkvæmdin yrði í samræmi við það. En það verður ekki, nema fjárhagsráð taki á því heilum höndum að fara inn á braut skipulegs þjóðarbúskapar. Vitað er, að einn stjórnarflokkurinn er með því, en búast má við, að Framsfl. og þó sérstaklega Sjálfstfl. sé það óljúft. Upphaflega var gert ráð fyrir, að fjórir menn ættu sæti í þessu ráði, en samkv. breytingu, sem gerð var í Nd., verða þeir fimm, og hygg ég, að orsökin sé sú, að sjálfstæðismenn hafi gert kröfu til að hafa ekki minna en tvo menn í þessu valdamikla ráði. Mér er það ljóst, að Sjálfstfl. telur það jafnvel andstætt sinni stefnu að fara eftir meginreglum skipulagðs þjóðarbúskapar, en hér hefur einmitt vald þessa flokks verið aukið við þessa breytingu á frv. eða skipun ráðsins. Einnig hefur það komið fyrir eyru mér, að þessi flokkur, sem er svo andvígur skipulögðum þjóðarbúskap, eigi að hafa formann ráðsins. Áhrifavald Sjálfstfl. er því gert mjög sterkt, og þykir mér það mjög miður, hann mun sveigja því skemmra frá sinni stefnu. Allt byggist á því, að starfsemi fjárhagsráðs grundvallist á „planökónómí", en vonir mínar um það, að framkvæmt verði af heilum hug í þessum efnum, veikjast mjög við það, að styrkt er til verulegra muna aðstaða þess flokksins, sem andstæðastur er „planökónómí". Það er í raun og veru svo, að allt er undir framkvæmd þessa frv. komið. Í 4. gr. er t. d. um það talað, að ráðið eigi að leita samvinnu opinberra stofnana, félaga og einstaklinga í framleiðslu, iðnaði og verzlun um samningu heildaráætlunar. Það er gefið mál, að það verður mest á valdi formanns ráðsins, til hvaða stofnana verður leitað í þessu efni. Því get ég efnislega vel sætt mig við brtt. við þessa gr. á þskj. 920 og teldi æskilegt, að hún yrði samþ., en þar er fjárhagsráði gert að leita einnig samráðs launþega, bænda og fiskimanna um samningu heildaráætlunar. Þó að þessa samráðs væri leitað, sé ég ekki, að það dyttu neinir gullhringar af neinum, en aftur á móti væri betra, að þessi samtök gætu fengið að segja sitt orð, áður en slíkar áætlanir væru samdar. Og þær stéttir eiga vissulega ekki minna en aðrir aðilar undir því, hvernig atvinnulífi þjóðarinnar er stjórnað. Á hinn vinnandi mann á sjó og landi kemur það fyrst niður, ef misstigin spor verða í stjórn atvinnumálanna. Það er undir framkvæmdinni komið, hvernig árangur það fær, að fjárhagsráðið leitar samvinnu við lánsstofnanir og aðra aðila, sem hlut eiga að máli, um fjáröflun til þeirra fyrirtækja og lánveitinga, sem fjárhagsráð samþykkir. Þar verður maður aðeins að treysta á, að þetta samstarf sé gott og lánsstofnanirnar séu fúsar til að gera sitt ýtrasta til að verða við óskum fjárhagsráðs. Ef til vill er ekki hægt að setja nein ákvæði þarna, sem fyrirskipa, en ekki fullyrði ég það. En eins og þetta er orðað, er engin trygging fyrir æskilegum framkvæmdum, nema vel fari á með þessum aðilum, lánsstofnunum og meðlimum fjárhagsráðs. Það má ef til vill segja, að samkv. ákvæði 9. gr. sé nokkur trygging í því, að yfirstjórn fjárhagsráðs á að vera í höndum ríkisstj. í heild, og ef einhver flokkur skærist úr leik og torveldaði framkvæmd þessara l. með því að snúast gegn megingrundvelli frv., gæti það varðað stjórnarsamvinnu. Það má segja, að forsrh. muni eiga að hafa yfirstjórn þessara framkvæmda, úr því að það heyrir undir ríkisstj., og framkvæmdirnar hvíla fyrst og fremst á hans herðum og eru undir hans forystu, en ekkert sérstakt ráðuneyti geti farið sinna ferða í þessum mikils verðu málum. Ég sem sagt ber mestan kvíðboga fyrir því, að framkvæmd þessara l. verði í höndum meira og minna andvígra aðila, að skipulag þjóðarbúskaparins kunni að verða aðeins svipur hjá sjón, miðað við þann bókstaf, sem við höfum í þessu frv. En enginn skyldi gleðjast meir en ég, ef þeir aðilar, sem valdir verða til þess að framkvæma þessa lagasmíð, verða þess um komnir að hefja sig yfir flokkssjónarmið í framkvæmd þessa mikils verða máls og framkvæma þau gullnu loforð, sem í frv. sjálfu felast.

Ég skal svo skýra nokkuð frá afstöðu minni til þeirra brtt., sem fyrir liggja. Hún er í skemmstu máli sú, að ég mundi hafa kallað mjög eðlilegt, að allir bankar þjóðarinnar hefðu fengið aðstöðu til að verzla með erlendan gjaldeyri og einn bankinn væri þar ekki settur hjá. Ef til vill eru einhver rök fyrir því, að þessi réttur sé bezt kominn í höndum þjóðbankans og útvegsbankans, en þau liggja ekki opin fyrir mér. Ég hefði því fellt mig mjög vel við till., sem kom fram í Nd. og margir þm. stóðu að. Þá tel ég rétt, að ábending hefði verið um það í frv., eins og ég hef þegar bent á, að samstarfs skyldi leitað ekki aðeins við félög og einstaklinga í atvinnurekendastétt, heldur einnig meðal bænda og verkamanna, og leitað til samtaka þeirra stétta um þær áætlanir, sem ráðið á að gera. Og sérstaklega væri mér ljúft að fylgja till. eins og þeirri 5. í nál. á þskj. 920, að samvinnufélögum sé að öðru jöfnu tryggð sama hlutdeild í heildarinnflutningi á vefnaðarvörum, búsáhöldum og skófatnaði sem þau hafa í matvöruinnflutningi landsmanna. Þetta finnst mér sanngirnismál. Þegar einn aðili hefur tekið að sér á myndarlegan hátt að sjá fyrir innflutningi matvara með lágri álagningu, virðist sanngjarnt, að þau sömu samtök fái svipaðan „kvóta" af öðrum vörum, sem meiri ágóði er af. Ég sé ekki, að „grundvallar-prinsípi" þessa frv. sé haggað, þó að þessi brtt. næði fram að ganga.

Í 1. gr. frv. er sagt, að leggja eigi ekki minna en 15% ársfjórðungslega eftir á í sérstakan reikning erlendis og skuli verja því fé eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar atvinnulífsins. Brtt. á þskj. 920 segir, að í stað 15% komi 20%. Ef vel tækist með gjaldeyrisframleiðslu þjóðarinnar og vilji er fyrir hendi, ætti með núverandi orðalagi að nást sama mark, enda þótt lágmarksupphæðin sé tiltekin nokkru lægri. En hins vegar kann að vera, að lágmarkið 20% sé meir til að standa á pappírnum en að líkur séu fyrir því, að hægt sé að framkvæma það. Það stoðaði lítið að hafa ákvarðað 15% af gjaldeyrisframleiðslu síðasta árs á nýbyggingarreikning, þar sem ekki hefur verið staðið við það, eftir því sem fullyrt er.

Að síðustu vil ég segja, að mér finnst óviðkunnanlegt orðalag á 1. gr. 2. kafla 10. gr., þar

sem segir, að í fjárhagsráði skuli starfa innflutnings- og gjaldeyrisdeild. Mér fyndist viðkunnanlegra, ef gr. orðaðist svo: Undir yfirstjórn fjárhagsráðs starfar innflutnings- og gjaldeyrisdeild, er einnig hefur með höndum verðlagseftirlit. Gæti ég hugsað mér brtt. í þá átt, annaðhvort við þessa umr. eða 3. umr.

Ég skal svo að síðustu taka fram, að mín heildarafstaða til þessa máls er sú, að ég greiði hiklaust atkv. með þessu frv., hvort sem fleiri eða færri af þeim brtt., sem ég kann að fylgja, verða samþ. eða ekki, og treysti því, að framkvæmd verði eitthvað nálægt því, sem orðalag og efni frv. vekur von um.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Ég get verið ákaflega stuttorður. Ég álít, að um þetta mál hafi orðið svo miklar umr. og það sé þegar svo þrautrætt, að ekki sé ástæða til þess að ræða lengi enn um sjálfa stefnuna, sízt þegar svo er áliðið þings. Ég vildi aðeins gera örstutta aths. við þær ræður, sem hér hafa verið fluttar. Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að þegar við erum að byrja að taka upp áætlunarbúskap, ættum við að fara með gætni. Ég álít, að ekki sé farið með gætni í þessu frv. Hér er lagt gífurlegt vald í hendur örfárra manna. Og það er undir stefnunni komið, hve vel tekst, en um stefnuna er mjög mikill ágreiningur. Hv. þm. sagði, að erfitt sé að gera áætlanir hér á landi fyrir langt tímabil, og færði þau rök, að þjóðarbúskap og atvinnuvegum sé þannig háttað í undirstöðuatriðum, að þeir eru stopulir, eins og síldveiðar og fiskveiðar. En hjá ýmsum öðrum þjóðum eru atvinnuvegir einnig stopulir, svo sem uppskera. En svo höfum við ýmislegt fram yfir aðrar þjóðir, sem gerir okkur mögulegra en þeim að hafa áætlunarbúskap, m. a. að mikill hluti þjóðarbúskaparins og fjármálanna er undir „ríkiskontról". Það, sem er aðalatriðið, er, að fyrir okkar þjóðfélag er áætlunarbúskapurinn meiri nauðsyn en fyrir flestar aðrar þjóðir.

Það er mjög lítil aths., sem ég þarf að gera við ræðu hæstv. forsrh. Hann kvaðst vera undrandi yfir afstöðu Sósfl. til laganna um nýbyggingarráð. Hann sagði, að hefði það verið fengur að fá nýbyggingarráð stofnað, væri enn meiri fengur að fá þessi l., sem farið er fram á að setja með þessu frv. En það er nú einmitt um þetta atriði, sem við erum ósammála. Með l. um nýbyggingarráð hófst hið mesta framfara- og framkvæmdatímabil, sem verið hefur hér á landi. En með þessum l. eru aftur á móti allmiklar líkur til, að nýsköpunarframkvæmdirnar verði heftar eða a. m. k. mjög úr þeim dregið, eins og leidd hafa verið rök að og alveg óþarft er að endurtaka, til þess að vera ekki að lengja umræður í þinglok. Hann sagði, að úr því að 15% hefðu nægt í l. um nýbyggingarráð, ætti slíkt einnig að nægja í þessu frv. En honum láðist að geta þess, að nýsköpunarframkvæmdirnar voru gerðar fyrir 300 millj. kr., sem Íslendingar áttu í innstæðum erlendis. En jafnframt vil ég taka fram, að Sósfl. barðist á sínum tíma fyrir því, að þessi upphæð yrði hærri en 15%, svo að þessi till. mín er í fullu samræmi við fyrri till. flokksins í þessu efni. En hæstv. ráðh. gat ekki mótmælt því, sem ég sagði, að með því að leggja aðeins 15% af gjaldeyristekjum á nýbyggingarreikning, er ekki hægt að leggja í stórvirkar framkvæmdir eða halda áfram nýsköpuninni með nokkuð svipuðum hraða og verið hefur.

Þá sagði hæstv. ráðh., að samkv. l. væri hægt að leggja meira en 15% á nýbyggingarreikning. Það er rétt, samkv. bókstafnum. En ég tel engar líkur til, að það verði gert, jafnvel þó að gjaldeyristekjurnar yrðu miklar. Reynsla undanfarinna ára bendir ekki til þess, að svo verði gert, þar sem — eins og tekið var fram í umr. af öðrum þm. — fékkst ekki einu sinni framgengt að leggja þau 15% til hliðar á sérstakan reikning, sem ákveðið var með l. Og það er nú svo, að ráðstafanir á gjaldeyri á hverjum tíma eru miðaðar við ákvæði l. Þannig hefur það verið og mun verða, svo að það eru ekki líkur til, að um neinn verulegan afgang verði að ræða, jafnvel þótt gjaldeyristekjurnar verði miklar, vegna þess að það er miðað við þá skiptingu gjaldeyrisins á hverjum tíma, sem ákveðin er í lögum.

Hæstv. ráðh. andmælti því ekki, að um áætlunarbúskap gæti ekki verið að ræða, nema áætlun væri gerð fyrir lengri tíma, eins og ég reyndi að færa rök fyrir. Hv. þm. Str. minntist á þetta, viðurkenndi það og meira að segja undirstrikaði mjög í sinni ræðu. En hæstv. ráðh. sagði, að í frv. væri ekkert, sem bannaði, að áætlun væri gerð fyrir lengri tíma. En það er alveg sýnilegt, að til þess er ekki ætlazt, því að hvers vegna skyldi þá vera tekið fram, að áætlun skuli vera til eins árs? Og hvers vegna þá að fella till. um, að áætlun skuli gera til lengri tíma samkv. nánari ákvörðun ríkisstj. í samráði við ráðið? Enda sagði ráðh., að ekki væri hægt að gera áætlun langt fram í framtíðina, svo að það þarf ekki að fara í grafgötur um skoðun og stefnu ríkisstj. í þessu efni. Það hefur greinilega komið í ljós í umr.

Hæstv. ráðh. hélt, að síðasta brtt. mín við 12. gr. varðandi samvinnufélögin og rétt þeirra til innflutnings á vefnaðarvörum, búsáhöldum og skófatnaði væri fram borin til þess að koma með fleyg. Það er mikill misskilningur. Fulltrúar Sósfl. á þingi Sambands íslenzkra samvinnufélaga gerðu ásamt öðrum fulltrúum þar samþykkt um þetta efni. Við munum standa við þetta heit okkar hér á Alþ. og vonum, að aðrir geri hið sama.

Ég vil svo þakka hv. 3. landsk. fyrir undirtektir hans undir sumar af mínum till.

Gísli Jónsson: Ég er mjög undrandi yfir ummælum hv. frsm. í sambandi við þær fyrirspurnir, sem ég gerði til hans, og út af aths. mínum við frv. Ég óskaði fyrst og fremst að fá upplýsingar um, hvort honum og n. væri kunnugt um þær upplýsingar, sem ég veitti hér og frá mínu sjónarmiði eru ekki veigalitlar í málinu, m. a. hvort kunnugt væri um það, að Útvegsbankinn varð að greiða um hálfa milljón kr. vegna þessa. Ég fékk ekkert svar. Ég fór eindregið fram á, hvort hann vildi stuðla að því sem frsm., að til baka væri tekinn b-liðurinn í brtt. Ég fékk heldur ekkert svar við því. Og ég verð að segja, að ég tel það mjög illa farið, ef málið er sótt af því kappi, að ekki er einu sinni hægt að fá leyfi til að fresta atkvgr. um atriði til þess að komast að einhverju samkomulagi um svo viðkvæmt mál. Tel ég það mjög vafasaman hagnað fyrir málið. Þessi hv. d. hefur ekki haft málið mjög lengi, ekki deilt um það né haldið uppi þrætum né málþófi. Hún

hleypti málinu til 2. umr. án nokkurra mótmæla. En nú neitar frsm. og ráðh. um að samþykkja nokkurn frest til þess að afla upplýsinga. Ég vil enn mælast eindregið til þess, að þessi litla till. sé dregin til baka og gerð verði tilraun til að fá samkomulag um þetta atriði, áður en málið fer lengra. Ég gerði fyrirspurn um það, hvort unnt væri að fá yfirlýsingu frá hæstv. forsrh., eins og jafnvel fjmrh. gerði, um það, að sami háttur skyldi hafður á um sölu gjaldeyris milli banka eins og hingað til. Ég hef ekkert svar fengið við þessu. Þetta eru sannast að segja ekki lítils verð atriði í málinu. Viðvíkjandi tilraun um samkomulag að skipta gjaldeyrinum, eins og ég fór fram á, kom hv. frsm. aðeins inn á með útúrsnúningi, að þeir mættu selja hvaða banka sem er. Við þessu fékk ég ekkert svar. Eina svarið við þessu var veitt af hv. þm. Str., og hann var ekki einu sinni í n. Kvað hann vera komið upp stríð milli bankanna og Landsbankinn neitaði að afhenda eða lána hinum bankanum nægilega seðlafúlgu til þess að kaupa gjaldeyri. Ef þetta er rétt, þá er næsta sporið að setja hér upp ákveðinn seðlabanka og knýja þannig aðra viðskiptabanka í landinu, hvort heldur er Útvegsbankann eða Búnaðarbankann. Mig undrar, að bankamálaráðh. skuli ekki vera við þessar umr. Ég held, að ekki verði um það deilt, að ef Landsbankinn hefur þetta vald, sem hv. þm. Str. sagði, að hann hefði og beitti nú, þá sé alveg tímabært að tala um, hvort það á ekki að taka það vald af honum. Ég get upplýst hér, að það er a. m. k. ekki mjög langt síðan Útvegsbankinn hafði 60% af öllum gjaldeyri, eða viðskiptamenn Útvegsbankans. Og ég fullyrði alveg, að á þeim tíma, sem Landsbankinn veik sér undan að hjálpa áfram fyrirtækjum, sem þurftu að afla gjaldeyris, þá hjálpaði Útvegsbankinn af fátækt sinni. Þau fyrirtæki veita okkur nú miklu meiri gjaldeyri en kostaði að koma þeim upp. Ég er því undrandi, ef hv. frsm. vill ekki svara í þessu máli öðru en hann svaraði áðan. Vænti ég þess mjög, að hann taki málið til athugunar, taki þennan lið til baka og fái samkomulag um hann.

Ég get þá ekki látið vera að ræða ofurlítið við hv. 3. landsk. Það er nú svo, að hann hefur notað sérhvert tækifæri hér til þess að sýna andúð á Sjálfstfl. Í stórum málum og smáum hefur það verið rauði þráðurinn, ef ekki fjandskapur, þá a. m. k. andúð, þennan tíma, sem hann hefur verið á þingi. Ræða hans áðan var sérstaklega til þess gerð að sýna fram á, hvað þetta væri ákaflega slæmur flokkur. Nú veit hv. 3. landsk., að í samvinnu við Sjálfstfl. fékk nú aftur Alþfl. sína vitamínsprautu, svo að hann dó ekki, en allan sjúkleika hafði hann í samvinnunni við Framsfl., því að þá var hann alveg að deyja í höndunum á þeim mönnum. En ekki ætla ég frekar út í það, en vil sýna hv. þm. fram á, á hvaða gönuhlaupi hann er hér. Hann lýsti yfir, hvað hann væri ákaflega ánægður með 1. lið í 2. gr. þessa frv. En hann ætti að athuga, að þetta er alveg sama og eitt samvinnuatriði hjá fyrrv. stjórn, að tryggja sem flestum þegnum þjóðfélagsins nægilega atvinnu við sem bezt lífskjör. En þó var þessi hv. þm. fjandsamlegastur allra sinna flokksmanna þeirri ríkisstj. og hélt uppi sérstöku blaði gegn henni. Þá lýsti hann einnig yfir, að hann væri ákaflega fylgjandi 4. lið. En efni hans er nákvæmlega það sama og var eitt atriði í fyrrv. stjórnarsamvinnu og áframhald af því, sem byrjað var á undir forystu Sjálfstfl. Nákvæmlega er sama um 5. lið og 8. lið. Vilji hv. þm. athuga þau l., sem samþ. voru á Alþ. undir stjórn Sjálfstfl. undanfarin þing, þá er einmitt byrjað á þessu, sem talað er um í 8. lið.

Hv. þm. kvaðst telja það óhamingju, að þessi flokkur fengi sterkari aðstöðu en gert var ráð fyrir í upphafi. Og hann endaði með því að segja, að ef þeir menn, sem færu í þetta ráð, reyndust ekki færir um að horfa yfir öll flokkssjónarmið, mundi verkið ekki takast eins og til var stofnað. Ég er honum sammála um þetta og vænti þess, að ekki verði teknir aðrir menn í ráðið en þeir, sem hafa þroska til að líta eitthvað upp fyrir þau takmörkuðu sjónarmið. Ég vona, að hver flokkur finni slíkan mann til að senda í ráðið. En þá vil ég í sambandi við þetta benda hv. 3. landsk. á annað. Ég held, að það sé í fyrsta skipti í þingsögunni, sem nokkur flokkur hefur boðið upp á það að hafa jafnmarga fulltrúa í ríkisstj., hvort sem flokkurinn er stór eða smár, eins og Sjálfstfl. gerði. En nú vill þessi þm. byrja að svívirða þennan flokk, setja hann niður í völdum og útiloka hann frá þátttöku í þessu ráði. Það væri skemmtilegt að eiga mann með þessum hugsunarhætti í þessu ráði! Það færi þá ekki margar mílur, ef sá hugsunarháttur ætti að ríkja.

Þá óskaði hv. 3. landsk. eftir, að till. minni hl. um sérstöðu um innflutning til samvinnufélaga yrði samþ., og mig furðar ekki, þótt hann vilji fylgja því, því að hann hefur viljað fylgja öllu, sem ósanngjarnt hefur verið á þessu þingi. En ég vil benda honum á, hvað er hér í 12. gr. frv. Þar stendur, að þeir eigi að sitja fyrir innflutningsleyfum, eftir því sem frekast er unnt, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera. Nú vill hv. 3. landsk. setja til viðbótar þessu skilyrði annað skilyrði um það, að þetta skuli ekki vera heildarsjónarmiðið, heldur hitt, að verzlunin sé rekin undir samvinnufélagabúskap. Ef verzlunin uppfyllir þetta ákvæði, þarf ekki að samþykkja till., því að þá er hún óþörf, en hún er sett fram af því, að þessi þm. veit, að það verður erfitt fyrir þessa verzlun að geta uppfyllt þessi skilyrði og því nauðsynlegt að setja þetta inn. Samvinnufélagsverzluninni hafa verið tryggð sérstök fríðindi með skattal. Hún þarf aldrei að greiða í tekjuskatt meira en 8% á móti 22% hjá öðrum aðilum, sem með verzlun fara, og hún hefur þar að auki fengið þau fríðindi, að það er ekki talið heimilt að leggja veltuskatt á alla hennar verzlun og ekki nema á þann hluta verzlunarinnar, sem er við utanfélagsmenn, þannig að það hefur verið skipulagt að tryggja það, að kaupfélagsverzlunin bókstaflega útiloki frjálsa verzlun, þar sem samkeppni á sér stað, vegna þess að frjáls verzlun eða einstaklingsverzlun, sem á að bera fulla skatta, á að bera skatta til ríkis og bæjar eftir öðrum mælikvarða. Síðan hámarksverð var sett á vörur í landinu, hef ég ekki orðið var við, að þetta hámarksverð hafi orðið ½% meira hjá kaupfélögunum en hinum verzlununum, og veit ég, að þetta gengur svo langt, að víða óska sveitarfélögin ekki eftir því, að einstaklingsverzlunin hverfi, því að þá verða þeir að leggja skatt á kaupfélögin, og ég get bent á marga staði á landinu, þar sem skattþegnarnir

hafa verið píndir þannig, að þeir hafa flæmzt burtu, og hefur þá orðið að leggja á kaupfélögin, sem hafa þá kveinað undan því. — Nú er ekkert af þessu nóg, heldur vill hv. 3. landsk. stíga lengra, gefa ekki þessum mönnum sama rétt um innflutning og öðrum aðilum né heldur leyfa þeim að gera innkaup með sem hagkvæmustum kjörum, því að annars væri gr. óþörf.

Hv. 3. landsk. sagði, að ekki hefði verið staðið við það á s. l. ári að leggja til hliðar lögboðinn hluta af gjaldeyri. Ég skal ekki á þessu stigi málsins fullyrða neitt um þetta, en vildi gjarnan heyra frá honum, hve mikið af þessu hafi verið vanrækt, því að ég man ekki betur en fyrrv. fjmrh. lýsti yfir því hér við 1. umr. fjárl., að því hefði verið frestað þá, á meðan verið væri að reikna út, hve mikið af þessari upphæð hafi farið yfir á annað, hve mikið af innflutningnum raunverulega hefði átt að færa á þennan reikning, og átti hann þá, að ég held, sérstaklega við vélar til iðjuvera og hluta, þar sem andvirði þeirra átti lögum samkvæmt að fara á þennan reikning. — Þetta er það síðasta, sem ég veit í málinu. Vera má, að hv. þm. viti meira, og vildi ég þá vita, hvað það væri, ef hann gæti farið nokkuð rétt með. En ég held nú, að nokkrar af þessum fullyrðingum hans séu ekki á miklum rökum byggðar frekar en margt annað, sem hann hefur sagt í þessu máli og mörgum öðrum. — [Fundarhlé kl. 7,38 til kl. 9 að kvöldi.]

Frsm. meiri hl. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Mér fannst hv. þm. Barð. allgustmikill núna fyrir matinn yfir því, að ég hefði ekki gefið honum nógu skýr svör við því, sem hann spurði, hvort n. væri kunnugt um, að Útvegsbankinn hafi greitt 500 þús. kr. fyrir gjaldeyri frá Landsbankanum. Mér fannst ég svara honum þessu nokkuð. Hann veit, að ég er nýkominn í n., en ég ber það mikið traust til formanns hennar, að ég býst ekki við, að n. hefði stungið þessu undir stól, ef hún hefði haft einhverjar upplýsingar um þetta. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. Barð. ætlast til, að fjhn. fari að skipta sér af málum, sem ekki eru til hennar komin. Mér er ekki kunnugt um, að nokkur kvörtun frá bönkunum hafi legið fyrir n. Það má kannske segja, að einkennilegt sé, að þessi hv. þm. beri hag annars bankans fyrir brjósti, en vilji láta hag ríkisbankans sitja á hakanum. Hann spurði, hvort n. vildi ekki taka till. sína aftur. Ég skil ekki, hvers vegna hann vill, að n. taki aftur till. sína. Í frv. er gert ráð fyrir, að Útvegsbankinn fái 28% af gjaldeyrinum, en við leggjum til, að það verði 33⅓%. Ég vona, að ég hafi nú svarað þessu nægilega, skil ekkert í þeim norðangusti, sem blés frá þessum fyrrverandi samsýslunga mínum. Annars mun ég halda fast við það að samþykkja þessa brtt. n.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Barð. Eins og sjá má af nál., þá leggur meiri hl. fjhn. til, að tekin séu upp í l. þessi nákvæmlega sömu ákvæði og áður giltu um gjaldeyrisskipti milli Landsbankans og Útvegsbankans.

Hvað snertir b-liðinn í brtt., þá hygg ég, að það sé í anda hv. þm. Barð., að svo er ráð fyrir gert, að þótt menn skipti við Útvegsbankann, þá geti þeir samt fengið gjaldeyri í Landsbankanum, þegar sérstaklega stendur á, en gjaldi ekki þess, að þeir skipta við Útvegsbankann. Ég hygg, að b-liðurinn tryggi þetta einmitt og að ríkisvaldið með honum tryggi mönnum gjaldeyri til þess að geta keypt nauðsynjavörur á erlendum markaði.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vildi byrja á því að lýsa því yfir, að ávallt, þegar hv. þm. Barð. hamast á mér með ókvæðisorðum, þá gleðst ég elginlega, því að þá veit ég, að hugmyndir mínar og till. bera ekki á sér neinn íhaldsblæ, en ef hann ysi á mig lofi, þá gerðist ég hræddur um, að ég hefði gert einhverja déskotans vitleysu. Sömuleiðis stendur mér nákvæmlega á sama, þó að hann gefi af mér heldur ófagra mannlýsingu. Nýlega gaf hann þá ljótu lýsingu á hæstv. samgmrh., að hann væri sá veifiskati, að hann hefði eina skoðun í dag en aðra á morgun. Þá rak þessi hv. þm. upp ramaóp yfir því, að ég hefði andúð á stefnu Sjálfstfl. Ég viðurkenni, að það sé satt. En hvers vegna hef ég andúð á henni? Ekki af því að ég hatist við þá menn, sem eru þessari stefnu fylgjandi, langt í frá. Ég get viðurkennt þá og umgengizt þá án þess að hugsa um stefnu þeirra. En hvers vegna vil ég þá ekki stjórnarsamstarf við sjálfstæðismenn? Það er af því, að sjónarmið hægri og vinstri flokkanna eru svo gerólík, að þau verða ekki samrýmd. Hvernig ættu t. d. sósíalistar að eiga samstarf við íhaldsmenn um verzlunarmál? Þeir vilja, að verzlunin sé rekin með það fyrir augum, að einstakir menn hafi aðstöðu til að hagnast á henni. Þetta sjónarmið get ég ekki aðhyllzt og enginn okkar jafnaðarmanna. Tökum t. d. togaraútgerðina, verksmiðjureksturinn o. m. fl. Sjálfstæðismenn halda því fram, að einstaklingar eigi að hafa þetta á hendi, en sósíalistar halda fram ríkisrekstri í þessum efnum og að öll alþýða eigi að hagnast jafnt á þessu. Þetta eru hin ólíku sjónarmið. Lítum á verkalýðsmálin. Getur alþýðan átt samleið með sjálfstæðismönnum þar? Ég held ekki. Afturhaldssjónarmið verða aldrei sameinuð sjónarmiðum alþýðunnar. Hvaða flokkur, sem ekki vill komast í „konflikt" við þennan flokk, má ekki binda bagga sína með þessum mönnum vegna afturhaldssjónarmiða þeirra. Þeir heimta nefskatta og að skattar séu lagðir á menn án tillits til tekna þeirra og eigna. Hvaða leið fundu svo íhaldsmenn út úr dýrtíðinni og hinu óeðlilega fjárhagsástandi í landinu? Hækkaða tolla og ekkert annað. Ég hef enn ekki fundið leið til að sameina hin ólíku sjónarmið og býst ekki við að geta það, en fyrir þá sök, að það er ómögulegt, þá getur samvinna flokkanna ekki komið til greina. Það er vegna þess alls, sem ég nú hef talið, að ég hef andúð á stefnu íhaldsins, og vona ég, að ég hafi nú gert hv. þm. Barð. fulla grein fyrir henni, svo að hann þurfi ekki aftur að standa upp og láta í ljós undrun sína yfir þessari andúð minni.

Þá sagði þessi hv. þm., að Alþfl. ætti Sjálfstfl. líf sitt að launa. Heyr á endemi! Ég tek ekki hið minnsta mark á slíku orðagjálfri. Það, sem jók fylgi Alþfl. við síðustu kosningar, var stefna hans fyrst og fremst. Þá fór þessi hv. þm. að lofsyngja þá göfugmennsku, að á meðan á stjórnarmynduninni stóð, þá hefðu sjálfstæðismenn boðið, að 2 ráðherrar skyldu vera úr hverjum flokki. Sjálfstfl. veit, að hann er orðinn minnsti flokkurinn á landinu, og nú býður hann „principielt" upp

á þau býti, að hann hafi töglin og hagldirnar í stjórn landsins og geti falið hana einni fjölskyldu, Thórsurunum. Svo var farið að láta blítt og dátt að maddömu Framsókn, en nú þjást íhaldsmenn af þeim ótta, að hún kunni þá og þegar að ganga úr hjónasænginni, og því hafa þeir Ólaf Thors á biðilsbuxunum dag og nótt til þess að varna, að þetta verði.

Snúum okkur nú að fjárhagsráði og spyrjum: Sætta íhaldsmenn sig við að hafa einn mann í því? Svarið verður neitandi. Þeir sætta sig ekki við það, og nú eru þeir búnir að breyta l. um fjárhagsráð á þá leið, að í því skulu eiga sæti 5 menn, og á Sjálfstfl. að eiga 2 af þeim, og skal annar vera formaður ráðsins, en öll líkindi benda til, að formaðurinn verði þessi eintrjáningur, sem þarna situr, eða nánar til tekið Gísli Jónsson, en sízt af öllum þeim 52 þm., sem sæti eiga á þingi, er hann búinn þeim þroska, sem þetta starf kemur til með að útheimta, jafn„stagneraður" íhaldsmaður og hann er.

Fjárhagsráði er ætlað það höfuðhlutverk að starfa að „planökónómí". Nú er það á allra vitorði, að sjálfstæðismenn eru andvígir þessu í sjálfu sér, og því er gersamlega óviðunandi, að þeir skulu eiga að hafa 2 menn í þessu ráði. Ég verð að segja það, að eðlilegast hefði mér þótt, að þeir hefðu lýst sig hreinlega á móti þessu. Ég vil, að sá flokkur, sem hefur „planökónómí" á sinni stefnuskrá, leggi til formanninn og beri hita og þunga dagsins. Þá hefði ég haft miklu meiri trú á, að hér væri meira en orðin tóm á ferð, ef slíkur flokkur réði stefnunni. Ef ætti að samþykkja eitthvert frv. á þessu þingi, sem fyrst og fremst þræddi stefnu Sjálfstfl., — ætli við hefðum viljað koma því framkvæmdamáli í hendur t. d. alþýðuflokksmanna? Langeðlilegast hefði þá verið að velja einhvern íhalds-harðjaxl eins og hv. þm. Barð. til að framkvæma þá stefnu. Við erum búnir að þreifa á því oft og lengi á þessu landi, að einkasölur, sem fengnar voru í hendur mönnum, sem voru í hjarta sínu andvígir einkasölu, hafa flestar gefizt illa. En það er engin sönnun þess, að það skipulag, sem þær starfa eftir, sé ómögulegt. Þeir, sem vinna að framkvæmd verks eða skipulags, þurfa að hafa trú á því. Það er vitað, að illa fer, ef þeir eru fjandsamlegir því skipulagi.

Hv. þm. fullyrti, að ég vildi útiloka Sjálfstfl. úr ráðinu. Það er alveg rangt. Ég vildi, að hann ætti þar einn mann, og hefði ekki talið óeðlilegt, að hann hefði (**Rödd af þingbekkjum:** formanninn.) jafnvel formanninn einan, ef flokkurinn hefði átt einhvern mann innan sinna vébanda, sem hefði haft „sósíala tendensa", sem enginn er eins laus við og hv. þm. Barð. En þegar flokkurinn ætlar að heimta formanninn og annan mann til, þykir mér það meira en svo, að hægt sé að kalla sanngjarnt.

Hv þm. vék að því, að ég hefði verið andvígur fyrrv. stjórn. Hann ber hana alltaf fyrir brjósti. Það er alveg rétt, að ég tók nýsköpunarskrumið svona nærri því eins og Morgunblaðs-sannleika. Ég vissi, að undir því fólst margt, sem líka hefur komið á daginn, eftir að ég hef heyrt hv. þm. Barð. skýra frá einu og öðru, sem hann skýrði aldrei frá, meðan sú dýrðlega stjórn sat að völdum. Ég hef heyrt hann áfellast fyrrv. stjórn og reyna að vísu að koma öllu á vissa flokka. Ég hef heyrt hann skýra frá ýmsu, sem hann hampaði ekki áður, meðan fyrrv. stjórn var við lýði. Ég hef heyrt hann skýra frá byggingarmálum ríkisverksmiðjanna á Siglufirði og fleiru, og eftir þessari núverandi lýsingu hans hefur ekki verið þar allt í sómanum. Margt fleira er nú bak við tjöldin, sem látið var gott heita, meðan fyrrv. stjórn sat á stólum. Það var alltaf hamrað á því, að stjórnin væri að nýskapa atvinnulífið og þjóðfélagið. En ætli árangurinn verði ekki nokkuð mikið undir því kominn, hvernig framkvæmdirnar reynast að vera. Eins er með þetta frv. Það er ákaflega margt fallegt í því á pappírnum, en meir skiptir þó, hvernig það verður framkvæmt. Og eigi þetta að framkvæmast af íhaldsmanni sem formanni með annan íhaldssegg sér við hlið, þá finnst mér íhaldið fái það mikla aðstöðu til að setja fingraför sín á framkvæmdirnar, að mér lízt illa á þetta, vægast sagt.

Eitt af því, sem hv. þm. Barð. bar á borð, var það, að ég vildi alla verzlun í hendur kaupfélaganna. Það er alveg rétt, að ég hef miklu meiri velþóknun á því, að vöruútvegun landsmanna sé í höndum neytendasamtakanna sjálfra en einstakra manna, sem gera sér hana að gróðavegi. Hann sagði það hafa komið fyrir, að kaupmenn hafi horfið, þar sem kaupfélög hafi komið. Hvers vegna þá það í frjálsri samkeppni? Af því að yfirburðir kaupfélaganna eru svo miklir, að kaupmennirnir hafa orðið að lúta í lægra haldi. Þetta er beint í anda samkeppnispostula eins og hv. þm.

Hv. 1. þm. Eyf. leiðrétti nú ýmsar missagnir hv. þm. Barð. í skattamálum, að því er snertir hlutfall milli kaupmanna og kaupfélaga, og sást þá, að það hefur hent þennan sannleikspostula að fara ekki alveg rétt með. Hitt drap hv. þm. Barð. ekki á, að á undanförnum árum hefur verið kreppt meir að kaupfélögum en kaupmönnum. Samvinnufélögin hafa ekki haft aðstöðu til að flytja inn þær álagningarfreku vörur, sem kaupmenn hafa safnað að sér, ýmist með því að fá leyfi eða vegna þess, að innflutningseftirlitið hefur verið mest til að sýnast. Það er nú látið í veðri vaka, að þeim eigi að heimila innflutning, sem geta sýnt fram á, að þeir selji vörur með sem minnstum dreifingarkostnaði og kaupi inn með hagkvæmustu verði. Út frá þessu segir hv. þm. Barð., að frekar þurfi ekki að hlynna að kaupfélögunum en þetta. Ef þau hafi yfirburði, fái þau innflutninginn á sínar hendur, en kaupmenn ekki. Það þykir nú samt ástæða til að minna á þetta í frv. á tveimur stöðum: Í 1. lið 12. gr., þar sem talað er um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. En það er ekki minnst í fyrsta kafla frv. Það er við þennan kafla, sem hv. 4. landsk. ber fram brtt. og vill, að kaupfélögum sé tryggð hlutdeild í heildarinnflutningi á vefnaðarvörum, búsáhöldum og skófatnaði í sama hlutfalli og þau hafa á undanförnum árum annazt og annist framvegis matvöruinnflutninginn. Um það er ekkert sagt í 1. kafla þessa frv. Þess vegna er þessi till. óþörf. Hv. þm. Barð. andmælir þessu, af því að hann vill ekki, að kaupfélögin fái réttingu á ranglæti, sem þau hafa orðið að þola á undanförnum árum. En það sér hver maður, að sá aðili, sem hefur á þeim tíma, sem kaupmenn seldu feikn af þeirri þarfri og óþarfri vöru, sem gaf hæsta álagningu og mestan gróða, selt sínar vörur með lágri álagningu og litlum eða engum gróða —

sá aðili á rétt til að fá svipaða hlutdeild í álagningarhærri vörum eins og hann hefur haft viðvíkjandi matvörum á liðnum tíma. Ég held, að mikið skorti á, að hv. þm. Barð. sé þeirri rökfimi gæddur að sanna, að ekki sé réttlátt, að kaupfélögin og Sambandið fái leiðréttingu á þessu sviði.

Ég endurtek svo að síðustu, að ég hef illan bifur á framkvæmd þessa frv., ef Sjálfstfl. á að hafa sterkasta aðstöðu, formennsku fjárhagsráðs og annan fulltrúa í ráðinu. Og ég er ekki búinn að sjá, að til séu svo víðsýnir menn innan vébanda flokksins, að þeir leggi sig alla fram af lífi og sál í starfi á grundvelli stefnu, sem er andstæð þeirra flokksstefnu. Mig langar til að spyrja, og því getur hæstv. ríkisstj. svarað: Er búið að semja um það, að formaður fjárhagsráðs skuli vera sjálfstæðismaður? Er búið að semja um það, að formaður ráðsins verði hv. þm. Barð.? Ef svo er, gefur það ekki góðar vonir, að framkvæmd frv. verði fyrirmyndar „planökónómí". En ég mun þó verða að beygja mig undir að bíða þess, hverju fram vindur. Trúna hef ég ekki nú, en ég vona ég öðlist hana við framkvæmdirnar.

Gísli Jónsson: Ég vil ekki misbjóða þolinmæði hæstv. forseta. Ég ætla að geyma mér til 3. umr. að kitla hv. 3. landsk. Út af ummælum hv. frsm. vil ég segja, að mér þykir ákaflega leitt, að hann hefur ekki skilið mín ummæli í þessu máli. Ég hef aldrei beðið hann að taka aftur alla tillgr., en b-liðinn. Ég einmitt tók fram, að ekkert gerði til, þó að a-liðurinn færi í gegn, því að við hann mætti bæta. Ég mun bera fram brtt. við frv. við 3. umr., vil ekki lýsa þeim nú, en læt þetta nægja.

ATKVGR.

Brtt. 920,1 felld með 10:3 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 920,2 felld með 9:6 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 920,3 felld með 9:3 atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 920,4 felld með 10:4 atkv.
4.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 920,5 felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, StgrA, ÁS, BrB, HV.
nei: LJóh, SÁÓ, KG, BBen, BK, EE, GJ, GÍG, JJós, ÞÞ.

2 þm. (PM, HermJ) fjarstaddir.
12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 918,a samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, KG, BBen, BK, EE, GJ, GÍG, JJós, LJóh.
nei: StgrA, ÁS, BrB, HV.

HermJ, PZ, ÞÞ greiddu ekki atkv.
1 þm. (PM) fjarstaddur.
Brtt. 918,b samþ. með 9 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
14.—27. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 140. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 931).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég lofaði við 2. umr. að tefja ekki málið með því að flytja þá brtt., en þar sem frsm. hefur ekki séð sér fært að taka mínar aths. til greina, ber ég nú fram tvær brtt., sem ég mælist til, að verði samþ. Fyrri brtt. er við 13. gr. og er þess efnis, að bankarnir geti skipt með sér gjaldeyrinum, án þess að ríkisstj. komi þar til. Hin till. er við b-lið á brtt. meiri hl. fjhn. og er um það, að í stað millibankanefndar komi fjárhagsráð. Mér þykir eðlilegt, að fjárhagsráð hafi þetta á sínu valdi og miklu eðlilegra heldur en að til þess sé kvödd einhver millibankanefnd. Í sambandi við skiptinguna milli bankanna, þá var frsm. að tala um það, að ég bæri hag einkabankans fyrir brjósti. Þetta þykir mér harla einkennileg ádeila, — eða veit þessi þm. ekki, að Útvegsbankinn er líka landsbanki? Og veit hann ekki, að í stjórn Útvegsbankans hefur ríkisstj. bæði töglin og hagldirnar og af hlutabréfum bankans hefur ekki verið greiddur arður í 20 ár og samþ. hér að leysa hluthafa út. Það eru til menn, sem halda, að enginn geti gert neinar till. eða nokkuð nýtilegt nema í eiginhagsmunaskyni. Það getur náttúrlega hver haldið því fram, sem vill, að ég sé hluthafi í Útvegsbankanum, þó að ég eigi ekki í honum grænan eyri. Þá virtist mér þessi nýi þm. ófróður í sambandi við skattana, þó að hann hafi eitthvað með skattamál að gera.

Ég held ég verði að reyna ofurlítið á þolinmæði forseta og svara 3. landsk. nokkru, þó að ræða hans sé varla þess virði, að henni sé svarað. Ég vil byrja á því að mótmæla þeim orðum, sem 3. landsk. gerði mér upp í garð viðskmrh., eða að hann notaði röng rök, en hins vegar sagði ég, að hann beitti rökunum í dag á þennan hátt, en svo öðruvísi á morgun, eftir því sem bezt hentaði hans málstað, og þetta er ekki lítið hól um manninn, að hann skuli vera svo slunginn, en því síður, að það sé nokkurt last. En það er ekkert nýtt, þó að 3. landsk. fari rangt með ummæli, því að hann er fæddur með þeim ósköpum að geta ekki skýrt rétt frá. Þessi þm. fór út í sjónarmið flokkanna, en þetta, sem hann var að hæla, voru einmitt verk Sjálfstfl. Það var undirbúningurinn að fyrri stjórnarsamvinnu, sem Ólafur Thors átti stærstan þátt í og þm. Str. kallaði „plötuna", og það frv., sem hér liggur fyrir um fjárhagsráð, er ekki annað en áframhald af nýbyggingarráði, sem Sjálfstfl. lagði grundvöll að 1944. Þá talaði þessi þm. með lítilsvirðingu um það, að Sjálfstfl. berðist fyrir verzlunarstéttina, og vildi gera lítið úr henni. Ég vil benda þessum þm. á það, að það er ekki alveg sama, hvernig innkaup við gerum, þegar við flytjum inn í landið fyrir 300 millj. Það getur munað okkur töluverðu, hvort varan er ⅓ ódýrari, en það skilur þessi þm. ekki. Yfirleitt hefur það reynzt illa hér að hafa einkasölur á einu og öðru, og þó að við getum vitnað í tóbakseinkasölu, áfengiseinkasölu, þá er ekki þar með sagt, að ekki sé hægt að reka þetta á heppilegri hátt. Það er sama sagan með útgerð. Hún hefur yfirleitt gefizt betur í einstaklingsrekstri, þó að til séu dæmi, að hún hafi gengið vel hjá bæjarfyrirtækjum, eins og í Hafnarfirði, en þar hefur líka starfað betri maður en yfirleitt er völ á, en þó ber þess að

gæta, að þessar stofnanir þurfa ekki að greiða opinbera skatta, og þættu það góð fríðindi hjá einstaklingum. Ég mæli þetta ekki sem neina sérstaka andúð á þeim flokkum, sem þessa stefnu aðhyllast, heldur sem rök. En ef 3. landsk. þm. gæti bent mér á ríkisrekstur, sem færi betur úr hendi en hjá einstaklingum, þá þætti mér vænt um það. Ég veit ekki betur en það sé nokkuð sama, hvað við tökum, hvort það er landssmiðjan, skipaútgerðin eða síminn, allt tapar, og sum þessara fyrirtækja tapa, þegar alveg hliðstæð einkafyrirtæki græða stórfé. Ég held því, að það sé ekki heillavænleg stefna að útiloka einstaklingsframtakið, og tel, að það séu lítið þarfir menn, sem reyna að ala á úlfúð milli verkamanna og atvinnurekenda.

3. landsk. var að tala um íhald, — en hver var mesti íhaldsmaðurinn 1944, hvaða hraundrangar voru það, sem vildu viðhalda gamla danska valdinu á Íslandi þá? Var það Sjálfstfl.? Nei, ætli það hafi ekki einmitt verið 3. landsk. og fylgifiskar hans, og svo leyfir þessi þm. sér að svara öðrum til um íhaldssemi.

Hvernig hefur það verið með skattamálin? Hefur Sjálfstfl. verið á móti veltuskattinum, sem komið hefur mest niður á kaupmannastéttinni? Nei, það var Alþfl. og Framsókn, sem þar snerust á móti, vegna þess að sá skattur kom líka niður á félagsverzluninni, en það mátti ekki jafnt yfir alla ganga.

Það hefur áreiðanlega verið mikið happ fyrir okkar þjóð, að einmitt peningavaldið svo nefnda skuli hafa tekið saman við verkafólkið í því skyni að lyfta Grettistaki, eins og gert var með nýsköpuninni, þegar hún var hafin 1944, og það er sú samvinna, sem þarf að haldast. Það eru því lítið þarfir menn, sem stöðugt nota tækifærið til þess að reyna að rjúfa þá samvinnu.

Svo á Sjálfstfl. að krjúpa á kné til að fá að vera með í stjórn, og svo ræður hann öllum málum, þegar í stjórn er komið. Það er ekki til sú staða, sem hann ekki ræður yfir, hvað þá bankar og aðrar stofnanir. Ég verð að segja, að ég held bara, að ríkisstj. megi ekki vera án slíkra mikilmenna. Þótt þeir séu alls staðar í minni hluta, þá ráða þeir samt öllu. Annaðhvort er þetta stórkostlegt hól um sjálfstæðismenn eða last um, hvað hinir eru miklar druslur. Ég vil segja hv. 3. landsk., að mér er ekki kunnugt um, að krafan um að hafa 5 menn í ráðinu hafi komið frá sjálfstæðismönnum. En ef honum finnst þessi krafa, sem hann talar um, ósanngjörn, þá vil ég benda á og bera hana saman við kröfur þær, sem komu frá Alþfl., þegar rætt var um tryggingaráðið á síðasta Alþ. Þær kröfur voru runnar undan rifjum lærifeðgum þessa hv. þm., Vilmundar Jónssonar, sem hann jafnan flýr til, þegar hv. þm. þarf á hinni miklu stjórnspeki að halda. Kröfurnar voru þannig, að ráðið skyldi skipað 8 mönnum, þar af átti heilbr.- og félmrh., sem þá var Finnur Jónsson, að skipa 3 menn til að byrja með, síðan átti hver flokkur að kjósa einn mann í þinginu, og fékk þar Alþfl. fyrst þessa þrjá og svo þar einn, og svo átti hann að skipa form. Þar með var hann búinn að fá 5 menn. Þetta mætti kannske kalla meira réttlæti en það, að Sjálfstfl. fái nú hlutfallslega sama og hans styrkleiki segir til um í þinginu. Ég verð að biðja hv. 3. landsk. að athuga þessi mál. Þessi krafa kom frá Alþfl., en var ekki sinnt. Hér í þinginu hefur verið gerð tilraun til þess að marka þá stefnu að láta í slíkar valdastöður samkv. styrkleikahlutföllum flokkanna almennt, svo að sjónarmið kjósendanna á hverjum tíma komi sem réttast fram í þessum málum. En nú virðist mér vera fylgt annarri stefnu. Það sjónarmið er sem sagt látið ráða, að því minni sem flokkurinn er, þeim mun meiri völd skuli hann fá.

Áður en ég lýk máli mínu, vildi ég upplýsa hv. þm. um eitt. Hann spurði um það, hvort búið væri að semja um það, að sjálfstæðismenn fengju 2 menn í ráðið. Um það get ég ekki sagt. Mér er ókunnugt um það. Svo spurði hv. þm. um það, hvort væri búið að semja um formann ráðsins. Ég get ekki svarað því heldur. En hinu get ég svarað, hvort búið sé að semja um, að ég verði form. ráðsins. Um það hefur ekki verið samið við mig. Og ég hélt, að ég mundi vita, ef búið væri að semja um það. (**HV**: Mér er þetta gleðiefni.) Mér þykir vænt um, ef ég get glatt hv. þm. Og honum er óhætt að greiða atkv. með frv. þess vegna, að ekki er búið að semja um þetta atriði, því þótt ekki væri nema 10% rétt af því, sem hv. þm. hefur sagt um mig, þá kemur varla til mála, að slíkur formaður yrði settur í ráðið. Ég skal svo ekki þreyta hæstv. forseta meira, og ég þakka honum fyrir þolinmæðina, en mér fannst ég verða að svara í tilefni af því, sem á mig var deilt.

Forseti (ÞÞ): Mér hafa borizt 3 skrifl. brtt., frá hv. þm. Barð., 3. landsk. og 1. þm. N-M. Afbrigða þarf við, og mun ég nú leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 934, 935, 936) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þótt nokkur ákvæði séu í þessum l., sem ég felli mig ekki við, þá skal ég ekki gera þau að umtalsefni nú. Ég vil aðeins flytja brtt. við eitt ákvæði. Það er við 22. gr. og er varðandi þau mál, sem risið hafa út af brotum á gjaldeyrisl. og reglum, sem viðskiptaráð hefur sett. Þessi brot hafa sætt mjög mildum dómi hjá dómstólunum, svo mildum, að oft hefur það borgað sig að brjóta þessi l. Ég hef þess vegna tekið upp brtt., sem hv. 4. þm. Reykv. flutti í Nd., þar sem sektarákv. eru þyngd viðvíkjandi brotum á þessum l., svo að minnsta kosti sé útilokað, að menn hagnist á því að brjóta þau. En þannig er þessu varið, eins og l. eru nú, og eins er í frv. því, sem hér liggur fyrir, þótt sektarákvæði séu nokkuð þyngd þar. Ég mun ekki koma með fleiri brtt., þótt mér líki ekki fleiri ákvæði frv., eins og ég gat um í upphafi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla fyrst að segja nokkur orð í tilefni af ræðu hv. þm. Barð., þótt þess gerist lítil þörf, því að úr honum var nú allur vindur, svo að jafnvindlausan hefur maður aldrei heyrt hann hér í d. Það var afar lítið púður í því, sem hann sagði. Hv. þm. sagði, að það, sem nú væri í frv. um fjárhagsráð, væri það sama, sem Sjálfstfl. hefði framkvæmt á undanförnum árum. Ég skil ekki í því, að það þurfi að leggja fram frv. um það, sem Sjálfstfl. hefur framkvæmt á undanförnum árum. Þetta getur ekki staðizt. Hitt er annað mál, að ýmislegt af

því, sem stjórn Ólafs Thors lofaði að gera, er í þessu frv. Vil ég í því sambandi nefna loforðið um að gera heildaráætlun um íslenzkt atvinnulíf. Það hlutverk var falið nýbyggingarráði. Nýbyggingarráð var leyst frá störfum, án þess að heildaráætlun liggi fyrir. Þessu er nú lofað í frv. um fjárhagsráð. En það er engin trygging fyrir því, að það loforð verði heldur efnt. Það er hægt að svíkja það loforð í annað sinn. Þá ræddi hv. þm. um muninn á einstaklingsrekstri og ríkisrekstri. Það væri nú einhver munur, hvað einstaklingsfyrirtækin væru betri, þar sem þau borguðu bæði skatta til ríkis og bæjar, en það gerðu hin ekki, þar sem enginn eyrir rynni til bæjarfélags Hafnarfjarðar frá bæjarútgerðinni þar. Ég held þetta sé ekki rétt. Það kann að vera, að bæjarútgerðin hafi ekki lagt fram fé af sínum ágóða sem útsvar til bæjarsjóðs. En ég man ekki betur en bæjarútgerðin hafi lagt fé til framkvæmda, sem bæjarfélagið stendur í. (GJ: Hver hefur neitað því?) Ég held hv. þm. muni ekki vel, hvað hann hefur sagt, ef hann vill ekki viðurkenna það, að hann sagði, að einstaklingsfyrirtæki mjólkuðu fé, en hin ekki. Ég held bæjarútgerð Hafnarfjarðar hafi lagt fram fleiri hundruð þús. kr. eða meira en millj. í ræktunarframkvæmdir, sem framkvæmdar hafa verið í Krýsuvík. Nei, á þennan hátt verður ekki dregin markalínan milli gæða einstaklingsrekstrar og þjóðnýtts rekstrar.

Þá var hv. þm. að tala um, hvernig væri hægt að samrýma hag verkalýðsins og atvinnurekstrarins, ef atvinnurekandinn væri hið opinbera. Það er mjög auðvelt að gera það. Bæjar- og ríkisrekin fyrirtæki, einkum ef um atvinnufyrirtæki er að ræða, eru rekin með hagsmuni fjöldans fyrir augum, þau þjóna hag fjöldans sem vinnuaflsgjafi. Hugsjón einstaklingsfyrirtækjanna er ekki sú fyrst og fremst að veita öðrum atvinnu, enda ekki við því að búast, heldur er það gróðavonin. Þess vegna er til nóg af einstaklingum til að halda úti togurum, þegar vel veiðist og veltutímar eru. En þegar reksturinn ekki borgar sig, hvern undrar það þá, þótt þeir leggi togurunum? Og hafa þeir ekki líka gert það? Jú, vissulega. Hins vegar heldur bæjarfélagið togurunum úti, þótt ekki sé gróði af rekstri þeirra, svo að þegnarnir hafi vinnu, sem er arðbærari en klakahöggið. Í þessu liggur munurinn á opinberum rekstri og einstaklingsrekstri. Og kostirnir eru ótvírætt í vil hinum opinbera rekstri, en ekki rekstri einstaklingsins.

Hv. þm. var að tala um, að ekki væri að marka Hafnarfjörð, vegna þess að bæjarfélagið hefði haft þar mann til forustu, sem væri betri en þeir menn, sem hefðu slíkan atvinnurekstur með höndum, m. ö. o. betri en Thórsararnir. Þetta er ánægjulegt fyrir Ásgeir Stefánsson og bæjarfélag Hafnarfjarðar og líka fyrir það skipulag, sem þarna á í hlut. Eða hvers vegna er Reykjavíkurbær að apa þetta fyrirkomulag eftir Hafnarfjarðarkaupstað með því að gera út Ingólf Arnarson, ef þetta skipulag er verra en einstaklingsreksturinn? Þetta er hrein fásinna. Ef við lítum til Englendinga, þá sjáum við, að þeir eru búnir að þjóðnýta Englandsbanka, miðstöð fjármagns Bretaveldis. Það er verið að þjóðnýta þar kolanámurnar, kvikmyndirnar og járnbrautakerfið. Og hvað segir íhaldsmaðurinn Churchill? Hann segir: Við ætlum að berjast á móti þjóðnýtingu, en við ætlum ekki að afnema þá þjóðnýtingu, sem komin er á. Hann veit, að það kostar reiði brezku þjóðarinnar. Íhaldsmennirnir brezku treysta sér ekki til að afnema þá þjóðnýtingu, sem komin er. Ég held íslenzka íhaldið ætti að taka upp stefnu Churchills og viðurkenna þá þjóðnýtingu, sem komin er. Og það lofar góðu, að það skuli vera byrjað á stórrekstri hér í Reykjavík. Þá spurði hv. þm. að því, hvers vegna ísfirzkir jafnaðarmenn hefðu selt gamlan togara. Ég vil spyrja í staðinn: Hvers vegna seldi Kveldúlfur 4—5 af sínum gömlu togurum? Þar er um einstaklingsrekstur að ræða. Hins vegar var Hávarður Ísfirðingur ekki bæjarrekinn togari, heldur rekinn af hlutafélagi, og var þessi ákvörðun tekin samkv. samkomulagi meiri hl. hluthafanna. Þetta var gamalt og illa byggt skip og ekki hentugt til atvinnurekstrar þar í framtíðinni. Rétt áður en það var selt, hafði farið fram á því mikil viðgerð í Reykjavík og kostaði hún of fjár. Þá er henni var lokið, átti einn af forráðamönnum Ísafjarðarkaupstaðar, alþýðuflokksmaður, tal um skipið við Gísla Jónsson alþm. og spurði hann, hvernig honum litist á það. Hann svaraði þannig: „Já, nokkuð gott af svona skipi að vera, en við vitum samt aldrei, hvenær dettur á það gat.“ Og af því að jafnvel forráðamenn jafnaðarmanna álíta, sumir hverjir að minnsta kosti, að Gísli Jónsson hafi vit á þessum hlutum, þá langaði okkur ekkert til þess að eiga slíkt skip sem atvinnutæki fyrir 20—30 ísfirzka heimilisfeður. Í framhaldi af þessu hafa verið fest kaup á einum nýjum togara, en beðið var um tvo. Stöndum við því í þeirri meiningu, að bætt sé upp í skarð gamla togarans og það til stórra hagsbóta fyrir Ísafjarðarkaupstað. Hitt er svo á valdi kommúnista og sjálfstæðismanna að ráða fram úr því, hvort togarinn verður bæjarrekinn eða um hann stofnað hlutafélag.

Þá vék hv. þm. að því, að mér færist ekki að tala um íhald, því að ég hefði haft slíka íhaldsafstöðu sem frekast gat verið í lýðveldismálinu. Ég fæ ekki séð, hvernig flokka má afstöðuna til lýðveldismálsins í framsóknar-, jafnaðar-, kommúnista- og íhaldsafstöðu. Hitt er rétt, að ég hafði þá afstöðu í því máli, að það væri réttara og drengilegra og í alla staði heppilegra fyrir Íslendinga að knýja ekki fram skilnað við Dani, meðan danska þjóðin væri í fjötrum nazismans. Ég taldi réttara og sérstaklega drengilegra að bíða eftir skilnaði, þangað til Danmörk væri frjálst land, og taldi það mál liggja í valdi Íslendinga, hvenær sem væri. Ég lýsti yfir, að ég væri ekki konungssinni og ég vildi stofna lýðveldi. Ég vildi aðeins ekki gera það, fyrr en báðar þjóðirnar væru frjálsar í löndum sínum, en Ísland var þá hernumið land. Við kosningarnar var spurt að því, hvort í gildi skyldi ganga stjórnarskráin frá 1874 sem bráðabirgða-stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni. Og hún var sú, að ég neyddist til að greiða atkv. með skilnaði, en á móti bráðabirgða-stjórnarskránni, því að hún er úrelt plagg fyrir lýðveldið Ísland. Þetta vænti ég, að hv. þm. Barð. sætti sig við. Og nú verðum við að horfast í augu við það, að búið er að svíkja lýðveldið Ísland um stjórnarskrá í nær 4 ár. Og það bendir ekkert til, að hugsað sé að standa við loforðið frá 1944 í stjórnarskrármálinu. Ég vildi ekki eiga nein eftirkaup um lagfæringar á

stjórnarskránni við íslenzka stjórnmálamenn. Ég hygg margir hafi þá afstöðu nú, sem létu blindast af áróðrinum fyrir lýðveldiskosningarnar. En hvernig hv. þm. færir þetta undir íhaldssjónarmið, það er mér ekki ljóst. Þetta var mín afstaða, og hana tók ég gegn mínum flokki. Ég taldi þá afstöðu, sem hann tók upphaflega, vera þá réttu. Ég hygg, að okkur gengi nú betur í handritamálinu, ef við hefðum ekki hagað okkur í þessu máli eins og hálfgerðir ódrengir.

Þá minntist hv. þm. á veltuskattinn. Hann sagði, að sjálfstæðismenn væru fúsir til að leggja hann á aftur. Hvers vegna? Það er vegna þess, að hann kemur harðast niður á verzlun samvinnumanna. Hvers vegna? Vegna þess, að samvinnumenn útvega yfirleitt þær vörur til landsins, sem lítil álagning er á. Hins vegar verzla kaupmenn einir að heita má með t. d. allt glingur og aðra þá vöru, sem er seld með margfaldri álagningu og miklu okri. Hins vegar leggst veltuskatturinn jafnt á alla verzlun og kemur því þyngst niður á samvinnuverzluninni. (**Forseti**: Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann sé bráðum búinn með ræðu sína.) Ég er rétt búinn, en á þó eftir nokkrar skóflur á hv. þm. Barð.

Forseti (ÞÞ): Þá tel ég rétt að fresta fundi og taka kaffihlé. En á eftir getur hv. þm. tekið til skóflanna!) – [Fundarhlé.]

Forseti (ÞÞ): Ég vil biðja fundarmenn að vera stuttorða og halda sér sem mest við efnið.

Hannibal Valdimarsson [frh.]: Ég held, að ef herra forsetinn hefði verið hér áðan og hlýtt á ræðu hv. þm. Barð., þá gæti hann gengið inn á, að ég verð að haga orðum mínum á þennan hátt. Sjálfstfl. gat gengið inn á að fá fé með tollum og með veltuskatti. Það lá í orðum hv. þm. Barð., að sjálfstæðismenn hefðu gengið inn á tollana, af því þeir tækju ekki þátt í að greiða þá, sem sé að þeir vildu hafa sig undan að bera þungann. Það gera þeir með tollum og hafa gert með veltuskatti, og hafi sá skattur komið þyngra niður á kaupmönnum en samvinnufélögum, er það vegna þess, að samvinnufélögin útvega mönnum einkum matvöru og aðrar vörur, sem lítið er á að græða.

Þá var þm. að álasa mér fyrir, að ég hefði ekki kunnað að meta það, þegar Sjálfstfl. og Sósfl. höfðu samvinnu um að koma í veg fyrir, að það þyrfti að halda mönnum uppi með snjómokstri. Heldur þm., að hann geti talið mér trú um, að svo lítið hafi verið um atvinnu, að flokkurinn hafi þurft að kaupa því að ganga til samstarfs við andstæðing sinn til þess að afstýra slíku? Hver, sem hefði setið við stjórnvölinn, hefði getað notið þess, að atvinna var meiri en nokkru sinni fyrr, og var það ekki eingöngu landslýðnum að þakka, heldur einnig eftirspurn frá erlendum herjum, að svo erfitt var að fullnægja eftirspurn eftir vinnu.

Enn fjölyrti ræðumaður (GJ) um þá sanngirni, sem Sjálfstfl. hefði sýnt með því að bjóða hinum flokkunum að eiga jafnmarga ráðherra í stjórn og hann átti, og taldi hann það ólíkt meiri sanngirni en hefði verið, þegar lagt var til, að tryggingaráð skyldi skipað 8 mönnum, þar sem 1 skyldi kosinn af hverjum flokki, einn maður síðan frá hverjum hinna flokkanna, öðrum en Sjálfstfl., og svo átti ráðh. að skipa formanninn. Ég held, að þessu sé ekki saman jafnandi, og svo mikið er víst, að þann þátt hefur Alþfl. átt í tryggingamálunum og borið það mál svo fyrir brjósti umfram Sjálfstfl., að ég held, að því máli sé betur borgið en þótt horfið sé að því ráði að láta Sjálfstfl. fara með framkvæmdir tryggginganna. Þær eru eitt af þeim málum, sem sjálfstæðismenn hafa ekki talið til sinna mála. Tryggingamálunum börðust þeir á móti eins lengi og þeir gátu, og þar af leiðandi átti sízt af öllu að fela þeim að hafa forystu um framkvæmd l., þegar þau gengu í gildi. Nákvæmlega hið sama held ég, að sé um að ræða í sambandi við þetta frv. Það er ekki Sjálfstfl., sem hefur borið „planökónómí" fyrir brjósti, og ég álít alveg óhugsandi að fela þeim forystuna í slíkum málum og yfirleitt að fela skipulagningu þeim flokki, sem ekki hefur trú á „planökónómí".

Hæstv. forseti hefur nokkrum sinnum vikið að því, að við hv. þm. Barð. færum frá efninu, þegar við erum að ræðast við um stefnumál Sjálfstfl. og Alþfl. Þetta er að nokkru leyti rétt, en þó eru þessar umr. um grundvöllinn að því, sem hér er um að ræða. Frv., sem byggir á sósíalistiskum „principum", er ekki óeðlilegt til þess að vekja upp umr. um grundvallaratriðin í jafnaðarstefnunni og stefnu Sjálfstfl. Frv. er eftir grundvallaratriðum jafnaðarstefnunnar, og virðist þá vera furðulegt, að það sé höfuðandstæðingur hennar, sem á að hafa forustuna og vera sterkasti aðilinn í fjárhagsráði.

Ég lýk svo máli mínu með því að láta í ljós, að ég hef mjög veika von um, að myndarlega og röggsamlega verði á þessum málum tekið, ef framkvæmd þessara l. á að vera í höndum manna, sem í hjarta sínu eru andvígir „planökónómí".

Gísli Jónsson: Ég skal lofa því að misbjóða ekki þolinmæði hæstv. forseta og vera stuttorður. Ég vil út af því, sem ræðumaður sagði í lok ræðu sinnar, hugga hann með því, að nýbyggingarráð hefur verið undir höndum sjálfstæðismanna síðan árið 1944 og hefur vegnað nokkuð vel undir þeirri stjórn. Formaður þess hefur verið sjálfstæðismaður, að vísu einn af okkar ágætustu mönnum, og hygg ég, að ekki séu margir í okkar þjóðfélagi nú, sem geta gagnrýnt stjórn hans á þeim málum, svo ég held, að hv. þm. geti sofið rólegur fyrir hræðslu sinni um þetta mál.

Annars ætla ég að mótmæla því, sem hér hefur fram komið.

Í fyrsta lagi er það þreytandi að þurfa að þrátta við mann, sem ekki getur stundinni lengur haldið sér við málið. Þetta kann að koma af því, að aðalstarf hans er að tyggja í börn, sem ekki taka eftir, en þrátt fyrir það virðist hann ekki eiga að hafa leyfi til að koma með þessi vinnubrögð sín hingað inn á Alþingi. Hann bar það blákalt fram, að ég hafi sagt, að bæjarútgerðin í Hafnarfirði greiddi ekki skatt. Ég vil benda honum á, að ég sagði ekki þessi orð. Ég sagði, að þau ár, sem bæjarútgerðin tapaði, hafi hún ekki greitt í bæjarsjóð Hafnarfjarðar, en þá urðu togarar einstaklinga að greiða í bæjarsjóðinn, þótt þeir töpuðu. Nú snýr þessi hv. þm. þessu við, og þetta er ekki satt, en í sambandi við það vil ég leyfa mér að benda á annað. Ég man ekki betur en að Kveldúlfur væri ásakaður fyrir að taka fé úr út-

gerðinni og leggja í Korpúlfsstaði. Þetta hefur verið básúnað út um allt land, en ég vil spyrja, — er það ekki þetta, sem verið er að gera nú, að taka ½ millj. úr bæjarútgerðinni og leggja í búið í Krýsuvík? (**HV**: Ekki í einstaklingseign.) Hverju skiptir, hvort það er einstaklingseign? Einstaklingarnir mynda þjóðfélagið. Heldur þessi þm., að ef bærinn á togarana, liggi þeir ekki bundnir við garðinn, ef ekki er hægt að láta þá bera sig eða béna á þeim?

Ég hef aldrei lýst mig á móti bæjarútgerð. Ég veit ekki betur en að hér á þingi hafi verið búið þannig að bæjarrekstrinum, að hann fái miklu meiri fríðindi en einstaklingarnir. Það getur vel verið, að það sé enginn skaði fyrir þá, að þeir geti sýnt, að þeir geti innt þetta starf af hendi. Bæjarreksturinn fær hærri lán og betri kjör í stofnlánadeildinni, og það er miklu betur búið að honum en einstaklingunum, þar sem bæjarfyrirtækin fá öll fríðindi, en það eru þessir menn, þessir einstaklingar, sem hv. þm. hefur verið að dómfella, þessir ríku menn. Og nú hefur hann búið út skjal, þskj. 887, þar sem hann harmar, að þessir menn hafi orðið að fara burt úr kjördæmi hans. Þetta er náttúrlega til þess að lesa í útvarpið. Þessum mönnum hælir hann á hvert reipi. Þessir menn voru svo nauðsynlegir kjördæmi hans, að nú ætlast hann til, að ríkið fari að kaupa verksmiðjur þeirra.

Það er eitt eða tvennt hér, sem mig langar til að segja. Hann segir, að ég hafi sagt, að það vissi enginn, hvenær skip væri ósjófært. Þetta er rangt. Mér gæti aldrei til hugar komið að ætla skipaskoðun ríkisins eða Lloyds þá ósvífni að leyfa skipum að ganga, sem ekki gætu gengið. Þetta er ósvífni, en ekki nema ofurlítið brot af þeirri ósvífni, sem hann sýnir, þegar hann segir, að allir þeir menn, sem greiddu atkv. með sambandsslitunum 1944, hafi verið ódrengir, þegar allir, ungir og gamlir, sameinuðust um að losa okkur úr sambandinu við Dani. Svo leyfir hann sér að segja, að þetta hafi allt verið ódrengir.

Hún á sér ekki mikil takmörk ósvífni þessa þm. Nú fer ég að skilja það, sem féll af vörum eins flokksbróður hans skömmu eftir að hann kom á þing. Það er laglegur pappír, sem þið hafið flutt inn á þing. Já, sagði hann. Þessi víxill verður aldrei framlengdur.

Hannibal Valdimarsson: Ég legg ekki mikið upp úr síðustu orðum hv. þm. Barð. frekar en þeim fyrstu. Ef um nokkra framlengingu mína eða minna pappíra er að ræða, þá væri það ekki á valdi neinna hér, heldur kjósenda minna í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Hann var að tala um afstöðu mína í lýðveldismálinu. Ein ástæðan til þess, að ég ákvað að bjóða mig fram, var sú, að ég vildi sýna, hvernig brugðizt var við þessu, og þrátt fyrir allan áróður varð niðurstaðan sú, að 17% af kjósendum greiddu atkvæði á þann hátt, að þeir skiluðu auðu eða sögðu nei um stjskr. Ég skal viðurkenna það, að sjálfstæðismenn voru til, sem voru á sama máli. Voru það t. d. flokksbræður hv. þm. Barð., eins og séra Bjarni Jónsson o. fl., en þeir hafa síðan verið taldir nógu góðir til að punta upp á lista íhaldsins, þó að þetta væru talin flokkssvik 1944.

Ég heyri, að Sigurður Kristjánsson er að tala í Nd., og er þá ástæða til að minnast á það, að það mun hafa verið maður af skrifstofu hans, sem hringdi mig upp 17. júní 1944 til þess að votta mér fyrirlitningu sína. Þannig voru menn í þjónustu landsins látnir hringja menn upp, þar á meðal Bjarna Jónsson vígslubiskup, og mér var sýnd sú virðing vestur á Ísafirði, að þessir menn vottuðu mér fyrirlitningu sína.

Hv. þm. Barð minntist á verksmiðju Kveldúlfs á Hesteyri. Ekkert dæmir einstaklingsframtakið betur en einmitt verksmiðja Kveldúlfs á Hesteyri. Fyrir hvern var hún rekin? Fyrir einstaklinginn. Reksturinn hélt áfram, meðan Kveldúlfur græddi. Þegar það var talið hagkvæmara að flytja sig, þá var það gert og verksmiðjurnar skildar eftir. Þetta þurfti að leggja í auðn, af því að einstaklingsframtakið sveik. Þannig hafa fleiri þorp á Vestfjörðum verið lögð í auðn. Það er ekki langt síðan þorpið Bíldudalur var lagt í auðn, og það ekki af útlendingum, þó að það hafi nú reist höfuðið frá koddanum.

Atvinnurekstri, sem ekki er rekinn með hag almennings fyrir augum, er valt að treysta. Ef hv. þm. Barð. á eftir að verða formaður fjárfestingarráðs, þá held ég, að það sé gott fyrir hann að horfa til Hesteyrar og Bíldudals, eins og þau þorp voru, þegar einstaklingsframtakið lék þau verst, og það, sem við Sigurður Bjarnason meinum með þessari till. okkar, er að reyna að láta eitthvað af húsakynnunum og byggingaræflunum koma að notum, ef hægt væri að fá þau keypt fyrir skikkanlegt verð. Þarna yrði þá ef til vill hægt að skapa fyrirtæki, sem gæti orðið til frambúðar fyrir þorpsbúa.

Ég á þarna brtt. við 10. gr. frv., og er hún aðeins til þess að orðalag gr. fari betur. Hér segir í frv., að fjárhagsráð skuli starfrækja innflutnings- og gjaldeyrisdeild. Ég kann illa við orðalagið. Tel ég betra, að það væri orðað þannig, að „undir yfirstjórn fjárhagsráðs starfar innflutnings- og gjaldeyrisdeild". Efnisbreyt. er engin, en mér finnst hún betur orðuð þannig og vænti, að hv. þm. sjái sér fært að samþykkja hana. Það er ekki af því, að ég teldi ekki ástæðu til, eins og ég sýndi við atkvgr. til 2. umr., að ýmsar aðrar brtt. væru samþ., en ég hef ekki flutt þær fleiri. En ég tel, að það, sem mestu máli skiptir um þetta mál, sé það, hvernig til tekst með framkvæmdirnar. Ef framkvæmdir verða röggsamlegar, inntar af hendi af sannfæringu og krafti þeirra manna, sem vilja notfæra sér yfirburði þjóðnýtingarbúskaparins, get ég verið ánægður með þessa lagasmíð. En ég veit, að hún fer í handaskolum, er andúð á „planökónómí" ræður aðgerðum þeirra manna, sem með framkvæmdirnar fara.

ATKVGR.

Brtt. 934 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, StgrA, ÁS, KG, BK, BrB, HV, HermJ.

nei: SÁÓ, BBen, EE, GJ, GÍG, JJós, LJóh, ÞÞ.

1 þm. (PM) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Hermann Jónasson: Mér virðist, að þetta sé betra orðalag á gr. Það er engin efnisbreyting. Málið fer hvort sem er til Nd., þess vegna er skaðlaust að breyta til betra orðalags, og segi ég já.

Brtt. 935,1 felld með 10:1 atkv.
— 935,2 felld með 11:4 atkv.
— 936 felld með 9:6 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 136. fundi í Nd., 21. maí, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 137. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 931).
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 940).

---

16. Félagsheimili.

Á 50. fundi í Sþ., 5. maí, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um félagsheimili (stjfrv., A. 758).

Á 122. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 123. fundi í Nd., 7. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 128. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 758, n. 827).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Snemma á þessu þingi var lagt fram frv. um félagsheimili. Var það flutt af mér og núverandi hæstv. atvmrh. Í því frv. var gert ráð fyrir, að ríkissjóður legði árlega fram nokkra upphæð til að styrkja byggingu félagsheimila úti um land. Hefur málið legið allengi í þeirri n., þangað sem það fór til athugunar, en í sambandi við þau mál, sem nú var verið að afgreiða hér í d., um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, hefur þetta mál aftur komið til athugunar og þá í nokkuð nýju formi, þar sem hæstv. ríkisstj. að tilhlutan hæstv. menntmrh. hefur flutt frv. það, sem liggur nú fyrir, um félagsheimili. Sú meginbreyting, sem gerð er á málinu, frá því það var lagt fram í frv. okkar núverandi hæstv. landbrh. í haust, er sú, að í stað þess, að ætlazt var til, að ríkissjóður legði fram nokkra upphæð til styrktar félagsheimila, þá skuli 45% af skemmtanaskattinum renna í sjóð, sem nefnist félagsheimilasjóður, og skuli úr honum veitt fé til styrktar slíkum byggingum, þó ekki yfir 40% af byggingarkostnaði félagsheimilanna á hverjum stað.

Menntmn. hefur tekið þetta frv. til umr. og athugunar og er sammála um, að frv. sé afgr. með nokkrum breyt., sem prentaðar eru á þskj. 827. Eru þær ekki stórvægilegar frá því, sem frv. er sjálft, og vil ég nú leyfa mér að gera grein fyrir, í hverju þessar brtt. n. eru fólgnar.

1. brtt. er við 1. gr., þar sem talin eru upp þau félög, sem til greina geta komið viðvíkjandi byggingu slíkra heimila. Hefur það orðið að samkomulagi að taka upp kvenfélög í þessa upptalningu. Þess ber að geta, að þessi upptalning er engan veginn tæmandi, heldur ber fyrst og fremst að miða við þá skilgreiningu, sem stendur í gr., að með félagsheimilum sé og átt við hvers konar önnur menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, sem þarna geta komið til greina sem aðilar um þetta mál. — Þá leggur n. til, að nokkur breyt. sé gerð við 2. gr. frv. Í 2. gr. segir svo: „Ekki má heldur styrkja byggingu nema eins félagsheimilis í hverju sveitarfélagi, meðan þörfum annarra sveitarfélaga fyrir slík hús hefur ekki verið fullnægt." Sú skoðun kom fram í n., að það væru settar nokkuð þröngar skorður með því að binda það í l., að ekki mætti veita styrk nema til eins félagsheimilis í hverju sveitarfélagi, og féllst n. á, að réttara mundi vera að hafa þetta á valdi þeirra aðila, sem eiga að sjá um félagsheimilasjóð og úthluta tekjum úr honum, án þess að hafa þetta bundið í l. sjálfum. — Þá er 3. brtt. n. við 3. gr. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að stjórn félagsheimilasjóðs sé í höndum menntmrh. og að hann hafi einn rétt til þess að úthluta fé úr sjóðnum. Sú skoðun kom fram í n. við athugun á þessu máli, að það mundi vera eðlilegra, að aðrir aðilar hefðu allmikil ráð um það, hvernig fénu yrði dreift milli félagsheimilanna samkvæmt umsóknum, sem fyrir lægju. Varð það að samkomulagi að breyta þessu á þann veg, að íþróttanefnd og fræðslumálastjóri skyldu gera till. um það, hvernig fénu skyldi varið, og ef þessir aðilar væru sammála í sínum till., skyldi ráðh. veita styrkina eftir þeim. Ef ágreiningur kæmi hins vegar upp milli þessara tveggja aðila eða innan íþróttan., yrði að sjálfsögðu að skjóta þeim ágreiningi til ráðh., sem þá væri ekki bundinn af till. þessara aðila, og skyldi hann þá skera úr um ágreininginn. — Smávægilegar orðabreytingar hafa einnig verið gerðar á frv. — Í 3. gr. frv. segir, að uppdráttur að húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, skuli fylgja umsókninni. Þótti n. of langt gengið að krefjast þess, að uppdráttur fylgdi umsókninni í bréfi, því að slíkt er vinna, sem verður að leysa af hendi af sérstökum fagmönnum og helzt hér í höfuðstaðnum. Þess vegna hefur n. breytt þessu á þá lund, að nákvæm lýsing af húsinu skuli fylgja umsókninni. Gert er svo ráð fyrir því, að umsóknir allar sendist íþróttan., og á hún að samþykkja alla uppdrætti, áður en félagsheimilin geta orðið aðnjótandi styrks úr sjóðnum. — 4. brtt. er við 5. gr. frv. Þar segir, að fræðslumálastjóri geti með samþykki menntmrh. ákveðið hámark afnotagjalds þeirra félaga, sem afnot fá af félagsheimilum þeim, sem styrkt hafa verið úr ríkissjóði, en ekki eru eigendur þeirra. Þarna bætir n. inn í, að fræðslumálastjóri og íþróttan. geti með samþykki menntmrh. ákveðið þetta. Þar sem íþróttan. er aðili um með-

ferð þessara mála, þótti menntmn. eðlilegt, að hún hefði ákvörðunarrétt um þetta atriði eins og önnur í sambandi við framkvæmd þessara mála.

Ég hef þá stuttlega gert grein fyrir brtt. menntmn., sem í sjálfu sér eru ekki stórvægilegar efnisbreytingar frá frv., eins og það liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj. Sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, nema sérstakt tilefni gefist til.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það sýnist svo sem hæstv. menntmrh. verði að lúta að molum, hvaðan sem þeir falla af borði, því að þetta leikhúsmál er reynt að leysa með því að taka hálfkarað frv., sem kommúnistastjórnin hafði búið til í flýti viðvíkjandi leikhúsinu í Reykjavík, en hins vegar viðvíkjandi sveitunum er annað frv. borið hér inn án verulegs undirbúnings og skilnings á því, sem fyrir liggur í þessum efnum. Það sem er höfuðmeinloka hæstv. ráðh. og n., sem um þetta hefur fjallað, og hv. frsm. hennar, sem nú hefur talað, er fyrst og fremst sú, að fram hjá því er gengið að halda áfram að byggja myndarleg samkomuhús úti um land og í kaupstöðunum. Vil ég beina orðum mínum til hv. þm. Ísaf., hvort hann telur þessa málsmeðferð, sem hér er höfð, eðlilega viðvíkjandi hans kaupstað. Það virðist sem sé útilokað, að staður eins og Ísafjarðarkaupstaður fái nokkuð af þessu fé, og vildi ég gjarnan heyra álit hans á því, hvort þess megi vænta, að Ísafjarðarkaupstaður muni borga þetta gjald áfram. — Á sama hátt vildi ég spyrja hv. þm. Borgf., sem hefur næstum því eins stóran kaupstað í sínu umdæmi, hvort hann muni sætta sig við fyrir sinn kaupstað, að hann verði einnig útilokaður frá því að njóta hlunninda úr sjóðnum. Ég sé svo ekki aðra hv. þm. hér stadda, sem eru fulltrúar fyrir stóra kaupstaði úti um land, sem vænta mætti að gætu gefið upplýsingar um þetta atriði.

Ég býst við því, að ef mál þetta hefði verið undirbúið af kunnugleika og skilningi á þörfinni í þessum efnum, hefði ekki verið gert ráð fyrir því að fara að styðja lítil félög í sveitunum, heldur hefði verið haldið áfram að styrkja kaupstaðina til að koma upp myndarlegum samkomustöðum. Slíkt er sjálfsagður hlutur, og er ekki að furða, þótt drætt gangi með afgreiðslu málsins, því að fyrst og fremst vantar hér helming hv. þm., og þeir vita, að hér er verið að gera rangt, og kjósa því heldur að skjóta sér undan að greiða atkv. um málið en að taka beinlínis þátt í því, sem þeir vita, að verður til ófarnaðar.

Í 1. gr. frv. stendur, að með félagsheimilum sé í l. átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög — og síðan hefur n. bætt inn í kvenfélögum — og hvers konar önnur menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga að nota til fundarhalda eða annarrar félagsstarfsemi. — Það er sennilegt, að þeir, sem að þessu hafa staðið, hafi aldrei reynt að átta sig á því, hvernig muni ganga um sambúðina milli þessara félaga, þar sem kannske 7 mismunandi félög á sama stað ættu að undirbúa slíka byggingu eða stjórna heimilinu, eða ef eitt af þessum félögum hreppti það hnossgæti að verða eigandi félagsheimilis, — hvernig ætli sambúðin yrði við hin? — Hæstv. ráðh. og hans hjálparmenn í n. hafa ekki áttað sig á því, að til er einn hlutlaus aðili í þessum efnum, sveitarstjórnir og bæjarstjórnir, sem öll slík félög gætu snúið sér til. Í staðinn fyrir þetta er hægt að hugsa sér, að farið verði að koma upp fljótfærnislegum byggingum, og svo mikil er ágengnin gegn sveitarfélögunum, að beinlínis er tekið fram í frv., að ef þau leyfi sér að hafa afnot af húsunum, eigi þau að kosta stóran hluta byggingarinnar, og verði þá dregið af styrknum, og er allt gert, sem mögulegt er, til þess að torvelda sveitarfélögunum að hafa afnot af þessum húsum. Við skulum snúa okkur að Reykjavík í þessum efnum. Það er útilokað, að t. d. bæjarstj. hér verði torveldað að fá að halda samkomur í því leikhúsi, sem hér er verið að ljúka við, eða einstökum félögum fyrir starfsemi sína. Það er hins vegar auðséð, að þetta frv. er gert af aðila, sem er að hugsa um að kljúfa þá veiku krafta, sem til eru úti um land í þessum efnum. Það er mjög illa farið með þennan hluta málsins af hæstv. ríkisstj., því að gengið er fram hjá þeim aðilum, sem mesta þörf hafa fyrir styrkinn, og er reynt að koma þessu svo fyrir, að sem minnst gagn verði að styrknum. Vildi ég gjarnan heyra varnir þeirra manna, sem standa að þessum óburði.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu þessa máls og lýsi því yfir, að ég er samþykkur þeim brtt., sem hún leggur fram við frv.

Ræða hv. þm. S-Þ. var heldur furðuleg og ber þess vott, að hann hefur ekki lesið frv. — Hann sagði, að gaman væri að heyra álit hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Borgf. á því, hvort kaupstaðirnir í umdæmum þeirra mundu sætta sig við að borga skemmtanaskatt þaðan, vegna þess að þeir gætu ekki komið til greina með að fá styrk til bygginga félagsheimila. Það er auðséð á þessu, að hann hefur ekki lesið frv., því að vissulega geta þessir staðir komið til greina. — Þá sagði hv. þm., að meiningin væri ekki að styrkja myndarleg samkomuhús, heldur aðeins félagsheimili fámennra félaga. Nú stendur í 1. gr. frv.: „Með félagsheimilum er í l. þessum átt við samkomuhús ...“ Frv. fjallar um það að styrkja samkomuhús og hvers konar menningarfélög. Þá sagði hann, að aðeins væri gert ráð fyrir að styrkja einstök félög, en reynt að útiloka sveitarstjórnirnar frá því að hafa afnot af byggingunum. Í 4. gr. frv. stendur: „Nú hefur sveitarfélag eða sveitarfélög forgöngu um byggingu félagsheimilis, og skal þá heimilt að styrkja hana úr félagsheimilasjóði“ o. s. frv. Slíkur var allur málflutningur hv. þm. S-Þ., og er þetta nægilegt til að sýna, að svona ræðuhöld eru ekki frekar svaraverð.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð út af því, sem fram kom um þetta mál í ræðu hv. þm. S-Þ. Hann talaði mjög um misskilning og meinlokur, og einu sinni komst hann svo að orði, að um höfuðmeinloku væri að ræða. En það er misskilningur, sem hefur gripið hann um þessi mál öll, og skal ég nú gera nokkra grein fyrir honum.

Hann segir, að 1. gr. sé þannig, að það sé sýnilegt, að þeir, sem að frv. standa, kunni ekki að meta, á hvern hátt þessum málum verði haganlegast fyrir komið í framkvæmd, þar sem þeir gangi alveg fram hjá sveitarstjórnunum. En samkv.

4. gr. er það lagt á sveitarstjórnir að hafa forgöngu um þessa starfsemi, þar sem félög eru ekki til staðar eða hefjast ekki handa. En frv. skyldar ekki sveitarstjórnir sem slíkar til að hafa forgöngu í þessum málum, heldur eiga félögin að hafa hana sem mest. Ég hef oft heyrt það, hve hv. þm. S-Þ. leggur mikið upp úr félagssamtökum og yfirleitt frjálsum samtökum einstaklinga eða félaga. T. d. hélt hann því fram hér í gær, að Þjóðleikhúsið ætti ekki að drepa í dróma sem ríkisstofnun, heldur ætti það sem mest að vera frjáls samtök áhugamanna, sérstaklega Leikfélags Reykjavíkur. Nú heldur hann alveg því gagnstæða fram, að félagsheimilin eigi að rígbinda við sveitarstjórnirnar. Ég tel mig hafa sýnt fram á, að þetta hvort tveggja er helber uppspuni. Um þetta verður að gera upp í hverri sveit. En ég býst við, að við hv. þm. S-Þ. getum verið sammála um það, að ekki sé rétt í þessum efnum að slá á móti því, sem áhugamenn vilja leggja fram.

Þá sagði hv. þm. S-Þ., að það mætti furðu gegna, ef hv. þm. Ísaf. eða hv. þm. Borgf. sættu sig við það, að kaupstaðirnir fengju ekkert af þessu fé. Hæstv. menntmrh. hefur bent á, að þetta er misskilningur, það er ekki skilið á milli héraða um allt landið, það fer aðeins eftir úrskurði þeirra, sem með stjórn sjóðsins fara. Hv. þm. S-Þ. taldi, að með frv. væri stofnað til þess að láta einstök félög peðra, eins og hann komst að orði, peðra upp smábyggingum um allt land. Ég vil enn benda hv. þm. á að lesa frv. betur en hann hefur gert. 5. gr. fjallar um það, að félög skuli hvött og þeim þrýst til að vinna í sameiningu að framgangi þessara mála og að fræðslumálastjóri og menntmrh. skuli ákveða hámark afnotagjalds. Enn fremur segir í 8. gr., að sérhvert félagsheimili, sem byggt sé með styrk úr félagsheimilasjóði, skuli vera sjálfstæð stofnun, og skulu settar reglur um rekstur og afnot þess, hvers og eins, og menntmrh. staðfesta þær.

Þá taldi hv. þm. S-Þ., að sveitarfélögum væri í frv. gert torvelt fyrir um afnot af húsunum. Þetta er misskilningur. Það er ekki miðað að því að gera sveitarfélögum torvelt fyrir um afnot þessara húsa. En hins vegar er sleginn sá varnagli, að þessi félagsheimili séu ekki tekin sem starfshús sveitarfélaga, t. d. að Reykjavík byggði ráðhús fyrir þennan styrk, og félagsheimilin verði menningarstaður, en ekki aðsetursstaður hreppsnefnda eða bæjarstjórna sem skrifstofubygging.

Hv. þm. S-Þ. taldi, að hér mundi árlega verða um hálfa milljón króna að ræða. Ég held, að það sé nú erfiðleikum bundið að spá um, hvað þessi styrkur verður í framtíðinni, en eftir því sem ég hef komizt næst, hefur hann orðið meir en eða um 800 þúsund á s. l. ári, en þetta getur tekið breytingum frá ári til árs, og er ekki hægt að ábyrgjast, að hann geti ekki lækkað niður í 500 þús. kr. En eins og oft hefur komið fram hjá þessum hv. þm., að verið sé að draga saman fé af öllu landinu til þjóðleikhússins, þá er það ekki að öllu leyti rétt, því að skemmtanaskattur er ekki innheimtur nema þar sem eru 1500 íbúar eða fleiri, svo að það er meinloka, að fé sé dregið að af öllu landinu til þjóðleikhússins.

Þá sagði hv. þm. S-Þ., að það væri furðulegt, að ég fylgdi þessu máli óbreyttu, þar sem ég væri fulltrúi afskekkts héraðs. Ég verð nú að segja það, að við í hinum afskekktu héruðum höfum ekki átt þess kost áður að fá þó aðra eins aðstoð og hér er gert ráð fyrir til samkomuhúsabygginga. Við í hinum afskekktu byggðum höfum reynt að rétta við okkar gömlu hús, og vissulega hafa þær tekið nokkrum stakkaskiptum, síðan hv. þm. S-Þ. lagði mikið á sig og heimsótti okkur 1936. Ég hygg nú, að ef hv. þm. S-Þ. vildi taka sér ferð á hendur til okkar nú og athuga, hvernig þessum málum er háttað, mundi hann komast að raun um, að þó að við höfum ekki notið neins styrks, höfum við ekki setið auðum höndum að öllu leyti. En það hefur ekki verið vegna þess, að hreppsnefndirnar hafi haft forgöngu um það, heldur félög áhugamanna, og það hygg ég, að við hv. þm. S-Þ. getum verið sammála um, að bezt sé, að sem minnst reyni á aðgerðir hreppsnefndanna, eins og verið hefur hingað til. Annars virðist hv. þm. S-Þ. hafa sézt yfir það, að í l. um skemmtanaskatt frá 1927 er gert ráð fyrir, að skatturinn renni allur til bygginga þjóðleikhúss í Reykjavík og til starfsemi þar, svo að ef ekki hefði verið breytt um með þessu frv., hefði hann allur runnið hingað í einn stað.

Hef ég þá drepið á helztu aths., sem fram komu hjá hv. þm. S-Þ.

Pétur Ottesen: Það var aðeins örlítið, sem ég ætlaði að segja í sambandi við þetta mál.

Það liggja nú fyrir 3 frv., sem öll eru nátengd að því leyti, að eitt þeirra er um breytingu á meðferð skemmtanaskattsins og hin byggjast á þeirri breyt. Það er gert ráð fyrir, að nú skuli 45% af skattinum renna til svo kallaðra félagsheimila, eða sá félagsskapur, sem þar kemur til greina, skuli njóta góðs af þessum skatti.

Það var svo, þegar l. um skemmtanaskatt voru fyrst sett, sem ég ætla, að hafi verið 1918, þá var bæjar- og sveitarfélögum heimilað að leggja slíkan skatt á og nota hann til eigin þarfa. Þetta var gert á nokkrum stöðum, og urðu töluverð not að því fyrir þau sveitarfélög, sem notfærðu sér þessa heimild. Það var því engan veginn án mótmæla þeirra sveitarfélaga, sem höfðu notfært sér þessa heimild, að skatturinn var 1923 gerður almennur innan þeirra takmarka, að hann skyldi ekki ná til sveitarfélaga, sem hefðu innan við 1500 íbúa, og renna allur til byggingar þjóðleikhúss í Reykjavík. Sveitarfélögin voru engan veginn ánægð með að verða að sjá af skattinum til þjóðleikhússins. Þetta hélzt svo um nokkurn tíma, en um nokkur ár var hann tekinn frá þjóðleikhúsinu, og rann þá beint í ríkissjóð. Fyrir nokkrum árum var hann svo aftur tekinn til þjóðleikhússins til aðgerðar á því. Ég veit nú ekki, hvað langt er komið þeim aðgerðum eða hvort húsið er tiltækt til notkunar, en ég veit, að hv. þm. S-Þ. er því kunnugur, því að hann hefur haft mikinn áhuga fyrir þessum málum.

Nú er sú breyt. gerð á tilhögun þessa skatts, að aðeins nokkur hluti hans skal renna til þjóðleikhússins, en 45%, og að því er mér skilst eftir efni frv., til að standa undir rekstri hússins, en hefur hingað til verið ætlaður til að ljúka byggingu þess. En 45% eiga svo að ganga til félagsheimila. En um það frv., sem hér er til umr., verð ég að segja það, að mér finnst ákaflega óeðlilegt, hve sveitarfélög eru þar skágengin, ef þau vilja koma upp samkomuhúsum, eins og hv. þm. S-Þ. hefur réttilega bent á, því að samkvæmt 1. gr. eru þau algerlega útilokuð sem þátttakandi til að njóta styrksins. Í

4. gr. er að vísu talað um, að sveitarfélög komi til greina, en þeim er svo þröngur stakkur skorinn, að ef þau vilja nota bygginguna að einhverju leyti til sinna þarfa, verður að meta það, hve mikið sveitarfélagið ætlar til sinna þarfa, og draga styrkinn frá, sem því nemur. En þetta getur einnig samrýmzt, að sama húsið sé notað að einhverju leyti í þágu sveitarfélagsins og um leið samkomuhús sveitarinnar, þar sem hægt er að hafa leiksýningar, söng og annað, sem er til menningar og gleði. Ég mun því við 3. umr. bera fram brtt. við 1. gr., þar sem bætt sé við, að sama gildi um samkomuhús sveitarfélaga, og einnig um að fella niður 4. gr.

Það má vera, að breyta þurfi einhverju fleira í frv., en það kemur í ljós, þegar ég athuga frv. í þessu skyni. Þá vil ég vekja athygli hv. menntmn. á því, þar sem hún ber fram brtt. við frv., um meðferð skemmtanaskattsins, að þegar verja á skattinum um allt land, þá hlýtur líka að eiga að innheimta hann um allt land. Þar sem fjárveitingin er almenn, hlýtur skatturinn líka að vera almennur, og er merkilegt, að þessa hefur ekki verið gætt, en má vitanlega bæta úr þessu ennþá. Þess er ekki þörf að ræða þetta frekar nú, en þetta kemur til athugunar þegar það frv. kemur til 3. umr. Þá mun einnig allt of naumt skorinn sá hluti skattsins, sem til nota kemur utan Reykjavíkur. Það er hróplegt misrétti að gera svo upp á milli Reykjavíkur og annarra staða á landinu, að skatturinn hefur að öllu leyti borið uppi kostnaðinn við byggingu þjóðleikhússins og auk þess eiga eftirleiðis að renna af honum 45% til rekstrar þess, en framlagið til byggingar samkomuhúsa utan Reykjavíkur má ekki nema meira en 45%, en ekkert til rekstrar þeirra. Auðvitað má segja, að þetta hús hafi almenna þýðingu fyrir landið, þannig að það geti verið til fyrirmyndar. En ég tel, að hér sé ekki farinn sá meðalvegur, sem ber að fara.

Ég vildi með þessum orðum boða þessa brtt. og vildi mælast til þess að geta haft samráð við hv. menntmn., því að það væri langæskilegast, að hún flytti brtt. Einnig væri mjög æskilegt að geta haft samvinnu um þetta við hæstv. menntmrh. Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, en vonast eftir samkomulagi við þessa aðila fyrir 3. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það voru aðeins örfá orð vegna ummæla hv. þm. Borgf. Hann minntist á, að í frv. væru sveitarfélögin mjög skágengin. Í 4. gr. eru ákvæði, sem draga úr framlaginu, ef sveitarstjórnir eiga í hlut. En í gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Áskilji sveitarfélag sér rétt til þess að nota húsið að meira eða minna leyti í öðru skyni, skal draga frá byggingarkostnaði þess fjárhæð, sem telja má hæfilega vegna þessara nota, og má styrkurinn ekki nema meira en 40% af því, sem þá verður eftir.“ Þetta er til þess að koma í veg fyrir misnotkun styrksins, en hins vegar geta sveitarfélög þar fyrir haft samkomulag um afnot hússins, en þetta ákvæði ætti að vera til varnaðar. Þá taldi hv. þm. Borgf., að þar sem styrknum væri nú dreift um allt landið, væri engin ástæða til þess að innheimta hann ekki nema þar sem væru 1500 íbúar eða fleiri, og hélt, að um þetta hefði ekki verið hugsað. Jú, þetta hefur verið vandlega íhugað, en ég og þeir ráðunautar, sem með mér störfuðu að þessu máli, komumst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða til að innheimta skattinn af öllu landinu, því að okkur sýndist, að ekki væri hægt að skattleggja aðra staði en þá, þar sem saman væru komnir allmargir menn..

.....

[Hér vantar í hndr. kafla frá innanþingsskrifara (Birni Bald)].

Sigurður Bjarnason: ..... En hann má njóta þeirra verka, sem hann hefur góð gert, og mætti hann því enn sýna þessu máli sanngirni. En að hann missir af veizlumatnum í einni góðri veizlu í höfuðborginni verður til þess, að hann snýst jafnhatramlega gegn fyrri skoðun sinni í þessu máli.

Viðvíkjandi hæstv. menntmrh. vil ég segja það, að mér virðist hv. þm. S-Þ. finnast, að hæstv. menntmrh. hafi farið í fötin hans, meðan hann var að baða sig í bjarmanum af fyrri afrekum sínum í leikhúsmálunum, og hæstv. menntmrh. hafi flutt þarna frv., sem hv. þm. S-Þ. gjarnan vildi sjálfur hafa borið fram. Hv. þm. finnst sárt, að hæstv. menntmrh. skyldi verða fyrri til þess, að vísu í samráði við þá stefnu, sem kom fram í frv., sem ég og hv. 2. þm. Rang. fluttum fyrr á þessu þingi.

Ég vildi láta þetta koma fram hér, því að það er óþarfi fyrir hv. þm. S-Þ. að vera að brigzla okkur, sem stöndum að þessu máli, um einhver svik við þetta mál. Við höfum flutt þetta mál fram og unnið að því að skapa um það samkomulag á sem breiðustum grundvelli og það í þeirri trú, að með því séum við að vinna æsku framtíðarinnar úti um landið gott og þarft verk. En hv. þm. S-Þ. hefur snúizt til andófs í þessu máli af persónulegum ástæðum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Það er kjarninn í þessu, að í því er mörkuð ný stefna, þar sem frv. fjallar um hina nýju skiptingu á skemmtanaskattinum, þar sem gert er ráð fyrir, að 40% af honum renni til félagsheimila dreifbýlisins. Það munu á næstu árum rísa mörg myndarleg samkomuhús í þorpum og sveitum og kaupstöðum þessa lands fyrir atbeina þeirrar breyttu löggjafar og fyrir þá skipulagsbreytingu, sem verður hér í þessum efnum.

Ég hygg, að það sé fremur illt verk að vinna að því hér á hv. Alþ. að hindra og rjúfa þá samvinnu, sem tekizt hefur um nokkra málamiðlun í þessum efnum. Ég hefði mjög gjarnan óskað þess, að meiri hluti skemmtanaskattsins hefði runnið til þessara félagsheimila dreifbýlisins, en ég hef slegið nokkuð af í því efni til þess að samkomulag gæti tekizt um málið.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð, en ég vil gjarnan koma þessu máli áfram, áður en hlé verður gefið á fundi, og skal ég stilla orðum mínum mjög í hóf.

Það hefur borið hér á deilum bæði frá hv. þm. Borgf. og hv. þm. S-Þ. um það, að það væri ekki nægilega séð fyrir því í þessu frv., að sveitar- og bæjarfélög, sem tækju að sér forgöngu um að reisa hús eins og þau, sem hér um ræðir, gætu orðið styrks aðnjótandi, og í því sambandi hefur mjög verið vitnað í það, að sveitarfélögin séu ekki talin upp í 1. gr. frv. Þetta er rétt út af fyrir sig. En aftur er sérstök gr. í frv. alllöng, sem fjallar um þetta, að ef sveitarfélög beita sér fyrir framkvæmd málsins, þá skal heimilt að styrkja hana

úr félagsheimilasjóði, enda sé þá húsið notað í þágu slíkrar starfsemi, sem þau félög, sem um ræðir í 1. gr., hafa með höndum. Það er sjálfsagt að taka þetta til athugunar á milli umr., ef hv. þm. Borgf. eða aðrir óska, og breyta því, ef ástæða þykir að breyta orðalaginu eða fella saman 1. gr. og 4. gr. að einhverju leyti. Annars er mér ekki kunnugt um það, að munur sé á gildi lagaákvæða eftir því, hvort þau stæðu í 1. gr. laga eða síðar í sömu l. Ég fæ ekki séð, að það sé meginatriði í þessu máli, hvort réttindi og skyldur gagnvart sveitarfélagi vaxi eða minnki eftir því, hvort slík ákvæði séu sett í 1. gr. eða aðrar gr. þeirra.

Annars vil ég ítreka það, sem hæstv. menntmrh. var að vísu búinn fullkomlega, að þar sem um það er rætt, að sveitarfélög geti ekki fengið styrk út á hús, sem þau byggja að fullu, þá er sú undantekning einungis gerð, ef þau eru notuð í öðru skyni en til menningarstarfsemi, sem fram er tekið í 1. gr. frv., og kemur þá frádráttur á styrk til greina, sem telja má, að sé þarna til mikilla bóta, að koma í veg fyrir, að þessi styrkur renni nema til þeirrar menningarstarfsemi, sem frv. miðar að. (**JJ**: Hvaða ómenningu á að hafa þarna í frammi?) T. d. ef bæjarstj. Reykjavíkur setti þarna upp skrifstofu sína í eitthvert þessara húsa eða það yfirleitt væri notað í þeim tilgangi, því að það er ekki meiningin að styrkja byggingu, sem reist er til þeirra afnota.

Þá hefur hv. þm. S-Þ. orðið nokkuð tíðrætt um það, að það væri búið að skattleggja allt landið um margra ára skeið til þess að byggja þjóðleikhúsið í Reykjavík, og nú, þegar breytt væri um stefnu í þessu máli með þessu frv., þá væri dreifbýlinu sýnd hin mesta smán — þá ætti að búa mjög illa að því í þessum sökum, vegna þess að hlutur dreifbýlisins væri þarna gerður allt of lítill, þar sem gert væri ráð fyrir aðeins 45% af skemmtanaskattinum. Út af þessu vil ég aðeins minna á það, sem í l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús frá 1927 segir — við kannske munum nú ekki allir þá tíma, en Alþingismannatalið hlýtur að geta frætt okkur um það, hverjir réðu hér á Alþ. á því ári og um það leyti — og í þessum l. segir svo, að í öllum kaupstöðum landsins, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemmtanir fyrir almenning.

Nú hefur mér virzt, að við hv. þm. S-Þ. værum sammála um það að telja það ekki óvirðulegt brot af þjóðinni, sem býr á stöðum, þar sem færri eru en 1500 íbúar í einu sveitarfélagi. Þess vegna fær það ekki staðizt, að það hafi verið dregið saman fé af öllu landinu til þess að reisa þjóðleikhúsið fyrir. En í þeim l. segir enn fremur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Skemmtanaskatturinn rennur í sérstakan sjóð, „Þjóðleikhússjóð". Honum skal varið til þess að koma upp „þjóðleikhúsi" í Reykjavík og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi." Það virðist þess vegna, að í öndverðu hafi verið mörkuð sú stefna, að í það minnsta hluti af skemmtanaskattinum — og verður naumast skilið öðruvísi en allur þjóðleikhússjóðurinn og allur skemmtanaskatturinn þar með hafi átt að renna til þess að styðja þjóðleikhúsið, þegar það tæki til starfa. Þetta er orðrétt ákvæði l., sem sett voru 1927. (**JJ**: Þau voru sett 1923, þm. veit það ekki.) Það breytir ekki meginefni málsins. Þá kem ég að því hlutfalli, sem gert er ráð fyrir að styrkja félagsheimilin með, það er sagt, að 40% af byggingarkostnaðinum sé of lágt. Það má vitanlega um það deila, og gæti vel verið, að það væri eðlilegt og æskilegt að færa þessi hlutföll að einhverju leyti til. En þegar við ætlum að meta þetta með sanngirni, þá finnst mér ekki óeðlilegt að líta á ýmsa aðra þætti og hvernig hefur gengið með styrk ríkisins til þeirra. Vil ég í því sambandi minna á íþróttal. og íþróttamannvirki, sem styrkt eru samkvæmt íþróttal., sem sett voru fyrir nokkrum árum. Framlagið til íþróttasjóðs mun nú hafa komizt hæst 1 millj. kr. á ári, og hefur staðið um það allhörð atkvgr. við meðferð fjárl. á undanförnum árum, hvort það væri kleift að hafa þá upphæð svo háa. Eftir skilríkjum, sem fyrir liggja, má gera ráð fyrir, að sá hlutur, sem félagsheimilasjóður fengi af skemmtanaskattinum, kunni að nema um 8 hundruð þús. kr., þá er þarna ekki mikill munur á. Ég hygg, að íþróttasjóður styrki ekki þau mannvirki, sem hann hlynnir að, meira en að ⅓ af kostnaðarverði. Ef við lítum á annað dæmi sambærilegt við þetta, sem er skólabyggingar, þá má minna á það, að l., sem sett voru um barnafræðslu 1936, og þingmannatalið getur frætt okkur um það líka, hverjir þá voru á þingi, gera ráð fyrir að styrkja heimavistar- og heimangöngubarnaskóla úti á landi aðeins að ⅓ byggingarkostnaðar, og þannig hefur staðið öll árin, þangað til framlagið var hækkað í fyrra.

Þegar litið er því á þetta mál og borið saman við ýmsa aðra þætti, þá fæ ég ekki séð, að við, sem erum dreifbýlisþm., eins og við hv. þm. S-Þ., þurfum að bera nokkurn kinnroða út af þessu máli, hvað þetta snertir. Þó að framlagið sé ekki meira en þetta, þá megum við vera vissir um það, að þetta verður til mikils menningarauka fyrir fólkið, sem býr úti í dreifbýlinu.

Jónas Jónsson: Ég vil fyrst víkja að því, sem hv. þm. A-Sk. talaði um, að eins og honum er kunnugt, hefur Alþ. hvað eftir annað tekið allan skattinn af þjóðleikhúsinu. Þess vegna getur Alþ. alveg eins gert það nú, og ætlast ég til, að svo verði. Það er nú búið að byggja þjóðleikhúsið í Reykjavík, og nú förum við að byggja önnur hús. En þetta hefur staðið síðan 1923, þegar talað var um það, að þegar húsið væri komið upp, þá yrði það ekki lengur styrkt. Ég hef fært rök að því, að sú aðferð, sem ríkisstj. tekur nú upp, er nýstárleg. Það eru ekki til á öllum Norðurlöndum nema tvö leikhús, sem eru með ríkisrekstri, og eru þau rekin með stórkostlegum halla. En þeir menn, sem nú hafa beitt sér fyrir þessu máli, vissu ekki þetta — hvorki n. né hæstv. ráðh.

Þá vil ég aðeins víkja að því, sem hv. þm. N-Ísf. var að tala um, stefnubreytingu í málum. Sá hv. þm. ætti nú sízt að vera að tala um slíkt, því að þrátt fyrir allar yfirlýsingar hefur hann sjálfur hlaupið frá sinni yfirlýstu stefnu og er í makki við bolsivíka, og er hann þó aldrei nema hálfur maður, þar sem þeir eiga hlut að máli. En það er þess vegna skiljanlegt, að hv. þm. N-Ísf. heldur svona fast við þessa stefnu, þegar Brynjólfur Bjarnason er búinn að marka hana, að hér skuli sett á stofn þjóðleikhús með ríkisrekstri, og er það ekki nema rétt frá þeirra sjónarmiði að hafa það alveg eins og í Rússlandi. En hv. þm. N-Ísf. hefur

skipt um skoðun í þessu máli, því að í haust, þegar hann kom að málinu, þá var hann svo ókunnugur þessu máli, að hann hélt, að mætti taka þetta fé þá strax af þjóðleikhúsinu, sem hann nú reyndar vill gefa því aftur. Ég aftur á móti sagði, að slíkt væri ekki hægt, það yrði að ljúka við húsið, en það er ekki hægt að segja, að búið sé að ljúka við það, ef ekki er hægt að komast að því, og það er langur vegur frá því, að svo sé, sem stafar að nokkru leyti að því, að þegar átti að fara að byggja þjóðleikhúsið, þá var ekki hægt að fá heppilega lóð, áhuginn var þá svo lítill, það varð því að taka lóð, sem ákveðin var með l. 1923. En þessi lóð er þannig, að það vantar alveg svigrúm kringum þjóðleikhúsið. Þetta er aðeins eitt dæmið um það, hvað hv. þm. N-Ísf. er ókunnugur þessu máli, að hann vildi hlaupa frá þjóðleikhúsinu þannig, að ekki var hægt að nota það fyrir þennan bæ. En mér var vel kunnugt um það, að slíkt var ekki hægt. Hver á að gera það? Á Reykjavík sjálf að gera það? Þjóðleikhúsinu var þröngvað upp á Reykjavík, og lítill áhugi fyrir því þangað til nú allt í einu, að leikararnir vilja nú ólmir komast á föst laun við það hjá ríkinu. Það er skylda þjóðleikhússjóðsins að ganga frá því þannig, að hægt sé að nota það og komast að því, úr því að þjóðleikhúsinu hefur verið þröngvað upp á Reykjavík. (**GSv:** Hvers vegna að vera að því?) Hv. þm. V-Sk. hefur hjálpað til þess eins og fleiri. Nú, þegar farið er að hugsa fyrir alvöru um það að taka meginhluta af þessum skatti til þess að reisa hús úti um land og talað hefur verið um, að það verði 75% af skattinum, þá hleypur hv. þm. N-Ísf. frá því allt í einu og gerir sig ánægðan með aðeins 45% fyrir dreifbýlið. Hefur nokkur þm. komið jafnómyndarlega fram við sína kjósendur, — og hvernig fer hann að standa við það, sem hann var áður búinn að lofa þeim?

Hv. þm. N-Ísf. sagði, að mín stefna í þessu máli markaðist af einhverri óvild í garð leikara Leikfélags Reykjavíkur, en ég vil segja þessum hv. þm., að ég hef aldrei ætlazt til neinna launa af leikurunum. Ég vil segja hv. þm. N-Ísf. það, að það eina, sem ég hef leyft mér að gera kröfur um til Leikfélags Reykjavíkur, er að verða ekki fyrir stórlygum frá þeirra hálfu, og þegar þeir báru út, að ég væri mesti þröskuldur í leikhúsmálum, þá tók ég ofan í við einn af þessum mönnum, sem mest stóð að lyginni, og ég býst við, að hann sviði undan því og honum finnist, að hann geti ekki komizt upp með það. Leikararnir hafa unnið vel sem leikarar, en þeir hafa ekkert gert fyrir leikhúsið, en aftur á móti reynt að gera mér bölvun. Þeir fá sitt leikhús. En það mega þeir vita og einnig hv. þm. N-Ísf., að ég líð þeim ekki að bera á mig sakir, heldur mun ég þá gefa þeim hæfilega ráðningu — en leikhúsið kemur.

ATKVGR.
Brtt. 827,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

Umr. (frh. atkvgr.) frestað.

Á 129. fundi í Nd., 16. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR. (frh.)
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 827,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 827,3 (ný 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 827,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
6.—10. gr. samþ. með 23:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Á 130. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 863, 847).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Eftir að 2. umr. þessa máls lauk hér í d., var útbýtt brtt. við frv. frá hv. þm. Borgf., sem prentuð er á þskj. 847. Menntmn. kom saman á fund í dag og athugaði m. a. þessar brtt. Vill hún fyrir sitt leyti vera með fyrri brtt., þar sem segir, að aftan við 1. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: „Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.“ Þetta er engin efnisbreyting frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, en það er ekki nema vel til fallið að kveða skýrar að orði um þetta í 1. gr. en áður hefur verið gert í frv. Á hinn bóginn getur n. ekki fallizt á að mæla með síðari brtt. á sama þskj., sem fjallar um að fella 4. gr. frv. niður. Það leiðir af sjálfu sér, að um leið og þessi viðbót er færð á 1. gr., þarf að koma að dálítilli orðabreytingu við upphaf 4. gr., og leyfir n. sér að bera fram skriflega brtt. þess efnis, að upphaf 4. gr. orðist svo: „Nú hefur sveitarfélag eða sveitarfélög forgöngu um byggingu félagsheimilis og áskilur sér rétt til þess að nota húsið að meira eða minna leyti til annarrar starfsemi en um ræðir í 1. gr., og skal þá draga frá byggingarkostnaði þess“ o. s. frv. Um þetta atriði hefur nokkuð verið rætt á fyrra stigi málsins, og skal ég ekki endurtaka neitt af því, sem komið hefur fram um það, en til viðbótar við það, sem áður hefur sagt verið, vil ég benda á, að þessi hugmynd varðandi 4. gr. en engan veginn ný. Á 2 eða 3 undanförnum þingum hefur borgarstjórinn í Reykjavík, núverandi hæstv. dómsmrh. (BBen), flutt frv. til l. um æskulýðshöll í Reykjavík, og nú á þessu þingi hefur þetta frv. verið tekið upp af hv. 7. þm. Reykv. (JóhH), sem er fulltrúi í bæjarstjórn Reykjavíkur. Í 1. gr. þess frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkissjóður og Reykjavíkurborg reisa í félagi æskulýðshöll í Reykjavík. Leggur Reykjavík til hæfilega lóð undir höllina ókeypis, en að öðru leyti taka báðir aðilar jafnan þátt í kostnaði af byggingu og rekstri hallarinnar. Ef bæjarbókasafn Reykjavíkur verður í höllinni, þá skal Reykjavík ein bera allan kostnað þar af, enda skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna, hversu mikill aukinn kostnaður af byggingu hallarinnar hafi orðið vegna bókasafnsins og hversu mikinn þátt Reykjavíkurborg skuli aukreitis taka í viðhaldi hallarinnar vegna bókasafnsins.“ Ég drep á þetta til þess að benda mönnum á, að 4. gr. frv. er fjarri því að vera nokkuð viðsjárverð og felur ekki í sjálfu sér neitt það nýmæli, sem ágreiningur hafi verið um meðal þeirra manna, sem um þetta hafa hugsað og fjallað að undanförnu.

Í 10. gr. frv. segir, að til greina geti komið að styrkja hús, sem nú séu í smíðum, ef byrjað hafi

verið á byggingu þeirra eftir 1. janúar 1942. N. hefur nokkuð athugað þetta og komizt að þeirri niðurstöðu, að með þessu væri farið nokkuð langt aftur í tímann, og leggur því til, að í stað „1. janúar 1942" í 10. gr. komi: 1. janúar 1944. — Þessar tvær skriflegu brtt., sem n. flytur og er einhuga um, leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 874) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 847,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 847,2 felld með 16:2 atkv.
— 874,1 samþ. með 17:1 atkv.
— 874,2 samþ. með 17:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, SigfS, SB, SEH, StgrSt, ÁÁ, BÁ, SnJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GÞG, HB, HelgJ, IngJ, AuA, JPálm, JS.
nei: JJ.
15 þm. (ÓTh, PO, SG, SK, SkG, StJSt, SteindSt, ÁkJ, EmJ, GTh, HÁ, HermG, JörB, KTh, LJós) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 136. fundi í Ed., 19. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 878).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 137. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 141. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 878, n. 907).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir á þskj. 878, er, eins og kunnugt er, stjfrv., sem nú hefur fengið afgreiðslu hv. Nd. Það er kunnugt, að á þessu sama þingi hafa nokkrir þm. flutt frv., sem fór í þá átt, að hið opinbera hlaupi undir bagga að bæta úr þeim mikla skorti, sem er á samkomuhúsum úti um land, því að augljóst er, að hann háir starfsemi fjöldamargra félaga í bæjum og sveitum. Nú hefur það orðið að samkomulagi, í samræmi við það, sem verið var að samþykkja hér fyrir stuttu síðan, að láta helming skemmtanaskattsins renna í félagsheimilasjóð til þess að styrkja þessar byggingar. — Menntmn. Ed. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt, og sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið að svo stöddu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 980).

---

17. Eftirlit með skipum.

Á 4. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um eftirlit með skipum (stjfrv., A. 40).

Á 5. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er ekki nýtt, það var flutt á Alþ. í fyrra og kemur nú fram á sama stigi og skilið var við það í þessari hv. d. Það voru gerðar við það lítils háttar breyt. í Nd., sem hafa verið færðar inn í frv., svo að það kemur fram í sömu mynd og það var í, þegar umr. lauk um það þá, en umr. var ekki lokið um það hér, þegar síðasta aðalþingi lauk.
Ég skal ekki fara langt í að skýra efni frv. Það fylgdi því í fyrra ýtarleg grg., sem að vísu hefur ekki verið prentuð upp nú, en er að finna í þskj. frá þinginu 1945 og skýrir málið mjög rækilega. Frv. er samið af mþn., sem skipuð var snemma á árinu 1944 til að endurskoða lögin um eftirlit með skipum, og hafði hún til hliðsjónar hliðstæður erlendis frá þeim löndum, sem hún náði til, og hygg ég, að hún hafi unnið störf sín mjög samvizkusamlega og tekið allt til greina í þessu sambandi. E. t. v. má segja um sumt af því, sem hér er bent á, að það orki tvímælis. En allt er það sett fram í þeim tilgangi að reyna að auka öryggið og tryggja öruggt eftirlit með öllum fleytum og förum, sem ferðast hér við land. Eins og gefur að skilja, hefur frv. í för með sér ýmsar breyt. frá því, sem núgildandi l. kveða á um í þessum efnum. Eru þær helztu í fyrsta lagi, að nú eru settar almennar reglur um byggingar, breytingar og innflutning skipa. Í öðru lagi, að skipaeftirliti ríkisins er komið í fast horf, og í þriðja lagi, að settur er á laggirnar sérstakur dómstóll til þess að dæma í refsimálum út af slysum og þess háttar málum. Enn eru ný ákvæði um það, að refsifyrirmæli l. eru hert og varða réttindasviptingu í sumum tilfellum.
Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta langt mál. Það er öllum hv. þm. ljóst, að nauðsyn ber til að koma þessum málum í eins öruggt horf og frekast má verða, sem fyrst og fremst verður gert með því að hafa þær fleytur og þau för, sem sjófarendur eru á, eins tryggilega útbúin og frekast eru föng á, en á það hefur stundum verið talið bresta nokkuð.
Eins og ég sagði, þá hefur frv. verið hér fyrir

áður, svo að mönnum hefur gefizt nokkurt tóm til að athuga það. Verður það til þess að greiða fyrir götu málsins í þessari deild. Vil ég svo leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 93. og 94. fundi í Ed., 13. og 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Ed., 17. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 40, n. 501, 502).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta frv., sem nú er hér til umræðu, hefur legið hjá sjútvn. síðan 28. okt., og skal ég ekki fara út í það, hvers vegna mál þetta hefur ekki komið fyrr til d., en af því að hér var til umr. dráttur á ýmsum öðrum málum, þá sést, að það er ekki neitt einsdæmi. En málið er nú komið frá n., og mun ég í nokkrum orðum skýra afstöðu n. til málsins.

Eins og sjá má á nál. á þskj. 501, hefur öll n. verið sammála um það, að mál þetta skuli hljóta samþykki d., og með því er það skoðun n., að þetta mál sé svo þýðingarmikið, að það eigi að öðlast samþykki Alþingis. En þegar rætt var um greinar frv., þá er því ekki að leyna, að í n. voru allskiptar skoðanir um það, hverju bæri að breyta og hverju ekki. Þessi ágreiningur kemur fram í þeim brtt., sem fluttar eru á þskj. 502 af form. n. Ég mun ekki fara út í þær fyrr en hann hefur gert grein fyrir þeim, þó að okkur nm. séu kunn þau rök, sem hann telur fyrir þeim liggja. Mál þetta er mjög mikið umfangs, og skal ég ekki fara út í einstakar greinar, en fara nokkrum orðum um frv. í heild, hvernig það er til orðið, og tel ég rétt, að það komi fram, sem gerzt hefur í því, síðan þetta mál var tekið til meðferðar. Það tilefni er sú löggjöf, sem við búum nú við og hefur verið að taka ýmsum breyt. á undanförnum árum, síðast 1941. Með þáltill. sem samþ. var 18. febr. 1944, var lagt til, að þessi l. yrðu tekin til endurskoðunar. Svo skipaði þáv. ríkisstj. 5 manna n. til að endurskoða þessa löggjöf, og var hún skipuð eftir tilnefningu frá útgerðarfélögum, vátryggingarfélögum, sjómannafélögunum í Rvík og Hafnarfirði, Farmanna- og fiskimannasambandinu, og ríkisstj. valdi svo formann, Bárð Tómasson skipaverkfræðing, og var þá 5 manna nefnd fullskipuð. Þessi n. vann svo að endurskoðun og lagði tillögur sínar fram í október 1945, og hafði þá verið lagt mikið starf í undirbúning, svo að hægt væri að leggja það fyrir ríkisstj. um haustið. Ráðh. lagði svo frv. fyrir sjútvn., en þá komu fram brtt. frá skipaskoðunarstjóra og Farmannasambandinu, svo að n. vísaði málinu aftur frá sér til ráðh., og hann lagði það aftur fyrir mþn. til frekari athugunar. Þessari athugun var lokið í janúar 1946, og hafði n. þá komizt að samkomulagi við skipaskoðunarstjóra og aðra, sem brtt. fluttu. Þá var frv. og endurskoðað og samræmt og sent ráðherra að nýju til fyrirgreiðslu og var svo lagt fyrir Nd. og afgr. frá n. á því sama ári, og skilaði sú n. áliti 9. apríl. Málið kom svo til þessarar d. og var vísað til sjútvn. d., en af skiljanlegum ástæðum gat hún ekki lokið athugun á málinu þá, og dagaði það svo uppi.

Frv. er nú flutt eins og Nd gekk frá því, og í því formi hefur n. fjallað um málið. Taldi hún ekki rétt að gera breyt. við þær breyt., sem gerðar voru í Nd., en ýmsar þeirra eru vafasamar, en ekki svo efnislega hættulegar, að ekki verði þolað.

N. hefur haft málið til umræðu á mörgum fundum, eða alls 16, og er það hér um bil á öðrum hverjum fundi. Það skal játað, að málið er nokkuð umfangsmikið, og kemur því margt til greina. Við höfðum samband við skipaskoðunarstjóra og þann mann, sem var form. í mþn., og við þessa menn ræddum við ýtarlega, og niðurstöðurnar eru þær brtt., sem eru á þskj. 501.

Um frv. má flytja langt mál, ef farið er ýtarlega út í efni þess, en þar sem ýtarleg grg. fylgdi frv. 1946, þskj. 418 það ár, þá tel ég þess ekki þörf. Þó mætti ræða um það, eftir að við höfum tekið til athugunar brtt. og einnig eins og n. gekk frá því upphaflega, og yrði það of langt mál, ef farið væri út í hverja gr. frv. En ég vil geta þess, að frv. er byggt á þeirri löggjöf, sem við búum nú við, sem ekki er ýkja gömul, því að það er eftir 1920, sem skriður kemst á að setja löggjöf um eftirlit með skipum, og síðan er hún að taka ýmsum breyt. allt til 1941.

Þessi löggjöf er öryggislöggjöf fyrir alla þá, sem stunda atvinnu á sjó, fyrir þá, sem ferðast á sjó, og þeir eru margir, þar sem samgöngur okkar eru svo mikið á sjó. Hún snertir alla þá, sem ferðast með skipum milli landa, og kemur þá til greina hinn mikli farþegafjöldi. Þessi löggjöf snertir öll þau skip, sem hér sigla. Í henni er í meginatriðum stuðzt við þá löggjöf, sem við búum nú við, en það er líka stuðzt við löggjöf Norðurlanda, en einnig litið á brezka, hollenzka og jafnvel bandaríska löggjöf, og er reynt að samræma það, sem passar fyrir okkur hér. Þessi nýmæli eru í samræmi við það, sem gert hefur verið á Norðurlöndum. Eitt stórt nýmæli, það er siglingadómurinn, er sótt til Hollands, en þeir hafa mikla reynslu í þessum efnum. En í þeim lögum, sem nú gilda, er gert ráð fyrir dómstóli, sem fjalli um þetta, og það skal gert hjá okkur með sjódómi, er eigi að fjalla um það, sem miður fer og kært er yfir. En sú breyting, sem nú er gerð, er, að allt, sem þessu frv. er viðkomandi, það sé flutt frá sjódómi og sérstakur dómstóll fjalli um slík mál, en rannsókn er í höndum sjódóms, sem er til staðar í hverri lögþinghá, og sé dómurinn einn og skipaður eins og frv. gerir ráð fyrir.

Um kostnaðarhlið þessa dóms skal ég fara örfáum orðum. Það er talað um, að hér væri verið að setja á stofn dómstól, sem hefði mikinn kostnað í för með sér. En það er ætlan okkar í mþn., að hér væri haft nokkuð sama form varðandi kostnað dómstólsins og er nú hvað snertir félagsdóm. Og manni virðist hann ekki kosta svo mikið fé, að það sé ekki viðráðanlegt. En höfuðkosturinn er sá að fá dómstól, sem samrýmdist þessu verksviði betur en ella, og málin yrðu þá tekin fastari tökum en nú virðist almennt gert hjá sjódómnum. Ég skal upplýsa, að sjómannastéttin — og á ég þá við bæði undir- og yfirmenn — leggur mikla áherzlu á, að l. um siglingadóm séu sett á stofn í því formi, sem frv. gerir ráð fyrir.

Um frv. að öðru leyti er ýmislegt að segja, en það tæki of langan tíma að fara út í einstakar gr. Hér eru ýmis nýmæli um eftirlit með nýbyggingu skipa og varðandi breytingar á skipum. Eftirlitskerfið er sett fyllra en áður. Er ætlazt til með því fyrirkomulagi að fá miklu betra eftirlit en verið hefur í einstökum framkvæmdaratriðum. Það er vitað, að með vaxandi skipastól er hér um miklu meira starf að ræða en áður. Og það ætti að vera hverjum manni ljóst, sem um málin hugsar, að eftir því sem skipastóllinn er stærri og fleiri menn stunda þessa vinnu, því meir ber að leggja í sölurnar til þess, að allt sé í lagi samkv. því, sem l. og reglugerðir ætlast til á hverjum tíma. Ég hef sagt það, að frv. þetta hafi fengið mikla og gagngerða endurskoðun. Ég vil einnig upplýsa það, — og það er meira en hægt er að segja um flest önnur frv., — að frv. þetta hefur verið sent til allra stéttarfélaga sjómanna, jafnt undirmanna sem yfirmanna, til lagfæringar og álits. Frv. hefur fengið þær undirtektir, að þing verkalýðsins, Alþýðusambandsþingið, hefur á tveimur þingum samþ. frv. eftir að sú athugun hafði farið fram. Ég vil geta þess, að þing farmanna og fiskimanna hefur einnig fjallað um málið á tveim þingum, og leggur það áherzlu á, að málið nái fram að ganga í því formi, sem það er nú í. En vegna sérþekkingar sinnar og reynslu í þessum efnum hefði helzt mátt vænta gagnrýni úr þessari átt. Ég vil benda á enn eina stofnun, Fiskifélag Íslands, sem hefur tekið mál þetta upp á sínum þingum. Það hefur lagt áherzlu á vilja sinn í þessu máli með áskorun til Alþ. um, að málið nái fram að ganga. Hér hef ég nefnt þær stéttir og sambönd, sem hafa með málefni sjómanna sérstaklega að gera. Þetta mál hefur í meðförum þessara aðila fengið þær undirtektir, að nokkurn veginn einróma leggja þessir aðilar til, að frv. fái lögfestingu og verði framkvæmt eins og frv. gerir nú ráð fyrir. Það liggur nokkurn veginn fyrir, að landsmenn álíti, að ekki sé horfandi í nokkurn kostnað, til þess að slíkt öryggi og hér um ræðir sé tryggt eftir því, sem frekast má verða. Ég skal játa, að löggjöf í þessu efni er sem oft áður pappírsgagn, sem mestu varðar um, hvernig á er haldið. Það má ekki dæma löggjöfina eftir því, þótt slælega hafi verið á l. haldið. En almennt er álitið, að því ýtarlegri sem löggjöfin er, þá verði framkvæmdin að sama skapi. Og ég örvænti ekki um framkvæmdirnar, ef frv. nær lögfestingu á þessu þingi, því að hér mun verða hægt að skipa í starfið menn, sem sjálfsagt vita, hvað þeir takast á hendur og hvaða ábyrgð hvílir á þeim.

Ég vil að síðustu upplýsa það, að samkv. þessu frv. verður að útbúa ýmsar reglugerðir. Sumar eru að vísu til, en þarfnast endurskoðunar. Þetta er eitt af því, sem þessari mþn. var ætlað að vinna þegar l. væru staðfest af Alþ., svo að hún vissi, um hvað hún ætti að semja reglugerðir. Nú er það vitað, að margar þessara reglugerða kalla mjög að. Sumar hafa verið gerðar að nokkru, undirbúningur hefur farið fram varðandi aðrar, en að sumum hefur ekkert verið unnið. Þær bíða sem sé lögfestingar frv. Þetta er meðal annars ein ástæðan til þess, að ekki má láta það koma fyrir, að frv. þetta nái ekki staðfestingu á þessu þingi. Og ég hygg, að við getum allir verið sammála um það, þótt okkur greini á um einstök framkvæmdaatriði eða hvernig frv. á að vera í einstökum atriðum.

Ég vil að lokum minnast á þær brtt., sem við erum sammála um að gera. Það er þá fyrst við 3. gr. Það er orðalagsbreyt. Í stað orðanna „eftirlitsmanni eftirlitsins“ í a-lið komi: skipaeftirlitinu. — Við 7. gr. er nokkur efnisbreyt., en ekki mikil. Hún snertir starf skipaskoðunarstjóra. Þess hefur verið krafizt hér á Alþ. í þeim efnum, að skipaskoðunarstjóri ætti ekki að hafa þau störf með höndum, sem snertu starf hans fyrir einstaklinga. Ég hygg, að það muni vera álit allra þeirra, sem um þetta mál hafa fjallað, að það sé rétt að skylda skipaskoðunarstjóra til að vera sem óháðastur, eftir því sem frekast má, í sínu starfi. Breyt., sem hér er gerð, er öllu strangari en nú er í frv. varðandi þetta. En þó er gert ráð fyrir, að hann geti gripið inn í störf, sem eru annars eðlis. Það hafa því miður verið nokkur brögð að því, að skipaskoðunarstjóri hafi verið fenginn til að standa fyrir opinberum ráðstöfunum og sumpart til að gegna trúnaðarmannastarfi fyrir einstaklinga og félög í þessu efni. Um þetta varð n. sammála.

Við 8. gr. er gerð nokkur breyt. á því, sem mþn. hafði gert í sínum till., en sú breyt. er ekki ýkja mikil. Sú brtt. er gerð til þess að gera meiri þekkingarkröfur. Þar er gert ráð fyrir, að vélfræðingurinn hafi unnið til sjós á skipi með að minnsta kosti 600 ha. vél eða stærri, og að þar skuli einnig vera maður, sem hefur þekkingu á öryggisútbúnaði skipa, og verður hann að hafa verið tvö ár í siglingum á skipi yfir 300 rúmlestir. Þetta eru helztu breyt. frá því, sem áður var. Þetta er öryggisventill, sem á að koma í veg fyrir, að menn með takmarkaða þekkingu verði settir í þessi störf. Þessi skyldugi siglingartími gefur alltaf nokkra reynslu í þessum efnum.

Við 30. gr. er nánast aðeins breytt orðalagi. Það er, eins og sjá má, aðeins fært til betra máls. — Við 33. gr. er lagt til, að síðasti málsl. í tölul. 3. A. falli niður, og er það gert til samræmingar, þar sem á öðrum stað í frv. stóð 30 tonn, en í hinum 50 tonn.

Við 35. gr. er brtt., sem er nokkur efnisbreyt. Hún er gerð til frekara öryggis. Þar er gert ráð fyrir, að skip eigi að þola vissan þunga úti í annarri hlið. Er þetta einkum til öryggis hvað farþegaskip snertir, þau verða að hafa vissan stöðugleika. Þetta er í fullu samræmi við það, sem krafizt er í erlendum hliðstæðum reglugerðum.

Við 37. gr. er nánast leiðrétting. Í gr. er talað um „daglegt“ eftirlit með smíði skipa. En það er ómögulegt að koma því við og hefði það því orðið aðeins pappírsgagn, þar sem menn hafa fleiri en eitt skip undir. Var því látið orðið „öruggt“ í staðinn. Varð n. sammála um, að það væri fullnægjandi. Þetta var a-liður brtt. B-liður er orðalagsbreyt., en ekki veruleg efnisbreyt. Sama er að segja um 8. brtt., hún er nánast leiðrétting.

Síðasta brtt., sem er við 51. gr., er efnisleg, en færð til ákveðins máls, sem n. kom sér saman um að gera.

Brtt. þessar eru, eins og ég hef bent á, yfirleitt ekki efnislegar, heldur leiðréttingar, sem n. taldi rétt að gera. Hins vegar er því ekki að neita, að uppi voru till. um að gera mjög miklar efnisbreyt., en meiri hl. n. gat ekki á það fallizt. Vænti ég því, að á okkar till. verði fallizt og ekki verði

raskað meira við frv. en nauðsynlegt er. Ég óttast, að ef gerðar verði verulegar breyt. á frv. frá því, sem meiri hl. n. leggur til, að gerðar verði, þá verði það til þess, að málið gangi ekki fram og um það verði togstreita. Ég tel það mjög miður farið, ef málið nær ekki lögfestingu á þinginu eftir þann mikla undirbúningstíma, sem það hefur fengið bæði hér í þinginu, en þó einkum utan þess. Það hefur fengið undirbúning sérfræðinga og umsögn allflestra samtaka þeirra manna, sem undir l. eiga að búa. Ég tel því nokkuð vel frá málinu gengið og vona, að Alþ. taki undir það með því að samþ. frv. eins og það liggur fyrir með þeim brtt., sem sjútvn. leggur til, að gerðar verði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst, áður en ég fer út í umr. um málið, vekja athygli á því, sem hv. frsm. sagði um, hversu lengi þetta mál hefði legið fyrir sjútvn., og tók hann þar til samanburðar umkvörtun, sem ég hafði gert varðandi annað mál. Þetta mál hefur að vísu verið í meðförum n. síðan 20. okt. En samanburðurinn milli þessara mála er ekki sambærilegur, þar sem annað málið er 3 gr. og þar af ein gr. um, að l. skuli öðlast gildi, en þetta mál er 75 gr. N. hefði því mátt halda málinu lengur, ef hún hefði miðað tímann við stærð málsins. Frsm. hefði því getað sparað sér þessa hnútu. Þetta mál hefur verið tekið fyrir í n. á 16 fundum og rætt ýtarlega. Það hefur verið svona lengi í meðförum hjá n. af því, að ekkert mál hefur fengið eins nákvæma meðferð og þetta, og er það skiljanlegt. Málið er annars vegar mjög viðkvæmt og ákaflega nauðsynlegt, að svo sé frá því gengið, að það hafi ekki aðeins samúð eins, heldur allra þeirra aðila, sem við það eiga að búa. Aðeins með því móti næst árangur með l., og vil ég í því sambandi vísa til bannlaganna. Ég vil brýna það fyrir öllum, að ég lagði fram brtt. í n. og sýndi með því samstarfsvilja minn. Ég afhenti þær frsm., án þess að ætlast til nokkurs annars en að ná samkomulagi. Þótti mér því ummæli hv. frsm. koma úr hörðustu átt. Hins vegar vil ég geta þess, að það er óþarfi fyrir frsm. að skírskota til þess, að það mætti engu breyta í þessu máli vegna þess, að þá væri hætta á, að það næði ekki fram að ganga. Honum er eins kunnugt um það og mér, að framgangur þessa máls er tryggður. Brtt. höfum við borið fram til þess að reyna að fá lagfærða þá agnúa, sem okkur finnst, að séu á frv. og gætu orðið til að skapa andúð á málinu, þegar það væri orðið að l. Og hv. frsm. er kunnugt um, að því var slegið föstu í n., að ef einhver brtt. kæmi fram, sem ekki allir nm. væru sammála um, þá yrði hún ekki tekin upp. Það er rangt hjá hv. frsm., er hann sagði, að meiri hl. hefði ekki getað fallizt á fleiri brtt. Sannleikurinn er sá, að margir gátu fallizt á mínar brtt., en öll n. gat ekki fallizt á, að þannig væri frá málinu gengið. Ég hygg, að hv. frsm. muni fylgja sumum af mínum brtt., sem ekki fékkst samkomulag um við aðra aðila í n. Það hefði verið eðlilegast, að ég hefði klofið n. og séð, hvaða menn fylgdu mínum brtt. En vegna þess, að ég vildi fá samkomulag í n., fór ég ekki þá leið. Ég veit ekki betur en meiri hl. n. fylgi þessum brtt., þótt ég sé einn um að bera þær fram. Hv. 1. þm. Reykv. mun vera samþykkur þeim, þótt hann sæi ekki ástæðu til að hafa nafn sitt undir þeim. Og ég hygg, að hv. 6. landsk. sé sömuleiðis fylgjandi mínum till. Ég mundi því hafa fengið fylgi meiri hl. n. með sumum þessara till., hefði n. verið klofin. Og þá hefði verið hægt að gefa út sérstakt nál. sem rök fyrir þessum till. Hefði þá ekki verið hætta á, að stólarnir hér væru tómir, þegar málið væri rætt, eins og oft vill verða, og er það hart með mál sem þetta, þar sem það er með stærstu málum, sem fyrir þinginu liggja. En þótt allar mínar brtt. verði felldar, þá hika ég ekki við að fylgja frv. Ég hygg, að sumar mínar till. skapi einmitt miklu meira öryggi, ef þær verða samþ., heldur en eins og frv. er nú. Og finnst mér það hart, að einmitt sjálfur frsm., sem vakir yfir því að gera öryggið sem mest, skuli ekki sjá sér fært að fylgja þeim till., sem skapa meira og betra öryggi.

Ég mun nú beint snúa mér að brtt. mínum á þskj. 502. Fyrst er það breyt. við 2. gr. Á eftir gr. komi ný gr., er verði 3. gr. og orðist sem þar segir. Ég vil í sambandi við þessa gr. taka fram, að á þinginu í fyrra var málið lagt fram af ríkisstj. sem 169. mál, þskj. 418. Var þá 4. gr. felld niður af Nd. Í bréfi frá skipaskoðunarstjóra dags. 22. nóv. 1946 segir hann, að hann óski eftir, að þetta verði aftur tekið upp í frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Nd. breytti nokkrum atriðum, felldi niður 3. og 4. gr. og breytti öðrum atriðum í því. Enda þótt þær breytingar, sem Nd. gerði á frv., séu ekki mikil skerðing á tilgangi l., þar sem hin væntanlega reglugerð fyllir upp það, sem á vantar, þá hefði ég samt talið æskilegt, að 4. gr. að efni til fyrirfyndist í l. M. a. af þessum ástæðum hef ég lagt til, að þessi gr. yrði tekin upp aftur í frv. Hins vegar vildi ég ekki, að 3. gr. yrði tekin upp í frv., vegna þess að nokkur ágreiningur var innan n. um, hvort yfirleitt það fyrirmæli gæti staðizt gagnvart öðrum þjóðum. En ég legg til, að þessi gr. verði samþ."

Þá er brtt. mín við 7. gr., um, að 2. málsl. 5. málsgr. falli niður. Þessi málsgr. er þannig, að við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands. Mér hefur fundizt þessi stéttarsjónarmið svo rík í sambandi við þetta mál, að þeirra hefði gætt meira en aðalkjarnans, öryggis fyrir sjálfar siglingarnar. Mér virtist, að hv. 6. landsk. vildi ekki fylgja þessu frv. af því, að það á að fella niður Alþýðusambandið, og tel ég ekki neitt brot, þótt slíkt verði látið falla niður úr frv. Um þetta segir skipaskoðunarstjóri:

„Enn fremur er viðbótin, sem sett er við síðustu málsgr. 7. gr., mjög óviðfelldin, þar sem þeim ráðherra eða ráðuneyti, sem fer með þessi mál, er ekki treyst til að semja reglugerð um verksvið skipaskoðunarstjóra, heldur þurfi ráðherra að spyrja Farmanna- og fiskimannasambandið, Alþýðusambandið og Fiskifélag Íslands, hvort hann megi nú hafa þetta svona eða svona."

Ég er alveg sammála skipaskoðunarstjóra um þetta. Ég tel, að það sé allt of mikið komið af því, að hin og önnur sambönd, hvort sem það nú er Alþýðusambandið eða önnur, eigi að ráða öllu og það svo, að ráðherra megi ekki gefa út reglugerð nema að byrja á að spyrja þessi sambönd. Hins vegar má segja, að það geri ekkert til, en óviðfelldið er það.

Þá er það um 9. gr., sem deila stendur milli mín

og frsm. í þessu máli. Þar hef ég lagt til, að í staðinn fyrir 5 eftirlitssvæði komi 4 eftirlitssvæði, og í b-lið, að á eftir orðinu „Breiðafjarðareyjar" komi: og Vestmannaeyjar, — en undir c-lið, að tölul. 5 falli niður, sem er afleiðing af því, ef b-liður verður samþykktur. Þetta frv. er þannig uppbyggt frá hendi mþn., að hugsað er að skipta landinu í eftirlitssvæði, þannig:

1. eftirlitssvæði:
   Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði:
   Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði:
   Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.
4. eftirlitssvæði:
   Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði:
   Vestmannaeyjar.

Það er hugsað, að einn eftirlitsmaður sé á hverju þessu svæði, sem eiginlega sé yfir skoðunarmönnunum. Það er ekki hugsað þannig, að þessi eftirlitsmaður eigi að hafa vit á málunum. Um þetta stendur deilan milli mín og frsm. Ég vil færa þetta í það horf, að í stað eftirlitsmanns komi eftirlitsmenn. Menn, sem hafa meira vit á málunum en mennirnir, sem þeir eiga að líta eftir, og tel ég það til meira öryggis. Ég lít svo á, að fallist frsm. ekki á það, sé ekki verið að tryggja öryggið. Það sé verið að tryggja eitthvað annað, því að það er ekki hægt að koma því í samband við nokkra heilbrigða hugsun, að það sé minna öryggi, að maðurinn hafi vit á málunum.

Ég hef ekki talið það þörf að hafa Vestmannaeyjar sérstakt eftirlitssvæði, og hef því lagt til, að þetta svæði verði lagt undir Reykjavíkursvæðið.

4. brtt. er við 10. gr. Ég legg til, að gr. orðist eins og þar stendur, að skipaskoðunarstjóri skipi yfirskoðunarmann á hvert eftirlitssvæði. Ætlazt er til, að í stað eftirlitsmanna komi yfirskoðunarmenn, sem hafi fullkomið vit á þessum málum, en að ekki séu hafðir við þessa skoðun menn, sem ekkert vit hafa á málunum og skoðunarmenn geta rekið á stampinn um þau atriði, sem rætt er um í þessum málum. Annist hann framkvæmd skipaeftirlitsins undir stjórn skipaskoðunarstjóra, og á hann að geta annazt allt eftirlit á sínu svæði, sem þarf á hverjum stað. Tel ég, að þessi maður eigi að ferðast um, upplýsa skoðunarmennina, flytja fyrir þeim erindi og koma á skipulagi meira en sá getur gert, sem ekkert kann til þessa og hefur ekki þekkingu á málunum. Ég hef lagt til, að fulltrúar skipaðir samkv. 8. gr. annist framkvæmdir eftirlitsins á 1. eftirlitssvæði.

Það er í samræmi við það, sem ég talaði um í sambandi við 9. gr., að ég tel, að með því að skapa yfirskoðunarmanni á þessu svæði nægilegt starfssvið, sé hægt að skapa meira öryggi en á þann hátt, sem ákveðið er í frv. Þá hef ég lagt til að yfirskoðunarmenn skuli fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa nægilega reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að vera yfirskoðunarmenn að dómi skipaskoðunarstjóra. Til þess að vera eftirlitsmenn með skipum segir að vísu samkv. frv., að menn skuli vera svo heilir og hraustir, að þeir geti rækt starfann, en ekki, að þeir hafi þá þekkingu, sem nauðsynleg er fyrir öryggi skipa. Um þetta hafa átökin verið og ekkert annað, og hvorki ég né sumir meðnm. mínir höfum getað fallizt á þau rök, sem frsm. hefur haft í þessu máli, og vil ég segja, að þetta hefði verið nægilegt til þess að kljúfa n., þó að það hafi ekki verið gert.

Við 12. gr. eru eingöngu leiðréttingar, og verða þær brtt. teknar aftur, ef brtt. við 9. gr. verða ekki samþ. Sama er um b-lið, um, að V. liður falli niður. Það er einnig afleiðing af því, sem á undan er komið.

6. brtt. er við 13. gr., að í stað 1. og 2. máls. 1. mgr. komi einn málsl., er orðist svo: „Skipaskoðunarstjóri skipar skoðunarmenn yfirskoðunarmönnum til aðstoðar, eftir því sem þörf er á." Þetta er einnig afleiðing af þeim breyt., sem ég hef gert ráð fyrir á frv. Ég tel, að skipaskoðunarstjóri eigi að skipa skoðunarmenn. Það er einnig ætlazt til þess í frv. eins og það nú er, en þó á hann að gera það að fengnum till. eftirlitsmanns, sem ekki hefur þekkingu á þessu, og að fengnum till. sjómannasamtakanna á hverjum stað, og kemur þar aftur fram þetta ótvíræða stéttarsjónarmið. Ég hef ekkert á móti því, en vil benda á, að fleiri eiga hagsmuna að gæta en sjómennirnir einir. Það mætti kannske alveg eins segja, að þeir ættu að fara eftir till. vátryggingarfélaganna eða útgerðarmanna.

Þá hef ég lagt til, að í stað orðsins „eftirlitsmaður" í 2. mgr. komi skipaskoðunarstjóri, sem er leiðrétting, ef till. mín verður samþ., og er 7. brtt. sama eðlis.

8. brtt. er við 16. gr. Þar hef ég lagt til, að 2. málsl. 7. mgr. orðist svo:

„Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra skipaskoðunarstjóra frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til þess að stöðva skipið, sé það í förum."

Mér finnst þetta eðlileg afleiðing af því, að ef ekki er bætt úr, sé það skipaskoðunarstjóri, sem ákveður, hvort stöðva skuli skipið eða það skuli halda áfram. Ég skal nefna ákveðið dæmi. Það er venja, að ef skip verður fyrir tjóni og skipið er skoðað af skipaskoðunarstjóra, að tjónið skuli bætt innan ákveðins tíma. Ef áætlað er, að tjónið aukist ekki, er það venja að gefa tækifæri til þess að geyma slíka viðgerð. Þetta er því aðeins, að áætlað sé, að tjónið aukist ekki, en annars er skipinu aldrei sleppt út. Nú er það svo skv. frv., að eftirlitsmaður getur ákveðið, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttir til saka. Ég tel ekki, að þessi gr. skapi mikla samúð með l., en því legg ég mikið upp úr. Ef hægt er að ná því sama með því að orða gr. þannig, að hún sé ekki hnefahögg framan í viðkomandi aðila, tel ég nauðsynlegt, að það sé gert, til þess að menn fáist til að sýna málinu samúð. Eins og ég legg til, að gr. sé orðuð, skapar hún fullt öryggi. Skipi er ekki leyft að fara, nema það sé skoðað. Það er veittur frestur, ef ekki er hætta á ferðum, en sé hætta á ferðum, skal skipið stöðvað. Það er ekki nema eðlileg afleiðing af því, að sé skipið ekki haffært, þá skuli það stöðvað. En það bætir ekki úr með skipið, þótt farið sé að höfða málaferli, sem geta staðið vikum og mánuðum saman. Ég vænti, að þessi till. verði samþykkt.

Þá hef ég lagt til, að 8. mgr. 16. gr. falli niður. Ef fresturinn er útrunninn og skipið verður ekki skoðað, kemur það af sjálfu sér, að gerðar verða nauðsynlegar ráðstafanir, hvar sem skipið kemur í höfn, og þar af leiðandi er gr. óþörf. Það er einnig ósamræmi, að eftirlitsmaður skuli gera ákvarðanir í einu tilfellinu, en skipaskoðunarmaður í öðru.

9. brtt. mín er við 23. gr., um, að stafliður c falli niður. Um þetta atriði hefur alveg sérstaklega orðið töluverð deila og mest út af því, að nm. hafa ekki skilið, hvað væri aðalskoðun og hvað klassaskoðun, og sjálfur skipaskoðunarstjóri og formaður mþn. hafa ekki getað komið sér saman um, hvað væri aðalskoðun og hvað klassaskoðun. Form. mþn. telur aðalskoðun og klassaskoðun vera sitt hvað, en hins vegar fullyrðir skipaskoðunarstjóri sjálfur, að aðalskoðun og klassaskoðun sé það sama. 24. gr. staðfestir þetta einnig, því að þar er tekið fram, hvað skuli skoða við aðalskoðun, og þeir, sem þekkja inn í þessi mál, vita, að þetta eru nákvæmlega sömu atriðin og eru skoðuð við klassaskoðun. Þess vegna hef ég lagt til, að c-liðurinn falli niður, en þar segir svo: „Á öllum farþegaskipum, öllum stálskipum eldri en 12 ára og tréskipum eldri en 16 ára einu sinni á ári.“ Það er sama sem að hvert af þessum skipum verður að leggja undir aðalskoðun, sem önnur flokkunarfélög, eins og landslög heimta, gera fjórða hvert ár. Þetta tel ég, að sé ekki rétt, og tel veilu að hafa það í l., því að það er alltaf reynslan, að menn skjóta sér undan slíku. Það sé sterkara að ákveða, hvenær aðalskoðun eigi fram að fara. Ef þetta ákvæði verður svona, endar það með því, að engin skip verða skoðuð annað hvert ár, ef þau eru ekki í flokkunarfélagi. Ég vil því vænta þess, að þessi till. verði samþ. Ég vil geta þess, að síðan n. hætti störfum, mun hafa verið rætt, hvaða skilningur skyldi lagður í aðalskoðun og klassaskoðun. Það getur því verið, að ég taki þessa till. aftur til 3. umr., sé von á endurbótum, en verði það ekki, mun ég óska þess, að hún komi til atkv.

10. brtt. mín, við 25. gr., er aðeins leiðréttingar, sem koma til greina, ef 9. brtt. mín verður samþ. — 11. brtt. við 26. gr. er einnig afleiðing af því, ef brtt. verður samþ., og sé ég ekki ástæðu til að ræða um það.

12. brtt. stendur í beinu sambandi við það, sem ég hef lýst. 27. gr. tekur upp, hvað eigi að framkvæma við aukaskoðun, en þar er bætt inn í, að þeir skoði skrúfuöxla, svo að enginn ágreiningur verði um það atriði.

13. brtt. er við 28. gr. Þar hef ég lagt til, að við b-lið gr. bætist: „nema kæran hafi reynzt ástæðulaus og bakað útgerðarmanni tjón. Skal þá eftirlitið gefa upp þann aðila, sem kært hefur, nema það óski heldur að greiða bæturnar.“ En b-liður gr. kvað svo á: „Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, meiri hluti skipshafnar, vélstjóri eða stjórn stéttarfélags eða félag sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn eftirlitsins eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur.“ Ég vil, að þeir séu leystir frá þessu þagnarheiti, ef kæran hefur reynzt ástæðulaus og bakað útgerðarmanni tjón, því að það er vitanlegt, að ef þetta er ekki sett inn í, verður lítið gagn að skaðabótakröfu og hún kemur engum að gagni. Sé kært að ástæðulausu, er ekki hægt að halda þessu leyndu, þá verða menn að gefa þetta upp, nema ríkið vilji taka á sig að mæta þessu fyrir þann aðila, sem hér á hlut að máli. Frsm. hefur mælt á móti þessu og talið, að það yrði til þess, að menn þyrðu ekki að koma fram með kröfur. Ég sé ekki, hvernig menn ættu ekki að þora að koma fram með réttmætar kröfur eftir sem áður. Ég vænti því, að einnig þessi gr. verði samþykkt.

14. brtt. mín er við 37. gr. D. a. Við 1. mgr. bætist: „enda séu þau eigi eldri en 12 ára.“ Ég vil, að það sé strax ákveðið, að ekki megi flytja inn í landið skip, sem séu eldri en 12 ára gömul, og síðan, að ef alveg sérstaklega stendur á, megi þó veita undanþágu, ef skipaskoðunarstjóri mælir með því og telur að fengnum upplýsingum, að skipið sé nægilega traust. Legg ég því sérstaklega til, að 2. og 4. mgr. falli niður. En það er þannig, að setja verður reglur um skoðun skipa, sem keypt eru frá útlöndum. Ég vil segja það, að ef þetta frv. nær samþykki með 37. gr. óbreyttri, þá tel ég, að það sé engan veginn hægt að kaupa gömul skip frá útlöndum og þá sé miklu hreinlegra að setja inn í gr., að það megi engin skip kaupa gömul. Það er ekki hægt að ætlast til, að hægt sé að framkvæma þann undirbúning, sem ætlazt er til hér. Hins vegar er ekkert athugavert við að taka þær hreinu línur strax að kaupa ekki gömul skip frá útlöndum. Ég er ekkert á móti því. En sá tvískinnungsháttur, sem hér er hafður á, er ekki viðunandi, þegar fyrst á að útnefna skoðunarmenn, og síðan er ekkert gert með það, sem þeir segja. Það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, er alveg óviðunandi og ég vil segja óframkvæmanlegt. Annars vildi ég benda á, að t. d. gufuskipið Edda var keypt frá útlöndum meir en 12 ára gamalt, og líklega hefði mörgum brugðið, sem notið hefur þjónustu þess, ef það hefði ekki verið, en það er nú eitt af traustustu skipum Eimskipafélags Íslands. En sem sagt, þá hef ég ekkert á móti því, að sú stefna verði upp tekin að kaupa ekki gömul skip frá útlöndum.

Við 38. gr. hef ég lagt til, að 2. málsgr. falli niður, og er það aðeins afleiðing af því, sem ég hef áður lýst, og það sama er með b-liðinn.

Þá eru breyt. við 51. gr., og er það langveigamesta atriðið að sameina véla- og verksmiðjueftirlitið skipaeftirlitinu, en n. hefur enn ekki viljað taka efnislega afstöðu til þessa. Þegar l. um eftirlit með vélum og verkstæðum voru sett, var stjórn þeirra mála falin manni með tekniska kunnáttu. Mér er ekki kunnugt um, að nokkur skoðunarmaður hafi verið ráðinn nema með tæknilegri þekkingu. Ef eftirlitið verður sameinað, þá nýtur það miklu betri starfskrafta. Nú eru lögreglustjórar látnir innheimta skoðunargjöldin, og líða vikur, mánuðir og jafnvel ár án þess að nokkur skoðunarmaður láti sjá sig á sumum stöðum, en alltaf koma samt kröfur um greiðslu skoðanagjaldanna. Lögin, sem nú gilda í þessum efnum, eru ef til vill ekki svo slæm í sjálfu sér, en framkvæmdin hefur verið óþolandi. Þeim manni, sem á að hafa yfirstjórn þessara mála með hendi, hefur verið falið að gegna ýmsum öðrum mikilvægum störfum í þágu hins opinbera og einstaklinga. Það er því ástæða til gerbreytingar á þessu sviði, og því legg ég til að fella véla- og verksmiðjueftir-

litið undir skipaeftirlitið. Maður, sem hefur þekkingu til að dæma um vél í skipi, getur alveg eins dæmt um sams konar vél, þótt hún sé í verksmiðju uppi á landi. Og ef maður hefur þekkingu á að dæma um aðbúnað í vinnustöðvum á landi, þá getur hann alveg eins dæmt um aðbúnað á skipum, og svona mætti lengi telja. Ég þykist mæla hér af nokkurri reynslu, því að ég hugsa, að fáir hafi betur kynnzt þessum málum en ég hef gert undanfarin 25 ár. Og hingað til hefur enginn maður verið kvaddur til að skoða vélar og hafa eftirlit með þeim, sem ekki alveg eins hefur getað haft á hendi skoðun og eftirlit skipa. — Kostnaðarhlið þessara mála er mér aukaatriði. Aðalatriðið er, að eftirlitið verði sem bezt og komist allt undir eina stjórn. En það háðungarfyrirkomulag, sem undanfarið hefur verið, má ekki haldast, þar sem yfirmaður þessara mála hefur tekið að sér allt önnur störf.

Í 17. brtt., sem er við 52. gr., eru ákvæði um skoðanagjöld. Í frv. er lagt til að lögbinda gjöldin, en ég tel, að þetta eigi að vera reglugerðaratriði og allt of þunglamalegt að setja það í lögin. Annað atriðið er svo það að miða gjöldin við það, að stofnunin beri sig. Annars get ég vel fallið frá því atriði, því að kostnaðarhliðin er mér ekki aðalatriðið, heldur öryggið. En ég legg áherzlu á, að gjöldin séu ákveðin með reglugerð. Ég tel, að rétt sé að upplýsa, að það er algild regla t. d. hjá Lloyds, að gjöldin beri uppi kostnað við skoðunina. Það er ekkert atriði fyrir útgerð að greiða hæfileg gjöld fyrir leiðbeiningar og öryggi. Þess vegna hygg ég, að útgerðarmenn mundu ekki kvarta yfir hækkun á skoðanagjöldum gegn því að fá aukið öryggi.

Þá hef ég lagt til í 18. brtt. minni, að gjöld skv. 52. gr. greiði eigendur skipa eða iðjuvers, eftir því, sem við á, og renni þau í ríkissjóð, sbr. þó 55. gr. Gjöldin skulu innheimt af skoðunarmönnum og greiðast gegn afhendingu skírteina. Meginbreyt. felst í því, að ég legg til, að gjöldin séu innheimt af skoðunarmönnum. Það er byggt á reynslu undanfarandi ára, þar sem það hefur sýnt sig, að skoðun getur hæglega fallið niður, þegar aðrir en skoðunarmenn innheimta gjöldin. — Þá er ákveðið, að skip geti ekki lagt úr höfn, nema skírteini sé fyrir höndum. Skoðunarmönnum er ætlaður ákveðinn hluti gjaldanna, en hinir föstu yfirskoðunarmenn séu launaðir af ríkinu. Það er eins og nú tíðkast með matsmenn og hefur gefizt vel.

21. brtt. er um, að 70. gr. falli niður. Ég hygg, að þar sé um að ræða nokkurt nýmæli í lögum, og gæti það valdið óþægindum. — 22. og 23. brtt. eru um, hvaða lög skuli falla úr gildi. — 24. brtt. gerir ráð fyrir nýrri gr. um að núverandi starfsmönnum véla- og verksmiðjueftirlitsins sé gefinn kostur á að starfa við skipaeftirlitið. — 25. og 26. brtt. eru svo um greina- og kaflatölu og fyrirsögn frumvarpsins.

Að lokum vænti ég þess, að brtt. mínar verði samþ., því að þær miða allar að því að skapa meira öryggi en hingað til hefur átt sér stað í þessum málum í heild.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Ed., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég hafði kvatt mér hljóðs í gær áður en fundi var slitið, en þar sem umr. var frestað áður en að mér kæmi, þykir mér hlýða að athuga nokkuð brtt., sem fram hafa komið frá hv. þm. Barð. Ég skal þó ekki fara að flytja hér langt mál, því að bæði er, að ég tel það ekki hafa mikla þýðingu, og svo er ég nú mjög illa til ræðuhalda fallinn, sökum þess hversu kvefaður ég er.

Þm. Barð. hélt því fram, að meiri hl. mundi vera fyrir þeim till., sem hann flytur, í nefndinni. Þetta held ég, að sé ekki rétt, þó að sumir nm. geti ef til vill fylgt einhverjum af till. hans. Hins vegar eru till. meiri hl. n. bein afleiðing af brtt. Nd., þó að ég viðurkenni hins vegar, að sumar þær till. mættu breytast.

Það, sem mér virtist vera aðalágreiningurinn um, var sú efnisbreyt., sem fjallar um eftirlitsmennina og þá aðallega, hvort hafa skyldi sérstakan eftirlitsmann í Vestmannaeyjum. Það eru til l. um eftirlitsmenn skipa frá 1938 eða 1939, sem komu að vísu ekki til framkvæmda fyrr en 1942, þegar því máli var þá hreyft af Vilhjálmi Þór. En þessir eftirlitsmenn starfa ekki eins ýtarlega og frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir. Það er ætlazt til, að eftirlitið verði fullkomið starf, svo að eftirlitsmennirnir geti ferðazt um, farið um borð og fylgzt nákvæmlega með öllum útbúnaði, sem lög mæla fyrir. Þessi háttur hefur þótt réttur, til þess að fyrirbyggja trassaskap í útbúnaði skipa. Ég skal taka fram, hvaða útbúnaður það er, sem þessum mönnum er skylt að líta eftir. Það er t. d., að öll lögboðin björgunartæki séu um borð og jafnframt að þau séu í góðu lagi. Þá skulu þeir og fylgjast með, að skip séu ekki ofhlaðin. Hins vegar er þessum mönnum ekki ætlað að framkvæma sjálft skipaskoðunarstarfið, til þess þarf sérfræðinga, þó að í einstökum tilfellum gæti það farið saman. Annars þurfa yfirskoðunarmennirnir að hafa góða þekkingu á byggingu skipa. Þá þarf og góða vélaþekkingu, hvort sem það yrði sami maðurinn, sem um þær dæmdi, eða sérstakur vélfræðingur dæmdi um vélarnar.

Skoðunin gildir fyrir eitt ár, nema aukaskoðun þurfi að gera, og það er algerlega á misskilningi byggt, ef einhver heldur, að það muni verða hægt að komast hjá þessari árlegu skoðun. Öll skip, sem eru yfir 12 smálestir, er skylt að skrásetja, en til þess að sú skrásetning geti átt sér stað, verður skoðunarvottorðið að vera í lagi. Það hefur hvað eftir annað komið fram sú skoðun hjá þm. Barð., að eftirlitsmennirnir þyrftu fyrst og fremst að vera vélamenn. Það er að sjálfsögðu gott, að þessir menn hafi vit á vélum, en hins vegar tel ég, að fyrsta skilyrðið sé, að mennirnir séu vanir og reyndir sjómenn. Það er almennt lagt svo mikið upp úr, að vélin sé í góðu lagi þegar lagt er úr höfn, að ég tel minnsta hættu í því atriði, og þess vegna ekki meiri ástæðu til þess að hafa eftirlitsmanninn véllærðan en reyndan sjómann. Um það atriði, hvort hafa skuli eftirlitsmann í Eyjum, erum við á öndverðum meið. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt, að þar sé sérstakur eftirlitsmaður, vegna þess að þar er mikið útræði og nauðsyn á daglegu eftirliti, og því engin von, að maður, sem væri búsettur hér, gæti annazt þar eftirlit, svo að nokkur mynd væri á. Auk þess eru Eyjarnar sérstakar um svo margt, t. d. eru

þær læknishérað út af fyrir sig, þar er og sérstakt bæjarfélag og því alls ekki óeðlilegt, að þær væru eftirlitsumdæmi út af fyrir sig. Ég skal játa það, að þessi brtt. á fullan rétt á sér. Og ég veit ekki, hvers vegna þessari gr. hefur verið kippt út úr frv. Hins vegar vil ég enga áherzlu leggja á að knýja slíka breyt. inn í frv. nú, ef Nd. hefði það sem átyllu til að breyta frv. Ég vil ekki láta þetta frv. fá sömu meðferð og þau frv., sem eru að veltast á milli n. Það er svo mikil togstreita á milli n. í þinginu, að engin getur fallizt á það, sem önnur gerir. Slíkt vil ég ekki að endurtaki sig með þetta frv.

Varðandi brtt. þær, sem hv. þm. talaði um, að ég hefði getað fylgt, þá kemur það fram við atkvgr., hverjar þær eru. Ég viðurkenni, að það eru hér brtt., einkum þær, er hann vitnaði til og komu fram í Nd., sem ég tel, að gæti komið til mála að breyta. En um það varð ekki samkomulag í n. En þar sem ég veit, að ef til vill eru menn hér, sem fylgja frv. nú, tel ég rétt að láta þær standa. Ég vil ekki, að menn fari að snúast gegn frv. vegna þeirra hluta. Mun ég því fara hægt í sakirnar með breyt., þótt ég geti fallizt á breytt orðalag í þessu efni.

Ég get ekki farið nákvæmlega út í allar þær brtt., sem hér liggja fyrir. Ég mun aðallega tala um þær, sem marka mestan ágreining. Ég hef rætt um eftirlitsmennina frá mínu og annarra sjónarmiði í n., enda sagði hv. þm. það réttilega, að deilur hefðu staðið innan n. um skilning og framkvæmd á þessum eftirlitsmönnum. Annað atriði, sem mér skildist hann leggja mikið upp úr, var um aðalskoðun og aukaskoðun, hvernig eigi að skilja það. Sú breyt. er við 23. gr. Ég hef síðan í gær borið mig saman við skipaskoðunarstjóra og spurt hann, hvort hann telji, að mikil nauðsyn sé að breyta orðalaginu frá því, sem nú er í frv., frá einni aðalskoðun og aukaskoðun og að því, er mér skilst hv. þm. Barð. vilji láta það heyra undir, almenna prófskoðun (aðalskoðun). Skipaskoðunarstjóri tjáði mér, að hann teldi langbezt að breyta engu um orðalag í þessu efni. Það mundi ef til vill valda nokkrum misskilningi og ágreiningi annars staðar í l., ef farið væri að breyta um þetta orðalag. Ég hef alltaf álitið aðalskoðunina sem millistig milli þeirrar skoðunar, er fram fer 4. hvert ár, og annarra aukaskoðana, sem að sjálfsögðu eru minni háttar en aðalskoðunin. Nú er gert ráð fyrir í alþjóðal., að farþegaskip skuli hljóta aðalskoðun árlega. Ein af þeim breyt., sem gerð er á l., er, að þau skip, sem eru úr stáli og orðin eru 12 ára gömul, skuli ganga undir árlega aðalskoðun og skip, sem eru 16 ára og eru úr tré, skuli koma árlega til aðalskoðunar. Þetta er byggt á þeim skilningi, að skip, sem eru komin á þennan aldur, væru komin á það hættulegt stig, að með þeim þyrfti nákvæmara eftirlit en með skipum, er væru fyrir neðan þann aldur. Og þess vegna bæri að viðhafa sama hátt um skoðun þeirra og um farþegaskip nú. Þessi árlega skoðun á farþegaskipunum er byggð á því, að fyllsta öryggis sé gætt um sjóhæfni þessara skipa vegna þeirra farþega, er með þeim flytjast. En mþn. sagði, að ef það er nauðsyn að hafa almenna aðalskoðun vegna farþeganna, þá væri engu síður nauðsyn að viðhafa slíka skoðun á þessum skipum, er ég nefndi, þótt þau væru fiskiskip eða flutningaskip. Mannslífin á þeim skipum eru jafnverðmikil og mannslíf flutningaskipanna og því ber að viðhafa sama hátt um fullt öryggi á þessum skipum. Önnur efnisbreyt. er eiginlega ekki frá því, sem nú er í l. En mér virðist hér um mjög mikinn skoðanamun að ræða, þar sem hv. þm. Barð. virðist vilja fella niður þessa árlegu skoðun á skipum, sem eru komin yfir 12 og 16 ára aldur. Hins vegar er það, að flest þessara skipa eru í svokölluðum flokkunarfélögum erlendis, t. d. togarar og önnur skip, og þeim fer fækkandi, sem ekki eru það. En það gilda ákveðnar reglur um skoðun þeirra skipa. Ég get því ekki séð, að hér sé nein hætta á ferðum eða að verið sé að búa til óþarfa kostnað, eins og mér skildist á hv. þm. Barð., þótt þessi skoðun fari fram árlega. Ég get ekki fallizt á að breyta þessari gr.

Annað ágreiningsatriðið er varðandi 28. gr. Það er varðandi rétt manna til að kæra ýmislegt, sem þeir telja athugavert við skipin. Það eru ákvæði um, að vissir starfshópar geti kært til réttra hlutaðeigenda, t. d. ef þeim þykir athugavert við hleðslu skipa. En í gr. er gert ráð fyrir, að því skuli vera haldið leyndu, hver kæri. Þetta ákvæði er til í l. eins og þau eru nú. Ég skal skýra frá, hvernig þetta er komið inn í l. Það hefur verið svo undanfarin ár, að ef menn kærðu ýmislegt, sem áfátt var um útbúnað skipa eða þess háttar, þá fullyrði ég, að það gat valdið stöðumissi hjá þeim, er það gerði. Það eru dæmi fyrir hendi, er sanna, að þetta var gert. Og það má gera ráð fyrir því, að það, sem hefur átt sér stað, geti aftur komið fyrir. Það er nauðsynlegt, að menn hiki ekki við að kæra til skipaeftirlitsins, ef þeim finnst einhverju áfátt, því að ef kæran er ekki á rökum byggð, þá skeður ekki neitt. Það er þá eins og hvert annað fleipur, sem hefur verið haft í frammi. Hins vegar hef ég orðið var við svo að tugum og hundruðum skiptir, að menn hafi sumir símleiðis, en aðrir hvíslað að mér, að svona væri þetta og svona hitt, er varhugavert mætti telja. Ég hef verið ófeiminn að láta þetta uppi, því að ég á enga stöðu um borð í skipi. Þegar ég hef hreyft aths., þá hefur þetta haft við mismunandi mikil rök að styðjast, en í flestum tilfellum einhver. Það er því full nauðsyn að halda leyndum nöfnum þeirra manna, sem kæra yfir því, er þeir telja misfellur í þessu efni. Mér skildist, að hv. þm. breiddi sig mjög út yfir þetta og teldi það mikla óhæfu, ef sá maður, er kærði, hefði ekki rök fyrir sinni kæru og yrði dreginn fyrir lög og dóm. Ég vil minna menn á, að í siglingal. er ákvæði um, að ef skipshöfn leyfir sér að gera kröfu til, að skip verði skoðað, og ef þeir, sem í landi eru og framkvæma skoðunina, telja það sjófært og kæruna ómaklega fram komna, þá gildir það skipshöfnina allt að því fangelsun fyrir að hafa leyft sér slíkt. Ég tel, að þessu þurfi sannarlega að breyta, og tel þetta ekki í samræmi við nútímakröfur, er menn vilja búa við.

Ég mun hlaupa yfir ýmsar brtt., er hv. þm. var að ræða um. Það mun taka of langan tíma að fara út í hvert einasta atriði. En hv. þm. hefur komið með þessar brtt. af því, að n. gat ekki orðið honum samferða og tekið þær upp. Ég skal játa, að 16. brtt. er stór efnisbreyt., sem ég kemst ekki hjá að minnast á. Hún er um eftirlit með vélum og verksmiðjum. Það er meiningin með brtt. að koma því undir skipaeftirlitið. Í fljótu bragði mundi

einstaka manni virðast svo sem þetta gæti farið saman. En ég álít og tel, að það sé skoðun þeirra, sem til þessara mála þekkja, að hér sé í mörgum tilfellum um óskyld verkefni að ræða. Hv. þm. vitnaði í, að ef skoðuð væri vél í skipi og vél á landi, þá væri ekki um neinn stigmun að ræða. Það fer nokkuð eftir því, hvað vélin er stór og henni ætlað að inna af hendi. En það má vel vera, að þetta geti farið saman að ýmsu leyti. Hins vegar vil ég minna á, að skipaeftirlitið verður að skoða meira en vélar einar. Nú er rétt að geta þess, að þegar l. um eftirlit með skipum og vélum voru sett 1929, má segja, að við værum aðeins að byrja að nota vélar. Þá var þó talið nauðsynlegt að setja hér á stofn eftirlit með öllum vélum, sem þá voru komnar í gang. Síðan 1929 hefur þróunin í þessum efnum orðið hér afar ör. Vélanotkun í landinu hefur aukizt geysilega mikið. Hver verksmiðjan af annarri hefur risið upp með margs konar vélum. Rafmagn er komið út um landsbyggðina og allt stefnir þetta til enn þá meiri þróunar í þessum efnum. Við erum að stefna inn í nýja vélaöld á einu og öðru sviði. Hér er því ekki um neitt smáræðis verk að ræða fyrir þá, er eiga að hafa eftirlit með verksmiðjum og vélum með höndum. Í öðru lagi stefnir að því, og ég álít, að sú krafa eigi fullan rétt á sér, að endurskoðuð verði löggjöfin um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Og meðan sú endurskoðun hefur ekki farið fram, þá tel ég það ekki tímabært að vera að tala um að leggja vélaeftirlitið undir skipaeftirlitið. Hv. þm. færði sem rök fyrir þessu, að nú væri einn og hálfur maður við þetta. L. mæla fyrir, að eftirlitið skuli ekki haft á hendi af vélfræðingi, heldur af vélstjóra af fyrsta flokki, af manni, sem hefur fyllstu próf og þekkir að öllu leyti til meðferðar á vélum. Það getur enginn komizt í það starf, nema hann hafi staðizt öll þau próf, sem skipa honum í röð fyrsta flokks vélstjóra. Hitt er svo aftur rétt, að vélaeftirlitið hefur ekki verið rækt eins vel og vera ætti. Sá maður, sem það hefur haft á hendi og ég ber ekki brigður á, að hafi þekkingu á sínu starfi, hefur verið kallaður til annarra starfa. Ég er sammála hv. þm. um, að slíkt á að hverfa úr sögunni. Starfið er nóg, þótt hann hafi annan mann sér við hlið. Það má ekki kalla þennan mann til annarra verkefna, þar sem líf fjölda manna er undir því komið, að allt sé í lagi. Þetta er út af fyrir sig nægileg ástæða til þess, að ég tel ekki rétt að kúpla þessu tvennu saman. Það skiptir kannske ekki máli, en þó vil ég geta þess, að á Norðurlöndum eða í Bretlandi þekkist ekki annað en að aðskilja þessi tvö eftirlit. Menn segja, að ekki sé að miða við það, þar sem þessar þjóðir séu svo mörgum sinnum fjölmennari. En því er til að svara, að eftir því sem þeir eru fjölmennari, þá hafa þeir þeim mun fleiri menn í eftirlitinu. Ég mun leggja eindregið gegn því, að inn í skipaeftirlitið sé tekið vélaeftirlit landsins. Hvað síðar verður gert í því efni, er of snemmt að segja um nú. Ég tel, að endurskoðun l. eigi að fara fram. Og þeir, sem að þeirri endurskoðun standa, eiga að dæma um, hvort rétt sé að sameina þetta tvennt, eins og hv. þm. Barð. leggur til. — Þetta læt ég nægja í bili sem röksemd hvað þetta snertir, en mikill hluti brtt. hv. þm. snýst um þetta atriði.

Þá er það eitt atriði enn, sem hv. þm. gerði mikið veður út af. Það er um, hvort þau gjöld, sem tekin eru af skipum fyrir skoðun, skuli vera ákveðin í l. eða með reglugerð. Eins og l. eru nú, þá er þetta ákveðið með reglugerð. Mþn. taldi það rétt að hafa þetta bundið í l. Nú situr ekki á mér að gerast talsmaður skipseigenda í þessu efni. En það er ekki óverulegt atriði, hvort skipseigendur eru háðir duttlungum hvers einasta ráðh., sem með þessi mál fer, hvaða gjöld ber að greiða til þessara hluta. Hins vegar veit viðkomandi maður, hver þessi gjöld eru, ef þau eru bundin með l. Hins vegar má vel vera, að ástæða verði til að hækka eða lækka þessi gjöld. Þá er ekki um annað að gera — og virðist það mjög einfalt ráð — en að hækka eða lækka þetta ákvæði l. t. d. um 10%, eftir því sem hentugast sýnist. Þetta hefur Alþ. alltaf á valdi sínu. Það, sem virtist höfuðatriðið hjá hv. þm. Barð., var, að skoðunargjaldið greiddi alltaf kostnaðinn við sjálfa skoðunina. Sú skoðun var ríkjandi innan mþn., að jafnvel þótt þetta mark næðist ekki, þ. e. a. s., að skoðunargjöldin yrðu ekki svo há, að þau hrykkju til að standa undir þessum kostnaði, þá hefði ríkið skyldur til að taka á sig að halda uppi skrifstofu og þess háttar. Hins vegar mundu skipaskoðunargjöldin geta borið uppi það, sem í l. er gert ráð fyrir að heiti skoðun. Nú er það svo, að þeir skoðunarmenn, sem inna þetta verk af hendi, fá vissan hluta af skoðunargjöldunum fyrir hvert skip. En þetta er ekki réttlátt, þar sem skoðunargjöldin fara eftir stærð skipa. Sumir geta því haft margfalt hærri tekjur en aðrir. Þess vegna taldi mþn. rétt, að ríkið innheimti öll gjöld og síðan væri hverjum manni greitt samkv. reglugerð. Var talið, að gjöldin mundu a. m. k. bera uppi hina almennu skipaskoðun. Hér í Reykjavíkurumdæminu er hægt að koma þessu saman í eitt. Þeir menn, sem væru á launum í sambandi við skrifstofuna, gætu haft skoðunina á hendi. Mér skildist á hv. þm., að hann vildi algerlega fella úr frv., að ríkið greiddi þessum mönnum laun, en þeir hefðu tekjur sínar á sama hátt og áður, hver fengi eitthvað ákveðið fyrir hvert skip. En það mundi valda misræmi í skoðunargjöldum til hinna einstöku manna. Og annað hitt, að það er rétt, að það kom fram á undanförnum árum, að uppi hafa verið háværar kröfur um, að sjómannastéttin í heild þurfi ekki að vera að skríða á eftir þeim, sem skipin eiga, eftir greiðslu fyrir skoðun, heldur fengju þeir hana greidda af viðkomandi valdsmanni á staðnum og hann innheimti gjöldin. Ég legg mikið upp úr réttara formi við greiðsluna, en tel og þetta fyrirkomulag í samræmi við það, sem okkur í mþn. var tjáð, að ætti sér stað um öll Norðurlönd. Hv. þm. vitnaði hér í fyrirkomulagið við fiskimat og slíkt. Ég held, að það sé að mestu úrelt, hygg, að þeir, sem hafa á hendi slík matsstörf á öðrum sviðum, fái laun sín greidd beint, eins og kallað er, en þurfi ekki að innheimta þau frá vörueigandi, verksmiðjueiganda eða þeim, sem hefur frystihús. En í l. um eftirlit með verksmiðjum og vélum er það á þann veg eins og gerð er till. um að taka upp í þetta frv., sem sagt ríkið innheimti þetta. Ég mótmæli því, að það valdi því, að eftirlitsmenn komi ekki á staðinn, heldur skrifi aðeins reikning, af því að það getur enginn maður fengið lögskráð skip, nema fyrir liggi nákvæmlega útfyllt skýrsla um hvað eina, sem krafizt er

skoðunar á. Þetta liggur ekki fyrir í dæminu. Það er ekki hægt að banna fólkinu að vinna í verksmiðjunum, ef þær eru ekki skoðaðar, en það er hægt um skip.

Þá var það 70. gr. frv., sem hv. þm. Barð. vildi láta fella niður. Við ræddum sérstaklega um þessa gr. við lögfræðing n., Pétur Magnússon, 1. þm. Reykv., og lögfræðinginn í mþn. Ég held, að ég fari rétt með það, að þeir telja rétt, að gr. standi með örlítilli breyt., sem komið gæti inn við 3. umr. málsins. Eins og mönnum er kunnugt, fjallar gr. um straff, og hefur það mikið að segja, að hún sé skýrt orðuð. Að beztu manna yfirsýn ætti þessi breyt. að koma inn við 3. umr., eins og ég hef áður sagt. Ég get getið um, hverju bæta þarf við gr., til þess að fá samhengi. Það hljóðar svo: „Við 71. gr. Á eftir orðunum „samkvæmt lögum þessum" komi: af ásetningi eða vítaverðu gáleysi." Þetta er sú eina breyt., sem við leggjum til, að komi inn í gr., og ætti því frvgr. að geta staðið fyrir henni.

Um refsiaðgerðir skal ég ekki vera fjölorður. Ég tel nauðsynlegt að hafa refsiákvæði í lögum þessum og að þeim sé stranglega framfylgt, engu síður en þegar um bifreiðar er að ræða. Hér er um umferðatæki að ræða og mikilvægt, að við meðferð þeirra alla sé gætt nákvæmni og varúðar og að settum reglum um það sé fylgt og tekið hart á því, ef vanræksla er sýnd í þeim efnum. Það var einróma álit n. að hafa þau refsiákvæði, sem í frv. eru, þótt þau kunni að hitta einhvern ómjúklega á ýmsum tímum, en við því er ekkert að gera. Sá, sem sekur er, verður að taka afleiðingunum af því.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Mér fannst það bæði rétt og skylt að svara hv. þm. Barð., þó að ég hafi ekki gert það eins ýtarlega og fram kom í nefndinni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í máli þessu liggur fyrir nál. óklofinnar nefndar. Aðeins einn nm., hv. þm. Barð., skrifaði undir það með fyrirvara. Nú hefur það komið í ljós, að til grundvallar þessum fyrirvara liggja hvorki meira né minna en 26 brtt. frá þessum hv. þm., og þær ekki ómikilvægari en svo, að ef þær verða allar samþ., þá verða felldir inn í frv. tveir nýir kaflar. Ég skil nú satt að segja ekki, til hvers n. og nefndastörf eiga að eiga sér stað á Alþ., ef slíkar aðfarir sem þessar eiga rétt á sér. Það gefur að skilja, að ef sumar af brtt., en ekki aðrar, yrðu samþ. í viðbót við frv., þá gæti með því skapazt ósamræmi. Það er nú uppvíst, að sumar þessar brtt. eiga meiri hl. n. að baki sér, og sagði frsm. n., að svo væri. (**SÁÓ:** Ónei). Hv. frsm. getur ekki borið á móti því. (**GJ:** Það kemur í ljós við atkvgr.). Ég tel það allsendis þýðingarlaust að hafa um hönd nefndarstörf, ef nm. eiga svo eftir á að koma með fleiri og færri brtt. og þær meira að segja svo að tugum skiptir.

Þá var það eitt atriði í máli hv. 1. landsk., sem ég skildi ekki. Hann kvaðst ekki vilja fallast á sumar brtt., af því að þá kynni einhver að snúast á móti frv. í heild. Ég sé ekki betur en sumar af brtt. hv. þm. Barð. eigi rétt á sér. (**Rödd af þingbekkjum:** Það er víst sjaldgæft, að þessir tveir þm. séu sammála). Það vill þó svo til í þessu tilfelli. Ég tel það nauðsynlegt, að hv. n. taki málið til athugunar á ný og geri sér grein fyrir því, hvort hinar mörgu brtt. finni náð fyrir augum hennar, en síðar verði svo gefin út nál., svo að fyrir liggi bæði meiri- og minni hl. nál. Mér finnst það viðurhlutamikið að fella e. t. v. brtt., sem horfa til bóta, en samþ. svo aðrar, sem kunna að verða til ógagns.

Það er næsta furðulegt, að hv. frsm. n. og hv. þm. Barð. skuli fara í hár saman út af þessu mikilvæga máli og eyða tveimur dögum af starfstíma hv. þd. í rifrildi, og hygg ég, að vart mundu endast 52 vikurnar til þinghalds, ef slík væru alltaf vinnubrögðin.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér er sönn ánægja að leiða hv. 3. landsk. í allan sannleika um meðferð þessa máls, eftir hans mikla reiðilestur. Ég vildi minna hv. þm. á það, þegar hann talar um, að með flutningi þessara brtt. minna sé heimskulega að farið, þá vildi ég, að hann minntist þess, að ekki alls fyrir löngu hafði ég sama háttinn á, og hafði þá enginn neitt við það að athuga (**HV:** Svo að þetta eru þá vinnubrögð hv. þm.). Ég hef ekki fyrr séð óánægju hjá hv. 3. landsk. út af þessum vinnubrögðum, en hann er e. t. v. óánægður nú, af því að hann kann að vera á móti sumum brtt. Meiri hl. n. var samþykkur því, að brtt. væru fram bornar, og ég tók það fram, að þó að þær yrðu felldar, þá mundi ég ekki í neinu hefta framgang frv., og ég tel ekkert óþinglegt við það, þó að n. beri fram sameiginlegt álit um frv., sem samkomulag var um, að ætti fram að ganga.

Hv. 1. landsk. var með hótanir um, að hann mundi ekki skila óklofnu nál. um málið, ef nokkuð yrði samþ. án hans vilja í n. Ég er viss um, að sumar af brtt. mínum hefðu verið samþ. í n., og ég hygg, að hv. 1. landsk. sé mér sammála um ýmsar þessar brtt., og var hann að hugsa um að vera meðflm. minn að þeim sumum, en hann hefur e. t. v. ekki kunnað vel við það vegna kaflans um eftirlitið, en það þarf að setja sig betur inn í það en í fljótu bragði er hægt að gera, til þess að fá þá þekkingu, sem ég hef á þessu máli eftir 25 ára reynslu. Ég sé ekkert á móti því, að þessi háttur sé á hafður um þessar brtt. mínar, en þó að þær væru allar drepnar, þá mun ég, eins og ég hef áður sagt, vera með frv., og það má þá e. t. v. laga þá agnúa, sem á því kunna að koma í ljós síðar meir, á næstu þingum. Mér dettur ekki í hug að ætla það, að hv. 3. landsk. mundi greiða atkv. á móti frv., þó að allar mínar brtt. væru samþ., svo mikið nauðsynjamál er hér um að ræða. Ég vildi heldur skrifa undir nál. og bera svo sér fram brtt. mínar, og gerði ég það af samúð við málið.

Í sambandi við málið sjálft, þá vil ég geta þess, að við prentun hefur ein af brtt. mínum fallið burtu, og er það veigamikil brtt. við 7. gr. frv. Ég vil, með leyfi hv. forseta, bera hana hér fram skriflega. „Í stað orðanna „eða sérfræðingur um smíði tréskipa eða siglingafræðingur" í 2. málsl., komi: og hafi að minnsta kosti verið í siglingum 6 mánuði á skipi yfir 300 smálestir." Þetta er sérstaklega skilyrði fyrir því, að maður geti orðið skipaskoðunarstjóri. Þetta er atriði, sem við gátum ekki orðið sammála um í n., en ég tel þetta eitt af meginatriðum máls þessa. Í sambandi við það, sem hv. 1. landsk. sagði, að ég hefði ein-

göngu sjónarmið vélfræðings, þá skal ég benda á hvers vegna þetta er meginatriði. Skipaskoðunarstarfið er þannig, að það útheimtir a. m. k. 90% tæknilega þekkingu, ekki aðeins á vélum, heldur á allri byggingu skipanna. Ef taka á siglingafróðan mann til þess að vera skipaskoðunarstjóri, þá þarf hann, til þess að geta haft nægilega þekkingu á starfi sínu, að leggja á sig a. m. k. 4 ára nám til þess að geta fengið hana. Aftur á móti þarf vélfræðingur ekki að leggja neitt slíkt nám á sig til þess að geta athugað skip ofanþilja. Hver meðalgreindur vélfræðingur getur lært það á skömmum tíma. Að ég vil setja það ákvæði inn í, að maðurinn hafi siglingatíma, kemur af því, að ég tel, að það sé meginatriði, að hann þekki skip og hafi vit á þeim. Sjálfur skipaskoðunarstjóri segir hér í bréfi til n., með leyfi hæstv. forseta:

„Skipaskoðunarstjóri verður að hafa þekkingu á því starfi, sem undir hans stjórn heyrir, og tel ég mjög æskilegt, að hann hafi verið sjómaður.“ Og ég tel líka, að það sé nauðsynlegt til þess að hann geti rækt þetta starf.

Í sambandi við þetta kom upp sú spurning, hvort Benedikt Gröndal mundi ekki hæfur til þess að vera skipaskoðunarstjóri. Hann er vélstjóri, en var ekki vel fær til starfsins til að byrja með, en gegnum starf sitt hefur hann aflað sér meiri þekkingar við skipaviðgerðir en hægt er að ná á 6 mánuðum við að sigla, og þó veit ég, að mörg af þeim atriðum, sem koma fyrir, mundi hann eiga erfitt með, einmitt af því, að hann hefur ekki siglt.

Það er erfitt að vera skipaskoðunarstjóri fyrir þann mann, sem hvorki er vélstjóri né siglingafræðingur, sérstaklega ef hann á að hafa svo og svo marga fulltrúa og undirmenn, en hefur svo ekkert vit á þessu sjálfur. Hversu margar raddir hafa ekki alltaf komið fram um það, að lögreglustjórinn í Rvík hefði þurft að vera lögfræðingur? Ég þekki engan trésmið, sem gæti verið skipaskoðunarstjóri. (**SÁÓ**: Þannig er það þó í sumum nágrannalöndum okkar.) Mig varðar ekkert um önnur lönd. Rauði þráðurinn í þessu á að vera trygging og öryggi, hvað sem öðrum löndum líður. Þetta er ekki sjónarmið vélfræðings öðru fremur, heldur er það trygging fyrir öryggi, sem á að ráða, hvaða ákvæði eru sett um þetta, og ekkert annað. Eins og ég hef áður drepið á, hafa verið mjög miklar deilur um það á Alþ. og víðar, að ekki væri viðunandi, að ekki væri lögfræðingur í lögreglustjóraembætti Reykjavíkur. Á sama hátt álít ég, að mjög væri misráðið að setja í skipaskoðunarstjórastarfið mann, sem ekki væri lærður siglingafræðingur.

Ég skal nú víkja nokkrum orðum að ræðu hv. frsm. Hann sagðist telja hér fyrir hönd n., að ég hafi lagt of mikla áherzlu á það, sem fram kemur í brtt. minni. Hann lýsti yfir því, að eftirlitsstarfið ætti að vera fullkomið starf, en ekki aukastarf. En ef það á að vera fullkomið starf, en ekki aukastarf, þá sé ég ekki, hvers vegna ekki á að vera hreinn og beinn yfirskoðunarmaður, sem hefur meira vit á þessu en venjulegur skoðunarmaður, og þá er sannarlega hægt að fá mann með þessari þekkingu til þess að gegna þessu starfi, og þá á þessi maður að geta upplýst skoðunarmenn, en það getur hann ekki, ef hann hefur ekki meiri þekkingu en frsm. segir, að hann þurfi að hafa. Hann talaði um, að hann skyldi líta eftir björgunartækjum og eftir ofhleðslu. Ég álít, að hann eigi að líta eftir öllu og ekki sízt eftir vélunum. Hv. frsm. hélt því fram, að lítið eftirlit þyrfti með þeim hlutum. Ég segi bara það, að það er ekki lítið öryggi, sem þessi hv. þm. berst fyrir! Líklega 80% af stórslysum, sem hér hafa skeð á öðrum skipum en togurum, hafa stafað af vélbilunum. Hversu lengi var m. b. Kristján að velkjast út í hafi með bilaða vél? Og hvers vegna komst hann ekki til hafnar? Vegna vélbilunar. (**SÁÓ**: Var hægt að sjá þá bilun fyrir?). Það var ekki hægt að sjá hana fyrir áður en farið var úr höfn, en það hefði verið hægt fyrir skoðunarmann að halda uppi fræðslu um það, hvernig fara ætti með þessar vélar. Hér á Alþ. var kippt undan því öryggi, að hæfir menn væru vélstjórar á mótorbátum, með því, að samþ. voru l. um að rýmka ákaflega réttindi þeirra manna til að fara með bátavélar, manna, sem ekkert höfðu lært. Það er vitað mál, að langmestur hluti af slysum á mótorbátum hefur stafað af því, að mennirnir kunnu ekki nægilega vel að fara með vélarnar.

Á sama tíma og þessi lög voru samþ., voru lögð hundruð þúsunda kr. í björgunarskútur til þess að hirða alla þessa vélbiluðu báta, sem voru eins og hrávíði um allan sjó, af því að Alþ. hafði lagt of litla áherzlu á það, að þeir, sem með vélar færu, hefðu næga þekkingu á starfi sínu. Ég var á móti þeirri rýmkun, sem Alþ. gerði í þessu efni. Svo er sagt, að ég hafi sjónarmið vélfræðings, en ekki sjónarmið þess, sem öryggisins á að njóta. Ef þetta er aðalatriði eftirlitsins, þá er líklega rétt að setja hér einn mann, sem yrði líklega maður, sem samkv. 8. gr. frv. á að setja sem fulltrúa og á að vera sérfræðingur í öryggismálum. Þá gæti hann ferðazt um og frætt menn í þessum efnum, og væri þörf á að fjölga þeim í tvo og láta þá líta eftir þessu báða. Ég álít einmitt, að það sé eftirlitið með vélunum, sem sérstaklega þarf að rækja, og tel það mikilvægara en margt annað.

Hv. þm. taldi, að óþægilegt væri fyrir eftirlitsmanninn í Vestmannaeyjum að vera einnig eftirlitsmaður í Rvík og vera hér með annan fótinn. Ég tel þetta engin rök. Fyrir það fyrsta er það nú svo, að aðalvertíðin í Eyjum er frá áramótum fram í miðjan maí, og ég sé ekkert á móti því, að maðurinn sé að mestu leyti í Eyjum þann tíma.

Hv. frsm. ræddi um aðalskoðun og aukaskoðun og sagðist hafa rætt það efni við skipaskoðunarstjóra og að hann teldi heppilegast að breyta engu þar um, því að það gæti valdið misskilningi. Samtímis þessu var hv. frsm. að tala um einhver millistig á skoðuninni. En hvers vegna ekki setja skír ákvæði um, hvar hástigið eigi að vera. Vil ég ekki skilja svo við þetta frv., að ekki sé ákveðið, hvernig eigi að fara með hástigið. Allt öryggið hvílir á aðalskoðuninni, vegna þess að þá eru skipin skoðuð frá stafni niður í kjöl. Það tel ég ekki eðlilegt, að gert sé á hverju ári, vegna þess að slík skoðun hlýtur að tefja skipin um 2—3 mánuði, ef hún er framkvæmd eftir l., og er þetta sams konar skoðun og Lloyds heimtar fjórða hvert ár. Ég teldi því betra, að aðalskoðun skipa, sem ekki eru í klassa, sé látin fara fram annað hvert ár, en síðan fari fram nokkuð víðtækari aukaskoðun en nú er ákveðið í l., sem gerð sé einu sinni á ári

hverju. Álít ég, að í þessu felist meira öryggi en með núgildandi l., og legg ég mjög mikla áherzlu á, að þessi breyt. verði gerð á frv.

Þá ræddi hv. frsm. nokkuð um verksmiðjueftirlit. Það kann vel að vera, að það þyki varhugavert að samþ. ákvæðin í frv., er snerta það, vegna þess að ekki hafi unnizt tími til að athuga skipaeftirlitslögin yfirleitt, en hér er ekki annað lagt til en fella inn í þetta lagakerfi breyt. til samræmis. Ég mun ekki hverfa frá þeirri skoðun, að ég tel mikið öryggi felast í því, bæði fyrir verksmiðjueftirlitið sjálft og einnig fyrir skipaeftirlitið, að þetta sé sameinað, vegna þess að á þann hátt er hægt að tryggja eftirlitinu á eftir miklu betri starfskrafta, þegar sömu mennirnir eiga að skoða og hafa eftirlit með báðum þessum verkum. Það verður aldrei hægt að telja mér trú um, að það þurfi aðra menn til að þekkja dieselmótora á landi en á sjó.

Fyrir mér er það ekkert kappsmál, hvort gjöldin skuli ákveðin með reglugerð eða l., en teldi þó eðlilegra, að þau væru ákveðin með reglugerð vegna verðsveiflna, sem kynnu að verða á hverjum tíma.

Hinu er ég algerlega mótfallinn, að það hafi komið fram háværar raddir um það frá sjómönnum, að skipaskoðunarmenn þyrftu að skrifa fyrir útgerðarmönnum til þess að fá laun sín. Veit ég ekki, hvaðan heimildir koma fyrir slíkum fullyrðingum.

Hv. frsm. talaði um, að það væri ekki eðlilegt, að nafn þess aðila væri gefið upp, sem hefði kært, og þóttist hann færa fyrir því nokkur rök og hann fullyrti, að sjómönnum hefði verið vikið úr stöðu sinni, af því að þeir hefðu kært. Ég mótmæli því algerlega, að slíkt hafi komið fyrir, ef kæran hefur verið á rökum reist, því að útgerðarmenn hafa fyrst og fremst hag af því, að allt sé fullkomlega öruggt, sem viðkemur skipunum. Hins vegar skal ég ekkert fullyrða um, hvort útgerðarmenn hafa látið sjómenn fara úr skipsrúmi, ef þeir hafa sent inn kæru og rannsóknin, sem oft tekur langan tíma og tefur þar með skipin, hefur leitt í ljós, að ekkert hefur fundizt athugavert, og veit ég, að slíkt hefur oft komið fyrir. Mér finnst rétt, að það væri í l., að einhver aðili sé ábyrgur fyrir slíkum kærum, ef t. d. Sjómannafélagið eða annað slíkt stéttarfélag vildi taka á sig þá kvöð, sem því fylgdi að kæra, og bera þá tjónið af því á eftir, ef hún væri ekki á rökum reist. Þá gætu viðkomandi menn snúið sér með kæru sína til stéttarfélagsins og eiga þá ekki á hættu að vera sagt upp starfi sínu fyrir þá sök, því að félagið bæri ábyrgðina.

Hvað snertir brtt. mína varðandi 70. gr., mun ég taka hana aftur til 3. umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál meira, nema frekara tilefni gefist til þess. Sé ég ekki ástæðu til að taka málið aftur til sjútvn., þótt hv. 3. landsk. þm. hafi óskað eftir því. Því hefur verið lýst, hvers vegna n. sendi málið svona frá sér, og er því rétt, að atkvgr. fari fram um það, hvað hv. dm. geta fallizt á og hvað ekki.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 541) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 97. fundi í Ed., 19. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 40, n. 501, 502, 541).

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta er þriðji dagurinn, sem þvargað er um þetta mál, og hefur rimma staðið á milli form. n. og frsm. Málið stendur þannig nú, að form., sem skrifaði undir með fyrirvara, hefur skilað 27 brtt., en tekið þó eina aftur, og frsm. hefur lýst einni brtt. frá n. Ég held, að starf n. sé að samhæfa ólík sjónarmið, sem fram koma, og verður þá árangur af nefndarstarfinu, en ekki geti verið um önnur meginsjónarmið að ræða en sjónarmið meiri hl. og minni hl. En að nál. komi frá óklofinni n. og svo komi margar brtt., kannske 20—30, frá einum nm. og nm. standi svo hver uppi í hárinu á öðrum, þá er það verr farið en ef n. hefði ekki starfað. Út af dæmi hv. þm. Barð., að þm. hefðu skrifað undir nál., en hefðu svo borið fram brtt., vildi ég segja það, að það var þessi sami hv. þm., sem gerði þetta t. d. um verndun barna og ungmenna, en flytur svo 27 brtt. við málið. Ég tel, til þess að d. standi ekki verr að vígi en með engu nefndarstarfi, að þá verði nm. að samhæfa skoðanir sínar, svo að meginsjónarmið verði ekki nema tvö eða í hæsta lagi þrjú, sérstaklega í svo tæknilegu máli sem þessu, sem erfitt er að átta sig á. Ég veit, að frv. er til bóta frá núgildandi l. og ætti að vera hættulaust að afgreiða það, en væri þó miður, ef brtt. hv. þm. Barð., sem eru til aukins öryggis, yrðu ekki samþ. Hann er í hópi þeirra manna, sem bezt ættu að vita, og frsm. hefur einnig mikla þekkingu á þessu máli, og áttu þeir að geta skorið úr, hverjar af brtt. hv. þm. Barð. væru til öryggis, því að mér skilst, að hv. frsm. sé ekki andvígur öllum brtt. hv. þm. Barð., en að hann telji, að aðrir kynnu að snúast gegn frv., ef þær yrðu samþ. Ég vildi taka það fram, að ég styð frv., en mun fylgja þeim brtt. hv. þm. Barð., sem eru til aukins öryggis, svo fremi þær raski ekki samræmi lagabálksins, en það er erfitt að átta sig á því, þegar þær eru svo margar. Ég mundi óska, að einhverjir nm. vildu gera nokkra grein fyrir, hverjar till. hv. þm. Barð. miði að auknu öryggi og hverjar raski ekki samræmi frv., og gæti það orðið til leiðbeiningar. Annars er ekki fullnægjandi, að n. ljúki störfum þannig eins og gert hefur verið nú, og gæti orðið úr því hreint „kaos".

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram vegna ummæla hv. 3. landsk., að það liggur skýrt fyrir, að n. hefur fallizt á brtt. á þskj. 501. Það eru þær einu brtt., sem n. öll er sammála um. Hinar till. voru þess eðlis, að eftir að þær höfðu verið ræddar, kom í ljós, að 3 af 5 nm. vildu ekki styðja þær. Ég hef sagt, að sumar brtt. hv. þm. Barð. mundu ekki skaða heildarsamræmi frv., en sumir nm. voru á móti að fylgja þeim, og vil ég því ekki styðja þær, sem aðrir nm. eru andvígir, sem annars mundu styðja málið í heild. Ég hef látið það í ljós, að ég tel þær ekki skaða heildarefni frv., en ef farið verður inn á breyt., óttast ég, að togstreita hefjist milli sjútvn. Ed. og Nd. — Hvað viðvíkur nefndarstarfinu, þá þykir það kostur, að nm. geti komið fram með sameiginlegt álit, þótt síðar vilji þeir bera fram sérstök sjónarmið, og því ber ekki að

neita, að ég met það við hv. þm. Barð., að hann hefur skrifað undir nál., þótt hann kæmi fram með brtt. Hann hefur lýst yfir því, að þó að brtt. hans falli, muni hann ekki slíta stuðningi við málið.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að blanda mér inn í þessar umr., en ég vil að gefnu tilefni gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til brtt. á þskj. 502. Hv. 3. landsk. hefur óskað umsagnar fleiri nm. um álit sitt á till. en deilt hafa hér, og þó sérstaklega vegna ummæla hv. þm. um, að 3 af 5 nm. hefðu ekki viljað mæla með till. Ég held, að það sé nú misskilningur hjá frsm., og í sjútvn. lét ég í ljós, að ég mundi fylgja einstökum till. n. og þó sérstaklega breyt. varðandi eitt atriði, sem ég mun greiða atkv. með, þótt ég hafi ekki séð mér fært að gerast meðflm., en þessi brtt. varðar eftirlitssvæðin. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að eftirlitssvæðin verði 5, en form. leggur til, að þau verði höfð 4. Þetta skiptir nú ekki svo miklu máli og sjálf skoðunarsvæðin eru ekki rýrð og í brtt. er gert ráð fyrir, að sérfræðingar hafnarstjórnarinnar hafi eftirlitið með höndum á suðvesturlandi, og gæti þá einn af 4 skoðunarmönnunum búið í Vestmannaeyjum og haft þannig eftirlit með fimmta svæðinu, sem gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar er brtt. á þskj. 502 betri að því leyti, að þá mundu strangari kröfur verða gerðar til eftirlitsmannanna en lagt er til í frv. Ég mun þess vegna greiða atkv. með 3. brtt. og þeim till., sem ófrávíkjanlegt er, að verði að samþykkja, nái hún samþykki, þ. e., að afleiðingum af því breyt. við 4. gr., brtt. við 10. gr. frv. og sömuleiðis fimmtu brtt., a- og b-lið, ef hún verður samþykkt. Þessar brtt. binda hverjar aðra og ber því að samþykkja aðrar brtt. Ef hins vegar brtt. verða ekki samþ., verður að taka hinar till. aftur.

Að öðru leyti má segja, að það meginatriði, sem deilt er um, sé varðandi skoðun skipanna, hve oft skuli framkvæma aðalskoðun eða klössun, en samkv. frv. á að skoða vissar tegundir skipa árlega, þ. e. farþegaskip, tréskip yfir 12 ára og stálskip yfir 16 ára. Ágreiningur hefur risið um aðalskoðun eða klassaskoðun, en form. n. telur ástæðulaust að klassaskoða skip árlega, þar sem 4 ára millibil megi teljast öruggt á skoðunartíma. En skipaskoðunarstjóri gat ekki fallizt á þessa brtt., og mun ég ekki greiða atkv. með þeirri brtt., sem þetta varðar.

Hins vegar hvað það varðar, hvort sameina skuli vélaeftirlitið og skipaeftirlitið, mun ég ekki geta fallizt á að svo komnu máli, því að ég tel, að það þurfi nánari athugana við, og þar sem nú liggur fyrir Alþ. þáltill. um að endurskoða þessi mál, þá er rétt, að sjútvn. taki það mál til rækilegrar athugunar, hvort sameina skuli þessar stofnanir. Ég mun því ekki geta fylgt því nú, þótt ég kynni að geta fylgt því síðar, eftir að þessi mál hafa verið endurskoðuð, ef það leiðir í ljós, að hagkvæmt mundi vera að sameina þessar tvær stofnanir. Ég mun því greiða atkv. brtt. hv. þm. Barð. og 3. brtt. á þskj. 502 og síðan þeim, er leiða af sér, að samþykkja skal af afleiðingum samþykkta þeirra brtt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í aths. út af fyrirspurn hv. 3. landsk. um, hvaða till. til öryggis felist í brtt. mínum og hvort þær raski ekki samræmi l., þá vil ég benda á, að brtt. mínar eru allar til öryggis, annars hefði ég ekki borið brtt. fram, og ég veit, að það hefur líka vakað fyrir hv. frsm., og er hér því um að ræða aðeins mismunandi sjónarmið. Hv. frsm. hefur átt sæti og starfað í mþn., sem hefur haft þessi mál með höndum, og virðist hann nú halda fast við álit mþn. í þessu máli. Þetta viðurkenni ég ekki sem þm. Hann hefur leitað til þessara manna, en það kemur nú ekki eins vel við okkur, að hann skuli binda sig mþn., en trúir ekki sjútvn., og ef hún hefur ekki verið þeim vanda vaxin að skera úr um þetta mál, þá ætti nú málið að hafa krystallliserast í umr. hér í þessari hv. þingdeild.

Ég skal ekki fara út í það að ræða um fylgið með mínum till. og ekki hefja deilur, en ég hef reynt að ræða þetta mál frá kjarna málsins, en ég mun að sjálfsögðu taka til baka brtt., sem aflaga færu af falli annarra brtt.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Um ummæli þau, sem fallið hafa frá hv. þm. Barð., er hann vildi láta líta svo út, að ég hafi einskorðað mig við álit mþn., er það á misskilningi byggt, en ég legg meir upp úr áliti og skoðunum skipaskoðunarstjóra og þekkingu hans á þessum málum, en ég tel till. hv. þm. Barð. draga úr öryggginu, en ekki auka það. Í lagaákvæðum er gert ráð fyrir, að skoðun farþegaskipa fari árlega fram og á öðrum skipum með 1½ árs millibili, þ. e. stálskip, sem eru yfir 12 ára og tréskip yfir 16 ára. Mín skoðun er sú, að árleg skoðun skipa skuli fara fram.

Ég verð að segja, að mér kom á óvart yfirlýsing hv. 6. landsk. Ég hafði skilið, að hann væri mótfallinn brtt. þm. Barð. og mundi styðja að greiða atkvæði á móti till. hans. Hins vegar er það atriði nokkurs virði, er þm. vill ekki, að eftirlitsmaður sé í Vestmannaeyjum, en maður, sem er hér í Rvík, á erfitt með að hafa stöðugt eftirlit. Ég held því, að það sé misskilningur að hafa ekki eftirlitsmann í Eyjum. Ég tel það meira öryggi, að eftirlitsmaðurinn gæti gengið daglega niður á höfn til eftirlits.

Ég skal nú láta útrætt um þetta, en ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti atkvgr. ekki fara fram að svo stöddu, þar sem helming þdm. vantar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það var eitt atriði, sem kom frá hv. 1. landsk., er hann gaf þá yfirlýsingu, að hann hefði ætlað sér að gera kaup með atkv. og hefði þá verið fús til að fylgja mínum till. að útiloka Alþýðusambandið. Ég hélt nú ekki, að hv. þm. mundi stofna þingheiðri sínum í hættu með þessu.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Ég skal ekki ræða málið efnislega hér. Ég vildi aðeins út af aths. hv. 3. landsk. og frsm. n. gera stutta grein fyrir afstöðu minni í þessu máli. Hv. 3. landsk. var hneykslaður yfir því, að sjútvn. hefði gefið út álit í þessu máli og að þm. Barð. hafi gefið út brtt. við frv. Hv. 3. landsk. undi því einnig illa, að brtt. væru ræddar, sem prentaðar eru á þskj. 502. Og ég fór ekki dult með það í n., að ég fylgdi þeim brtt., sem þarna eru fram bornar. Hins

vegar vil ég lýsa yfir því, að samþykkt þessara till. ræður ekki afstöðu minni til málsins. Þótt þær yrðu allar felldar, greiði ég atkv. með frv. eins og það er. Þegar afstaða nm. er slík sem þessi, þá sé ég ekkert við það að athuga, þótt hann skrifi undir nál., sem gefið er út af n. í heild. Ég setti engin skilyrði fram fyrir fylgi mínu við málið, af því að ég vildi ekki kljúfa n.

Ég vildi láta þetta koma fram, áður en málið kæmi til atkv. En eins og ég sagði áðan, mun ég ekki ræða þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 98. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr. (atkvgr.).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Ed., 27. marz, var frv. aftur tekið til frh. 2. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að óska, að þessari atkvgr. yrði frestað, þar til fjmrh. og dómsmrh., sem nú eru fjarverandi, geta verið viðstaddir.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvað hv. þm. meinar. Það hefur verið veittur frestur í eitt skipti. Nú hefur málið verið auglýst á dagskrá, og ættu allir að geta mætt, sem áhuga hafa á því. Enn fremur hefur málið verið svo lengi á döfinni, að ég held, að bezt sé, að atkvgr. sé látin fara fram.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil benda á, að það var ekki skv. ósk minni, að atkvgr. var frestað síðast. En ef hv. frsm. í n. hefur talið það rök að fresta atkvgr. vegna þess, að ákveðnir menn væru ekki viðstaddir, þá er ekki ósanngjarnt, að hæstv. ríkisstj. fengi að vera viðstödd.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Ég vildi benda hv. þm. Barð. á, að þegar beðið var um að láta atkvgr. ekki fara fram, voru ekki nema 9 menn í deildinni.

Forseti: Það hefur jafnan verið leitazt við, þegar um álitamál er að ræða, að sem nákvæmust skoðun komi fram og sem réttust mynd af vilja deildarinnar. Atkvgr. hefur verið frestað í þessu máli skv. beiðni hv. 1. landsk. En þar sem einn þm. er nú veikur og mér er tjáð, að tveir ráðh. geti ekki mætt, þá mun ég verða við ósk hv. þm. Barð., en mun taka málið strax á morgun til atkvgr., og þurfa þá þeir að mæta, sem áhuga hafa á því að vera viðstaddir.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 502,1 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BK, EE, GJ, JJós, LJóh, PM, ÞÞ.

nei: BrB, GÍG, HV, SÁÓ, ÁS, BSt.

PZ greiddi ekki atkv.

2 þm. (HermJ, StgrA) fjarstaddir.

Brtt. 501,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

4.—6. gr. (verða 5.—7. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 541 felld með 8:6 atkv.

— 501,2.a samþ. með 14 shlj. atkv.

— 501,2.b samþ. með 11:1 atkv.

— 502,2 felld með 8:6 atkv.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 501,3 samþ. með 14 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 502,3.a felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, EE, GJ, JJós, LJóh, PM, ÞÞ.

nei: ÁS, BSt, BK, BrB, GÍG, HV, SÁÓ.

PZ greiddi ekki atkv.

2 þm. (HermJ, StgrA) fjarstaddir.

Brtt. 502,3.b—c teknar aftur.

9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 502,4 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, EE, GJ, JJós, LJóh, PM.

nei: BK, GÍG, PZ, SÁÓ, ÁS, BSt, ÞÞ.

BrB, HV greiddu ekki atkv.

2 þm. (HermJ, StgrA) fjarstaddir.

10.—11. gr. (verða 11.—12. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 502,5—7 teknar aftur.

12.—15. gr. (verða 13.—16. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 502,8 felld með 8:5 atkv.

16.—22. gr. (verða 17.—23. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 502,9 felld með 8:6 atkv.

23.—24. gr. (verða 24.—25. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 502,10 felld með 9:5 atkv.

— 502,11—12 teknar aftur.

25.—27. gr. (verða 26.—28. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 502,13 samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, JJós, LJóh, PZ, PM, BBen, ÞÞ.

nei: BK, BrB, GÍG, HV, SÁÓ, ÁS, BSt.

2 þm. (HermJ, StgrA) fjarstaddir.

28. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

29. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 501,4 samþ. með 12 shlj. atkv.

30. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

31.—32. gr. (verða 32.—33. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 501,5 samþ. með 10 shlj. atkv.

33. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

34. gr. (verður 35. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 501,6 samþ. með 13 shlj. atkv.

35. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

36. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 501,7 samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 502,14.a felld með 8:5 atkv.

— 502,14.b felld með 8:4 atkv.

37. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 502,15 tekin aftur.
38.—49. gr. (verða 39.—50. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 501,8 samþ. án atkvgr.
50. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 501,9 samþ. með 12 shlj. atkv.
51. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 502,16.a.1 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GJ, JJós, PM, BBen, ÞÞ.
nei: GÍG, HV, LJóh, PZ, SÁÓ, ÁS, BSt, BK, BrB.
2 þm. (HermJ, StgrA) fjarstaddir.
Brtt. 502,16.a.2—5 teknar aftur.
— 502,16.b tekin aftur.
— 502,17 felld með 8:5 atkv.
52.—59. gr. (verða 53.—60. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 502,18 tekin aftur.
60.—61. gr. (verða 61.—62. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 502,19 (ný 62. gr., verður 63. gr.) samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, PM, BBen, EE, GJ, JJós, LJóh, ÞÞ.
nei: SÁÓ, ÁS, BSt, BK, BrB, GÍG, HV.
2 þm. (HermJ, StgrA) fjarstaddir.
Brtt. 502,20 felld með 8:6 atkv.
63.—69. gr. (verða 64.—70. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 502,21 felld með 8:3 atkv.
70.—72. gr. (verða 71.—73. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 502,22—26 teknar aftur.
73.—75. gr. (verða 74.—76. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 119., 122. og 136. fundi í Ed., 16. og 28. apríl, 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 138. fundi í Ed., 20. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 602, 614, 661, 666, 667, 870).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Það er nú langt orðið síðan þetta mál var hér síðast til umr., og skal ég nú ekki fara út í það sérstaklega, hvað hefur valdið þeirri töf. Við frv. hafa verið gerðar brtt. við 3. umr., og vildi ég þá minnast á þær till., sem mér hefur skilizt, að valdi ekki neinum ágreiningi í sjútvn. Í fyrsta lagi er það brtt. á þskj. 614. Þó að ég standi þar einn að þeirri till., hygg ég, að aðrir nm. geti verið sammála um, að hún sé bara leiðrétting til bóta við þá gr. En ég hafði borið mig þar saman við hv. 1. þm. Reykv., sem er eini lögfræðingurinn í n., og við vorum sammála um, að þetta væri ákvæði, sem bæri að setja inn í gr., eins og þarna er gert ráð fyrir. Ég sé ekki ástæðu til þess að skýra það nánar.

Þá hefur n. verið sammála um að flytja brtt. á þskj. 661, sem er um að bæta þar inn aðila, sem er landssamband íslenzkra útvegsmanna, til viðbótar við Fiskifélag Íslands.

Þá er það brtt. á þskj. 870, sem er tiltölulega nýlega útbýtt, frá hæstv. dómsmrh., og hefur hann gert þá brtt. við 48. gr., eins og þar greinir, að dómsmrh. skipi formann dómsins og varaformann til sex ára í senn o. s. frv., en í frv. er gert ráð fyrir, að það sé samgmrh. Ég fyrir mitt leyti — og ég held n. — er þeirrar skoðunar, að það sé aukaatriði, hvaða ráðh. skipar dóminn. Hins vegar hefur hæstv. dómsmrh. álitið og fært nokkur rök fyrir, að þar sem dómsmrh. muni hafa skipunarvald um flesta dóma í landinu, sé ekki óðlilegt, að hann hafi einnig þetta skipunarvald. Eina undantekningin mun vera í þessu efni félagsdómur, sem heyrir undir félmrh. En sá dómur er með nokkrum öðrum hætti skipaður en hér er gert ráð fyrir. Sem sagt, við féllumst á þessa brtt. af þeirri ástæðu, sem ég nú hef greint. — Þá er önnur brtt. á þessu sama þskj., sem er að vísu efnisbreyt., bæði a- og b-liður, frá því sem er í frv.

Lögfræðingar mþn. hafa talið fært að hafa þá skipan málanna eins og frv. er, en þar er skipaskoðunarstjóra ætlað að búa málin undir málsókn, ef tilefni gefst til. N. vill sætta sig við þá skipan, að farið sé með þessi mál eins og önnur, sem heyra undir dómsmrh., og þar af leiðandi breyta þeirri málsgr., sem um þetta fjallar, bæði 9. og 10. málgr., sem verður óþörf og fellur niður, og hinar tvær gr. koma í staðinn.

Þá eru brtt. á þskj. 667 og 666, frá meiri hl. sjútvn. Í brtt. á þskj. 666, við 11. gr., er gert ráð fyrir, að niðurlag hennar orðist svo: „og hafi að dómi skipaskoðunarstjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.“ Þessi eftirlitsmaður yrði að hafa hér miklu meira vald en þeim er ætlað í raun og veru eftir frv. Og ég tel mjög varhugavert, að það sé lagt í þeirra hendur, sem hér er ætlazt til. Því að það kemur alveg skýrt fram í gr., með leyfi hæstv. forseta: „Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna.“ Þannig er þetta í frv., það eru bara almenn ákvæði um það. En hér er ætlazt til, að þeim sé ætlað miklu meira verkefni en á öðrum stöðum, og er það í samræmi við þá togstreitu, sem var á milli mín og hv. form. n., sem var um það, hvers konar verkefni það væri, sem þessum mönnum væri ætlað að hafa með höndum. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í það, en ég legg eindregið á móti því, að þessi brtt. verði samþ., því að hún mundi raska mjög efnislega því, sem í frv. felst hvað eftirlitsmennina snertir. Og ég skal taka fram, að það mun vera mjög hæpið, að hægt sé að samríma þetta.

Í brtt. á þskj. 667, sem mun vera frá hv. 1. þm. Reykv. og form. n., er gert ráð fyrir, að orðið „siglingafróður“ falli niður. Við höfum þráttað um þetta í n., og ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í það, en það er á móti allri venju, að það séu ekki siglingafróðir menn, sem eru skipaðir í þessa stöðu, og ég er þeirrar skoðunar, að þeir geti ekki síður verið góðir menn, sem eru aðeins siglingafróðir, en ekki vélfróðir, því að hann hefur þá menn sér við hlið, sem eru vélfróðir. Sama er að segja, ef um vélfróða menn væri að ræða, sem hefðu þetta starf, þeir yrðu og gætu haft siglingafróða menn sér til aðstoðar. En ég ætla að

bæta því við, að það verður að telja sem vantraust á þessa siglingafróðu menn, ef þeir verða teknir þarna út. Því að ekki verður því neitað, að þeir menn, sem stjórnað hafa fiskiskipi, og það kannske stóru farþegaskipi, þeir eru búnir að fá mikla reynslu og þekkingu á því starfi.

Þá er á þessu sama þskj. brtt. við 17. gr., að í staðinn fyrir orðin „útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttir til saka" í 7. mgr. komi: skipið skuli stöðvað. Við hv. þm. Barð. ræddum mikið um þetta við 2. umr., og ég verð að segja, að ég er algerlega á móti þessari skoðun hv. þm. Og mér er það fyllilega ljóst, að undir þeim kringumstæðum, sem getið er um í 17. gr., verður ekki gripið til þess að stöðva skip. Menn telja það alltaf varhugavert og of mikla ábyrgð, en ef eitthvað hefur verið vanrækt af því, sem ber að gera, verður hann að standa ábyrgð á því, eins og venjulegt er með skip, ef ekki er fullnægt því sem l. mæla fyrir. Ég er á móti þessu meðal annars af því, að þetta mundi vera aðeins dauður bókstafur, sem ekki yrði framkvæmt eftir. Ég hygg því, að við í meiri hl. n. séum mótfallnir þessari brtt. einnig af þeim ástæðum, sem ég hef greint frá.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta mál, ég hef aðallega haldið mér við brtt. Og ég vil segja það að lokum, að málið hafi dregizt af þeim ástæðum, sem ég ekki greini frá, og vona ég, að það fái nú fljóta afgreiðslu. Og ég vil beina því til hæstv. ráðh., að hann beiti áhrifum sínum til þess að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja mjög umr. um þetta mál, en vil þó fara nokkrum orðum um það deiluatriði, sem hér er á ferðinni. Mér þykir vænt um, að hæstv,. dómsmrh. er hér viðstaddur, því að hann mun gera grein fyrir því, sem hér er deilt um. Fyrsta brtt., sem meiri hl. gerir við frv. við þessa umr., er á þskj. 667, við 8. gr. Það er, að orðið „siglingafróður" falli niður. Hv. frsm. n. hefur lýst afstöðu sinni til þessa máls, og ekki borið fram önnur rök í málinu en þau, að það mundi valda mikilli óánægju og álítast sem vantraust á þessa stétt, ef menn úr henni fengju ekki einnig leyfi til þess að skipa þessa stöðu, sem þeir hafa ákaflega takmarkað vit á, og virðist það eiga að víkja fyrir því öryggi, sem þarna er verið að reyna að skapa. Það á að halda fast við það að samþ. ákvæði um að skipa í þessa stöðu menn, sem hafa ákaflega takmarkaða þekkingu til þess að gegna stöðunni.

Ég hirði ekki að taka hér upp nein bein dæmi þess, sem sýna, að ég fer hér með rétt mál, en ég veit, að hv. frsm. veit um nærtæk dæmi, og þótt jafnvel þessir menn hafi verið látnir ráða þarna miklu, þá hefur það ekki verið til öryggis, og einnig kostað ríkissjóð stórfé. Ég er því ákaflega undrandi yfir þessum rökum hjá hv. frsm. n. gegn þessari brtt., sem mundi verða, ef hún verður samþ., til meira öryggis fyrir fólkið í landinu. Ég vænti þess, að þessi brtt. verði því samþ., og þeirri baráttu verður ekki hætt, þótt svo færi, að hún yrði ekki samþykkt nú.

Það virðist sem hv. þm. sé búinn að gleyma því, hvað sé höfuðtilgangur með þessari löggjöf, sem sé að skapa meira öryggi sem undirstöðuatriði þessa máls. En nú vill hv. þm. ekki, að þeir, sem eiga að vera skipaðir samkv. 11. gr., hafi neina þekkingu á málinu, eins og 11. gr. segir nú, enda virðist allt annað hafa vakað fyrir hv. þm. en að þessir menn eigi að skapa öryggi. Og hefur það komið ákaflega bert í ljós við allar umr. þessa máls, að það er allt annað, sem reynt er að koma hér fram undir yfirskini þessa viðkvæma máls en öryggi, og kom það langskýrast fram í ræðu hv. þm. við þessa umr. Hér er farið fram á að skapa meira öryggi með því, að þeir menn, sem valdir eru í þetta starf, hafi meiri þekkingu og séu færir um að skera úr um ágreining um haffæri skipa o. fl. Og ég skil ekki þá menn, sem vilja taka þá ábyrgð á sig að greiða atkv. á móti slíku.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta atriði frekar, en kem þá að 2. brtt. á þskj. 667, sem er um það, að í stað þess, sem stendur í frv., 17. gr. 7. mgr.: „skuli sóttur til saka" komi: skuli skipið stöðvað. Hv. frsm. n. álítur of mikið að stöðva skipið, en ég vil þá spyrja: Er ekki of mikil ábyrgð að láta skipið halda áfram, ef ekki eru uppfylit skilyrði laganna?

Ég held, að hv. frsm. hafi fleygt svo frá sér blæjunni í þessu máli, að það væri langbezt fyrir hann að fylgja nú þessari till. og bæta fyrir það, sem hann hefur áður sagt.

Þá vil ég gjarnan spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann almennt teldi ekki það sjónarmið rétt og heppilegra að breyta þessum ákvæðum þannig, að stöðva skipið heldur en að sækja viðkomandi til saka. Ég álít það varhugavert að bíða eftir úrskurði dóms um að stöðva skip, ef það væri þannig útbúið, að tvísýnt væri um öryggi þess og hætta væri á, að það gæti kostað mannslíf, og þess vegna legg ég til, að skipið verði stöðvað. Ég tel mig ekki færan um að hafa hitt á samvizkunni. Ég mun fylgja brtt. á þskj. 870, frá hæstv. dómsmrh., og einnig brtt. á þskj. 614, frá hv. frsm., hún er meira en leiðrétting, heldur efnisbreyt. Ég bar fram brtt. við 2. umr. um að fella þetta niður, af því að ég taldi ekki rétt að taka atvinnuréttindi af mönnum, sem fyrir gáleysi eða af einhverjum ástæðum, en ekki þó fyrir vítavert gáleysi, hefðu gerzt brotlegir. Ég mun því fylgja þeirri brtt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna fyrirspurnar til mín frá hv. þm. Barð. út af brtt. við 17. gr. þessa frv., hvort ekki sé meira öryggi í því að stöðva skip en að sækja útgerðarmenn eða skipstjóra til saka. Það er auðvitað meira öryggi í því að stöðva skipið, því verður ekki neitað.

Ég vil vekja athygli á því, að í 17. gr. er greint á milli þess, hvort um er að ræða slíka galla, sem gera skipið óhaffært, eða ekki. Og það er tekið fram í 3. mgr. 17. gr., að skoðunarvottorðið skuli eigi afhent fyrr en kröfum þeim, sem gerðar eru, sé fullnægt. Svo segir aftur í upphafi 5. mgr.: „Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað," o. s. frv. Og síðar kemur í þessari gr., að það skuli tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra. En eftir að sá frestur er liðinn, sem um getur, þá ber samkv. þessari gr. að sækja þessa aðila til saka. Og ég verð að segja, að svona fljótt á litið, án þess að ég hafi grandskoðað það, að það sé í raun og veru of harkalegt að stöðva skipið, ef

það er haffært, þó að það sé að einhverju leyti ábótavant með annan útbúnað þess.

Ég verð þess vegna að segja það við hv. þm. Barð., að mér virðist brtt. hans ganga nokkru lengra en efni standa til, miðað við ákvæði þessarar gr. að öðru leyti.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég tek alveg undir skýringu hæstv. dómsmrh. og tel óþarft að bæta þar nokkru við um minni háttar atriði, sem ekki varða haffæri skipa, og því mundi sennilega aldrei beitt undir slíkum kringumstæðum. Ég stóð ekki upp til að karpa við hv. þm. Barð., og skil ég ekki, af hverju hann var svo æstur. Oft heyrir maður stóryrði úr hans munni, en þessi miklu stóryrði og getsakir á ég ekki gott með að taka sem góða og gilda vöru. Hann sagði, að fyrir mér vekti með þessu frv. að minnka raunverulega öryggið. Ég veit, að mitt er ekki að dæma, hvað um mig má segja, en hann er hér að dæma alla þá menn, sem að undirbúningi þessa máls hafa unnið, allt valinkunna menn, m. a. ágætir flokksmenn hans, eins og Guðmundur Markússon skipstjóri, Benedikt Gröndal skipaverkfræðingur, Barði Tómasson skipasmíðaverkstjóri o. s. frv., og kalla ég það nokkuð þungan dóm eins flokksbróður, að þeir búi til löggjöf, sem rýri öryggið og geri það að verkum, að það, sem fyrir er, — ef ég skil þm. rétt —, þurrkist út með þessari breyt., af því að ekki er fallizt á hverja þá till., sem honum dettur í hug að gera við hverja gr. Þetta kalla ég að taka nokkuð mikið upp í sig, sem heitir á sjómannamáli að „spýta mórauðu" og ég held, að þm. hafi laglega gert í þetta skipti. Ég skil ekki þennan æsing alltaf þegar komið er inn á þetta. Það er ekki af eintómri umhyggju fyrir öryggi. Ég ætla ekki að fara að hnýfla hann, en hann hefur sjálfur oft legið undir þungum dómi og e. t. v. stundum ómaklega — gegnum sína starfsævi, en ég ætla ekki inn á það nú. Þetta hittir hann kannske frekar en mig — allt hans brölt í þessu máli — í eyrum þeirra, sem hafa fylgzt með gangi málsins. — Ég hef gert grein fyrir, hvers vegna ég get ekki fylgt till. hans. Ég tel hana ekki til bóta, og sá hugsunargangur, sem hefur komið fram hjá honum við meðferð málsins, er á allt öðru bylgjusviði en ég get viðurkennt. Ég skal svo láta útrætt um málið.

Gísli Jónsson: Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir skýringu hans á 17. gr., en ég vil leyfa mér að benda á, að í sambandi við þetta mál er að sjálfsögðu ekki sök að halda skipi áfram, ef það er haffært. Hér er einmitt um það að ræða, sem ekki er von, að dómsmrh. viti. Við skulum hugsa okkur skip, sem hefur beyglaða plötu, en heldur sínum fulla styrkleika, og það er föst venja, t. d. hjá Lloyds', að gefa ársfrest til slíkra viðgerða, og ef hún hefur ekki verið framkvæmd á þeim tíma, þá er skipið stöðvað til að framkvæma viðgerðina, og þeirri sömu reglu vil ég láta fylgja hér, og þarf það ekki að rýra hið minnsta haffæri skipa. Það þykir sjálfsagt, m. a. vegna sölu milli manna, að úr göllum sé bætt, en sé örygginu hins vegar ábótavant, þá er sjálfsagt að stöðva skipið. Það getur þá ekki uppfyllt haffæriskírteinið. Ég held þess vegna, að ákvæði um að beita viðurlögum svo mjög sem frsm. leggur áherzlu á og dómsmrh. hefur mildað nokkuð, eigi að falla burtu. Þessa skýringu læt ég nægja.

1. landsk. sagði, að ég væri að bera marga valinkunna menn míns flokks sökum. Ég vísa þessu á bug og m. a. með því, að hann hefur margviðurkennt í umr. um þetta mál, að ýmislegt af þeim ákvæðum, sem sett voru í mþn. og hann átti sæti í, séu samkomulagsatriði, og ég veit, að hann persónulega hefur sótt þetta ákvæði l. með jafnmikilli harðneskju í mþn. og sjútvn. til að ná ákveðnu marki, sem ég fer ekki frekar út í hér, og þessir valinkunnu menn hafa látið undan þeirri ásælni, til þess að fá þó einhverja afgreiðslu þessa máls.

Hinu ætla ég að vísa algerlega á bug, sem hann sagði um mig persónulega. Hvenær sem er og á hvaða vettvangi sem er skal ég taka þau mál upp og sýna hv. 1. landsk., að hann hefur ekki við nokkur rök að styðjast í því, sem hann sagði, hvorki í einu né neinu. Ég veit, að ég er sóttur pólitískum ásökunum m. a. í Tímanum, t. d. í sambandi við byggingu togara, og stundum í hans eigin blöðum, en allt hefur þetta orðið þeim til smánar, og sízt til sóma fyrir þm. að blanda þessu hér inn í umræðurnar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vildi aðeins árétta, að það er rétt, sem ég sagði, að l. gera ráð fyrir, að um sök sé að ræða, þó að galli á skipinu sé ekki svo mikill, að hann skerði haffæri þess. Ég sagði í upphafi 5. gr., að ef það, sem áfátt þykir við skoðun, er þannig vaxið, að það er ekki svo mikið, að haffæri skipsins sé skert, og þá er ekki vafi, að um sök er að ræða, sem tvímælalaust mundi geta talizt refsiverð eftir ákvæðum l. Jafnvel þó að þetta atriði verði felllt niður, svo sem hv. þm. Barð. leggur til, þó kæmi til viðbótar, að heimilt er að stöðva skip fyrir þessa sök, og þar að auki munu refsiákvæði laganna gilda án tillits til þess. Svo að hann vill, að bætt sé við enn einu strangu ákvæði, en ekki neitt strangt ákvæði tekið út, því að það atriði helzt kyrrt, sem hann virtist vera að leitast við að ná út. Og mér virðist alveg greinilegt, að það sé miklu skaplegra, úr því að haffærið er ekki skert, að láta nægja að sækja þá, sem ábyrgðina bera, til saka, en leyfa skipunum að halda áfram enn um sinn.

ATKVGR.

Brtt. 667,1 samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, PM, BBen, EE, GJ, ÞÞ.

nei: SÁÓ, KG, BK, GÍG, HV.

StgrA, ÁS, BrB greiddu ekki atkv.

3 þm. (JJós, PZ, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 661 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 666 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, LJóh, PM, StgrA, ÁS, BBen, BrB, EE, ÞÞ.

nei: GÍG, HV, SÁÓ, KG, BK.

3 þm. (HermJ, JJós, PZ) fjarstaddir.

Brtt. 667,2 felld með 9:3 atkv.

— 870,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 870,2 samþ. með 11:1 atkv.

— 614 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Sþ., 21. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 912).

Á 135. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 912, n. 947).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. var upphaflega undirbúið af mþn. og lagt hér fram árið 1946. Í vetur var það lagt fyrir Ed. sem stjfrv. og hefur fengið þar athuganir og gerðar á því breyt. Sjútvn. þessarar d. hefur athugað þær breyt., og telur n., að ein breytingin sé ekki til bóta, og þrátt fyrir nál. á þskj. 947 mun hún leggja fram brtt. við 3. umr. Sú brtt. er um það, að í 8. gr. bætist, að skipaskoðunarstjóri geti verið eitt af þrennu, skipaverkfræðingur, vélfræðingur og siglingafræðingur. Hv. 5. þm. Reykv. hafði gert fyrirvara, en ég hygg, að hans fyrirvara sé fullnægt með þessari brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
12.—21. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
22.—33. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
34.—40. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
41.—45. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
46.—47. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
48.—52. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
53.—62. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
63.—66. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
67.—73. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
74.—76. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflaskipting samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 140. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 966) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 966 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 57. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 967).

Á 142. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Þetta mál hefur verið í n. hér í hv. deild nær allan þingtímann. Eins og allir sjá, er hér um mikinn lagabálk að ræða. Nd. hefur þó afgr. hann á hálfri dagstund. Samt hefur d. gert eitt skemmdarverk á frv. Það er varðandi 8. gr. frv. Þar hefur verið sett inn, að skipaskoðunarstjóri mætti vera siglingafræðingur. Ég vil leyfa mér að vísa til minna fyrri orða um þetta mál við síðustu umr. Skal ég því ekki deila um málið nú. Það hefur verið rætt hér, að þegar maður er settur í þetta embætti með lakari þekkingu, er öryggið skert. Ég vil leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við 8. gr., um, að orðin „eða siglingafræðingur" falli niður.

Ég skal svo ekki þreyta hæstv. forseta með því að halda uppi málþófi um þetta.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. við 8. gr. frá hv. þm. Barð. Hún er þannig: Orðin „eða siglingafræðingur" falli niður. — Hér þarf afbrigða við, og mun ég nú leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 982) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 982 felld með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, PM, ÞÞ.

nei: EE, GÍG, HV, HermJ, LJóh, PZ, SÁÓ, KG, BBen, BK.

StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.

2 þm. (JJós, BrB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 983).

---

18. Matsveina- og veitingaþjónaskóli.

Á 7. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla (stjfrv., A. 51).

Á 8. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er lagt fram af ríkisstj., er um matsveina- og veitingaþjónaskóla. Þegar bygging sjómannaskólans var hafin, og raunar áður, þegar rætt var um skóla fyrir sjómannastéttina, var gert ráð fyrir, að í þessum skóla, sem nú er langt komið að byggja, yrði einnig hafður skóli fyrir matsveina, samtímis því sem hann yrði skóli fyrir skipstjóra, vélstjóra og aðra fagmenn sjómannastéttarinnar. Skólahúsinu er nú svo langt komið,

að ætla má, að það húsnæði, sem ætlað er fyrir matsveinaskóla, verði búið um næstu áramót eða í byrjun næsta árs, og kemur því nú til kasta ríkisstj. og Alþ. að skipa þessum málum þannig, að skólastarf geti þar hafizt.

Ég þarf ekki að eyða að því mörgum orðum, hvílík nauðsyn það er, að þessi skóli sé settur á stofn. Mér hafa sagt kunnugir menn, að skortur mikill sé á lærðum mönnum í þessari grein, eða mönnum, sem geta farið svo með, að unnt sé að sætta sig við. Mér hefur t. d. verið sagt, að matsveinar á fiskiskipum séu það misjafnir, að oft og einatt sé fæðiskostnaður skipverja allt að því tvöfaldur á einu skipinu, miðað við það, sem er á öðru, en maturinn þó ekki betri, og kemur það víst til af því, að ekki sé of mikilli kunnáttu fyrir að fara. Þetta skólahald þarf að skiptast í margar greinar. Það þarf að kenna mönnum matreiðslu á fiskiskipum og flutningaskipum, t. d. auðvelda matargerð og framreiðslu, sem mundi ekki taka langan tíma, og svo þyrfti í öðru lagi að kenna matsveinum og veitingaþjónum það starf, sem þeir eiga að taka að sér við framreiðslu á farþegaskipum, sem er allt annars eðlis. Og loks hefur samband veitinga- og gistihúseigenda óskað eftir, að í þessum skóla yrði nokkurt tillit tekið til þeirra þarfa, þannig að veitingaþjónum yrði kennt þarna líka. Ráðuneytinu hafa borizt drög að frv. frá farmanna- og fiskimannasambandinu um þetta efni, sömuleiðis till. frá sambandi veitinga- og gistihúseigenda og þar að auki margar gagnlegar till. frá áhugamönnum í faginu. Allar þessar till. hefur ráðuneytið tekið til athugunar og reynt að samræma þær, og kemur árangurinn fram í því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég skal ekki fara langt út í að rekja efni frv. Það er ekki lengra en svo, að ég vænti þess, að hv. þdm. geti veitt sér tíma til að lesa það, en í frv. er kveðið á um það, hvað skuli kenna í skólanum, inntökuskilyrðin og hvernig kennslunni skuli hagað, um skólastjórn og annað það, sem venjulegt er að taka fram um hliðstæða skóla aðra. Það kann að orka tvímælis, hvað skuli taka af kennslunni og hvernig henni skuli hagað. En reynslan verður að skera úr því, og verður þá, ef annað reynist betra en hér er gert ráð fyrir, að byggja á þeirri reynslu og fá l. breytt samkv. því. En eins og nú standa sakir, er engin reynsla til að styðjast við í þessum efnum.

Tel ég svo ekki ástæðu að hafa fleiri orð um þetta frv., en vænti þess, að hv. þdm. taki því vel og skilji nauðsyn þess, að þessi skóli verði stofnaður, og greiði götu frv. gegnum deildina. Vænti ég þess svo, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 186).

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Sjútvn. hefur haft frv. þetta til athugunar og sent það til umsagnar fjögurra aðila, eins og nál. á þskj. 186 ber með sér. Umsagnir bárust frá tveimur, skólastj. stýrimannaskólans og Matsveina- og veitingaþjónafélagi Íslands. Í umsögn félagsins er lagt til að allverulegar breyt. verði gerðar á frv., er miða einkum í þá átt að skipta þeirri kennslu, sem ráðgerð er, í tvo aðalþætti, milli matsveina á gistihúsum og matsveina á skipaflotanum. Till. félagsins miða því í rauninni að því, að upp verði komið nokkurs konar iðnskóla, þar sem kennd sé matreiðsla og framreiðsla á gistihúsum. N. gat ekki orðið við ósk um þess háttar breytingu, því að eins og grg. frv. ber með sér, er höfuðtilgangur þessa skóla að bæta úr menntun matsveina á íslenzka skipaflotanum. En Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands vill setja þetta sjónarmið til hliðar, en leysa þann þátt málsins betur, að upp verði komið iðnskóla fyrir þá, er starfa á gistihúsunum. Hins vegar kom það fram í n., að ýmsir nm. líta svo á, að í framtíðinni muni sækja í það horf, að stofnaður verði sérstakur iðnskóli fyrir gistihúsin, eins og félagið leggur til, því að það muni sýna sig, að vandkvæðum verði bundið að hafa kennslu þessara aðila sameiginlega, þótt gert sé ráð fyrir því fyrst um sinn. Að því athuguðu leggur n. til, að frv. verði samþ. í öllum meginatriðum eins og það liggur fyrir, sbr. þó þá breyt., er n. leggur til, að gerð verði á 4. gr., en þar eru taldar upp þær skyldunámsgreinar, sem kenna á í skólanum. En þar sem höfuðtilgangur skólans er menntun matsveina á fiskiskipunum og gert er ráð fyrir því í 5. gr., að kennslunni verði hagað þannig, að matsveinarnir öðlist nægilega leikni og þekkingu í skólanum, þótti ekki ástæða til að telja upp allar námsgreinarnar í 4. gr., heldur breyta henni þannig, að námsgreinarnar verði ákveðnar með sérstakri reglugerð.

Rétt er að geta þess, að sjútvn. sneri sér til menntmn. Nd. og óskaði eftir umsögn hennar um þetta skólafrv. með sérstöku tilliti til þess, að það yrði í samræmi við önnur frv., er sú n. fær til meðferðar. En það atvikaðist nú þannig, að umsögn þeirrar n. barst ekki, fyrr en málið hafði verið afgr. í sjútvn. Menntmn. bendir í umsögn sinni á tvær breyt., og er það ætlun sjútvn. að taka þær til greina á milli 2. og 3. umr., en að svo stöddu leggur hún til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt. einni, sem getur á þskj. 186.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 186 (ný 4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 202, 212).

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Það er hv. 2. þm. S-M., sem er frsm. þessa frv., en það er í sjálfu sér ósköp einfalt, og þar eð hv. þm. S-M. er ekki viðstaddur, get ég vel gert nokkra grein fyrir þeim breytingum, sem við viljum láta á því verða. Í frv. er svo ráð fyrir gert, að skipuð sé 5 manna skólanefnd fyrir þennan skóla — mér þætti hentugast að hafa aðeins eina skólan. fyrir

sjómannafræðsluna í heild, en ekki skólanefnd fyrir hverja deild hennar — og skipi ríkisstj. 2 þeirra. En þar sem það er ekki venjulegt, þá kom okkur í sjútvn. saman um, að hún skyldi aðeins skipa einn, en í stað hins skyldi koma skólastjóri stýrimannaskólans, og væri það á alla lund heppilegra, þar eð hann hlýtur alltaf að vera manna kunnugastur í öllu því, er að fræðslu sjómanna lýtur.

Síðari breyt. er við 9. gr. frv., um það, að ríkissjóður greiði allan kostnað við skólahaldið. N. hafði áður mælt með því ákvæði 9. gr., að nemendur greiddu skólagjald, en nú hefur hv. menntmn. bent á, að það komi í bága við almenn l. um ríkisskóla. Hvort sem það er nú eðlilegt eða ekki, þá fannst n., að þetta þyrfti að vera í samræmi við löggjöf annarra ríkisskóla, og því sjálfsagt að nema burt úr 9. gr. frv. það ákvæði, sem kveður á um skólagjöld. Ég tel svo ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessum breyt. og vona, að þær nái samþykki þm.

ATKVGR.
Brtt. 212,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 212,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., 17. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 224).

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 224, n. 352).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar. N. er ljóst, að það er aðkallandi þörf fyrir skóla, þar sem hægt sé að kenna mönnum matreiðslu, sem ætla að stunda þau störf á fiski- og farþegaskipum. Hefur sjútvn. orðið sammála um að leggja til, að slíkur skóli verði settur á stofn. N. telur hins vegar ekki ástæðu til þess, að inn í þetta frv. verði tekin sérstaklega ákvæði um skyldukennslu fyrir aðra matsveina eða veitingaþjóna, þar sem ákvæði um þau atriði eru í gildandi iðnfræðslulögum. Hins vegar þótti sjútvn. rétt að taka upp hér heimildarákvæði um það, að heimilt sé að halda uppi við skólann, eftir því sem við verði komið og fé er veitt til þess í fjárl., bóklegri og verklegri kennslu fyrir þá, sem nema vilja að fullu matsveina- og veitingaþjónaiðn samkv. gildandi l. um iðnfræðslu. Þá þótti n. rétt að setja í þetta frv. heimildargr., þar sem ríkisstj. væri heimilað að starfrækja matsölu í sambandi við skólann. Það er ætlazt til þess, að þessi skóli verði í sjómannaskólahúsinu, og með því að ljóst er, að mjög mikil þörf er á matstofu fyrir allan þann fjölda nemenda, sem hefur aðsetur þar í því húsi að vetrinum, og jafnvel eru líkindi til, að hægt mundi vera að starfrækja þar í húsinu matstofu að sumrinu, þá þykir rétt og eðlilegt, að ríkisstj. hafi heimild til þess að láta starfrækja slíka matstofu. Og mætti vænta þess, að ágóði af slíku fyrirtæki gæti staðið að miklu eða öllu leyti undir kostnaði skóla þess, sem hér er um að ræða.

Sjútvn. taldi ekki ástæðu til þess að setja í lög ákvæði um skipun sérstaks skólaráðs við þennan skóla fremur en aðra skóla, sem starfræktir eru í sjómannaskólanum. Það mun vera svo, að skólarnir mynda með sér sjálfir skólaráð hver fyrir sig. Hins vegar þykir rétt, að ef sett er upp mötuneyti, þá sé sett stjórn yfir það fyrirtæki, skólastjóra og bryta til aðstoðar, en ætlazt er til, að skólastjóri og bryti sé einn og sami maður við þennan skóla.

Sjútvn. hefur því orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem ég skal gera hér nokkra grein fyrir. Brtt. n. eru á þskj. 352, og er 1. tölul. brtt. við 1. gr. frv., um, að sú gr. orðist um og verði: „Stofna skal og starfrækja skóla í Reykjavík, er veiti hagnýta kennslu þeim, er gerast vilja matsveinar á fiski- og flutningaskipum.“ 2. tölul. brtt. n. er um, að 2. gr. frv. verði breytt á þá leið, að nafn skólans verði Matsveinaskóli Íslands og að hann skuli hafa aðsetur í sjómannaskólanum og heyra undir sama ráðuneyti og sjómannafræðslan, og leggur sjútvn. til, að þessar tvær gr., tölul. 1. og 2. í brtt., komi í staðinn fyrir þær gr., sem eru í frv. 1. og 2. gr., eins og það kom frá hv. Nd. — Eftir till. n. verða 3. og 4. gr. frv. óbreyttar. En 5. gr. frv. þótti n. ástæða til að breyta nokkuð, eins og kemur fram í 3. tölul. í brtt. n., þar sem lagt er til, að úr þeirri gr. verði felld orðin „og framreiðslumenn“, þannig að tekin eru út úr þessari gr. ákvæði um námsskyldur og námstíma fyrir veitingaþjóna sem annarra nema undir iðnfræðslul. og aðeins haldið sig við, eftir till. n., þann hluta gr., sem snertir matsveina, sem ætla að starfa á fiski- og flutningaskipum.

Þá leggur n. til, að á eftir þessari gr. komi tvær nýjar gr., og hef ég áður getið um efni þeirra. Sú fyrri verði um það, að heimilt sé að halda uppi kennslu fyrir þá, sem ætla að verða matsveinar eða veitingaþjónar, þó að ekki sé á skipum, heldur samkv. gildandi l. um iðnfræðslu, en síðari gr. verði um heimild til að starfrækja mötuneyti við skólann. Þetta eru að vísu aðeins heimildargr. og ákvæði þeirra bundin við það, að fé verði veitt til þessa á fjárl. hverju sinni.

5. brtt. er við 6. gr. (sem verði þá 8. gr.), um það, hvernig skipa skuli skólastjóra og kennara og þá stjórn, sem ætlazt er til, að sé skólastjóra til aðstoðar við mötuneyti og matsölu skólans, og er ætlazt til, að þrír menn verði í þessari stjórn, til 4 ára í senn, og hafi einn þeirra verzlunarþekkingu.

Svo er við 7. gr. frv. brtt. undir tölul. 6 í brtt. n., um, að með reglugerð skuli sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið, svo og um mötuneyti og matsölu skólans. — Við 8. gr. er brtt. um, að í stað orðsins „skólaráði“ komi: ráðherra. Og við 9. gr. um, að í stað orðsins „skólahaldið“ komi: skólahald, mötuneyti og matsölu.

Að síðustu er svo lagt til, að fyrirsögn frv. verði breytt og verði: „Frv. til l. um Matsveinaskóla Íslands."

Allar þessar breyt. á frv. hafa verið ræddar við hæstv. samgmrh., sem málið heyrir undir og hefur tjáð, að hann gæti fellt sig við þessar breyt. og að hann geri það ekki að kappsmáli, þó að frv. sé breytt í þetta horf, sem n. leggur til. Sjútvn. hefur því lagt einróma til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég nú hef lýst.

ATKVGR.

Brtt. 352,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 352,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 352,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 352,4 (tvær nýjar gr., verða 6.—7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 352,5 (ný 6. gr., verður 8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 352,6 (ný 7. gr., verður 9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 352,7 samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 352,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 352,9 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um Matsveinaskóla Íslands.

Á 66. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 363).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur komið sér saman um brtt. við 6. gr. frv., að í stað orðanna „veitingaþjónaiðn" komi: framreiðslumannaiðn, og er það til samræmingar við iðnaðarlöggjöfina. Brtt. þessi er skrifleg, og leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 379) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 379 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 27. fundi í Sþ., 10. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 380).

Á 72. og 73. fundi í Nd., 12. og 13. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 18. febr., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 380, 416).

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég tók víst rétt eftir, að þetta væri 3. dagskrármálið. Þm. er kunnugt um, að þetta frv. var lagt fyrir af hæstv. samgmrh. og að það gekk hér lítið breytt gegnum þessa d. til Ed. Nú hefur frv. fengið meðferð í Ed. og tekið þar mjög miklum breytingum. Aðalefnisbreytingin, sem orðið hefur í Ed., er sú, að þessi fyrirhugaði skóli er í raun og veru orðinn að stuttu námskeiði fyrir matsveina á fiskiskipum. Nú er það svo, að ætlazt er til að taka mikið og dýrt húsnæði í stýrimannaskólanum fyrir þennan skóla og að stofnkostnaður við hann verði mjög mikill. Það virðist því á nokkrum misskilningi byggt hjá Ed. að ætla að skerða störf skólans svo mjög sem gert er með þeim breyt., sem voru gerðar þar, og virðist líka mjög undarlegt, að menn koma ekki auga á það, hversu mjög er þörf á því, að menn læri ekki aðeins að elda einfaldasta mat á fiskiskipum, heldur að menn eigi kost á að læra eldhússtörf og framreiðslu og annað, sem menn þurfa að kunna, sem vinna á farþegaskipum, hótelum og gistihúsum. Þessa menntun hafa menn þurft að sækja til annarra landa. Það er mjög dýrt, og er nú orðinn mikill skortur á mönnum á þessu sviði, og höfum við fram á síðustu ár orðið að hafa útlendinga við þessi störf.

Okkur virðist í sjútvn. þessarar d., að óhætt muni vera að breyta frv. í það horf, sem það hafði, í þeirri trú, að Ed. muni átta sig á því, að þetta er rétt stefna, að það eigi að vera fullkominn skóli til þess að mennta menn í þessari grein.

Hv. Ed. hefur breytt ýmsum smáatriðum, sem ég sé ekki ástæðu til að gera að umtalsefni, því að þau varða ekki miklu. En þó er ein breyt., sem ég verð að minnast á og fram kemur í 7. gr., eins og hún er nú, þar sem ætlazt er til, að ríkið reki veitingar og hafi veitingasölu til þess fólks, sem dvelur í sjómannaskólanum. Þetta getur orðið mjög umfangsmikið og stórkostlega mikið fyrirtæki fyrir sjómannaskólann, en hitt er öllum vitanlegt, að a. m. k. allir skólar landsins, sem hafa heimavist, hafa félagsbú fyrir nemendur og kennara, og er ekki ástæða til að efast um, að þessi skóli mundi einnig hafa það fyrir sína nemendur og kennara, sérstaklega þegar gert er ráð fyrir fullkomnara og betra húsnæði en er í öðrum skólum. Ég held, að ekki þurfi að hugsa fyrir þessu. Það verður sjálfsagt sama fyrirkomulag þarna og í öðrum skólum, að nemendur ganga í félagsmötuneyti og kjósa stjórn, sem lætur þá greiða fæðið, eins og það kostar, þegar gert er upp á vorin. Auk þess gæti félagsskapur nemenda eða skólinn sjálfur að einhverju leyti haft veitingar á öðrum tímum, því að í þessum skóla má búast við, að mikið verði um samkomur, sem veitinga krefjast. Ég ræð þetta af því, að í skólanum er fullkominn og góður veitingasalur, og a. m. k. allar greinar sjómannastéttarinnar og eflaust margir fleiri munu sækjast eftir að halda þarna skemmtanir.

Ég vil ekki þreyta hv. d. með því að fara út í hvert smáatriði. Ég vona, að þm. séu samþykkir þeim breyt., sem við höfum gert, og átti sig á því. Ég skal þó taka það fram, að við athugun leit sjútvn. svo á, að sú breyt., sem gerð var við 8. gr. í Ed., muni vera til bóta, og hefur því mælt með, að hún komi í staðinn fyrir 8. gr., sem í frv. var, en sú grein fjallar um stjórn skólans. Í frv. er ætlazt til, að skólanum sé stjórnað af skólaráði, er tilnefnt sé af ýmsum félagasamtökum. Nú er ætlazt til, að skólanum sé stjórnað af skólanefnd og sé skólastjóri formaður hennar. Við höfum fallizt á þessa breytingu að undanskildu því, sem talað er um ríkismötuneyti.

Ég vil að lokum leyfa mér að mælast til þess, að þm. fallist á þessa breyt., sem gerð er á þskj. 416.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það er alveg rétt, sem frsm. sjútvn. segir, að þetta frv. hefur tekið allverulegum breyt. í Ed. og á þann veg, að það var mjög dregið úr því skólahaldi, sem til var stofnað í upphafi með flutningi þessa frv. Eins og frv. var lagt fram í upphafi var gert ráð fyrir því, að auk þess sem þetta yrði skóli fyrir matsveina á fiskiskipum, sem áttu að fá nám sitt á einu ári, yrði þarna einnig skóli fyrir þá, sem vildu verða fullkomnir í iðninni og geta stundað hana á beztu hótelum og farþegaskipum, og var miðað við þriggja ára nám og stuðzt við reynslu, sem annars staðar er fengin um þetta efni.

Ég þarf ekki að taka það fram, að nauðsynlegt er að hafa hér á landi skóla og einmitt hér í þessum stað, sem getur útskrifað menn, sem geta innt þessi störf af hendi á farþegaskipum okkar, sem koma hvert af öðru, stór og fullkomin, og er öllum, sem þekkja til þessara mála, kunnugt, hve mikil þörfin er fyrir þessa menn. **(Forseti (BG):** Það verður að leggjast niður, að hv. þdm. séu á hljóðskrafi, meðan umr. fara fram.) Þessi breyt., sem gerð var í Ed., miðar að því að draga úr frv., eins og það var í upphafi, og hefur það verið fært niður í það að heimila skólahald fyrir matsveina á fiskiskipum í einn vetur. Hins vegar er því bætt við, að það megi halda námskeið eftir þörfum fyrir þá, sem ætla að vinna á farþegaskipum og hótelum, en eins og hér kemur fram, er hitt aðalatriðið.

Þó að ég fyrir mitt leyti mundi hafa sætt mig við þá afgreiðslu, sem Ed. gerði, verð ég að lýsa því yfir, að ég tel ólíkt, hvað úr frv. fæst, eins og það liggur fyrir á þskj. 416, en með þeim till. er það fært í það horf, sem það var áður. Mér þykir vænt um, að n. hefur séð sér fært að færa það aftur í sitt fyrra horf.

ATKVGR.
Brtt. 416,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 416,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 416,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 416,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 416,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 416,6 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 416,7 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Á 76. fundi í Ed., 19. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 419).

Á 78. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Með því að frv. þessu hefur verið gerbreytt í Nd., þá vil ég óska þess, að málið verði tekið af dagskrá og sjútvn. gefinn kostur á að athuga það á ný, áður en gengið er til atkv. um það hér.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil taka undir það, sem hv. form. n. og frsm. málsins á sínum tíma hefur lagt til. En ég vil að gefnu tilefni láta það koma fram, að mér þykir mjög leitt, hvaða tökum þetta mál hefur verið tekið í Nd. Það, sem skeð hafði hér við meðferð málsins, þegar það var hér á ferðinni, hné að því að koma þeirri skipan á um þennan skóla, sem frv. ætlast til, að reistur verði, sem yfirleitt var í samræmi við það, sem hægt var að framkvæma. Hér er ekki um neina smábreyt. að ræða, eins og frv. er orðið nú. Það er m. ö. o. sett í sama horf eins og það var, þegar það kom upphaflega til d. Skoðanamunur er hér mikill milli d. í þessu efni, og þykir mér mjög leitt, ef það yrði til þess, að málið tefjist frá því að hljóta afgreiðslu á þessu þingi, en ef d. heldur við sína afstöðu, þá liggur í hlutarins eðli, að það verður komið undir Sþ., hvort málið kemst nú fram eða ekki. Ég vildi láta þetta koma fram vegna þess, að ég býst við, að afstaða sjútvn. í málinu sé í raun og veru ekki breytt, en ég mun þá við framhaldsumr. gera grein fyrir afstöðu minni til málsins, en lýsi yfir því, að ég tel það hafa verið fært í rétt horf, eins og því var breytt hér í d. við 2. umr. málsins á sínum tíma.

Umr. frestað.

Á 79. og 85. fundi í Ed., 24. febr. og 5. marz, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Ed., 12. marz, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 419, 506).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar og rætt það mjög ýtarlega á ný. Hún getur ekki fallizt á þær breyt., sem gerðar voru á þessu frv. í hv. Nd., og ber því fram á ný brtt. við frv., sem eru á þskj. 506, alls átta að tölu og alveg samhljóða þeim breyt., sem hún bar fram við frv. við 2. umr. í þessari hv. d. Sjútvn. leggur því til, að málinu verði breytt í það horf, eins og hv. Ed. gekk frá því á þskj. nr. 463 eftir 2. umr. hér í hv. d.

Meginágreiningurinn í þessu máli er sá, að sjútvn. þessarar hv. d. lítur svo á, að hér eigi fyrst og fremst að koma á með samþ. þessa frv. fræðslu fyrir matsveina á fiskiskipum og flutningaskipum, en að ekki sé þörf á með þessu frv. að grípa inn í þá kennslu, sem ákveðin er með iðnfræðilöggjöfinni, hvorki viðvíkjandi veitingaþjónum né um fræðslu um fullkomna matreiðslu, þ. e. a. s. um skyldur og réttindi og fræðslu veitingaþjóna og matreiðslumanna, sem ákvæði eru nú um í iðnfræðslulöggjöfinni. Álítur sjútvn. ekki ástæðu til að blanda þeim ákvæðum inn í þessi l., sem frv. þetta stefnir að. Þegar svo reynsla kemur á þennan skóla, sem frv. þetta er um, eftir að hann byrjar að starfa, þá mun sú reynsla skera úr um það, hvort nauðsynlegt þykir að auka við skólann. En n. vill ekki, að skólinn sé reistur strax svo stór eins og gert er ráð fyrir með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á þessu frv. af hv. Nd.

Væntir sjútvn. þess, að brtt. hennar verði samþ., svo að málið komist í það form, sem það var í hér eftir 2. umr. í þessari hv. d. — Ég sé svo ekki, að þörf sé að ræða þetta mál frekar nú. Það hefur verið gefið út nál. um málið, svo að öllum hv. þdm. ætti að vera kunnugt um málið.

ATKVGR.
Brtt. 506,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 506,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 506,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 506,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 506,5 samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 506,6 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 506,7 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 506,8 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Sþ., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um Matsveinaskóla Íslands.

Á deildafundum 13. marz var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 519).

Á 40., 43. og 50. fundi í Sþ., 28. marz, 17. apríl og 5. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Sþ., 21. maí, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 519, 670).

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þessa brtt. á þskj. 670. Mál þetta hefur verið til meðferðar í báðum d. þings, eins og l. gera ráð fyrir, og einnig til einnar umr. í hvorri d. Það er þess vegna orðið hv. þm. allljóst, hvað þeir vilja aðhyllast.

Það, sem d. ber á milli, er aðallega ákvæði 5. gr. frv., og er það meira formsatriði, sem hv. Ed. vildi breyta og breytti, en hv. Nd. sýndist ekki fara betur og jafnvel lakar.

Ég skal aðeins taka það fram, sem hv. Nd. lagði sérstaklega áherzlu á og orðið hefur ágreiningur um í 5. gr. Það er það, að með þeim skóla, sem þannig væri stofnaður, yrði lagt í mikinn stofnkostnað í sambandi við hann, húsnæðið mundi kosta út af fyrir sig mörg hundruð þús. kr., ef ekki millj. kr., svo og öll áhöld og tæki, sem mundu kosta mjög mikið fé. Og sjútvn. Nd. sýndist það vera of mikill tilkostnaður, ef menn ætla ekki að læra meira þarna en gert er ráð fyrir í frv., eins og hv. Ed. hefur gengið frá því, en það er verkefni þessa skóla að hafa eins vetrar námskeið fyrir matsveina á fiskiskipum og flutningaskipum. En eins og kunnugt er, þá sækja Íslendingar nú mjög mikið og með ærnum kostnaði ýmiss konar nám varðandi matreiðslu og framreiðslu til annarra landa, og þegar þessi skóli kemst upp á annað borð hér á landi, þá sýndist sjútvn. Nd., að þessi skólastofnun ætti að losa okkur Íslendinga við þörfina fyrir að vera að sækja nám í þessum greinum til annarra landa.

Hv. d. féllst alveg á þessa skoðun n., að mig minnir ágreiningslaust. Hins vegar er mér ekki kunnugt um það, hvernig þetta hefur gengið í hv. Ed., en svo mikið er víst, að hv. Ed. breytti þessu frv. Okkur þótti eðlilegt, þegar svona ágreiningur er milli d., þá réði sú d., sem fjölmennari er. En ég ætla þó ekki að fara hér út í neinar kappræður út af þessu af þeim ástæðum, sem ég tók fram, að málið er orðið svo margrætt í báðum d., að þess gerist engin þörf.

Ég skal taka það fram, að sjútvn. og d. öll féllst á breyt. hv. Ed. varðandi mötuneyti skólans, að heimila ríkisstj. að láta starfrækja mötuneyti við skólann, en áður hafði verið ætlazt til, að sami háttur væri hafður þarna eins og í fjölmörgum skólum úti um land, að nemendur hafi þar um félagsskap sinn. En það má segja, að það skipti öðru máli um þennan skóla, og má búast við, að þar fari fram veitingar, sem ekki eru viðkomandi nemendum hans, svo sem við ýmsar samkomur og mót. Og að athuguðu máli féllst n. á þessa breyt. á frv.

Ég hef svo ekki annað um þetta að segja en að það er ósk okkar flm., sem erum allir í sjútvn., að þessi till. á þskj. 670, sem er alveg það sama og samþ. var af hv. Nd. án ágreinings, verði nú samþ. hér við meðferð málsins í Sþ.

Frsm. Ed-nefndar (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil leiðrétta þann misskilning, sem mér fannst koma fram hjá hv. 5. þm. Reykv. áðan. Það var í rauninni efnislegur ágreiningur um málið, og skal ég gera nokkra grein fyrir honum hér. Mér skildist, að þrátt fyrir það, þótt frsm. hafi haft þetta mál til meðferðar allan þingtímann, sé honum ekki kunnugt, að einmitt fyrir efnislegan ágreining í málinu hefur ekki tekizt að samþ. frv., eins og það liggur fyrir nú.

Eins og málið liggur fyrir á þskj. 519 og Ed. gekk frá því, er gert ráð fyrir, að þetta sé matsveinaskóli fyrir nemendur, sem fara á fiskiskip, eins vetrar skóli, en hins vegar verði hægt að halda uppi námskeiðum fyrir aðra. En eins og málið liggur fyrir á þskj. 670, þá er gert ráð fyrir 3—4 ára skóla í sambandi við iðnlöggjöfina, sem er allt annað mál. Iðnlöggjöfin ákveður, að nemendur í þessum skóla skuli fá sitt nám samkv. iðnlöggjöfinni, og þeir eru ráðnir samkv. sérstökum samningum, og ríkissjóður hefur ekki tekið á sig neina sérstaka fjárhagslega skuldbindingu um að annast námið fyrir þá menn, sem starfa eftir iðnlöggjöfinni, frekar en ákveðið er í iðnlöggjöfinni sjálfri. Þess vegna er hér verið að blanda saman tveimur óskyldum málum, en það vill ekki Ed. viðurkenna að ástæða sé til að gera.

Það er upplýst, eins og frsm. gat um, að kostnaður við þennan skóla verður mjög mikill, verði hann settur á stofn samkv. brtt. á þskj. 670, og hv. Ed. sér ekki ástæðu til þess að fara út í slíkan kostnað á þessu stigi málsins, og þess vegna leggur hún eindregið til, að frv. verði samþ. eins og gengið var frá því í hv. Ed., þar sem hvorki var ágreiningur um það í n. eða d.

Vil ég því mjög vænta þess, að með tilliti til þess, sem ég hef sagt, séu þær brtt., sem eru á þskj. 670, felldar og málið samþ. eins og það kom frá hv. Ed.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Það er ekki vani minn að blanda mér í mál, þegar tveir menn deila um það. En mér skilst, að ágreiningurinn í þessu máli, eftir því sem hv. frsm. hafa upplýst, sé hér á milli hv. d. Og það er alltaf svo, að það fer eftir því, hvernig málið er túlkað fyrir dm., hvaða afstöðu þeir taka.

Ég ætla að bæta hér ýmsu við það, sem form. sjútvn. Ed. gat um, og undirstrika það svo langt sem það nær. En mér þykir leitt, að málið skyldi snúast inn á þessa braut, jafnviðsjált eins og það er að ætla að koma upp matsveinaskóla í sjómannaskólanum og hefja allmikinn kostnað til þess að taka á móti nemendum í þann skóla. Deilan er um það, hvort þeir menn, sem ætla að nema matreiðslu fyrir farþegaskip og hótelrekstur í landinu, eigi að vera fastir nemendur í 3—4 ár á þessum skóla. Og misskilningurinn, eins og hv. form. sjútvn. Ed. skýrði frá, liggur í þessu. Þeir eiga að hafa sitt verklega nám, sumpart í hótelum,

sumpart á skipum, og að öðru leyti verklegt nám í skólanum eftir því, sem hann getur látið það í té. Það er ekki ætlazt til þess, að þessi skóli geti lagt það af mörkum að staðaldri, sem krafizt er á 1. fl. hóteli og fullkomnu farþegaskipi. Hins vegar er það opið í frv., að sú bóklega fræðsla, sem þessir menn eiga að hljóta, getur verið tekin upp við skólann, að svo miklu leyti sem þeir geta þá losnað við að stunda iðnskólanám, sem þeir eru nú skyldugir til samkv. l. Og það er, eins og ég sagði, opið vegna okkar till., að ráðuneytið haldi uppi þeirri bóklegu fræðslu, sem er mun meiri fyrir þessa matsveina en aðra matsveina. Meðal annars er þar um mikið tungumálanám að ræða, sem ekki er þörf fyrir þá að læra, sem aðeins eru á fiskiskipunum, svo sem franska, en slíkt er aftur talið nauðsynlegt á stórum farþegaskipum og hótelum, en það er ekki ætlazt til þess, að þessi skóli veiti svo fullkomna menntun.

Um kostnaðarhliðina er það að segja, að vitanlega kostar það meira að reka skólann allt árið. (**Forseti**: Ég vildi mælast til þess, að hv. þm. vildi reyna að stytta mál sitt.) Það er óviðeigandi, ef menn mega ekki ræða mál hér, og ég vil benda hæstv. forseta á, að ég hef ekki tafið fyrir honum fundi á þessu þingi.

Ég vil enn fremur benda á, að það er gert ráð fyrir því, að veitingaþjónar eigi að koma til náms í skólann. Ég álít rétt að geta þess, að slíkur skóli hefur engin skilyrði til þess að fullnuma veitingaþjóna, því að þeirra starf liggur mikið í æfingu, sem þeir fá með því að bera fyrir gesti á hótelum og skipum, og virðist vera óþarflega mikið að heimta 4 ára nám til þess, en þetta virðist nú orðinn siður, og skóli sem þessi hefur mjög takmörkuð skilyrði til að fullnuma menn í slíku starfi, því að það ber öllum saman um, sem eru lærðir í iðninni, að það sé æfing, sem sé bezti skólinn í þeim efnum.

Að síðustu skal ég geta þess, að sjútvn. Ed. ræddi ýtarlega við stéttarfélag þessara manna hér í bæ, og þeir töldu það skynsamlega leið, sem n. vildi fara inn á í þessum efnum. Við ræddum einnig við bryta, sem lengi hefur verið á skipi eimskipafélagsins og er mjög æfður í iðn sinni, og hann taldi, að um skynsamlega leið væri þarna að ræða hjá n.

Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta að stytta mál mitt og vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á sjónarmið okkar Ed-manna í þessu máli og felli brtt., sem fyrir liggur, því að það er nauðsynlegt, að málið gangi fram á þann viturlegasta hátt, sem hægt er að finna.

Forseti (JPálm): Ég vil mjög mælast til þess, að hv. þm. reyndu að stytta mál sitt, því að við höfum takmarkaðan fundartíma.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það má segja, að þetta mál hafi verið mikið rætt, en þó kemst ég ekki hjá því að segja nokkur orð, eins og nú er komið.

Það hefur farið svo, að d. hafa ekki getað orðið sammála um málið. Það hefur gengið á milli d., og Nd. hefur verið, kannske ekki alveg sammála öll, en mikill meiri hl. hennar hefur verið því fylgjandi, eins og það liggur fyrir með brtt. á þskj. 670, en hins vegar hefur hv. Ed. viljað takmarka mjög ákvæði frv. og mun, að því er mér virðist, ekki vera fáanleg til að færa málið aftur í það horf, sem það var í upphaflega.

Þegar þetta mál var upphaflega flutt hér frá því ráðuneyti, sem ég veiti forstöðu, var það gert eftir samráði við stjórn farmanna- og fiskimannasambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna og ýmsa aðra málsmetandi menn, sem eru þessari stétt háðir, og var reynt að fara eftir ýmsum till. þeirra í því frv., sem hér hefur verið borið fram.

Brtt. á þskj. 670 er svipuð því, sem frv. var í upphafi, áður en Ed. breytti því. Það, sem hér ber milli mála, er það, hvort eingöngu eigi að vera um lítinn kokkaskóla að ræða fyrir fiskiskip og flutningaskip, skóla, þar sem menn gætu numið þessi fræði í 6—7, kannske 8 mánuði, og síðan yrði það ekki meira. Er þá hugsað, að því námi væri komið fyrir með námskeiðum, eftir því sem fé yrði til þess veitt í fjárl. M. ö. o., allt skipulag skólans væri í lausu lofti og færi eftir því, hvað Alþ. vildi á hverjum tíma til skólans veita. Það er meginmunurinn, sem er á þessum tveimur sjónarmiðum d. og n., sem hafa beitt sér fyrir málinu, og verður hver að taka afstöðu til þess eftir því, sem hann vill gera upp við sig.

Nú fá matsveinar og veitingaþjónar kennslu sína eins og aðrir iðnaðarmenn hjá meisturum. Um það þarf ekki að fjölyrða, hversu miklu fullkomnara er, að því sé hagað eins og frv. gerir ráð fyrir, að nokkur hluti kennslunnar yrði í skóla, en nokkur hlutinn meistarakennsla. Ég hygg, að það sé það form, sem bezt gefst erlendis, en einhliða meistaranám eða einhliða skólanám gefist ekki eins vel. Þetta er að vísu ekki útilokað, eins og frv. er nú, en það er allt í lausu lofti og yrði að fara eftir því, hvað veitt yrði til skólans í fjárl. hverju sinni. Ef það verður svona, sætti ég mig við það, að frv. verði afgr. eins og Ed. gekk frá því, en ég vil miklu heldur og tel miklu betra fyrir málið, að það verði afgr. eins og sjútvn. leggur nú til og eins og það var borið fram í upphafi. Ég tel ekki hægt að fá fast skipulag á þennan skóla, nema hann verði hafður eitthvað á svipaðan hátt og þar kemur fram, nema þá sem matsveinaskóla fyrir fiskiskip og minni háttar flutningaskip, þar sem ekki er um að ræða nema eins árs nám.

Ég skal enn geta þess, að þegar málið var hjá mér í undirbúningi, þá ræddu við mig fulltrúar frá sambandi íslenzkra veitingahúseigenda, en þeir hafa stofnað með sér félag. Nú eru í landinu milli 60 og 70 veitingahús, að vísu mismunandi stór og mismunandi fullkomin, en þurfa þó öll á starfsfólki að halda, sem kann verk sín, m. a. þau, sem hér er veitt fræðsla í. Það má segja, að það sé ekki hlutverk sjómannaskólans að veita slíku fólki fræðslu, en hins vegar væri æskilegt, ef þessi fræðsla ætti sér stað í sjómannaskólanum, þá gætu þessir menn notið góðs þar af. Það var ósk þeirra, að ég ynni að og beitti mér fyrir, að svo yrði um hnútana búið, að hótelmenn gætu haft samflot með þeim, sem þessi skóli er sérstaklega ætlaður, því að matsveinsstarfið er mikið til það sama, hvort sem það fer fram á farþegaskipi eða á hóteli. Ég ætlaðist líka til þess, að hægt yrði að verða við þessum óskum með frv., eins og það var, og það er hægt, ef sú breyt. er samþ.,

sem hér liggur fyrir, en það er ekki hægt, ef gengið er frá frv. eins og það nú liggur fyrir.

Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég ætla, að hv. alþm. hafi gert sér grein fyrir, hvað hér er um að ræða. Ég vil aðeins með þessum orðum lýsa yfir, að ég óska heldur annarrar lausnarinnar en hinnar, þó að ég eftir atvikum geti sætt mig við hina, ef sú fæst ekki, sem ég vil heldur. En það, sem ekki má koma fyrir, er, að frv. sé fellt, því að það hefur verið gerður of mikill undirbúningur að byggingu sjómannaskólans til þess, að hann fari til ónýtis á þann hátt, að málinu sé drepið á dreif og ekki fæst að nota sér þá aðstöðu, sem er að verða þar fyrir hendi, því að með byggingu sjómannaskólans og þeim undirbúningi, sem þar hefur verið gerður, er hægt að hafa þessa starfsemi eins fullkomna og gert er ráð fyrir í frv., eins og það var og eins og brtt. fer fram á.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég get sparað mér svo að segja allt, sem ég ætlaði að segja, því að hæstv. samgmrh. hefur nú þegar tekið það fram, og get ég því að mestu látið nægja að vísa til þess. Ég ætlaði að rekja gang málsins, en hann hefur gert það, og þarf ég ekki frekar út í það að fara. En ég vil þó, af því að ég stóð upp, leiðrétta það, sem hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði sagt, að um þetta mál hefði verið togstreita, án þess að nokkuð bæri á milli. Ég sagði einmitt, að það hefði verið nokkur ágreiningur um málið, nefndi ekki togstreitu, en efnislegur ágreiningur hefði verið aðallega um 5. gr., og skýrði frá, hvað það væri, og það hefur hæstv. ráðh. nú undirstrikað.

Að öðru leyti þarf ég ekki neitt um þetta mál að ræða við hv. þm., en endurtek það, að málið er orðið svo kunnugt, að ekki ætti lengur að þurfa að deila um það. Ég vil þó skýra frá því, að hv. 1. landsk. sagði, að í þessum skóla gætu nemendur ekki, eins og hann komst að orði, haft nein skilyrði til að fullkomna sig, ef þar væri meira en eins vetrar nám, af því að þetta væri iðnskóli, en þeir gætu ekki fengið það verklega nám nema á hótelum eða farþegaskipum. Ég vil benda á, að það er ætlazt til, að þessi skóli hafi verulega starfræksku í þessum efnum, bæði matreiðslu og framreiðslu, því að þarna verður eflaust fullkomið mötuneyti, og þarna verður eflaust haldið uppi veitingum mjög fullkomnum fyrir ýmiss konar samkomur og mót, og eins og hæstv. ráðh. tók fram, einhvers staðar verður þó það bóklega nám að fara fram, sem á að veita þessum mönnum rétt til að ganga undir próf í þeim greinum.

Hv. 1. landsk. heldur fram, að matsveinafélagið *og brytar á skipum hafi undirbúið* þetta og þeir vilji heldur það form, sem Ed. hefur samþ. Ég vil benda á, að það, sem hæstv. ráðh. hefur gert í málinu, er það, að hann hefur rætt undirbúning þess við þessa aðila, svo að það er ólíklegt, að þeir, sem hafa unnið að þessum málum svo að árum skiptir, vilji ekki það, sem felst í þessari tillögu.

Forseti (JPálm): Ég vil nú mjög mælast til þess, að hv. þm. fari að verða stuttorðir.

Frsm. Ed-nefndar (Gísli Jónsson): Ég vil í tilefni af ræðu hæstv. ráðh. og hv. 5. þm. Reykv. leyfa mér, þar sem þeir hafa fullyrt, að þetta mál sé undirbúið í samvinnu við Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands, að lesa kafla úr bréfi frá félaginu til sjútvn. Nd. 21. nóv. 1946. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við erum alveg á móti því, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafi nokkur afskipti af þessum skóla, þar sem við teljum þennan skóla eiga að koma í stað iðnskóla fyrir þá, sem vilja læra þessar iðngreinar.“ Svo leyfa þeir sér að segja, að fullt samkomulag sé við þessa aðila. M. ö. o. það er togstreita um það, að veitingaþjónar og félag þeirra vill fá skóla fyrir sig sem iðnskóla. Nemendur hjá meisturum fá laun fyrir að nema í fjögur ár í stað þess að læra í skóla. Hvernig hefur hæstv. ráðh. hugsað sér að koma þessu fyrir? Ætlast hann til þess, að nemendur, sem ríkið kostar þennan skóla fyrir, haldi áfram að taka laun hjá meisturum? Ég er ekki viss um, að þetta sé eins djúpt hugsað og fram kom í ræðu hans. Það er verið að rjúfa iðnlöggjöfina með þessu. Hæstv. ráðh. er hér að beita sér fyrir sams konar breyt. og hann hefur áður beitt sér á móti, m. a. sveitaiðnskólunum. (**Samgmrh.:** Fjarri því.) Nei, hann notar bara rökin svona, þegar þau styðja hans *mál, þó að það sé þvert á móti því, hvernig* hann hefur notað sams konar rök daginn áður, eftir því sem honum býður við að horfa.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að ekkert er um það sagt, hvaða rétt þessir menn eigi að hafa á öðrum sviðum. Hæstv. ráðh. vill hér blanda saman námi við sjómannaskólann fyrir matsveina á fiskiskipum og námi fyrir matsveina á hótelum í landi, sem eiga að taka nám eftir allt öðrum l. Til þess ætlar hann að verja hundruðum þúsunda króna, eins og þessi skóli kemur til með að kosta, ef ekki er spyrnt fótum við.

Ég hygg, að ef hæstv. ráðh. vill tryggja málið hér, þá væri eðlilegast fyrir hann að fá málið tekið nú af dagskrá og reyna að bæta fyrir það, sem hann hefur alveg vanrækt, að fá samkomulag um það milli d. Hann hefur ekki fengizt til að ræða málið við Ed. Hann ætti að reyna að sjá til, hvort ekki er hægt að koma í veg fyrir, að frv. falli, bjarga því, sem bjarga þarf. Verði þessi brtt. samþ., þá hleypur hann þá áhættu, að málið nái ekki fram að ganga, því að þótt till. þurfi ekki nema einfaldan meiri hl., þá þarf málið sjálft ⅔. Hann hefur ekkert öryggi fyrir, að þetta góða mál verði ekki drepið fyrir honum. Ég vil því mjög mælast til þess, að hann fallist á, að málið sé nú tekið af dagskrá og reynt að fá samkomulag um málið milli deildanna.

Sigurjón Á. Ólafsson: Til þess að spara umr. vil ég eindregið taka undir það, sem form. sjútvn. Ed. lagði til, að málið sé nú tekið af dagskrá. Það er ekki eins einfalt og hæstv. ráðh. vill vera láta. Það virðist, að sá misskilningur hafi komizt inn í málið, að þar sé farið eftir till. manna, sem hafa ekki hugsað málið svo vel sem vera ber.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég er mjög fús á *að taka til athugunar ósk* hv. 1. landsk. í þessu efni. Hins vegar hef ég sjaldan fengið neitt samkomulag út úr því að verða við óskum hv. þm. Barð. um samkomulag, því að það samkomulag, sem hann vill komast að í málum, er sjaldan annað en

það, að hans sjónarmið fái að ráða. Málið er búið að dragast svo lengi, að ég efast um, að það verði afgr. frá þessu þingi, ef það er tekið út nú. Hins vegar vil ég ekki standa á móti því, að málið sé tekið af dagskrá, ef trygging er fyrir, að það verði tekið til afgreiðslu, áður en þingi lýkur.

Ég get þó ekki stillt mig um að mótmæla fáu einu af þeim firrum, sem hv. þm. Barð. lét sér um munn fara. Hann líkti þessum skóla við sveitaiðnskóla, sem er mesta fjarstæða, sem hugsast má. Ég hef aldrei verið á móti því, að menn fari í iðnskóla og njóti þar verulegrar kennslu, en frv. um iðnskóla í sveitum var byggt á því, að menn lærðu á stuttum tíma 5—6 iðngreinar, og að segja, að þetta séu svipuð mál, er herfilegasta fjarstæða og sýnir, hvað hv. þm. Barð. hefur lítið sett sig inn í bæði málin.

Hvað viðvíkur því, að ég tali í dag gagnstætt því, sem ég gerði í gær, þá verður það að standa á reikning hv. þm. Ég kannast ekki við það, og ég er vanur að fara eftir rökum, sem berast mér. Hv. þm. verður að sanna þessa fullyrðingu sína betur, ef hann ætlast til, að þm. trúi henni.

Það er einnig rangt, að hér sé verið að rjúfa iðnlögin, því að það er gert ráð fyrir, að menn verði á launum hjá meisturum eins og nemendur yfirleitt, meðan þeir eru í meistaranámi, en á venjulegum skólabekk, meðan þeir eru í skóla, án þess að fá laun. Það hefur hvergi komið fram nema hjá hv. þm. Barð., að menn eigi að fá laun, meðan þeir eru í skóla, eða hvar hefur komið fram, að það ætti svo að vera? Það hefur engum dottið í hug. Hins vegar tíðkast það víða erlendis, þar sem þessum málum er bezt skipað, að menn séu í verklegu námi hjá meisturum nokkurn tíma og síðan í skóla til að fá það teoretiska nám betur en þeir geta fengið í meistarakennslu. Hér er reynt að taka það bezta úr báðum, og því trúir enginn, að hv. þm. Barð. sé fróðari um þessa hluti en reyndustu menn í öðrum löndum, þar sem þetta hefur gefizt bezt. Í Sviss, þar sem hótelþjónusta er í því bezta lagi, sem hægt er að hugsa sér, eru menn venjulega 6 mánuði í skóla, 6 mánuði á hóteli, svo í skóla, svo á hóteli og þannig á víxl. Þeir þykjast ekki of góðir til að láta skólanámið og verklega námið haldast í hendur. Það er sama, þó að þar sé hótelþjónusta, en hér á skipum, því að matsveinsstaða á farþegaskipum er á margan hátt svo lík því, sem gerist á hótelum, en það er eins og oft kemur fyrir með hv. þm. Barð., að ef hann grípur eitthvað í sig, þá þoka honum engin rök.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 23. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 670 samþ. með 29:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SteindSt, KG, BÁ, BBen, SnJ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GÞG, HelgJ, HermG, IngJ, JJós, JörB, KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, JPálm.

nei: ÁS, BK, EE, GJ, HV, HermJ, LJóh, PZ, PM, SÁÓ, StgrA, ÞÞ.

BrB, GÞ, GÍG, GTh, AG, AuA greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (HÁ, PH, JJ, ÓTh, SB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 40:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HelgJ, HermG, IngJ, AuA, JJós, JörB, KTh, LJóh, LJós, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, SteindSt, KG, BÁ, BBen, BK, BrB, SnJ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GÍG, GTh, GÞG, AG, JPálm.

nei: PZ, PM, GJ.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

8 þm. (HermJ, PH, JJ, ÓTh, SB, EE, GSv, HÁ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sigurjón Á. Ólafsson: Þar sem ég tel nauðsynlegt, að einhver lög um að koma slíkum skóla á stofn séu til, en tel jafnframt, að þetta frv. þurfi mikillar leiðréttingar við, segi ég já í því trausti, að sú leiðrétting fáist á næsta þingi.

Gísli Jónsson: Það er vitanlegt fyrir þá, sem hafa sett sig inn í þetta mál, að brtt. hér kostar á aðra milljón króna fyrir ríkið. Ég tel, að þessu hefði mátt koma betur fyrir, og segi því nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1000).

19. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús (stjfrv.).

Á 50. fundi í Sþ., 5. maí, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (þmfrv., A. 756).

Á 122. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er nú vonazt eftir því, að smíði þjóðleikhússins ljúki í lok þessa árs, eða rétt eftir næstu áramót. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefur skemmtanaskatturinn runnið óskertur til þjóðleikhússins, en frv. þetta leggur til, að eftir 1. janúar 1948 verði 10% af skemmtanaskattinum varið til lestrarfélaga og kennslukvikmynda, en hinum hluta fjárins skipt til helminga í rekstrarsjóð þjóðleikhússins og hinum hlutanum í sjóð til bygginga félagsheimila. Þetta eru þær breytingar, sem ríkisstj. hefur gert í þessu máli.

Hér eru á dagskránni tvö frv., er snerta frv. þetta, og ætti hv. menntmn. að láta þessi 3 frv. fylgjast að. Það er óþarfi að fjölyrða um þetta frv., en ég óska þess, að málinu verði vísað til hv. menntmn., sem ég vænti, að taki málið mjög fljótt til athugunar og skili því fljótt frá sér.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Snemma á þessu þingi flutti ég og hv. 2. þm. Rang. frv. til l. um breyt á l. um skemmtanaskatt. Þessi skattur hefur runnið í þjóðleikhússjóð. Í okkar frv. var gert ráð fyrir, að skatturinn rynni að ¼ í þjóðleikhússjóð og hinn hluti skattsins rynni í sjóð til byggingar samkomuhúsa í sveitum og til félagsheimila.

Nú hefur frv. þetta legið hjá hv. menntmn. þessarar deildar, og síðan þetta frv. kom fram, höfum við látið það kyrrt liggja. Nú er lagt til, að 45% skemmtanaskattsins renni í þjóðleikhússjóð, 10% til lestrarfélaga og hinn hlutinn til samkomuhúsa og félagsheimila. Ég fagna þessu, að taka hluta af skemmtanaskattinum til byggingar samkomuhúsa úti um land. Ég hef oft bent á það, að ríka nauðsyn bæri til þess að skapa aðstöðu fyrir skemmtanalíf úti um land. Þetta frv. byggir á sömu stefnu og frv. okkar hv. 2. þm. Rang. gerði, en ég læt þó í ljós, að mín skoðun er sú, að hægt hefði verið að ganga inn á hærra hlutfall til félagsheimila. Allur skemmtanaskatturinn hefur gengið og gengur til þjóðleikhússins. Að vísu var hann tekinn af um tíma og rann þá til annarra hluta, en síðan árið 1940 hefur skemmtanaskatturinn runnið óskertur til þjóðleikhússins. En þó hundraðstalan til félagsheimilasjóðs mætti vera nokkru hærri og ég mundi telja það réttmætara, þá mun ég samt sætta mig við þær till., sem felast í þessu frv. Og ég vil loks leyfa mér að ítreka það, að skemmtanalíf og félagslíf mun hafa mjög gott af þessu frv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér láðist að taka það fram áðan, að flm. þeir, sem stóðu að frv. um breyt. á l. um skemmtanaskatt og frv. um félagsheimili, að þessir menn hafa unnið með ríkisstj. að þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það gleður mig að heyra, að hv. þm. N-Ísf. skuli vera svo mjög ánægður yfir þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á frv. hans frá í vetur, sem gerði ráð fyrir því, að 75% skemmtanaskattsins rynni til samkomuhúsa úti um land, en nú aðeins 45%. Þetta finnst mér mikil rausn af honum. En þetta er ekki eins einfalt og hann heldur. Hér er um að ræða eins konar prufumál um viðhorfið til sveitanna og kaupstaðanna. Í 20 ár hefur öll þjóðin lagt á sig byrðar til þess að koma upp þjóðleikhúsi í Reykjavík, og öll þjóðin hefur verið skattlögð í aldarfjórðung til þess að unnt væri að koma upp leikhúsi handa mönnum, sem leika, og nú á að byrja að nota skemmtanaskattinn til byggingar leikhúsa og samkomuhúsa úti um land. Og er menn líta á það, að stærsta vandamál þjóðarinnar er aðstreymið til Reykjavíkur og þar með blasir við eyðing landsins, þá svarar hæstv. menntmrh. með því að festa helming skemmtanaskattssjóðsins í þjóðleikhúsinu, í stað þess að lyfta undir vanræktu staði úti á landsbyggðinni. Það er viðsjárvert af hv. þm. N-Ísf. að þakka þetta, er ríkisstj. gerir enn meiri mun á milli Reykjavíkur og kaupstaðanna hinna. Það hefði afi hans ekki gert, að þakka fyrir það, sem er misgert.

Hér hefur fjármálahlið þessa máls verið rædd og er þá varla hægt að komast hjá því að taka þetta mál til frekari meðferðar.

Ég ætla fyrst að segja fáein orð um það, hvernig grundvöllurinn er undir þessu máli. Aðstaða áhugamanna í þessu máli er sú, að Reykjavík býr enn þá við Iðnó, sem var byggð um aldamót. Þegar svo farið var að bæta úr þessu, þá kemur upp hús í Reykjavík, sem ekki gekk betur með en svo, að l. um það voru samþ. 1923, en árið eftir kom fram af sparnaðarástæðum till. um það að taka hluta af þessu fé og nota það til annarra þarfa, en úr því varð þó ekki, því að þeir, sem stóðu að leikhúsinu, hindruðu það. Svo liðu nokkur ár, og 1932 var húsið gert fokhelt. Þá var skellt á l. um að taka hvern eyri af húsinu. En 1932—1940 var föðurlandið svo fátækt, að það var rætt um það að skila þessum peningum aftur. Þá var hæstv. núverandi menntmrh. fjmrh., og þá kom ekki fram hans áhugi.

Þegar svo Bretar komu 1940, sögðu þeir: Okkur vantar hús, hér er stórt hús, sem þjóðin hefur ekkert við að gera. Nú á að setja 40 fasta menn í húsið til þess að skemmta okkur hér í Reykjavík. Og nú verð ég að hryggja hæstv. kennslumrh. með því að segja honum, að fátæktin er ekki búin enn. Við höfum verið að basla við að halda áfram leikhúsbyggingunni nú í 3 ár, en annaðhvort vantað efni eða smiði og múrara, og þess vegna hefur verkið gengið seint. Nú er svo komið, að það er hugsanlegt, að byggingunni verði lokið á þessu ári. En hvernig haldið þið, að ástandið sé? Það þarf mjög mikið af aðfluttu efni til þess að ljúka við húsið. Við, sem erum í leikhúsn., erum búnir að elta ólar við gjaldeyrisn. í sumar og vetur og fengum síðast fyrir nokkrum vikum nokkurt gjaldeyrisleyfi, ekki þó fyrir öllu, sem þurfti. En hvernig er okkar aðstaða til að nota gjaldeyrinn? Það eru viss „partí" viðvíkjandi byggingu leikhúsa, sem við höfum fengið send frá öðrum löndum í haust og ekki hafa verið innleyst enn sökum gjaldeyrisskorts. Ástandið er því þannig, að ef ekki kemur eitthvert óvænt happ fyrir, þá er ekki hægt að koma leikhúsinu áfram fyrir gjaldeyrisskorti.

Þegar maður nú lítur yfir þessa sorgarsögu leikhússins, þá segi ég: Eru nokkrar líkur til, að í framtíðinni verði bjartara en var 1924—1930, þegar menn vildu taka byggingarsjóðinn til annars, og bjartara en 1932—1944? Ég segi nei. Það er nú svartara útlit vegna þess, hvað dýrtíðin er miklu hærri en nokkurn tíma var á þessum árum.

Ég bjóst við því, að hæstv. menntmrh. mundi kannske sökum ókunnugleika í þessu máli lenda inn á þá braut að fara í fótspor fyrirrennara síns í þessu máli, og þess vegna gerði ég honum það til leiðbeiningar og öðrum þm. að flytja þáltill. fyrir nokkru með ýtarlegri grg., þar sem lögð er fram einfaldasta hliðin á þessu máli, og hún er þessi: Við getum ekki gengið inn á þessa braut nema móðga allt fólk utan Reykjavíkur. Þetta frv. er rekið fram af áhugamönnum hér í Reykjavík, sem ætla að fá atvinnu og vera á föstum launum. Þetta læt ég nægja viðvíkjandi þessu frv. Ég býst við því, að sú n., sem fær frv. til meðferðar, geri rétt í því að athuga þetta dálítið betur.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem fram hefur komið. Það

er talað hér um þetta mál eins og það sé verið að taka skemmtanaskattinn af dreifbýlinu í landinu og eigi að fara að verja honum í þágu Reykjavíkur, þótt það sanna í málinu sé, að skemmtanaskatturinn hefur runnið einvörðungu í þjóðleikhússjóðinn. Nú er gert ráð fyrir að taka nær helming af honum framvegis og verja því til samkomuhúsabygginga um allt land og er þar með stigið það mikla skref að styðja þetta mikla áhugamál að koma upp samkomuhúsum í landinu. Það eru til menn í landinu, sem líta þannig á, að það eigi að láta þjóðleikhúslögin vera óbreytt, það veiti ekki af skemmtanaskattinum til að standa undir leikhúsmálum, og n., sem undirbjó l., gerði ráð fyrir þessu. Að hinu leytinu eru svo öfgamenn, sem virðast líta þannig á, að það þurfi að taka allan skemmtanaskattinn frá rekstri þjóðleikhússins. En það er ekki hægt að fara eftir öfgamönnum, hvorki þeim, sem tala eins og hv. síðasti ræðumaður, né hinum, sem vilja, að skemmtanaskatturinn sé notaður til þess að kosta rekstur þjóðleikhússins. Hér verður að fara milliveginn, að ætla nokkuð eðlilega upphæð úr sjóðnum til þess að standa undir rekstri þjóðleikhússins sómasamlega, en verja hinu til þess að koma upp samkomuhúsum, en það er sú leið, sem mörkuð er í þessu frv. og ég vona, að hv. þd. og hæstv. Alþ. geti fallizt á. Það kann vel að vera, að það megi hnika eitthvað til prósenttölunni, sem ráðgerð er í frv., og má athuga það í menntmn., en aðalstefnan verður að vera sú, að þessu verði skipt nú að þessu sinni og síðan skeri framtíðin úr um það, hvort þá muni hægt að gera á því aðrar breyt. Ég býst við, að hv. þm. S-Þ. hafi haldið ámóta ræðu eins og andstæðingar hans hafa haldið, þegar hann var að berjast fyrir þjóðleikhúsinu. Ég hygg, að mönnum hafi þá fundizt ekkert vit í því að draga saman allt þetta fé í byggingu leikhúss í Reykjavík. En ég veit, að sú skoðun er ekki ofan á nú að láta þetta undir höfuð leggjast. Nú er ekki um annað að ræða en að sjá fyrir rekstri þjóðleikhússins þannig, að þar geti farið fram starfsemi, sem sé landsmönnum til sóma. En það verður ekki gert án þess að leggja þar til eitthvert fé, því að þetta þjóðráð, sem hv. þm. S-Þ. segist hafa látið koma fram til að leiðbeina um það, að ríkið reki ekki þjóðleikhúsið, heldur verði það leigt einkafélagi til að reka þar starfsemi sína, mundi ekki verða kostnaðarlaust fyrir ríkið. Það er augljóst, að ekkert einkafélag mundi taka á leigu þjóðleikhúsið til þess að hafa þar leikstarfsemi með myndarbrag án þess að fá styrk frá því opinbera, og vafalaust yrði sá styrkur eins hár og sá halli, sem kynni að verða á leikhúsinu, ef ríkið ræki það. Þetta er vafasamt, auk þess sem ekkert einkafélag er til í landinu, sem tæki að sér að reka starfsemi þjóðleikhússins á þennan hátt. Hér er um tvær stefnur að ræða. Önnur er að láta þjóðleikhúsið standa autt og tómt, eftir að búið er að koma því upp, eða þá, að ríkið taki að sér að reka leikstarfsemi í húsinu. Hitt er svo annað mál, hvað umfangsmikil sú starfsemi má vera til þess að ofbjóða ekki fjárhagsgetu landsins, en um það skal ég ekki fara mörgum orðum í þessu sambandi. Ég vildi aðeins benda á þetta, að það eru öfgar á allar hliðar í þessu máli eins og öðrum. Hér er verið að þræða þá skynsamlegu meðalleið.

Mér finnst það vera óvirðingarorð, sem hv. þm. S-Þ. mælti í garð íslenzkra leikara: að þeir hefðu engan áhuga á þessu nema nokkrir menn, sem vildu fá atvinnu. Ég þekki ekki marga af þessum leikurum persónulega, en mér finnst þeir eiga allt annað og betra skilið en þau svigurmæli, sem hv. þm. S-Þ. flutti. Það er merkilegt, hvað íslenzkir leikarar hafa lagt á sig undanfarin ár fyrir lítið endurgjald í aðra hönd. Þeir hafa haldið uppi leikstarfsemi um áratugi við skilyrði, sem hafa verið hörmulega erfið. Er furðulegt, að þessir menn skuli hafa lagt á sig annað eins erfiði fyrir sama sem ekkert endurgjald, og það er enginn vafi á því, að aðalástæðan til þess er sú, að þeir hafa tekið ástfóstri við þessa list að leika, og það er það, sem hefur rekið þá áfram. Þeir eiga því allt annað skilið en þessi óvirðingarorð hv. þm. S-Þ. Það er ákaflega eðlilegt, að þeir, sem hafa sýnt jafnmikla fórnarlund og íslenzkir leikarar, hafi áhuga fyrir því, að hér geti orðið rekið myndarlegt þjóðleikhús, og ég verð að segja það, að það þarf mikið hugmyndaflug til þess að bera þeim eigingjarnar hvatir á brýn, þegar athugað er, hvernig þeir hafa starfað að þessum málum undanfarin ár. Það er ekkert undarlegt við það, þó að íslenzkir leikarar láti frá sér heyra um það og ræði um það, að hér megi ekki skera við nögl. En hitt er annað mál, að það er ekki hægt að taka alveg til greina till. þeirra um þessi efni, vegna þess að okkur leikmönnum í þessari listgrein finnst þeir hafa spennt bogann hærra en í rauninni sé hægt að gera, og þess vegna verður að draga frá þeirra till. í þessum efnum. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 123. fundi í Nd., 7. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 756, n. 821).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta mál og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með óverulegri breyt. Öll n. var sammála um þá meginstefnu, sem fram kemur í frv., að rétt væri að hverfa að því að skipta skemmtanaskattinum þannig, að nokkur hluti hans renni framvegis til þess að stuðla að því, að byggð verði ný og fullkomin samkomuhús úti um byggðir landsins, þannig að aukin og bætt skilyrði skapist fyrir félagslíf úti um landið. Hins vegar ríkti nokkur ágreiningur um það, í hvaða hlutfalli þessum skatti skyldi skipt milli þeirra aðila, sem frv. ræðir um. Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að bera fram eða fylgja brtt. um það atriði. Ég get hins vegar gefið upplýsingar fyrir mína hönd og hv. þm. Snæf. Við munum ekki við þessa umr. flytja neinar brtt. um þessi atriði, sem við þó höfðum áskilið okkur umhugsunarfrest um, og ég tel æskilegt fyrir framgang málsins, að á þessu stigi yrðu ekki bornar

fram aðrar brtt. en þær, sem n. flytur á þskj. 821, en þær eru tvær. Í fyrsta lagi leggur n. til, að 1. málsgr. 1. gr. verði breytt eins og segir í brtt. En samkv. henni eru aðeins tekin inn orðin: og viðaukum við þau. Það hafa verið samþ. viðaukal. við skemmtanaskattinn, og er þess vegna betra samræmi í því, að þau væru einnig tekin upp í þessa gr. Við 3. tölul. flutti n. brtt., sem að vísu kemur ekki fram í nál., vegna þess að þar er um misprentun að ræða. Þetta átti að vera þannig, að í staðinn fyrir „kennslukvikmyndasafns" átti að koma: kennslukvikmyndasafna. Þessi brtt. er sprottin af því, að í l. um lestrarfélög og kennslukvikmyndir er einungis gert ráð fyrir kennslukvikmyndasafni ríkisins. Nú er það hins vegar þannig, að einstök bæjarfélög og sveitarfélög hafa stofnað kennslukvikmyndasöfn og eru í undirbúningi með það. N. þótti því rétt, að þessi kennslukvikmyndasöfn bæjar- og sveitarfélaga gætu einnig notið þeirra tekna, sem þarna er gert ráð fyrir. Ég hef því óskað þess, að þetta þskj. verði prentað upp og jafnhliða yrði felldur niður síðasti málsliður þessarar málsgr., og býst ég við, að þessu þskj. muni mjög fljótlega verða útbýtt uppprentuðu í hv. d. Enn fremur hafa hlutföllin í 3. málsgr. snúizt við, þar stendur ⅔, en á að vera ½, er það prentvilla, og hefur n. leiðrétt það. Ég hef svo ekki fleira um þetta að segja fyrir hönd menntmn., en vil vænta þess, að þetta mál fái góðar undirtektir hjá hv. þd. Hér er um merkilegt mál að ræða, sem miklar vonir standa til, ef til framkvæmda kemur. Vil ég svo óska þess, að málinu verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil leyfa mér að þakka hv. n. sérstaklega fyrir fljóta og góða fyrirgreiðslu þessa máls og láta í ljós ánægju mína yfir hennar till. í málinu og vænti þess, að hv. þd. fallist á að greiða fyrir málinu fyrir sitt leyti jafnfljótt og vel og n. hefur gert. Ég vil annars beina því til manna að láta niður falla að flytja brtt. um breytta ráðstöfun fjárins frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég get vel skilið, að það séu mismunandi meiningar um það, hvernig þessi skipting skuli vera, en nú er búið að leggja vinnu í það að fá nokkurt samkomulag um þá skiptingu, sem frv. gerir ráð fyrir, og er því nokkuð undir hælinn lagt, hvernig færi um málið, ef það yrði hrakið verulega. Þess vegna vil ég mælast til þess, að menn sameinist um að afgreiða það eins og það liggur fyrir.

Jónas Jónsson: Ég held, að það sé ekki að öllu leyti heppilegt að láta þetta frv., eins og það er nú, ganga óbreytt gegnum d. Ef það verður, þá verður það þeim til leiðinda síðar, sem þess hafa beðið, vegna þess að þetta mál er talsvert lítið undirbúið, en minna hugsað af þeim, sem standa að því. Þetta mál, sem hér er um að ræða, er ekki lítið fjármál, og þjóðmál líka. Hér er um að ræða, að sjóði, sem er 1300000 kr., verði varið til þess að ljúka við leikhús í Reykjavík. Ef farið væri að eins og skynsamlegt væri, mundi þessum sjóði varið til þess að hjálpa öllum landslýð utan Reykjavíkur til að koma upp samkomuhúsum, þegar Reykjavíkurhúsinu er lokið. En í staðinn fyrir þetta leggur hæstv. menntmrh. að n., sem fjallar um málið, að hér verði hafður á annar háttur, það verði ekki einu sinni helmingur fjárins látinn ganga til þess að koma upp samkomuhúsum utan Reykjavíkur. Það á að hætta við það starf, sem sjóðurinn hafði, að ráða fram úr peningavandræðum, en ef þessu er hætt, þá má telja víst, að það komi óánægja í hina stærri kaupstaði með það að vera að leggja fé í þetta, en fá engan stuðning af því fé, sem varið er til leikstarfsemi í Reykjavík. Það er eðlilegt, að Akureyri, sem nú leggur 140 þús. kr. í skemmtanaskatt, og Ísafjörður, sem leggur fram 80 þús. kr. — þeir staðir séu óánægðir með það, að Reykjavík fái helming af þessu fé. Það væri eðlilegt, að þessir staðir segðu: Nú viljum við fá okkar sjóð. Þess vegna má segja um þessa aðferð, sem hæstv. menntmrh. mælti með, að það sé útilokað, að það verði nokkuð úr samkomuhúsbyggingum meðal fólksins, sem býr utan Reykjavíkur. En af því að hér er mjög ógætilega að farið í fjármálum, þá finnst mér ekki úr vegi að minna hæstv. ríkisstj. á það, að einn af stuðningsmönnum hennar sagði við mig fyrir fáum vikum, er ég spurði hann, hvernig gangi hjá stjórninni. Hann sagði: „Ég held, að fiskurinn drepi okkur". Ég hitti annan stuðningsmann stjórnarinnar og spurði hann, hvort hann væri bjartsýnn á framtíðina. Hann sagði: „Ég held, að tryggingarnar frá í fyrra og skólafyrirkomulagið drepi okkur." En hvað er það, sem er að drepa okkur? Það er hin óskaplega ógætilega meðferð á fjármunum s. l. 2 ár, og ég mun leiða rök að því, að það, sem hér er verið að gera, er alveg sama ógætnin. Hér er óundirbúið mál og ekkert tillit tekið til þeirrar reynslu, sem menn hefðu átt að vita um, heldur er farið þveröfugt að. Mér kæmi ekki á óvart, þó að það færi svo um þetta mál, að ég væri sá eini, sem leyfði sér að standa á móti þessum grundvelli fyrir þjóðina. Þegar tekin var ábyrgð á fiskinum, var það ákaflega ógætilegt, og það mun leiða til óheilla, sem gert var þá á löggjafarþinginu. Þá var flaustrið svo mikið, að saltfiskurinn var tryggður of hátt í hlutfalli við það, sem var miðað við frosinn fisk. Það er rétt að benda hæstv. ráðh. á það, að nú eru fjöldamargir þm. að fá samvizkubit af þessu. Það, sem gert var í vetur með fiskábyrgðina, er einsdæmi.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að fá um leið nokkra fræðslu hjá hæstv. ráðh. um annað mál, sem lagt var fram sem þáltill., en var ekki rædd. Þetta mál var um héraðsskóla og húsmæðraskóla í sveitum, en þeir eru nú orðnir gjaldþrota. T. d. eru 2 skólar í Þingeyjarsýslu, héraðsskólinn og barnaskólinn, komnir undir þessi nýju fræðslul., og það er lagt á sýsluna að greiða það mikið í laun við þessar stofnanir, að sýslan mundi verða að láta allan sinn sýslusjóð í það. Hér er verið að gera eins mikið óhappaverk og það er einstakt. Ég vil gjarnan heyra frá hæstv. ráðh., hvernig hann ætlar ríkisstj. að bæta úr þessu. Ætlar hann að láta suma af kennurunum ekki fá nein laun? Í stuttu máli, nokkrir af gagnlegustu skólum landsins eru gjaldþrota stofnanir, sem enginn vill eiga, og það er engum um að kenna nema andvaraleysi þeirra manna, sem höfðu forgöngu um þetta, en voru ekki menn til þess. Kem ég þá að þessu máli.

Ríkisstj. ætlar hér að byrja alveg nýjar leiðir, sem hún ætlast til, að hefjist hér í Reykjavík með ríkisrekstri á stóru leikhúsi. Það, sem hér er

gert af hæstv. menntmrh., er fordæmalaust. Það hefur enginn lagt út í að hefja ríkisrekstur á leikhúsi undir svona kringumstæðum. Meira að segja í Englandi, þar er ekki til eitt einasta þjóðleikhús. Við skulum taka Noreg. Þar er leiklistin gömul. Í Bergen eru mikil og fræg leikhús. Björnson stjórnaði þar leikhúsi. Nú skyldu menn halda, að þessi mikli gáfumaður hefði lagt áherzlu á að koma Bergenleikhúsi á ríkið, en hann gerði það ekki, og í Noregi er ekkert leikhús til undir sviþuðum kringumstæðum og hér um ræðir. Norðmenn, sem eru 3 millj., telja ekki heppilegt að fara inn á ríkisrekstur í þessum efnum. Ef við förum svo til Danmerkur, þá er þar eitt ríkisleikhús, en þó Danir séu 40 sinnum fleiri en við, þá hafa þeir með skömm getað haldið því sem ríkisfyrirtæki. Í Árósum er leikhúsið einkafyrirtæki. Í Svíþjóð er óperan ríkiseign, en yfirleitt eru leikhús einkafyrirtæki með styrk. Þess vegna er mér það ráðgáta, hvers vegna maður eins og hæstv. ráðh., sem hefur aldrei haft nein skipti af þessum málum, vill nú fara að ráðleggja ríkinu að taka upp það, sem er forkastað af öllum öðrum. Það er líkt og hafi verið bundið fyrir augu hæstv. ráðh., þegar hann fór að koma nærri þessu. Þess vegna er það, að það gæti kannske hafa gerzt eitthvað merkilegt hjá okkur, sem skýrði þetta. En hvernig hefur gengið með þennan skatt hér. Það vantaði samkomuhús í Reykjavík, og þrátt fyrir það að ýmsir dugandi menn, eins og Indriði Einarsson, reyndu að leggja í hús, þá hefur það ekki gengið, fyrr en þessi leið var farin, og mér er það mikið kunnugt um undirbúninginn, að ég neita því, að það hafi verið meining okkar, að skatturinn yrði notaður til langframa til annars en að koma upp þessu húsi. — Nú vita hv. þm., að það má heita, að það sé ekki til eitt einasta verulegt samkomuhús á öllu landinu, af því að fólkið hefur ekki efni á að byggja slík hús, og þannig var það hér í Reykjavík. En það virðist vera metið meira af hæstv. ríkisstj. að setja 40 menn í Reykjavík á föst laun en að halda áfram að byggja úti um allt land. — Það er þá bezt að benda hæstv. ríkisstj. á það, hvernig hún á að fara að í þessum efnum. Hér er farið fram á að taka hálfan sjóðinn, 600000 kr., og leggja það fram til þess að launa menn, sem eiga að vera leikarar við leikhúsið. En þetta er ekki nóg, ef hér á ekki að verða stórkostlegur tekjuhalli. Nú skulum við athuga þessi fáu ár, sem við höfum verið að basla við þetta. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. menntmrh. hafi gert sér grein fyrir því, hvernig framtíðin muni verða fyrir okkur, ef við lítum á það, sem nú er.

Alþingi ákvað 1923 að leggja skemmtanaskattinn til leikhúsbyggingar í Reykjavík, en árið eftir kom Jón Magnússon með till. þess efnis að taka helminginn aftur, og þegar safnað hafði verið í 3—4 ár, logaði allt upp og ekkert vit þótti að leggja í leikhúsbyggingu. En hæstv. menntmrh. var svo ágætur að líkja mér við ógætna menn, þótt ég vildi, að sjóðurinn héldi áfram. En ég man, þegar ég þurfti að beita mér, til að húsið yrði byggt, og sagði: ef ekki strax, þá verður að skipa nýja nefnd. En árið 1932 var húsið fokhelt, en þá komu menn eins og hæstv. menntmrh., og þá kom stjórn, sem stal fénu frá árinu 1923. Árið 1932 voru Íslendingar svo fátækir, sagði Alþingi, að þessi upphæð þyrfti að renna í ríkissjóð. En þegar hæstv. menntmrh. var fjmrh., sagði hann ekkert um þetta. Hann brúkaði þessa peninga, og að ég sagði ekkert, var vegna þess, að mér fannst hæstv. ráðh. hafa lítinn sjóð. Og úr því að menn vildu níðast á leikhúsinu 1932, þá beið ég bara rólegur, en ég hef ekki gleymt þessu. Nú var svo komið, að hæstv. fyrrv. menntmrh. setti nefnd á laggirnar í sambandi við málið, og þó að ég gagnrýni hæstv. núv. menntmrh. fyrir ógætni, þá gagnrýni ég ekki hæstv. fyrrv. menntmrh., því að frá hans sjónarmiði gerði hann rétt. Það liggur fyrir vitnisburður um það, að ráðherrar sósíalista hafi umgengizt landssjóð eins og óvin sinn. Þeirra takmark hefur alltaf verið að eyðileggja og eyða kapítalinu. Mennirnir í n. voru leikari og útvarpsþulur og Halldór Kiljan Laxness og svo einn maður, sem játaði, að hann hefði aldrei séð leikhús. Var Halldór Kiljan Laxness eini maðurinn í n., sem maður gat hugsað sér, að hefði séð leikhús, en hann sendi alltaf upplognar skýr í blöðin, og varð byggingarnefnd að sýna honum staðinn til að þagga niður í honum. Hann sagði t. d., að svölum væri þannig fyrir komið, að þaðan væri ekkert hægt að sjá. En þegar farið var með hann upp á svalirnar og hann spurður, hvað hann sæi, þá viðurkenndi hann, að hann sæi allt sviðið. Þetta var sá maður, sem búast mátti við, að mesta þekkingu hefði, en hann var opinber ósannindamaður um málið. Nú hefði mátt búast við, að n. sendi skýrslu um málið. Nei, þingið fær ekkert að vita, heldur er samið frv. upp á 20 fasta leikara. Upplýsti n. að 45 fastir leikarar störfuðu í Osló. En það er táknrænt, að gert er ráð fyrir 20 föstum leikurum hér strax í byrjun, en 45 í Noregi, en hér eru 130 þús. íbúar, en í Noregi eru um 3 millj. En þetta aðgæta ekki hinir ágætu menn. Nú eru hér 5 hæstaréttardómarar. Það svarar til, að í Danmörku væru þeir 300. Þessar aðgerðir segja því, hvaða áhrif þetta hefði á fjárhag landsins. Svo kom sá maður til að hafa þessi mál með höndum, sem með lífi og sál hefur reynt að láta kapítalið hverfa, og er hann þar í samræmi við skoðanir sínar. En svo kemur núv. hæstv. menntmrh., og hefði mátt búast við, að hann væri ekki erfingi fyrrv. menntmrh. En hvað gerist? Hann tekur frv. fyrrv. menntmrh. og breytir því örlítið, og svo eru þessi skjöl prentuð, sem kommúnistar hafa ungað út. Núv. ríkisstj. skoðar sig þess vegna sem löglegan erfingja fyrrv. ríkisstj. Það er einnig auðséð, að málið hefur ekkert verið rannsakað og ekki borið undir neina aðila nema leikara. Flýtir málsins er ógætilegur vegna gjaldeyrisskorts, og er óhætt að bíða, þar til séð verður fyrir, hvernig gjaldeyrismálum okkar verður háttað. Og áður en atkvgr. fer fram, mun ég flytja rökstudda dagskrá um að vísa málinu frá, og vil ég beina því til hæstv. ríkisstj., að hún hlutist til um, að safnað sé heimildum um, hvernig leikhús séu rekin.

Það, sem mest er vanhugsað í frv., er ismunurinn, sem gerður er milli Reykjavíkur og annarra staða á landinu. Ég sé, að hér er einn þm., sem hefur verið með mér á fundi úti á landi í algerlega ófullgerðu samkomuhúsi, og þarf fólkið þar og víðs vegar um landið að búa við þess konar skilyrði. En svo er aftur á móti sagt, að 40 menn eigi að vera á föstum launum í Reykjavík til þess að skemmta fólki þar. Er þetta byggt á slæmum misskilningi, vegna þess að í Reykjavík

og annars staðar á landinu er sams konar fólk, sem allt hefur gaman af sjónleikjum. Það er einnig óþarfi að halda, að það verði annað en „amatörar", sem leika hér, og hafa þeir leikið vel margir, en ekkert verr á öðrum stöðum á landinu. T. d. á Akureyri, Ísafirði og Vestmannaeyjum er fólk með góða leikarahæfileika eins og hér. Hæstv. menntmrh. verður að gera sér grein fyrir því, hvort leikarar eigi að vera á föstum launum hér, en ekki annars staðar á landinu. Nú veit ég, að þeir, sem stíga í sömu sporin og stigin voru árið 1932, munu fá réttlátan dóm. Og ég er ánægður, ef þjóðleikhúsið getur risið upp, vegna þess að þá fá þegnarnir betri húsakynni fyrir leikstarfsemi sína, — en hvers vegna þá ekki líka annars staðar á landinu?

Það er dálítið einkennilegt með kommúnistana. Þeir segja, að það komi ekki til mála, að leikfélagið reki leikhúsið, og þeir hafa sigrað ráðherrann. Þessu félagi, sem verið hefur á hrakhólum og orðið að borga háa leigu fyrir mjög ófullkomið húsnæði, býðst nú fullkomið húsnæði ókeypis, salur, sem tekur 800 manns í sæti, og auk þess tveir minni salir, sem rúma um 200 manns. Ef gert er ráð fyrir, að það verði leikið þrjú kvöld í viku, þá er hægt að leigja stóra salinn 4 kvöld, bæði fyrir kvikmyndasýningar, söng o. fl. Sú leiga ætti að geta verið stórfé, eftir því sem nú fæst fyrir þau hús, sem fyrir eru. Í stuttu máli, leikfélagið hefur aldrei dreymt um slíka sali og slíka möguleika, sem með þeim skapast, og væri vel á haldið, ætti það enga styrki að þurfa í framtíðinni frá ríki eða bæ, nema í hæsta lagi ókeypis ljós og hita frá bænum. Svona standa þá málin. En nú ætlar menntmrh. bara að ráða þarna 40 leikara, og í það á skemmtanaskatturinn að fara, í stað þess að skipta honum til hinna ýmsu landshluta eftir þörfum, sem virtist ekki nema sanngjarnt, þar sem búið er að byggja þetta glæsilega hús hér. Það hefði verið bezt fyrir núverandi menntmrh. að taka upp óbreytt frv. fyrrv. menntmrh., úr því að hann velur þessa leið, því að það var vel útbúið frá hans sjónarmiði.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, þá hafa einstakir nm. rétt til þess að bera fram brtt. um skiptingu skemmtanaskattsins, en þær hafa ekki komið fram enn. Ég vil því upplýsa, að ég tel ekki æskilegar breytingar, því að við athugun held ég, að menntmrh. hafi ratað sanngjarnt, farið skynsamlegan meðalveg.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu þm. S-Þ., því að mér virðist hann ræða á skökkum forsendum. Það var aldrei gert ráð fyrir, að það fé, sem hér um ræðir, væri eingöngu notað til þess að byggja hús, því að það var líka ætlað til þess að styrkja leiksýningar. Og hér er alls ekki um það að ræða að verja öllu fénu til leiksýninga, heldur aðeins 45%. Það er líka misskilningur, að þetta fé sé skattur af öllu landinu, því að það er aðeins úr kaupstöðum og kauptúnum, sem telja fleiri en 1500 íbúa, svo að það er ekki verið að draga fé úr byggðunum. Það er líka misskilningur, að ráðnir hafi verið eða ákveðið sé að ráða 40 leikara, enda tel ég, að það sé alls ekki tímabært að ákveða þá tölu.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ráðnir verði fastir leikarar, en auk þess verður að semja við aðra leikendur um að starfa til viðbótar við húsið. Í frv. er gert ráð fyrir, að enginn leikandi sé ráðinn til meir en fimm ára. Bið ég afsökunar, að ég er farinn að tala um hitt málið, sem hér er á dagskrá.

Hv. þm. sagði, að ég hefði tekið við frv. kommúnista. Ég tók við frv. frá rekstrarnefnd, og því var talsvert breytt í ráðuneytinu. Rekstrarnefnd lagði til, að allur skemmtanaskatturinn færi til að kosta rekstur þjóðleikhússins, en ég lagði til, að tæpur helmingur af honum yrði lagður til þess að mynda rekstrarsjóð. Og þó að hv. þm. S-Þ. sé ekki nákvæmur, finnst mér hann ætti að geta gert mun á öllum skattinum og 45%.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta og læt hér við sitja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 128. fundi í Nd., 14. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 821 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 129. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 842, 848).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls, þá áskildum við hv. þm. Snæf. okkur rétt til þess í menntmn. að flytja síðar brtt. við þau ákvæði þessa frv., sem fjölluðu um skiptingu skemmtanaskattsins milli þeirra aðila, sem þar um ræðir. Ég hafði kosið, eins og ég gat um við 2. umr., að allmiklu hærra hlutfall af þessum skatti yrði ætlað félagsheimilum eða samkomuhúsum utan Reykjavíkur en þar er gert ráð fyrir. Nú er það hins vegar þannig, að samkomulag hefur í aðalatriðum náðst um þessa skiptingu. En þar sem þetta hlutfall er svo miklu lægra en ég hafði kosið, eins og ég hef áður lýst, þá höfum við hv. þm. Snæf. ákveðið að bera hér fram brtt., sem fer fram á að breyta þessu hlutfalli nokkuð, en þó ekki verulega og þá á þann hátt, að í staðinn fyrir, að í frv. er gert ráð fyrir, að 45% skattsins renni til þjóðleikhússins, komi 40% og í staðinn fyrir 45% til félagsheimilanna komi 50% af skattinum. Það er sem sagt till. okkar, að hlutfallið af skattinum til félagsheimilanna hækki um 5%, en þá lækki aftur hlutfallið til þjóðleikhússins að sama skapi.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þessa brtt. Ef hún yrði samþ., finnst mér það mjög hæfileg skipting á þessum tekjustofni milli þjóðleikhússins og félagsheimilanna.

Það hefur verið á það bent með réttu, að það er mjög hæpið að segja nokkuð um það fyrir fram, hversu mikill halli verður á rekstri þjóðleikhússins. Það virðast allir sammála um það, að hann verði nokkur, og mér virðist ekki varlegt á þessu stigi málsins að leggja til, að félagsheimilin fái meiri hluta af þessum skatti en hér er lagt til, enda þótt þörfin sé mikil fyrir félagsheimili dreifbýlisins.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

Forseti (GÞ): Mér hefur borizt skrifl. brtt., sem nú hefur verið lýst, og þarf afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 859) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að vara hv. d. við því að ganga nú frá þessu máli í kvöld, hvort sem það er gert eins og hæstv. ríkisstj. leggur til eða samkv. brtt. hv. þm. N-Ísf. Og það, sem ber til þess, er, að bæði er málið lítið undirbúið og hefur verið lítið rætt hér, og í öðru lagi er þannig útlitið með fjármál landsins og í raun og veru þjóðleikhússins líka, að það er síður en svo ástæða til að flýta svona mikið þessari lögbindingu. Mér þykir rétt að skýra hv. d. frá því, af því að ég er í byggingarn. þjóðleikhússins, að það er í raun og veru ákaflega ósennilegt, að þjóðleikhúsið verði tilbúið mjög fljótlega, og valda því margar ástæður. Hvað sem íslenzkum peningum líður, þá koma til aðrar hindranir, svo sem gjaldeyrisörðugleikar, sem valda því nú, að byggingin er nálega stöðvuð. Eftir mikla baráttu var lofað yfirfærslu á 500 þús. kr. (sænskum), sem kom sér ákaflega vel, enda þótt slíkt væri alls ekki nóg, en þegar á átti að herða, þá sá gjaldeyrisnefnd sér ekki fært annað en að draga mikið úr þessu, svo að jafnvel þessi takmarkaða upphæð er ekki fáanleg. Og það er ekki hægt að segja annað en að samningar um efni og vinnu eru því miður í yfirvofandi hættu að stranda, að því er snertir um helming útboðsins, sökum gjaldeyrisleysis landsins. Er þó ekki um annað að ræða en tiltölulega lítla yfirfærslu til Danmerkur og Svíþjóðar, og það mun vera enn þá meiri tregða á yfirfærslu til Danmerkur sem stendur.

Ofan á þetta bætist svo það, sem ég álít rétt, að hv. d. viti, að það er ákaflega dýr öll smíðavinna hér og erfitt að fá smiði, og þess vegna hefur verið fluttur inn fjöldi af erlendu starfsfólki, bæði faglærðu og ófaglærðu. Þetta er náttúrlega nokkuð merkilegt atriði. Enn fremur hefur verið sökum þessarar dýrtíðar undanfarin ár leyfður mjög mikill innflutningur á húsgögnum, og hefur mér verið sagt, að í því skyni hafi verið leyfðar yfirfærslur fyrir um 8 millj. kr. og það til einstakra manna á ekki löngum tíma. Og í viðbót við þetta hafa íslenzkir smiðir mjög mikið að gera.

Þegar þjóðleikhúsnefnd fór að hugsa um að fá húsgögn, stóla o. fl., þá er það vitanlegt, að þar þurfti að athuga, hvar mundi bezt að gera slík kaup, bæði hvað gæði og verð snerti, og var ekkert undarlegt, þó að hún leitaði einnig til erlendra og stærri þjóða. Þá kom gott tilboð, bæði frá Danmörku og Svíþjóð, og taldi n., að um stórfelldan sparnað væri þar að ræða að taka þeim, borið saman við smíði hér. Íslenzku húsgagnasmiðirnir vildu ekki eiga þátt í útboði þessu. Þeir treystu sér ekki til að bjóða slík kjör, sem gætu staðizt samanburð, vegna þess hve vinna væri hér dýr og miklu dýrari en annars staðar, svo að þeir skrifuðu þjóðleikhúsn. og lýstu þar yfir, að þeir treystu sér ekki til þess að bjóða í þessa vinnu, þeir mundu vera til með að vinna að þessu verki eftir reikningi, þ. e. að vinna að þessu í tímavinnu, en ekki ákvæðisvinnu. Þessir menn tóku ekki þátt í samkeppni þessa útboðs og sinntu því ekki. En þáttur þeirra fulltrúa í félögum þeirra var skipulagður á þá lund að reyna að fá önnur félög í lið með sér til þess að gera ólöglegt þetta útboð, ef það kæmi til greina. Þegar svo útlendingarnir vissu um þetta, að hér lægi við, að ofbeldi yrði kannske beitt af íslenzkum smiðum til þess að hindra þessa smíði, þá gera þeir ef til vill líka ráðstafanir til þess að vera þá ekki bundnir hér í ákvæðisvinnu. Nú er ekki vitað, hvernig þetta fer, en auðvitað getur þjóðleikhúsn. ekki lagt til annað en að hér sé réttarríki, þannig að verkalýðsfélög hafi sín samtök. En samt sem áður er ekki vafi á því, að það vaka ofbeldishugmyndir fyrir þessum mönnum hér. Og ef það bættist nú ofan á, að ríkið hefði hvorki yfirfærslumöguleika til þess að geta tekið þeim tilboðum, sem það ætti kost á erlendis, eða gæti valið um þá menn, sem væru löglegir til þess að vinna þetta, þá sé ég mjög litla ástæðu til þess að vera að flýta sér svona með þetta frv. Þess vegna mun ég koma með dagskrártill., þar sem lagt er til, að málinu verði frestað.

En úr því að ég minntist á ofbeldisáætlanir sumra smiða hér í bænum, þá er ekki úr vegi að minnast á það, sem hér er að gerast í þessum málum að öðru leyti. Það eru hér fleiri þús. erlendir menn í vinnu, margir faglærðir smiðir, sem auðvitað gætu tekið vinnu frá íslenzkum smiðum, en það er ekkert skipt sér af því. Og svo er hitt, að hingað til lands hafa verið flutt húsgögn fyrir millj. kr. Hefur verið mikið amazt við því af íslenzkum smiðum? Ég held ekki.

Ég vil leyfa mér að snúa mér til hæstv. menntmrh. og spyrja hann um það, hvers vegna hann sæki þetta mál með svona miklu kappi nú í þinglokin og hvort hann geti tryggt það, að þessi vinna, sem nauðsynlegt er að framkvæma, ef þjóðleikhúsið á að ná fram að ganga, geti farið fram fyrir ofbeldi annarra manna, og hvort ráðh. getur tryggt, að hér sé réttarríki, sem aðrar þjóðir geti samið við, eða ekki. Ef hann ekki getur tryggt þetta, hvers vegna vill hann þá yfirleitt flýta sér svona með slíkt mál, sem náttúrlega er ómögulegt að segja um hvernig fer?

Þó að þetta sé nauðsynjamál og kannske samningsmál, þá hygg ég ekki, að of oft sé kveðin sú vísa, að þetta mál er undarlega flutt og hroðvirknislega hjá hæstv. menntmrh. Það kom líka í ljós við 2. umr., að það var með nauðung hægt að knýja fram atkvgr. Það var auðséð, hver tregðan var gegn þessu máli, enda skilst mér, að málið sé með nokkurri nauðung fram komið.

Þá langar mig einnig til þess að gera fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort framgangur þessa máls hafi verið eitt af samningsatriðum stjórnarinnar, og ef svo væri, hvaða ástæður liggi til þess, að þannig er farið að eins og hér er gert.

Nú er ekki hægt að láta þetta mál fara gegnum 3. umr. án þess að benda á það, að það er ákaflega illa undirbúið. Það er búið þannig um það, að fyrrv. menntmrh. fékk H. K. Laxness og Þorstein Ö. Stephensen sem aðalmenn til þess að undirbúa frv., og þetta frv. var ekki byggt á neinni rannsókn og því fylgdi engin skýrsla um það, hvaða kostnaður mundi verða af rekstri leikhússins, og heldur engin skýrsla um það, hvernig þessum hlutum

er háttað í öðrum löndum. Það er yfirleitt ekkert gert nema að kasta þessu frv. svona illa gerðu inn í þingið, sem er um það, að sett verði á stofn fyrirtæki á kostnað ríkisins.

Nú hef ég, síðan síðasta umr. fór fram, aflað mér upplýsinga um það, að þetta mál stendur þannig, að það er ekki hægt að segja, að neitt fordæmi sé fyrir framkomu hæstv. menntmrh. og hv. n., svo að það er ekki furða, þó að treglega gengi hér við atkvgr. í d. um þetta mál, því að hér er líka verið að veita vatni upp brekkuna.

(Forseti (SB)): Ég vil benda hv. þm. á, að það er 4. dagskrármálið, sem er til umr.) Ég vænti þess, að hæstv. forseti gangi þess ekki dulinn, að það eru hér menn á Alþ., sem vita, að ef búið er að samþykkja þó ekki sé nema 7—8 millj. kr. útgjöld til ríkisrekstrar þjóðleikhúss, þá er ekki ástæðulaust að reyna að vekja athygli þm. á því, hvað er að gerast, og væri ekkert úr vegi fyrir hv. þm. N-Ísf. og hæstv. forseta að geta átt þess kost að athuga þetta mál.

Það er engin ástæða til þess fyrir þm., þegar einhverjir menn eru fengnir til þess að undirbúa mál, sem þeir hafa ekki vit á, að samþykkja það án þess að athuga, hvað er í raun og veru á ferðinni, og það kemur bókstaflega við þeirri d., sem á að greiða atkv. um það, hvort hún vill hafa ríkisrekstur eða ekki, þó að ekki sé búið að leggja fram nema 7—8 millj. kr. þarna á einn lið útgjaldanna.

Út í sams konar fen og hér er um að ræða hefur norska ríkið ekki þorað að ganga. Og ekkert fordæmi er til um það frá Norðurlöndum, að ríkisrekstur sé hafður á leikhúsum, nema eitt leikhús í Danmörku er rekið af ríkinu og er rekið með stöðugum halla og óánægju. Í Svíþjóð er eitt eða ekkert dæmi um þetta. Yfirleitt alls staðar á Norðurlöndum er það einkaframtakið, félög og sjálfstjórnarstofnanir, sem reka leikhúsin. Svo er það og á Englandi, sem ég vona, að hv. þm. og hæstv. menntmrh. viti. Ég vona, að þeir viti það, að á Englandi hefur sjónleikagerð og leiklist lengi verið stunduð og með miklum árangri. En samt sem áður hefur Englendingum aldrei dottið í hug, að enska ríkið geri það, sem hér er lagt til, að íslenzka ríkið geri á þessu sviði. Frá Ameríku er sama að segja. Þar getur enginn maður hugsað sér að gera þetta, sem hér er stefnt að nú, því að það er álitið, jafnvel í svo ríkum löndum og stórum borgum, að bezt fari á því, að leiklistin sé rekin á frjálsum grundvelli, en með stuðningi þess opinbera.

Ég mun kannske við meðferð annarra frv. geta bent á dæmi um, hvað hér er í hættu. Í hættu er það, að með ríkisrekstri verði eyðilagðir þeir kraftar, sem við höfum hér á þessu sviði, þannig að menn, sem hafa lagt það á sig að vinna sem áhugamenn fyrir leiklistina og eiga að geta gert það betur með betri húsakynnum, verði rólegir og áhugalitlir, ef það fyrirkomulag kemst á, sem hér er stefnt að. — *Ég mun þess vegna leggja fram í þessu máli till. til rökst. dagskrár, þess efnis, að þar sem þetta mál sé óranns*akað af stjórnarinnar hálfu, sem hefur lagt það fram, og af því að þess stefna er í mótsögn við þá stefnu, sem er í þeim löndum, sem við þekkjum mikið, þá sé þessu máli vísað til hæstv. ríkisstj. til frekari athugunar og fyrirgreiðslu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi minna á tvennt. Fyrst það atriði, sem hv. þm. S-Þ. kom inn á, hvort nú lægi nokkuð á að setja löggjöf um skiptingu skemmtanaskattsins, og svo hitt, um rekstur þjóðleikhússins. Ég bendi hv. þdm. á það, að það er mjög þýðingarmikið að gera þetta nú, fyrst og fremst af því, að það er aðkallandi að fá hluta af skemmtanaskattinum til félagsheimila. En ef löggjöf er ekki sett um þetta nú, rýrir það mikið félagsheimilasjóð. Og hér hefur verið lögð fram till. um að hækka hlut félagsheimilanna af skemmtanaskattinum.

Viðvíkjandi þjóðleikhúsinu er það að segja, að það er rétt, að brugðið getur til beggja vona um það, hvenær þjóðleikhúsið verði tilbúið til rekstrar. Fyrir rúmum mánuði gerðu ýmsir sér vonir um, að það gæti orðið um næstu jól. Nú er víst óhætt að segja, að vegna gjaldeyrisörðugleika getur það ekki orðið. En vonandi líða ekki mörg misseri, þangað til þjóðleikhúsið er alveg tilbúið. Og rekstur þjóðleikhússins þarf mikinn undirbúning. Það er því óhæf aðferð að setja löggjöf um þjóðleikhúsið rétt áður en leikhúsið er opnað til afnota. Sú löggjöf verður að koma löngu áður, til þess að allur undirbúningur rekstrarins geti farið skipulega fram. Sá undirbúningur er mikill. Og við erum landnemar í þessum efnum, og þess vegna ríður okkur á því umfram allt að hafa tíma fyrir okkur í þessu efni, því að annars gæti allt farið í handaskolum, ef menn létu bíða til síðustu stundar að ákveða, hvernig þessum rekstri verði fyrir komið. Ef menn athuga þetta rólega, held ég, að menn verði mér sammála um, að því fyrr sem menn gera ákvarðanir um það, hvernig reka skuli leikhúsið, því betra.

Þá er hitt atriðið, að hv. þm. N-Ísf. og hv. þm. Snæf. hafa lagt til, að breytt verði hlutfallinu á skiptingu skemmtanaskattsins, þannig að í stað 45% renni í félagsheimilasjóð 50% af skattinum, og 40% í rekstrarsjóð þjóðleikhússins í stað 45%. Það má segja, að ekki sé gífurlegur munur á þessu, sem þarna er farið fram á, og því, sem ætlazt er til eftir frv. En ég hef verið að reyna í nokkrar vikur að ganga á milli þeirra manna, sem vilja draga sem mest af þessu til félagsheimilasjóðs, og hinna, sem vilja draga sem mest af þessu að þjóðleikhúsinu. Og eftir að hafa gengið milli manna vegna þessa í margar vikur, lagði ég þetta hlutfall til, sem í frv. greinir. Ég var farinn að vona, að þetta gæti gengið þannig, að allir gætu orðið sammála um þessa miðlun. En það auðnast sýnilega ekki, því að tveir hv. þm. hafa lagt til annað. Og hv. þm. Borgf. hefur lagt til enn annað, sem kollvarpar þessu öllu, ef samþ. væri, og jafnast ekkert á við brtt. þeirra tveggja hv. þm., sem ég áður nefndi. Ég vildi nú halda mig við það, sem er í frv. um þetta. En ef samþ. brtt. hv. þm. N-Ísf. og hv. þm. Snæf. gæti orðið til þess, að stærri hópur hv. þm. yrði til þess að fylgja því, sem í þeirri brtt. er gert ráð fyrir, þá er langt frá því, að það raski í nokkru verulegu því, sem ég hef fengið sem árangur af þeim jafnvægisgangi, sem ég hef reynt að fara í þessu máli, og setti ég mig ekki upp á móti þeirri skiptingu. Þó að ég vildi helzt, að hlutföllin gætu haldizt eins og ég hef lagt til í frv., þá tel ég þetta ekki grundvallarröskun, og mundi ekki fylgja nein þykkja frá

minni hendi út af því, þó að þetta væri samþ., sem í brtt. er farið fram á, ef menn þá fylktu sér um málið betur en áður, svo að því yrði þá augljóslega borgið. Ég skal ekkert segja um, hvort það verða 40% eða 45% af þessum skatti, sem þjóðleikhúsið þarf til síns rekstrar. Ég býst við, að reynt verði að koma rekstrinum á með svo mikilli ráðdeild sem unnt er, og svo verður reynslan að skera úr. Ef komast mætti af með minna, er það gott. En ef meira þyrfti með, verður að taka það til athugunar.

Umr. frestað.

Á 130. fundi í Nd., 17. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 842, 848, 859).

Jónas Jónsson: Ég lýsti yfir því í gær, að ég áliti eðlilegast að vísa þessu máli til ríkisstj. með rökstuddri dagskrá, vegna þess að hér er um svo þýðingarmikið mál að ræða, sem snertir allt landið, hverja sveit og hvern bæ, en ekkert hefur verið um það rætt, þegar það kemur fram í þinglokin. Ég hef þess vegna leyft mér að flytja rökst. dagskrártill. um að vísa þessu máli til hæstv. stjórnar til frekari athugunar og að sú athugun verði að vera undirstaða þess, hvernig ráðið verði fram úr málinu.

Þegar l. um þjóðleikhús og skemmtanaskatt voru samþ., var ákveðið, að allur skemmtanaskatturinn rynni til þjóðleikhússins, og það, sem ég álít, að sé rökrétt hugsun, er, að þessu sé haldið áfram. Þegar búið er með þjóðleikhúsið í Reykjavík, þá verði styrkt samkomuhús, sem jafnframt yrðu leikhús, í öllum sveitum og kaupstöðum. Móti þessu hefur menntmrh. risið og menntmn. þessarar d., og hafa þeir hugsað sér það fyrst og fremst að meta það meira að setja á föst laun einhvern tiltekinn hóp manna í Rvík en að láta skattinn renna áfram, eins og verið hefur, til að koma upp húsum. Í þessu liggur það mikla ranglæti, sem hér er stefnt að, og þegar þar við bætist, að málið er alveg óupplýst, lítur út fyrir, að hvorki ráðh. né nokkur í n. hafi haft minnstu hugmynd um það, hvernig þessum málum er komið fyrir annars staðar, svo að þetta er hér um bil fordæmalaus aðferð, sem stjórnin hyggst að beita hér. Þetta er sem sé því nær óþekkt fyrirbæri hjá öllum öðrum þjóðum. Og hvernig halda menn, að standi á því, að þessar þjóðir hafa ekki leikara sína á föstum launum? Það er ekki fyrir fátækt, það er af því, að það er álitið óhollt fyrir leiklistina. Það, sem fyrir þeim vakir, er, að þeir vilja ekki svæfa leikarana með því að hafa þá á föstum launum. Það hefur meira að segja komið til greina að tryggja þeim eftirlaun, koma á eftirlaunakerfi, svo að í stuttu máli lítur stj. á þetta alveg eins og embætti. Nú er það ein þjóð, sem hefur gert slíka stétt að embættismönnum, og það eru Rússar, sem hafa til þess sínar ástæður, en ekki aðrar þjóðir, að gera hvers konar listamenn — málara og myndhöggvara — að embættismönnum. Ég vil ekki deila um það, hvernig þetta gengur í Rússlandi, ég er þar ekki kunnugur, en hvergi í Vesturlöndum hefur slíkt komið til greina, því að menn þar vilja ekki, að listin líði við það. En af þeirri ástæðu verður að taka það fram nú, að um leið og búið er að samþykkja að verja 45% af skemmtanaskattinum í þjóðleikhúsið hér, er búið að leggja fyrsta steininn í þá byggingu, að þetta verði ríkisrekstur.

Hér í þessari d. eru ýmsir þm., sem eru fyrir kjördæmi utan Rvíkur, og verð ég að segja, að ég hef gaman af því að sjá, hvernig atkv. falla í málinu, þar sem öll rök eru á móti málinu, öll útlend reynsla á móti því og ekki er hægt að koma með neinar frambærilegar skýringar því til framdráttar. Og hér í höfuðstaðnum er ekki vitað, að neinn áhugi sé fyrir því, nema hjá leikurum. Ég hef gaman að sjá þá þm., sem ákveða nú á þessu stigi málsins, að byggja skuli fyrstu tröppuna í þessari byggingu, að skemmtanaskattinum verði frekar varið til að launa menn hér í Rvík en að koma upp samkomuhúsum úti á landi.

Þá vil ég einnig benda á það, að í þessu máli hefur það komið í ljós, að þetta mál er ekki stjórnarmál í þeim skilningi, að stj. hafi samið um það í málefnasamningi sínum eða síðar, heldur virðist það hafa verið barið fram af hálfu menntmrh. að leggja þetta frv. fram sem stjfrv., og kom í ljós við atkvgr., að hér er um nauðungarmál að ræða, sem ég get ekki skilið, að ráðh. hafi ánægju af að koma fram, því að svo dauf var atkvgr. og sýnir, hvernig stefnt er. En orðalagið þarna er þannig, að hæstv. ráðh. hefur flokkslega ekki svo litla ábyrgð í þessum efnum, því að þegar leikhússjóðurinn var stofnaður fyrst, var það fyrir atbeina manna úr Framsfl., og allan tímann fram að þessu hefur Framsfl. stutt þetta mál, ekki sem Reykjavíkurmál sérstaklega, heldur sem skynsamlega tilraun til að leysa vandamálið fyrir Reykjavík og landið allt. En nú, þegar að því kemur, að sá flokkur, sem hefur allt sitt fylgi í Rvík, er búinn að leysa mál Rvíkur, að ljúka við þjóðleikhúsið hér, kemur maður, sem er formaður þingflokks framsóknarmanna — og fór til ráðh. — og vill snúa þessu öllu við. Hann getur ekki verið svo blár að halda, að þeir, sem börðust fyrir þessu, hafi ekki hugsað um Rvík. Rvík væri búin að leysa þetta mál, ef hún hefði getað. En nú kemur sá ráðh., sem hefur mest völdin fyrir dreifbýlið, og segir: Þið skuluð koma niður í 45%. — Ég segi: Þetta er ranglátt og óverðskuldað gagnvart dreifbýlinu og kaupstöðunum að fara svona að.

Ég spái þess vegna því fyrir hæstv. menntmrh., að hann muni litla gleði hafa af sínu mikla dálæti á hinum útlenda byltingaflokki. Hann hefur nú farið þannig að að taka upp mál frá kommúnistum, sem þeir hafa farið með eðlilega frá sínu sjónarmiði, og tekizt að gera það að sínu flokksbarni og gengið á snið við allt, sem gerzt hefur í málinu. Hann ætlar nú að hjálpa til þess, að þegar sveitirnar eru búnar að hjálpa Rvík til þess að fá til sinna nota bezta húsið og veglegasta, sem til er hér á landi, þá verði einhverjum ruðum kastað í dreifbýlið og húsin þar megi vera ómáluð, olíukynt o. s. frv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð fyrir hönd menntmn. Hún hefur athugað þær brtt., sem liggja fyrir í sambandi við þetta mál, og þá fyrst og fremst á þskj. 848, frá hv. þm. Borgf. N. var öll sammála um að mæla eindregið gegn samþ. þessarar brtt. og telur, að ef hún yrði samþ., væri grundvöllurinn gersamlega fallinn, sá grundvöllur, sem samið hefur verið um í sambandi við þetta mál og næsta mál á dagskránni, þ. e. frv. til. l. um þjóðleikhús.

Um brtt. þá, sem ég flyt ásamt hv. þm. Snæf.,

var n. ekki sammála. Við hv. þm. Snæf. leggjum til, að hún verði samþ., og teljum, að með samþykkt hennar sé nokkur leiðréttíng fengin, en teljum okkur ekki fært að ganga lengra í því að breyta hinni upprunalegu till. ríkisstj. í þessu efni.

Ég vildi láta þetta koma fram fyrir hönd menntmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en örfá orð vildi ég þó segja. — Mér er nokkuð kunnugt um undirbúning þessa máls og einnig þjóðleikhúsfrv. og félagsheimilafrv., sem sömuleiðis eru hér á dagskránni. Mér er vel kunnugt um það, að verulegur ágreiningur var um það, hve miklum hluta skemmtanaskattsins skyldi verja í þágu félagsheimila og í þágu þjóðleikhússins, en um hitt var enginn ágreiningur, að sama skyldi renna til lestrarfélaga og kennslukvikmynda. Ég hreyfði þeirri hugmynd í sambandi við undirbúning þessa máls, að eðlilegt væri, þegar byggingu þjóðleikhússins væri lokið, að nokkur hluti skemmtanaskattsins rynni til eflingar tónmenntalífs í landinu. Um það virðast ekki skiptar skoðanir, að skemmtanaskattinum eigi að verja til styrktar listamálum ýmsum og menningarmálum, og finnst mér eðlilegt, að tónlistin njóti þar nokkurs góðs af. Þarf ekki að lýsa því, að á því sviði hafa verið unnin þrekvirki, t. d. af hálfu tónlistarfélagsins, sem rekur stóran skóla sem einkafyrirtæki og nýtur lítils styrks frá hálfu hins opinbera. Tónlistarfélagið hefur og haldið uppi mjög svo ágætum hljómleikum hér í höfuðstaðnum og hefur nú á prjónunum ráðagerðir um stofnun fullkominnar symfóníuhljómsveitar, sem verður mjög kostnaðarsöm, og ég held, að ekki verði um það deilt, að eðlilegt væri, að slík styrkveiting yrði tekin upp nú, þegar því hlutverki, sem skemmtanaskattinum upphaflega var ætlað, er lokið, og tekin ný ákvörðun um ráðstöfun á þessu fé. Ég hef hreyft þessari hugmynd við þá, sem mestan þátt áttu í að undirbúa þessi mál, þar á meðal hæstv. menntmrh., sem tók því hið bezta. Hins vegar voru skoðanir mjög skiptar um málið og erfitt að samræma þau ólíku sjónarmið, sem á lofti voru, og óskaði hæstv. menntmrh. eftir því, þegar hann taldi sig hafa náð samkomulagi um það, að sá hluti skemmtanaskattsins, sem ekki rynni til lestrarfélaga og kennslukvikmynda, rynni í sjóð til félagsheimila og þjóðleikhússins, að þessari hugmynd um styrk til tónlistarstarfsemi yrði ekki hreyft að sinni. Ég féllst á það, að þessu máli yrði ekki hreyft að sinni, í trausti þess, að samkomulag væri um þá till. hæstv. menntmrh. að skipta fénu milli félagsheimila og rekstrarsjóðs þjóðleikhússins. Nú hefur komið í ljós, að þetta samkomulag hefur ekki verið haldið. Hv. þm. Borgf. ber fram till., sem brýtur mjög í bága við þetta samkomulag, sem ég taldi, að gert hefði verið, og auk þess bera tveir aðrir fulltrúar Sjálfstfl. fram till., sem breytir þessu hlutfalli, sem ég gerði ráð fyrir. Að sjálfsögðu tel ég og aðrir, sem mestan áhuga hafa fyrir því að styrkja tónlistarstarfsemina, okkur óbundna af þessu samkomulagi, og hefði því vel getað komið til greina, að við létum þennan hug koma skýrt fram með því að bera fram till. um að taka nokkurn hluta skemmtanaskattsins til styrktar tónlistarlífinu. Þó höfum við ákveðið að gera þetta ekki, og byggist það á vilyrði frá hæstv. menntmrh. fyrir því að ljá því liðsinni sitt á næsta Alþ., að tónlistinni verði veittur nokkur hluti af skemmtanaskattinum, og treystum við því, að á næsta þingi fáist sú leiðréttíng þessa máls, að skemmtanaskatturinn verði hækkaður nokkuð og þeirri hækkun varið í þágu tónlistarlífsins í landinu.

Forseti (GÞ): Mér hefur borizt till. um rökst. dagskrá frá hv. þm. S-Þ., svo hljóðandi:

„Þar sem mál þetta er óundirbúið og stefna þess gengur í öfuga átt við reynslu vestrænna menntaþjóða, þykir deildinni rétt að vísa því til ríkisstjórnarinnar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. S-Þ. felld með 15:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, JPálm, JJ, GÞ.

nei: StgrSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, FJ, GSv, GÞG, HB, HelgJ, IngJ, AuA, JS, PÞ, SigfS, SB.

SG greiddi ekki atkv.

15 þm. (SK, SkG, StJSt, SteindSt, ÁkJ, SnJ, EmJ, GTh, HÁ, HermG, JörB, KTh, LJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.

Brtt. 848 felld með 14:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JPálm, JS, JJ, SEH, GÞ.

nei: StgrSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, FJ, GSv, GÞG, HB, HelgJ, AuA, PÞ, SigfS, SB, SG.

15 þm. (StJSt, SteindSt, ÁkJ, SnJ, EmJ, GTh, HÁ, HermG, JörB, KTh, LJós, ÓTh, PO, SK, SkG) fjarstaddir.

Brtt. 859 samþ. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JJ, SB, SEH, StgrSt, ÁÁ, BÁ, GÞ.

nei: EystJ, FJ, GÞG, HB, AuA, SigfS, SG, SnJ.

14 þm. (GTh, HÁ, HermG, JörB, KTh, LJós, ÓTh, PO, SK, SkG, StJSt, SteindSt, ÁkJ, EmJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 136. fundi í Ed., 19. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 873).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Samkv. gildandi l. rennur um það bil 90% af skemmtanaskatti til byggingar þjóðleikhúss og — eins og segir í l. — til að styðja leiksýningar í því húsi. Nú líður að því, þó að það kunni ekki að verða á þessu ári, að þjóðleikhúsið verður fullbyggt, og virðist þá tímabært að endurskoða löggjöfina um skemmtanaskatt. Stjórnin hefur beitt sér fyrir þeirri endurskoðun og hafði til hliðsjónar till. um skiptingu skemmtanaskattsins frá ýmsum þm. Niðurstaðan liggur fyrir í þessu frv. Ofurlítil breyt. var gerð í Nd., en ekki þannig, að ekki sé vel hægt að sætta sig við. 50% af skemmtanaskattinum renni framvegis til þess að styðja byggingu samkomuhúsa víðs vegar um landið, sem kölluð eru félagsheimili. Er í öðru frv. gert ráð fyrir, hvernig þeim stuðningi skuli fyrir komið. En 10% renna til kennslu-

kvikmynda og til að styðja lestrarfélög eins og áður. En 40% verði lagðar í sérstakan sjóð, sem heitir rekstrarsjóður þjóðleikhússins.

Ég sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta málefni, en óska, að því verði vísað til hv. menntmn. d. að lokinni þessari umr. Vildi ég mjög mega fara þess á leit við n., að hún taki málið strax til meðferðar, til þess að það geti fengið afgreiðslu á þessu þingi, sem nú er langt komið.

Gísli Jónsson: Mér þykir nú að vísu ekkert að því að hraða störfum. En ekki væri óeðlilegt, að þessi d. fengi að bíða með afgreiðslu til 2. umr., þangað til maður fengi að sjá þskj. 873. Því hefur ekki verið útbýtt. Að vísu hefur hæstv. menntmrh. útskýrt innihald þess, svo að við vitum, hvers er að vænta. En ég vil spyrja hæstv. menntmrh., hvort hann gæti ekki fallizt á að breyta upphæðinni undir tölul. 2. Mér skilst það vera 50% og yrði sett niður í 40%, en skyldi þá 10% varið til tónlistarfræðslu í landinu. Það hefur tvímælalaust orðið útundan hjá Alþ. að styrkja þessa fræðslu, þegar borið er saman við aðrar listir í landinu, bókmenntir, málaralist og nú leiklist o. s. frv. Hjá þessum listum er tónlistin orðin olnbogabarn Alþingis. Samkv. fjárl. eru aðeins veittar 43500 kr. til tónlistarskólans hér í Reykjavík. En samkv. upplýsingum frá skólanum hefur rekstrarkostnaður hans orðið á 4. hundrað þús. kr. Þeir fóru fram á aðeins 15 þús. kr. hækkun, sem ekki fékk fylgi hjá meiri hl. fjvn. En Alþ. má þó sjá, að hér eru færðar stærri fórnir af almenningi en gert er almennt. Vildi ég mælast til, að hæstv. ráðh. tæki þetta mál til athugunar, áður en frv. fer úr n. Ég vil geta þess, að nær 300 nemendur eru í þessum skóla, og hefur hann tryggt sér m. a. einn af allra beztu starfskröftum okkar á þessu sviði, dr. Pál Ísólfsson, og enn fremur aðra úrvalsmenn, svo sem Árna Kristjánsson, Björn Ólafsson og dr. Urbantschitsch og fleiri góða starfskrafta. Ég held það væri ekki óeðlilegt, að þessari grein lista væri tryggt meira fjárframlag úr ríkissjóði. Og þá er ekki heldur óeðlilegt, að það starf væri eitthvað bundið við þjóðleikhúsið, svo að þar færu fram hljómlistarsýningar, óperur o. s. frv. Þó að bundið sé þannig í lögum, nær það sama tilgangi.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Þessi hugmynd, sem hv. þm. minntist á, hefur mjög komið til umr. við undirbúning málsins. Einn þm. (GÞG), sem hafði nokkra hönd í bagga um undirbúning málsins, hreyfði þessu í Nd. án þess að gera beinlínis till. um málið. Ég hafði hugsað mér, að um leið og þessi breyt. væri gerð á notkun skemmtanaskattsins, sem hér er stungið upp á, væri skynsamlegt að hækka hann nokkuð og koma því svo fyrir, að nokkur hluti þeirrar hækkunar gengi til tónlistarstarfsemi í landinu til viðbótar því, sem verið hefur. En við það að athuga þær fjárhæðir, sem nú fást af skemmtanaskattinum, og þá fjárþörf, sem fyrir hendi var í sambandi við þau málefni, sem tengd hafa verið við hann fram að þessu, fannst mér ekki hægt að taka ákveðinn hundraðshluta handa tónlistinni nema auka skattinn frá því, sem verið hefur. N. getur tekið þetta til íhugunar. En ef við skerðum verulega félagsheimilasjóðinn frá því, sem er ráðgert þarna, er hætt við, að honum gangi erfiðlega að gegna sínu hlutverki. Einnig er hitt, að ef farið er að flytja miklar brtt., t. d. að taka tónlistina þarna inn, gætu fleiri komið með till. um önnur menningaratriði til álita. Niðurstaðan varð því sú, að við höfum ekki viljað opna þetta meir en gert er í till., sem sé að taka einn nýjan lið, félagsheimilin, en ekki meira að svo stöddu. En eins og ég lýsti yfir í Nd., vil ég eiga þátt í undirbúningi fyrir næsta þing, á hvern hátt mætti styðja meir tónlistina en verið hefur, t. d. með því að auka skemmtanaskatt á kvikmyndasýningum, sem er ákaflega lágur samanborið við aðra skatta. Ég hafði þá hugmynd, að það mætti hækka þennan skatt nú með tónlistina í huga. En það varð að samkomulagi að blanda slíku ekki inn í þessar breyt. Vildi ég, að taka mætti þetta sem sérstakt mál upp í haust til dæmis.

Gísli Jónsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar og velvild hans í garð tónlistarinnar. Ég sé þó ekki ástæðu til annars en halda fram þessari hugmynd, sem ég lýsti áðan, og vil vænta þess, að menntmn. athugi mjög, hvort ekki er hægt að tryggja þessari starfsemi meira fé, ekki eingöngu tónlistarstarfsemi þeirri, sem fer fram í Reykjavík, heldur um allt landið, m. a. á Akureyri, því að þar er tónlistarskóli og tónlistarfélag. Ég vænti þess, að n. taki til athugunar, að 5—10% af skemmtanaskattinum renni þangað. Vil ég ekki tefja þetta mál, en mun bera fram brtt., ef n. sér sér ekki fært að taka þetta atriði upp.

Forseti (ÞÞ): Umr. er nú lokið. En þar sem skjöl í þessu máli eru ekki komin úr prentsmiðju og eru, eftir því sem mér er tjáð á stundinni, í prentun, þá sé ég mér ekki fært, þar sem líka andmæli hafa komið fram, að ljúka þessu máli nú með atkvgr. Sama er um 4. málið á dagskr. Þar af leiðandi verður atkvgr. frestað. Verða þá 1., 4., 5. og 6. mál tekin út af dagskrá, og er þá dagskrá tæmd. En ég vil biðja hv. dm., af því að svo lítið er að gera í d., að nota nú þennan tíma, eftir því sem fært er, til nefndarstarfa, svo að hægt sé að ljúka á morgun sem flestum málum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 137. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 141. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 873, n. 948).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. N. hefur athugað þetta mál eins og það liggur fyrir frá hv. Nd. Í frv. er nú gert ráð fyrir, að 40% af skemmtanaskattinum renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins og verði honum varið eftir l. um þjóðleikhús, en frv. til l. um þjóðleikhús hefur ekki hlotið afgreiðslu á þessu þingi. Þá er einnig gert ráð fyrir, að 50% renni til félagsheimilasjóðs og verði honum varið eftir því, sem mælt er fyrir í l. um félagsheimili, en það frv. hefur ekki heldur

verið afgr. Og 10% af skemmtanaskattinum renni til lestrarfélaga og kennslukvikmynda.

Breyt. frá gildandi l., sem í þessu frv. felst, er einkanlega sú, að skemmtanaskattinum, sem til þessa hefur runnið til byggingar og rekstrar þjóðleikhússins að öðru leyti en þessi 10% til lestrarfélaga og kennslukvikmynda, skuli nú einnig varið til félagsheimila. Það er því hér um verulega breytingu að ræða, sem felst í frv., og það hafa komið ýmsar till. um það, hvernig eigi að verja þessum skatti. Þetta hefur orðið niðurstaðan, að 2. gr., eins og hún er í frv. nú frá hv. Nd., ákveður, að l. um skemmtanaskattinn frá 1927 skuli falla inn í þessi l. um skemmtanaskatt, ef frv. verður að l., og heita l. um skemmtanaskatt, rekstrarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilasjóð o. fl.

Breyt. n. er einungis út af því, að hún vill breyta nafni í þessu frv. eða l. frá 1927, og þess vegna leggur n. til að 2. gr., eins og hún er nú, falli niður, en á eftir 3. gr. komi ný gr. svohljóðandi: „Þegar l. þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í l. nr. 56 1927 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um skemmtanaskatt, rekstrarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilasjóð o. fl."

Það er sem sé engin efnisbreyting á frv. frá því, sem hv. Nd. lagði til. En n. þótti ekki fært að breyta l. frá 1927 öðruvísi en með því að ákveða í þessu frv. að prenta l. frá 1927 upp og fella þessa breytingu inn í meginmál þeirra.

N. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með þessum formsbreytingum, og tel ég ekki ástæðu til þess að fara um það fleiri orðum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr., gat ég þess, að ég óskaði eftir, að n. tæki til athugunar, hvort hún sæi sér ekki fært að láta einhvern hluta af skemmtanaskattinum renna til tónlistarstarfsemi í landinu, og sé ég nú, að n. hefur ekki séð sér það fært, og hv. frsm. n. heldur ekki talið það þess virði að ræða um það atriði eða láta hv. d. vita, hvort það hafi yfirleitt verið tekið til athugunar í n.

Ég leyfi mér því að bera hér fram brtt. við frv. um það, að í staðinn fyrir 50% undir tölul. 2 komi 45%, og legg ég til, að þessum 5% verði varið til tónlistarstarfsemi. Það má segja, að þetta sé það minnsta, sem hægt sé að skammta þeirri list í landinu, sem hefur verið olbogabarn frá því fyrsta, og ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að nú verði ekki samþ. að verja þarna 5% til þeirrar starfsemi.

Ég leyfi mér að bera fram þessa brtt. og afhenda hana hæstv. forseta.

Forseti (GÍG): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Barð., sem hann hefur lýst. Það þarf afbrigði fyrir henni, þar sem hún er skrifl. og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 990) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og ég sagði hér við 1. umr. þessa máls, þá er búið að leggja ákaflega mikla vinnu í það að fá sem mest samkomulag um skiptingu skemmtanaskattsins, og hefur verið genginn í því langur jafnvægisgangur, sem endaði með því, að þau hlutföll voru sett, sem í frv. eru.

Það voru ýmsir, sem töluðu við mig um aðra skiptingu skemmtanaskattsins en er í frv. Það voru tveir hv. þm., sem vildu taka til tónlistarstarfsemi, aðrir vildu hækka hlutann til kennslukvikmynda og til þess að styðja lestrarfélögin. Enn aðrir hv. þm. vildu þá nota tækifærið til þess að hækka styrkinn til menningarsjóðs, og jafnvel enn aðrir vildu fá eitthvað af þessum hundraðshluta til bókmenntastarfsemi. Það var rætt fram og aftur um þetta, þar til þm. voru orðnir sannfærðir um, að réttast væri að reyna að skipta þessum skatti aðeins á milli þeirra aðila, sem í frv. greinir, og setja ekki þar inn neina nýja liði.

Nú vildi ég óska þess, þótt ég búist ekki við því, að það þýði nokkuð, að hv. þm. Barð. taki brtt. aftur. Annars vildi ég fara fram á það við hv. dm., að þeir felli þessa brtt. Ég vildi svo athuga það í samráði við hv. flm. brtt., hvað hægt er að gera til næsta þings fyrir tónlistarstarfsemina.

Ég vil líka benda á, að ég álít, að efni brtt. hafi ekki verið nógu vel athugað, því að þar er gert ráð fyrir, að ráðh. setji þar einn reglur um. Það er dálítið vafasamt að hafa það svo, og ég álít, að þetta þyrfti meiri athugunar við.

Ég vil því skora á hv. dm. að standa að þessu frv. óbreyttu og blanda ekki þarna inn í nýjum lið. Og er það ekki vegna þess, að ég sjái ekki nauðsyn þess að styrkja ýmsar fleiri greinar en þarna eru teknar með, heldur af því, að við höfum samið um þetta svona, og ef við færum nú að bæta fleiri liðum inn í, er hætta á, að við missum þetta allt úr höndum okkar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sé mér ekki fært að taka aftur brtt. og held mjög fast við það að óska þess, að hv. dm. sjái sér fært að samþykkja hana. Ég fæ ekki annað skilið en að það sé sanngjarnt að 5% af því, sem á að renna til félagsheimilanna, verði látið renna til tónlistarstarfsemi í landinu eftir nánari reglum, er ráðh. setur. Það er rétt, að ég hef ekki gert annað en að tiltaka þetta eftir nánari ákvörðun ráðh., og það var af því, að ég bjóst við, að menntmn. sýndi þessari list þá almennu kurteisi að taka til athugunar og ræða þetta mál. En hv. frsm. n. hefur ekki talið hana þess virði að verða þeirrar kurteisi aðnjótandi.

Til forseta vil ég segja það, að fyrst verður að sjálfsögðu borin upp brtt. um lækkun til félagsheimila, og ef hún fellur, þá er hin fallin af sjálfu sér, því að ekki er hægt að greiða út 105%. **(Forseti (ÞÞ):** Það hefur forseti athugað.) Hún afmarkar alveg, hvort þm. vilja leggja 5% til tónlistarstarfsemi í landinu eða ekki.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það var ekki nema rétt við því að búast, að hv. þm. Barð. gæti ekki setið á strák sínum með það að bera n. það á brýn, að hún vilji sýna tónlistarstarfseminni í landinu ókurteisi með því að taka ekki till. hans eða boðaða till. hans við 1. umr. til greina, um það, að hann vildi, að ætluð væru 5% af skemmtanaskattinum til tónlistarstarfsemi.

Nú gat ég þess að vísu ekki, hvaða orð hefðu fallið um það í n., enda er ekki vani í framsöguræðu að rekja öll orðaskipti nm. um eitthvert mál.

En hæstv. menntmrh. hefur nú gert grein fyrir því, að hann mæltist til þess mjög eindregið á nefndarfundi, að n. bætti ekki inn neinum nýjum liðum, vegna þess, hversu margar till. hefðu komið um það að verja skemmtanaskattinum á annan veg en lagt er til í frv., og að frv. héldist í því horfi, sem það var. Það hefði með miklum erfiðismunum verið hægt að fá þetta samkomulag og koma því í það horf, sem það nú er.

Ég hef tekið eftir því, að hv. þm. Barð. hefur fallizt á þessi rök í mörgum málum. En nú hikar hann ekki við það að koma með brtt., sem gæti orðið þessu máli að falli, ef deilur yrðu um það í hv. d. Það er alveg sýnilegt, að fyrir honum getur ekki vakað annað en að bregða fæti fyrir þetta mál með hræsnisfullu yfirskini. (Forseti hringir). Annars var hér frv. lengi að velkjast í þinginu í vetur um það að taka upp það fyrirkomulag á rekstri kvikmyndahúsa, sem jafnframt sæi tónlistinni og hljómlistinni í landinu fyrir ríflegri fjárupphæð en hv. þm. Barð. leggur nú til, að sú list fái. En þessum hv. þm. var sönn ánægja að því að ganga af því dauðu — þannig var hans áhugi þá fyrir því að sjá tónlistinni í landinu fyrir fé.

Ég tel, að það sé alveg sjálfsagt, að allir hv. þdm., sem vilja, að þetta frv. nái fram að ganga, gangi af brtt. hv. þm. Barð. dauðri og það þegar í stað, enda er hún á kostnað félagsheimilanna, sem sannarlega veitir ekki af því, sem þeim er ætlað af skemmtanaskattinum. Og mér hefur heyrzt, að hv. þm. Barð. vildi fá kannske nokkuð ríflegan skerf af þeim lið til samkomuhússins á Bíludal, sem er nokkurn veginn búið að byggja og var byggt af Sjálfstfl. og ætti því ekki að falla undir þessi l. samkvæmt ákvæðum, sem eru í frv. um félagsheimili.

En fyrst og fremst vill hv. þm. Barð. fá þessa breytingu á frv. í þeirri von, að hægt sé að ganga af því dauðu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins benda hv. dm. á, hve mikil sanngirni var í ræðu hv. 3. landsk. Hann lýsir því yfir, að þetta hús á Bíludal eigi ekki að fá neitt af þessu fé, af því að það sé reist af Sjálfstfl. Og ég veit ekki, hvað er til þess að drepa mál yfirleitt, ef það er ekki svona framkoma eins og hjá þessum hv. þm.

Annars hélt ég, að stjórnin hefði svo mikið fylgi, m. a. frá hv. 3. landsk., að það mundi ekki vera svo mikil hætta fyrir mál, sem hún beitti sér fyrir, þó að borin væri fram brtt. við það, og það þyrfti að fara til annarrar d., þannig að það væri þá í lífshættu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég óskaði eftir því, að þessi brtt. yrði ekki samþ., var sú, að þótt ég vildi styðja meira tónlistarstarfsemina en verið hefur, var ég búinn að ganga svo mikinn jafnvægisgang á milli manna og fá þetta samkomulag um frv., að ég áleit, að ef farið væri að koma nú með brtt. við frv., yrði það til þess að raska málinu. Það er enginn mælikvarði á það, hvort menn vilja styðja tónlistina, hvort menn greiða atkv. með till. eða ekki. Þar fyrir meina ég ekki, að hún sé flutt undir yfirskini, heldur vil benda á, að þótt till. verði felld, þarf það ekki að tákna það, að menn vilji ekki hækka styrkinn til tónlistarinnar, heldur stafar það af því, að menn vilja koma í veg fyrir, að þessu yrði skipt of smátt, í of margar deildir, til truflunar á meðferð málsins nú.

ATKVGR.

Brtt. 990,a felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, PM, ÞÞ.

nei: HV, HermJ, LJóh, PZ, SÁÓ, StgrA, ÁS, KG, BBen, BK, EE.

3 þm. (GÍG, JJós, BrB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Magnússon: Þótt nú hafi verið ákveðið, að prestsefni á landinu skuli læra talsverða tónfræði í 4 ár, tel ég, að ástæða sé til að styðja tónlistina í landinu fyrst, og segi því já.

Brtt. 990,b tekin aftur.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 948,1 (2. gr. falli niður) samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 948,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 971).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 141. fundi í Nd., 23. maí, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1008).

---

20. Þjóðleikhús.

Á 50. fundi í SÞ., 5. maí, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um þjóðleikhús (stjfrv., A. 757).

Á 122. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 123. fundi í Nd., 7. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 757, n. 822).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta mál til meðferðar og rætt það við ýmsa aðila, þar á meðal við menntmrh., formann rekstrarnefndar þjóðleikhússins og formann útvarpsráðs. N. varð sammála um, að nauðsynlegt væri nú á þessu þingi að setja l. um þjóðleikhúsið. Svo langt er komið byggingu þess húss, að byggingarnefnd gerir ráð fyrir, að það geti að forfallalausu tekið til starfa síðla á þessu ári eða um næstu áramót. Það eru hins vegar fjölmörg atriði í sambandi við rekstur þjóðleikhússins, sem þarfnast mikils undirbúnings, og því er nauðsynlegt að fá reglur settar um rekstur þess í framtíðinni. Þess vegna er það, að hæstv. menntmrh. hefur flutt þetta frv. og í verulegum atriðum byggt það á þeim till., sem fyrir lágu frá rekstrarnefnd þeirri, sem skipuð hefur verið til þess að undirbúa reglur um starfsemi þjóðleikhússins. Hins vegar mun það vera álit menntmn. og ráðh., að um rekstur þjóðleikhússins verði reynslan að skera úr um margt, ekki síst varðandi fjárhagshlið málsins. Virðist mér hæstv. ráðh. hafa breytt fyrst og fremst þeim atriðum frá till. rekstrarnefndar, sem um fjárhagslega hlið málsins fjalla. Ætla ég þá ekki að hafa lengri inngang að þeim brtt., sem menntmn. hefur lagt til.

Fyrsta brtt. er við 2. gr., að orðalag verði gert nokkru skýrara. Í frv. ríkisstj. er svo komizt að orði, að þjóðleikhúsið skuli og annast flutning leikrita í útvarpið, sbr. 10. gr. Á það var bent, að skilja mætti þetta þannig, að hlutverk leikhússins væri að annast algerlega flutning leikrita í útvarpinu. Nú hefur þetta aldrei verið meiningin, hvorki hjá rekstrarnefnd né menntmrh. Menntmn. þótti því rétt að gera orðalagið ljósara og leggur til, að síðasta málsgr. gr. verði orðuð eins og segir í brtt., þar sem segir skýrt, að ekki skuli vera hlutverk leikhússins að annast þetta algerlega, heldur skuli það gert í nánu samstarfi milli ríkisútvarpsins og þjóðleikhússins, og kem ég nánar að því síðar.

2. brtt. er við 3. gr., að fella orðin í 2. málsgr. brott: „bæði fjárhag þess og efnisvali". Nægilega skýrt þótti kveðið á um þetta í fyrri hluta setningarinnar, þar sem segir: „Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins."

Þá er b-liður brtt. við þessa gr., þar sem lagt er til, að niður verði felld setningin um skyldur leikara til að taka endurgjaldslaust þátt í flutningi leikrita, sem útvarpinu eru látin í té. Um þetta er greinilega tekið fram í 10. gr., þannig að það þótti eðlilegast, að þau ákvæði væru í þeirri grein einni. N. hefur því lagt til, að þessi setning verði felld niður. Í samræmi við það hefur n. fært 3. og 4. málsgr. saman í eina málsgr. og breytt nokkuð orðalagi, en efni hennar er hið sama.

Þá er brtt. n. við 5. gr. frv. Þar er lagt til, að við 5. gr. bætist ný málsgr., sem sé að efni til mjög svipuð 2. málsgr. frv. þess, sem rekstrarnefnd samdi, sem þm. hafa átt kost á að kynna sér. Ræðir þar um að gefa fastráðnum starfsmönnum þjóðleikhússins kost á að njóta eftirlaunaréttar, en ráðh. ákveður réttindatíma hvers og eins, að fengnum upplýsingum og tillögum félags íslenzkra leikara. Í till. rekstrarnefndar er talað um, að leikendur leikhússins skuli njóta eftirlaunaréttar. N. hefur leitað upplýsinga um þetta hjá tryggingafræðingum lífeyrissjóðs ríkisins og Tryggingastofnun ríkisins og varð af þeim upplýsingum sammála um að flytja þessa brtt. Samkv. l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eiga starfsmenn ríkisins kost á að kaupa sig inn í sjóðinn með því að greiða ákveðin iðgjöld aftur í tímann. N. taldi ekki rétt að sporna gegn því, að starfsmenn þjóðleikhússins, sem fastráðnir eru, gætu átt þess kost að öðlast þessi réttindi. Ekki er um að ræða, að ríkissjóði séu gerð nein útgjöld með þessu, eða lítil líkindi eru til þess, því að fyrst og fremst er að ræða um það, að menn öðlist rétt til þess að kaupa sig inn í sjóðinn samkv. þeim reglum, sem gilda almennt um möguleika starfsmanna ríkisins til þess, samkv. 12. gr. l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Þá er 4. brtt. n. Þar er lagt til, að nokkuð verði breytt orðalagi frv. um samstarf milli þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins og gert skýrara. Er tekið fram, að þjóðleikhúsið skuli láta ríkisútvarpinu leikrit í té til flutnings, eftir því sem samkomulag verður um milli þjóðleikhússtjóra og útvarpsráðs. Í frv. stjórnarinnar var gert ráð fyrir, að þjóðleikhússtjóri og formaður útvarpsráðs veldu í sameiningu leikritin. Enn fremur er tekið fram, að starfsmönnum við þjóðleikhúsið beri ekki þóknun fyrir útvarpsflutning né leiksýningar utan Reykjavíkur. Þannig eru ákvæði 3. gr. frv. um skyldur starfsmanna þjóðleikhússins teknar upp í 10. gr.

Að lokum er svo 5. brtt., sem er aðeins smáorðabreyt. Þar er lagt til, að ef afgangur verður af tekjum þjóðleikhússins, verði hann lagður í rekstrarsjóð þess, í stað þess að í frv. stj. var nefndur í því sambandi varasjóður þess. N. fannst rétt, að þar sem í frv. eru engin ákvæði um varasjóð þjóðleikhússins, rynni slíkt fé beint í rekstrarsjóð þess. Ef um varasjóð væri að ræða, yrði hann skoðaður sem nokkurs konar hluti af rekstrarsjóðnum. Er þetta því ekki ýkjamikil efnisbreyt.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim efnisbreyt., sem n. vill gera á frv. Um meginstefnu frv. vil ég annars segja það, bæði fyrir hönd menntmn. og sem mína persónulegu skoðun, að jafnan mun hafa verið um það rætt, að þjóðleikhúsið yrði ríkisstofnun, og það af þeim mönnum, sem fremstir hafa staðið í forustu fyrir byggingu þess, og þar á meðal er hv. þm. S-Þ. Ég hygg það væri mjög hæpið spor nú, þegar þjóðleikhúsið er í þann veginn að rísa fullbúið til starfa, að fá það í hendur fátækum og fámennum samtökum Félags íslenzkra leikara til að halda því að öllu leyti uppi fjárhagslega. Vegur og vandi af því stóra fyrirtæki, sem ekki einungis Leikfélag Reykjavíkur og íslenzkir leikarar yfirleitt, heldur öll þjóðin, á mikið undir, að vel og myndarlega fari af stað, er svo mikill, að tryggja verður sem bezt rekstur þess frá upphafi. Ég held þess vegna, að menntmn. og hæstv. ríkisstj. séu aðeins að halda áfram sömu stefnu, sem fyrir löngu hefur verið mörkuð í þessu

efni, þegar lagt er til, að þjóðleikhúsið verði ríkisstofnun. Og þó að hægt sé að benda á, að í öðrum löndum, bæði Englandi og fleirum, reki einstaklingar og einkafélög þjóðleikhús, er ólíku saman að jafna við aðstöðuna í okkar höfuðborg, sem ekki hefur svo miklu úr að spila frá einstaklingum til að standa undir jafnstórfenglegu menningarfyrirtæki og þjóðleikhúsið verður að skoðast. Ég vil svo endurtaka, að það verður aðeins reynslan, sem fær úr því skorið, hvernig fjárhagshlið þessa máls verður leyst. Það eru fjölmörg atriði, sem erfitt er að fullyrða um fyrir fram. En jafnhliða því, að ég tel, að sníða verði rekstur þjóðleikhússins við fjárhagslegt bolmagn þjóðarinnar, álít ég einnig, að ekki megi um of skera við nögl það fé, sem varið er til þess að þessi stofnun verði sem myndarlegust. Til þjóðleikhússins standa miklar vonir, og á bak við liggur óeigingjarnt starf íslenzkra listamanna og leikenda. Íslenzk leiklist hefur þróazt við mjög erfiðar aðstæður og ekki orðið fjárhagslegur ágóði fyrir þá, sem að henni hafa starfað, en orðið mikils virði fyrir það fólk, sem hefur átt kost á að kynnast þeirri list.

Ég læt að lokum í ljós þá ósk menntmn., að gifta megi fylgja þessu merkilega menningarfyrirtæki og að Alþ. auðnist að afgreiða þetta mál í samræmi við það, sem á undan hefur gerzt í þessu máli, þann dugnað og áhuga, sem hefur mótað mjög lengi baráttuna fyrir þjóðleikhúsinu — þann hugsjónaeld, sem hefur brunnið mörgum forystumönnum þessa máls í brjósti.

Leyfi ég mér að óska, að málinu verði að lokinni umr. vísað til 3. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins þakka hv. menntmn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu málsins og lýsa yfir, að ég er samþykkur þeim brtt., sem n. flytur.

Forseti (GÞ): Ég vil spyrja hv. frsm., hvort hann hafi á móti því, að brtt. menntmn. séu teknar aftur til 3. umr.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Ég teldi það kost að afgreiða þær við þessa umr. En ef hæstv. forseti telur það einhverju skipta fyrir framgang málsins og hæstv. menntmrh. er ekki á móti, mun ég ekki setja mig á móti því.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér þykir skrítið hjá hæstv. forseta, að þegar enginn er á mælendaskrá og liggur beint við að slíta umr., að hann skuli ekki gera það, nema ef hann ætlar sjálfur að tala, en hér er þá varaforseti hans viðstaddur. En ef hæstv. forseti leggur áherzlu á að ljúka ekki umr. nú, nema því aðeins, að till. séu teknar aftur til 3. umr., legg ég til, að umr. verði lokið nú og till. teknar aftur til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 128. fundi í Nd., 14. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 822 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EystJ, GÞG, HÁ, HermG, JörB, KTh, PÞ, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SkG, StJSt, BG.

nei: SK.

ÁÁ, GSv, JS, JJ greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁkJ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GTh, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, LJós, ÓTh, StgrSt) fjarstaddir.

2.—14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 129. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 130. fundi í Nd., 17. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 757, 822, 851).

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef á þskj. 851 borið fram nokkrar brtt. við frv. til l. um þjóðleikhús og mun gera grein fyrir þeim með nokkrum orðum. — Fyrsta brtt. er við 1. gr. frv. og er a-liðurinn þess efnis, að í stað „ríkisstofnun" komi: sjálfseignarstofnun. Í samræmi við þetta ber ég fram brtt. undir b-lið um það, að ríkisstj. skuli afhenda stofnuninni þjóðleikhúsið fullgert að innan og utan ásamt nauðsynlegum leikhúsútbúnaði og tveim kvikmyndasýningarvélum, skuldlausu og kvaðalausu, eigi síðar en í árslok 1948. Ég tel miklu eðlilegra, að þessi stofnun sé sjálfstæð, í stað þess að skella þessum rekstri yfir á ríkið og hafa ríkisrekstur á stofnuninni.

Önnur brtt. er um tekjustofna þjóðleikhússins. Ég tel heppilegast og öruggara fyrir þjóðleikhúsið, ef fjárhagurinn er markaður við það, að húsið hafi ákveðnar tekjur. Í fyrsta lagi það, sem húsið gefur af sér, þegar það er leigt út eða á annan hátt; í öðru lagi lögákveðinn hluta skemmtanaskatts og það, sem inn kemur fyrir selda aðgöngumiða; í þriðja lagi áheit, gjafir og aðrar óvissar tekjur; og loks, ef reksturinn verður í sæmilegu horfi, að veitt verði til þess með framlagi á fjárl. eða öðrum fjárveitingum. Ég hygg, að langflest slík hús sem þetta séu rekin sem sjálfseignarstofnanir, og þær eiga fullkomlega að geta þrifizt með fullu tilliti til afkomumöguleikanna. Þá geri ég ráð fyrir eftirliti ríkisvaldsins, þar sem þetta er þjóðleikhús, og það lúti þannig yfirstjórn menntmrh., og held ég, að það geti fullkomlega samrýmzt þessari tilhögun. Þetta er líka fjárhagsatriði varðandi það, hvernig húsið er rekið, og rétt og eðlilegt, að það lúti menntmrh., þó að það sé sjálfseignarstofnun.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að þjóðleikhúsið annist flutning leikrita í ríkisútvarpið, sbr. 10. gr., og leiki utan Reykjavíkur. Ég legg til, að 3. liður og síðasta málsgr. 2. gr. falli burt. Ég dreg það mjög í efa, að rétt sé að hafa leikskóla í sambandi við þjóðleikhúsið. Það má að vísu gera ráð fyrir, að þangað veljist beztu kraftarnir á þessu sviði, en mér er kunnugt um það, að leikskólar eru ekki alltaf í sambandi við ríkisstofnanir á þessu sviði. Hér hefur verið rekinn leikskóli af privatmanni, sem hefur gefizt mjög vel, það vel, að t. d. 2 Íslendingar hafa skarað mjög fram úr og öðrum var t. d. boðið ásamt 4 öðrum til Hollywood, sem hann þó þáði ekki. Í beinu áframhaldi af þessu er það, að ég geri ráð fyrir, að leikararnir verði ekki ráðnir nema til eins árs í senn. Þjóðleikhúsið á ekki að vera nein próventustofn-

un, heldur á að velja úr þá hæfileikamenn, sem skara mest fram úr á hverjum tíma. Það væri bagalegt, ef þessi ungi Íslendingur, sem átti kost á að fara til Hollywood ásamt 4 öðrum, kemur heim, þá væri búið að ráða alla leikarana til 5 ára, það væri óeðlilegt og óskynsamlegt, að hann hefði þá enga möguleika til að fá þá stöðu, sem hann vegna hæfileika sinna ætti kröfu á, í næstu 5 ár. Það er sagt, að þeir leikarar, sem standa að frv., hafi talið það nauðsynlegt, að menn væru ekki ráðnir til skemmri tíma, vegna þess að þeir vildu annars ekki sleppa sinni atvinnu. Þetta er skiljanlegt sjónarmið, en það hefur verið svo, að allt eru það áhugamenn, sem iðkað hafa leiklist hér, sem talin er standa öllum vonum framar þrátt fyrir erfiða aðstöðu og aðbúð. Atvinnuleikarar hafa ekki verið hér, — og því er ekki hugsanlegt, að það séu áhugamenn í sambandi við þjóðleikhúsið? Ég fæ ekki skilið, að það þurfi fasta leikara til svo langs tíma. Það mun áfram verða mest áhugalið, sem leiklist stundar, en ekki menn, sem hafi þær tekjur af því, sem þeir geti lifað af. Því hef ég borið fram þá brtt., að leikararnir séu ekki ráðnir nema til eins árs í senn, og þeir séu ekki ráðnir af þjóðleikhússtjóra, heldur af þjóðleikhúsráði, sem ég geri ráð fyrir, að sé kosið hlutfallskosningu, 2 af Alþ., 2 af bæjarstjórn Reykjavíkur og einn af Leikfélagi Reykjavíkur, allir til tveggja ára í senn og skipi menntmrh. form. Ég tel eðlilegra, að þessir opinberu aðilar kjósi 4 menn, en þeir séu ekki skipaðir af menntmrh. og einnig, að þetta ráð ráði leikarana. Í sambandi við síðustu málsgr. 2. gr., um ríkisútvarpið, álít ég, að þetta eigi ekki að vera í l. Það getur vel verið, að reynslan verði sú, að þessir leikarar flytji leikrit í útvarpið, en það á ekki að vera í l., heldur er þetta ráðningaratriði. Ráðið setur sín skilyrði í ráðningarkjörin, og þar á þetta að koma. Það er alls ekki víst, að aðstæður séu þannig eitt árið eða lengri tíma, að ráðið óski eftir, að þessir menn flytji leikrit í útvarpið, en þá á það að koma fram í ráðningarkjörunum, en á ekki heima í l. Þetta kemur til athugunar, þegar ráðið ræður leikarana, en á ekki að lögbindast. Sem afleiðing af till. um, að menn séu ekki ráðnir nema til eins árs, legg ég til, að 5. gr. falli niður. Ég legg enn fremur til, að 6. gr. verði breytt, og geri ég það að till. minni, að leikritan. verði kosin af þjóðleikhúsráði. Mér finnst það eðlilegt, að ráðið, sem fylgist með öllum rekstri hússins, skipi þessa n. Það má vel vera, að það verði sama og 6. gr. er nú, en það þarf ekki að vera bezt að hafa það lögbundið. Þá er heldur ekki víst, að þjóðleikhússtjóri sé vel til þess fallinn að vera í leikritanefnd. Hann getur verið prýðilega fallinn til að vera framkvæmdastjóri fyrir þjóðleikhúsinu, en þarf ekki að hafa þá hæfileika, sem þarf til að eiga sæti í þessari n. Hann þarf ekki að vera vel að sér í leikbókmenntum, þó að hann væri duglegur framkvæmdastjóri, sem hlýtur að vera fyrsta krafa, sem gerð er til hans. Þess vegna legg ég til, að n. verði kosin af þjóðleikhúsráði, og er það þá opið, hvort þjóðleikhússtjóri á þar sæti eða ekki.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt., sem ég hef flutt, og eru það aðallega tvö meginatriði, sem í þeim felast. Í fyrsta lagi, að þjóðleikhúsið sé sjálfseignarstofnun, og að það hafi möguleika til að starfa sem slíkt, eftir að hafa fengið húsið skuld- og kvaðalaust og með öllum leikútbúnaði, og þá býst ég við, að starfsemi þess verði það vel rekin, að það geti staðið undir sér fjárhagslega, og í öðru lagi að hafa ekki eins fast samband milli leikaranna, svo að það sé tryggt, að þjóðleikhúsráðið geti alltaf skipt um leikara, þegar því sýnist, að það hafi betri tækifæri til að fá það, sem bezt er fáanlegt á hverjum tíma.

Jónas Jónsson: Þar sem hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, en helmingur þdm. fjarverandi, vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði atkvgr., meðan helmingur þdm. er fjarverandi.

Forseti (GÞ): Þessi fundur var boðaður á venjulegan hátt og auk þess tilkynntur á fundi í gærkvöld. Þá hefur hæstv. forsrh. óskað þess, að afgreiðslu mála verði lokið svo fljótt sem kostur er.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Menntmn. hefur á fundi í morgun tekið til athugunar brtt. hv. 2. þm. Eyf. Það varð samkomulag í n. að ganga nokkuð til móts við eina brtt., þá, sem fjallar um starfstíma leikara. Varð samkomulag um það í n. að leggja til, að í 3. málsgr. 3. gr. verði á undan orðunum „fimm ára" bætt inn „allt að", svo að upphaf gr. verður þá: „Þjóðleikhússtjóri ræður fasta leikara til allt að fimm ára í senn" o. s. frv. Með þessari breyt. er því ekki endanlega slegið föstu, að allir leikarar séu ráðnir til 5 ára, heldur allt að 5 ára, svo að það er á valdi þjóðleikhússtjóra og ráðherra, hve langur ráðningartíminn er hverju sinni, þó að hin almenna regla sé 5 ár. Þá flytur hann einnig nokkrar brtt., sem varða skipulag þessa máls, sem ég vil fara nokkrum orðum um fyrir hönd n., en hún mælir eindregið gegn því, að þær verði samþ.

Fyrsta brtt. gerir ráð fyrir því, að þjóðleikhúsið sé sjálfseignarstofnun. Hv. flm. sagði, að fleiri leikhús væru rekin sem sjálfseignarstofnanir í nágrannalöndum okkar. Við þetta er tvennt að athuga. Í fyrsta lagi það, að því fer fjarri, að flest þjóðleikhús séu sjálfseignarstofnanir á Norðurlöndum. Í Danmörku er Konunglega leikhúsið ríkisstofnun, í Noregi og Svíþjóð eru þau sambland af ríkisstofnun og félagsrekstri. En svo verður að gæta þess, að það er gerólíku saman að jafna milli Íslendinga og ríkra og fjölmennra þjóða. Það fer vart fram hjá hv. flm., að mikill munur er á Leikfélagi Reykjavíkur og aldagömlum samtökum úti um stórborgir heimsins. Þetta sýnir, hve það er eðlilegt, að Íslendingar eiga enga svo fjáröfluga stofnun eða samtök, sem geti tekið við þessu, enda hefur alltaf verið reiknað með því, að leikhúsið yrði rekið sem ríkisstofnun, en það, sem hér hefur verið sagt, er aðeins einhver sparnaðarandi frá mönnum, sem ekki hafa sýnt sig að vera neinir sparnaðarfrömuðir, eins og t. d. hv. þm. S-Þ., sem sýnt hefur samtökum leikara lítinn sóma. Aðrar brtt. hv. þm., sem eru afleiðing af þessari fyrstu, þarf ég ekki að ræða um, þar sem ég hef sýnt fram á, hve ólíku er þar saman að jafna hjá okkur og hinum fjölmennu þjóðum og ríku. Um aðra brtt., um tekjur stofnunarinnar, er það að segja, að þeim er engan veginn lokað, þó að leikhúsið sé ríkisstofnun. Það er hverjum manni frjálst

að heita á leikhúsið eða færa því gjafir, og sé ég enga ástæðu til að taka þetta ákvæði upp.

Þá er till. um nýskipun þjóðleikhúsráðsins. Hv. flm. leggur til, að í stað þess, að menntmrh. skipi 4 menn eftir tilnefningu fjögurra stærstu stjórnmálaflokkanna á Alþ., þá séu 2 kosnir af Alþ., en 2 af bæjarstjórn Reykjavíkur. Mig undrar stórlega, að þessi till. skuli hafa komið fram. Það hefur aldrei verið rætt um þjóðleikhúsið sem bæjarstofnun fyrir Reykjavík, heldur fyrst og fremst sem alþjóðlega menningarstofnun. Þess vegna er það eðlilegt, að Alþ. skipi að mestu þetta ráð, en að einstök bæjarstjórn eigi þar hlut að máli, fær vart staðizt. Þjóðleikhúsið hefur frá fyrstu tíð verið hugsað sem alþjóðarstofnun, og þess vegna á Alþ. sem fulltrúi þjóðarinnar að fjalla um stjórn þess, en ekki einstakar bæjarstjórnir. Í þessari brtt. er einnig sú brtt., sem ég minntist á áðan, varðandi ráðningarkjör leikara. Það er álitamál, til hve langs tíma það á að vera. Ég hefði fellt mig við styttri tíma, en ég held, að engin hætta felist í þessu, það er á valdi ráðh., hve margir leikarar starfa við húsið, og eftir brtt. n., sem ég gat um áðan, er ráðningartíminn einnig frjáls. En það er talið erfitt að fá leikara, ef þeir eru ráðnir til skemmri tíma. Þeir hafa allt fram að þessu stundað leiklistina sem aukastarf og elga því erfitt með að fara úr fastri vinnu, ef þeir eru aðeins ráðnir til eins árs. Sú skoðun hefur komið fram, að hægt sé að reka þjóðleikhúsið með áhugaleikurum eingöngu. Það dreg ég mjög í efa, en æskilegt er, að ekki verði haldið uppi svo fjölmennu starfsliði, að það beri fjárhag stofnunarinnar ofurliði. Ég er sannfærður um það, að eftir því sem fleiri fastir leikarar eru ráðnir við leikhúsið, því þróttmeiri verður starfsemi þess. Ef menn geta gefið sig óskiptir að einhverri liststarfsemi, þá hafa þeir betri skilyrði til þess að fullkomna list sína og þroska en ef þeir verða að gegna margs konar störfum öðrum, sem ef til vill taka meiri hlutann af starfsþreki þeirra. Ég held þess vegna, að sú brtt., sem menntmn. flytur hér, leysi það, sem fyrir mönnum vakir í þessu efni, sem sagt, að ekki sé rétt að fastbinda það, hvað marga leikara skuli ráða til langs tíma. Ég held það leysi fullkomlega það vandkvæði, að ef búið er að ráða marga fasta leikara og svo koma ungir og efnilegir leikarar erlendis frá, og þá er ekkert rúm fyrir þá. Ég hygg, að ef þessi háttur verði hafður á, þá þurfi ekki að óttast örðugleika af þessum ástæðum. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt.

Varðandi 6. brtt., um umorðun á gr. frv. um leikritanefndina, þá fæ ég ekki betur séð en að hún sé út í bláinn. Þar er sagt, að við þjóðleikhúsið skuli starfa leikritan., sem kosin sé til eins árs. Það er ekkert sagt um það, hvernig þessi n. skuli skipuð, hverjir skuli elga sæti í henni, hvort það skuli vera þjóðleikhússtjóri, leikstjóri, „senuverðir" eða tjaldamálarar. Það er sem sagt ekkert um það sagt, hverjir skuli vera í þessari n. Ég tel miklu skýrara kveðið á um þetta í sjálfri gr. frv. og tel ekki til bóta, að þessi brtt. verði samþ. Ég ítreka það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að menntmn. hefur haft þessar till. til gaumgæfilegrar athugunar, og niðurstaðan er sú, að hún leggur til, að allar þessar brtt. verði felldar. Aftur á móti ber n. fram þá brtt., sem ég hef lýst, og leyfi ég mér að afhenda hana hæstv. forseta og óska eftir afbrigðum fyrir hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 882) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. S-Þ. hefur endurtekið hvað eftir annað, að það væri einsdæmi í heiminum að hafa þjóðleikhús ríkisrekið. Hv. þm. sagði hvað eftir annað í umr. um frv. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, að það þekktist ekki í Noregi né Svíþjóð, því að þar væru þjóðleikhúsin í einkarekstri. Ég vil geta þess, að þarna sagði hv. þm. ekki allt of nákvæmlega frá, frekar en oft áður, því að sannleikurinn er sá, að þótt þjóðleikhúsin í Noregi og Svíþjóð séu ekki að forminu til ríkisfyrirtæki, þá vita allir, sem kynna sér þessi mál í raun og veru, að þessi leikhús eru kostuð af ríkinu. Ríkisreksturinn á þessum húsum er svo alger, að þar greinir ekkert á milli nema formið. Þetta sést m. a. á því, að reglugerð ríkisstj. Svíþjóðar um rekstur Konunglega leikhússins er nær alveg eins og um ríkisfyrirtæki væri að ræða. Og peningarnir til að greiða hallann við rekstur hússins eru sóttir í sænska ríkissjóðinn. Hið sama gildir um rekstur norska þjóðleikhússins. Og það er víst, að hv. þm. veit miklu betur, þegar hann heldur því fram, að það sé eitthvað einstakt, þegar Íslendingar vilja grípa til þess ráðs að hafa ríkisrekstur á sínu þjóðleikhúsi. Hv. þm. hefur talað mikið á móti þessu. En nú vil ég spyrja. Hvaða aðili á að reka þjóðleikhúsið? Leikfélag Reykjavíkur, segir hv. þm. S-Þ. En ef það vill ekki gera það, hvað þá? Þá á að láta það standa autt, skilst manni. Þetta er mikið vandamál og miklum vandkvæðum bundið vegna þess, hve við erum fátækir og elgum erfitt með að reka svona fyrirtæki. Þess vegna verðum við að fara inn á þá braut að láta ríkið reka leikhúsið. Og það stafar líka blátt áfram af því, að enginn einstaklingur fengist til að reka það, nema fá stórfelldan styrk úr ríkissjóði til þess. En þá mundi þingið líka vera í sífelldri klípu. Það hefði litið um það að segja, hvernig rekstrinum væri hagað. Hins vegar mundi sá aðili, sem þessu stjórnaði, standa hér í dyragættinni og krefjast þessa og hins af þinginu. Og fengi hann neitun, þá mundi hann segja: Ég haga þá rekstrinum svona og svona, eftir því sem mér sýnist. Og það væri kannske á allt annan hátt en til er ætlazt. Ég held ekki sé gott í framkvæmd að fást við það.

Nú hefur hv. 2. þm. Eyf. lagt fram brtt. um það, að þjóðleikhúsið skuli vera sjálfseignarstofnun. Í raun og veru er þessi brtt. aðeins um að gera breyt. á yfirstjórn hússins. En samkv. henni á bæjarstjórn Reykjavíkur að kjósa 2 menn í stjórnina, Alþ. 2 og Leikfélag Reykjavíkur 1. Það sjá samt allir, að þótt sagt væri í frv., að þjóðleikhúsið sé sjálfseignarstofnun, þá breytir það engu nema því, að ríkið afsalar sér rétti til að stjórna fyrirtækinu. Hvert haldið þið, að þessi sjálfseignarstofnun fari, ef fé vantar til að halda rekstrinum uppi? Vitanlega mundi verða leitað til þingsins og reynt að semja við það um að leggja fram fjármuni. Mér virðist þessar brtt. hv. þm. mjög gallaðar og legg eindregið til, að þær verði felldar. Þær gera ekki annað en að raska þeim grund-

velli, sem frv. þetta er byggt á, þ. e. a. s. að ríkið beri veg og vanda af þessum málum.

Jónas Jónsson: Hv. þm. N-Ísf. viðhafði þau orð um störf n. þeirrar, sem hefur haft þetta mál til meðferðar, að hún hafi athugað málið mjög gaumgæfilega. Ég vil benda hv. þm. á, að í fyrra hafði hann og þessi hv. n. til meðferðar ákaflega mikilvægt stórmál. Þessi n. og þessir sömu menn höfðu til meðferðar héraðsskólana, gagnfræðaskólana og húsmæðraskólana. N. kom sér saman um, að sjálfsagt væri að leggja þá niður sem sjálfstæðar stofnanir og gera þá að ríkisstofnunum, eins og leikhúsið. Og n. sagðist hafa unnið vel, en þó fundust þar nokkrir smíðagallar. Þessar stofnanir eru nú gjaldþrota og í fullkominni upplausn öll þeirra ráð. Þetta var nefnilega ekki athugað gaumgæfilega. Grunnfærnin og vanþekkingin var svo mikil, að búið er nú að eyðileggja hið mikla verk, sem unnið var til að koma þessum stofnunum upp. Nú er t. d. svo komið, að gömul stofnun eins og Blönduósskólinn, sem er búin að basla lengi sem privatstofnun með styrk úr ríkis- og sýslusjóði, getur ekki staðið í skilum með gjöld til sinna kennara. Þetta kemur af því, að þessi hv. menntmn., sem hv. þm. N-Ísf. var að tala um, að athugaði mál gaumgæfilega, hún hefur athugað þessi mál þannig, að hún eyðilagði stofnanirnar alveg. Nú býst ég við, að næst sé að loka þessum skólum, þar sem ekki er hægt að borga. Auk þess hefur ýmiss konar starfsemi, sem við þessa skóla hefur verið, lagzt niður, svo sem gistihúsarekstur, vegna þess, hvernig menntmn. hefur með málið farið. Ég vil geta þessa vegna þess áhugamáls hv. þm. N-Ísf., að einnig hér verði viðhafður ríkisrekstur.

Bæði hv. þm. og hæstv. menntmrh. hafa talað á móti till. hv. 2. þm. Eyf. og talið hana óframkvæmanlega. Það er nú ekki öðruvísi en það, að nokkurn veginn öll leikhús utan Rússlands eru rekin á svipaðan hátt og hv. þm. Eyf. leggur til. Aftur á móti varð hæstv. ráðh. að játa, að hann vissi ekki nema eitt fordæmi, og það er leikhúsið í Kaupmannahöfn. Og það, sem virðist hurðarás um öxl fyrir Danmörk, það mun verða erfitt fyrir Íslendinga. Leikhúsið hefur verið sú mesta plága fyrir viðkomandi ráðh. í Danmörku vegna látlauss peningaausturs og ósamkomulags ráðh. og leikara. Það var broslegt að heyra hæstv. ráðh. halda því fram, að ég hefði farið með ósannindi, þegar ég gerði lítið úr því, að fordæmi væru fyrir um ríkisrekstur varðandi þessi mál, því að rétt á eftir, að hann hafði sagt, að ég hefði farið skakkt með, þá lýsti hann yfir, að ég hefði farið með rétt mál. Hann varð að játa, að bæði þjóðleikhúsið í Ósló og Svíþjóð væru einkafyrirtæki, þótt ríkið legði þeim til styrk. Það er mikill munur á því, hvort stofnanir verði að bjarga sér og fái hjálp eða hvort þær geti heimtað hjálp. Það er ástæðan til þess, að hvorki Norðmenn né Svíar hafa þessi leikhús í opinberum rekstri. Það er vegna þess, að þeim finnst það of heimskulegt, sem hæstv. ráðh. og hv. þm. N-Ísf. eru að beita sér fyrir. Sem sagt, það hefur ekki verið nóg til af heimskingjum í ábyrgðarstöðum í þessum löndum, til þess að hægt væri að koma þessu fyrirkomulagi á. Ég held, að þótt hæstv. ráðh. sé ekki við, þá hafi hann hér einhvern þann sagnaranda, að hann viti, hvað fram fer. En það er eins og að síðan hann komst í þessa nýju stöðu, þá hafi hann ekki eins fastan grundvöll undir fótum. (**EystJ:** Hefur hann nokkurn tíma haft það?). Það er gott, að hæstv. ráðh. heyrir þá til mín. Ég vil geta þess sem dæmis um það, hvað þessi ríkisrekstur er erfiður, að hæstv. ráðh. fékk í arf frá fyrirrennara sínum 2 flugvelli með ríkisrekstri. Ég spurði þennan hæstv. ráðh., eins og þm. eiga rétt til, hvað kostnaðurinn væri mikill við þessar stofnanir. Ráðh. brást illa við og vildi ekki svara. Það var auðheyrt, að hann var málinu ekki kunnugur. Nú skal ég fræða hæstv. ráðh. og aðra um, hvernig þessi ríkisrekstur er. Ríkissjóður er nú að byrja 8. millj. vegna kostnaðar við flugvellina hér. Og þó er kostnaðurinn sjálfsagt meiri, því að einhverjar tekjur hafa komið inn á Reykjavíkurvöllinn, sem hér eru ekki reiknaðar með. Þessi ríkisrekstur er hliðstæður við þann, sem hér er verið að ræða um. Þetta er undir eftirliti ráðh., framkvæmdastjóra og alls konar eftirlitsnefnda. En samt var þessi ríkisrekstur ekki betri en það, að þegar forseti Íslands var að fara til útlanda, þá var ekki flaggað, því að engin flaggstöng var til nema fjöl á skúrþaki. Í viðbót við þetta varð forseti, en hann var að fara sér til lækninga, að bíða í bíl sínum í klukkutíma, því að ekkert afdrep var fyrir hann. Þetta er nú samt sá ríkisrekstur, sem búið er að kasta 8 millj. kr. í. Þessi hæstv. ráðh. er búinn að vera yfirmaður þessa ríkisrekstrar í marga mánuði, en hefur ekki komið nokkru í lag. Og ég verð að segja það, að þótt ég greiði ekki atkv. með vantrausti á ríkisstj., þá mun ég sjálfur reyna að kenna henni betri siði.

Þá vil ég vikja að einu atriði enn. Hv. þm. N-Ísf. var mjög ánægður með það, að lagt skuli til, að ekki sé ákveðið í l., hvað marga fastráðna leikara megi ráða, heldur gæti menntmrh. gert í því efni sem hann vildi. Þetta fyrirkomulag er svo slæmt, að ég held, að engin þjóð, sem vill hafa nokkra reglu á sinni fjármálastarfsemi, hafi tekið það upp, að ríkisstj. geti fjölgað starfsmönnum eftir vild. Þetta er hér um bil það aumasta ráð, sem hægt er að hugsa sér. Það er ekki hægt að spilla þingræðinu, þar sem 3—4 flokkar semja um stjórnarmyndun, ef ekki með svona fyrirkomulagi. Og þá vil ég segja, að kommúnistar eru í þessu langtum heiðarlegri. Þeir lögðu til, að 20 leikarar skyldu ráðnir. Þeir höfðu það þó við að nefna einhverja tölu. Ég held, að menn ættu að minnast þess, að fyrrv. ráðh. kommúnista réð 11—12 menn nýja við atvinnudeild háskólans. Þetta voru allt menn, sem ekkert höfðu gert, nema taka próf og sumir ekki, svo að vitað sé. Svo kom Þjóðviljinn með þá frétt, að menntmrh. hafi tekið 2 menn úr atvinnudeildinni og flutt þá í náttúrugripasafnið. Og svo kom klausa um það, að nú hefði tekizt að spara tvo menn við atvinnudeildina. Ég vona, að hv. þm. N-Ísf., sem nú situr í forsetastóli, verði leystur frá störfum, svo að hann geti svarað fyrir sig og skýrt málið betur. Ég vil nú spyrja hv. þm. að því, hvort honum finnist það of mikið fyrir fólkið í kaupstöðunum utan Reykjavíkur og sveitirnar að fá hlutfallslega það sama og þjóðleikhúsið, meðan verið var að byggja það. Ég vil spyrja hann, hvers vegna honum finnist þetta of mikið, ef ekki eru til nægileg hús í þessu efni. Ef búið væri að sjá fyrir þessu, þá er ekkert við það að athuga, þótt helmingurinn

væri tekinn burtu. En sannleikurinn er sá, að það er naumast nokkuð til í þessum efnum. Ég vil spyrja hann, hvers vegna hann telji nauðsynlegt að hafa hér ríkislaunaða leikara, en ekki annars staðar. Og ekki einu sinni leikhúshæf hús úti um land. Er það meining hv. þm., að hjá þessu fólki komi engir hæfileikar fram?

Ef viðurkennt er, að fólk í sveitum og kaupstöðum utan Reykjavíkur hafi eins gott af að njóta leiklistar, en vinna á fyrir Reykjavík eina í því efni, væri þá ekki bezt að flytja t. d. þessar hræður hingað og leggja niður Norður-Ísafjarðarsýslu! **(Rödd af þingbekkjum: Þær eru á leiðinni!)**. Já, en þeir hafa sérstakan fulltrúa að nafninu til, sem kenndur er við þeirra hérað ennþá. Ég vil alls ekki gera þennan mun, sem hv. þm. hlýtur að gera, hvorki telja verri leikaraefni á Ísafirði, Akureyri, Eyjafirði né Þingeyjarsýslu heldur en hér, og heldur ekki álíta, að þar sé lítilfjörlegra fólk, svo að það megi ekki njóta leikskemmtunar.

Þá vil ég spyrja hann að því, hvort hann trúi þeirri þjóðsögu hæstv. ráðh., að nú, þegar leikfélagið hér í Reykjavík er að byrja sitt 51. starfsár, sé kominn svo undarlegur þverbrestur í sál þessara manna, að þegar þeir geta verið lausir frá því húsnæði, sem þeir nú búa við, og eftir að hafa losnað úr „Fjalakettinum" hér á árunum, og þegar þeim er boðið senn í þjóðleikhúsið fullbúið, hið fallegasta og glæsilegasta hús, sem byggt hefur verið á Íslandi, þá muni þeir neita að fara inn í þetta hús. Ef þetta er satt — en það er nú bara ósatt —, þá væri Leikfélag Reykjavíkur samsafn af „idíótum", eða edjótum, eins og Laxness skrifar það. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. mælti móti því, að þær breyt. yrðu gerðar á frv., sem hv. 2. þm. Eyf. hefur lagt hér fram. Þær breyt. tel ég hins vegar þess eðlis, að þær mundu ganga langt í þá átt að bjarga málinu við inn á sæmilegan grundvöll. Samkv. till. á þskj. 851 yrði leikhúsið sjálfseignarstofnun, og er slíkt engin nýjung hvað snertir rekstur leikhúsa, hvorki hér á landi né úti um heim. Hæstv. ráðh. sagði, að leikararnir hér mundu ekki vilja vinna við þjóðleikhúsið, nema þeir væru á föstum, opinberum launum. Slíkt er hægt að bera á borð fyrir börn, en ekki fullorðið fólk. Má á það benda, að öll engilsaxnesk leikhús, stór og smá, og öll leikhús á hinum Norðurlöndunum, að undanskildu einu, eru ekki rekin sem opinberar stofnanir, og skora ég á hann að útskýra það eftir mína ræðu, hvernig hægt sé að halda öllum þessum leikhúsum gangandi, án þess að á þeim sé ríkisrekstur. Vil ég hér taka sem dæmi leikhúsið í Bergen. Það er enginn nýgræðingur í sinni grein. Þar voru t. d. Ibsen og Björnstjerne Björnson leikhússtjórar á sínum tíma. Hefur leikhúsið alltaf verið rekið af félagi þar í bæ og notið gjafa og aðstoðar frá einstaklingum og ýmiss konar styrks frá ríki og bæ, en félagið, sem stendur fyrir rekstri þess, hefur haldið með ráðdeild á öllu varðandi rekstur þess, og þess vegna hefur leikhúsið alltaf staðið með blóma. Ég hef áður minnzt á Mikkelsen, sem svo mikið hafði að segja í norsku þjóðlífi og lengi var í stjórn leikhússins í Bergen, að í þau tvö skipti, sem hann kom á norska þingið, reyndi hann aldrei að koma rekstri þess á Bergenbæ eða ríkið. Þessi maður var svo voldugur og áhrifamikill, að hann hefði átt mjög auðvelt með að koma þessu í gegn, en hann var þeirrar skoðunar, að frjáls rekstur væri hagkvæmastur.

Þá má benda á það, í hvílíku eymdarástandi allur ríkisrekstur er hér á landi og hve erfitt er að ráða við hann vegna flokkadrátta og flokkshagsmuna. Má í því sambandi minnast á rekstur ríkisútvarpsins undir stjórn hr. Brynjólfs Bjarnasonar, fyrrv. menntmrh., en þar lenti í svo hörðu milli Sjálfstfl. og kommúnistafl. út af stjórn þeirra mála, að það átti sinn þátt í því, að Brynjólfur Bjarnason gat ekki haldið áfram að vera ráðh.

Þá finnst mér rétt, úr því verið er að gera upp þessa reikninga og af því að hæstv. ráðh. lét falla orð á þann veg í sinni fyrstu ræðu, að mínar skoðanir í þessum efnum væru ofstækiskenndar, að rifja dálítið upp fyrir honum gang þessa máls frá upphafi. Hæstv. menntmrh. hefur nú og áður skipað sér sérstöðu í þessu máli, og hafa margir áður skipað sér hliðstæðan sess og allir séð eftir því. Ætla ég því að undirbúa hæstv. ráðh., áður en hann strandar eins og allir fyrirrennarar hans, sem haft hafa sömu skoðun. — Það vorum við Páll Steingrímsson, ritstjóri Vísis, sem lögðum til árið 1923, að skemmtanaskattur yrði lagður á til þess að byggja fyrir leikhús í Reykjavík. Frv. um skattinn komst gegnum þingið, en það hefur alltaf verið segin saga, að þetta hefur verið eins og ljós, sem borið er í hvassviðri, því að alltaf hefur átt að drepa þetta ljós. Jón heitinn Magnússon reis upp gegn málinu, og árið 1924 gerði hann tilraun til þess að fá því framgengt, að fénu yrði varið til allt annarra hluta, en sú tilraun mistókst. Efast ég ekki um það, að ef Jón heitinn væri hér nú og væri minntur á þetta, mundi hann fyrirverða sig fyrir þessa framkomu sína, því að hann var svo greindur maður, að hann mundi sjá, að hann hafði verið afvegaleiddur. Svo liðu nokkur ár, en á árunum 1927—1929 kom upp nokkuð almennur mótþróa meðal bæjarbúa gegn málinu. Margir embættismenn í bænum sögðu, að búið væri að drepa málið, og síðan var rifizt um stað fyrir leikhúsið og spillt fyrir að fá heppilegan stað undir það. Reynt var að útvega lóð við Fríkirkjuveg 11, þar sem íshúsið er vestan Tjarnarbrúar, og uppi á Skólavörðuhæð, en þröngsýnir menn útilokuðu alla þessa staði. Loks sagði n., sem Indriði Einarsson og Jakob Möller áttu sæti í, að ekki væri hægt að útvega neina lóð í þessu skyni nema Arnarhólstúnið. Var reynt að rægja þann stað eins og mögulegt var og draga allan kjark úr n., en ég sagði þá við Indriða: „Ef þið viljið ekki halda áfram, útvega ég aðra menn." Var þá hafin bygging leikhússins og var unnið að henni í 2—3 ár. — Síðan kemur stóri slagurinn árið 1932, sem getur verið hæstv. menntmrh. mest til aðvörunar og hv. þm. N-Ísf. Þá var búið að gera samband allra þeirra afla í landinu, sem voru á móti framfaramálum, eins og t. d. leikhúsi og sundhöll hér í bæ. Og þetta samband heimskingja kom sér saman um, að ég væri þröskuldur í vegi þeirra. Þessi nýja stjórn ætlaði að bjarga landinu. Hún gerði tvennt. Hún ákvað að hætta við byggingu sundhallarinnar, og auk þess gerði hún þær breyt. á löggjöfinni frá 1923 um þjóðleikhúsið að fyrirskipa, að fé skyldi renna í ríkissjóð og að hætt skyldi við byggingu þjóðleikhússins. — Er áreiðanlega ekki hátt á þeim

risið nú, sem næst stóðu að þessu, því að þeir vita nú, að þeir urðu sér til minnkunar með þessu framferði sínu. Þeir héldu, að þessar aðgerðir kæmu illa við mig persónulega og að þeir gætu gert mér skaða með þessu. En sá, sem var ánægður, var Jónas Jónsson, því að þarna stóð þetta steinbákn fokhelt við Hverfisgötu, og héðan í frá var ekki hægt að drepa málið. Fyrir mig sem Íslending hafði það mikla þýðingu, að eitt gott verk hafði hér verið unnið, sem mundi geta haft þýðingu fyrir margar aldir. — Árið 1934 kemur ágætt tækifæri fyrir hæstv. menntmrh. (EystJ), sem þá var fjmrh., til þess að sýna vilja sinn í þessu máli.....

[Hér vantar í hndr. kafla frá innanþingsskrifara, niðurlag ræðu JJ og að því er virðist meginhluta næstu ræðu.]

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): ..... Því að þetta frv. er aðallega rammi fyrir ráðh. og þjóðleikhússtjóra að vinna eftir.

Ég vil benda hv. þm. S-Þ. á það, sem óttast eins og ég og fleiri, að þetta geti allt orðið of dýrt, að ég hef sett inn í frv. ákvæði um, að menntmrh. og þjóðleikhúsráð verði að samþykkja tölu fastra leikara og annarra starfsmanna, og er þetta sem eins konar bremsa eða meira í „konservatíva“ átt, því að ég álít, að menn verði að þreifa sig áfram í þessu efni og ráða aðeins í fyrstu fáa fasta leikara og sem allra fæsta starfsmenn.

Forseti (GÞ): Mér hefur borizt svohljóðandi till. til rökst. dagskrár frá hv. þm. S-Þ.:

„Frv. þetta er ekki tímabært, þar sem leikhúsbyggingin getur ekki orðið fullgerð á þessu ári, auk þess sem þar er mjög gengið á rétt þeirra Íslendinga, sem eiga heima utan Reykjavíkur. Deildin vísar frv. þess vegna til ríkisstj. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þessi dagskrártill. liggur þá einnig fyrir til umr.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það er ekki hætt við, að hæstv. menntmrh. hafi gert sinn málstað betri með síðustu ræðu sinni. Hann þykist hafa lagt mikla vinnu í undirbúning þessa máls, en hann á enga vinnu hér á bak við, og sést það bezt, ef athugað er frv. sjálft og fskj. þess. Þar er ekkert orð um kostnaðarhliðina, sem væri þó auðvelt að hafa með, en þetta er eingöngu af því, að málið er svo vont, að ef lagðar væru fram sannar skýrslur fyrir þm., sem nú fylgja málinu, en nauðugir þó, þá mundu þeir alls ekki fylgja því, ef þeir þekktu hinar réttu heimildir. Og svo er hæstv. menntmrh. á móti þeirri till. hv. 2. þm. Eyf., að þjóðleikhúsið fái að standa sjálft undir sér. Hvers vegna á Reykjavíkurbær að sleppa við að leggja nokkuð fram til rekstrar þess?

Hæstv. ráðh. gerði mér þann greiða að svara hv. þm. N-Ísf., þó að ég hefði gert það nægilega. Það vildi svo til, að rógur hinna vesælu manna í leikarastétt um mig hafði náð eyrum ráðh., þó að hann segist ekki vera kunnugur þeim mönnum, og ég vil beina því til hv. þm. N-Ísf., að ástæðan til þess, að ég nefndi þetta, var það fleipur hans, að ég hefði móðgazt í veizlu hjá leikurum. Í hverju hefur það sézt? Hef ég ekki í 20 ár unnið að framgangi þjóðleikhússins? En úr því að hv. þm. N-Ísf., sögumaður hans og það tríó leggst svo lágt, þá skal ég svara þeim betur, ef hann lætur mig ekki hlutlausan. Þeir mega ljúga á mig, en ég má verja mig.

Það er óþarfi fyrir hæstv. menntmrh. að kenna í brjósti um mig í þessu sambandi. Ég hef venjulega getað klárað mína hluti sjálfur, þó að hann hafi viljað vera minn mótstöðumaður. Ég hef þá stefnu, að gott leikhús eigi að vera hér í Reykjavík, af því að ég hef gert ráð fyrir, að leiklistin nyti sín betur í betri húsakynnum. Mín synd í hans augum er nú sú, að ég álít, að leikhúsið fái betur staðizt með stuðningi Reykjavíkurbæjar. Mín synd er sú, að ég vil koma upp byggingum, sem þroski þjóðarinnar getur notið sín í. Ég var með því að koma upp sundhöllinni í Reykjavík og sundlaugum úti um land, og þeim málum var hrundið í framkvæmd af mér með stuðningi margra góðra manna. Ég er sjálfur lélegur sundmaður og lærði í moldarpolli, en það kemur ekki þessu máli við. Ég hef í þessu efni reynt að gera það, sem ég hef álitið, að þjóðinni í heild væri fyrir beztu. Og eins er það, að ég vil gott leikhús í Reykjavík, en mér er það bara ekki nóg, ég vil samkomuhús og leikhús úti um allt land. Hæstv. ráðh. sigrar mig kannske í þessu máli í dag, eins og Ásgeir Ásgeirsson sigraði 1932. Þá beið ég og tók ósigrinum. En nú er bara það, að hæstv. menntmrh. þorir ekki að ganga út í eldinn.

Hvers vegna á t. d. Akureyri að vera með sínar leiksýningar á lofti yfir skrifstofum? Þar eru ágætir leikarar. Þessir herrar segja, að leiklistarfélag á Akureyri geti fengið 40% af byggingarkostnaði, ef byggt er smáskýli, en ef bærinn er með í fyrirtækinu, þá verður að meta allt upp að nýju. Nú segi ég eins og 1932: Við skulum bara bíða og sjá, hvort þetta lagar sig ekki sjálft, þegar reynslan er búin að fella sinn dóm. Leikhúsið hér hefur sömu áhrif og sundhöllin. Fólk úti um land mun neita að sitja áfram á sömu niðurbrotnu bekkjunum og það sætti sig við, á meðan Reykvíkingar höfðu ekki annað en Iðnó. Nú vill það líka eitthvað betra, og það verður ekki hægt að halda við núverandi þrældómsástandi úti um land með því að veita styrk til smáhreysa, heldur munu menn þar heimta sinn hlut að tiltölu við Reykjavík. Hæstv. menntmrh. á sína forgöngumenn, Jón Magnússon frá 1924 og Ásgeir Ásgeirsson frá 1932, og þeir hafa litla frægð hlotið af sinni afstöðu, bæði lifandi og dauðir. Hæstv. ráðh. beygir sig með undirgefni fyrir áróðursmönnum úr Reykjavík, en það mun fara fyrir honum eins og þeim, er ætluðu að gera sundhöllina að bruggstöð á sínum tíma. Hann mun nú koma þessu í gegn, gott og vel, en hann verður að beygja sig fyrir lífsreynslunni, þótt seinna verði, eins og með flugvellina, og það má hann vita, að vel verður tekið eftir því, sem gerist í þessum efnum.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og ég lýsti í ræðu minni í dag, hef ég borið fram brtt. í þessu máli, sem hefur verið tekið illa af hv. þm. N-Ísf. og hæstv. menntmrh. Og ég skil ekki, að hv. menntmn. og hæstv. ráðh. skuli ekki sjá það í till. mínum, er gæti orðið til bóta fyrir þetta frv. Það má sjálfsagt deila um það, hvort svona stofnun á að vera ríkisrekin eða sjálfseignarstofnun undir eftirliti ráðh. Í Danmörku er þjóðleikhúsið ríkisrekið, en ekki í Noregi og Svíþjóð, þar

eru þjóðleikhúsin að nokkru leyti sjálfseignarstofnanir. En ef slík stofnun á ekki að geta staðið undir sér fjárhagslega, þar sem allt er lagt upp í hendurnar á henni, þá er það ofvaxið mínum skilningi, og yrði hún sjálfsagt að vera ríkisrekin til þess, því að ekki hefur fengizt hér svo góð reynsla af ríkisrekstri, því að viðkvæðið er jafnan: úr því að ríkið rekur þetta, hvað gerir þá til með kostnaðinn. Ef leikhúsráð og stjórn þess veit hins vegar, að hagur og gengi leikhússins á að vera komið undir því, hvernig það er rekið, hagkvæmt eða óhagkvæmt, og gjaldaáætlun þarf að miða við tekjuáætlun, þá verður afstaðan önnur, og þá á það að vera síðasta úrræðið að leita til ríkissjóðs eða fjárveitinga frá Alþ. En eins og frv. er nú, er eins og ráðh. vilji gefa þessum mönnum undir fótinn, að þeir megi vænta allra fjárframlaga úr ríkissjóði. Þetta sjónarmið felli ég mig ekki við. Ég skil vel, að sósíalistar felli sig vel við þetta „principsins" vegna, en ég tel þetta fjárhagslegt glapræði. Það á að sjá svo um, er þessi stofnun verður afhent til afnota, að hún geti staðið undir sér sjálf. Nú á ríkið þetta hús, — og hvernig hefur það gengið til með byggingu þess? Það ganga ýmsar sögur um það. Hvað kostar það nú? Fyrst voru sett lög um skemmtanaskatt til þjóðleikhússins árið 1923, og síðan hefur sá skattur runnið í þjóðleikhússjóðinn að fáum árum undanteknum, og það er orðið mjög mikið fé. Síðan ég kom að Gamla bíó, eða frá 1940 til 1946, hefur það kvikmyndahús greitt um tvær milljónir króna í skemmtanaskatt til þjóðleikhússins, og ég geri ráð fyrir, að sumir hafi greitt töluvert hærri upphæð. En sá aðili, sem fengi slíka stofnun sem þjóðleikhúsið til umráða og rekstrar með öllum nýtízku tækjum, kvikmyndavélum og fleira, hlýtur að láta hana bera sig. Ef slíkt á ekki að bera sig fjárhagslega, — hvernig verður þá stjórn fyrirtækisins? Ég skil ekki óttann við það, að stofnunin beri sig ekki. En því þá ekki að ganga þannig frá þessu, að ríkið beri ekki ábyrgð á rekstrinum, ef svo mikil hætta er á því, að það beri sig ekki? Ef miðað er við almenna, lága vexti, 3—4%, þá er það svo mikil upphæð, að það ætti að geta borið uppi rekstur þessa húss. Það er því ekki annað en „princip"-atriði, en ekki ótti um fjárhaginn, sem hér er um að ræða, og það er leitt til þess að vita, að hæstv. menntmrh. skuli ganga inn á það „princip" sósíalista, að ríkið skuli endilega reka þjóðleikhúsið, og ég er mjög vonsvikinn yfir því, að hvorki hann né menntmn. skuli sjá, að hér er atriði, sem virkilega er athugunar vert, að stofnunin sé sjálfseignarstofnun í stað þess að vera ríkisrekin. Ég veit, að hæstv. ráðh. er svo kunnugur málefnum ríkisstofnana, að hann veit, að þeim er oftast samfara óhófseyðsla. Þess er þá ekki gætt að spara, ríkið borgar.

Frsm. n. telur þjóðráð, að menntmrh. skuli skipa þjóðleikhúsráð. Ég fæ nú ekki skilið, a. m. k. ef um ríkisrekstur á að vera að ræða, hví Alþ. má ekki hafa íhlutun um stjórn leikhússins. Og hví má bæjarstjórn Reykjavíkur ekki eiga þar fulltrúa? Hún hefur þó og mun styrkja leikstarfsemina. Ég kem ekki auga á hagkvæmari aðila í þessu efni, og loks sé einn fulltrúi frá Leikfélagi Reykjavíkur í ráðinu. Mér finnst engin goðgá að stinga upp á, að þjóðleikhúsráð verði þannig kosið.

N. hefur í einu tilliti gengið á móti till. mínum, sóma síns vegna væntanlega, þar sem hún leggur til, að í stað þess, að fastir leikarar séu ráðnir til fimm ára í senn, verði þeir ráðnir allt að fimm árum í senn. Þeir skulu ráðnir til eins eða tveggja ára og allt að fimm árum í senn. Það er ekki hægt að ganga fram hjá því, að starfshæfni þessara manna kemur allt öðruvísi fram en almennt gerist. Venjulegir starfsmenn sanna hæfni sína á allt annan hátt. Og ég vil í þessu sambandi minnast á íslenzka leikarann í Bretlandi, sem ég minntist á í dag. Hver vissi það fyrir ári síðan, að hann mundi skara svo fram úr í leiklistinni, að hann yrði einn af fimm útvöldum í hinum brezka leikskóla? Og svo ætti að vera búið að ráða alla fasta leikara til fimm ára, er hann kemur heim. Það er bót að þessari brtt. n., og ég mun greiða henni atkv., að minni till. fallinni, en ég teldi betra, að lögfest væri, að fastir leikarar yrðu ráðnir til eins árs í senn.

Ég hygg t. d., að Paul Reumert og frú Reumert séu ekki ráðin nema til eins árs í senn, en ég veit það þó ekki vel, og væri gaman að vita, hvort hæstv. menntmrh. hefur athugað þetta.

Þá sagði hv. frsm., að ekkert væri í mínum till. um það, hvernig leikritanefnd skyldi kosin. Ég tel það kost við mínar till., að það skuli ekki vera fyrir fram ákveðið, hvernig ráðh. gengur frá þessu, en í frv. er því slegið föstu, að þjóðleikhússtjóri og fulltrúar frá leikhúsráði og fastráðnum leikurum skuli eiga sæti í þessari n. En það er alveg út í bláinn t. d. að slá þessu föstu með þjóðleikhússtjórann. Hann þarf ekki að hafa meira vit á leiklist en ég, aðeins ef hann er góður og duganði framkvæmdastjóri. En í leikritanefnd þurfa að vera menn, sem hafa þekkingu á leikritum og fylgjast vel með höfundum á hverjum tíma. Og mér skilst, að þótt menntmn. telji þessa menn sjálfkjörna í leikritanefnd í dag, þá gildi það ekki lengi. Því má þjóðleikhúsráð ekki einfaldlega kjósa þessa nefnd frá ári til árs? Ég er viss um, að ef menntmn. og ráðh. vildu athuga þetta án þess að vera fyrir fram á móti minni till., þá hljóti þessir aðilar að fallast á það, að það er ekki fyrir fram hægt að ákveða, hverjir eru hæfastir í leikritanefnd, og þá allra sízt, að þjóðleikhússtjóri skuli eiga þar sæti.

Að síðustu skal ég taka fram, eins og ég gerði raunar í dag, að það er rétt að taka ekki fram í frv. um verksvið leikaranna í sambandi við útvarpsleiki, sem getið er um í 10. gr., það atriði kemur inn í ráðningarsamninga þeirra. Ætti frekar að setja það í reglugerð en að það sé í ramma laganna, sem væri hreinn „lapsus".

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að ég hefði ekki tekið nóg tillit til hans tillagna um ráðningu leikara. Það er ekki rétt að skorða ráðningu leikara við eitt ár. Það er þó gert erlendis að forminu til, en raunverulega til lengri tíma. En hér er öðruvísi háttað, þar sem þetta er eina leikhúsið, sem kalla má því nafni, auk þess sem erfitt mundi reynast að fá leikara, nema gefa kost á meira en einu ári. En þetta er til bóta, og ber því að taka fullt tillit til þess.

Um valið í leikritanefnd er það að segja, að það er heppilegt að hafa þjóðleikhússtjóra með í ráðum, þar sem hann er húsbóndinn og skal sjá um

fjárhaginn. Val leikrita getur haft allmikil áhrif á fjárhaginn, þannig að ekki er óeðlilegt, að hann hafi það með höndum.

Um aðalatriði till. hv. 2. þm. Eyf., að þjóðleikhúsið verði sjálfseignarstofnun, má segja, að sjálfseignarstofnun samkv. till. hans er ríkisstofnun raunverulega, því að þar er gert ráð fyrir, að menntmrh. setji reglugerð um húsið og ákveði skemmtanaskatt. Í raun og veru er því húsið ríkisrekið eftir sem áður. Hins vegar er það misskilningur, að betur yrði stjórnað en gert er ráð fyrir með frv. Eina aðhaldið er, að það er til tekið um skemmtanaskattinn, en það mætti líka ákveða, þótt þjóðleikhúsið væri ríkisstofnun. En ég vil benda á, að slíkt ákvæði hefur ekki afgerandi þýðingu, því að hvort sem er þyrfti þingið að leysa vandann, ef húsið lenti í fjárskorti. Þá sagðist hv. 2. þm. Eyf. ekki trúa því, að húsið yrði rekið með tapi. Ekki langar mig til, að svo verði, og vil ég leggja mitt lið til, að húsið verði rekið hallalaust, því að sannarlega er nóg með peningana að gera, og hefði ég viljað setja bremsur í lögin, svo að kostnaðurinn yrði ekki spenntur upp, og get ég mjög vel fallizt á breyt. í þá átt. En ég get ekki fallizt á að breyta því, sem hv. þm. leggur til, að stjórn leikhússins sé kosin þannig, að Alþingi kjósi 2 fulltrúa, Reykjavíkurbær 2 og Leikfélag Reykjavíkur 1, en þá er Alþ. komið í minni hluta, og er það algerlega óviðunandi. Enn fremur finnst mér þýðingarlaust að vera að kalla þetta sjálfseignarstofnun, því að eftir till. hv. þm. verður stofnunin opinber, og ber það ekki á milli, heldur hvernig beri að ganga frá stofnuninni, svo að aðhaldið verði sem mest.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. um þetta, en vildi aðeins koma með aths. vegna hæstv. ráðh. Ég tók það fram í dag, að þar sem hér er um menningarmál að ræða og fyrirtæki, sem ríkið hefur lagt stórfé í, þá sé það eðlilegt, að það lúti yfirstjórn ráðh., en það er annar blær á því, hvort þetta er sjálfseignarstofnun, eða hitt, að það sé ríkisstofnun, sem getur gengið í ríkissjóð, því að hæstv. ráðh. sagði: Hvert á stofnunin að leita nema þangað, ef hún lendir í fjárhagsvandræðum? En meginmunur er, að hægt sé að reka fyrirtækið með halla, af því að hægt sé að fá hallann greiddan. En hvers vegna á ekki að telja það sem sjálfsagðan hlut, að það beri sig fjárhagslega, sem er vel hægt? Það er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en að þessi stofnun, sem ekki borgar opinber gjöld, hún hljóti að bera sig. Munurinn er, að slík sjálfseignarstofnun hefur ekki beinan aðgang að ríkissjóði, en það hefur hin samkv. frv. Það er hægt að gera greinarmun á opinberum rekstri og ríkisfyrirtæki. Það eru til mörg fyrirtæki, sem eru sjálfseignarstofnanir, lúta ráðh., en hafa ekki greiðan aðgang að ríkissjóði. Svo var t. d. með síldareinkasöluna á sínum tíma. Fyrir mér er þetta princip-atriði, og skil ég ekki annað en að meðnm. mínir séu sammála um það úr öllum flokkum. Ég fæ heldur ekki séð, að stjórn stofnunarinnar fari úr höndum þingsins, þó að hún verði gerð að sjálfseignarstofnun, því að 1. gr. verður samkv. till. minni: „Þjóðleikhúsið skal vera sjálfseignarstofnun og lúta yfirstjórn menntmrh." Ég skal svo ekki tefja málið lengur. N. hefur komið á móti mér með það, að leikarar skuli ekki vera skilyrðislaust ráðnir til 5 ára í senn. Hér hafa leikarar staðið sig með prýði og elga gott skilið fyrir sín störf, en hins vegar veit hvorki ég né hæstv. ráðh. né hv. menntmn., nema hæfari menn komi fram, og þá má ekki útiloka. Að síðustu vildi ég segja, að ekki er rétt að ákveða í l., hvernig leikritanefnd skuli kosin. Það getur verið rétt, að leikhússtjóri hafi þar úrslitavaldið, en því aðeins að hann sé hæfur til þess, og þess vegna er ófæra að binda það í lögum. Það væri það sama og að ákveða í l. t. d., hverjir þm. skyldu vera í menntmn. Það er nú samt þetta, sem hv. menntmn. er að gera, þegar hún mælir með þessari frvgr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Aðeins örlítil aths. við hv. 2. þm. Eyf. vegna misskilnings. Ég sagði, að þó að þetta yrði sjálfseignarstofnun, þá yrði ríkið eftir sem áður að hlaupa undir bagga, ef fyrirtækið ræki upp á sker og lenti í fjárþröng. Þess vegna er ekki að því leyti munur á hans till. Ég sé ekki ástæðu að ræða það, sem hv. þm. sagði um leikritanefnd, en vil benda á, að þar er ekki ákveðið um neinn nema þjóðleikhússtjóra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 131. fundi í Nd., 19. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 757, 822, 851, 882).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. S-Þ. felld með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JPálm, JJ, ÓTh, SK, GÞ.

nei: AuA, JörB, KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS, SB, SEH, StJSt, StgrSt, SteindSt, BÁ, SnJ, EmJ, EystJ, GSv, GÞG.

JS, ÁÁ greiddu ekki atkv.

9 þm. (HelgJ, HermG, SG, SkG, ÁkJ, FJ, GTh, HÁ, HB) fjarstaddir.

Brtt. 851,1 felld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, SK, ÁÁ, JPálm, JS, JJ, GÞ.

nei: JörB, KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS, SB, SEH, StJSt, StgrSt, SteindSt, BÁ, SnJ, EmJ, EystJ, GSv, GÞG, AuA.

IngJ greiddi ekki atkv.

9 þm. (SG, SkG, ÁkJ, FJ, GTh, HÁ, HB, HelgJ, HermG) fjarstaddir.

Brtt. 851,2—3 teknar aftur.

— 822,1 samþ. með 17:1 atkv.

— 851,4 felld með 16:5 atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að brtt. á þskj. 882 á að vera stíluð við breyt. menntmn. á þskj. 822,2.b, en hún er stíluð við sjálft frv. — Enn fremur er misprentun, þar sem sagt er við 3. málsgr. Breyt. er við aðra breytingu menntmn. á þskj. 822 og er eins og n. vildi hafa orðalagið.

Brtt. 822,2.a samþ. með 19 shlj. atkv.

— 882 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 822,2.b samþ. með 20 shlj. atkv.

— 851,5 tekin aftur.

— 822,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 851,6 felld með 15:3 atkv.

Brtt. 851,7 tekin aftur.
— 822,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 822,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 138. fundi í Ed., 20. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 891).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. fer í kjölfar tveggja annarra, sem komin eru áður í d. og ég hef mælt fyrir áður. Nú er þannig ástatt, að líða fer að því, að þjóðleikhúsbyggingin verði tilbúin, og þarf að setja reglugerð um, hvernig leikstarfsemin skuli fara fram þar. Þetta frv. er ætlað til þess að setja slíka reglugerð fyrir starfsemina, og hefur nú gengið gegnum Nd. og tekið dálitlum breytingum. Ég sé ekki ástæðu til að setja á langa ræðu um þetta, málið mun fá íhugun í menntmn., og mun ég eiga viðtal við n. um nokkur atriði, sem mér eru í hug að tekin verði til athugunar, sérstaklega á þann hátt að tryggja nokkuð meir en í frv. er gert fjárhagslegu hliðina í rekstri leikhússins. Ég leyfi mér að óska eftir, að frv. verði vísað til menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 891, n. 962).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Kristinn Guðmundsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. þetta til athugunar á mörgum fundum, og hefur verið nokkuð erfitt að fá samkomulag um frv., og hefur einn nm. samþ. það með fyrirvara, eins og það er með brtt. þeim, sem gerðar hafa verið.

Eftir að þjóðleikhúsið er upp komið, þá er það skiljanlegt, að gera verði einhverja áætlun um rekstur þess. Um leiðir þær, á hvern hátt það skuli rekið, eru skiptar skoðanir. Tvær hinar helztu eru: Í fyrsta lagi, að þjóðleikhúsið skuli vera einkafyrirtæki, styrkt af ríkinu, og í öðru lagi, að ríkið reki það á eigin ábyrgð.

Í frv. um skemmtanaskatt, sem nýlega var samþ. hér, hefur þjóðleikhúsinu verið séð fyrir tekjum á þann hátt, að 40% af skemmtanaskattinum skuli renna til þess, og nemur það um það bil 700 þús. kr. yfir árið.

Menntmn. hefur gert nokkrar breyt. við frv., og miða þær aðallega að því, að menn þeir, sem sjá um rekstur leikhússins, hafi nokkurt aðhald um rekstur þess, leggi ekki í þær framkvæmdir né annað slíkt, sem hefur kostnað í för með sér. Ég vil nú leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessar brtt.

1. gr. frv. var orðuð þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Þjóðleikhúsið skal vera ríkisstofnun og lúta yfirstjórn menntmrh." Þessari gr. höfum við breytt á þessa leið: „Þjóðleikhúsið skal rekið í samræmi við ákvæði laga þessara."

Í 1. málsgr. 3. gr. stóð í frv.: „Menntmrh. skipar þjóðleikhússtjóra og skrifstofustjóra." Þar höfum við aðeins breytt einu orði, og komi þá „ræður" í stað „skipar". Aftur á móti er ekki tekið fram, til hve langs tíma þeir skuli ráðnir. Breyt. sú, sem við viljum gera láta við 7. gr., er einnig aðeins það, að þar verði orðinu „skipun" breytt í „ráðning".

Aðalbreyt. er við 12. gr. frv. Í frv. endar hún svo: „Verði rekstrarhalli, skal hann greiddur úr rekstrarsjóði þjóðleikhússins." Það, sem við viljum, að bætist hér við, er á þessa leið: „Með rekstrarkostnaði leikhússins telst allur kostnaður við þjóðleikhúsbygginguna, eftir að hún er fullgerð. Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum þjóðleikhússins, og þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum þess." Það er að skilja, að viðhald og minni endurbætur skuli kostaðar af rekstrarfé hússins. — Hvað viðvíkur síðara ákvæðinu í breytingu þessari: „Ríkissjóður ber ekki ábyrgð" o. s. frv., þá er það varnagli fyrir því að mjög ógætilega verði farið með fjármál stofnunarinnar. Ef húsið ber sig ekki, skapast nýtt vandamál, sem leysa verður á annan hátt.

Ég vil svo ekki fjölyrða þetta frekar, en vænti þess, að hv. þd. fallist á þær brtt., sem n. hefur gert við frv. þetta.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera stuttlega grein fyrir því, hvers vegna ég skrifaði með fyrirvara undir nál. og þær breyt., sem hv. frsm. hefur nú gert grein fyrir.

Um 1. brtt. er það að segja, að ég álít, að hún í sjálfu sér hafi ekki mikið að segja. Ég hygg, að eðlilegast sé, að þjóðleikhúsið sé ríkisstofnun og eigi að vera það. Þess vegna hefði ekki þurft að taka það fram. 2. brtt., við 3. gr., um það, að menntmrh. skuli ráða þjóðleikhússtjóra og skrifstofustjóra, get ég fallizt á og sömuleiðis 3. brtt., við 7. gr. frv. En ég er andvígur 4. brtt., við 12. gr. frv., þar sem bæta á ákvæðum aftan við greinina. Það eru skiptar skoðanir um, hvort ekki muni um of lagt á þann tekjustofn, sem þjóðleikhúsið hefur, með því að láta það greiða þann rekstrarhalla, sem á því kann að verða. Það mun vera almenn skoðun, að viðhald á byggingunni verði allmikið, og verður með því höggvið æði mikið skarð í tekjur þess. Þá finnst mér einnig, að ríkissjóður eigi að bera nokkra ábyrgð á rekstrinum, þar sem ætlazt er til, að það sé ríkisstofnun, og virðist mér því, að ákvæði þau, sem n. vill láta bæta aftan við 12. gr., eigi ekki heima í frumvarpinu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir skjóta afgreiðslu, og ég get að flestu leyti fallizt á brtt. þær, sem hún hefur gert við frv. Ég sé, að einn nm. hefur fyrirvara um brtt., en hygg, að ekki sé mikill ágreiningur um þær innan n. Ég hygg, að ekki komi til mála annað en þjóðleikhúsið verði ríkisstofnun, og hafi ríkið hönd í bagga með rekstri þess. Annars er, eins og sakir standa, fullerfitt að sjá, hvernig fer um rekstur þess, en ég hygg þó, að sómasamlega sé frá tekjum þess gengið, a. m. k. að einu leyti, þar sem því eru tryggð 40% af

skemmtanaskattinum. Ég sé þá ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vona, að hv. þd. sjái sér fært að samþykkja frv., eins og frá því er gengið af n.

Forseti (ÞÞ): Nál. liggur hér prentað fyrir, en það er ekki undirskrifað af nm., því að nöfnin hafa fallið burt í prentuninni.

ATKVGR.
Brtt. 962,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KG, BBen, BK, EE, GÍG, HV, LJóh, PZ, SÁÓ, ÞÞ.
nei: ÁS, BrB, GJ, StgrA.
HermJ, JJós, PM greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ég veit ekki betur en að þjóðleikhúsið sé eign ríkisins og segi því nei við þessum lið.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 962,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, og 4.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 962,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, og 8.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 962,4 samþ. með 11:3 atkv.
12. gr., svo breytt, og 13.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 143. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 978).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 141. fundi í Nd., s. d. skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1009).

---

21. Ríkisreikningurinn 1943.

Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943 (stjfrv., A. 810).

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 138. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 810, n. 919).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég hef lítið um þetta mál að segja. Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. En við prentun ríkisreikningsins hefur orðið prentvilla í 19. gr. 2. lið, og á heildarupphæðin að vera kr. 743383,27, en ekki 356883,33, eins og talið er í RR. Á rekstrarreikningi RR er upphæðin rétt. Af stjórnarráðsins hálfu munu verða gerðar ráðstafanir til að leiðrétta þessa skekkju. En eigi að síður er reikningurinn reikningsfærslulega réttur og eins og hann á að vera. Það er sem sagt aðeins um þessa skekkju að ræða, sem mun verða leiðrétt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er um samþ. á ríkisreikningnum fyrir árið 1943. Það er sem sagt verið að ganga frá ríkisreikningnum, þegar nokkuð er liðið á 4. ár frá lokum þess árs, sem reikningurinn er fyrir. Þetta tel ég, að sé óviðunandi með öllu, og hefur á það verið bent áður bæði af mér og öðrum. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það þekkist nokkurt fyrirtæki, hvorki einstaklings né félags eða yfir höfuð nokkur stofnun, sem hefur það sleifarlag á sínu reikningshaldi og uppgjöri, að það skipti árum og það mörgum frá lokum reikningsárs og þangað til reikningsskil liggja fyrir. Ég vil í sambandi við þetta minna á það, að fyrir rúmum 2 árum eða nánar til tekið 16. febr. 1945 var afgr. í Sþ. þál. um endurskoðun og samþ. ríkisreikninga, og hljóðaði hún þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að hraða svo útgáfu reikningsins, að hann geti jafnan legið fyrir fullgerður með athugasemdum og svörum fyrir lok næsta árs á eftir.“ Fyrrv. ríkisstj. hefur sjáanlega haft þessa samþykkt að engu. Mér finnst ástæða í sambandi við þetta mál að vekja athygli á þessu. Og beini ég því til hæstv. núv. ríkisstj., hvort hún vilji ekki kippa þessu í betra horf. Ég sé hér í aths. við ríkisreikninginn 1943 frá yfirskoðunarmönnum, sem Alþ. hefur kosið, það, sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar yfirskoðunarmenn hófu starf sitt að þessu sinni í marzmánuði s. l., var ekkert af reikningnum prentað. Hafa einstakar arkir fengizt, eftir því sem prentun hefur miðað áfram. Þessi afgreiðsla á RR er afar óheppileg. Torveldar hún starfið mjög og veldur miklum tvíverknaði. Þess er að vænta, að framvegis verði RR fullgerður að minnsta kosti svo fljótt, að yfirskoðun geti hafizt óhindruð eigi síðar en ári eftir reikningslok.“ Ég skal ekki draga úr því, að rétt sé að prenta reikninginn fyrr en gert hefur verið. En hitt er mesti misskilningur, sem sýnilega gægist hér fram, að yfirskoðunarmenn geti ekki hafið sitt starf fyrr en reikningurinn

liggi prentaður fyrir. Ég held, að flestir endurskoðendur félaga og stofnana sætti sig við að líta í reikninga þá, sem þeir eiga að endurskoða, þótt þeir séu ekki prentaðir. Og vitanlega geta þessir menn hafið starf sitt, hvenær sem er, eftir því sem reikningsfærslunni miðar áfram. Hins vegar gera yfirskoðunarmenn þær kröfur hér, að reikningurinn sé svo snemma prentaður, að yfirskoðun geti hafizt ári eftir reikningslok. Þetta eru vægari kröfur en Alþ. gerði 1945 um þetta. Samkv. þeirri þál., sem ég vitnaði til, er gert ráð fyrir því, að reikningurinn geti legið fyrir með aths. og svörum fyrir lok næsta árs á eftir. Samkv. þessu ætti reikningurinn frá 1946 að liggja fyrir fullgerður fyrir lok ársins 1947. Og þetta er vel hægt að gera. Það er ekkert því til fyrirstöðu, ef ríkisstj. og starfsmenn hennar og yfirskoðunarmenn þeir, sem Alþ. kýs á hverjum tíma, vinna verkið, þegar á að gera það. Það þýðir ekki að sakast um orðinn hlut, en ég vil beina til hæstv. ríkisstj., að hún beiti sér fyrir því, að á þessu verði ráðin bót, þannig að fyrir næsta þing verði lagðir fullgerðir 3 ára reikningar, fyrir árið 1944, 1945 og 1946. Þessa reikninga alla ætti að leggja fram haustið 1947. Þetta er vel hægt að gera.

Jón Pálmason: Það er ekki að ófyrirsynju, að fram komi aths. varðandi það, sem hv. síðasti ræðumaður talaði um. Það er full ástæða til þess, að fundið sé að því, hvílíkur seinagangur er orðinn á afgreiðslu ríkisreikningsins. Yfirskoðunarmenn hafa gert kvartanir á hverju ári undanfarið. En það, sem í veginum er, er ekki, að það strandi á endurskoðunarstarfi varðandi yfirskoðun reikninganna, heldur er það hin umboðslega endurskoðun, sem strandar á. Hún er á eftir tímanum, eins og raun ber vitni um. Ég skal með leyfi hæstv. forseta lesa svar ráðh. við aths. yfirskoðunarmanna við reikninginn 1943: „Hinni umboðslegu endurskoðun er nú að mestu lokið fyrir árið 1944 og að nokkru fyrir 1945.“ Þetta er undirskrifað 11. apríl 1947. Umboðslegu endurskoðuninni fyrir 1944 er þá að verða senn lokið. Við yfirskoðunarmenn skiluðum aths. við þennan reikning, sem fyrir liggur, í sept. í haust, en gengið var frá honum 11. apríl. Af hverju stafar nú þessi dráttur? Hann stafar af því, að hin umboðslega endurskoðun fyrir árið 1943 var ekki búin fyrr. Það er endurskoðunardeildin í stjórnarráðinu, sem stendur á. Um þetta hef ég svo ekki meira að segja. Það er mjög æskilegt, að Alþ. geri einhverjar ráðstafanir varðandi þetta. Og er sízt andstaða gegn því frá mér, og ég býst ekki heldur við frá mínum samstarfsmönnum.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég get að nokkru leyti sparað mér að fara orðum um þessa aths. hv. þm. V-Húnv., því að hv. þm. A-Húnv. hefur drepið á nokkur atriði, sem gefa skýringu á þeim seinagangi, sem hér er um að ræða. Reyndar mætti segja, að eins vel ættu þessar umr. heima undir frv. um fjáraukal., þegar það kemur til umr. En það skiptir ekki máli, því að þetta bindur hvað annað. Það má alveg eins tala um þetta í sambandi við þetta mál. Hinni umboðslegu endurskoðun á að ljúka, áður en yfirskoðunarmenn hefja sitt starf. Það er búið að gefa skýringu á því. Og við höfum orðið að skila reikningnum, áður en við gátum séð umboðslegu endurskoðunina um einstakar gr., af því hún var orðin svo mjög langt á eftir. Hins vegar er það mesti misskilningur hjá hv. þm. V-Húnv., að eins sé hægt að endurskoða ríkisreikninginn, þótt hann liggi ekki fyrir prentaður. Í fyrsta lagi er það næstum tvöfalt verk, samanburðurinn er næstum tvöfaldur. Og þar til honum er að öllu leyti lokið, getum við ekki verið vissir um einstök atriði. Sjá þá allir í hendi sér, hvað starfið er mikið og tafsamt. Þetta horfir að vísu öðruvísi við, ef endurskoðunarstarfið væri fast starf og menn gætu daglega fylgzt með því, hvað reikningshaldinu líður hjá ríkissjóði. Þá væri endurskoðuninni að miklu leyti lokið, þegar reikningsuppgjör færi fram. En það er annað mál, og þannig hefur þetta starf ekki verið til þessa. Og væri um slíkt að ræða, yrði að breyta bæði til um greiðsluháta og annað. Hins vegar getur hv. þm., ef honum sýnist, krafizt þess, að yfirskoðunarmenn hagi þannig starfi sínu, en það byggist ekki á neinni formúlu eða neinni venju. Þótt ég taki þetta fram, er það síður en svo, eins og kom fram í ræðu hv. þm. A.-Húnv., að ég sé ánægður með hlutina, eins og þeir eru. Þetta ástand bitnar ekki eins á neinum og þeim, sem að þessu vinna. Svo má í þessu sambandi minna á vinnuskilyrðin. Við höfum orðið að vera í smákompu og orðið að stafla í hvert sinn, er við gengum frá. Stundum vorum við þar, sem annað fólk var við vinnu. Og þar varð vitanlega að pakka saman og binda í pinkla. Ofan á þetta hefur svo bætzt það, að s. l. ár hafa engin húsakynni verið fáanleg undir þessa vinnu. Ráðuneytið reyndi sjálft, en ekkert gekk. Að lokum fengum við þó herbergi á Hótel Borg. En sú stofnun er, eins og kunnugt er, til annars fremur ætluð en að þar fari fram endurskoðun ríkisreikninganna. En hins vegar hef ég ekkert á móti því að vera þar. Nú er verið að byggja nýja viðbót við Arnarhvol og er yfirskoðuninni ætlað pláss þar, og vil ég vona, hvað þetta áhrærir, að betur verði að þessu búið en verið hefur, hverjir svo sem eiga að vinna þetta verk á komandi árum. Ég er ekki með þessu að ásaka stjórnina. Það er erfitt að fá húsnæði. Annars hálffurðar mig á því, hvað hv. þm. V-Húnv. gerir lítið úr þessu verki, að endurskoða ríkisreikninginn, af því að ég veit, að hann hefur nokkra þekkingu á þessu mikla starfi. Hv. þm. minntist á þál. frá 1945. Við könnumst við hana. Og það er ekki undarlegt, þótt hér komi rödd um það, að þessu skuli flýtt. En þó ber þess að gæta, að þegar talað er um þetta, þá ber að gera það með fullri skynsemd. Ég man vel, hvernig þetta stóð af sér þegar sú þál. var flutt. Þá var fyrst lagt til, að yfirskoðun skyldi lokið næsta ár eftir það, sem reikningurinn fjallaði um, og leggjast fyrir þing þess árs. Þá var bent á það, að 15. febr. ætti þingið samkv. l. að koma saman. 15. febr. í vetur átti þá reikningurinn fyrir 1946 að vera fullbúinn og búið að yfirskoða hann. Þessu var breytt, því að þetta er óframkvæmanlegt. Og það verður að ganga þannig frá reikningnum, að það er óhugsanlegt, að hann geti verið búinn, jafnvel þótt þing komi saman að haustinu. Ég mótmæli því ekki, sem hv. þm. V-Húnv. lagði mesta áherzlu á í sinni ræðu, að því aðeins kemur reikningurinn að notum, að ekki sé of langt um liðið, þegar hann kemur fyrir Alþ., frá því, að þær greiðslur hafa verið inntar af

hendi, sem þar um ræðir. Þetta skilja allir. En það verður að ganga öðruvísi fyrir sig. Það á að byrja á upphafinu. Það verður að loka reikningunum fyrr. Umboðslega endurskoðunin verður að koma næst og að lokum yfirskoðunin. Það er ekki annað hægt en að viðurkenna, að þetta gangi seint.

Hv. þm. V-Húnv. sagði, að nú ættu í haust að vera til 3 reikningar, fyrir 1944, 1945 og 1946, þ. e. s. í. ár. Reikningur ársins 1944 er langt kominn. Nú hef ég ekki innt eftir, hvort búið er að loka reikningum ársins 1946. Ég efast um, að það sé búið, en þó svo væri, þá er eftir umboðslega endurskoðunin og yfirskoðunin. Ef allt væri vel undirbúið, þá væru möguleikar á þessu, en eins og störfum er nú hagað, vantar mikið á, að þetta sé hægt.

Ég vil minna á það, að það stendur bæði upp á mig og hv. þm. V-Húnv., þar sem ekki er enn búið að kjósa yfirskoðunarmenn fyrir þetta ár, en frá því verður að ganga, til þess að reikningarnir geti orðið tilbúnir fyrir næsta haust. Þetta stendur þá opið. Það þarf að hafa það í huga, að allt sé eins og það á að vera.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Það yrðu sjálfsagt margir fegnir að fá þetta öðruvísi en það hefur verið, en engir eins fegnir og yfirskoðunarmennirnir, sem eiga í miklu stímabraki við að koma þessu í kring, og við höfum neyðzt til þess að loka reikningnum án þess að sjá endurskoðunina á honum, af því hún var ekki búin.

Skúli Guðmundsson: Þessar ræður hv. þm. A-Húnv. og hv. 1. þm. Árn. gefa ekki mikla ástæðu til andsvara frá minni hálfu. Þeir mótmæltu því ekki, að hægt væri að endurskoða reikninginn, án þess að hann lægi prentaður fyrir. Menn skrifa náttúrlega misjafnlega skýrt og greinilega, en ég hefði haldið, að það væri ósköp auðvelt að endurskoða reikninga, ef sæmilega væri frá þeim gengið, þó að þeir væru ekki prentaðir. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að endurskoðun gæti byrjað, áður en búið væri að loka reikningunum til fulls, og vitanlega verður að loka þeim, áður en búið er að ljúka prentun þeirra, því að ég hafði haldið, að sá, sem ætti að ganga frá reikningunum, væri ekki prentsmiðjan, það væri ríkisbókhaldið. Ég efast ekki um, að á hinni umboðslegu endurskoðun hafi staðið. Það er ekki á valdi yfirskoðunarmanna, heldur stjórnarinnar að breyta því. En ég veit ekki betur en að endurskoðandi ríkisins hafi það starf að sjá um þetta, og hann hefur heilan her manns í sinni þjónustu, og að réttu lagi ætti hin umboðslega endurskoðun að sjá um, að reikningar ríkisbókhaldsins væru tilbúnir í tæka tíð, á sama hátt og endurskoðendur ættu að reka eftir hinni umboðslegu endurskoðun. Það er ákaflega óviðfelldið að koma hér með ríkisreikning 4 árum eftir, að það gerðist, sem þar er reikningsfært. Mér þykir vænt um, að þm. eru báðir á sama máli um þetta höfuðatriði. Þeir mega ekki skilja mig svo, að ég sé fyrst og fremst að ásaka þá um þetta. Það er stjórnarinnar að sjá um það. En ég vil mótmæla því, að það sé miklum erfiðleikum bundið fyrir þá að byrja endurskoðun, fyrr en búið er að prenta reikninginn. Það er vafalaust rétt, að þeir hafa haft slæma aðstöðu til þess að vinna þetta verk, vegna þess að þeir hafa ekki húspláss til að vinna það í. En ég hygg, að eftir hina stóru viðbyggingu við Arnarhvol ætti að fást úr þessu bætt og betri starfsskilyrði að vera eftirleiðis. En eins og ég hef sagt, er það fyrst og fremst stjórnin, sem þarf að beita sér fyrir endurbótum á þessum málum, því að það er til skammar, hve seint þetta er.

Alþingi á náttúrlega að kjósa endurskoðunarmenn. Það á hæstv. stjórn að sjá um, og fráleitt stendur á þinginu að kjósa þessa menn.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er bara smáaths. Hv. þm. V-Húnv. vildi lítið úr því gera, að það væri svo mikið atriði viðvíkjandi yfirskoðun ríkisreikninganna, hvort þeir séu prentaðir eða ekki. Þetta stafar af ókunnugleika hans, því að hann, jafnreikningsglöggur maður og hann er, mundi fljótlega reka sig á þetta, ef hann ætti að hafa þessi störf með höndum. Það er að vísu hægt að ganga úr skugga um, hvernig reikningurinn stendur sig, en aðeins að litlu leyti, og það fer eftir þeim plöggum, sem fylgja. Í svokölluðum spjaldakassa getur maður alveg séð, hvað reikningnum líður, en þrátt fyrir það liggur reikningurinn ekki fyrir, heldur þarf maður að bera hann saman við skýrslur umboðsmannanna. Þegar svo reikningurinn kemur prentaður, þarf maður að vinna hann allan upp aftur, það gerir flokkunin, að þetta liggur ekki ljóst fyrir. Þetta er að nokkru leyti að vinna verkið tvisvar, og það er það, sem okkur er ekki vel við. Yfirskoðunarmennirnir eru þrír, og ef þeir eru allir við starf, geta þeir gert hver sitt verk, og það er hagfelldara. Um þetta skal ég ekki segja meira.

Um hina umboðslegu endurskoðun er það að segja, að nauðsynlegt er, að hún gangi fyrr fyrir sig en nú á sér stað. Það er eðlilegt, að ykkur þm. þyki reikningurinn koma seint, en ég bið ykkur að hafa í huga, að þessum reikningi hefur verið skilað, þótt við höfum ekki átt kost á að sjá hina umboðslegu endurskoðun nema að mjög litlu leyti. En við eigum að sjá hann umboðslega endurskoðaðan. Það þarf að byrja miklu fyrr en nú er. Þegar hinar einstöku stofnanir hafa lokið við reikninginn hjá sér, á umboðslega endurskoðunin eftir að fara yfir þessa reikninga. Ef stjórnarráðið hefði nægilega marga menn, væri hægt að endurskoða í stofnununum sjálfum og flýta fyrir sér, svo að hægt sé að vera fljótari með verkið, þegar búið er að gera upp reikninga hinna ýmsu stofnana, en þetta á þó aðeins við Reykjavík og ekki stofnanir úti um land, því að við verðum að bíða eftir, að reikningarnir berist til stjórnarráðsins, og þá er komið talsvert fram á árið næsta eftir reikningsárinu.

Ég er á sama máli um það, og hef enda látið það í ljós, að þegar svona langt er um liðið, hefur það misst marks, sem endurskoðunarmenn höfðu að athuga við reikninginn, en samt vil ég benda á það, að yfirskoðunarmennirnir hafa gert minni kröfur en þeir ættu að gera til þess að hafa „kritíska" endurskoðun á reikningnum, vegna þess að Alþingi hefur ekkert gert, þótt yfirskoðunarmenn væru óánægðir, og hefur því nær ætíð vísað frá till. yfirskoðunarmanna í því sambandi, og Alþingi hefur ekkert gert, þó að um alvarlega hluti væri að ræða, sem frá mínu sjónarmiði voru mjög aðgæzluverðir.

En þó að þetta gangi svona til, á það ekki að verða til þess, að við leggjum árar í bát.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 141. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 143. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 810, n. 979).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Engin aths. hefur komið fram við frv. þetta, og mælir n. einróma með því, að það nái samþykki deildarinnar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Af því að við eigum því láni að fagna að hafa hér einn yfirskoðunarmann meðal okkar sem þm., langar mig til að vita, hvernig á því stendur, að fyrst á miðju ári 1947 er ríkisreikningurinn fyrir árið 1943 að koma fram. Þetta er svo mikill dráttur, að það verða að liggja rök fyrir því, að hann hefur ekki komið fyrr fram, og þau langar mig að vita, hver eru.

Frsm. (Pétur Magnússon): Hv. 1. þm. N-M. þarf ekki að spyrja að þessu. Hann veit það. Ástæðan er sú, að hin umboðslega endurskoðun er svo langt á eftir tímanum. Úr þessu er ekki hægt að bæta, vegna þess að það vantar húsnæði. Þótt fjmrn. vildi bæta við mönnum, mundi vera ómögulegt að hafa endurskoðunina nema í námunda við ríkisbókhaldið eins og gefur að skilja. Þetta var upplýst á síðasta þingi og hefur verið upplýst ár eftir ár. Ég held, að það lagist með húsnæði, þegar nýbyggingin við Arnarhvol kemur til afnota, og þá ætti að verða úr þessu bætt, en það tekur tíma að vinna þetta upp.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 144. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1011).

---

22. Bernarsambandið.

Á 104. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um inngöngu Íslands í Bernarsambandið (stjfrv., A. 591).

Á 107. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta er flutt til þess að fá heimild fyrir ríkisstj. til að gera ráðstafanir til þess, að Ísland gangi í Bernarsambandið. Það er samband, er sett var á fót til að halda á rétti rithöfunda og annarra manna, sem semja andleg verk. Í þessu sambandi eru margar þjóðir, og er svo ákveðið, að þær þjóðir, sem ganga í sambandið, undirgangist það, að ritverk og önnur andleg verk skuli þá ekki tekin til birtingar í hlutaðeigandi landi, nema fyrir komi greiðsla til þess manns, er samið hafði verkið. Hugmyndin með sambandinu er því að vernda réttindi þeirra manna, er slík verk semja. Ísland hefur skorið sig úr í þessu efni, og hafa hér verið teknar til birtingar án leyfis ritsmíðar erlendra manna. Hefur þetta valdið óánægju. Ríkisstj. þykir því rétt, að Ísland gangi inn í þetta samband, og leitar hún hér með heimildar þingsins til þess. Ríkisstj. þótti eðlilegra að fara fram á þetta í lagaformi, vegna þess að nauðsyn bar til, að breytt yrði l. um rithöfundarétt og prentrétt, til þess að Ísland gæti gengið í sambandið. Lagabreyt., sem gera þarf, er ekki flókin. Það hefur verið athugað, að nægilegt er að breyta 16. gr. rithöfundal. til samræmis við 9. gr. Bernarsáttmálans. Þetta snertir takmörkun á rétti til þess að taka upp og birta ritgerðir og annað efni, sem ekki stendur í bókum. Þessi takmörkun er þó ekki meir en það, að heimilt er að taka ritgerðir um dægurmál án leyfis eða þóknunar. Það hefur verið athugað, að þessi breyt. er nauðsynleg til þess, að Ísland geti gengið í sambandið. Það er rétt að taka það fram fyrir n. þá, sem fær mál þetta til athugunar, að ósamræmi er milli 4. gr. rithöfundalaganna, sem leyfir þýðingu á erlendu verki án leyfis höfundar þess, 10 árum eftir að verkið hefur verið birt, og 8. gr. Bernarsáttmálans, er bannar þýðingar á slíku verki jafnlengi og réttur höfundar til verksins er í gildi, þ. e. 50 ár eftir lát höfundar. Eigi verður þó talið óumflýjanlegt að breyta 4. gr. rithöfundalaganna vegna þessa ósamræmis, því að í 25. gr. Bernarsáttmálans er ríki

veitt heimild til þess að gera þann fyrirvara við inngöngu sína í sambandið, að í stað þess að vera bundið við 8. gr. sáttmálans, eins og hann er, verði það bundið af 5. gr. sáttmálans, eins og hann var 1896. En í þeirri grein var einmitt gert ráð fyrir sama fresti og nú er tiltekinn í 4. gr. íslenzku laganna. Ýmis ríki hafa notað sér fyrirvara þennan, og af núverandi meðlimum sambandsins hafa eftirtalin ríki áskilið sér hann: Jugóslavía, Grikkland, Japan, Írland og Latavía. Fyrirvarinn gildir einnig varðandi verk höfunda þess lands, sem fyrirvarann gerir, þ. e. höfundar þessara landa fá ekki meiri rétt en þeir ætla öðrum. Stjórninni þótti rétt að leggja frv. fram með þeim lágmarksbrtt., sem verður að gera. En ég vildi segja hv. þm. frá þessu atriði, áður en málið yrði tekið fyrir. Ég vænti, að hv. Alþ. verði sammála um að ganga í Bernarsambandið, og legg til, að málinu sé vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 118. og 119. fundi í Nd., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 120. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 591, n. 672).

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég sé, að frsm. menntmn., hv. þm. Snæf. (GTh), er hér ekki staddur, og vildi ég því aðeins segja það fyrir hönd menntmn., að hún varð sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, og hefur í einu og öllu fallizt á þær röksemdir, sem fram koma í frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 121. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 126. fundi í Ed., 6. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 127. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 591, n. 954).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Eins og kunnugt er, hefur Ísland ekki séð sér fært hingað til að gerast þátttakandi í Bernarsambandinu, en það er samband milli þjóða um gagnkvæma vernd á rétti yfir bókmennta- og listaverkum. Ástæðan til þess, að þetta hefur ekki verið gert, var náttúrlega áður fyrr aðallega sú, að landið taldi sér það ekki fært vegna fátæktar. Það kaus þess vegna að standa fyrir utan þetta og taka nokkurs konar traustataki erlendar bókmenntir til þýðingar, því að aðallega skiptir þetta máli um þær. En aftur á móti kemur svo það, að af þessu leiðir, að bókmenntir íslenzkra rithöfunda eru réttlausar gagnvart þeim erlendu útgefendum, sem gefa vildu þær út.

Vernd á eignarrétti eða réttindum yfir andlegum verðmætum, eins og rithöfundaritum og þess háttar, kemur miklu seinna til í löggjöfinni en vernd yfir áþreifanlegum hlutum. Og það eru aðeins síðustu tímar, sem veita nokkra víðtæka vernd á nokkru sviði fyrir þeim verðmætum, sem erfitt er eða ómögulegt að meta til fjár. Þessi afstaða Íslendinga til erlendra mennta hefur sætt nokkuð mikilli gagnrýni, sérstaklega á Norðurlöndum, og einkum eftir að farið var að fréttast, að útgáfa bóka væri hér gróðafyrirtæki. Hefur þetta orðið til þess, að erlendis hefur verið skrifað um, að það væri ekki sæmandi menningarþjóð að veita ekki erlendum höfundum vernd fyrir þeirra andlegu verðmæti. Og það munu hafa borizt ýmsar kvartanir út af þessu.

Ég er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að veita þessa vernd, en ekki að nauðsynlegt sé að ganga í Bernarsambandið. Það er vitað, að stórar þjóðir, eins og Rússland og Ameríka, hafa haldið sér þarna fyrir utan. Þau hafa tekið upp það fyrirkomulag að semja um gagnkvæma vernd andlegra verðmæta við hvert land. Ég hefði helzt kosið, að þessi leið hefði verið farin. En það mun vera þingmeirihl. tryggður fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga, og það er náttúrlega ekki hægt að halda fram því ástandi, sem nú ríkir og er engum til góðs, hvorki útgefendum né rithöfundum. Það hefur því orðið að samkomulagi, að n. stendur óskipt með frv. Í sambandi við þetta kemur millibilsástand, sem verður eftir getu að reyna að koma lögum yfir. Ástand þetta er, þegar menn hafa án leyfis látið þýða bækur eftir erlenda höfunda og lagt í það starf, en síðan ganga Íslendingar í Bernarsambandið og hafa þar með engan rétt til að gefa út þessar bækur. Þess vegna hefur n. orðið sammála um, að eftir 2. gr. frv. komi ný gr., að þeir útgefendur, sem hafa látið þýða erlend verk, hafi forgangsrétt til útgáfu þeirra gegn sanngjarnri þóknun. Ég geri ráð fyrir, að mönnum þyki þetta sanngjörn aðferð. Orsök til þess, að leyfi erlendra höfunda hefur ekki fengizt, er í flestum tilfellum sú, að ekki hefur náðst til þeirra. Prentsmiðja, sem ég er við riðinn, hefur fengið svör við færri fyrirspurnum til erlendra rithöfunda um útgáfuleyfi en þær eru, sem ósvarað var. En allir hafa verið spurðir eða til þeirra leitað.

Það mætti mikið segja um þetta mál, ef tími væri til. En ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, enda forlög frv. ákveðin. Legg ég til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem felast í brtt. í nál. á þskj. 954.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 954 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 144. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 985).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 142. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. hefði verið endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv .
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1014).

---

23. Lögræði.

Á 93. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lögræði (stjfrv., A. 516).

Á 94., 95., 96. og 97. fundi í Nd., 13., 14., 15. og 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 98. fundi í Nd., 18. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið að tilhlutan fyrrv. hæstv. dómsmrh., Finns Jónssonar, og hefur hann í raun og veru haft allan veg og vanda af undirbúningi málsins. En hann fékk til þess að semja frv. dr. Þórð Eyjólfsson hæstaréttardómara, sem áður fyrr kenndi þá grein lögfræðinnar, sem lögræði heyrir undir, við Háskóla Íslands. Ég held því, að það megi segja, að fenginn hafi verið til að semja frv. maður, sem öllum öðrum fremur hafi verið trúandi til þess að leysa það verk vel af hendi, enda hefur hann samið hér mikla og ýtarlega grg. fyrir frv. — Vegna þess, hve grg. er ýtarleg, get ég alveg sparað mér að gera grein fyrir frv. í heild eða einstökum atriðum þess. Ég vil þó aðeins skýra frá því, að ætlunin er, að þetta frv., ef að l. verður, komi í staðinn fyrir fyrst og fremst lögræðislögin frá 1917 og einnig l. um fjárforráð ómyndugra á Íslandi frá 1847 og að með samþ. þess verði einnig numin úr gildi nokkur ákvæði í l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 46 frá 1921, og l. um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, nr. 57 frá 1921.

Varðandi síðustu lagafyrirmælin er þess að gæta, að hér liggja fyrir þinginu fyrirmæli í öðru lagafrv., sem fjalla um það sama, og þarf að samræma þetta. Við meðferð málsins í n. þarf að athuga, hvort einhverjar breyt. þurfi að gera á því frv., sem hér liggur fyrir.

Með þessu frv. eru þannig tekin saman í einn bálk öll fyrirmæli, er þetta mál varða, um lögræðisskerðingu og lögræðissviptingu og um löggerninga ólögráða manna. Og er þetta síðast nefnda ný fyrirmæli í íslenzkum l., þannig að tilsvarandi löggjöf hefur ekki verið lögfest, þó að þetta sé talið í samræmi við það, sem hefur verið látið gilda, og er einnig í samræmi við það, sem gildir annars staðar á Norðurlöndum.

Svo er loks kafli í þessu frv. um foreldravald og lögráðendur.

Lögræðisl. frá 1917 voru til bóta á sinni tíð, en þóttu þó um sumt nokkuð gölluð, og var því þörf á að endurskoða þau, þó að það hafi dregizt svo lengi. Þegar af þeirri ástæðu er til bóta að fá lögfest ákvæði þessa nýja frv. Þá er hér einnig rýmkuð heimildin til þess að svipta menn lögræði frá því, sem áður var, sérstaklega varðandi ýmiss konar óreglumenn og einnig varðandi þá menn, sem vista þarf á sjúkrahúsi eða heilsuhæli samkvæmt fyrirmælum heilbrigðislaga. Þá eru meiri og gleggri fyrirmæli um það en áður hefur verið, hver geri kröfu um lögræðissviptingu, þannig að fleiri en áður var geti gert slíkar kröfur. Dómsmrn. er og gefin heimild til þess að gera kröfur um lögræðissviptingu, eftir því sem ákveðið er í l.

Ég sé ekki að svo komnu ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Þó að það komi í minn hlut að leggja það fyrir hæstv. Alþ., er það samið algerlega að tilhlutan fyrrv. hæstv. dómsmrh.

Ég vonast til þess, að hv. þd. láti frv. fá greiðan framgang, vegna þess að mér sýnist það eiga það fyllilega skilið, af því að þessum málum muni vera mun betur skipað eftir þessum l., ef frv. verður samþ., heldur en áður.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Þess er getið í upphafi grg. fyrir þessu frv., að hæstaréttardómari Þórður Eyjólfsson hafi verið beðinn að athuga þessi mál með sérstöku tilliti til sjúklinga, sem beita þarf meiri eða minni frelsisskerðingu. Þetta mun eiga rætur sínar að rekja til þess, að beiðnir lágu fyrir hjá fyrrv. hæstv. dómsmrh. frá þeim aðilum, sem helzt höfðu fjallað um málefni drykkjusjúklinga, um að láta þessa endurskoðun fara fram. Við þessari beiðni varð sá hæstv. ráðh., og hefur, eins og tekið er fram í grg. frv., viljað verða við því með því að vekja sérstaka athygli á þessu atriði, þegar hann fól hæstaréttardómaranum að semja þetta frv.

Ég vil nú alls ekki fullyrða, að hægt sé að ganga lengra en gert er í þessu frv. til móts við óskir, sem uppi hafa verið um það að gera auðveldara að koma þessum mönnum að einhverju leyti til hjálpar með aðstoð læknisfræðinnar á móti þeirra eigin vilja. Ég vil ekkert um það fullyrða. Ég viðurkenni það í fyllsta máta, að það ber að viðhafa hina mestu gætni, þegar verið er að fjalla um þann helgasta rétt hvers manns að ráða sér sjálfur. Ég vil þó mega varpa því fram og biðja þá n., sem fær málið til meðferðar, að athuga, hvort ástæða gæti þótt að leyfa einhvers konar sjúkra-

dómstól að úrskurða slíka sjúklinga til hælisvistar eitthvert ákveðið tímabil, án þess að viðkomandi sjúklingar væru beinlínis sviptir lögræði. Mér finnst sjálfsagt, að ákvæði slík sem þessi gætu þurft að eiga heima í þessu frv. Til athugunar er þetta að minnsta kosti. Og án þess að fullyrða þetta, vildi ég alveg sérstaklega fara fram á það við þá hv. n., sem tekur við málinu, að hún vildi ræða sérstaklega um þetta spursmál við landlækni og dr. Helga Tómasson, sem báðir hafa staðið að því að óska þessarar endurskoðunar á l., svo og einhvern aðila frá Stórstúku Íslands, sem einnig hefur óskað eftir þessu. Það má vel vera, að niðurstaðan af athugun minni og annarra á þessu verði sú, að ekki verði hægt að ganga lengra en gengið er í þessu frv. í þessu efni, sem ég nú minntist á. Og sízt vildi ég stefna að því, að óvarlega sé búið um hnútana, að því er snertir vernd þessa persónuréttar manna að mega ráða sér sjálfir. Hitt má öllum vera ljóst, að um mikið vandamál er að ræða, þegar svo er ástatt um menn, að þeir eru sínum nánustu jafnvel hættulegir eða a. m. k. mjög erfiðir, en hafa ekki sjálfir skilning á því, að þeim sé fyrir beztu að hverfa frá heimilum sínum og leita sér læknisaðstoðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 611).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Um þetta mál hefur verið fjallað í allshn., en eins og fram hefur komið við 1. umr., hefur það verið undirbúið af Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara. Fá atriði voru, sem n. fannst ástæða til að breyta, en ræddi málið á fundi, þar sem einnig voru mættir Þórður Eyjólfsson og landlæknir, sem er viðriðinn sjúklinga í sambandi við sviptingu lögræðis, og þessar tvær brtt., sem n. flytur, lúta að því, að viðkomandi sé ekki heill heilsu. Ég vil geta hér einstakra atriða frv., sem mega teljast nýmæli, áður en vikið er að brtt., og bendi ég sérstaklega á 4. gr., sem segir, að maður, ólögráður fyrir ævisakir, verði fullráða, ef hann gengur í hjónaband, nema hann verði sviptur lögræði. En eldri ákvæði um þetta atriði áttu aðeins við um konur, sem öðluðust fullræði, ef þær giftust, en samkv. þessu á þetta við um báða aðila. Meginreglan er því sú, að hjúskaparaldur sé sá sami og lögræðisaldurinn, og er eðlilegt, að sá, sem gengur í hjónaband og fær undanþágu til þess, öðlist þá einnig lögræði.

Viðvíkjandi II. kafla, sem lýtur að sviptingu lögræðis og brottnámi lögræðissviptingar, þá hefur aðallega verið stuðzt við eldri ákvæði og praksis. Þó mun 4. málsliður vera nýmæli, þetta skilyrði til að svipta menn lögræði, ef þarf að vista viðkomandi án samþykkis hans á sjúkrahúsi eða á heilsuhæli vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni, og er þetta að sjálfsögðu nauðsynlegt ákvæði.

Þá er fyrri brtt. allshn., við 7. gr., sem lýtur að því, hverjir geti gert kröfur til lögræðissviptingar. En 6. liður b er um, að dómsmrn. geti gert það, þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila, er það hefur fengið á annan hátt. Brtt. er á þann veg, að þarna komi viðbót og orðalagsbreyting: „Þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina eða vegna vitneskju um hag aðila, er það hefur fengið á annan hátt."

Þá er 2. brtt. við 31. gr. 31. gr. er að vísu nýmæli, sem nauðsyn þótti að setja til að tryggja aðstöðu þeirra manna, sem til greina kæmi að vista til lengdar á sjúkrahúsi, og setur dómsmrh. í samráði við landlækni nánari fyrirmæli í reglugerð um tilhögun þessara mála. Það er gert ráð fyrir, að öryggi sé fyrir einstaklinginn, að slík frelsisskerðing sé ekki gerð nema að fyrirskipun eða samþykki dómsmrn. En n. leggur til, að hér komi sú undantekning, að þessi ákvæði séu ekki því til fyrirstöðu, að unnt sé að hefta frelsi manna til bráðabirgða, ef þess er þörf. Þetta er miðað við, að slík frelsisskerðing komi eingöngu um stundarsakir. Þá eru taldar upp farsóttir, geðveiki og ölvun, sem hefur valdið því, að hlutaðeigandi hefur verið tekinn í umsjá löggæzlumanna. Og full ástæða þykir, ef aðili er tekinn í umsjá löggæzlumanna vegna ölvunar, að hafa í l. ákvæði um að vista hann á sjúkrahæli, því að oft getur andlegt ástand manns haft betra af því og það verið þroskavænlegra fyrir hann, að hann sæti meðferð undir handleiðslu læknis á heilsuhæli, en slíkt kemur ekki til greina, ef hann er „arresteraður" eins og nú tíðkast. Það hefur komið fram í áliti geðveikralæknisins á Kleppi, sem hefur fjallað um þetta atriði og n. styðst við, að ef maður er sviptur frelsi og fluttur á sjúkrahús, þá sé það mikilvægt, að læknir hafi hann undir höndum ekki skemur en tvo sólarhringa, vegna þess að þeir, sem til greina kæmu, væru sérstaklega unglingar, og í slíkum tilfellum gæti það haft mikilvæg áhrif, að læknir kæmi til skjalanna.

Ég held svo, að þessu fram teknu og með hliðsjón af undirbúningi frv., að ekki sé fleira, sem ég þarf að taka fram til frekari grg. fyrir hönd n.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 611,1 samþ. með 24 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
8.—15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
16.—21. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
22.—30. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 611,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

31. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
32.—42. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 653).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 121. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 122. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 145. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þau mistök hafa orðið á um afgreiðslu þessa máls, að nál. liggur ekki fyrir. Hins vegar hefur allshn. athugað málið og var sammála um að mæla með því án breyt. Ég skal þegar taka það fram, að það verður vitanlega á valdi þessarar hv. þd., hvort hún vill afgreiða málið með þessum hætti þrátt fyrir mistökin. En ég skal taka það fram, að þegar n. athugaði þetta mál, þá var hún, eftir að hafa lesið yfir frv., borið það saman við gildandi l. og lítils háttar breyt., sem Nd. gerði á því, á einu máli um það, að mæla með frv. án breyt. En frv. er samið af einum gegnasta og bezta lögfræðingi okkar lands, Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara. Þessi löggjöf er til endurbótar á l. nr. 60 frá 1917, eins og skýrt er frá í upphafi grg. frv. En með þeim l. var sú breyt. gerð á lögræðissviptingu, að það var lagt undir dómsvald í stað þess, að það hafði áður heyrt undir framkvæmdarvald, og var það mikil réttarbót fyrir þá, sem áttu undir því að búa. L. nr. 60 frá 1917 voru mikil bót, en voru fremur ófullkomin, og kom í ljós, að inn í l. vantaði mörg ákvæði. Auk þess voru þau ekki nægilega skýr til þess að búa örugglega um rétt þegnanna. Löggjöf sú, sem hér liggur fyrir, á að bæta úr þessu. Hér er á vissan hátt rýmkaður réttur aðstandenda og skyldmenna til þess að fá þá menn, sem fyrir óreglu eða af öðrum ástæðum eru ekki færir um að ráða sér, svipta lögræði. En að hinu leytinu er sérstaklega vel búið um rétt þeirra manna, sem þurfa að sæta dómsúrskurði út af slíkum málum. Þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Nd., voru mjög lítilfjörlegar. Þær miðuðu að því að tryggja það, að þeir, sem sviptir skulu sjálfræði með sjúkrahúsvist, hafi öruggan rétt til þess að leita úrskurðar um það, svo að ekki sé hægt að nota sjúkrahúsvistina sem frelsisskerðingu. Og hafði Nd. ástæðu til að gera hér breyt. til þess að búa örugglega um þetta atriði. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. En ég hygg, að mér sé óhætt að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, enda var n. sammála um það. Og óskar hún eftir, að það verði að l. á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
8.—15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
16.—21. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
22.—30. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
32.—42. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 146. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1022).

---

24. Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Á 104. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. (stjfrv., A. 589).

Á 107. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 108. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið og flutt í samræmi við og áframhaldi af stjórnarsamningi, sem gerður var, þegar núverandi ríkisstj. tók við, og það fjallar um afurðasölu landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun o. fl. Inn í þetta frv. hafa verið teknir þeir lagakaflar, sem um þessi mál hafa verið settir undanfarin ár, eða nánar sagt, afurðasölul. frá 1934, um mjólk og mjólkurafurðir og sláturfjárafurðir, en þó með nokkrum viðaukum, sem ég mun koma síðar að. Þau nýmæli, sem hér er um að ræða, eru í I. og XI. kafla frv., og tel ég upp þau atriði, sem sérstaklega var samið um í stjórnarsamningnum.

I. kafli frv. er um skipun og verkefni framleiðsluráðs. Þar er svo ákveðið, að við framkvæmd afurðasölulöggjafarinnar taki framleiðsluráð, sem skipað er af hálfu bændasamtakanna og félagssamtökum þeirra í landinu. Er ætlazt til þess, að framleiðsluráð sé skipað 9 mönnum, 5 mönnum skipuðum af stéttarsambandi bænda, en nú er verið að ganga frá stofnun þess formlega, og 4 mönnum frá þeim félögum bænda, sem fara með afurðasölu landbúnaðarins. Þessi mál hafa verið á nokkru tilraunastigi þau 10—12 ár, sem þessi löggjöf hefur gilt. Fyrstu ár löggjafarinnar var sérstökum n. falið að fara með framkvæmd þessara mála, n., sem skipaðar voru að nokkru leyti af hálfu bændafélaganna, verzlunarfélögum bænda, og að öðru leyti af hálfu félaga neytenda í bæjum, en oddamenn voru skipaðir af ríkisstj. Má því segja, að fyrstu ár þessarar löggjafar hafi framkvæmd þessara mála verið að nokkru leyti í höndum

ríkisvaldsins, enda voru þessi mál þá ný af nálinni. Það voru pólitískir flokkar, sem stóðu fyrir því að koma þessari löggjöf á, og urðu þeir fyrstu árin að taka að sér framkvæmd hennar. En eftir því sem lengra líður, verður þróun þessara mála fastari, og breyt. á meðferð þeirra hefur orðið sú, að bændur og félög þeirra hafa tekið við meiri og meiri umráðum þessara mála og framkvæmd þeirra. Þegar búnaðarráð var löggilt og tók við þessum málum, þá hófst nýr þáttur í framkvæmd þessara mála, sem sé sá, að búnaðarráð var skipað allt af ríkisstj., en hins vegar voru ákvæði um það, að búnaðarráð væri eingöngu skipað bændum, sem starfað hefðu fyrir bændasamtökin. Má segja, að að forminu til hafi þetta verið framför frá því, sem áður var, ef sá ágalli hefði ekki verið, að búnaðarráð var allt stjórnskipað, og er óhætt að segja, að bændur um land allt undu því illa að hafa þessa yfirstjórn málanna skipaða af ríkisstj., án þess að ég ætli að fara að draga inn í þessar umr. það, sem haldið hefur verið fram með og móti búnaðarráði eða framkvæmd þess á þessum málum. Hygg ég, að óhætt sé að fullyrða, að meiri hl. bænda megi ekki hugsa til þess, að þessi skipan gildi um ókominn tíma, vegna þess að þeir líta svo á, að aðalvaldið liggi í því að mega skipa þessa menn í ráðið og setja þá frá. Og hvað sem annars má segja um vald og meðferð fyrrv. landbrh. í þessum efnum, þá er hitt víst, að ekki væri ævinlega tryggt, að með þessi mál færi sá meiri hl. ríkisvaldsins, sem bændur sættu sig við, þannig að til frambúðar gætu bændur ekki við þetta unað, enda hefur þróun þessara mála verið sú, að bændur hafa fengið meiri og ríkari ráð í stjórn þeirra og meðferð, og það er almenn krafa bændastéttarinnar, að bændur sjálfir og fulltrúar þeirra fái meðferð þessara mála í sínar hendur. Má vel vera, að það hafi verið litið þannig á af fyrrv. stjórn, að þetta væri ekki tímabært, meðan ekki var til í landinu sú stofnun, sem talizt gat eðlilegur aðili af hendi bænda til að taka við þessum málum. En nú verður því ekki lengur við borið, vegna þess að nú hefur stéttarsamband bænda verið formlega stofnað og tekur það til allra bænda í landinu og virðist því sjálfkjörinn aðili til að fara með þessi mál. Um þetta fjallar I. kafli, en auk þess eru í I. kaflanum nokkrar breyt. frá því, sem áður hefur verið, þannig að yfirstjórn þessara mála er fengið í hendur meira vald um afurðasöluna almennt og meiri íhlutun um þau mál en áður var, sem að mestu leyti byggist á því, að bændum er orðið það ljóst, að aðalmarkaðurinn fyrir framleiðsluvörur landbúnaðarins er nú og verður á næstunni innanlands. Þess vegna er það nauðsynlegt hvort tveggja, að haga framleiðslunni þannig, að innlendum neytendum nýtist sem bezt það, sem framleitt er af íslenzkum bændum, og að íslenzkur landbúnaður nýti sem bezt alla þá markaði, sem til eru í landinu fyrir slíka framleiðslu, og það er tilgangurinn með þessu nýja frv., að þetta vald og ábyrgð, sem framleiðsluráði er fengið í hendur, hafi fyllri not en áður við stjórn þessara mála og noti markaði út í yztu æsar innanlands og fullnægi þörf þjóðarinnar fyrir íslenzkar framleiðsluvörur, eftir því sem tök eru á.

XI. kafli fjallar um verðskráningu landbúnaðarvara. Það hafa sömuleiðis verið gerðar nokkrar breyt. á þessu atriði frá því, sem var í afurðasölul., þegar þau voru samþ. Fyrst var svo ákveðið, að n. manna, skipuð af hálfu framleiðenda og neytenda, með stjórnskipaðan oddamann, skyldi ákveða verðlag á hverjum tíma. Þannig fór fram fyrstu ár þessarar löggjafar. Síðar breyttist þetta við samþykkt sex manna nefndarinnar og þá endurskoðun, sem fékkst á þeirri löggjöf. Við komu sex manna nefndarinnar breyttist þetta þannig, að verðlagsvaldið féll úr höndum hinnar stjórnskipuðu n. og í hendur sex manna n., vegna þess að svo tókst til, að allir aðilar urðu sammála um þann verðlagsgrundvöll, sem farið skyldi eftir, en það var skilyrði af hálfu löggjafans fyrir því, að sú löggjöf gæti fengið gildi. Þessi skipan hélzt um tveggja ára skeið. En með búnaðarráðsl. var þetta atriði úr gildi fellt, og þá tók búnaðarráð eða framkvæmdan. búnaðarráðs við þessum málum og tók verðlagsvaldið í sínar hendur.

Mér er óhætt að segja, að þó að ýmislegt hafi verið sagt og skrifað um verðlagningu landbúnaðarvara undanfarin ár og mikið um það deilt, að meðal íslenzkrar bændastéttar hafi engin verðlagsákvörðun verið jafnvinsæl eins og sú, sem gerð var með sex manna nefndar löggjöfinni. Það verðlagsfyrirkomulag, sem nú er tekið upp í sambandi við XI. kafla frv., er í aðalatriðum svipað því, sem var í sex manna nefndar löggjöfinni. Það er tekið fram í 4. gr., að söluverð landbúnaðarvara skuli miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Þetta er grundvöllurinn undir verðlagsákvörðuninni samkvæmt frv., og þetta var grundvöllurinn undir verðlagsákvörðuninni samkvæmt sex manna nefndar álitinu, og ég get ekki séð, að hægt sé að fá eðlilegra, sjálfsagðara eða réttlátara fyrirkomulag um verðlagningu íslenzkra landbúnaðarvara en einmitt þetta.

Þeir tímar eru liðnir, að hægt sé að skrá verð innlendra landbúnaðarvara eftir því, sem útlendur markaður segir til um, eins og áður var, og það er óhætt að segja það eins og það er, að aðstaða íslenzks landbúnaðar nú er sú, að hann er ekki samkeppnisfær á erlendum markaði með aðalframleiðsluvörur sínar, og er það ekki að undra, þar sem svo er komið með sjávarútveginn, sem er margfalt uppgripameiri og arðsamari og er undirstöðuatvinnuvegur okkar Íslendinga, að gera verður sérstakar ráðstafanir af ríkisins hálfu til þess að tryggja það, að hann verði arðvænlegur fyrir þá, sem hann reka. Þá er spurningin aftur: Hvernig á þá að ákveða landbúnaðinum verðlag? Eigum við að halda áfram að framleiða landbúnaðarvörur eða hætta því? Ég býst við því, þó að það hafi heyrzt einkennilegar raddir í þessum efnum undanfarin ár, að það sé svo, að allir hugsandi menn séu sammála um það, að það nái ekki neinni átt, að Íslendingar hætti að framleiða landbúnaðarvörur til innlendrar neyzlu, eftir því sem aðstaða og efni standa til. Þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að sumra tegunda landbúnaðarvara, eins og t. d. mjólkur, er ekki hægt að afla þjóðinni á annan hátt en þann að framleiða þær hér heima. Og um margar vörur, sem segja má, að ekki séu samkeppnisfærar á erlendum markaði, er það svo, að ef við ættum að flytja þær inn, þá yrðu þær litlu ódýrari í útsölu en þær eru framleiddar af íslenzkum bændum, auk þess sem

það verður að teljast höfuðnauðsyn fyrir íslenzku þjóðina að hafa sem fjölþættasta framleiðslu innanlands vegna síns öryggis og vegna lífs og afkomu þjóðarinnar á öðrum sviðum, sem ég ætla ekki að orðlengja um. Ég held, að það sé óhætt að slá því föstu, að meginhluti þjóðarinnar sé sammála um það, að hér verði að framleiða landbúnaðarvörur í eins ríkum mæli og unnt er til þess að fullnægja innlendri þörf. En þá kemur spurningin: Hvernig á að tryggja, að þessar vörur séu framleiddar? Hvernig á að ákveða verðlag á þeim, sem tryggi, að menn vilji og geti framleitt þær? Ég held, að það sé ekki hægt að finna réttlátari eða sanngjarnari grundvöll en þann að segja svo fyrir um, að vörurnar skuli selja fyrir verðlag, sem miðað sé við það, að bændur fái svipaðar tekjur fyrir sín störf eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins. Það má segja, að með þessum ákvæðum séu bændur að nokkru leyti bundnir um landbúnaðarvöruverð, en ég hygg af þeirri reynslu, sem fengin var með framkvæmd sex manna nefndar löggjafarinnar, að bændur fari ekki fram á það, að þeirra kjör séu betri fjárhagslega en annarra stétta þjóðfélagsins. En hitt er jafnrétt, að ef við eigum að tryggja hér framleiðslu íslenzkra landbúnaðarvara, þá verðum við að sjá um það, að bændastéttin hafi svipuð kjör og aðrar stéttir, því að annars fást menn ekki til að framleiða þessar vörur. Og ég held, að ég verði að segja frá því í þessu sambandi, að það er svo einkennilegt, að eftir því sem ég hef kynnzt þessum málum á Norðurlöndum, t. d. í Svíþjóð, þá virðist mér, að sænska þjóðin hafi komið inn á sama feril í þessum efnum eins og við komum inn á með sex manna nefndar löggjöfinni. Ég hef lesið nál. frá n. hagfræðinga, sem skipuð var 1942 til að athuga framleiðsluaðstöðu þar í landi. Sú n. skilaði áliti á árinu 1944, og niðurstaðan hjá henni er þetta: Það er ekki líklegt, að Svíar hafi aðstöðu til þess að framleiða landbúnaðarvörur í samkeppni við aðrar landbúnaðarþjóðir nágrannalandanna, en samt sem áður er það höfuðnauðsyn, að Svíar framleiði svo mikið af landbúnaðarvörum sem kostur er á. En hvernig eigum við að tryggja það? spyr n. Það getum við ekki öðruvísi en með því að tryggja bændum það mikið verð fyrir vörurnar, að þeir beri svipað úr býtum og aðrar stéttir, segir n. Það er sama hugsunin, sem vakti fyrir sex manna n., sem er þarna ljóslifandi í þessu sænska nál., og alveg það sama er tilgangurinn með þessu ákvæði um verðskráningu, sem hér er í XI. kafla þessa frv. Nú má segja, að það er annað að ákveða, að þetta skuli vera svona, eða geta framkvæmt það — það sé ekki vandalaust að framkvæma þann verðlagsgrundvöll, sem hér er ákveðinn, og má vel segja, að svo sé. Þetta er að vissu leyti eins og erfitt reikningsdæmi, sem vissar forsendur eru fyrir, það þarf að reikna nákvæmlega út, til að rétt niðurstaða fáist. En ég efast ekki um það, að eftir því sem þessi mál verða framkvæmd lengur á þessum grundvelli, þá takist okkur smátt og smátt að finna þá aðferð við framkvæmd á þessari verðskráningu, sem allir geti við unað, og dæmi ég það meðal annars eftir þeirri niðurstöðu, sem á sínum tíma fékkst með sex manna nefndar starfinu og sáttmálanum. Það kom mörgum á óvart, að það skyldi geta orðið fullt samkomulag milli þeirra aðila, sem þá leiddu saman hesta sína, og sú byrjun lofaði góðu um það, að þegar lögð væri meiri vinna, meiri þekking og reynsla í þessa framkvæmd, þá mætti vel takast. Hér er gert ráð fyrir því, að lausnin á þessu dæmi verði fengin í hendur 6 mönnum, fyrst og fremst þremur skipuðum af stéttarsambandi bænda og þremur skipuðum af samtökum neytenda í bæjum, en hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu landbúnaðarins verða þessum mönnum til aðstoðar í starfi sínu. Þessir aðilar, sem þarna eru valdir til þess að hafa þessi störf með höndum, eru valdir þannig, að sem mest þekking fáist í málið af hálfu þeirra stétta, sem hér er miðað við. Verð á landbúnaðarvörum á að vera þannig, að kjör bænda verði svipuð og kjör annarra vinnandi stétta. Það er ekki eingöngu átt við verkamenn. Þarna er líka átt við iðnaðarmenn, sjómenn og aðra, og þess vegna þótti ríkisstj. rétt og skylt að velja til þessa starfs aðila, sem hafa skilning og þekkingu á högum og sjónarmiðum allra þessara stétta. Og þessir menn eiga að vinna að þessum málum á þeim grundvelli, sem segir í 4. gr., með aðstoð þeirra manna, sem mesta sérþekkingu hafa á þessu sviði, hagstofustjóra annars vegar og form. búreikningaskrifstofu landbúnaðarins hins vegar. Alþýðusamband Íslands og Landssamband iðnaðarmanna eru hvort tveggja landssamtök, og það þótti eðlilegt, að þeirra sjónarmið kæmust inn í þetta starf, en þar sem engin landssamtök eru til meðal íslenzkra fiskimanna, þótti undir þessum kringumstæðum rétt að taka Sjómannafélag Reykjavíkur inn í þessi störf, til þess að það gæti lagt fram sjómannasjónarmiðin, meðan ekki eru til landssamtök fyrir íslenzka sjómannastétt. Nú er það sama ákveðið hér, sem var í löggjöfinni um sex manna n. Ef allir þessir aðilar verða sammála, þá er niðurstaðan bindandi sem verðlagsgrundvöllur næstu árin. Hins vegar er hér varatill. um það, að ef n. tekst ekki að fá sameiginlega niðurstöðu í þessu starfi sínu, þá verði skipuð yfirnefnd, þar sem einn maður sé skipaður af hálfu fulltrúa framleiðenda, en annar af hálfu neytenda, en hagstofustjóri sé sjálfkjörinn oddamaður. Það þótti nauðsynlegt, að þessi yfirnefnd gæti verið til staðar, ef ekki tækist að koma á fullkomnu samkomulagi milli hinna 6 manna, til þess að þetta fyrirkomulag gæti orðið virkt, því að ef það hefði strandað, þá hefði ekkert verið til að taka við, og þá voru þessi mál algerlega í lausu lofti — það varð að fá niðurstöðu um þau atriði, sem á milli bar. Ég hef orðið var þeirrar aths., sérstaklega af hálfu ýmissa bænda, að þeim þykir með þessari yfirnefnd hallað á sig, þar sem lokadómurinn í þessu máli verður framkvæmdur af einum framleiðanda en tveimur neytendum, og tala þeir þar um hagstofustjóra sem neytanda. Ég held, að þetta sé á nokkrum misskilningi byggt. Menn verða að athuga það, að starfsemi þessarar n., verðákvörðunin, er ekki nákvæmlega það sama eins og þegar samdir eru venjulegir kaupsamningar milli verkamanna og atvinnurekenda, þar sem hver reynir að komast sem lengst fyrir hagsmuni sinnar stéttar, heldur er þetta, eins og ég sagði áðan, n. til þess að leysa að vísu nokkuð flókið reikningsdæmi eftir forsendum, sem fyrir fram eru gefnar, og ef rétt er reiknað, þá á niðurstaðan að verða sú, sem l. tilgreina. Það er aðeins farið fram á það, að bænd-

ur fái sama kaup og aðrar stéttir, þessi n. á ekkert að gera annað en að leysa þetta flókna dæmi. Starf þessarar yfirnefndar yrði fyrst og fremst vísindalegt. Það er flókið og vandasamt og krefst sérþekkingar. Því er eðlilegt, að oddamaðurinn sé sá vísindamaður, sem mesta þekkingu hefur á þessum málum, þ. e. hagstofustjóri. Ákvæðin um þessa yfirnefnd falla þó niður, ef hætt er að greiða niður með ríkisfé verð landbúnaðarafurða og ef ekki eru greiddar útflutningsuppbætur á þær. Ætlazt er til, að þeim verðgrundvelli, er fundinn verður, megi breyta, ef óskir um það koma frá öðrum hvorum aðila, framleiðendum eða neytendum. Með fenginni reynslu í framkvæmdinni er því tryggt, að bændur fái það verð, sem þeim ber. Gert er ráð fyrir, að bændur standi yfirleitt straum af þeim málum, sem frv. fjallar um, en rétt þótti, að kostnaður við verðskráninguna yrði greiddur úr ríkissjóði, því að verðskráningin er ekki gerð í þágu einnar stéttar, heldur allrar þjóðarinnar.

Þá kem ég að III. kafla, sem er um sauðfjárafurðir, og er hann nálega samhljóða núgildandi l. frá 1934 um sláturfjárafurðir.

IV. kafli er hins vegar nýmæli. Þar er gert ráð fyrir, að gerðar séu tilraunir um betra fyrirkomulag um sölu stórgripakjöts, en sala nauta- og hrossakjöts er nú utan verðlagsskipulagsins. Það er mjög nauðsynlegt að skipuleggja þessa sölu, einkum sölu hrossakjöts, því að sú sala grípur mjög inn í framleiðslu og sölu annars kjöts í landinu. Núverandi ástand getur skapað mikla erfiðleika, en eðlilegast, að sá aðili, er skipuleggur sölu kindakjöts, hafi einnig með höndum sölu annars kjöts, sem framleitt er hér á hverjum tíma.

V. kafli fjallar um sölu mjólkur og mjólkurafurða, og er hann í samræmi við það, sem núgildandi lög kveða á um þessi efni. Þó eru í 3 síðustu greinunum nokkur nýmæli, þar sem framleiðsluráði er gefið vald og skylda til að hafa meiri íhlutun um þessi efni en verið hefur. Þótt framleiðsla mjólkur og mjólkurafurða hafi stóraukizt undanfarin ár, þá hefur ætíð verið skortur á mjólk sums staðar á landinu, en offramleiðsla annars staðar. Slíkt ástand er ekki viðhlítandi, og landbúnaðinum er nauðsynlegt að nýta sem bezt alla markaði fyrir vörur sínar. Það verður því að beina framleiðslunni þangað, sem skortur er, enda jöfnum höndum til hagsbóta fyrir neytendur og framleiðendur. Í þessu frv. er því framleiðsluráði gert heimilt og skylt að taka þessi mál ákveðnari tökum og vinna að því að koma markaðsmálum mjólkurframleiðenda í sem allra bezt horf.

VI. kafli er um verðmiðlun, og er hann að sumu leyti nýmæli. Samkv. núgildandi l. er þannig verðmiðlun á kjöti, að allir bændur fá sama verð á sölustað. Mismunur á hagnaði einstakra bænda er þá einungis undir því kominn, hve mikill kostnaður verður af flutningum. Þetta er ekki eins fyllilega útfært hvað snertir mjólkursölu. Hér er því lagt til að leggja nýtt gjald á alla mjólk, er seld er, til þess að verðmiðla milli mjólkursvæða, enda hafa undanfarið verið ýmsir erfiðleikar á að samræma verðið á hinum ýmsu mjólkurverðlagssvæðum. Það er því nauðsynlegt að koma á meiri teygju, meiri samvinnu milli verðlagssvæðanna. Rétt samkv. núgildandi l. hafa þeir einir, sem geta daglega flutt nýja og óskemmda mjólk á sölustað. Þetta ákvæði er mjög teygjanlegt, og er oft erfitt að segja, hverjir fullnægi þessum skilyrðum, hvort bóndinn hérna megin við ána eða við lækinn hafi þennan rétt, en bóndinn hinum megin ekki. Það sýnir sig og, að mjólkurverðlagssvæði Reykjavíkur hefur alltaf verið togað lengra og lengra út og nær nú austur í Skaftafellssýslu og vestur í Dalasýslu, og getur maður búizt við, að næstu sýslur bætist við hver af annarri. Úr þessu geta orðið árekstrar og örðugleikar, ef ekki er reynt að hliðra til með verðmiðlun milli verðlagssvæðanna. Það getur orðið hagkvæmasta leiðin að skipta landinu í ákveðin framleiðslusvæði. En þá getur staðið svo á, að ekki verði stætt á því gagnvart einstökum héruðum að segja: Þú skalt vinna úr mjólkinni eða þú skalt framleiða mjólk til sölu, nema ákvæðið um verðmiðlun sé fyrir hendi, og þetta ákvæði í VI. kafla, b-lið 28. gr., stefnir að því að koma á þeirri teygju milli mjólkurverðlagssvæðanna, sem nauðsynleg er. Verðlagsráð skipar samstjórn fyrir öll verðlagssvæðin, og b-liður 28. gr. miðar til að byrja með að því að jafna metin milli svæðanna og að afstýra því ranglæti, sem sum verðlagssvæði hafa orðið fyrir. Framleiðsluráði er í frv. falið að ákveða verðmiðlunargjaldið á hverjum tíma. Það getur orðið erfitt og vandasamt verk. Þeir, sem standa að þessu frv., töldu réttast, að bændur sjálfir hefðu það með höndum, og afskipti löggjafarvaldsins kæmi ekki til, fyrr en annað væri útilokað. Bændum var fengið þetta verkefni í hendur, af því að þeim var bezt treyst til að leysa það vel af hendi.

VII. kafli þessa frv. er um iðnað úr landbúnaðarvörum, og er hann nýmæli. Ákvæði um iðnað úr landbúnaðarvörum eiga fyllilega heima í lagabálki sem þessum, svo nátengdur er slíkur iðnaður framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða. Mjólkurlögin hafa að vísu náð yfir nokkurn iðnað, svo sem vinnslu mjólkurbúanna, en hér er bætt við öðrum iðnaði, sem framleiðsluráði er gert skylt að vaka yfir og afla markaðar fyrir, og enn fremur að beita sér fyrir því, að þær vörur verði framleiddar, sem markaður er fyrir.

Ég hef nú drepið á öll meginatriði þessa frv., að minnsta kosti öll helztu nýmæli, og álít ekki þörf að fara um frv. fleiri orðum á þessu stigi, en óska þess, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í þessu frv. er steypt saman helztu gildandi ákvæðum um sölu landbúnaðarafurða, og einnig eru hér ýmis nýmæli. Meginákvæðin eru, eins og hæstv. landbrh. tók fram, í samræmi við málefnasamning núverandi hæstv. ríkisstj. Mér sýnist sérstök ástæða til að ræða nokkuð V. kafla þessa frv. Meginatriði hans eru tekin orðrétt úr núgildandi lögum, en þó eru í 3 síðustu greinunum, eins og hæstv. landbrh. tók fram, nokkur nýmæli, sem miða að því að bæta úr mjólkurskorti á hverjum stað.

Það var árið 1935, að mjólkurlögin voru sett og mjólkursamsalan stofnuð. Þessi lög eru að mestu óbreytt enn, og þetta frv. gerir ráð fyrir mjög litlum breytingum. Það væri því rétt að athuga, hvaða reynsla hefur fengizt af l. þau 12 ár, sem þau hafa verið í gildi, áður en þau eru lögfest hér á ný með litlum breytingum. Þessi l. hafa eðlilega tvær hliðar, aðra, er snýr að bændum, og hina, er snýr

að neytendum. Ég mun ekki ræða viðhorf bænda, og ég efa ekki, að margir bændur hafa hagnazt á l., þó ekki allir, en ég vildi gera lítillega að umræðuefni þá hliðina, er snýr að neytendum. 1935 þóttust neytendur ekki fá eins góða vöru og þeir æsktu og ekki nægilega lipurð í viðskiptum við mjólkursamsöluna. Þetta var mikið deilumál og baráttan oft hörð, og alltaf öðru hverju síðan hefur verið barizt fyrir því, að neytendur fengju góða vöru og lipra afgreiðslu. En á 12 ára tíma hefur ástandið sorglega lítið batnað og hjakkar allt enn í sama farið. Stjórnendur samsölunnar hafa oft talað um hótfyndni af hálfu neytenda, er þeir hafa borið fram óskir sínar um betri vöru. Þessi mál voru nokkuð rædd hér á Alþ. fyrir þremur árum, og þá var talað um ofsóknir á hendur bændum eins og svo oft fyrr og síðar. En það, sem neytendur héldu fram, hefur nú verið staðfest í meginatriðum af sérfræðingum, sem þessi mál hafa rannsakað. Sérfræðingur, sem starfaði á vegum ríkisins og bæjarstjórnar Reykjavíkur, skilaði áliti sínu til bæjarstjórnarinnar 20. marz. Þá var með atkv. allra bæjarfulltrúa, einnig fulltrúa Framsfl., samþykkt svo hljóðandi ályktun, sem ég les hér, með leyfi hæstv. forseta: „Í sambandi við skýrslu um mjólkureftirlitið í Reykjavík, sem lögð hefur verið fyrir bæjarráð og bæjarstjórn, gerir bæjarstjórnin eftirfarandi ályktun: Það hefur um margra ára skeið verið alkunna meðal bæjarbúa, og nú og oft áður staðfest af skýrslum sérfræðinga, að ástandið í mjólkurmálum höfuðstaðarins er og hefur um langt skeið verið algerlega óviðunandi og háskalegt fyrir heilbrigði fólksins. Kemur þar margt til, svo sem það, að mjólkin er oft meingölluð, þegar hún kemur til mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík, að vélar stöðvarinnar eru alls ófullnægjandi og óskiljanlegur dráttur á útvegun nýrra véla, að flöskumjólk er lítt fáanleg, að mjólkin stórspillist í búðunum vegna lélegs aðbúnaðar, skorts á kælingu o. fl. Samkv. gildandi l. eru mjólkurmálin ekki á valdi bæjarstjórnar. En bæjarstjórnin telur það skyldu sína vegna hollustu og heilbrigðismála í bænum að skora eindregið á Alþ., ríkisstj. og stjórn mjólkursamsölunnar að bjarga mjólkurmálunum nú þegar úr því ófremdarástandi, sem er til vansæmdar fyrir alla aðila.“ Þetta var einróma samþ. í tilefni af síðustu skýrslu sérfræðingsins. Í ályktuninni er drepið á helztu ágallana, er neytendur verða fyrir. Til viðbótar má geta þess, að það er almenn ósk húsmæðra að fá möguleika til að senda mjólkina heim, en ekki er við það komandi hjá samsölunni, þótt aðrar verzlanir telji sjálfsagt að senda vörur sínar heim til neytenda. Í skýrslu sérfræðingsins segir, að sum sýnishorn hafi sýnt 4. flokks mjólk með gerlafjölda 10—100 milljónir, þegar til samsölunnar kemur. Enn fremur segir þar, að þvottur á flöskum sé ófullkominn, að mjólkin spillist í búðunum vegna skorts á kælingu o. fl. Og niðurstaðan af öllum rannsóknum sérfræðingsins er sú, að ástandið í mjólkursölumálunum sé mjög bágborið og sú vara, er seld er hér til neytenda, sé verulega gölluð. Margir læknar hafa látið í ljós sams konar álit. Sérstaklega hefur ritstjóri „Heilbrigðs lífs“, dr. Gunnlaugur Claessen, ár eftir ár varað við hættunni af ástandinu í mjólkurmálunum. Ég get þessa hér, þegar nú á, þrátt fyrir þessa hörmulegu reynslu, að lögfesta það sama og verið hefur. Það er aðeins um eina úrbót að ræða, og hún er að bæta úr mjólkurskortinum. Það er vissulega þarflegt, en hvað snertir gæði mjólkurinnar er allt eins og áður. Ef til vill er þetta framkvæmdaratriði, en ekki löggjafar. En þar sem framkvæmdin hefur tekizt svo illa sem raun er á, má löggjafinn ekki ganga svo frá þessum málum, að ekki sé tryggt, að neytendur fái betri vöru en verið hefur. Það er eftirtektarvert, að í mjólkurlögunum stendur, að þeim, sem selja mjólk beint til neytenda, sé skylt að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkur, sem tilskilið er í lögum á hverjum tíma. En engin slík ákvæði eru um mjólkursamsöluna. Virðist því, að samsalan eigi að hafa eftirlit með sjálfri sér, eða sé, eins og landlæknir hefur orðað það, ríki í ríkinu.

Ég hef vakið máls á þessu þegar við 1. umr., því að nú er óhjákvæmilegt að setja inn í löggjöfina ákvæði, sem tryggi betur hagsmuni neytenda varðandi heilbrigði og hollustu mjólkurinnar. Ég vænti þess, að fyrir 2. umr. geti orðið viðræður milli mín eða bæjarstjórnar og þeirrar n., sem þetta mál fær til meðferðar, og hæstv. landbrh., og ég treysti því, að um þetta náist samkomulag, áður en frv. verður afgr.

Umr. frestað.

Á 109. fundi í Nd., 10. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Í fundarbyrjun hafði komið fram till. um að bæta málinu á dagskrá, og voru afbrigði um það leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. nr. 589, fari til landbn., sem ég á sæti í. En samt þykir mér ástæða til við þessa umr. að segja fáein orð um þetta mál, og til þess liggja alveg sérstakar ástæður, að ég tel rétt að minnast á þetta mál nokkrum orðum nú þegar.

Í vetur, nokkru fyrir jól, skipaði fyrrv. ráðh. fimm manna nefnd þingmanna, til þess að endurskoða l. um búnaðarráð, sem samþ. voru á síðasta þingi og kunn eru orðin öllum hv. þm. — Það kom brátt í ljós, eftir að þessi n. hafði verið skipuð og fór að starfa, sem ég var formaður í, að ekki gat orðið neitt samkomulag um úrlausn málsins, þar sem sumir nm. gerðu háar kröfur um, að l. um búnaðarráð yrðu afnumin eða að þeim yrði breytt. Varð því úr, að störfum n. var með samkomulagi frestað þar til um það bil sem núverandi hæstv. ríkisstj. tók við sínu starfi. En eftir það hóf n. starf að nýju, og klofnaði þá um málið í þrjá hluta. Í meiri hl. voru hæstv. samgmrh. og núverandi hæstv. atvmrh. og hv. 2. þm. Skagf. Í öðrum minni hlutanum var ég, sem lagði áherzlu á, að búnaðarráðsl., sem kölluð hafa verið, héldust áfram óbreytt. Í hinum minni hl. var svo hv. 8. landsk., Ásmundur Sigurðsson, sem vildi nokkra breyt. á l., en var þó ekki hægt að ná samkomulagi af hans hálfu við meiri hl. n.

Ég leyfi mér nú að líta þannig á, að þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. nr. 589, beri að skoða sem nál. meiri hl. þessarar n., sem ég gat um. Og ég fyrir mitt leyti hef beðið eftir því að fá skýrslu eða álit í einhverri mynd frá þeim hv. meiri hl. n. Ég hef þess vegna ekki skilað neinu

sérstöku áliti fram að þessu og hugsa mér að geyma það, þar til þetta mál kemur til afgreiðslu í landbn. Að hinu leytinu býst ég einnig við, að hv. 8. landsk., sem hefur einnig sérafstöðu um málið samkv. því, sem ég hef tekið fram, geymi að birta sitt álit, þangað til þetta mál — ef það heldur áfram gegnum þessa hv. d., sem ætla má, að það geri í einhverri mynd — kemur til meðferðar í landbn. hv. Ed.

Að þessu sinni skal ég ekki fara mjög langt út í að ræða þetta mál, en þó vil ég víkja nokkuð að þeim aðalatriðum, sem frv. þetta hefur að geyma og frá *mínu sjónarmiði* eru þau grundvallaratriði, sem þetta frv. hefur í sér fólgin.

Í fyrsta lagi eru tekin upp í þetta frv. öll meginatriði mjólkur- og kjötsölul. frá 1935 með þeim breyt., sem á þeim hafa orðið, að öðru leyti en því, sem snertir yfirstjórn þessara mála, sem búið var að breyta, áður en þetta frv. kom fram. Varðandi þennan hluta frv. er það að segja, að þar er ekki um að ræða neina verulega breyt., og að hinu leytinu liggur opið með allan þann ágreining varðandi þessi mál, sem orðið hefur á undanförnum árum út af þeirri löggjöf, og skal ég á þessu stigi ekki neitt út í það mál fara. En þetta frv. felur það í sér að stofna sérstaka n. 9 manna, sem ætlazt er til, að heiti framleiðsluráð landbúnaðarins, og þessi n. á að taka við störfum verðlagsn. landbúnaðarafurða, sem nú starfar, og jafnframt störfum búnaðarráðs. Þessi n. á að hafa með höndum að selja og annast yfirstjórn og sölu, verkun og dreifingu og það, sem kemur til greina með vinnslu á landbúnaðarafurðum. Í sjálfu sér er þetta ekkert annað en að skipta um hlutverk, búa til nýja n. öðruvísi skipaða en þá, sem nú er, til að annast þau hlutverk, sem þar er um að ræða. En sá böggull fylgir skammrifi, að þessi nýja n. á að taka við öllum störfum verðlagsn. öðrum en því að ákveða verðlag á vörunum. Það má hún ekki gera samkvæmt þessu frv., en eins og kunnugt er, er það verðlagsn. landbúnaðarafurða, sem hefur samkvæmt búnaðarráðsl. það hlutverk að ákveða verð á öllum landbúnaðarafurðum. Þessi nýja n. á að hafa framkvæmdina að öðru leyti, og skal ég ekki hér fara út í neinar aths. né spádóma um það, hvort það sé líklegt, að þessi nýja n., eftir því sem hún á að verða skipuð, muni rækja á komandi árum þetta hlutverk betur eða verr en verðlagsn. landbúnaðarafurða hefur gert. Í báðum n., þeirri, sem ætlazt er til, að skipuð verði samkvæmt þessu frv., og hinni, sem starfar samkvæmt gildandi l., eru bændur og bændafulltrúar eingöngu, og þó að ég treysti því fyrir mitt leyti betur að hafa þessi mál í höndum verðlagsn. landbúnaðarafurða, eins og nú er, heldur en að breyta um, þá skal ég ekki fara út í neina spádóma um það, hvort betur muni gefast.

Þá kemur þriðja aðalatriðið, sem felst í þessu frv. Þar er um að ræða gerbreytingu á því, hvernig haga skuli verðlagningu landbúnaðarafurða á komandi árum. Nú væri út af fyrir sig ekkert við því að segja, þó að þessu væri breytt, ef það væri gert á heppilegan hátt, en þar í liggur meginágreiningurinn, sem kom fram á síðasta þingi við meðferð búnaðarmálasjóðsl., sem kom fram í þeirri mþn., sem ég vék að áðan, og enn liggur opinn fyrir og hlýtur að verða í sambandi við afgreiðslu þessa máls hér á þingi. Samkvæmt II. kafla frv. er til þess ætlazt, að það sé byrjað á því að skipa nýja sex manna n. til þess að reyna að finna grundvöll að verðlagningu landbúnaðarafurða, og er sú breyt. gerð frá því, sem var um sex manna n. fyrri, að nú eiga þrír fulltrúar í þessari n. að vera kosnir af stéttarsambandi bænda í stað þess, að áður var það einn fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands, annar forstöðumaður búreikningaskrifstofu ríkisins og þriðji hagstofustjóri. Í öðru lagi er svo til þess ætlazt, að í þessari n. verði þrír fulltrúar neytenda, eins og það er orðað, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn af Landssambandi iðnaðarmanna og einn af Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Nú væri það út af fyrir sig gott, ef maður gæti búizt við, að það yrði fullkomið samkomulag í þessari n., en eins og sakir standa í okkar þjóðmálum, eins og nú er mikið deilt um álit sex manna n. gömlu og þær ráðstafanir, sem hún gerði, þá geri ég mér ekki neinar tyllivonir um, að það komi til greina, að í þessari nýju n. verði nokkurt samkomulag um verðlagningu fyrir allar landbúnaðarafurðir. Það má segja, að það sé nýtt í sambandi við þessa n., að hér er tekið inn í frv., að Sjómannafélag Reykjavíkur skuli tilnefna mann í staðinn fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem átti fulltrúa í n. samkvæmt hinum eldri l. Ég skal taka fram, að það er álit mitt, að það sé sízt að vantreysta í nokkru sjómannastétt landsins umfram það, sem gerist um aðrar stéttir. Þvert á móti treysti ég sjómannastéttinni betur en flestum öðrum stéttum fyrir utan mína stétt, bændastéttina. En ég verð að segja, að ég tel enga ástæðu til að treysta sjómönnum Reykjavíkur betur en öllum öðrum sjómönnum úti um allt land, en hér er það lagt undir Sjómannafélag Reykjavíkur eitt. Í öðru lagi er það, að Sjómannafélag Reykjavíkur er eitt af mörgum félögum í Alþýðusambandi Íslands, en það var ekki Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, ef ég man rétt, en þetta er út af fyrir sig aukaatriði. Í sjálfu sér hef ég ekkert út á það að setja, þó að það sé reynt að setja slíka sex manna n., eins og gert er ráð fyrir í þessum l., en þó vil ég segja, að það ætti að vera þannig, að hennar álit kæmi því aðeins til greina, að hún yrði öll sammála, eins og hér er raunar tekið fram, en að það væri enginn *yfirdómstóll*, sem tæki þar við. Ástæðan til þess, að gamla sex manna n. komst að sameiginlegri niðurstöðu, var sú, og það var skýrt fyrir þeim nm., að annaðhvort yrðu þeir að koma sér saman um verðlagsgrundvöll eða þá að ekkert tillit yrði tekið til þess starfs, sem þeir hefðu með höndum.

Þá kem ég að því höfuðágreiningsefni, sem er í sambandi við þetta mál, en það er það, að ef þessi sex manna n. nær ekki samkomulagi, og ég reikna ekki með, að það verði, eins og nú standa sakir, þá á að koma þriggja manna yfirdómur, sem skeri úr þessu mikla vandamáli, sem eins og sakir standa, er eitt allra mesta vandamál okkar þjóðfélags, eins og nú er komið, og hefur verið það, og þessi dómstóll á að skera úr um verðið. Í honum er ætlazt til, að verði einn maður frá bændastéttinni, annar frá neytendum, ótiltekið, hvernig hann skuli kosinn, og þriðji hagstofustjóri. Nú má reikna með, að ekki verði samkomulag í þessari sex manna n., og eins geri ég ráð fyrir, að ekki verði frekar samkomulag milli þeirra sér-

stöku fulltrúa, sem kosnir eru annar frá neytendum, en hinn frá framleiðendum í þennan gerðardómstól. Og þá verður endirinn sá, að verðlagsmál landbúnaðarins verða í hendi eins embættismanns, hagstofustjórans í Reykjavík. Að vísu er núverandi hagstofustjóri alkunnur heiðursmaður og ekki nema gott um það að segja, að sú persóna hafi þetta vald. En hluturinn er sá, að ég fyrir mitt leyti vil ekki leggja þetta vald í hendur eins manns. Hér er í rauninni verið að snúa inn á þá leið, sem farin var á því tímabili, sem kjötverðlagsn. og mjólkurverðlagsn. voru starfandi, en það var að skipa menn frá samtökum neytenda og frá framleiðendum og einn oddamann, sem var skipaður af þáverandi ríkisstj., og það var sá oddamaður, sem hafði valdið yfir því, hvaða verðlag bændur landsins fengu fyrir sínar vörur. Á þeim tíma gekk það svo, að þeim atvinnuvegi var haldið í kreppuástandi.

Það má kannske segja, að það séu mjög breyttar ástæður, sem mætti kannske ætla, að hefðu breytt afstöðu minni hvað búnaðarráð snertir, vegna þeirrar breyt., sem orðið hefur á ríkisstj., síðan þau l. voru sett. Ég skal ekki leyna því, að ég treysti hæstv. fyrrv. landbrh. betur en þeim hæstv. ráðh., sem nú skipar það sæti, og það hefur farið nokkurt orð af því, að ég treysti henni ekki og bæri ekki meira traust til framsóknarmanna en góðu hófi gegnir. En þó er það svo, að ég ber svo mikið traust til hæstv. núverandi landbrh., að ég vil heldur eiga það undir honum að skipa 25 bændur og bændafulltrúa í búnaðarráð, þegar það á að skipa næst, heldur en að gerbreyta því fyrirkomulagi, sem hér er um að ræða, og leggja þetta mikla vald í hendur eins embættismanns í Reykjavík, eins og auðsjáanlega er gert með þessum l. Og það verð ég að segja, að þeir hv. þm. úr Framsfl., sem mest hömuðust hér í fyrra gegn búnaðarráðsl. og höfðu það helzt út á þau að setja, að valdið yfir þessum málum væri ekki í höndum bænda, hafa nú tekið nokkuð mikið skref aftur á bak, því að með þessu frv. hér er valdið tekið úr höndum bænda og sett í hendur eins einasta manns, sem á að hafa yfirstjórn og úrslitavald um það, hvaða verðlag á komandi árum á að vera á afurðum bænda landsins.

Þetta eru þau aðalatriði, sem mér virðist þetta mál hafa að geyma, og ég sé ekki á þessu stigi ástæðu til að fara mörgum orðum um ýmislegt af því, sem hæstv. landbrh. flutti í sinni ræðu hér í gær, enda þótt ég hafi ýmislegt við það að athuga, sem þar kom fram. En í þessum orðum, sem ég hef hér flutt, er markaður sá ágreiningur, sem er milli mín og annarra aðila, sem standa að þessu frv., og í sambandi við þetta mál. Síðar mun ég svo gera nánari grein fyrir því, þegar það kemur til afgreiðslu í landbn., hvaða nánari og fleiri orsakir liggja til þess, að ég get ekki með nokkru móti lið þessu frv. mitt fylgi í þeirri mynd, sem það hefur nú.

Umr. frestað.

Á 111. fundi í Nd., 11. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vildi fara nokkrum orðum um ræður þeirra tveggja hv. þm., sem tekið hafa hér til máls, síðan ég flutti framsöguræðu mína, þ. e. hv. þm. A-Húnv. (JPálm) og hv. þm. Snæf. (GTh).

Hv. þm. A-Húnv. byrjaði á því að minnast ofurlitið á n. þá, er fyrrv. ríkisstj. skipaði til endurskoðunar á núgildandi búnaðarráðsl., og gat þess, að n. hefði ekki skilað áliti, en hins vegar er ég ekki sammála honum um það, að það hafi legið fyrir á neinn ákveðinn hátt, að n. hafi klofnað. Gangur þessa máls var þannig, að n. var kölluð saman til fyrsta fundar nokkru fyrir jól, en eftir það var hún ekki kölluð saman til fundar, fyrr en núverandi ríkisstj. var mynduð. Þá var það, sem hv. þm. A-Húnv. boðaði til fundar í n. Það, sem hafði gerzt í millitíðinni, sem enginn fundur var haldinn, var það, að þingflokkarnir, sem standa að núverandi ríkisstj., höfðu tekizt á hendur að leysa það mál, sem n. hafði verið fengið til athugunar, þannig að í stjórnarsamningnum var gengið frá ákveðnu fyrirkomulagi í þessum efnum, sem nú liggur hér fyrir í frv.-formi. Þegar svo var komið, taldi ég ekki, að hin fyrrnefnda n. hefði neitt verkefni með höndum annað en það að semja frv. á grundvelli þess, sem þá þegar hafði verið ákveðið af þeim flokkum, sem nú standa að ríkisstj., ef hún vildi taka það að sér, og afgreiða það þannig í aðalatriðum. Þetta féllust hv. nm. ekki á, þ. á m. form. n., hv. þm. A-Húnv., og hafa allir nm. lýst því yfir, að þeir álitu, að verkefni þessarar n. væri úr sögunni, og að því loknu leysti ég sem landbrh. n. upp. Það lá ekki fyrir neitt álit frá einstökum meðlimum n., sem hægt er að vitna í, en það kom greinilega í ljós, að þar var ágreiningur um niðurstöðu málsins. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er því ekki neitt nál. frá meiri hl. n., heldur er það ný hlið á málinu, sem tekin var upp og rædd var til lykta við samninga um stjórnarmyndun, og hefur verið samið að tilhlutan núverandi ríkisstj. á þeim línum, sem þá voru lagðar.

Hv. þm. A-Húnv. fór ýmsum orðum um þetta frv. og þótti það að ýmsu leyti stig aftur á bak. Að vísu hafði hann ekki sérstaklega mikið við I. kafla þess að athuga, þar sem ákveðið er, að stéttarsamband bænda taki við þessum málum, en lét samt í ljós það álit sitt, að hann teldi, að núverandi skipan væri í alla staði heppileg. Ég get vel skilið, að hv. þm. hafi litið svo á, að á meðan sá maður væri í sæti landbrh., sem setti þessi l. — og sem ég veit, að hann treysti á allan hátt til þess að fara með þessi mál, að hann vildi heldur hafa þessi mál í þeim farvegi, sem þau eru, meðan þau voru í höndum hans, en hann veit, að þetta sæti landbrh. er býsna ótryggt, og ég held, að hann hafi breytt um skoðun um ágæti þessa fyrirkomulags, síðan jafnvondur maður kom í þetta sæti eins og nú er þar, þótt mér gæti jafnvel dottið í hug, að í það gæti komið enn verri maður til þess að fara með þessi mál. Ég held, að þetta fyrirkomulag byggist of mikið á trausti manna á landbrh., hvernig hann fer með þessi mál, til þess að unnt sé að hlíta því til frambúðar fyrir bændur landsins. Við hljótum að vera sammála um það, að það sé í sjálfu sér eðlilegra og réttast að bændur fari með þessi mál, þegar þeir hafa skapað sér til þess félagsleg skilyrði, eins og ég verð að telja, að íslenzkir bændur hafi nú þegar gert. Ég held því, að við verðum að viðurkenna, að til frambúðar sé öruggast, að þeir menn, sem mest eiga undir framkvæmd þessara mála, þeir

fari sem mest sjálfir með framkvæmd þeirra, og geta þeir þá ekki öðrum um kennt en sjálfum þeim, ef illa fer, og að réttmætast sé, að bændastéttin hafi eins og aðrar stéttir sem mest yfirráð yfir sínum hagsmunamálum. — Hitt atriðið, sem hv. þm. hafði mest við að athuga, kemur fram í II. kafla frv., og taldi hann, að með honum væri tekið skref aftur á bak frá því, sem verið hefur. Hann óttaðist það fyrst og fremst, að útilokað væri, að samkomulag gæti orðið milli þeirrar 6 manna n., sem á að leita að hinu rétta verði landbúnaðarafurða, og skil ég ekki, á hverju þessi vantrú byggist. Þegar 6 manna n. var skipuð hér á árunum, voru margir, sem töldu útilokað, að hún mundi geta komið sér saman, en niðurstaðan af starfi hennar varð þó sú, að hún varð sammála í öllum aðalatriðum, og þó að hér sé gert ráð fyrir því, að yfirdómur falli um þessi mál, ef n. yrði ekki sammála, þá tel ég engu minni ástæðu fyrir nm. að leggja sig í líma til að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Ef n. kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu, þá kemur til kasta yfirn., og það er sú n., sem er þyrnir í augum hv. þm., og telur hann, að með þessu sé stigið spor aftur á bak frá því, sem nú er, og horfið til þess gamla fyrirkomulags, þegar hin stjórnskipaða n. fór með afurðasölumálin. Sagði hann, að með þessu væri verið að taka valdið úr höndum bænda og leggja það í hendur eins embættismanns, og átti hann þar við oddamann n. Tel ég, að fullyrðingar hans byggist á mjög skökkum forsendum. Eins og gamla afurðasölun. var skipuð, hafði hún fullkomið vald til þess að ráða þessum málum til lykta, var þar hinn æðsti dómur, og má segja, að þar hafi hinn stjórnskipaði oddamaður verið yfirdómarinn. Hér gegnir hins vegar öðru máli, því að í þessu frv. er lagður grundvöllur að því, hvernig n. eigi að vinna. Henni er fyrirskipað að haga afurðaverði bænda þannig, að þeir beri úr býtum fyrir afurðir sínar sem næst því, sem aðrar vinnandi stéttir þjóðarinnar beri úr býtum fyrir vinnu sína á hverjum tíma. Hér er ekki um venjulega samninga að ræða eins og á milli vinnuveitenda og launþega, þegar þeir semja um kaup og kjör, heldur er því hér slegið föstu, að bændum beri það verð fyrir sína vöru, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fyrir vinnu sína, og þeirri n., sem á að fara með framkvæmd þessara mála, eru hér gefnar forsendur fyrir nokkuð þungu reikningsdæmi, sem hún á að leysa. Bændum er hér ekki gefinn réttur til að standa í fararbroddi í hagsmunabaráttu stéttanna á Íslandi. Þeim er afsalaður sá réttur með þessari löggjöf, en þeim á um leið að vera tryggt, að þeir beri hið sama úr býtum sem aðrar stéttir á hverjum tíma, og ef aðrar stéttir bæta sín kjör, koma bændur á eftir samkv. þessum l., ef frv. verður að l., og ef kjör annarra stétta verða rýrð, verða bændur einnig að sætta sig við slíkt.

En þeim er tryggður sami réttur og öðrum stéttum, og er það réttlátt og sjálfsagt og nauðsynlegt, að slíkt haldi áfram. Þá er heldur ekki óeðlilegt, að ef þeim mönnum, sem ráðstafa eiga þessum málum, tekst ekki að ná samkomulagi, þá sé þeim mönnum, sem mesta sérþekkingu hafa á þessum málum, falið að skera úr ágreiningsatriðunum, og reynt sé að tryggja, að fram komi sem bezt þekking á kjörum atvinnustéttanna í bæjunum og einnig bændanna. Meðal þessara manna eru tveir færustu sérfræðingar landsins í þessum efnum, hagstofustjórinn og forstjóri búreikningaskrifstofu ríkisins. Þessir menn athuga þau kjör, sem um er að ræða, og reikna svo afurðaverðið í samræmi við það. Beri svo á milli, að finna verði leið til að láta endana ná saman, þá er rétt og eðlilegt, að það verk sé unnið af sérfræðingum. Og í stað þess að segja eins og hv. þm., að það sé verið að taka valdið af bændum, þá er verið að taka það af stjórnskipaðri nefnd og ákveða í löggjöf, hver það skuli vera, og það í samræmi við óskir yfirgnæfandi meiri hluta bænda. Síðan 6 manna nefndar álitið gamla kom, hefur það verið einróma krafa íslenzkra bænda, að verð afurðanna verði svo ákveðið. Ekki svo að skilja, að bændunum hafi verið sýnd nein ofrausn, en þeir sættu sig við það, því að þarna var lausn á deilumáli, sem allir voru orðnir leiðir á og enginn grundvöllur fannst fyrir. Það mun því óhætt að segja, að á bak við þessa ráðstöfun standi mikill meiri hluti íslenzkra bænda. Þeir hafa að vísu farið fram á það allt síðan 6 manna nefndar verðið var útreiknað, að fá verðlagsmálin í sínar hendur, en einungis til þess að framfylgja 6 manna nefndar verðinu. Það kemur því í sama stað niður, hvort farið er svo að, sem hér er gert ráð fyrir, eða bændurnir fengju þessi mál sjálfir. Það mun verða farið eftir þeim grundvelli, sem réttlátastur er og sjálfsagður. Ég skal svo ekki fara mikið lengra út í þetta atriði.

Hv. þm. taldi óheppilegt, að Sjómannafélag Reykjavíkur ætti mann í þessari n. Ég skal viðurkenna, að það skýtur nokkuð skökku við, þar sem fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna eru frá samtökum launastéttanna. En ríkisstj. þótti rétt, að í þessari n. kæmu fram hrein sjómannasjónarmið, og þar sem ekki eru til nein samtök sjómanna, sem ná um allt land, þá þótti rétt, að Sjómannafélag Reykjavíkur tilnefndi þennan fulltrúa sem stærsta sjómannafélagið.

Ég skal þá snúa mér að ræðu hv. þm. Snæf. Hv. þm. ræddi aðallega um það, hve mikið sleifarlag væri á mjólkurmálunum hér í Reykjavík, og taldi, að sama ófremdarástandið ríkti hér enn og hefði verið frá upphafi, er óánægjan reis hæst út af þessum málum. Þessar raddir hafa stöðugt heyrzt, og hefur manni stundum virzt, að meir væri það vani en bein ástæða væri til. Ég veit það mæta vel, að margt er öðruvísi í þessum málum en vera ætti, og mun hv. alþm. vera kunnugt um það, hvílíkir erfiðleikar hafa verið á því undanfarið að koma upp nýjum vélum og byggingum, sem þurft hefði í samræmi við hinn geipilega vöxt mjólkurneyzlunnar í bænum, en þeir erfiðleikar eru aðalorsök þessa ástands. Mjólkurmagnið er nú orðið tvö- til þrefalt við það, sem var, og því miklir erfiðleikar á afgreiðslu þess í sama húsrúmi sem áður var ekki of mikið. Á stríðstímanum og eftir styrjöldina var það miklum erfiðleikum bundið að fá þær vélar, sem til þurfti, og koma þeim í gott horf, og verð ég þó að álíta, að flest hafi verið gert til að flýta fyrir framkvæmdum. Ég fékk sem landbrh. senda ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur varðandi þessi mál. Ég setti mig þá í samband við mjólkursamsöluna til að fá vitneskju um það, hvað liði þeim framkvæmdum, sem fyrir dyrum stæðu. Ég hef nú fengið bráðabirgðaskýrslu

frá mjólkursamsölunni, og vil ég nú drepa á nokkur atriði, sem eru færð fram til — ég vil segja — mjög réttmætrar afsökunar.

Í fyrsta lagi segja þeir, að skýrsla Sigurðar Péturssonar gerlafræðings, sem á að sýna ástandið í mjólkurmálunum og bæjarstjórnin vísar til, sé ekki alls kostar óhlutdræg. M. a. geta þeir þess, að flestar athuganirnar á gæðum mjólkurinnar hafi verið gerðar yfir heitustu mánuðina og þá sé meiri gerlagróður í mjólkinni en ella og svo sé mjólkin dæmd eftir því fyrir allt árið. Af 44 dögum, sem þessi athugun var gerð, voru 29 á heitustu mánuðunum, en 15 yfir vetrarmánuðina. 149 sýnishorn voru tekin yfir sumarmánuðina, þegar hitinn var mestur, en 68 yfir vetrarmánuðina, og gefur þetta ekki rétta heildarmynd af gæðum mjólkurinnar allt árið. Svo hafa sýnishornin verið tekin úr brúsunum án þess að kæla þau. Þau voru látin í lítil glös, sem hafa hitnað mikið á leiðinni, svo að gerlagróður hefur getað aukizt mikið, frá því að prufan var tekin, til þess að hún var rannsökuð, þegar ekki var sami hiti í glösunum og brúsunum.

Þá kemur löng lýsing á því, hvernig það hefur gengið að ná í þá varahluta og þær vélar til endurbóta á meðferð mjólkurinnar, sem staðið hefur til. Þetta er of langt til að lesa það allt, en kafla úr henni ætla ég að lesa, með leyfi hæstv. forseta, þar segir svo:

„Í júlí 1946 komu fyrstu vélarnar í mjólkurstöðina og M. B. F. til landsins. Síðan hafa þær komið smátt og smátt þangað til í febrúar s. l., að flutningur þeirra stöðvaðist vegna ísa og snjóa í Danmörku. Flestar vélarnar eru komnar hingað. Nokkrar eru tilbúnar í Danmörku og koma væntanlega með næstu ferðum. Verst hefur gengið að fá flöskuþvotta- og áfyllingarvélar. Pantaðar voru tvær samstæður af vélum þessum, sem hver afkastaði 5—6 þús. flöskum á klst. Þegar sýnt var, að afgreiðsla þessara véla mundi dragast lengur en upphaflega var gert ráð fyrir, var tilboða í þær einnig leitað í Englandi í von um, að þær fengjust fljótar þar. En árangur varð enginn af þeim umleitunum. Nýlega hefur verksmiðjan þó lofað að afgreiða aðra samstæðuna í maí n. k., og er þess vænzt, að það loforð verði ekki svikið. Hún er nógu afkastamikil til þess, að stöðin getur fyrst um sinn starfað með henni einni.

Á s. l. sumri voru verksmiðjurnar heimsóttar *fjórum sinnum, fylgzt með framleiðslunni og rekið eftir.* Hefur allt verið gert, sem hægt er, til að hafa áhrif á það, að vélarnar yrðu afgreiddar sem fyrst.

Skömmu eftir áramótin komu hingað þrír menn frá verksmiðjunum — einn verkfræðingur og tveir vélsmiðir — til að setja vélarnar niður. Byrjað var á því að setja nýja gerilsneyðingarvél í gömlu stöðina, ásamt tveimur vélum er hreinsa mjólkina, áður en hún er gerilsneydd. Hafa slíkar vélar ekki verið notaðar hér áður. Þessu verki er lokið fyrir nokkru. Er þá aðstaðan í gömlu stöðinni stórum bætt, enda þótt mikið skorti á, meðan ekki er hægt að selja mjólkina á flöskum.

Síðan hafa vélar verið settar niður í M. B. F., og eru þær meðal annars miðaðar við það, að hægt sé að fara sem bezt með neyzlumjólkina. Verður öll mjólk kæld þar vel, strax og hún kemur, og afköst mjólkurbúsins aukin svo, að ekki þurfi að hafa flutningum mjólkurinnar eftir þeim, en hægt sé að sækja mjólkina, þegar hentar, með tilliti til þess að fá hana sem bezta. Umbótinni á M. B. F. verður að mestu lokið í vor. Tankbílar hafa verið pantaðir til flutninga frá mjólkurbúum til Reykjavíkur. Eru þeir einangraðir svo, að mjólkin hvorki frýs né hitnar í þeim á leiðinni.

Í næstu viku verður byrjað á að setja niður vélar í nýju stöðina. Hvenær því verður lokið, er erfitt að segja með vissu, en vonir standa til, að stöðin verði fullgerð fyrir næstu áramót. En eins og sakir standa, er ekki hægt að nota stöðina, þótt hún hefði verið fullgerð, sökum skorts á rafmagni. Nýja stöðin krefst mjög mikils vatns til gufuframleiðslu til að þvo úr mjólkurbrúsa og flöskur og til annars hreinlætis auk vatns á kælivélar. Til þrifnaðar og sparnaðar var horfið að því að framleiða gufuna með rafmagni. Nægilegt rafmagn fæst ekki, fyrr en nýja rafstöðin við Elliðaárnar tekur til starfa.

Endurbætur á M. S. B. munu verða framkvæmdar í haust eða á næsta vetri.

Mjólkurbúin prófa vikulega þá mjólk, sem þau taka á móti, nema þegar frost hindra, að það sé hægt. Þriðja flokks mjólkin hefur verið verðfelld um 15 aura hvert kg., en fjórða flokks mjólkin 20 aura kg. Verðfelld er öll mjólk, sem framleiðandinn sendir eftir vikuna. Mjólk, sem sést eða finnst á, að skemmd er orðin, þegar hún kemur til mjólkurbúsins, er endursend. Stundum verður einnig um lengri eða skemmri tíma að hætta að taka á móti mjólk frá framleiðendum, sem hvað eftir annað senda vonda mjólk."

Ég læt þessa grg. nægja, hún sannar ekkert um það, að ekki sé hinu og öðru ábótavant í meðferð mjólkurinnar, en sýnir, að það er fullkominn vilji að bæta úr þessu af hendi þeirra aðila, sem um þetta fjalla, og að framkvæmdum er hraðað svo sem unnt er, og mun sumum þeirra verða það langt komið á þessu sumri, að vænta má mikilla breytinga til bóta í meðferð og gæðum mjólkurinnar, og ég tel, að treysta megi því, sem hér stendur, að allt verði gert, sem unnt er, til að hraða þessum málum svo sem nauðsynlegt er.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það var út af ummælum hæstv. atvmrh. bæði nú í þessari ræðu og áður um skipun þessa ráðs, sem á að taka ákvörðun um verð landbúnaðarafurða. Það er gert ráð fyrir, að þetta verði 6 menn, og eru 3 tilnefndir af stjórn stéttarsambands bænda, einn af Alþýðusambandi Íslands, einn af Landssambandi iðnaðarmanna og einn af Sjómannafélagi Reykjavíkur. Ég verð nú að segja það, að þessi skipun er næsta einkennileg, og ég skil ekki, hvað fyrir ríkisstj. vakir með þessari skipun ráðsins af hendi neytenda. Ég get ekki séð neina brú í þessu, nema þarna eigi að skipa eftir flokkum, þannig að Alþýðusambandið tilnefni sósíalista, Iðnaðarsambandið sjálfstæðismann og Sjómannafélagið alþýðuflokksmann. Þetta Landssamband iðnaðarmanna er ekki stéttarfélag, heldur atvinnufélag meistara og tiltölulega fámenn samtök áhugamanna. Ef það er nú svo, að meiningin sé að skipa eftir flokkum, þá er það ákaflega misráðið. Þessi hugsun, að koma á samkomulagi milli framleiðenda og neytenda um verð á landbúnaðarvörum, verður að byggjast á því, að ekki flokkarnir, heldur stéttarsamtökin

komi sér saman um það, t. d. stéttarsamband bænda og stéttarsamtök launþega. Ég býst við, að hæstv. atvmrh. hefði ekki getað fundið landssamband, þótt hann leitaði með logandi ljósi, sem vildi tilnefna alþýðuflokksmann í nefndina, og því gripið til þess í vandræðum sínum að láta félag í Reykjavík skipa manninn til að fylla upp í allt kramið, en slík ráðstöfun er áreiðanlega mjög misráðin, en öðruvísi verður þetta ekki skilið, að láta sjómannafélagið skipa þarna einn manninn.

Hæstv. ráðh. lagði áherzlu á það, að bændur vildu viðhalda kerfi 6 manna nefndar álitsins, sem alþýðusamtökin féllust á á sínum tíma og sýndu með því, að þau höfðu áhuga á öllu öðru en því að vilja eiga í deilum við bændur eða veikja kost þeirra, enda vildu þau mikið á sig leggja til samkomulags. En ef ný 6 manna nefnd á að fjalla um þessi mál, nefnd, sem ekki er skipuð á stéttarlegum grundvelli, heldur eftir flokkssjónarmiðum, þá getur hæstv. ráðh. verið viss um, að hún ber ekki tilætlaðan árangur, því að frá svona nefnd kemur ekkert það, sem launþegarnir taka mark á.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði þótt rétt, að hrein sjómannasjónarmið kæmu fram, og með því á að réttlæta þennan þátt Sjómannafélags Reykjavíkur. En Sjómannafélag Reykjavíkur er í Alþýðusambandinu, eins og öll önnur sjómannafélög á landinu, og víða eru sameiginleg félög sjómanna og verkamanna, og þessi félög eru í Alþýðusambandinu. Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri til landssamband sjómanna. Hver er meiningin með þessu? Er það kannske meiningin að ýta undir sjómannafélagið til að stofna landssamband og kljúfa með því Alþýðusambandið? Er þetta kannske byrjunin á því verki? Ef svo er, þá er það ekki í samræmi við hagsmuni bænda. Eftir þeirri reynslu, sem bændur hafa haft af 6 manna nefndinni, þá ættu þeir ekki að reyna að kljúfa alþýðusamtökin, það kemur úr hörðustu átt.

Sjómannafélag Reykjavíkur er ekkert sérstakt verkalýðsfélag, heldur er það félag, sem er innan Alþýðusambandsins. Hins vegar vita allir, hvernig er lagað með stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur. Kosningafyrirkomulagið er þar svo úrelt, að það hefur fram að þessu verið útilokað fyrir sjómennina sjálfa að taka stjórnina í sínar hendur. Það er kosin sérstök undirbúningsn. á fundi félagsins, sem stillir svo upp 3 mönnum — aðra menn er ekki hægt að kjósa —, og þeir, sem ekki geta haft áhrif á þessa n., geta ekki haft áhrif á kosninguna. Síðan boðar stjórnin til fundar, þegar sjómenn eru ekki við, svo að á þessa fundi koma aðallega landmenn og gamlir sjómenn, sem ekki eru starfandi sjómenn. Á þessu byggist lýðræði þeirrar forustu, sem nú er í Sjómannafélagi Reykjavíkur. Ég held, að það sé ekki ástæða til þess að vera að fela sig á bak við nafn Sjómannafélags Reykjavíkur. Ég held, að það hefði þá verið miklu betra, að Alþfl. hefði haft einn mann í þessari n. Það hefði verið fullt svo viðkunnanlegt að taka það skýrt fram.

Ef svo er, að þarna eigi að vera að ræða um stéttarsamtök bænda og samtök með þeim og verkalýðnum, þá er þetta skökk leið. Eðlilegast væri að Alþýðusamband Íslands tilnefndi 2 menn, en samband starfsmanna ríkis og bæja 1 mann. Og það er beinlínis í samræmi við hagsmuni bænda, að fulltrúar þeirra hér á Alþ. beiti sér fyrir því, en séu ekki að koma upp stofnun til þess að ráða verðlagi og til þess að reyna að kljúfa samtök verkalýðsins í landinu. Ég vona, að bændur sjái í gegnum svona brögð hjá ríkisstj.

Þá er annað atriði, sem ég vildi gjarnan koma inn á í sambandi við 18. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að dreifing og sala mjólkur sé í höndum bænda. Ég held, að þetta sé stórfelldur misskilningur frá sjónarmiði bænda. Hvaða vit er í því fyrir bændur að vera að skapa óánægju í þeirra garð og tortryggni, sem alveg getur orðið fyrir mistök við dreifingu mjólkur? Hvers vegna vilja þeir ekki selja mjólkina til bæjanna og láta bæjarbúa sjálfa annast þessa dreifingu? Það er ekki vafi á því, að ýmis slóðaskapur og mistök, sem hafa orðið á rekstri samsölunnar í Reykjavík, sem ég ætla ekki að fara neitt út í hér, hefur orðið til þess að torvelda mikið samstarf neytenda og bænda, og svo mun verða í framtíðinni, og ef á að verða samkomulag um verð á þessum mjólkurafurðum, þá verður að breyta þessu fyrirkomulagi. En það er náttúrlega það, sem Framsfl. telur sér alveg nauðsynlegt, að geta ráðið fyrir fyrirtæki hér í Reykjavík eins og mjólkursamsölunni. Þetta fyrirtæki er náttúrlega einstaklega vel til þess fallið að gera það að pólitísku valdatæki, ef það er notað á þann hátt. En Framsfl. hefur með því skaðað umbjóðendur sína mikið með því að leggja svona mikið upp úr þessu pólitíska tæki. En það er í alla staði betra fyrir bændur, að dreifing mjólkurinnar væri í höndum neytendanna sjálfra, svo að þeir geti ekki aðra ásakað en sjálfa sig, ef illa tekst til með dreifinguna.

Ég vil aðeins beina því til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að taka þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar. Ég álít æskilegast, að neytendur hafi þetta í sínum höndum, og það tel ég líka bezt fyrir bændur. En ef ekki næst samkomulag um þetta, þá verði það athugað, hvort ekki er hægt að skipta þessu meira á milli neytenda og bænda.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að bæta nokkrum orðum við það, sem ég sagði hér í gær, í tilefni af ræðu hæstv. atvmrh.

Hæstv. ráðh. byrjaði á því í sinni ræðu að neita því, að frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 589, væri nál. frá meiri hl. í n. Og út af fyrir sig er það rétt hjá hæstv. ráðh., að það kemur ekki fram sem nál. Hinu neitaði hann ekki, sem ég vildi halda hér fram í gær, að það bæri að skoða það sem nál., af því að það væri samið af þessum sömu mönnum og af því að það kæmi fram í þessu frv. álit þeirra manna á málinu og útfærsla á þessum lið í samvinnu við ríkisstj. Ég lýsti mig með öllu ófáanlegan til þess að samþykkja þennan lið að stjórnarsamningnum. Og hef ég þess vegna frá því sjónarmiði haft óbundnar hendur um það atriði. Hæstv. atvmrh. sagði, að hann hefði eiginlega búizt við því, að ég hefði mjög breytt um skoðun á búnaðarráðsl., þegar í sæti landbrh. væri kominn svo vondur maður að mínu áliti sem hann væri. En mér skilst að þessi skoðanaskipti verði honum vonbrigði. En hvað sem því líður, þá mundi ég aldrei segja, að hæstv. atvmrh. væri vondur maður. Hitt er annað mál, að þær skoðanir og sú stefna, sem hæstv. ráðh. vinnur fyrir eða hefur staðið að, sé vond. Það er tvennt ólíkt. Og þó að ég skoði hæstv. ráðh. sem minn pólitíska andstæðing, þá treysti ég honum nú svo vel, að ég

vil heldur, eins og ég lýsti hér yfir í gær, láta hann skipa ráð 25 bænda til þess að stjórna þessum málum en hlaupa svo langt aftur á bak eins og ég tel, að sé gert með þessu frv.

Hæstv. ráðh. tók það fram, að það yrði að vera svo, að bændur gætu ekki kennt neinum öðrum en sér um, ef illa færi um sölu á þeirra vörum. Það er að vísu dálítið rétt í þessu, að ef bændur hefðu varðandi sölu á sínum vörum ekki á neitt annað að treysta en markaði innan lands og utan, þá væri þetta rétt. En nú er ekki til að dreifa að svo sé, vegna þess að bændastéttin er komin í þá aðstöðu, að hún verður að mjög miklu leyti að treysta á fjárhag ríkisins til þess að tryggja sölu sinna afurða. Þess vegna og einmitt þess vegna yrði það eðlilegt, að það sé samband á milli ráðandi ríkisstj. á hverjum tíma og þeirra bændafulltrúa, sem eiga að fara með yfirstjórn þeirra mála. Það er þess vegna ekki neinum vafa undirorpið, að með þessu frv. er verið að taka valdið úr höndum bænda, að því er verðlagið snertir, og kasta því í hendur þriggja manna nefndar, því að ég sný ekki frá því, að sú sex manna n., sem sett yrði, eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv., mundi, eins og nú stendur á í okkar þjóðfélagi, ekki hafa neinar líkur til þess að fá úrlausn með því, að þar yrðu allir nm. á eitt sáttir. Og mátti heyra nokkrar líkur fyrir því á ræðu hv. þm. Siglf.

Nú var það þó svo, að í mþn. lýsti ég því yfir, að ég væri til í það, og það tilboð stendur enn, að vera með í því að setja inn í búnaðarráðsl. ákvæði um að skipa sex manna n., sem ég mundi vilja skipa með nokkuð öðrum hætti en þessi er, til þess að endurskoða sex manna nefndarálitið, og það væri ákveðið, að ef hún yrði á eitt sátt, þá gilti það og verðlagið yrði látið fara eftir því, annars yrði ekki mark á því tekið og verðlagsn. yrði að fara sínu fram.

Hæstv. ráðh. sagði, að hér væri allt öðru máli að gegna en hefði verið á þeim tímum, þegar kjöt- og mjólkurverðlagsn. störfuðu, vegna þess að þeir hefðu ekki haft neinar formúlur að fara eftir með sitt verðlag, en nú væri ákveðið samkvæmt þessu frv., að sú n., sem á að ákveða verðgrundvöll, yrði að fara eftir þeim formúlum, að bændur hefðu álíka tekjur og aðrar vinnandi stéttir í landinu. Ég hafði nú ætlað það — og það kom a. m. k. fram í umr., þó að það sé ekki greinilega tekið fram í afurðasölul. — og það hafa víst flestir ætlað, að bændum væru ekki sköpuð verri kjör en öðrum í landinu. En framkvæmd á þeim l. var slík, að bændum voru í framkvæmdinni sköpuð verri kjör en öðrum stéttum þá í landinu, og það var gert af þeim stjórnskipuðu fulltrúum, sem réðu verðinu á þeim tíma fram að 1942. En þá skipti mjög mikið um, af því að mannaskipti urðu í nefndinni.

Nú er það svo, eins og allir vita, að það er svo breytileg aðstaða á allan hátt fyrir hina einstöku bændur landsins, að það verður alltaf meira og minna álitamál, hvernig á að finna meðaltal út úr því, hvað sé sambærilegt við aðrar vinnandi stéttir landsins. Og þó að það sé rétt, að bændastéttin hafi yfirleitt verið ánægð með þá útkomu, sem varð á sex manna nefndar álitinu, þá féllu þó l. úr gildi strax næsta haust. Þess vegna hefur verið, síðan búnaðarráðsl. voru sett, reynt að fara inn á þær leiðir og reynt að tryggja bændastéttinni svo hátt verð og öryggi fyrir sínar vörur eins og kostur hefur verið. En út í það skal ég ekki fara nánar. En frá því sný ég ekki, sem ég hélt fram hér í gær, því að það er augljóst mál, að með þessu frv. er verðlagsvaldið lagt í hendur eins embættismanns hér í Reykjavík, hagstofustjóra.

Nú veit ég ekki, hvort ríkisstj. hefur kynnt sér, hvort hagstofustjóri vill taka við þessu starfi, sem hér er um að ræða, því að þetta er eitthvert hið vandasamasta starf vegna þess, hve það hefur mikil áhrif á fjármál okkar lands. En þótt hagstofustjóri fengist til þess að taka við þessu starfi, þá vil ég ekki eiga neinn hlut í því að setja þau l., sem verða til þess að leggja þetta vald yfir svo miklum hluta af fjármálum landsins í hendur eins manns, vegna þess að líkurnar eru svo ákaflega litlar, eins og nú standa sakir, til þess að samkomulag verði með þeim mönnum, sem þarna eiga að semja.

Nú er það svo, að búnaðarráðsl. eru þannig til komin, eins og kunnugt er, að stjórnarflokkarnir sömdu um það að afgreiða á þennan hátt þetta vandasama mál. Og ég verð að segja, að þeir flokkar eða þeirra fulltrúar sýndu í því ákaflega mikið viðsýni gagnvart bændum þessa lands. Tímamenn hafa nokkuð oft kallað þessa þrjá flokka, Sjálfstfl., Sósfl. og Alþfl., bæjarflokka. Að því leyti er það rétt, að verkalýðsflokkarnir hafa sitt fylgi að mestu leyti í bæjum og kaupstöðum landsins. Og hvað Sjálfstfl. snertir, hafði hann um 26 þús. atkv. samkv. síðustu kosningum, og töluverður meiri hl. þess atkvæðamagns var úr bæjum og þorpum. Og þegar þessir þrír flokkar sýna það viðsýni að leggja verðlagið, sem hér er þýðingarmesta vandamál bændastéttarinnar, í hendur bændanna sjálfra, þá er það samningur, sem er heimskulegra en allt annað fyrir fulltrúa bændanna að rifta. Þess vegna er það svo, að hæstv. atvmrh., sem er formaður Búnaðarfélagsins, og ber því að skoða hann sem fulltrúa bændanna — hann hefur látið hlunnfara sig mjög í þessu tilfelli. Og ég held, að hann mætti vera mér og öðrum þm. þakklátur fyrir það, ef við gætum orkað því, að þetta frv. dagaði uppi hér á þingi eða yrði fellt, og sérstaklega vegna þess, að nú hefur hann í sinni hendi það æskilega vald, sem hann og hans flokkur öfunduðu fyrrv. landbrh. svo mjög af, að fá að skipa 25 bændur í búnaðarráð til þess að leysa úr þessum málum.

Í stuttu máli sagt er mín afstaða þannig, að ég mun gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að þetta frv. verði samþ. Og ég vona, að ég geri hæstv. atvmrh. þægt verk með því. Hitt er ég alveg viss um, að bændastétt landsins er það til ills frá því, sem nú er, að sú breyting, sem lagt er til hér, að verði gerð með þessu frv., verði samþ., því að frv. er í öllum atriðum spor aftur á bak, en ekki áfram. Í frv. er ekkert atriði, sem frá sjónarmiði bænda er til framfara frá því skipulagi, sem nú er.

Umr. frestað.

Á 113. fundi í Nd., 14. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það er að minni hyggju ekki að ófyrirsynju, þó að endurskoðun hafi verið gerð á l., sem fjalla um sölu landafurða á innlendum markaði, og að sjálf-

sögðu er eðlilegt, að þau séu öll færð í einn lagabálk. Hitt vildi ég hafa sagt, að mér virðist, að hér hafi verið meira um það að ræða að safna saman eldri ákvæðum um þessi efni á einn stað en að fram hafi farið virkilega ýtarleg, gagngerð endurskoðun á ákvæðum eldri l. En vissulega hefur hæstv. Alþ. tækifæri til þess að láta þá endurskoðun fara fram. Og ég vildi vænta þess, að þetta frv. fengi mjög ýtarlega athugun hjá þeirri n., sem það væntanlega fer til, sem mun sennilega verða hv. landbn. Og vildi ég láta falla nokkur orð til athugunar fyrir þessa hv. n.

Um I. kafla frv. er það að segja, að með honum er í raun og veru gerð mesta breyt., sem gerð er með frv. þessu á gildandi lagaákvæðum. Þar er sem sé horfið frá því fyrirkomulagi, sem gilt hefur nú um skeið, að láta það stjórnskipaða búnaðarráð fjalla um afurðasölumálin og verðlagningu landafurða. Ég fyrir mitt leyti tel það til bóta, að horfið sé frá þessu fyrirkomulagi. Mér hefur virzt það fyrirkomulag óheppilegt, og ég hef ekki fengið nein rök fyrir því, að hægt væri að líta á það sem æskilegt og eðlilegt fyrirkomulag. Ég tel, að ráðh., úr hvaða flokki sem hann er og hvað sem hann heitir, sé gefið óeðlilega mikið vald með því, að hann tilnefni 25 bændur til þess að fjalla um þessi mál. Mér finnst það því til betri vegar, þegar lagður er sá grundvöllur, að þessir menn skuli vera kosnir af samtökum bænda. Um það má svo deila, hversu margir þeir skuli vera, og að ýmsu leyti, hvernig þeir skuli kosnir. Ég skal ekki fara nánar út í það. En sá megingrundvöllur, hvernig á að kjósa framleiðsluráð, sem fær í hendur verkefni búnaðarráðs, að það sé kosið af samtökum bænda, finnst mér eðlilegur. — Ég vil þó skjóta því fram í því sambandi, hvort ekki væri athugandi, að í þessu verðlagsráði væru líka einhverjir fulltrúar frá neytendasamtökunum. Ég hygg að það gæti verið fulltrúum bænda til leiðbeiningar og samtökum bænda til gagns að fá þannig aðgang að kröfum og óskum neytendanna. Ég hef engar ákveðnar till. fram að bera í þessu efni að svo stöddu. En mér virðist, að þetta sé vel athugandi og að hv. n., sem fjallar um málið síðar, ætti að taka þetta til athugunar. Það er eðlilegt, að bændur hafi ráðin í þessu fyrirhugaða ráði og völdin. En hitt hygg ég, að gæti verið til bóta, að neytendur ættu þar nokkurn aðgang að, þannig að fulltrúar bænda mættu heyra þeirra kröfur og óskir og aðfinnslur og till.

Í 2. gr. frv. er ákveðið verksvið hins fyrirhugaða framleiðsluráðs. Ég verð að segja það, að við lestur þeirrar gr. kemur mér í hug, hvort hér sé ekki verið á sömu braut eins og reyndar í svo margri annarri löggjöf, sem afgr. hefur verið á síðustu þingum, að setja upp eins konar glansmyndir. Mér finnst verkefni þessa væntanlega framleiðsluráðs ekki sérstaklega raunhæft ákveðið. Og við það að fara yfir liðina í 2. gr. sér maður, að þetta ráð á fyrst og fremst að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landafurða. (Ég nota orðið landafurðir, en ekki landbúnaðarafurðir, sem er smekksatriði.) Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því einnig, að framleiðsluráð eigi að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er á, þörfum þjóðarinnar. Þetta er þarft ákvæði. En ég spyr bara: Er ekki þetta bara glansmynd? Ég sé ekki í frv. nein ákvæði, sem í raun og veru geri framleiðsluráði fært að anna þessu hlutverki. Í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands á það að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslu, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er, þörfum þjóðarinnar. Er þetta ekki bara að kalla út í loftið, ef ekki er jafnframt undirbúin löggjöf að öðru leyti, til þess að þetta fyrirhugaða ráð geti rækt þessa mjög svo þýðingarmiklu skyldu, sem lögð er hér því á herðar? Hæstv. landbrh. segir mér nú, að í 26. gr. frv. sé farið inn á þetta. Ég held, að það sé ákaflega veikur grundvöllur, sem í þeirri gr. er lagður í þessu efni. Í 3. tölul. 2. gr. frv. eru ákvæði um, að þetta ráð eigi að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð landafurða. Það hygg ég betur hugsað ákvæði, þannig að þetta ráð gæti áorkað nokkru í því efni. Í 4. lagi á þetta ráð að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utan lands og innan. Ég geri einnig ráð fyrir, að framleiðsluráð geti nokkru áorkað í þessu efni. Í 5. lagi á framleiðsluráð að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma. Hér er gripið á mjög mikilsvarðandi atriði. En ég held, að hér skorti líka undirbúning, en sé meira um að ræða frómar óskir, glansmynd, heldur en raunhæf ákvæði, sem hægt sé að vænta, að leiði til raunhæfra framkvæmda á þessu mjög svo þýðingarmikla atriði. — Um 6., 7. og 8. verkefni er ekkert sérstakt að segja. Það er allt framkvæmanlegt og vissulega á valdi framleiðsluráðs að framkvæma það, sem í þessum tölul. er fram tekið.

Ég vil beina til hv. landbn. sérstaklega því, hvort henni finnst ekki ástæða til að bæta einhverjum ákvæðum inn í frv., sem gerðu framleiðsluráði kleifara að framkvæma þær gífurlega miklu skyldur, sem því eru á herðar lagðar samkv. 2. til 5. tölul. 2. gr. frv. — Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þennan kafla frv.

II. kafli frv. er um verðskráninguna. Í fyrstu gr. þessa kafla, 4. gr. frv., er svo ákveðið, að söluverð landafurða á innlendum markaði eigi að miðast við það, að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Þetta þykir mér rétt og eðlileg hugsun, og ég tel, að á þessu eigi að byggja verðákvörðunina. Ég tel yfirleitt, að þannig eigi að stjórna þjóðarbúinu, að þær vinnandi stéttir, hvar sem þær starfa, hljóti hver um sig eðlilega hlutdeild af þeim arði, sem myndast við rekstur þjóðarbúsins. En hins er rétt að geta, að það er ákaflega fjarri því, að það sé svo auðvelt sem ætla mætti í fljótu bragði að framfylgja ákvæðum þessarar gr. Og ég vil alveg sérstaklega benda á það, að ef þetta verður ákveðið í 1., sem mér þykir eðlilegt, að verði gert, þá verður að sjálfsögðu að miða við einhverja vissa framleiðslugetu. Það verður að miða við, að til þess að bóndi geti fengið þessa hlutdeild, sem þarna er ætlazt til, í þjóðarbúinu, þá standi hans búskapur á einhverju frambærilegu, tæknilegu stigi, þannig að afköst hvers manns séu nokkurn veginn í samræmi við það, sem eðlilegast er að krefjast. Ef ætti að framfylgja þessu ákvæði, sem ég tilgreindi, án tillits til þess, hvernig framleiðsluafkoman er á hverjum stað að þessu leyti, gæti það beinlínis orðið til þess að vera hemill á þróun landbúnaðarins til

fullkomnari tækni og meiri afkasta. Ég vil benda á það, að það ætti að gera það ljóst í þessum l., að þegar landbónda er þannig ákveðið verð fyrir vöru sína, þá verði miðað við sæmileg framleiðsluafköst, miðað við, að véltækni sé að meira eða minna leyti tekin í þjónustu landbúnaðarins. — Hæstv. landbrh. jánkar þessu nú, hér við hliðina á mér, og þykir mér ánægjulegt að heyra, að hann sé inni á þessari skoðun, enda hygg ég, að við séum sammála um það, að þessi löggjöf þurfi að vera þannig úr garði gerð, að hún knýi landbúnaðinn til meiri tækniframleiðslu.

Þá er í 5. gr. frv. til tekið, að það eigi að leggja til grundvallar verðákvarðana sömu reglur eins og fylgt var í sex manna nefndar samkomulaginu svo kallaða, og þetta tel ég vissulega gott. Ég tel, að á þeim tíma, þegar það gilti, hafi góðu heilli verið farið inn á þann samningsgrundvöll. Og þær reglur, sem samninganefnd þeirri voru settar, tel ég, að hafi verið heilbrigðar. Og ég tel það eitt merkilegt spor, þegar sex manna nefndar samkomulagið náðist, svo mjög sem það hefur þó verið gagnrýnt af ýmsum aðilum.

Þá kem ég að því, hvernig skipa skuli þá fulltrúa, sem taka eiga þátt í þessari samningagerð. Ég skal ekki ræða þá hliðina, sem að bændunum snýr, en hina fremur, sem að neytendunum snýr, Það er gert ráð fyrir því, að Alþýðusamband Íslands hafi einn fulltrúann og Landssamband iðnaðarmanna hafi einn fulltrúann og að Sjómannafélag Reykjavíkur hafi einn fulltrúa í þessari nefnd. Satt að segja er þetta ákvæði, að Sjómannafélag Reykjavíkur skuli hafa einn fulltrúa í n., ja, í fyrsta lagi furðulegt og alveg stórmerkilegt, að hæstv. ríkisstj. skuli láta sér detta í hug að koma með frv. með svona ákvæði í. Og ég er sérstaklega undrandi yfir því, að hæstv. landbrh. skuli láta þetta sjást eftir sig. Nú má enginn taka orð mín svo, að ég sé á móti því, að sjómannastéttin fái sitt orð að segja um þessa samninga. En það hljóta allir að gera sér ljóst, og allra helzt hlýtur hæstv. landbrh. að gera sér ljóst, að hér er um landssamninga að ræða, og þeir verða að fara fram milli landssamtaka, enda eru ákvæði frv. svo, hvað bændur snertir, viðkomandi skipun n. og hvað neytendur snertir, aðra en fulltrúann frá Sjómannafélagi Reykjavíkur. Ég skal benda hæstv. ráðh. á það, að það hefði verið tiltölulega auðvelt að koma því til leiðar að fá fulltrúa frá sjómönnum, ef óskin hefði verið sú. Það hefði t. d. mátt láta Alþýðusamband Íslands tilnefna tvo menn í n. og tiltaka, að enda væri annar þeirra fulltrúi sjómanna. Sjómannafélag Reykjavíkur er í Alþýðusambandinu og sjómannafélög landsins yfirleitt. — Nei, rök eru ekki fyrir þessu. En ástæðan fyrir þessari tilhögun er sú, að Alþfl. á með þessu móti þarna fulltrúa í n. Það er nú bara tilviljun, að sá flokkur ræður sem stendur stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur. Ég er nokkurn veginn sannfærður um það, að þó að Alþfl. hefði ekki haft ráðin í stjórn neins félags innan stéttarfélagasamtakanna annars staðar en t. d. í stjórn blikksmiðafélagsins hér, þá hefði verið svo til tekið í þessu frv., að Félag blikksmiða í Reykjavík skyldi eiga fulltrúa í framleiðsluráði, þó að það sé eitt hið minnsta af félögunum í Alþýðusambandinu. — Það mætti þá setja það í samband við það, að það þyrfti blikkbrúsa undir mjólkina, því að ekki mátti segja það berum orðum, að meiningin væri, að Alþfl. ætti að eiga þarna einn fulltrúa í n. — Ég hygg, að hæstv. landbrh. sé mér sammála um það, að það hafi verið æskilegt og gott, þegar farið var inn á sex manna nefndar grundvöllinn, og mjög gæfulegt, að þar náðist samkomulag. Og reyndar var það ekki nema einn aðili í landinu, sem virtist vera óánægður þá með þann samningsgrundvöll, og það var Alþfl. Alþfl. gagnrýndi samkomulagið ákaflega harðlega. Ég vil nú spyrja hæstv. landbrh., hvaðan honum komi sú vizka, að nauðsyn sé að lögbjóða það skipulag, sem þessi sex manna n. er byggð á, að fá fulltrúa frá sérstökum stjórnmálaflokki og það flokki, sem hefur lýst sig mótfallinn þessu samkomulagi, því að það er víst, að á sínum tíma var þessi flokkur á móti samkomulaginu. Ég skal svo auk þess, sem ég hef bent á, að ef sjómenn hefðu átt að fá fulltrúa í þessari n., þá hefði Alþýðusambandið átt að tilnefna tvo fulltrúa, þá mætti hugsa sér landssamtök sjómanna, Farmanna- og fiskimannasambandið. Það hefði verið vel hugsanlegt að snúa sér til þess, að það tilnefndi einn fulltrúa.

Mér þykir líka undarlegt, að það skuli vera tilnefnd samtök neytenda á þessum vettvangi, en ekki samband starfsmanna ríkis og bæja. Ég þykist vita, að d. láti þetta frv. ekki frá sér fara án þess að athuga, hvort það væri ekki nær að láta slík allsherjar landssamtök fá fulltrúa heldur en Sjómannafélag Reykjavíkur, því að það mætti þá alveg eins gefa Búnaðarfélagi Fljótsdæla rétt til að fá einn fulltrúa eða Búnaðarfélagi Mosfellssveitar, eða þá frá einhverju ungmennafélagi, t. d. ungmennafélaginu Drengur í Kjós eða Afturelding, prýðilegt félag, það mætti alveg eins fá að tilnefna fulltrúa fyrir bændur. Ég held, að hæstv. landbrh. sjálfur hafi verið einn af frumherjum þess félags og starfað þar af miklum krafti, og ég hygg, að hann standi þar enn á verði. Ég læt svo útrætt um þetta.

Þá er það, hvernig að skuli fara, ef ekki takast samningar. Það er að minni hyggju mjög vafasöm lausn, en hún er á þá leið, að þriggja manna n. skuli skera úr, og ákvæðin um það, hvernig hún skuli skipuð, eru á þessa leið: „Nú næst ekki samkomulag um einhver atriði snertandi útreikning framleiðslukostnaðar eða verðlagningu landbúnaðarafurða, og skal þá vísa þeim atriðum, er ágreiningi valda, til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefnd þessi skal skipuð 3 mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum Stéttarsambands bænda, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni. Fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsmálin.“ Mér er ekki fyllilega ljóst, hvað hér er meint, og vil biðja um skýringu. Það stendur „tilnefndum af fulltrúum Stéttarsambands bænda“. Það mætti skilja þetta svo, að fulltrúar Stéttarsambands bænda í sex manna n. ættu að tilnefna þennan mann. (**Atvmrh.**: Það er líka meiningin.) Og þá vitanlega á sama hátt, að fulltrúar neytenda í n. tilnefni annan fulltrúa. Það er líka eðlilegasti skilningurinn, er ég hygg, að þetta þurfi greinilegar að koma fram, þetta er ekki nægilega ljóst orðað. Þessir menn eiga svo að ganga saman undir forustu hagstofustjóra, eftir að samningar hafa sprungið. Ég hygg, að þetta sé að leggja málið í hendur hagstofustjóra eins. Ég tel ekki nokkrar líkur til, að þegar sex manna n. hefur árangurs-

laust reynt að ná samkomulagi, þá verði samkomulag milli tveggja manna, sem þessi sama sex manna n. tilnefnir. Og þá er valdið hjá oddamanninum. Ég er yfirleitt fremur andvígur gerðardómum. Ég álít, að hér eigi að fara líkt að og í samningum milli verkamanna og vinnuveitenda, að reyna til þrautar að semja, og oftast semst, en ef samningar ekki takast, þá séu báðir óbundnir og þá sé líka óbundið, hvort leyfður sé innflutningur á landbúnaðarafurðum, þá sé gersamlega frjálst með þessar vörur. Ég hygg, að þetta sé nægilegt aðhald, til að samningar næðust yfirleitt. Gerðardómsákvæði eru alltaf vafasöm. — Ég held, að ég þurfi svo ekki fleira um þetta að segja.

Um III. kafla skal ég lítið ræða, sem fjallar um sauðfjárafurðir. Þar eru svo að segja óbreytt ákvæði núgildandi l. Þó er eitt ákvæði í 9. gr., sem ég vildi minnast á: „Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðlima sinna.“ Mér finnst, að þarna sé sniðinn óþarflega þröngur stakkur, og mun ég koma betur að því í sambandi við mjólkursöluna. Ég vil, eins og mörgum er kunnugt, að neytendurnir hafi með dreifinguna að gera. Ég held, að þetta ætti að vera opnara svið en það er fyrir samtök neytenda. Þar að auki er þetta ákvæði ekki framkvæmanlegt, því að félög neytenda, t. d. neytendasamtökin hér í Reykjavík, verða að hafa vörur til sölu á frjálsum markaði bæði fyrir félagsmenn og aðra, sem óska eftir kaupum, en um það skal ég ekki ræða meira í sambandi við þennan kafla og ekki heldur IV. kafla.

Um V. kafla, sölu mjólkur og mjólkurafurða, vil ég nokkuð ræða og þá fyrst það, að þar er ekki um neina verulega nýjung að ræða frá því, sem er. Nýlega voru mjólkurmálin til umr. í bæjarstjórn Reykjavíkur. Borgarstjóri, hv. þm. Snæf., bar þá fram till. í þeim málum, sem ég hygg, að hafi verið áður lesin í þessari hv. d., en ég var ekki því miður við fyrsta hluta þessarar umr. En það er aldrei góð vísa of oft kveðin, og ætla ég því að lesa hana upp með leyfi hæstv. forseta: „Það hefur um margra ára skeið verið alkunna meðal bæjarbúa og nú og oft áður staðfest af skýrslum sérfræðinga, að ástandið í mjólkurmálum höfuðstaðarins er og hefur um langt skeið verið algerlega óviðunandi og háskalegt fyrir heilbrigði fólksins. Kemur þar margt til, svo sem það, að mjólkin er oft meingölluð, þegar hún kemur til mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík, að vélar stöðvarinnar eru alls ófullnægjandi og óskiljanlegur dráttur á útvegun nýrra véla, að flöskumjólk er lítt fáanleg, að mjólkin stórspillist í búðunum vegna lélegs aðbúnaðar, skorts á kælingu o. fl. Samkv. gildandi l. eru mjólkurmálin ekki á valdi bæjarstjórnar. En bæjarstjórnin telur það skyldu sína vegna hollustu og heilbrigðismála í bænum að skora á Alþ., ríkisstj. og stjórn mjólkursamsölunnar að bjarga mjólkurmálunum nú þegar úr því ófremdarástandi, sem er til vansæmdar fyrir alla aðila.“ Þetta er, eins og ég sagði, till., flutt af hv. þm. Snæf., sem er borgarstjóri, og bæjarstjórn samþykkti till. með 15 shlj. atkv., atkv. allra bæjarfulltrúa, og af þeim eiga a. m. k. fjórir sæti í þessari hv. d. Það ræður því af líkum, að á grundvelli þessarar till. gera bæjarfulltrúarnir kröfu til, að séð verði svo um, að bætt verði úr því ástandi, sem þessi bæjarstjórn hefur kallað ófremdarástand, sem sé til vansæmdar fyrir alla aðila, og krefjast þess, að úr því verði bætt. Það kann að vera, að einhver ágreiningur geti verið um það milli þeirra hv. þm., sem eru bæjarfulltrúar, á hvern hátt eigi úr að bæta, en ég hygg, að um eitt atriði hljóti þó allir að vera sammála, en það er það, að inn í þessi l. verði að koma ákvæði um það, að frá bæjarins hálfu sé daglegt og fullkomið eftirlit með mjólkurframleiðslunni og að eftirlitsaðilar fái víðtækt vald til að verðfella mjólk og gera hana afturræka, ef hún uppfyllir ekki sett skilyrði. Þetta er áreiðanlega lágmarkskrafa, og ég hygg líka, að bæjarfulltrúar ættu að geta orðið sammála um, að það ætti að vera nokkur sérstaða um þá mjólk, sem bærinn kynni að framleiða. Ég skal taka fram, að það lítið, sem bærinn hefur fengizt við landbúnaðarframleiðslu, þá er það honum til lítils sóma, en hitt er staðreynd, að bærinn á mikil lönd og gæti rekið stórbú, ef þau lönd væru nýtt. Mér sýnist í alla staði eðlilegt, að svo væri um hnútana búið, að ef bærinn hefði búskap í svo stórum stíl, að það þætti borga sig, þá væri honum heimilt að hafa sína eigin mjólkurhreinsunarstöð fyrir sína mjólk og flytja hana frá þeirri stöð beint á markaðinn, þ. e. a. s. heim til neytenda. Þetta geri ég mér hugmynd um, að geti orðið samkomulag um hjá bæjarfulltrúum, sem hafa staðið að þessari samþ., sem ég hef lesið hér.

Ég hef svo enn fremur mínar till. í þessum málum, sem ég býst við, að samkomulag geti orðið um. Þær eru kunnar hér á þingi og hafa verið fluttar í frv.formi 1943 og nokkuð kynntar af hv. þm. Siglf. við þessar umr. Mín skoðun er sú, að til þess að koma þessum málum í gott horf sé vænlegasta leiðin að láta mjólkurvinnslustöðina og dreifinguna vera í höndum neytenda, láta viðskiptin fara fram, eins og ég hef margsinnis orðað það, utan við stöðvarvegginn, þar tækju neytendur við mjólkinni og önnuðust vinnslu og dreifingu. Ég vil sérstaklega undirstrika það, að ég hygg, að þetta sé vænlegasta leiðin til þess að koma á betra samkomulagi um þetta mál. Vissulega er það svo, að varðandi vinnslu og dreifingu hefur ýmislegt verr farið en vera ætti, og líka er það vissulega svo, að neytendum er nokkuð gjarnt að bera fram allþungar ásakanir í sambandi við þessa vinnslu og dreifingu. Væri þá ekki eðlilegt að láta bæjarbúa hitta sjálfa sig fyrir og láta þá sjálfa um að leysa þetta vandamál, sem þeir sjálfir eiga mest undir? Ég hygg, að þetta mundi koma í veg fyrir óþarfa árekstur og misskilning milli bænda og neytenda, og ég hygg, að neytendum sé betur trúandi til að koma þessum málum á skynsamlegan grundvöll, þar sem þeir eiga miklu meira undir en bændur. Með þessu er á engan hátt stefnt að því, að bændur fái ekki sanngjarnt verð fyrir sína vöru, síður en svo. Það er aðeins um að ræða fræðileg landamerki milli framleiðenda og neytenda, setja þau á heppilegasta staðinn fyrir báða. Um það skal ég svo ekki fjölyrða meira.

Eitt er það ákvæði í þessum kafla, sem ég vil nokkuð minnast á, en það er um verðjöfnunina. Frv. gerir ráð fyrir tvenns konar verðjöfnun. Það gerir ráð fyrir verðjöfnun þannig, að jafnað verði milli þeirrar mjólkur, sem fer í vinnslu, og hinnar, sem er seld sem neyzlumjólk. Þetta er dálítið

hæpin aðferð. Það er dálítið hæpið, þegar ég kaupi mína mjólk til daglegrar neyzlu, að ég sé að kaupa hluta af því skyri eða þeim osti, sem seldur er. Þó læt ég þetta vera út af fyrir sig. Þetta er ekki neitt stóratriði út af fyrir sig, en hæpið. Ég tel eðlilegast, að hver vörutegund kæmi út með það verð, sem hún hefur samkvæmt verði hennar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir verðmiðlun milli verðjöfnunarsvæða. Ég get ekki betur séð en að sú verðmiðlun sé beinlínis hemill á eðlilega þróun landbúnaðarins. Reglan gamla, sem ég hygg, að hæstv. landbrh. sé höfundur að: sama verð fyrir sömu vöru á sama stað, þ. e. a. s. hver maður fái sama verð fyrir vöruna á sama stað, hvernig sem háttað er hans aðstöðu, er mjög hæpin regla. Það er ekkert efamál hvað mjólkursölu snertir, að eðlilegast og hagkvæmast er að framleiða hana sem næst sölustað, neytendur fá þá bezta mjólk að öðru jöfnu. Þjóðfélagið á rétt til þess, að sem mest af framleiðslunni færist á slík svæði. Þjóðfélagið á að stuðla að því, að það skipulag komist á framleiðsluna, að hver staður framleiði þá vöru, sem hann hentar bezt til, og að mismunandi verðlag sé á mjólk eftir því, hvar hún er framleidd. Til þess að stuðla að þessu á að færa framleiðsluna nær bæjunum, til þeirra svæða, þar sem á að framleiða hana. Allsherjarverðjöfnun milli framleiðslusvæða verkar aftur á móti sem hemill gegn þessari eðlilegu þróun, svo að ég held, að ákvæði verðjöfnunarinnar í 28. gr. ættu að hverfa úr þessum l., hvað sem líður hinu ákvæðinu, að jafna milli framleiðslutegunda.

Þau atriði, sem ég tel nauðsynleg og legg áherzlu á á þessu stigi málsins, hef ég þá, að ég held, öll talið fram, og vona ég, að þau verði tekin til athugunar í landbn. Ég mun svo á því stigi málsins koma með þær breyt., sem ég tel nauðsynlegt að gera, ef landbn. ber ekki gæfu til þess að koma frv. í sæmilegt horf.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það var út af einu atriði, sem komið hefur fram í umr. um þetta mál, að mér þótti rétt að segja nokkur orð. Það var í tilefni af því, sem kom fram í ræðu hv. þm. Siglf., þegar þetta mál var síðast á döfinni hér í d., og einnig að nokkru leyti í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem nú rétt áðan lauk máli sínu.

Báðir þessir hv. þm. minntust á það og fóru um það mörgum orðum, hversu ótilhlýðilegt það væri, að Sjómannafélag Reykjavíkur tilnefndi einn mann af þeim þremur neytendafulltrúum, sem eiga að vera í þeirri n., sem ætlazt er til, að fjalli um þau samningsatriði, sem gert er ráð fyrir í frv. Því miður hlustaði ég ekki á nema nokkurn hluta af ræðu hv. þm. Siglf., en mér er sagt, að hann hafi látið falla um það mörg orð og stór, að það væri lítt viðurkvæmilegt, að Sjómannafélag Reykjavíkur fengi þarna fulltrúa, og haft um það nokkur orð, sem ég vil eiginlega ekki hafa eftir, en báðir þessir hv. þm. hafa talið það alveg fráleitt, að Sjómannafélag Reykjavíkur ætti að tilnefna einn neytanda af sinni hálfu til ráðagerðar um þessi mál.

Ég vil fyrst og fremst segja það, að þegar rætt var um þetta mál innan stjórnarinnar, þá hygg ég, að allir hafi verið á því máli, að æskilegt væri að tryggja einn fulltrúa úr hópi sjómannasamtakanna og þá sérstaklega frá þeim sjómannasamtökum, sem hefðu innan sinna vébanda bæði togara- og bátasjómenn og hlutasjómenn, m. ö. o. þann hluta sjómanna, sem hefði mestar og óskiptastar „neytendainteressur". Nú er það svo, eins og hv. landbrh. tók fram, að engin allsherjarsamtök sjómanna eru á landi hér. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands er yfirleitt skipað félögum úr yfirmannastéttunum, en sjómannafélög, eins og Sjómannafélag Reykjavíkur, eru eingöngu skipuð sjómönnum, bæði af togara- og bátaflotanum. Það var einmitt til þeirra, sem þótti ástæða að leita til þess að fá einn af þremur fulltrúum neytenda.

Það þarf ekki að færa mörg rök fyrir því, hversu það er eðlilegt, að þessi tilhögun sé höfð, því að eins og ég hef tekið fram, þá eru engin allsherjarsamtök sjómanna til. Mér skilst, að hæstv. landbrh. léti þau orð falla, að meðan engin slík allsherjarsamtök sjómanna væru til, væri eðlilegt að leita til Sjómannafélags Reykjavíkur. Hv. þm. Siglf. tók þetta mjög óstinnt upp og sagði, að hér væri verið að gera tilraun til að kljúfa Alþýðusamband Íslands, reyna að búa til sérstakt sjómannasamband. Ég hygg, að hv. þm. Siglf. sé ekki svo fáfróður, að hann viti ekki, að víða um lönd er það svo, að auk þess sem félögin eru öll í allsherjarverkalýðssamtökum, þá eru til landssambönd fyrir hverja stétt. Þannig er það á Norðurlöndum, Bretlandi og víðar. Á Norðurlöndum er landssamband sjómanna, og auk þess eru sjómannafélögin í allsherjarsambandi verkalýðsins. Þessu er ekki til að dreifa hér á landi, og því er eðlilegt af mörgum ástæðum, að Sjómannafélag Reykjavíkur tilnefni einn mann í þessa n. Það er elzta sjómannafélag landsins, eftir því sem ég bezt veit, er nú 32 ára og hefur verið forystufélag innan sjómannasamtakanna um langt árabil. Þetta félag hefur rekið starfsemi sína eftir venjulegum reglum verkalýðsfélaganna með mesta myndarskap og ágætum árangri. Að mínu viti er það, og ég þekki vel til þess, eitt bezta félag í Alþýðusambandi Íslands og eitt af bezt skipulögðu félögum innan sambandsins. Er því mjög eðlilegt, þar sem ekki eru til heildarlandssamtök meðal sjómannastéttarinnar, að leitað sé til þess félags, sem bæði er elzt og mannflest og bezt skipulagt af öllum sjómannafélögum í landinu. Ég álít, að það þurfi ekki að verja fleiri orðum til rökstuðnings þessa máls, svo mjög sem mér finnst þetta liggja í augum uppi. Það er út af fyrir sig ekki nauðsynlegt, að fulltrúar neytenda séu allir valdir af hálfu landssamtaka, heldur er hitt aðalatriðið, að tryggt sé, að þeir séu valdir af þeim samtökum, sem hafa verulegra hagsmuna að gæta í þessu máli og vita, hvar skórinn kreppir að meðal neytenda í landinu, og það vita kannske engir betur en sjómenn, og í Sjómannafélagi Reykjavíkur eru, eins og ég hef tekið fram, menn af íslenzkum togurum, menn af mótorbátum, menn af mótorskipum og allt þar á milli. Félagar úr Sjómannafélagi Reykjavíkur stunda sjómennsku allt í kringum Ísland. Ég tel því, að ekki sé hægt að fá betri fulltrúa til þess að velja mann úr sjómannahópi en mann úr Sjómannafélagi Reykjavíkur og tel ákvæði þetta bæði eðlilegt og sjálfsagt.

Úr því að ég stóð upp, vil ég geta þess út af gagnrýni á lokaúrskurðarvaldi þriggja tiltekinna

manna, ef ekki verður samkomulag milli fulltrúa neytenda og bænda, að þar sé um að ræða eins konar gerðardóm — út af því vil ég geta þess, að hæstv. landbrh. hefur í ræðum sínum, sérstaklega í frumræðu sinni, útskýrt þetta rækilega, og læt ég nægja að vísa til þess. Hér er um að ræða menn, sem hafa það með höndum að fara með eins konar umboð tveggja aðila í landinu, annars vegar framleiðenda landbúnaðarafurða og hins vegar kaupenda landbúnaðarafurða, sem eiga að semja sín á milli, og ef þeir verða að lokum ósáttir, er það óháður aðili, talnafróður maður, sem á að fylgjast með öllu og á þá að vera oddamaður, ef í odda skerst á annað borð. Þetta á því ekki skylt við neinn gerðardóm, en sýnist eftir þeim ástæðum, sem hér liggja fyrir, ekki óeðlilegt.

Þessi orð vildi ég láta falla, en sé ekki ástæðu til að ræða frv. að öðru leyti, því að eins og hæstv. landbrh. hefur tekið fram, er það í fullu samræmi við það samkomulag, er gert var milli þeirra stjórnmálaflokka, sem standa að núverandi ríkisstj.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég var búinn að kveðja mér hljóðs um mál það, sem hér liggur fyrir, og hef ætlað að fara nokkrum orðum um þær breytingar, sem gert er ráð fyrir í frv., frá löggjöfinni, sem áður hefur gilt um þessi mál. Þetta frv. um framleiðsluráð, verðskráningu o. fl. mun að mörgu leyti frekar mega kallast um söluráð og sölunefnd en um framleiðsluráð, og þess gætir um of að mínu áliti, að ákvæði þess eru meira bundin við sölu en að þau séu um skipulagningu á framleiðslunni.

Fyrst 1935 voru sett lög bæði um mjólkursamsölu og verðlagningu á kjöti. Þá var gert ráð fyrir, að neytendur hefðu nokkurn rétt til umsagnar um þessi mál. Í mjólkursölunefnd höfðu neytendur 2 menn af 7, Alþýðusamband Íslands 1 mann og bæjarstjórn Reykjavíkur 1 mann. Þetta fyrirkomulag hélzt til ársins 1943, eða um það bil. Þá hittist svo á, að ég lenti í mjólkursölunefnd frá bæjarstjórn Reykjavíkur, og kom ég þar á einn fund, og þá var tilkynnt, að þessi nefnd væri starfslaus um mjólkursölu, því að það hefði orðið samkomulag um, að mjólkursamsölustjórn tæki það verk að sér, sem mjólkursölunefnd hafði haft með höndum. Þetta hafði þá gefið þá raun — og það er enginn vafi á því —, að þetta væri ekki nema nafnið eitt, því að það var gætt að því, að neytendur hefðu aldrei nema tillögurétt, og voru þeir með smáuppsteyt um málin, og í mjólkursölunefnd a. m. k. varð óánægja fulltrúa neytendanna mjög mikil, en hún fékk engan byr, og afleiðingin af því, hvað neytendur hafa talið þessa hlutdeild í n. lítils virði, er það t. d., að þegar búnaðarráð var skipað — en það var eingöngu skipað af landbrh. og þar með eingöngu af framleiðendum —, þá virðist neytendum — og það með réttu —, að þeir hafi engin réttindi misst, því að þeirra réttindi voru svo sáralítil með því fyrirkomulagi, sem áður gilti, þannig að þeir báru ekki ábyrgð á því ófremdarástandi, sem var í þessum efnum. Með þessu frv. er að miklu leyti verið að taka þetta gamla fyrirkomulag upp. Nú hafa viðskipti neytenda við framleiðendur verið á þá leið í þessum efnum, að verkalýðsfélögin hér í Reykjavík hafa verið fús til samtaka um þetta, en aldrei hefur fengizt virkilegur grundvöllur fyrir því samstarfi. Þegar stofnuð var 6 manna nefndin fræga, þá er enginn vafi á því, að við, a. m. k. í alþýðusambandinu og verkalýðsfélögunum yfirleitt, viðurkenndum, að þar væri farið út á rétta braut. Nú var það ákveðið við stofnun n., að endurskoðaður skyldi sá grundvöllur, sem hún byggði á, en ekki varð þó af því. Afleiðingin hefur orðið sú, að bændur hafa verið það ánægðir með þá útkomu, að þeir hafa alltaf haft það fyrir kröfuorð að fá verð samkv. niðurstöðu 6 manna n. fyrir afurðir sínar, og þeir, sem mest hafa barizt fyrir réttlæti þessu, eru stjórn Alþýðusambands Íslands, þó að menn í því hafi ekki verið alls kostar ánægðir með, hvernig grundvöllurinn var reiknaður. Þar af leiðandi var skipuð önnur nefnd. Ég fyrir mitt leyti álít, að ef framhald hefði orðið á starfi þeirrar n., þá hefði það getað orðið til mikilla bóta, en þá strandaði á bændum og forvígismönnum þeirra, og einmitt þeir agnúar, sem þarna hafa verið á, koma greinilegar fram í þessu frv., m. ö. o., það er um verðlagningu, sem neytendur hafa nokkuð að segja.

Ég er sammála hv. þm. Siglf. og hv. 6. þm. Reykv. um það, að skipun þessarar n. sé byggð á nákvæmlega sömu hugmynd og gamla fyrirkomulagið, ekki hugmyndinni um það, að þarna verði raunhæft samkomulag, heldur hugmyndinni um að koma að hinum pólitísku sjónarmiðum, sem oft og tíðum torvelda eðlilega, faglega samvinnu í öllum málum. Ég hefði t. d. haldið, að Landssamband iðnaðarmanna væri ekki meiri fulltrúi fyrir neytendur í Reykjavík en Bandalag starfsmanna ríkis og bæja; og viðkomandi neytendum í Reykjavík hefði ég haldið, að væri ekkert mismunandi viðhorf til samninga um svona mál eftir því, hvaða atvinnu þeir stunda. En þessi félög, sem eiga að tilnefna fulltrúa í þessa n., eru greinar af Alþýðusambandi Íslands. T. d. telur Sjómannafél. Reykjavíkur 1500 meðlimi, og það er annað stærsta stéttarfélagið í bænum, en alþýðusambandið er samband stéttarfélaga, sem öll hafa sömu hagsmuna að gæta um lífsafkomu meðlima sinna.

Hæstv. forsrh. var að tala um það, að sjómannafélagið hér í Reykjavík væri virðulegt, gamalt félag, sem hefði fyrirmyndarskipulag. Það er rétt, að það er virðulegt, gamalt félag, en ég er ekki viss um, að það hafi neitt fyrirmyndarskipulag. Ég hygg, að ef um væri að ræða landssamband sjómanna, þá ættu ekki að ráða í því menn, sem ekki hafa verið á sjó í 10—20 ár. Það væri engin viðhlítandi skipulagning á verkalýðsfélagi, að maður, sem í því er, sé ekki við þá atvinnu, sem félagið á að gæta hagsmuna fyrir.

Það, sem aðallega kom mér til þess að taka til máls um þetta frv., var skýring hæstv. landbrh. á þessu. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að rétt sé, að verð landbúnaðarafurða sé reiknað út af hagstofustjóra, eða þessari nefnd, eftir því sem verkalýðsfélögin hafa náð sínum kjarabótum. Ég er honum alveg sammála í því, að bændur eigi að fá kjör í samræmi við aðrar stéttir þjóðfélagsins, en það er skrýtinn hugsunarháttur við stofnun stéttarfélags, sem á að verða brautryðjandi um hagsmuni félagsmanna sinna, eins og stéttarfélag bænda á að vera, að ákveða, að það skuli vera fyrsta skilyrðið til þess, að félagar í því nái rétti sínum, að það eigi að reikna eftir starfsemi ann-

arra félaga. Hvað hefði yfirleitt orðið úr félagsskap verkamanna, ef hann hefði verið bundinn við það, að einhverjir aðrir aðilar í þjóðfélaginu væru búnir að semja sér góð kjör? Það er með öðrum orðum þetta, að reikna bændum tekjur eftir því, hvort verkalýðurinn vinnur vel og hefur góð kjör. Þetta ber vott um það, að þeir menn, sem svona ætla að fara að, hafa enga hugmynd um það, hvernig stéttarsamtök eiga að vera. Ég hef fundið til þess, og tekið það fram áður, að bændur hafa aldrei haft sín félagslegu átök og völd í gegnum annað en löggjöf, en gert sér ákaflega litla grein fyrir því, hvað hinn virkilega félagslegi andi og uppbygging er. Ég viðurkenni, að það er nokkuð erfitt að byggja upp samtök bænda, eins og nú standa sakir, og mér er vel kunnugt um, að erfiðlega blés á móti bændum, þegar þeir byrjuðu að byggja upp t. d. sláturfélagið og búnaðarfélagið, en ef þeir hefðu haldið áfram á þeirri braut að berjast við þá félagslegu örðugleika, sem þeir höfðu átt við að stríða, þá væru þeir komnir lengra áleiðis í félagsmálum.

Ég álít, að ef þær breyt., sem gera á með frv. á gildandi löggjöf, verða samþykktar, þá verði að gera nokkuð margar breyt. á frv., og brtt. við frv. hafa þegar verið boðaðar hv. þm. í hv. þd. Þar sem þetta frv. kemur til landbn., mun ég gera þar aths. við ýmsar greinar frv., sem mér finnast athugaverðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 128. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 589, n. 813, 814, n. 833).

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Frv. það, sem hér um ræðir, er samið og flutt samkvæmt því samkomulagi, sem stjórnarflokkarnir gerðu með sér um afurðasölu landbúnaðarins. Auk þeirra nýmæla, sem um var samið, voru einnig eldri ákvæði felld saman í einn lagabálk. Þegar þetta frv. var lagt fyrir þessa deild, gerði hæstv. landbrh. ýtarlega grein fyrir frv., og ætla ég ekki að endurtaka hana.

Frv. þetta, sem var vísað til landbn., var sent nokkrum aðilum til umsagnar. Svör og till. hafa borizt frá flestum þeirra. Till. þessar hefur meiri hl. tekið til athugunar og reynt að ganga nokkuð til móts við tillögumenn um nokkrar þeirra. En um aðrar hefur orðið samkomulag að láta þær bíða nánari athugunar til 3. umr. Eins og nál. ber með sér, gat n. ekki orðið samferða, og meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt. En hinir nm. munu að sjálfsögðu gera grein fyrir afstöðu sinni.

Ég skal þessu næst gera nokkra grein fyrir þeim brtt., sem liggja fyrir, sem meiri hl. n. leggur fram. Við 1. gr. leggur n. til, að bætt sé inn í, að framleiðsluráð kjósi sér formann til sama tíma. Í álitsgerðunum, sem fram komu, voru aths. þess efnis, að þörf væri að taka skýrar fram um fleiri atriði, svo sem eins og kosningu fulltrúa fyrir mjólkursamsölur úti á landi. En n. lítur svo á, að eðlilegast sé, að bæði það og fleira sé tekið fram í reglugerð, sem landbrh. gefur út og gert er beinlínis ráð fyrir í þessum lögum.

Þá er 2. brtt., að í stað orðanna í 7. gr., „fullnægja óskum neytenda“ komi: fullnægja eftirspurn neytenda.

Þá er í síðari málsgr. 7. gr. vísað til laga um sölu garðávaxta, og taldi n., að betur færi á því að taka þau ákvæði, sem er vísað til, upp í l. sjálf, svo að ekki þyrfti að leita í öðrum l. N. leggur því til, að þessi hluti gr. verði tekinn upp sem ný grein á eftir 7. gr. Sér n. ekki ástæðu til að amast við, þó að sams konar ákvæði séu einnig í öðrum l.

Þá er í 8. gr. leiðrétting, að breyta „af“ í „úr“. Við 15. gr. leggur n. til, að orðið „viðunandi“ í lok gr. falli burt. Það hefur komið fram ósk um, að það héldist, sem verið hefur, að nýtt skyr félli undir skipulagið, og hefur n. fallizt á að taka þá aths. til greina. Við 20. gr. leggur n. til, að fyrir orðin „neyzlumjólk og rjóma“ komi neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri — þ. e. ófrystu. Aftur eru allir sammála um það, að um fryst skyr gildi hið sama og um gamalt skyr og ost og slíkt falli ekki undir þessi ákvæði. Að þessari breyt. miða einnig næstu brtt., sú 7. og 8. 9. brtt. er leiðrétting á prentvillu. Við 27. gr. flytur n. till. um nokkuð breytt orðalag. Var aðallega talað um, að framleiðsluráð hefði ekki það vald yfir þessum málum, sem eðlilegt væri og æskilegt. N. féllst á þetta og leggur þess vegna til, að 1. málsl. 1. málsgreinar verði orðaður þannig, að framleiðsluráð hlutist til um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkurstöðvum í þeim kauptúnum og kaupstöðum, þar sem engar eru fyrir eða ófullnægjandi, en er full þörf fyrir að dómi framleiðsluráðs. Af sama toga er spunninn b-liður við sömu gr.: og framleiðsluráð telur þeirra þörf. Loks leggur n. til, að bætt sé inn í 4. málsgr. orðunum: í samráði við heilbrigðisstjórn ríkisins o. s. frv.

Þá kem ég að 11. brtt., sem einnig er fram komin vegna óska, sem lágu fyrir n. frá bæjarráði Reykjavíkur. 2., 3. og 4. till. beindust að því að tryggja neytendum betri vöru og auka öryggi þeirra á því sviði. Með brtt. sínum vildi n. fyrir sitt leyti ganga til móts við þessar óskir. Okkur er það ljóst, að það er ekki síður hagur framleiðenda en neytenda, að varan sé vönduð og að kaupendur séu ánægðir með hana. Að því ber vitanlega að stefna og að því er reynt að stefna alls staðar þar, sem ég þekki til. Það má vel vera, að einhverjum þyki ekki nógu ákveðið tekið hér til orða. Hér er lagt til, eins og yfirleitt í þessu frv., að valdið sé að miklu leyti í höndum framleiðsluráðs. Er ætlazt til, að það gæti hagsmuna bæði framleiðenda og neytenda, því að við lítum svo á, að það sé skylda þess gagnvart framleiðendum líka, vegna þess að það sé báðum hagur. Það er þá fyrst, að n. leggur til, að framleiðsluráð hlutist til um, að fylgt sé fyrirmælum l. og reglugerða um hreinlæti og hollustuhætti við alla meðferð og vinnslu sölumjólkur og að lakari mjólk sé notuð til vinnslu. Tilsvarandi ákvæði þessu hafa ekki verið í mjólkurl., og taldi n. sjálfsagt að taka slík ákvæði upp, enda benti hv. þm. Snæf. á þetta við 1. umr. málsins hér í d. Það að lakari mjólkin sé notuð til vinnslu fyrst og fremst er eðlilegt og sjálfsagt. Og þess verða menn vel að gæta, að jafnvel þótt gætt sé alveg ýtrustu vandvirkni um alla meðferð mjólkur, getur alltaf svo farið vegna ýmissa óhappa, að mjólk, sem fer frá

heimilinu sem fyrsta flokks vara, spillist á leiðinni. Þarf ekki annað en mjólkin bíði óeðlilega lengi eða annað þess háttar. En hvað snertir mjólkurgæðin, hygg ég heimilin séu þar langstærsta atriðið, að þau hafi góða aðstöðu til að kæla mjólkina, undireins og mjólkað hefur verið, svo að gerlar þrífist ekki.

Annar liðurinn í þessari gr., sem við leggjum til, er að framleiðsluráð geti krafizt þess, að gerður sé hæfilegur verðmunur til mjólkurframleiðenda, miðað við flokkun mjólkurinnar eftir gæðum, og að mjólk frá framleiðendum, sem tvisvar í röð hefur reynzt í 4. flokki við bláprófun, verði endursend eða synjað móttöku, þar til vissa er fyrir, að úr þessu hefur verið bætt. Það að gera slíkan greinarmun á mjólk munu nú flest félög þegar hafa tekið upp. Tel ég sjálfsagt, að framleiðsluráð fylgi fullkomlega eftir, að þetta verði gert, vegna þess að það er mikilsvert atriði til þess að tryggja mönnum góða vöru, ekki einasta neyzlumjólk, heldur einnig vinnslumjólk. Ákvæðið um það, þegar mjólk hefur tvisvar í röð reynzt í 4. flokki, er einnig nýmæli og talsvert mikilsvert. Ætti það að verða verulegt spor til að tryggja, að skemmd mjólk yrði ekki á markaðnum að staðaldri.

Þetta eru þá þær till., sem n. ber fram við þessa umr. En eins og ég gat um áðan, eru þarna fleiri atriði, sem n. taldi ástæðu til að taka til athugunar. Kom meiri hl. n. saman um að láta þau bíða til 3. umr., ræða við þá aðila, sem að þeim stóðu, og einnig betur innan n.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég geta þess, að þetta frv. á að sjálfsögðu sammerkt við aðra lagasmíð, sem er til orðin fyrir samkomulag tveggja eða fleiri flokka. Það er svo um slíka lagasmíð, að enginn fær allt, sem hann hefði kosið sér, en gera má ráð fyrir, að allir fái nokkuð. Ég persónulega hefði kosið, að nokkur ákvæði frv. hefðu verið á annan veg en þau eru. Á hina hliðina lít ég svo á, að að því beri að keppa, að stéttarsamtök bænda taki með aðstoð fulltrúa frá afurðasölufélögum þeirra að sér alla yfirstjórn afurðasölumála landbúnaðarins og skipi landbúnaðarframleiðslunni. Og ég tel, að með þessu frv. sé stigið svo stórt skref að þessu marki, að ég hika ekki við að styðja frv. Og þannig leit einnig búnaðarþing á, þegar málið var lagt fyrir það. Ég er sannfærður um, að þroski bændastéttarinnar er svo mikill og ábyrgðartilfinning þeirra yfirleitt það rík, að þeim sé fullkomlega treystandi til að skipa þessum málum sjálfir með frjálsu vali manna til þessara trúnaðarstarfa. Læt ég svo máli mínu lokið og vænti þess, að frv. fái að ganga áfram til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég allrækilega grein fyrir minni skoðun á þessu frv., og öll aðalatriði í þeirri skoðun minni hef ég endurtekið í nál. mínu á þskj. 833. Get ég því við þessa umr. að mestu leyti vísað til þess, sem þar er sagt, nema sérstakt tilefni gefist. En ég skal taka fram, að það er ekki rétt, sem segir hér í nál. meiri hl. landbn., að ég hafi nokkurn tíma lýst yfir á nefndarfundi, að ég mundi leggja til að vísa þessu máli til ríkisstj., því að það hefur mér aldrei dottið í hug. Ég lýsti yfir, að ég mundi leggja til í mínu nál., að málinu væri vísað frá með rökst. dagskrá, sem þýðir sama og að fella það. Varðandi brtt. meiri hl. landbn. skal ég taka það fram, að eins og skiljanlegt er, hef ég ekki átt í þeim neinn hlut. Ég skal játa, að sumar þeirra — og kannske flestar — eru til bóta frá frv. og að nokkru leyti fram komnar fyrir ósk samsölustjórnar og bæjarráðs Reykjavíkur. Út í þessar till. skal ég ekki fara á þessu stigi málsins. Komi þær til atkv., býst ég við að láta sumar hlutlausar, sumar get ég að sjálfsögðu samþ. En aðalandstaða mín gegn frv. er, eins og fram er tekið í nál. mínu, af tveimur ástæðum. Annars vegar er það, að ég tel hér verið að stíga spor aftur á bak varðandi hagsmuni bændastéttarinnar frá þeim l., sem nú gilda um verðlagningu og sölu afurða, því að ég tel hagsmuni bænda og sveitamanna miklu betur tryggða með þeim l., sem samþ. voru hér í fyrra og hafa hlotið nafnið búnaðarráðslögin. Það mál er þrautrætt hér á Alþ., svo að ekki virðist mikil ástæða til að ganga langt út í þann ágreining hér. Í annan stað tel ég, að það nýja fyrirkomulag, sem nú er hér samkv. þessu frv. sett upp um verðlagningu afurða — sem alltaf hlýtur að verða aðalatriðið í kappi framleiðenda um að bæta aðstöðu sína — búi miklu verr um hnútana af þeirra hálfu en gert er með þeim l., sem nú gilda og sett voru á síðasta þingi með samkomulagi þriggja þingflokka. Í annan stað lít ég svo á, að sú endurskoðun, sem hér hefur farið fram á afurðasölulöggjöfinni, sé að ýmsu leyti ekki svo fullnægjandi, að þeirra hluta vegna sé forsvaranlegt að taka öll afurðasölulögin svo undirbúningslaust til afgreiðslu nú og þess vegna þurfi nánari rannsókn og undirbúningur og umræður að fara fram, áður en frv. um það efni verði samþ.

Þetta eru þau atriði, sem gera það að verkum, að ég legg til á þskj. 833, að málinu verði vísað frá með þeirri rökst. dagskrá, sem þar hermir. Í þeim fskj., sem ég hef látið prenta með mínu nál., sem eru umsögn búnaðarráðs, umsögn bæjarráðs Reykjavíkur, umsögn samsölustjórnar, koma fram ýmis atriði þessum skilningi til stuðnings, og sé ég ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að fara að rekja þau ummæli, sem þar eru höfð, nema sérstakt tilefni gefist til, vegna þess að ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi kynnt sér þessi skjöl. En í öllum þessum umsögnum kemur fram stuðningur við þá skoðun, sem ég held fram, að hér sé að sumu leyti gengið aftur á bak og að sumu leyti sé undirbúningur ófullnægjandi.

Sigurður Guðnason: Ég vildi aðeins gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, að ég er ekki ánægður með álit meiri hl. landbn. Eins og þetta mál liggur fyrir, hefur það verið deiluatriði milli þeirra manna, sem hagsmuna eiga að gæta fyrir bændur. Það er talað um þrjá aðila. Eftir allt saman lítur út fyrir, að bændur sjálfir geti ekki komið sér saman um, hvernig skuli leysa þessi mál. Málið er ekki undirbúið, og þeir, sem það tekur til, neytendurnir, telja frágang þess algerlega óviðunandi. Ég mun því, vegna þess að ég held að afgreiðsla málsins sé ekki til neinna bóta, fylgja till. hv. þm. A-Húnv. um að vísa málinu frá fyrst um sinn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls ræddi ég nokkuð einstök atriði þess. Landbn., sem fékk málið til meðferðar, sendi það til

bæjarráðs Reykjavíkur til umsagnar. Umsögn bæjarráðs er prentuð í nál. og þar kemur fram, að það eru 4 atriði, sem bæjarráð taldi nauðsynlegt að fá inn til þess að tryggja hagsmuni neytenda. Eins og greinir í bréfi bæjarráðs, lætur það ekki í ljós aths. við frv. í heild, aðeins við V. kafla þess, um sölu mjólkur og mjólkurafurða, og skal ég ekki heldur fara út í frv. sem heild, en aðeins skýra þær 4 brtt., sem ég flyt hér ásamt nokkrum þm. Reykv.

1. brtt. er við 19. gr. og er viðbót um, að skylt sé að greiða framleiðendum mjólkur hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en stiglækkandi fyrir aðra flokka. Eins og kunnugt er, hefur mjólkursamsalan ekki fengizt til að ganga inn á þessa breyt. á undanförnum árum, og allt til þessa dags er það þannig, að greitt er sama verð fyrir fyrsta og annars flokks mjólk. Þetta ákvæði er tekið upp úr reglugerð um sölu mjólkur og mjólkurafurða, sem nýlega gekk í gildi og er samhljóða 14. gr. í þeirri reglugerð. Hins vegar teljum við nauðsynlegt, að þetta sé sett inn í l.

Það er nauðsynlegt fyrir neytendur, að framleiðendum sé veitt hvatning til þess að framleiða góða mjólk. Meiri hl. hefur gengið þar til móts við okkur með 11. brtt. sinni, en aðeins að nokkru leyti, því að svo segir í till. n., að framleiðsluráð geti krafizt þess, að gerður sé hæfilegur verðmunur til mjólkurframleiðenda. Þetta er aðeins heimild, nákvæmlega eins og stjórn mjólkursamsölunnar hefur. Þess vegna má segja, að þetta geri ekki mikinn mun frá því, sem nú er. Eftir því sem mér er sagt, er töluverður hugur hjá forgöngumönnum þessa máls á því, að gera verðmun eftir gæðum, og gætu þeir þá gengið inn á að lögfesta það.

Við 20. gr. 3. mgr. er brtt. svo hljóðandi: „Skylt er þeim, sem hafa heimild til að selja mjólk, að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti, sem tilskilin eru í lögum, heilbrigðissamþykktum og mjólkurreglugerðum á hverjum tíma," en í frv. er þessi skylda aðeins lögð á þá, sem selja mjólk beint til neytenda, en ekki á mjólkursamsölurnar sjálfa. Landbn. hefur tekið þessa ósk bæjarráðs upp í því formi, að framleiðsluráði verði falið að hlutast til um þetta, en í þessu sjónarmiði frsm. kemur fram stefnumunur. Hann lítur svo á, að framleiðendur eigi að stjórna þessu, en ég er á þeirri skoðun, að neytendur eigi ekki aðeins að hafa rétt til þess að gera athugasemdir og umkvartanir, heldur eigi fulltrúi þeirra beinlínis að hafa vald til þess að stöðva sölu mjólkur.

3. brtt. er um það, að aftan við 24. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: „Nú telur héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi, að sölumjólk sé óhæf til neyzlu, og getur hann þá stöðvað sölu á þeirri mjólk." Nú virðist þessir aðilar ekki hafa slíkt vald, en það verður að teljast nauðsynlegt, að slíkt sé lögfest. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að það spáir ekki góðu gagnvart neytendum — þótt ég efist ekki um góðan vilja frsm. n. — það spáir ekki góðu, hvernig reynslan hefur verið af þessu á undanförnum árum í þau 12 ár, sem stjórn mjólkursamsölunnar hefur haft þau með höndum, og enn fremur spáir það ekki góðu, að þeim sérfræðingi, sem með þetta fer, skuli af hv. menntmrh. (EystJ) hafa verið vikið frá störfum, en hann hefur gert aths. við það, hve mjólkin er gömul, þegar hún kemur til neytenda, og hlýtur nú verðlaun fyrir það.

4. brtt. er við 20. gr. frv., að aftan við 1. málsgr. bætist: „Skylt er að veita slíka undanþágu mjólkurbúum, sem bæjarfélög reka eða eru þátttakendur í." Nú hefur mjög komið til orða, að kaupstaðirnir sjálfir eða bæjarstjórnir setji upp mjólkurbú. Mér virðist sjálfsagt, að bæjarstjórnirnar fari út í slíkt og að í l. sé ekki heimild, heldur skylda til að veita slíkar undanþágur.

Ég leyfi mér að leggja fram þessar brtt. Ég geri ekki ráð fyrir, að atkvgr. fari fram nú, þannig að þær ættu að geta legið fyrir prentaðar, þegar atkvgr. fer fram.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu þessa máls, sem ég er mjög ánægður með, og sömuleiðis með brtt., sem hún hefur borið fram. Ég sé ekki ástæðu til að halda uppi deilum um aðalefni málsins, það var gert við 1. umr. þess, og sé ég, að brtt. hafa komið upp úr því.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. Snæf. vildi ég mega beina þeirri ósk til hans, að hann tæki þessar till. sínar aftur til 3. umr. til þess að flýta fyrir málinu. Ég geri ráð fyrir, að landbn. mundi vilja athuga þessar till. og ræða með sér og við flm., og sömuleiðis mundi ég óska að gera það líka, en það ætti að vera hægt að gera fyrir 3. umr., ef hv. flm. vill taka þær aftur nú til þess að reyna að þoka málinu.

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Menn sitja hér á friðarstólum, svo að ég sé ekki ástæðu til að fara út í rökræðu, enda þótt það gæfist lítils háttar tilefni. En út af því, sem fram kom hjá borgarstjóranum í Reykjavík, þm. Snæf., þá lít ég svo á, að hann sé með mjög veigamikla brtt., svo að ég álít, að hún mundi raska mjög því skipulagi, sem frv. er byggt á, og vildi ég óska þess, að hann vildi ganga inn á að gefa n. tóm og tækifæri til þess að ræða við hann um þessa till. Ef til vill mundi n. þá draga til baka 11. brtt. sína.

Gunnar Thoroddsen: Út af ummælum frsm. varðandi eina brtt. mína, sem hann telur mjög veigamikla, þá er hún ekki ný. Hún er búin að liggja fyrir, þótt það hafi verið í öðru formi. Hins vegar finnst mér sjálfsagt að verða við ósk hæstv. landbrh. og frsm. um að taka till. mínar aftur til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 129. fundi í Nd., 16. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 833, frá minni hl. landbn., felld með 14:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SG, SK, ÁkJ, GÞ, JPálm. JJ, SB.

nei: SEH, StJSt, StgrSt, BÁ, EmJ, EystJ, GSv, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JS, JörB, PÞ. HB, HermG, LJós greiddu ekki atkv.

11 þm. (SkG, ÁÁ, EOl, FJ, GTh, JóhH, KTh, ÓTh, PO, SigfS, BG) fjarstaddir.

Brtt. 814,1 samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, SEH, StJSt, StgrSt, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GÞG.

JJ, LJós, SG greiddu ekki atkv.
15 þm. (HermG, JóhH, KTh, ÓTh, PO, SigfS, SB, SK, SkG, ÁkJ, ÁÁ, EOl, FJ, GTh) fjarstaddir.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15:3 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 814,2 samþ. með 17:1 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.
Brtt. 814,3 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 16:2 atkv.
— 814,4 samþ. án atkvgr.
8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.
9.—14. gr. (verða 10.—15. gr.) samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 814,5 samþ. án atkvgr.
15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.
16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 16:2 atkv.
Brtt. 814,6 samþ. með 17:1 atkv.
17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.
18.—19. gr. (verða 19.—20. gr.) samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 814,7 samþ. með 17:1 atkv.
20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.
21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 814,8 samþ. með 17:1 atkv.
22. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 814,9 samþ. án atkvgr.
23.—26. gr. (verða 24.—27. gr.) samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 814,10 samþ. með 17:1 atkv.
27. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 814,11 tekin aftur.
28.—30. gr. (verða 29.—31. gr.) samþ. með 15:3 atkv.
31.—32. gr. (verða 32.—33. gr.) samþ. með 15:3 atkv.
33.—36. gr. (verða 34.—37. gr.) samþ. með 15:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Á 131. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 132. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 866, 867, 875, 893, 894).

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir afstöðu n. Það varð þá að samkomulagi að taka aftur eina brtt. n. til að leita samkomulags við flm. brtt. á þskj. 867. N. hefur nú gert sínar brtt., eða yfirfarið fyrr nefndar brtt. réttara sagt, og gert við þær nokkrar breytingar.

Viðvíkjandi 1. brtt. á þskj. 867 þá getur n. fallizt á hana, hún er að efni til samhljóða till., er n. bar fram og dregin var til baka. Viðvíkjandi 2. brtt. telur meiri hl. n., að hann geti ekki gengið að henni eins og hún liggur fyrir frá flm., með því að meiri hl. lítur svo á, að hún sé brot á ákvæðum, sem gilt hafa, og mundi sprengja það fyrirkomulag eða samkomulag, sem gert hefur verið, ef hún kæmi til framkvæmda. Á hinn bóginn gengur n. til móts við þessa till. og leggur til að veita þá heimild, sem um er beðið, en allmikið takmarkaða, m. ö. o. að bæjarfélag fái slíka undanþágu með barnamjólk, sem framleidd er á mjólkurbúum, sem eru með öllu í eigu viðkomandi bæjarfélags og innan lögsagnarumdæmis þess, en það er sá rammi, sem farið hefur verið eftir undanfarna áratugi. Jafnframt leggur meiri hl. n. til, að ef bæjarfélag framleiðir það mikla almenna neyzlumjólk, að algerlega sé fullnægt mjólkurþörf bæjarbúa, þá þurfi það ekki að leita samþykkis framleiðsluráðs eða samsölustjórnar. N. fellst á, að réttmætt sé að samþykkja 3. brtt. á þskj. 867, enda er það í samræmi við áður gerða till., og 4. lið getur n. fallizt á, en telur nauðsynlegt að bæta við till. í því skyni að tryggja rétt mjólkurframleiðenda, þar sem héraðslækni eða mjólkureftirlitsmanni, er dæma sölumjólk óhæfa til neyzlu, er gert að skyldu að leggja fram skilríki fyrir réttmæti þess úrskurðar. Það gildir sitt hvað um mat á mjólk og kjöti. Ef kjöti er kastað frá, er það til sýnis, og menn geta séð og gengið úr skugga um skemmd þess. En þetta er nokkuð öðruvísi um mjólk, hún getur breytzt á skömmum tíma í vondri geymslu, þótt það verði ekki almennt séð, en til þess að tryggja, að hún verði ekki úrskurðuð af handahófi, telur n. rétt, að viðkomandi matsaðilar leggi fram skilríki fyrir því, á hverju úrskurður þeirra byggist, svo að hægt sé að sannprófa, hvort sá úrskurður sé réttur. Þetta má teljast eðlilegur hlutur, og að öðru leyti er n. ásátt um brtt. þeirra flm. á þskj. 867. En auk þess hefur meiri hl. hennar borið fram brtt. við 5. gr. á þskj. 894, þar eð hann lítur svo á, að í hana vanti ákvæði, sem hægt sé að grípa til, ef svo færi, að einhver aðili neitaði að tilnefna fulltrúa í verðlagsráðið, og er því lagt til í þessari till., að landbrh. hafi rétt til að fela öðrum samtökum framleiðenda eða neytenda að tilnefna menn í þeirra stað, sem ekki fást tilnefndir af þeim samtökum, sem talin eru upp í greininni. Ég hygg, að menn séu sammála um, að þetta sé sjálfsagt og eðlilegt ákvæði. Ég skal svo ekki ræða þetta mál meira að sinni. Ég gerði grein fyrir afstöðu n. við fyrri umr. hér og sé ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því og það því síður, sem ég veit, að nú er svo komið, að samkomulag hefur náðst.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason) Við 2. umr. kom það í ljós, að meiri hl. n. er fylgjandi því að afnema l. um búnaðarráð, og einnig kom það fram, að hæstv. núv. landbrh. ber minna traust til bænda en fyrrv. hæstv. landbrh., því að hann virðist ekki treysta sér til að finna 25 bændur til að verðleggja landbúnaðarvörur. Ég hef leyft mér að bera fram tvær brtt. við þetta frv., og eru þær prentaðar á þskj. 875. Þessar brtt. fjalla eingöngu um þær gr., sem eru aðalbreytingar í því frá gildandi l. og eru 1. og 5. gr. frv. — 1. gr. frv. er um stofnun framleiðsluráðs, sem skipað sé 9 mönnum, en í minni brtt. legg ég til, að það sé skipað 12 mönnum og þeir séu þannig valdir, að stéttarsamband bænda kjósi með hlutfallskosningu á fulltrúafundi sínum 6 meðlimi eða helming ráðsmanna, S. Í. S. kjósi á sama hátt 4 menn á aðalfundi sínum og mjólkursamsalan í Reykjavík og Sláturfélag Suður-

lands leggi til sinn manninn hvort. Með þessari brtt. ætlast ég til, að fleiri sjónarmið komi fram en ella. Og varðandi aðalbreyt., að S. Í. S. kjósi 4 af meðlimum ráðsins, þá er grundvöllurinn sá, að innan S. Í. S. eru nú flest þau félög, sem hafa með sölu landbúnaðarvara að gera. Ég legg áherzlu á, að stéttarsamband bænda og S. Í. S. viðhafi hlutfallskosningu á fulltrúafundi sínum, þegar kosið er til ráðsins, svo að ekki nái kosningu pólitískt einlitt lið. Ég vil taka það fram, sem ég vék að við 2. umr. málsins, að ef ákvæði 5. gr., eins og þau eru, standa þar, þá hefur þetta framleiðsluráð ekkert vald til að kveða á um verð og þá er ekki beinlínis ástæða til að blanda stéttarsambandinu þar inn í, og væri þá eðlilegt, að sölufélag hefði framkvæmdina með höndum.

Hin síðari brtt. mín er um orðalag á 5. gr., sem er kjarninn, að því er snertir breyt. frá fyrri lögum. Undirstöðuatriðið í þeirri grein, eins og hún er, er, að úrskurðarvaldið sé hjá gerðardómi, þar sem bændur eigi einn fulltrúa, neytendur einn og hagstofustjóri sé oddamaður þessarar yfirnefndar. Þetta er það sama og að úrskurða með gerðardómi, þegar ágreiningur verður um kaup og kjör milli verkamanna og atvinnurekenda, og höfum við fengið reynslu frá árinu 1942, hvernig fór með gerðardómslög, sem byggðust á þeim grundvelli. En ég vil ekki segja um, hvort heppilegt sé, að deiluatriði um kaup og kjör séu útkljáð með gerðardómi eða ekki, en hinu mótmæli ég, að bændastéttin sé tekin út úr, eins og hér er gert með 5. gr. Þess vegna legg ég til í síðari brtt. minni, að sex manna nefnd sé skipuð til að endurskoða sex manna nefndar sáttmálann frá árinu 1943. En samkv. greininni er ekkert annað en að þessi n. eigi að búa til nýjan verðgrundvöll án tillits til samkomulags. Auk þess er gert ráð fyrir í brtt. minni, að þeir þrír fulltrúar, sem kosnir eru af stéttarsambandi bænda, að þeir séu ekki í framleiðsluráði, því að það er alger ófæra. Enn fremur legg ég til, að breytt sé um einn aðilann, sem leggur til fulltrúa í framleiðsluráð, því að samkv. frv. er lagt til, að einn fulltrúi sé frá Sjómannafélagi Reykjavíkur. Það er út af fyrir sig gott félag, en er ein deild í Alþýðusambandi Íslands, og landbn. barst bréf frá form. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þar sem hann mótmælir, að Sjómannafélagið sé tekið fram yfir það, enda er eðlilegra, að Farmanna- og fiskimannasambandið, sem nær um allt land, hafi fulltrúa í ráðinu. Þá er lokaákvæðið í síðari brtt. minni, og er kannske höfuðatriðið, að ef ekki verður samkomulag hjá sex manna nefndinni, þá skal verðið vera ákveðið af framleiðsluráði, og er ég þá á sömu götu og í fyrra, þegar deila stóð yfir um búnaðarráð. Með tilliti til þessa ákvæðis legg ég til, að fjölgað sé í framleiðsluráði og það sé kosið á annan hátt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, og varðandi önnur atriði þessa frv., þá skal ég ekki fara út í það. En ef mínar till. verða ekki samþ., þá mun ég greiða atkv. gegn þessu frv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á þskj. 867 flyt ég með þremur öðrum hv. þm. 4 brtt., sem ég gerði grein fyrir við 2. umr., og sé ég því ekki ástæðu til að rekja þær hér. Ég vil þakka hv. landbn., að hún hefur gengið inn á 1., 3. og 4. brtt., en hins vegar hefur n. ekki getað fallizt á 2. brtt., sem er varðandi undanþágu fyrir mjólkurbú, sem bæjarfélög reka eða eru þátttakendur í. Ég skal ekki endurtaka rök viðvíkjandi þessu, en hér er um óþarfa ótta að ræða hjá hv. n., að slík till. yrði til að sprengja mjólkurskipulagið. Það er heimilt að veita leyfi til að selja mjólkina beint til neytenda, en þeir framleiðendur, sem það gera, eiga að greiða verðjöfnunargjald. Það, sem brtt. okkar fer fram á, er, að bæjarfélögum sé tryggður slíkur réttur. Það, sem fyrst vakir fyrir okkur, er, að ef bæjarfélag rekur mjólkurbú, þá komi ekki til mála að blanda saman framleiðslu þess við aðra mjólk, og mér virðist kenna óþarfa ótta, að þessi till. sprengi mjólkurfyrirkomulagið. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um það mál.

Við 2. umr. gat ég þess, að það spáði ekki góðu, að þeim sérfræðing, sem á að hafa eftirlit um gæði mjólkur, hefði verið sagt upp starfi sínu við mjólkursamsöluna, og þetta hefur hæstv. heilbrmrh. gert. Hæstv. ráðh. var ekki viðstaddur hér þá, en fann köllun hjá sér til að andmæla þessu daginn eftir. Þessi andmæli voru svo rakin í Tímanum, og segir þar, að það sé misskilningur, að Sigurði Péturssyni gerlafræðingi hafi verið vikið frá atvinnudeild háskólans, en því heldur enginn fram, heldur hinu, að honum hafi verið vikið frá sem mjólkureftirlitsmanni, en hæstv. ráðh. segir, að þetta aukastarf sé fallið niður. Það er vissulega ástæða til að rekja þetta hér, því að þessi frávikning er ef til vill ekki eins sakleysisleg og menn gætu haldið. Þessi gerlafræðingur, Sigurður Pétursson, hefur starfað 12 ár sem gerlafræðingur, fyrst 10 ár hjá mjólkursamsölunni. Allt þetta langa starf hefur orðið til lítils, vegna þess að athuganir hans fengu ekki náð fyrir augum stjórnar samsölunnar, og sagði hún Sigurði Péturssyni upp árið 1945 í mótmælaskyni, vegna þess að samsalan þverskallaðist við réttmætum aðfinnslum gerlafræðingsins. En fyrrv. heilbrrh., borgarstjóri og héraðslæknir töldu, að þetta starf yrði að halda áfram, og 2. nóv. 1945 var Sig. Pétursson aftur skipaður til að hafa daglegt eftirlit með mjólk hér. Þetta starf var síðan framkvæmt af Sigurði Péturssyni í samráði við héraðslækni. En í maíbyrjun fær Sigurður Pétursson bréf, þar sem honum er sagt upp þessu starfi frá 30. apríl og tilkynnt, að starfið falli niður. Nú sýnist furðulegt, að manni, sem unnið hefur við mjólkureftirlit í 12 ár og engar sakir hafa á sannazt, að honum sé vikið frá fyrirvaralaust. Í öðru lagi er það undarlegt að skipa annan mann í hans stað án þess að nefna það hið minnsta við ráðamenn þessa bæjar, en eins og vitað er, borgar Reykjavíkurbær nokkurn hluta af kostnaði við þessa starfsemi. Það hefði að minnsta kosti verið kurteisi af hæstv. ráðh. að láta bæjaryfirvöldin vita um þessa breytingu. Þá segir hæstv. ráðh., að mjólkurreglugerðin geri ráð fyrir, að þetta embætti skuli vera felit niður. Þetta er alger misskilningur. Tilgangurinn var að festa eftirlitið með reglugerð, en ekki að afnema starf Sigurðar Péturssonar. Sigurður Pétursson bauðst til að halda þessu starfi áfram fyrir 350 kr. grunnlaun á mánuði, og mælti landlæknir með, að hann héldi starfi sínu áfram, en hæstv. ráðh. hefur skipað annan til starfans án þess að hafa samráð við landlækni. Nú vill svo til, að ein röksemdin, sem hæstv. ráðh. færði fram

í ræðu sinni, var, að hann hefði orðið við tilmælum Húsmæðrafélags Reykjavíkur í þessu efni. Húsmæðrafélagið hefur borið fram ýmsar óskir um bætt skipulag í mjólkurmálunum, en Framsfl. hefur þverskallazt við þeim. Og svo þykist hæstv. ráðh. hafa orðið að fara að tilmælum húsmæðrafélagsins. En ég vil fullyrða, að engin slík tilmæli hafa komið fram. Um kostnaðarhlið þessa máls mun ég ekki ræða, enda er hún ekkert aðalatriði.

Ég vil taka það fram, að þessi ummæli mín mega ekki skoðast þannig, að ég vantreysti hinum nýja manni, sem við starfinu tekur, og vona ég, að hann verði nytsamur í starfi sínu. En ég vil nota tækifærið og votta Sigurði Péturssyni þakklæti mitt fyrir starf hans, þótt ekki hafi hann getað áorkað miklu vegna stífni og þvermóðsku ráðamanna mjólkursamsölunnar. Ég vildi, að þetta kæmi hér fram, vegna þess að mér virtist gæta misskilnings hjá hæstv. ráðherra. Þessi ráðstöfun, að víkja Sigurði Péturssyni frá, er óþörf, óheppileg og ómakleg, og hefur þar sennilega ráðið margra ára sviði undan aðfinnslum hans.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mig furðar satt að segja ekki lítið á þessum ræðuhöldum hv. borgarstjóra, og það sýnist sem hv. þm. sé mikið í mun að viðhalda æsingu í kringum mjólkurmálin hér. Hv. þm. segir, að Sigurður Pétursson gerlafræðingur hafi verið flæmdur frá störfum, en með bréfi 2. nóv. 1945 var hann settur fyrst um sinn, þar til öðruvísi yrði ákveðið. Mjólkureftirlit Sigurðar Péturssonar hefur verið sem aukastarf hans, því að hann er starfsmaður hjá atvinnudeild háskólans. En á s. l. hausti var gefin út ný mjólkurreglugerð, og skal þá upptaka mjólkursýnishorna heyra undir héraðslækna og jafnframt koma nýtt starf við mjólkureftirlit um landið allt. Þá var um það að ræða, hvort eðlilegt væri, að Sigurður Pétursson hefði þetta eftirlitsstarf með höndum sem aukastarf eða maður, sem gat sinnt því óskiptur, og var ég ekki í vafa um, að þetta bæri að gera að aðalstarfi. Hér er um svo mikið starf að ræða, að óhugsandi var, að gerlafræðingur, sem er fastur starfsmaður hjá atvinnudeild háskólans, hefði þetta með höndum. Að vísu var till. um, að honum yrði falið þetta sem aukastarf, en ég gat ekki fallizt á það. Mér þykir einkennilegt að vera ámælt fyrir þetta af mönnum, sem telja sig vilja auka mjólkureftirlitið, að ráðinn sé maður til þessa starfs, sem getur alfarið snúið sér að því að byggja upp það, sem ábótavant er í þessu efni víðs vegar, bæði að lagfæra þá skipun, sem er í Reykjavík, og að koma þessu á fót annars staðar á landinu. Það er það starf, sem þessum manni er ætlað að gera. Líka er hugsað, að hann annist fyrir héraðslækna upptöku á mjólkursýnishornum. Það kann að reynast honum ofvaxið að gera þetta allt, og verður það til athugunar síðar.

Að leyfa sér að kalla, að ég hafi vikið Sigurði Péturssyni frá, er algerlega röng túlkun á því, sem hefur gerzt. Hann var settur til bráðabirgða með bréfi 2. nóv. Skipulaginu var breytt með reglugerð. Hér er um nýtt starf að ræða, eins og sést á því, að þegar ég tek við, liggja fyrir skjöl í ráðuneytinu og bollaleggingar um það, hvernig skuli komið fyrir ráðningu í þetta nýja starf. M. a. var till., að Sigurði yrði falið þetta sem aukastarf, sem ég gat ekki fallizt á. Ég skýrði frá því um daginn og endurtek það, að meðan málið var á döfinni í ráðuneytinu, kom fulltrúi frá Húsmæðrafélagi Reykjavíkur og mæltist til þess, að skipaður yrði í þetta mjólkurfræðingur, sem gæti gefið sig að því algerlega, og kom með fundarályktun um það. Og húsmæðrafélaginu var vel kunnugt um það, að Sigurður vildi ekki skipta á því starfi, sem hann hafði við atvinnudeild háskólans, og ganga alfarið í þetta starf. Ég sagði fulltrúanum frá Húsmæðrafélagi Reykjavíkur, að miðað væri að því að auka mjólkureftirlitið og fela það manni, sem gæti gefið sig að því alfarið, væri það Þórhallur Halldórsson frá Hvanneyri. Lét hún fyrir sitt leyti vel yfir því. Nú gerðist hins vegar það, að þegar átti að setja hann, baðst hann undan og vildi taka að sér annað starf.

Viðvíkjandi því, að ekki var borið undir bæjaryfirvöld Reykjavíkur, hver væri skipaður mjólkureftirlitsmaður fyrir allt landið, þá var það kannske yfirsjón. En mér hugkvæmdist það ekki, þó að ég vildi hafa alla góða samvinnu: Hitt veit ég — og hv. þm. leiðréttir mig, ef það er misskilningur —, að núverandi borgarstjóra, hv. þm. Snæf., var mjög vel kunnugt, að það stóð til að skipa Þórhall Halldórsson í þetta starf. Hefði hann haft eitthvað við þetta að athuga, hefði hann getað stutt á fóninn og haft viðtal.

Ég kann því ekki vel, að ráðizt hefur verið á mig út af Sigurði Péturssyni og sagt, að ég hafi komið óviðurkvæmilega fram gagnvart honum, því að það er ekki rétt. Ég ætla ekki að ræða, hvernig hann rækti starf sitt. Ég er ekki nógu kunnugur til að leggja á það dóm. En hann gegndi sínu starfi sem aukastarfi í Reykjavík. Og það getur alls ekki kallazt fráhvikning frá embætti, þó að öðrum manni sé veitt nýtt starf, sem stofnað er til.

Ég vil að lokum lýsa yfir, að ég vil gjarnan, meðan ég er við þetta starf, eiga góða samvinnu við bæjaryfirvöldin í Reykjavík um þetta mál, sem er talsvert viðkvæmt. Og ég hef lagt ríka áherzlu á það við manninn, sem tók við starfinu, að hann hafi sem bezta samvinnu við alla aðila hér og þá meðal annars bæjaryfirvöld Reykjavíkur. Hef ég svo ekki meira út af þessu að segja.

Jónas Jónsson: Ég vil víkja fáum orðum í spurnarformi að þeim manni, sem ber þetta mál fram, sem er hæstv. landbrh. Mín orð snúast fyrst og fremst um það, hvers vegna hann hefur, og þeir, sem með honum starfa, gert samkomulag vegna bænda, án þess að sjáanlegt væri, hvaða umboð hann hefði til þess, samkomulag við þá menn, sem verzla við þá með þeirra afurðir, og gert það á þann hátt, að það er ákaflega ólíkt því, sem gerist alls staðar annars staðar í landinu. Ég þykist vita, að hæstv. ráðh. hafi ekki viljað gera rangt í þessu efni. En þó er eðlilegt, að hann fái tækifæri til að útskýra þetta, og það kemur líka inn á eldri yfirsjónir, sem sumir hans nánustu samstarfsmenn eru við riðnir.

Það, sem hér liggur fyrir, er það, að á síðasta mannsaldri hafa launastéttir landsins — og þær eru orðnar nokkuð margar — komið fyrir samtökum, sem hafa farið það langt, að þær hafa ráðið sjálfar því kaupi, sem þær hafa tekið. Það er kunnugt, að verkamannastéttin hefur þokað sínum málum áfram þannig, að t. d. kolamokarar

hafa nú á gufuskipunum um 70 þús. kr. í árstekjur, fyrir utan mat og náttúrlega húsnæði á skipunum. Ýmsar aðrar launastéttir, þar á meðal verkamenn, hafa fengið gífurlegar hækkanir, svo sem öllum er kunnugt. Og það hafa í raun og veru verið þeirra ákvarðanir. Það er ekki hægt að segja, að þeir hafi átt neina andstæðinga, heldur hafi þjóðfélagið veitt það, sem upp var sett. Ef við nefnum félag skipstjórnarmanna og loftskeytamanna, er hið sama að segja, að kaup þessara stétta er gífurlegt. Sumir hafa á 2. hundrað þús. kr., sumir tæp hundrað þúsund kr., og loftskeytamenn hafa fengið 50—60 þús. kr. En það merkilegasta í þessu efni eru launalögin frá í fyrra. Var þar stjórnarsamningur, þar sem ég hygg, að Alþfl. hafi ráðið mestu. Var sagt, að við samningu launalaganna hafi verið sérstakt tillit tekið til þess, hvað launamenn vildu sjálfir hafa, enda er öllum kunnugt, að fyrir utan undirbúning málsins, sem launamenn höfðu svo að segja einir með höndum, beittu þeir hörku og einræði við þá menn, sem stóðu að málinu í þinginu. Ég skal ekki segja, hvort þetta er leið til happa á ókomnum árum. En þetta er ástandið í landinu, að launafólkið í bæjunum hefur yfirleitt að kalla má algerlega ráðið sínum launum og ekki haft neitt mótvægi. En svo kemur bændastéttin, sem er ennþá stærsta stétt landsins. Hennar kaup kemur í þeim afurðum, sem sveitafólkið framleiðir og selur að mjög miklu leyti innanlands. Ef jafnrétti væri hugsað milli bænda og annarra stétta, ættu bændur sjálfir að ráða, hvaða verð er sett á þeirra vöru. Þessu er nú ekki svo háttað. Og niðurstaðan er sú, að eftir nokkrar byrjunartilraunir, sem eru algerlega ómerkilegar, endaði málið á því, að bóndinn ræður engu sjálfur um það hvað hans vörur eru seldar innanlands, og ekki hans kaupfélag, sláturfélag eða mjólkurfélag, heldur ekki S. Í. S. Nei, það eru 3 manna n. í Reykjavík, og í þessari n. er einn maður fyrir bændur, einn fyrir kaupendur í Reykjavík, og þriðji maðurinn er opinber starfsmaður í bænum, sem er venjulegur neytandi, en ekki framleiðandi, hinn sómasamlegasti maður, en hefur að öllu leyti sömu hagsmuna að gæta eins og hinir fulltrúarnir úr bænum. Það er þetta, sem hæstv. ráðh. hefur gengið inn á, að það kemur ekki til greina neitt vald frá bændum. Það er ekki hægt fyrir hæstv. ráðh. að neita því, að hér er allt öðruvísi farið að en með aðrar stéttir. Aðrar stéttir neita að afhenda þetta vald.

Það er kunnugt, að í ársbyrjun 1942 tókst launamönnum allt í kringum landið að gera uppsteyt, af því að það átti að vera gerðardómur um kaup og aðra hluti. Ekki var neitt fyrir fram ákveðið, að verkamenn skyldu tapa á þessu. En upp úr þessu gátu verkamenn komið því við að hækka sitt kaup næstu mánuði á eftir, og atvinnurekendur og ríkisstj. fengu ekki rönd við reist. Ráðh. er ljóst, hvað á bak við var, að þeir höfðu skipuleg samtök. Í byrjun voru mörg vanmáttug félög, en þau höfðu skrásett sig og myndað reglur og samband og höfðu löglega yfirstjórn. Og þetta samband, Alþýðusambandið, hefur eftir vissum reglum umboð til að synja mannfélaginu um vinnu, þegar því þykir við eiga.

Það mun nú hafa verið sumarið eftir, 1943, sem þetta skipulag var notað svo kröftuglega, að við borð lá, að hitaveitupípur frá Ameríku, sem lágu í skipi á höfninni, yrðu að fara aftur til Ameríku, af því að þessir verkamenn, sem ekki vildu þola gerðardóminn, vildu ekki skipa þeim upp. Ég er ekki að hæla þessu atferli. En það er staðreynd, að svona var farið að af verkamönnum. Launamenn hafa lært af verkamönnum sínar aðferðir. Árslaun þeirra kennara, sem höfðu fyrir stríðið liðlega 3 þús. kr., eru eftir nýju launalögunum 25 þús. kr. Þetta er eitt dæmið.

Hæstv. ráðh. má þykja leiðinlegt, að þetta ástand er komið, og að hann hefur stutt að því, að bændur eru réttlausir í þessu efni og eiga undir duttlungum einhverra í Reykjavík, hvað þeir fá í kaup. Á þingi var ekki fyrir löngu, eða 1943, sett löggjöf, sem bæði Morgunblaðið og Tíminn hrósuðu mjög. Bændur þyrftu svo sem ekki að kvíða afleiðingum kreppunnar. Ef bæjarfólkið hækkaði kaupið, hækkaði verðið á afurðum til sveitanna. Þetta 6 manna álit var eins og dómur, sem mátti byggja á. Svo kemur að því haustið 1944, að stofnun, sem hæstv. ráðh. stýrir, kallar saman búnaðarþing. Og eftir því sem eitt stærsta stjórnarblað núverandi stjórnar sagði, var það gert fyrir tilhlutan forráðamanna Sjálfstfl. og Framsfl. og náttúrlega Hermanns Jónassonar og allrar stjórnarinnar. Og þessi samkoma safnaðist saman undir stjórn núverandi landbrh. og samþykkti það að gefa eftir þennan grundvöll, gefa eftir þá miklu hækkun, sem bændur áttu skilyrðislaust kröfu á að fá eftir hækkunina, sem varð 1943. Það er enginn vafi, að fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl., sem þarna voru, samþykktu þessa eftirgjöf í þeirri trú, að þetta mundi á einhvern hátt verða málefni bænda til góðs. Þeir héldu líka, að það mundi koma stjórn, sem yrði vinveitt bændum, en ekkert varð úr stjórnarsamstarfi. Það sýnir, hvað langt var komið, að formenn flokkanna, Hermann Jónasson og Ólafur Thors, skrifuðu hvor sína grein, í Morgunblaðið og Tímann — hér um bil alveg sömu greinina. Þeir töluðu um, hvað það væri dæmalaust fallegt og óeigingjarnt og drengilegt að gefa eftir þessa kauphækkun sína, sem þeir annars ættu rétt á. En eftir að blöðin voru komin til bænda, fóru ómjúkar kveðjur í Tímanum og Morgunbl. milli þeirra, sem unnu saman að þessari eftirgjöf. Flokksforingjarnir deildu harkalega. Niðurstaðan varð sú, að Ólafur Thors myndaði stjórn, svo sem kunnugt er, en Hermann og hans flokkur og bændastéttin varð út undan. Þegar kom til Alþ. kasta, var því slegið föstu, að fulltrúar bænda séu búnir að gefa þetta eftir. Það er enginn vafi, að núverandi landbrh. og hans menn voru mjög blekktir í þessu efni, og raunar sjálfstæðismenn sumir líka. Síðan þá hafa bændur ekkert til að byggja á í þessu efni. Grundvellinum, sem þeir voru búnir að fá, höfðu fulltrúar þeirra kastað frá sér. Og síðan er ekki talað um sex manna nefndina nema í skopi.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh., sem er formaður Búnaðarfélagsins, hvernig á að skilja, að á búnaðarþingi í vetur var farið fram á af einum þm. þar, Bjarna á Laugarvatni, að þar sem hafi verið rofinn samningur við bændur 1944 og þeir ekki fengið það, sem þeir vildu, þá sé þessari kröfu vísað til stéttarsambandsins. Nú eru liðnir margir mánuðir síðan, og ekki hefur orðið vart við neinar kröfur. Í stuttu máli, landbrh. hefur staðið fyrir þessari ráðagerð, að kalla saman búnaðarþing 1944,

ber ábyrgð á þeim aðgerðum, sem þar eru formaðar. Og í vetur er hann ekki frá því, að sex manna grundvöllurinn sé ennþá til og vísar í stéttarsamband, sem hann er með í að stofna. En stéttarsambandið lætur ekki til sín heyra. Og nú kemur það upp á teningnum, að það er ekkert stéttarsamband til. Hæstiréttur inn er tveir neytendur í Reykjavík á móti einum framleiðanda. Ég veit, að bæjarmönnum hefur þótt vel leikið á sveitamanninn nú eins og 1944.

Nú vil ég útskýra, hvers vegna hæstv. ráðh. hefur tekizt svona herfilega. Hann misskildi herfilega eftir hinn mikla ósigur á búnaðarþingi 1944, þegar hann sá ekki, að það var aðeins ein leið fyrir þá, sem voru blekktir, til að rétta sig við til þess að skapa frjálst stéttarsamband kringum allt land, alveg óháð öllum öðrum félögum, sambærilegt við Alþýðusambandið, með deild í hverri sýslu og sveit. Þetta eitt gat verið nógu sterkt til að vega salt á móti hinum leiknautunum. En af óskiljanlegum ástæðum snerist hæstv. ráðh. á móti málinu ásamt sínum nánu samstarfsmönnum og eyðilögðu það. Það væru engin stéttarsamtök, ef hóað væri saman fáeinum mönnum hér og þar af landinu til að koma saman í Reykjavík. Ef slíkur skipulagslaus hópur verkamanna ætlaði að fara að semja við atvinnurekendur, mundu þeir ekkert vilja með slíka menn hafa, af því að þeir hafa ekki vald á bak við. Hjá Alþýðusambandinu er vald á bak við, sem félagar þess hafa skapað sér sjálfir.

Ég er ekki að áfellast hæstv. ráðh. einan, þó að hann beri sannarlega sinn hluta af ábyrgðinni af þessum mistökum og aðgerðaleysi. Hann hefur ekki skilið, að meðan allar aðrar stéttir halda saman harðvítugum samtökum til að hafa sín mál fram, er ekki hægt fyrir bændur að vera alveg án slíkra samtaka. Veit ég, að það má misnota samtökin, eins og forkólfar Dagsbrúnar eru nú að gera utan við kaupkröfur til þess að reyna að kiekkja á núverandi stjórn.

Það hefur oft komið fram í samtölum búnaðarþingsmanna, að bændur hafa aldrei borið sitt barr, síðan þeir voru vélaðir 1944, enda sást það, hvern hug slíkir bændur hafa á því, að a. m. k. tveir nafnkenndir bændur, sem voru á búnaðarþingi, neituðu að styðja stjórn, sem var sköpuð og byggð á þessu hringli.

Nú getur hæstv. ráðh. og öðrum sjálfsagt verið ljóst, að það eru ekki líkur til þess, að þetta skipulag standi til lengdar. Fyrrv. stjórn setti l. um búnaðarráð, sem líka voru nokkuð sniðug. Stjórnin kallaði bændur saman, sjálfstæðismenn og kommúnista, sem áttu að ákveða verðið. Nú sýnist það vera nokkuð undarlegt, að hæstv. núverandi landbrh. skyldi ekki vera feginn að fá þennan grundvöll, að hann skyldi nú ekki berjast úr þessu virki, sem hann var búinn að fá úr höndum andstæðinganna. En hæstv. ráðh. fer úr þessu vígi og býr til það, sem er ekkert vígi, gerðardóm, sem er áreiðanlega verst byggði gerðardómur, sem maður veit til, að hafi verið gerður hér á landi, því að neytendur og framleiðendur eiga þar leik saman og fyrir fram tryggt, að neytendur ráði úrslitum.

Ég vil að síðustu segja það, að þetta fyrirkomulag, búnaðarráð áður og framleiðsluráð nú, er ágætt fyrir þann, sem hefur tekið þátt í þessum skollaleik síðan 1944, að reyna að sleppa frá bændum á sem „billegastan" máta. Það er ágætt eins og stendur. En hæstv. ráðh. má vera viss um, að ekki verður langt þangað til aðrir tímar koma. Það stendur svo nú, að nú er engin fisksala, ekkert í Rússlandi, ekkert í Ameríku, ekkert í Englandi, og kommúnistar vona, að þeir geti hindrað, að það verði nokkur síldarvertíð í sumar, og þá er ekkert fram undan nema ægilegt verðhrun. Og þá á að segja við bændur: Farið þið út úr vísitölunni. Þá er stríðsgróðinn búinn, og bændur dreifðir um allt land, margsviknir af mönnum, sem þeir trúðu og ætluðu kannske ekki að svíkja þá, en hafa komið öllum þeirra málum í vandræði fyrir fávizku og grunnhyggni. Og eitt verður aldrei skafið af þessum mönnum. Þeir máttu vita, að það er ekkert vald til nema stéttarvald, sem getur hjálpað bændum til að halda rétti sínum. En niðurstaðan er sú, að bændur eru eins varnarlausir og mest má vera, eins og sést á því, að búnaðarþing vísar nú til stéttarsambandsins, sem það er búið að drepa. Það var síðasta úrræðið, sem þeir vísuðu á. En eins vil ég óska hæstv. ráðh., og það er það, að þegar þessi dýrtíðarpólitík er horfin og bændur fá að ráða sér sjálfir, þá megi hann ljá því lið, að bændur byggi upp sjálfir sín sterku og frjálsu samtök. Mætti honum auðnast það, þá gæti verið, að honum fyrirgæfist nokkuð af því, sem hann hefur misgert í þessu máli.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég tel mig verða að svara nokkrum orðum þeim miklu samherjum, hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. S-Þ.

Hv. þm. A-Húnv. sagði í upphafi ræðu sinnar, að það væri sýnilegt, að ég bæri minna traust til bænda en fyrirrennari minn í þessu sæti, þar sem ég sýnilega treysti þeim ekki til að fara með þessi mál, þvert á móti því, sem hann hefði gert. Ég veit, að þegar hann talaði um fyrrv. landbrh., þá meinti hann sjálfan sig, því að hann telur sjálfan sig hafa verið mótor í því, sem gert hefur verið í landbúnaðarmálum í tíð fyrrv. stjórnar. Ég skal þá reyna að gera samanburð á mér og honum. Sá er munurinn á mér og hv. þm. A-Húnv., að ég treysti bændum til að kjósa sjálfum þá fulltrúa, sem eiga að fara með þessi mál, í staðinn fyrir það, að honum þótti vissara að sía þá í gegnum hendur fyrrv. landbrh., láta hann ráða því, hverjir færu með þessi mál fyrir hönd bænda, í staðinn fyrir það, að ég vil láta þá sjálfa velja þá, ákveða sjálfa, hvaða menn þeir velja til að fara með þessi mál.

Hv. þm. talaði síðan um það, að hér væri verið að koma upp eins konar gerðardómi og það væri hér verið að taka valdið af bændum til þess að ráða verðlagi á vörum sínum, þvert á móti því, sem hefði verið áður. Ég vil nú minna hv. þm. á, að í gildandi l. um búnaðarráð, þá er það svo, að þeir, sem fara með verðlagsvaldið, eru allir skipaðir af ríkisstj., en samkvæmt þessu frv. fara með verðlagsvaldið aðilar, sem eru kosnir af bændum landsins, á móti þeim aðilum frá neytendum, sem eiga að semja um þetta, á sama hátt og fulltrúar verkamanna og fulltrúar atvinnurekenda semja um kaupgjald verkamanna. Hitt er rétt, að það er ákveðið, að meðan landbúnaðarvörur eru greiddar niður á innlendum markaði og greiddar útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, þá fer gerðardómur með þessi mál. Ef þeir aðilar, sem tilkvadd-

ir voru frá verkamönnum og bændum, ekki koma sér saman, þá er settur gerðardómur til að skera úr deiluatriðunum. En höfuðatriðið í þessum l. er það, sem hv. þm. gekk alveg fram hjá, að það er fyrirskipað í þessum l., að það eigi að greiða bændum fyrir sína vöru það verð, að þeir beri úr býtum hliðstætt því, sem aðrar stéttir í þjóðfélaginu gera. Þetta er aðalatriði málsins, sem ekki er hægt að komast í kringum, og það var þetta, sem var undirstaða sex manna nefndar samkomulagsins á sínum tíma. Ég hef sagt það áður og segi það enn, að engin löggjöf um ákvörðun á íslenzkum landbúnaðarvörum hefur verið eins vinsæl og sex manna nefndar löggjöfin, af því að þar var viðurkennt af Alþ., að það bæri að greiða bændum það verð, að þeir bæru svipað úr býtum og aðrar stéttir, og á því var fengin viðurkenning af hálfu neytenda, svo að ekki þyrftu að standa um það óendanlegar deilur, hvort það verð, sem bændur bera úr býtum fyrir afurðir sínar, sé hæfilegt eða ósanngjarnt.

Þessi tvö atriði eru meginefni þessa máls, og það er það, sem bændur um allt land svo að segja undantekningarlaust hafa látið í ljósi skoðun sína um, að væri heppilegasta, réttlátasta og æskilegasta fyrirkomulagið. Það er þetta fyrirkomulag, sem hér er tekið upp á ný og á að vera grundvöllur fyrir verðlagningunni framvegis.

Hv. þm. talaði um, að hér væri gerðardómur, sem ekki þekktist um kaupákvarðanir neinna annarra stétta. Ég vil segja, að ef þetta er gerðardómur, þá var úrskurður sex manna n. líka gerðardómur, og veit ég ekki betur en hv. þm. A-Húnv. væri á sínum tíma með þeim gerðardómi og hafi talið sér til gildis, að hann hafi átt þátt í að koma honum á. Þetta er sams konar gerðardómur og hann stóð að að koma á með sex manna n. En þessi gerðardómur, sem er enginn gerðardómur eftir venjulegri merkingu þess orðs, er allt annars eðlis en þeir, sem hér hafa áður verið settir til að útkljá kaupgjaldsmál, því að hér er því slegið föstu, og um það þarf ekki að deila, að bændur eigi að fá það verð á vörur sínar, að þeir beri svipað úr býtum og aðrar stéttir þjóðfélagsins. Það er sá grundvöllur, sem skylt er að byggja á. Og það, sem á að fara eftir, eru búreikningar, sem fyrir liggja og hafa verið haldnir lengi og verður haldið áfram og eru sífellt að aukast og fullkomnast. Það má að vísu alltaf um það deila, hvað sé rétta útkoman, en ég vil þó segja, að nær réttu verður ekki komizt en það að ákveða, að bændastéttin skuli bera úr býtum fjárhagslega jafnt og aðrar stéttir og um það skuli farið eftir úrskurði manna, sem eru taldir færastir til að dæma um það á hverjum tíma. Það er ekki hægt að komast nær því, og ég er sannfærður um, að bændur muni bera meira úr býtum með þessari tilhögun, þó að hún sé stundum kölluð gerðardómur, en þó að þeir hefðu farið út í baráttu við aðrar stéttir um verðlagið. Ég er sannfærður um, að slík barátta væri óæskileg og hefði ekki verið fallin til að fita bændur betur en það fyrirkomulag, sem hér á að lögfesta.

Hv. þm. var að tala um nauðsyn þeirrar brtt., sem hann ber fram, um að viðhafa hlutfallskosningu. Hann þarf ekki að bera fram neina brtt. um það, því að það er í l. stéttarsambands bænda, að það eigi að viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er óskað innan samtakanna, svo að þetta liggur fyrir og þarf ekki að lögákveða það af Alþingi.

Þá minntist hv. þm. á, að réttara væri að endurskoða sex manna álitið fremur en að viðhafa þá skipun, sem hér er ákveðin. En það er að deila um keisarans skegg, því að sú skipun, sem hér er ákveðin, er endurskoðun á sex manna álitinu, og það er ætlazt til, að sama verði lagt til grundvallar fyrir verðlagningarákvörðunum og gert var í sex manna álitinu og tekið tillit til þeirra breyt., sem orðið hafa, síðan það álit var samið. M. ö. o., þetta er endurskoðun á grundvellinum, þó að það sé borið fram í annarri mynd, og þarf hv. þm. því ekki að bera fram brtt. um það efni.

Þetta voru aðalatriðin í því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, en ég kemst ekki hjá því að svara hv. þm. S-Þ. nokkrum orðum.

Hv. þm. S-Þ. sagði, að með þessu frv., sem hér lægi fyrir, væri ég að gera samning fyrir hönd bænda, sem ég hefði ekki umboð til og bændur mundu verða mér lítið þakklátir fyrir. Ég skal fyrst og fremst geta þess, að áður en gengið var frá þessum samningi, sem lagður var til grundvallar fyrir frv., kvaddi ég til ráðuneytis stjórn stéttarsambands bænda, og það, sem hér er lagt til, er í aðalatriðunum það, sem þeir óskuðu eftir, að kæmi inn í þessa nýju löggjöf, en í stjórn sambandsins eru fulltrúar fyrir bændastéttina, kosnir af fulltrúaráðum þeirra, sem eru þannig upp byggð, að fulltrúar hvers einasta hrepps koma saman á sýslufundi og sýslufundur skipar fulltrúa á landsfund og landsfundur kýs stjórnina. Þegar var gengið frá stofnun stéttarsambandsins á Hvanneyri í haust, stóðu allir fulltrúarnir að því samkomulagi, sem þar var gert, og mynduðu samtökin eins og þau eru nú í dag. Það hafði staðið styr á undanförnum árum um tilhögun sambandsins, og hv. þm. S-Þ. þekkir það vel, því að hann tók þátt í því, en það endaði með fullu samkomulagi allra fulltrúa um öll atriði, einnig þeirra, sem á sínum tíma höfðu staðið með hv. þm. S-Þ. og óskuðu að fara aðra leið í þessu máli. Stjórn stéttarsambandsins samþykkti í öllum aðalatriðum það fyrirkomulag, sem hér liggur nú fyrir. En það var ekki nóg með það. Búnaðarþing kom saman s. l. vetur, og þótti mér rétt að leggja þetta frv. fyrir búnaðarþing, ekki af því að búnaðarþing eigi eftirleiðis að fara með þessi mál, því að það er eitt atriðið í þessu frv., að stéttarsamband bænda á algerlega að fara með þessi mál eftirleiðis, heldur vegna þess að búnaðarþing hefur áður staðið að þessum málum og að nokkru leyti lagt grundvöllinn að stéttarsamtökum bænda og sex manna l. Ég vildi því einnig láta búnaðarþing dæma um þetta frv., og það var samþ. á búnaðarþingi með öllum atkv. gegn einu, sem var á móti því, að frv. yrði að l. Og þetta eina atkvæði, sem var á móti, byggðist á því, að sá maður óskaði eftir að breyta einu ákvæði l. Ég verð því að segja, að ef nokkurt frv. hefur nokkurn tíma verið lagt fram með fullu samþykki bændastéttar landsins, þá er það þetta frv., þar sem tvö fagfélög, sem bændur skipa sér í, Búnaðarfélag Íslands og stéttarsamband bænda, hafa fyrst og fremst samþ. að fylgja þessu máli.

Þá talaði hv. þm. S-Þ. mikið um, hvernig komið væri málum íslenzkra bænda, þar sem þeirra aðstaða væri eins og nú væri orðið, að þeir fengju

engu að ráða um verðlag á vörum sínum, en aðrar stéttir væru svo að segja einráðar, hvaða verð þær settu á sína vinnu. Nú er þetta í raun og veru ekki þannig. Það er ekki rétt, að verkamenn séu einráðir um, hvaða kaup þeir fái. Samkvæmt l. hafa þeir aðeins rétt til að semja við vinnuveitendur, en enginn taxti er löglegur, ef hann er ekki samþ. af verkamönnum, og ekki heldur nema hann sé samþ. af atvinnurekendum. Þess vegna er það svo, að þá fyrst, er þeir hafa komið sér saman, er um löglegt kaup að ræða. Nú hélt hv. þm. fram, að þetta væri aðeins bókstafur, því að í raun og veru réðu verkalýðssamtökin ein öllu í þessu efni og réðu því sjálf, hvaða kaup væri á hverjum tíma. Það má segja, að undanfarið hefur þetta verið þannig, að það hefur verið lítil mótspyrna frá hálfu atvinnurekenda gegn verkamönnum í kaupgjaldsmálum, því að hin mikla atvinna og hinir miklu peningar, sem hafa verið í gangi, hafa valdið því, að verkamenn hafa verið sterkari til að koma sínum málum fram. Þetta er alveg rétt. En hvers geta bændur krafizt frekar en að fá að fylgja í slóðina? Þeim er tryggt af löggjafanum, að þeir fái alveg sama og þessir verkamenn. Hann talaði um, hvað kaupið væri hátt, kolamokarar hefðu haft 70 þús. og aðrar verkamannastéttir gífurleg laun. Hvað er verið að gera með þessum l.? Það er verið að lögfesta, tryggja eins og mögulegt er, að bændur fái hliðstæð laun og verkamenn, ekkert annað en það. Ég held, að það sé ekki hægt fyrir bændur að komast frekar í slóð þessara manna en með því að fá aðstöðu til að tryggja sér sama kaup og hliðstæðan grundvöll. Ég er hræddur um, að þótt stéttarsambandið væri máttugt og þó að þeir væru djarfir, þá yrðu þeir aftarlega, ef þeir ættu að sækja rétt sinn með stéttabaráttu, ef þeim væri ekki liðsinnt á annan hátt, því að það er alveg gefið, og ég er alveg samdóma hv. þm. S-Þ., að það verða miklir erfiðleikar fram undan, þegar verður farið að semja um kaup og kjör og verðlag á vörum og bændur yrðu ef til vill að horfast í augu við að verða að færa niður — ég er hræddur um, að í þeim átökum, sem þá yrðu um kaup annars vegar og verðlag hins vegar, þá mundu bændur verða nokkuð aftarlega í þeirri baráttu, ef þeir ættu aðeins að treysta á mátt og megin stéttarsamtaka sinna. Mér sýnist því, að sú leið, sem hér á að fara, sé miklu vissari en sú, sem hann virðist vilja fara, því að við verðum að viðurkenna það, að verkalýðsfélögin hafa miklu sterkari aðstöðu. Þeirra samtakamáttur er í þéttbýlinu, en bændur eru dreifðir út um allt land. Ég er því hræddur um, að þeir mættu sín lítils í þeim átökum, sem við getum búizt við, að fram undan séu um kaup og kjör verkamanna og verð á framleiðslu bænda. Og hversu mikil trygging er þá ekki í því fyrir bændur, ef búið er að lögfesta hér og reynt að tryggja, eftir því sem hægt er, að þeir skuli á hverjum tíma bera sama úr býtum og aðrar stéttir? Ég veit ekki, hvers er frekar hægt að krefjast fyrir hönd bænda. Ég hygg, að þeir geti ekki gert hærri kröfur en það, að þeir skuli bera svipað úr býtum og aðrar stéttir, en það er það, sem þeim er tryggt með þessari löggjöf. Ég vil halda fram, að í þeim átökum, sem hv. þm. S-Þ. var að spá, að fram undan væru, þá séu bændur betur settir með þessa löggjöf og framkvæmd hennar en ef Pétur yrði að deila við Pál í þeim átökum, sem hann spáði og kannske eiga eftir að koma og hann telur æskilegt, að bændur taki þátt í.

Þá kyrjaði hv. þm. enn sínn gamla söng um þau ógurlegu svik, sem bændur hefðu orðið fyrir á sínum tíma af hálfu búnaðarþings, þegar það ákvað að gera samning við ríkisvaldið um að hækka ekki verðlag á sínum vörum, þó að þeir hefðu til þess lagalegan rétt samkvæmt samkomulagi sex manna n. Það verð gátu þeir fengið á tvennan hátt, þeir gátu það með því, að ríkisvaldið borgaði þeim uppbætur á útfluttar afurðir. Ef ríkisvaldið hefði ekki borgað þær uppbætur, höfðu þeir rétt til að hækka verðið innanlands til að fá uppbætur á útflutningsvöruna með því innlenda verði.

Þegar hin margumtalaða eftirgjöf var ákveðin af búnaðarþinginu, lá fyrir, að ekki var neinn þingmeirihl. fyrir því að borga útflutningsuppbætur, og var þá um ekkert annað að gera fyrir bændur til þess að ná rétti sínum en hækka að sama skapi verð á innlendum vörum. En það var fleira, sem komið gat til greina — og kom til greina, að í stað þess að greiða útflutningsuppbætur lofaði ríkisstj. öðrum fríðindum á móti, sem miðuðu til hækkunar hjá bændum, ríkisstj. lofaði að greiða uppbætur á ull og lofaði um leið að greiða þá hækkun, sem yrði á framleiðslukostnaði fram á næsta haust. Og bændur á búnaðarþingi völdu þann kostinn að semja við ríkisvaldið um nokkur fríðindi á móti upp á það að hækka ekki vörur á innlendum markaði. — Það var mikið deilt um þetta og miklir spádómar um það af hv. þm. S-Þ. og fleirum, að hér væri verið að kasta milljónaverðmætum frá bændastéttinni til neytenda í stað þess að halda sínu striki og ákveða verðhækkun með l., eins og bændur hefðu rétt til. Það var deilt um þetta þá, en nú þarf ekki að deila um það, því að það er sannað með tölum fyrir þm., þó að hann hafi ekkert lært, sannað með tölum, að þau fríðindi, sem bændur báru úr býtum fyrir þessa samninga og skilmála, sem búnaðarþing setti á sínum tíma, voru fullt eins mikil og útflutningsuppbæturnar hefðu numið, þannig að fyrir liggur, að það, sem búnaðarþing gerði fyrir hönd bændanna á þessum tíma, var búhnykkur, og þarf ekki að rökræða það lengur. Það er sannað mál, sem allir viðurkenna, sem skilja tölur.

Þm. talaði um það, að ég bæri ábyrgð á því, sem gerzt hefði á búnaðarþinginu, mín væri sökin og ég bæri ábyrgð á því allra manna mest, því að ég hefði verið forseti. Eftir þessu að dæma eiga forsetar þingsins einir að bera höfuðábyrgðina á því, sem samþ. er á þingi á hverjum tíma, jafnvel þótt þeir greiði atkv. móti því. Mér er ekki grunlaust um, að ýmislegt hafi verið samþ. og afgr. í fjárl., sem hv. þm. A-Húnv., forseti sameinaðs þings, hafi ekki verið ánægður með og jafnvel greitt atkv. á móti. En samkv. hinni nýju kenningu ber hann ábyrgðina á því öllu saman. Það er þess vegna einkennilegt að halda því fram, að ég beri sökina, þar sem ég hafði ekki þarna svo mikið sem kosningarrétt. En hér er ekki um sök að ræða, og ég vil segja, að ég hefði verið upp með mér af því að taka á mig þessa ábyrgð, hefði fyrst og fremst verið mér að þakka sá búhnykkur, sem búnaðarþing stóð að að ákveða á haustþinginu

1944. En ég get það ekki, því að ég var aðeins fundarstjóri og bar upp till. sem forseti.

Ég held, að það sé ekki fleira en þetta, sem ég tel ástæðu til að svara hv. þm. S-Þ. Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég er búinn að segja, að það er örðugt að tryggja framtíðina, bæði fyrir einstakar stéttir og þjóðfélagið í heild. En ég verð að segja, að ef nokkur leið er til að tryggja það, að komið verði í veg fyrir, að íslenzka bændastéttin verði bókstaflega mulin undir þeirri skriðu verðfalls, sem hv. þm. S-Þ. er að spá, er það sú löggjöf, sem hér liggur fyrir, og það ákvæði hennar, að skylt sé að tryggja íslenzkum bændum sambærileg kjör við aðrar stéttir þjóðfélagsins. Það kann að mega deila um ýmis ákvæði þessarar löggjafar, en um hitt verður ekki deilt, að íslenzkir bændur geta ekki á annan hátt betur tryggt sig en með þeirri löggjöf og framkvæmd hennar gegn því, að byrðarnar af verðfallinu, þegar þar að kemur, leggist þyngra á herðar þeirra en annarra stétta þjóðfélagsins.

Finnur Jónsson: Ég ætla aðeins að ræða um heilbrigðismálahliðina á þessu frv. og óska, að heilbrmrh. verði við.

Það er mjög ánægjulegt fyrir okkur kaupstaðabúana, sem margir hverjir höfum búið í sveit og viljum, að kjör manna þar séu góð, að heyra, að hér á Alþ. eru svona margir ágætir fulltrúar bændastéttarinnar, sem verja lífi sínu og kröftum til þess að sjá hennar heill borgið, og ég held, að bændastéttin sé ekki í neinni hættu fyrir því að verða undir neinu skriðufalli, meðan þingbekkirnir eru skipaðir jafnágætum bændavinum, sem tala máli bænda, þegar áhugamál þeirra eru á dagskrá. Að öðru leyti hafði ég ekki hugsað mér að blanda mér í þær deilur, sem hér hafa farið fram, en vildi rekja einn þátt þessa frv., sem frá sjónarmiði okkar bæjarbúanna er nokkuð merkilegur. — Með mjólkurl., sem nú er verið að afnema með þessu frv., var eftirlit með mjólkinni sett í hendur mjólkursölun., en störf mjólkursölun. voru síðar sett undir störf mjólkursamsölunnar, og þá féll um leið eftirlitsskyldan, sem hvíldi á n., sem var nokkuð óháð stjórn mjólkursamsölunnar, í hendur stjórnar mjólkursamsölunnar sjálfrar. Þeir, sem áttu að stjórna mjólkursamsölunni hér í bænum, áttu að sumu leyti að hafa eftirlit með gæðum þeirra vara, sem selja átti hér í kaupstaðnum. Þetta reyndist mjög óheppilegt í framkvæmd, og skal ég ekki rifja upp þá reynslu, en hún hefur orðið mjög til viðvörunar. Ég vil ekki segja, að það hafi að öllu leyti verið stjórn samsölunnar að kenna, hve lengi það dróst að fá vélar í mjólkurstöðina. Að sumu leyti var það vegna stríðsins og að sumu leyti vegna þess, að ekki fengust nógu skjótar ákvarðanir um það, hvernig úr þessu ætti að bæta. En niðurstaðan af þessu eigin eftirliti varð sú, að mjólkurgæðin fóru stöðugt versnandi. Mjólkursamsölustjórnin hafði valið í sína þjónustu Sigurð Pétursson á sínum tíma, en hann fékk engu um þokað, sem hann vildi gera til úrbóta á mjólkinni, og sagði því starfinu lausu. Ég var þá heilbrmrh. og átti þess kost að kynna mér skýrslur Sigurðar Péturssonar, og þær sannfærðu mig um það, að ástandið um eftirlit með mjólkursölumálunum og mjólkurframleiðslunni var algerlega ófullnægjandi. Það var orðað svo af einum fyndnum þm., að skýrslur þessar sýndu, að í einum kúbiksentimetra af mjólk væru fleiri gerlar en í Eyrarsundi, þar sem Dönum væri bannað að baða sig sér til heilsubótar, og er þetta því ekki ofmælt. Hér er ekki verið að kasta steini að neinum sérstökum, og má vera, að orsakirnar, sem liggja til þessa, séu að sumu leyti óviðráðanlegar, en ég hygg þó, að höfuðorsakanna sé að leita í mistökum hjá þeim, sem áttu að hafa þessi mál með höndum.

Um síðustu áramót var svo gefin út reglugerð, sem tók eftirlitið úr höndum þeirra, sem framleiða og selja mjólk, og lagði það í hendur þess aðila, sem eðlilegast er, að hafi það eftirlit með höndum, heilbrigðismálastjórnarinnar. Reglugerð um þetta gekk í gildi um síðustu áramót, en þrátt fyrir þá reglugerðarútgáfu voru þó enn í gildi ákvæði mjólkurl. um það, að stjórn mjólkursamsölunnar, sem líka fari með störf mjólkursölunefndar, skyldi hafa eftirlit með mjólkinni. Með þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir, og þeim breyt., sem landbn. hefur gengið inn á, er að öllu leyti viðurkennd sú leið, sem farin var með þeirri reglugerð, sem ég gaf út, áður en ég fór úr ríkisstj., að eftirlitið skuli vera í höndum heilbrigðismálastjórnar. Ég er hv. landbn. þakklátur fyrir það, að hún hefur tekið upp þessa lagabreyt., því að ég hygg, að það hljóti að verða bæði neytendum og framleiðendum til góðs að koma eftirlitinu í hendur óvilhalls aðila. Nú eru ýmsir aðilar, sem að þessu eiga að vinna, sérstaklega við mjólkurbúin og við eftirlit og framleiðslu mjólkurinnar, úti á landi, svo sem dýralæknar, sýslumenn o. s. frv., þegar svo stendur á, en aðalatriðið er það, að tekið er upp nýtt form um sölu mjólkur og eftirlit með heilbrigði mjólkurinnar, sem væntanlega gefst betur í framkvæmd fyrir neytendur og seljendur. Nú hefur Sigurður Pétursson með sínum athugunum unnið mjög mikið að þessum breyt., og ég hafði þess vegna ætlazt til, að hann hefði eftirlitið hér í Reykjavík og á Suðurlandsundirlendinu, eftir því sem því yrði við komið, en settur yrði annar maður til þess að hafa eftirlit úti á landi og koma í kerfi því eftirliti, sem dýralæknum, sýslumönnum og heilbrn. er ætlað að hafa þar.

Nú vil ég á engan hátt vekja upp neinar deilur um þetta mál, en vildi mjög skjóta því til hæstv. heilbrmrh., að hann legði sig verulega fram um það að koma mjólkurframleiðslunni og mjólkursölunni úr því ófremdarástandi, sem hún hefur verið í, í það horf, að að gagni mætti koma bæði fyrir neytendur og framleiðendur, en tel, að það mesta gagn, sem hægt sé að vinna, sé að koma gæðum vörunnar á annan grundvöll en verið hefur og eins öllu heilbrigðiseftirliti. Mjólkurframleiðslan hér á landi borgar sig vissulega mjög vel og er sú framleiðsla, sem okkur er nauðsynleg vegna hollustu þjóðarinnar, og heilbrmrh. gerði þess vegna vel í því að reyna að koma þessum málum þannig fyrir sem allra fyrst, að sú skipulagsbreyt., sem ég hef lagt grundvöll að, komi hið allra fyrsta til verklegra framkvæmda á þann hátt, sem ég hér hef lýst.

Jónas Jónsson: Hv. landbrh. hefur nú reynt að taka upp vörn í þessu erfiða Laugaskarði, sem hann er flúinn í. — Hvaða dóm sem búnaðarráð á að hafa og sú saga frá undanförnum tveimur árum, þá gerði þáv. landbrh. (PM) eitt gott við

bændur landsins, en það var að slá því föstu, að niðurborgunin væri ekki gerð fyrir bændur, sem allir vissu, heldur væri hún framkvæmd fyrir neytendur. Það var sem sagt gert vegna neytendanna, og það vita allir, að verkamannaflokkarnir og launastéttirnar yfirleitt hafa haldið fram, að þetta yrði að gera, heimta verð landbúnaðarvara í vísitöluna. Það er því leiðinlegur misskilningur hjá þeim manni, sem tekur við af Pétri Magnússyni, að vilja koma þessu á bændur. Er vonandi, að ráðh. muni þetta framvegis og reyni ekki aftur að koma niðurborgun vísitölunnar á bændur.

Þá minntist hv. þm. á niðurstöður sex manna n. í sambandi við þetta mál, en þar var þannig um búið, að þrír fulltrúar voru frá neytendum og þrír frá framleiðendum, og ef þeir urðu samdóma, þá gilti það sem dómur, sem lög. Hér aftur á móti eru tveir bæjarmenn og einn sveitamaður, sem þurfa ekki að koma sér saman, til þess að niðurstaðan sé gild. — Ég veit, að ráðh. skilur þetta, en er kominn undir áhrif samherja sinna í þessum efnum. — Ráðh. segir, að það eigi að byggja þetta á búreikningunum. Það er furðulegt, að jafnmikill búmaður og hann skuli halda þessu fram, þar sem allir vita, að búreikningarnir eru það allra óáreiðanlegasta, sem til er að fara eftir, bara formið, og dettur því engum í hug að byggja neina þýðingarmikla úrskurði á þeim. Búreikningarnir eru því miður í því ástandi, að það er alveg þýðingarlaust. Og svo er sagt: Það á að byggja á þessu.

Stéttarsamband bænda er þannig fram komið, að það er ekki félag í hverjum hreppi, né heldur er það einungis búnaðarsamband Suðurlands, eins og sumir vilja láta liggja að. Nei, það eru samtök, sem alls staðar á landinu hafa gripið um sig, þrátt fyrir ósvífinn áróður og blekkingar ýmissa þeirra manna, sem maður skyldi ætla, ef dæma á eftir gaspri þeirra, að væru vinveittir bændum. Ég vildi geta þess, að eitt sinn var ég á fundi með einum 300 bændum, sem voru á einu máli um það, að bændum bæri að efla óháð samtök sín. En hvað gerist svo? Það er sendur legáti úr Reykjavík, sem fer á bæina og „agiterar", og seinna kemur það upp úr kafinu, að sumir af fulltrúunum eru fyrir fram undirbúnir, en aðrir ekki. Svona var farið að um allt annað í sambandi við þetta. Þeir menn, sem blekktir höfðu verið, voru ekki nógu stórir til þess að játa, að þeir höfðu verið blekktir. Þessi samkoma var á Laugarvatni. Bjarni Ásgeirsson og fylgifiskar hans reyndu að dulbúa blekkingar sínar og þröngva skoðunum sínum upp á bændur, en um síðir fór þó fyrir þeim líkt og fór fyrir ráðskonu einni við Möðruvallaskólann gamla, sem bar á borð fyrir skólapilta óætt pestarkjöt, en þegar þeir vildu ekki borða það, sagði hún: „O, það skal nú í þá samt" — og síðan lét hún útbúa það með kryddi og ýmiss konar sósum, en engu að síður var það ekki etið. Bændur sáu og skildu, að hér var ekki um neitt frjálsræði að ræða, og næsta ár komu þeir saman á Hvanneyri, kúskaðir af Búnaðarfélaginu. Hvanneyrarfundurinn varð þó ekki — af hálfu búnaðarfélagsmanna — annað en uppgjöf.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að verkamenn og bændur bæru jafnt úr býtum. Ég vildi benda á það, að ekki hefur verið gert nokkurt verkfall í Reykjavík, svo að ekki hafi verið knúin fram kauphækkun með því.

Hæstv. ráðh. kom seinast að því, að bændur ættu, hvað samtök sín snertir, „að fylgja á eftir í slóð verkalýðsins". Að vissu leyti er þetta rétt, en þetta er einmitt orðalagið, sem sýnir innrætið gagnvart bændastéttinni. Bændur eiga að koma á eftir og fylgja þeirri slóð, sem aðrir hafa markað þeim, þessi stétt, sem Einar Benediktsson kallaði aðalsstétt. En ef ein stétt af fúsum vilja vill sætta sig við að feta fyrirskipaða braut og tína molana, sem falla af borðum annarra, þá er naumast von, að allt sé vel um hag hennar. Ég veit vel, við hversu mikla erfiðleika verkalýðurinn hafði að etja um samtök sín í fyrstunni, en smátt og smátt hefur honum tekizt að gera samtök sín sterk.

Hæstv. ráðh. er svo sanngjarn að játa, að fram undan séu erfið ár fyrir bændastéttina, engu síður en fyrir aðra, og að hlutverk bænda í þjóðfélaginu sé engu ómikilvægara, nema síður sé, heldur en annarra helztu stétta í landinu. Bændur framleiða nú helming af öllum mat, sem neytt er í landinu, og þrennt það eftirsóttasta, mjólkina, kjötið og smjörið. Ég sé því ekki, að bændur þurfi að standa neðar, hvað kaup og kjör snertir, heldur en þeir, sem flytja olíu milli tanka hér í Reykjavík eða stunda aðra verkamannavinnu.

Nú neitar því enginn, að samkvæmt sex manna álitinu áttu bændur rétt á að fá uppbætur á vörur sínar, því að þær voru seldar lægra verði en sexmenningarnir gerðu ráð fyrir, að þeir þyrftu að fá, ef greiðslan ætti að vera í hlutfalli við annað verðlag í landinu. Bændur voru fúsir til að lækka kaupið, ef aðrar stéttir gerðu það líka, en það hefur enn ekki orðið af því. Þá kem ég að einhverju hæpnasta atriðinu í ræðu hæstv. landbrh., en það er það, hversu mikinn trúnað hann leggur á orð óáreiðanlegasta manns þingsins, Páls Zóphóníassonar, en hann heldur því fram, að ekki hafi átt samkv. sex manna álitinu að verðuppbæta útfluttar landbúnaðarafurðir. Allir nema hreinir hálfvitar hljóta að sjá, að hvað uppbæturnar snertir, þá var ekki gert ráð fyrir að gera neinar undantekningar, og að nauðsyn var á að verðuppbæta alla vöruna, en ekki sumt af henni. Það væri eins og einhverjum hefði dottið í hug að greiða uppbætur á mjólk af Suðurlandi, en aftur á móti engar uppbætur á kjöt frá Vestfjörðum eða Þingeyjarsýslum. Ég vænti þess, að engum detti framar í hug að halda því fram, að samkv. áliti sex manna n. hafi átt að svikja suma bændur um uppbætur, af því að þeir framleiddu vöru, sem flutt var úr landinu.

Þá vildi hæstv. landbrh. halda því fram, að ábyrgð sín á þessum málum væri jöfn og ábyrgð forseta Sþ. Ýmislegt dettur honum í hug, þessum hæstv. ráðh., og ég hygg, að menn þarfnist engrar skýringar á þessu til að sjá, hvílík fjarstæða þessi samanburður er.

Ég vildi að síðustu koma lítillega inn á það, hversu mikinn styrk bændastéttin hefur haft í samvinnufélagsskapnum. Samvinnufélögin hafa getað orðið bændum að liði vegna ábyrgðar sinnar á málefnum bænda og gætilegrar skipulagningar. Það vill svo vel til, að Samband ísl. samvinnufélaga hefur verið styrkt af óvenju sterkum mönnum og bændur hafa þar sjálfir verið mikils ráðandi. Nú dettur engum í hug að tala um samvinnufélögin sem stéttarsamtök bænda, og því verða bændur alls staðar á landinu að taka höndum

saman og mynda með sér öflug samtök — jafnvel þótt það kosti þá áratugi —, sem geta byggt upp og varið heiður þeirra og varnað því, að þeir verði fótaþurrka annarra stétta í landinu.

Forseti (GÞ): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá meiri hl. landbn., og þarf afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 896) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. hefur nú farið þannig með hæstv. landbrh., að segja mætti, að það væri að leggjast á lítilmagnann að gagnrýna hann frekar en orðið er. Ég verð þó að koma að því atriði í ræðu hans, þegar hann var að bera saman stöðu forseta Sþ. og stöðu sína. Það er vitað mál, að ríkisstj. í hverju landi hefur það sterka aðstöðu, að hún ræður miklu um gang málanna, og að bera þá aðstöðu saman við aðstöðu forseta Sþ. er vitanlega fráleitt. Að bera saman vald forseta hér og vald forseta, sem hefur þessa aðstöðu á búnaðarþingi, var í samræmi við önnur rök hæstv. ráðh. Hann byrjaði ræðu sína á því að minna á, að þegar ég vitnaði í fyrrv. landbrh., þá meinti ég sjálfan mig. Þetta var alveg út í hött. Til þessa hafði ég ekki gefið neitt tilefni. Og ekki dettur mér yfirleitt í hug að bera mig saman við fyrrv. landbrh. En ég get tekið það fram í sambandi við það, sem hæstv. landbrh. talaði um sinn fyrirrennara, að eftir því sem ég hef kynnzt stjórn landbúnaðarmálanna á 20 ára tímabili, hefur hún aldrei verið eins hagstæð bændum eins og í tíð fyrrv. landbrh. Hæstv. ráðh. kvað mig ekki treysta bændum til að kjósa sína fulltrúa, en hann treysti þeim til þess. Eins og kunnugt er, var 25 völdum bændum víðs vegar af landinu falið samkv. búnaðarráðslögunum að kjósa verðlagsnefnd, en er falið samkv. þessu frv. að kjósa framleiðsluráð. En sá er munur, að verðlagsnefnd landbúnaðarafurða hefur samkv. núgildandi l. vald til að ákveða verðlag landbúnaðarafurða og annast sölu þeirra og skipulagningu hennar. En samkv. þessu frv. á framleiðsluráði ekki að vera trúað fyrir því að neinu leyti að ákveða verðlag. Það gerist utan við þetta framleiðsluráð, sem hæstv. ráðh. gumar af, að sýni hans vináttu til bænda, með því að þeir fái sjálfir að kjósa.

Þá taldi hæstv. ráðh. lítið lýðræði í því, að búnaðarráð hefði allt saman verið skipað af ríkisstj., en nú ætti að breyta þannig, að bændasamtökin sjálf kysu. En út í það skal ekki nánar farið, því að hv. þm. S-Þ. hefur gert því máli svo góð skil, hvað þar er veikur grundvöllur fyrir hendi, að ég þarf ekki þar miklu við að bæta. Þá var það eitt atriði í ræðu hæstv. ráðh., að með þessu frv. væri ákveðið, að bændur fengju tekjur, sem samsvöruðu tekjum annarra stétta. En allir, sem fylgjast með landbúnaðinum, vita, að landbúnaðartekjur eru býsna reikular. Það hefur verið og mun verða prætuefni, við hvaða búskaparaðstöðu á að miða, því að bilið er býsna breitt neðan frá einyrkjabónda, sem vinnur að mestu leyti með handverkfærum, og upp til þess bónda, sem hefur fullkomnustu vélar, sem nú eru þekktar. Enn fremur er það, að sum svæði landsins eru minna undirorpin því en önnur, að fénaður hrynji niður úr veikindum. Sums staðar hefur plágan verið skæð, en annars staðar hafa menn heilbrigðan bústofn. Þegar á að reikna út mælikvarðann, er grundvöllurinn nokkuð veikur. En þessi útreikningur á hér að vera lagður undir aðeins þriggja manna gerðardóm. Hæstv. ráðh. sagði, að óskað hefði verið af bændastéttinni eftir þessu skipulagi, sem hér er farið fram á. Ég spyr: Hvaða bændur hafa beðið um að fá þriggja manna gerðardóm til að ákveða verðlag á þeirra vörum? Ég þekki enga slíka bændur. Það getur verið, að stjórn Búnaðarfélags Íslands hafi beðið um þetta. Aðrir geta það tæplega verið. Og þó að hæstv. ráðh. mótmæli, að hér sé um að ræða gerðardóm og að þetta sé sambærilegt við sex manna nefndar álitið 1943, er þarna gersamlega ólíku saman að jafna. Sex manna nefndin 1943 var skipuð mönnum tilnefndum af neytendum og framleiðendum, og hennar verk var því aðeins að nokkru metið, að allir væru sammála. En hér er gerðardómur settur til að skera úr ágreiningi, sem væntanlega kann að verða í hinni nýju sex manna nefnd milli fulltrúa og neytenda. Engin ákvæði eru í 5. gr., að þessir gerðardómsmenn þurfi að koma sér saman, heldur ræður einfaldur meiri hl. úrslitum. Hér er því um röskun gerðardómsfrv. að ræða, þvert á móti því, sem var um sex manna nefndina 1943. Þá taldi hæstv. ráðh. það miklu máli skipta, að í þessum efnum yrði að byggja á búreikningum. Ég skal játa, að í sex manna nefndar starfinu 1943 var mjög mikill stuðningur að þeim búreikningum, sem til voru, og eins mundi nú verða. En ágreiningurinn, sem hlýtur að verða, var til 1943 og hefur alltaf verið til síðan. Hann er byggður á því, sem ég var að minnast á áðan, að búskaparaðstaða bænda í landinu er svo ákaflega misjöfn, að alltaf er opinn ágreiningur, við hvaða aðstöðu á að miða.

Þá kom ráðh. að því, að mikill fengur mundi ekki verða fyrir okkur bændur að fara út í baráttu um okkar verðlagsmál. Þetta get ég samþ., og því er heldur ekki neitað í mínum till. Ég get samþ., að það mun ekki vera það sterk aðstaðan nú, eins og félagssamtökum okkar bænda er háttað, eða öllu heldur eins og þeim er stjórnað. En þetta er tilefnislaus aths. frá hæstv. ráðh., því að í mínum till. er ekki gert ráð fyrir, að um neina baráttu sé að ræða, og ef sex manna nefndin kemur sér ekki saman, allir sem einn maður, þá sé framleiðsluráðs að skera úr.

Og þar vil ég leggja sama traust á þetta nýja framleiðsluráð eins og landbrh. lagði á búnaðarráð. Það er óhætt að treysta þessum mönnum, að þeir fari ekki út í öfgar, enda hafa þeir þess að gæta, að ekki er nóg að ákveða verð á vörunum, það verða að vera líkur til, að vörurnar seljist fyrir það verð. Svo er hins að gæta, að meðan jafnmikið er greitt af verði varanna með ríkissjóðs fé, er ekki að búast við öðru en verð hljóti að ákveðast meira eða minna í samráði við ríkisstj.

Hæstv. ráðh. sagði, að það þyrfti ekkert ákvæði um hlutfallskosningu, vegna þess að ákvæði væri til í l. um stéttarsamtök bænda, að hlutfallskosningar skyldi hafa, ef um þær er beðið. Við höfum enga tryggingu fyrir, að um þær verði beðið. Þess vegna á samkv. eðli málsins sjálfs að ákveða í l. hlutfallskosningu á þeim fulltrúum, sem á að

kjósa. Þar að auki legg ég talsvert mikið upp úr því, að mín till. um 4 fulltrúa frá Sambandi ísl. samvinnufélaga verði samþ., því að þar er um þann aðila að ræða, sem hefur mikið með söluna á okkar afurðum að gera, bæði sauðfjár- og mjólkurafurðum. Ef þessi nýja sex manna nefnd á að vinna starf sitt frá grunni án þess undirbúningsstarfs, sem unnið var 1943, hygg ég hún verði ekki búin með það fyrir 1. ágúst, eins og lög gera ráð fyrir. Þess vegna tel ég, gagnstætt skoðun hæstv. ráðh., að eitthvað þyrfti að ákveðast um þetta í lögunum.

Hæstv. ráðh. taldi ekki fært fyrir bændur landsins að tryggja hag sinn betur en gert er með þeim l., sem fyrir liggja í frv.-formi. Þá fer að verða lítilfjörlegur mælikvarði á hagsmuni bænda, ef þetta á að vera helzta tryggingin fyrir okkar hag í framtíðinni, því að þessum l. má breyta á næsta þingi, ef stjórnarskipti verða, eins og l. er breytt gersamlega frá í fyrra. Með því að þingmeirihl. er svo breytilegur, verða hagsmunir heilla stétta ekki tryggðir með einstökum l. En ég held ákveðið fram, að ekki sé mögulegt, eins og sakir standa, að tryggja hagsmuni bændastéttarinnar í afurðasölumálunum betur en gert var með því samkomulagi, sem átti sér stað milli þriggja flokka, sem var undirstaða undir búnaðarráðslögunum, sérstaklega vegna þess, að í þessum þremur flokkum er meginhlutinn af bæjarfólki landsins, sem við höfum markað hjá. Ákvörðunarvald um verðlag og söluskipun í hendi verðlagsnefndar landbúnaðarafurða er miklu þýðingarmeira en að setja lög eins og hér er verið með.

Ég geri ekki ráð fyrir, að neitt þýði að fara öllu lengra út í þetta mál. Það mun nokkurn veginn ákveðið að samþykkja þetta frv. í aðalatriðum. Mér þótti þó rétt að láta þessar till., sem eru á þskj. 875, koma undir atkv., og mun biðja hæstv. forseta um nafnakall um þær báðar til þess að hafa það svart á hvítu, hverjir það eru í hv. d., sem vilja hafna því skipulagi, sem þeir hafa stungið upp á og tryggir að minni hyggju miklu betur aðstöðu bændastéttarinnar en það fyrirkomulag, sem í frv. felst nú.

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Ég á hér skrifl. brtt., sem er aðeins orðabreyt. til betra máls. Um umr. verð ég að segja, að mér þykir þær nokkuð undarlegar, og sumar staðhæfingar, sem bornar eru fram, eru fjarri öllum sanni. En þar sem klukkan er farin að ganga tvö, ætla ég ekki að elta ólar við það. En ég vil benda á, að það er beinlínis tekið fram í frv., að framleiðsluráð ákveði verðlag í samræmi við þær niðurstöður, sem n. kemst að. Það getur vel farið svo, ef ekki verða tíðar breytingar á þessu verðlagi, að sú vísitala, sem fundin er, geti í fyrsta skipti gilt um fleiri ár. Allan þann tíma, sem slíkt stæði, ákveður framleiðsluráð verðlagið í samræmi við þá vísitölu, sem hagstofan reiknar út á hverjum tíma. Þetta er nákvæmlega sama hugsunin og á bak við löggjöfina. Þegar er verið að ræða um afstöðu bænda, má benda á, að búnaðarþingið samþykkti ákveðin meðmæli með þessu frv., og var ekki eitt einasta atkv. á móti.

Að öðru leyti ætla ég mér ekki að svara hv. þm. S-Þ. Ég hef heyrt þessa ræðu áður og lesið hana líka í „Ófeigi", og svo býst ég við, að sé um marga aðra. Og þær árásir, sem hv. þm. nú og endranær hefur leyft sér að beina að stéttarsamtökum bænda, mun ég láta sem vind um eyrun þjóta, eins og bændur munu gera yfirleitt. Ég ræði þetta mál ekki frekar, með því að nú er komin nótt, enda þótt full ástæða væri til þess að öðru leyti.

Gunnar Thoroddsen: Í fyrri ræðu minni gat ég þess, að ég gæti fallizt á fullt samkomulag við meiri hluta nefndarinnar um 1. og 3. breytingartillögu, sem ég stend að. Um aðrar tillögur var ekki samkomulag. Það vakti fyrir mér með flutningi 2. brtt., að skylt sé að veita mjólkurbúum, sem bæjarfélög stofna, þessa undanþágu, að slíku búi sé ekki skylt að láta mjólk til samsölu, heldur mætti selja beint. Í brtt. n. við þennan tölulið er gengið inn á þetta, að því er snertir bú innan lögsagnarumdæmisins. Nú get ég tekið fram það, sem öllum er vitanlegt, að því er snertir Reykjavíkurbæ, að ef farið yrði út í mjólkurframleiðslu, yrði stefnt að framleiðslu barnamjólkur, svo að það má segja, að hér sé fullnægt með till. n. Hins vegar nær þetta ekki til, ef rekið er bú utan lögsagnarumdæmisins. En að fenginni yfirlýsingu landbrh. og frsm. meiri hl. n. varðandi þetta mál tel ég, að eftir atvikum sé þessu máli viðunanlega borgið með till. meiri hl. n. við okkar till. Ég tek fram, að ég tala aðeins fyrir hönd mína, en ekki fyrir aðra.

Varðandi eftirlitsmannsstarf Sigurðar Péturssonar skal ég ekki lengja umræðurnar með því að fara að ræða aðalröksemd hæstv. heilbrmrh. fyrir því, sem ég kalla uppsögn Sigurðar. Hann sagði, að í hinni nýju reglugerð hefði verið gert ráð fyrir þessu. Nú hefur hv. þm. Ísaf., sem var heilbrmrh., þegar reglugerðin var sett, lýst yfir, að með þessu ákvæði reglugerðarinnar væri ætlazt til, að Sigurður Pétursson hefði þetta starf áfram með höndum í Reykjavík og á Suðurlandsundirlendinu, og taldi hann það heppilegt, þar eð sá maður væri sérstakur áhuga- og kunnáttumaður. Með þessu er full sönnun fengin fyrir því, sem ég held fram, og upplýst frá fyrstu hendi, að það er alls ekki mjólkurreglugerðin og ákvæði hennar, sem hafa gert þessa breyt. nauðsynlega, heldur eitthvað annað.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég er meðflm. að till. á þskj. 867. Við þær till. hefur meiri hl. landbn. gert brtt. á þskj. 893. Nú hefur 1. flm., hv. þm. Snæf., lýst yfir, að hann fyrir sitt leyti geti fallizt á brtt. meiri hl. landbn. Þessu er á annan veg farið að því er mig snertir, mjög fjarri því, að ég geti fallizt á hana. Eins og hv. þm. Snæf. lýsti, er efni okkar till. takmarkað í fyrsta lagi við það, að búreksturinn sé í lögsagnarumdæminu. Í öðru lagi, að framleidd sé aðeins barnamjólk. Og loks, að ef sá möguleiki er fyrir hendi, að eitthvert bæjarfélag framleiddi aðeins barnamjólk, öðlaðist það undanþágu, svo sem lagt er til í okkar till. Ég vil ekki lengja umr. með því að rekja þetta nánar. En ég get sannast að segja ekki séð, hvers vegna bæjarfélag, sem rekur mjólkurbú til að framleiða fyrir sína eigin neytendur, eigi að vera þeim ákvæðum háð að verða að borga verðjöfnunargjald til að halda uppi því mjög svo óhæfa skipulagi á verðjöfnun mjólkur, sem kannske er ástæðan fyrir ófremdarástandinu í mjólkurmálunum.

ATKVGR.
Brtt. 875,1 felld með 19:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, JJ, GÞ.
nei: PÞ, PO, SigfS, SB, SG, StJSt, StgrSt, SteindSt, ÁkJ, BÁ, SnJ, EystJ, FJ, GSv, GÞG, HB, AuA, JS, JörB.
GTh, KTh, LJós greiddu ekki atkv.
10 þm. (SEH, SK, SkG, ÁÁ, EmJ, HÁ, HelgJ, HermG, IngJ, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 875,2 felld með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, ÁkJ, JPálm, JJ, KTh, LJós, SigfS, GÞ.
nei: SB, StJSt, StgrSt, SteindSt, BÁ, EystJ, FJ, GSv, GÞG, HB, AuA, JS, JörB, PÞ, PO.
SnJ, GTh greiddu ekki atkv.
10 þm. (SEH, SK, SkG, ÁÁ, EmJ, HÁ, HelgJ, HermG, IngJ, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 894 samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, GÞG, HB, AuA, JS, JörB, PÞ, PO, SB, StJSt, StgrSt, SteindSt, BÁ, EystJ, FJ, GSv, GÞ.
JPálm, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, SnJ greiddu ekki atkv.
11 þm. (HÁ, HelgJ, HermG, IngJ, JJ, ÓTh, SEH, SK, SkG, ÁÁ, EmJ) fjarstaddir.
Brtt. 893,1 samþ. án atkvgr.
— 867,1, svo breytt, samþ. með 22 shlj atkv.
— 893,2 samþ. með 16:6 atkv.
— 867,2, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
— 893,3 samþ. án atkvgr.
— 867,3, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
— 893,4.a samþ. án atkvgr.
— 893,4.b tekin aftur.
— 896 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 867,4, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 138. fundi í Ed., 20. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 897).
Á 139. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 144. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 145. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 897, n. 960 og 963, 974).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Mál það, er hér liggur fyrir, er fyrst og fremst samkomulagsmál núv. stjórnarflokka. Í þessu frv. er fyrst og fremst steypt saman ýmsum l., sem áður hafa gilt um þessi efni. Og þeim hefur verið breytt í það horf, sem stjórnin hefur komið sér saman um. Með þessu frv., ef að l. verður, sem treysta má, er þessum málum steypt undir eina allsherjar stjórn, sem fyrst og fremst samanstendur af bændum og af þeim kosin. Og það er kannske það atriði, sem ég persónulega legg langmest upp úr og tel langveigamest og líklegast til árangurs. Þegar bændur undanfarið hafa verið með þessi mál, þá hefur það alltaf verið þeirra aðaláhugamál að vera sjálfs sín húsbændur, hafa með sín mál að gera. Og það er fyrst og fremst það, sem þeir fá með þessu frv. Framleiðsluráði er ætlað að vera framkvæmdarnefnd allsherjar félagsskapar bænda, sem sér um sölu á landbúnaðarvörum, eins og talað er um í 1. gr. Annað ákvæði í frv., sem ég tel þýðingarmikið, er ákvæði 2. gr., sem er viðkomandi verkaskiptingu meðal bænda. En þar er lagt fyrir framleiðsluráð að vinna að því að koma á verkaskiptingu um framleiðsluna, eftir því sem staðhættir, landfræðilegir og verzlunarlegir, mæla með. En það hefur verið lítill byr fyrir þessu hér á landi til þessa. Ég ætla það vera 30 ár, síðan ég fyrst hreyfði þessu máli á fundi á Hvanneyri, sem á voru á annað hundrað bændur. Ég sagði, að til væru jarðir í landinu, sem eftir legu og staðháttum ættu eingöngu að framleiða kindakjöt, og aðrar, sem ættu að framleiða mjólk og ekki kjöt nema ef til vill til heimilis. Út af þessu átti alveg að drepa mig. En síðan hafa fleiri og fleiri séð þetta. Og fyrir 3 árum sendi búnaðarþing út frv. til búnaðarsambandanna, er það hafði samið um þetta efni og hugsað sér að ýta áfram til Alþ. Þá var ætlazt til þess, að markvisst yrði að þessu unnið með því að hafa verðlagið misjafnt, eftir því á hvaða jörðum vörurnar væru framleiddar. Ég var þá um vorið á tveim fundum, þar sem þetta var rætt. Þá var hugmyndin, að orðið gæti um 10% mismunur á kjötverðinu eftir því, hvort varan var framleidd á stöðum, sem sjálfsagt var að framleiða kjöt á, eða þar, sem það taldist ekki rétt. Á þeim fundum, sem ég var á, mætti þetta nokkrum skilningi, en ekki þeim, að telja mætti, að bændur væru tilbúnir að ganga inn á, að þessi breyt. kæmist á. Hins vegar er mér kunnugt um, að þeir menn, sem stóðu að stofnun stéttarsambandsins, vilja reyna að ýta þessu áfram, og stjórnin hefur í þeim efnum miklu betri aðstöðu en allir aðrir. Þetta eru tveir höfuðávinningarnir, sem ég sé við þetta frv. Ég tel einmitt vel farið, að í framleiðsluráð skuli einmitt koma menn, sem hafa áhuga á þessu og munu þoka málinu áleiðis í áttina, sem það þarf að fara, því að það þarf miklu meiri verkaskiptingu milli bændanna í landinu en verið hefur.

II. kaflinn er um verðskráningu varanna. Þetta er hlutur, sem mikið greinir á um hér. Sú breyt., sem farið er inn á, byggist á 4. gr. Höfuðundirstaðan er sú við verðskráningu landbúnaðarvara, að þeir, sem að þeim störfum vinna, beri úr býtum gegnum afurðaverðið laun í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta í landinu. Og til þess að ná þessu marki er ætlazt til þess, að menn, valdir annars vegar af neytendum og hins vegar af bændum, komi saman og finni grundvöll, sem verðið fari eftir, til þess að ná því markmiði, sem ég nefndi áðan. Þegar búið er að afla upplýsinga, sem hagstofan á að láta í té, um afkomu annarra stétta, þá er aðeins auðvelt reikningsdæmi að finna út, hvað bændur eiga að bera úr býtum til þess að hafa laun í samræmi við aðrar stéttir. En komi fram ágreiningur, svo að

ekki næst samkomulag, þá er gert ráð fyrir því, að yfirnefnd skeri úr, og í henni er hagstofustjóri oddamaður.

III. kafli er um sauðfjárafurðir. Er ekki neitt sérstakt nýtt í honum. Hann er saminn upp úr ákvæðum, sem gilt hafa síðan kjötl. urðu til. Það er nú komið svo, að þótt þau á sínum tíma vektu mikinn andróður, þá held ég, að tæpast sé hægt að finna mann í landinu, sem telur þau ekki þurfa að vera áfram í gildi.

Nýtt í þessum l. er IV. kafli, um sölu stórgripakjöts. Hann er þó ekki nýr hvað snertir sölu nautgripakjöts. Síðan 1934 hefur verið til heimild um verðskráningu á því. En sú heimild hefur ekki verið notuð. Það, sem á hefur staðið, er það, að grundvöll hefur vantað undir að flokka kjötið. En það er á markaðinum í geysilega mismunandi ástandi. Hefur því ekki verið hægt að skrá á það neitt verð. Nú hefur verið nokkuð að því unnið, að það verði flokkað. Er því kannske hægt að hrinda því í framkvæmd, áður en langt um líður. Verðskráningin á því hefur staðið í vissu hlutfalli við verð á kindakjöti á hverjum tíma. Aftur á móti er nýmæli í 17. gr. um hrossakjötið. Það gerir ráð fyrir því, að myndaður verði félagsskapur um sölu á hrossakjöti. Sá félagsskapur skal starfa eftir vissum reglum, sem taldar eru upp í 17. gr. Með tilliti til þessa gerir gr. ráð fyrir, að framleiðsluráð skipuleggi sölu á hrossakjötinu. Á hrossasvæðunum hefur verið töluvert mikið um þetta talað, og þar finnst mönnum vera þörf á þessu, því að hrossasalan til slátrunar hefur oft gengið misjafnlega. Síðast í haust, er leið, gekk sá kappi af hólmi, sem mest hefur gert að því að kaupa hross og reka til slátrunar, með á annað hundrað hross, sem hann fékk ekki markað fyrir. En markaðurinn er nokkuð mikill, stundum milli 500—600 hross, sem slátrað er á hverju hausti til matar. Það er þörf á að skipuleggja þennan markað. Það er ætlazt til, að framleiðsluráð, sem er skipað af bændum sjálfum, reyni að koma markaðinum í lag.

V. kafli er svo um mjólkurmálin, sem hafa verið töluverður ásteytingarsteinn. Málið er hér lagt þannig fram, að reynt er að tryggja, eftir því sem hægt er, að sem bezt mjólk komi á markaðinn á hverjum tíma og eins mikil og mögulegt er, til þess að hún fullnægi eftirspurninni.

Sem nýmæli má nefna, að það er ætlazt til þess, að framleiðsluráð geri ráðstafanir til þess, þar sem um litla mjólkurframleiðslu er að ræða, að hún beinlínis verði aukin, og sömuleiðis ráðstafanir til þess að auka mjólkursölu á ýmsum stöðum á landinu. Það er stundum talað um mjólkurskort í Reykjavík, en það eru ýmsir aðrir staðir, sem vantar mjólk, og þangað kemur ekki framleiðslan, nema eitthvað sé að gert. Jafnframt er ætlazt til að snúa sér að því, að innlendir markaðir notist sem bezt. Það er ekki langt síðan farið var að selja mjólk frá landi í Vestmannaeyjum. Að þessu hefur lítið verið gert, og hef ég trú á því, að framleiðsluráð geti með sínum störfum gert mikið til þess að auka markað fyrir mjólkurafurðir innanlands. En þessa er þörf, og mikil þörf, því að mjólkurafurðir hafa ekki mikinn markað, yfirleitt seljast hæst eitthvað um 200—300 tonn í landinu af smjöri.

Þá er VI. kafli, sem er um verðmiðlun. Gert er ráð fyrir að greiða verðmiðlun á mjólk, sem geri það að verkum, að mjólk á sama svæði sé greidd bændum sama verði á sölustað, sé hún jafngóð, og til þess að koma á verðmiðlun á milli sölusvæða. Það er ætlazt til, að borgað sé fyrir mjólkina eftir því, hve góð hún er. Hitt hefur verið gert, að borga misjafnlega mikið til bænda eftir því, hvað mjólkin er misjafnlega feit. Svo er líka ætlazt til, að tekið sé verðmiðlunargjald af mjólk frá hverjum einstaklingi á sölusvæðinu til þess að verðjafna milli sölusvæða. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé eitt af þeim atriðum, sem hvað mestur ágreiningur er um. Annars má segja, að ekki sé ástæða til þess, að mjólk sé framleidd nema við beztu skilyrði. Þetta er alveg rétt, en hins vegar held ég, að út af sjálfri mjólkurdreifingunni séu ýmis svæði, sem eru þannig sett, að þau geta með nokkrum rétti — að vísu misjafnlega miklum — haldið því fram, að þau eigi eins hægt með að koma mjólk á markað eins og einhver önnur svæði, og þá er ekki nema eðlilegt, að komið sé á móti þeim að einhverju leyti, og það er ætlunin með þessu verðjöfnunargjaldi að koma í veg fyrir, að eins mikil ásókn verði á aðalmarkaðinn, sem getur leitt til ýmiss konar óþæginda, og það er gert með því að láta menn hafa eitthvað hærra verð fyrir mjólkina en þeir mundu fá, ef hún færi öll í vinnslu. Það er ekki ákveðið, hve hátt þetta verðjöfnunargjald skuli vera. Það er gert ráð fyrir, að menn þreifi sig áfram með það, og það er vilji þeirra manna, sem nú ráða í stéttarsambandinu, að þetta verðjöfnunargjald verði ekki hátt í fyrstu. Það segir sig sjálft, að það veltur á miklu fyrir bændur, að í framleiðsluráðið veljist menn, sem hafa fullan skilning á þessu máli og sýna því fulla sanngirni í framkvæmdinni, og þá fyrst og fremst með því að hafa það hugfast að vinna að því, að meiri verkaskipting komist á milli bænda. Í öðru lagi með því að muna, að skilyrði til þess, að einhver vara seljist, er, að hún sé góð og til hennar vandað.

Ef framleiðsluráð man þessi tvö sjónarmið og hefur þau í huga, þá er ég ekki í nokkrum vafa um, að út koma betri framkvæmdir en verið hafa, hvort sem hafizt verður handa í þessu efni síðar á þessu ári eða á næsta ári.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og tekið er fram á þskj. 963, gat ég ekki orðið sammála minum meðnm. um afgreiðslu þessa máls, og verð ég að segja, að mér finnst afgreiðsla n. ákaflega léleg. Málinu er hespað af á ca. 10 mín. og ekki tími til að athuga í n. þær brtt., sem ég flutti og hefði viljað leita samstarfs um við meðnm. mína. Mér hefur dottið í hug út af þessu, til hvers sé verið að hafa tvær d. í þinginu, þegar ekki er tími til að athuga málin í síðari d. nema í 5—10 mín. En ég ætla ekki út í þetta.

Frsm. meiri hl. (PZ) er búinn að lýsa því, hvað hann telji aðalkostina á þessu frv. Hann byrjaði á að ræða um það, að samkvæmt I. kafla væri ætlunin að skapa eina heildarstjórn. Þetta er rétt, og hef ég ekki gert brtt. við þann kafla, því að ég áleit, að hann gæti gengið eins og hann væri.

Þá talaði frsm. meiri hl. um ákvæði 2. gr. um verkaskiptingu milli bænda og talaði um, hve nauðsynlegt væri að skapa verkaskiptingu milli bænda um framleiðslu á landbúnaðarvörum. Ég fagna því að heyra þetta, því að þessu leyti erum við sammála, þótt við séum máske ekki sammála um það,

að hve miklu leyti þetta frv. hjálpi til þess, að þetta megi verða. Það hefur verið notað sem árásarefni á okkur sósíalista, að við viljum stefna að verkaskiptingu, og sagt, að við viljum flytja fólkið á 2—3 staði á landinu og flytja það, hvort sem það vildi eða ekki. Nú upplýsir hv. þm., að hann hafi hreyft þessu á bændaskólanum á Hvanneyri fyrir 30 árum. Ég verð að skýra það nánar, hvers vegna ég er sammála hv. þm. um nauðsyn verkaskiptingar milli bænda.

Það er mikið talað um dýrtíðina í landinu, en það er ekki hægt að komast hjá því að viðurkenna, að dýrustu vörurnar eru landbúnaðarafurðirnar. Þetta er ekki bændunum að kenna. Þetta er af því, að ef þeir eiga að hafa viðunandi kjör, verða vörurnar að vera dýrar, og eitt af því, sem gerir framleiðsluna dýra, er það, að ekki hefur tekizt að skapa þá verkaskiptingu í landbúnaðinum, sem þarf að skapa. Í sambandi við þetta langar mig að geta þess, að ég gerði það einu sinni til þess að skapa mér yfirlit um þetta að fara í gegnum hagskýrslur og reikninga um búfjárflokka, miðað við 5 manna fjölskyldu. Niðurstöðurnar sýndu, að maður gat tekið 2 hreppa og borið saman nautgripafjölda og hrossa, sem var kannske jafnmikill, en svo var sauðfjáreignin kannske 3—4 sinnum meiri í öðrum hreppnum. Þetta sýnir okkur, að skilyrðin til hinnar ýmsu búfjárræktunar eru svo geysilega misjöfn, að það getur verið allt að ¼ til helmingi ódýrara að framleiða eina vörutegund á þessum stað en á öðrum. Það er þetta, sem þýðir það, að þetta þarf að færa í betra horf og lækka dýrtíðina, án þess að það þurfi að rýra lífskjör þeirra, sem við framleiðsluna fást. Enn fremur vil ég benda á það, að á þessu þingi og í fyrra hafa verið samþ. stórkostlegar fjárveitingar til landbúnaðarins, aðallega sem lánsfé, og það er enginn vafi á því, að einstaklingarnir munu á næstu árum leggja gífurlega mikið fé fram frá sjálfum sér í það að fullkomna og breyta framkvæmdum í landbúnaði. Það skiptir ekki litlu máli, hvernig þessu fé er varið, þannig að skipulagt verði um leið, hvað eigi að framleiða, þar sem framleiðslan er dýrari, og hvað, þar sem framleiðslukostnaður er minni. Ég skal ekki rengja það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að stjórn stéttarsambands bænda og þeir, sem þar réðu mestu, hafi fullan vilja á að koma þessu í framkvæmd. Ég skal ekki rengja það, en aðeins benda á það, hvaða möguleikar eru á því, að þetta komist í framkvæmd með þessum l., sem hér er um að ræða. Ég veit það enn fremur, að búnaðarþing hefur fyrir nokkrum árum samþ. frv. allmikið um það að greiða misjafnt verð fyrir landbúnaðarafurðir eftir því, hvort ætlazt er til, að framleiðslan dragist saman á einhverju svæði eða aukist. Þetta frv. var sent til búnaðarsambandanna, en síðan ekki meira. Mér var ekki ókunnugt um, að þetta kom fram.

Ef maður lítur á þetta frv., sem hér liggur fyrir, er það rétt, sem hv. frsm. meiri hl. benti á, að í 2. gr. er liður, sem hljóðar svo:

Aðalverkefni framleiðsluráðs er „að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma."

Þetta er nú það eina, sem um þetta stendur jákvætt í þessu frv. En hvað er það annað, sem stendur í þessu frv., til þess að framleiðsluráð geti þetta? Ekkert var tekið upp úr frv. Búnaðarfélagsins. Það er ekki verið að hafa verðmiðlunina þannig, að hún hvetji menn til þess að breyta um framleiðslu. Einmitt í 18.—20. gr. og í 29. gr. eru ákvæði, sem miða að því að gera verðjöfnunina enn ýtarlegri, þannig að það verði greitt sama verð fyrir sömu vöru, hvar sem er á landinu.

Mörg þau ákvæði, sem eru um verðuppbætur, stangast svo, að ef menn kynnu að vilja vinna eitthvað eftir þessum ákvæðum 5. tölul. 2. gr., hlytu þessi ákvæði um verðuppbætur að verka algerlega öfugt við það. Ég vil benda á það, að í bréfi, sem mjólkursamsalan í Reykjavík sendi til n., er einmitt á þetta minnzt. Þar stendur í d-lið, með leyfi forseta:

„Þá virðist einnig fara að hallast talsvert á milli þeirra, sem búa á beztu sauðfjárræktarsvæðunum, og hinna, sem verða að halda sér að mjólkurframleiðslu að mestu leyti, ef þeim á sauðfjárræktarsvæðunum er tryggt sama eða svipað verð og hinum, bæði á kjöti og mjólk, án tillits til framleiðslukostnaðar eða hvar þeir eru búsettir á landinu. Mundi þá fara að þrengjast fyrir dyrum hjá þeim, sem í þéttbyggðari sveitunum búa og í nágrenni bæjanna."

Hvað þýðir nú þetta, að það sé þrengra um þá, sem búa í nágrenni bæjanna? Það, að aukin séu skilyrði þeirra, sem hafa betri möguleika til annarrar framleiðslu til samkeppni við þá, sem nær bæjunum búa. Enn fremur segir svo:

„Oss virðist sem verðmiðlun, slík sem hér er áformuð, um mjólk og mjólkurafurðir geti því eigi komið til greina, nema heildarframleiðsla landbúnaðarins sé skipulögð til fulls, um leið og ákveðið sé, hvar bezt og hagkvæmast sé, þjóðfræðilega séð, að framleiða hverja tegund afurða fyrir sig. Að öðrum kosti hlýtur slík ráðstöfun, sem hér er áformuð, að hafa hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir landbúnaðinn í heild sinni. Leyfum vér oss því að vara alvarlega við að lögfesta hana að svo komnu máli og leggjum til, að 28. gr. b-liður og 29. gr. verði felld burtu."

Þetta segir stjórn mjólkursamsölunnar í Reykjavík, og ætla ég, að það sé ekki að tilefnislausu, heldur sé hún búin að reka sig á, að hér er ekki stefnt í þá átt, sem heppilegt er. Þetta ætla ég að láta nægja til að sýna, að þegar rætt er um, að þetta frv. geti komið á verkaskiptingu, þá er um misskilning að ræða. Þessi 5. liður 2. gr. er ekki nema dúsa, sem stungið er upp í þá, sem kunna að vera óánægðir með ástandið eins og það er, og út frá öðrum liðum er ekkert hægt að gera í sambandi við þetta. Um þetta atriði skal ég svo ekki fara fleiri orðum að sinni, en það eru ýmis ákvæði hér í frv., sem ég er fyllilega sammála, t. d. að skipuleggja sölu stórgripakjöts, sem mikil þörf er að laga, og ég er alls ekki á móti því, að svo sé stefnt sem þar er gert, og hygg það vera til bóta á löggjöfinni. En ég vil færa rök fyrir því, að þetta frv. markar ekki stefnubreytingu frá því, sem verið hefur. Þetta er uppsuða á l., sem giltu um þetta til 1945, er búnaðarráðslögin voru sett, og svo eru tekin í II. kaflann svipuð ákvæði og lögfest voru, eftir að sex manna nefndar samkomulagið var samþ. árið 1943.

Í sambandi við þetta vil ég minnast á viss atriði í II. kafla frv. Þar eru veigamikil atriði, sem

ég er alveg sammála um, en hins vegar eru veigamikil atriði þannig, að þeim þarf að breyta.

Þegar sú n., sem fyrrv. landbrh. skipaði til þess að endurskoða l. um búnaðarráð, hélt sinn fund, sinn eina fund, þá lýsti ég yfir því, að ég liti svo á, að verðlagninguna yrði að ákveða með samkomulagi milli framleiðenda og neytenda. Í samræmi við þetta eru fyrirmæli 5. gr., sem fjalla um, að byggt sé á verðgrundvelli, sem fenginn sé með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur. Það er fullkomlega eðlilegt, að Alþýðusambandið eigi fulltrúa í þessari n., því að það er fjölmennustu neytendasamtökin í landinu, og mætti benda á, að það ætti að eiga tvo fulltrúa í þessari n. Hins vegar virðist vera nokkuð undarlegt að velja Landssamband iðnaðarmanna, sem er bara fámennur hópur iðnrekenda, sem ekki er ástæða til, að ætti fulltrúa í n. Að minnsta kosti virðist rétt að athuga, hvort ekki eru til önnur samtök, sem gætu komið fyrr til greina, og dettur mér þá fyrst í hug Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem eru mjög fjölmenn samtök, og því eðlilegt, að þau ættu fulltrúa í n. Ef það væri talið eðlilegt, að Landssamband iðnaðarmanna ætti að eiga fulltrúa í n., mætti eins segja, að Landssamband útgerðarmanna ætti að eiga þar fulltrúa. Ég tel þess vegna eðlilegt, að það ætti að koma fulltrúi frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og hef borið fram brtt. um það. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að sjómenn eigi þar fulltrúa..... [Eftir skýrslu lestrarsalsvarðar vantar hér í hndr. kafla frá innanþingsskrifara (Má Jóh.).]

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): ..... Þó væri eðlilegt, að sama gilti eins og milli vinnuveitenda og verkamanna, að þegar þeir ná ekki saman, verði átök, þar sem annaðhvort báðir aðilar eða annar lætur undan, en öðru máli gegnir um framleiðendur og neytendur, meðan ríkið greiðir niður verð á landbúnaðarafurðum á opnum markaði. Ég skal taka dæmi. Ef ríkið greiddi ½ af vinnulaunum, þá hefðu verkamenn sterkari aðstöðu en eins og nú horfir málunum, og stæðu þeir þá betur að vígi með að knýja kaupgjaldið upp. Eins má segja, að í átökum framleiðenda og neytenda standi framleiðendur óeðlilega vel að vígi. Þess vegna er ekki eðlilegt ástand, sem hér er byggt á, meðan svona standa sakir, og er því ekki nema rétt, að þá sé settur yfirdómur til að skera úr, ef í odda skerst, en hann fellur niður með þessu fyrirkomulagi. Og ég verð að segja, að það er ekki óeðlilegt, að þessi yfirdómur sé settur. Hann er ekki neinn venjulegur gerðardómur, vegna þess að l. segja til um verðlagið, og á það að gefa bændum svipað og vinnandi stéttir hafa. Þegar þetta er ákveðið, þá er það meira reikningslist að finna niðurstöðurnar, og eru forsendurnar kaup og kjör verkamanna annars vegar og framleiðslumagn bænda hins vegar. Þessar nefndir eru því ekki annað en eins konar dómur til þess að finna forsendur fyrir niðurstöðunum. Það er því lagaskýring, sem n. hefur með höndum. Hún hefur ekki rétt til að setja bönd á verðið, heldur á hún að skýra l. um verðið. Það er eðlilegt, að sá maður, sem frá upphafi fylgist með rannsókn frá báðum hliðum, að honum sé falið að skera úr, ef ágreiningur verður. Til að bændur beri réttlátlega úr býtum, þá þarf aðeins greinargóða menn til að komast að réttri niðurstöðu. Betri tryggingu getur löggjafinn ekki fengið í hendur en þá, að færustu menn fáist til að reikna út þetta verð. Ég tel svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum og læt lokið máli mínu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. lýsti því yfir í sinni ræðu, sem rétt var, að þetta frv. er samið af stuðningsflokkum ríkisstj. Mér þykir því rétt að gera nokkra grein fyrir minni afstöðu, þó að það raski ekki niðurstöðunni. Ég skal þá ræða nokkuð um hin ýmsu atriði.

Í 1. gr. frv. er sú breyting, að nú kemur framleiðsluráð í staðinn fyrir búnaðarráð, sem útnefnt var þannig, að landbrh. tilnefndi 25 menn, til að þeir veldu svo aðra menn til að sinna þessum málum. Ég get ekki séð, að þessi skipun sé til að koma málunum meir í hendur bænda. Það er ákveðið í l., að eingöngu bændur skuli sitja í búnaðarráði. Því hefur verið haldið fram, að hér réðu ekki bændur, heldur konungkjörnir fulltrúar ríkisstj. Þetta er rangt. Og þegar nú hæstv. landbrh. leggur til, að þessu sé breytt, þá eru fyrir því ein rök, og þau eru, að hann treystist ekki til að útnefna þessa menn eins samvizkusamlega og til er ætlazt. En hann hefur þekkt þessa menn um mörg ár, og er þetta því mikið vanmáttareinkenni. Þá vildi ég segja nokkur orð um stéttarsamband bænda. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé vafasamur vinningur fyrir bændur að hópa sér í harðvítuga stéttarbaráttu, og vildi ég benda á í því sambandi, að það er eina stéttin í landinu, sem Alþ. treystir svo vel, að Búnaðarfélagi Íslands er lagt stórfé til að tryggja hag bændastéttarinnar. Ég þekki ekki aðra stétt, sem hefur fengið að hafa slík forréttindi og gera ályktanir um sín mál. Og ef nú farið er inn á þá braut að efla stéttarsamtökin innan Búnaðarfélags Íslands, þá verður því ekki haldið uppi af ríkisfé, enda yrðu þá önnur fríðindi heimtuð til handa öðrum samtökum. Ég segi ekki þetta af því, að ég sjái eftir þessu fé, en vildi aðeins benda á, að bændastéttin hefur þessa tiltrú hjá Alþ. vegna þess, að hún hefur ekki baráttusamtök, og er vafasamt, að hún hafi hagnað af að fara inn á þá braut.

Þá vildi ég fara fáum orðum um II. kafla frv. Ég ætla mér ekki þá dul að ræða almennt um verkaskiptingu, en vil taka undir það við hæstv. ráðh., að greina verður á milli verðlags á lélegu fé og betri fjárstofnum. Ég get ekki annað séð en að hægt sé að leiða sauðfjárræktina frá lélegum héruðum, þar sem kroppþungi dilka er 12 kg., og í betri héruð, þar sem dilkurinn er 17—18 kg, og yrði það gert með því að ákveða mismunandi verð eftir þunga og gæðum fjárins. Ég hygg, að bændastéttin mundi fljótt fella sig við þetta, og væri ástæða til að athuga slíkar ráðstafanir.

Þá er atriði í frv., sem er nýmæli, en það er um hrossakjötið. Ég efa, að það sé rétt að loka augunum fyrir þeirri hættu, sem það skapar í landinu, sem er aukin hrossarækt. Hv. þm. V-Húnv. hefur flutt frv. til að draga úr aukinni hrossarækt. En hér er upplýst af hv. frsm., að það sé meðallag, að um 900 tonn hrossakjöts berist á

markaðinn árlega, en það gerir ekki litla erfiðleika fyrir þá, sem stunda sauðfjárrækt. Og þegar nú komið er inn á þá braut, að bændur eru búnir að fá jeppabíla, þá á auðvitað að fækka hrossum, og ætti því hæstv. landbrh. að beita sér fyrir að draga úr hrossaframleiðslunni.

Þá vildi ég segja nokkur orð um verkaskiptinguna í sambandi við mjólkina. Það er framkvæmdaratriði, hvort ætti að hafa mjólkurbúin stærri og t. d. nær Reykjavík og flytja þá frekar fólkið til. En ef á að fara inn á þá braut að reka stóriðju, þá er ekki hægt að halda uppi framleiðslunni með 2—3 kúm.

Þá kem ég að meginatriði þessa máls, en það er yfirnefndin. Ég held, að við ættum að læra af þeirri reynslu, sem við höfum fengið, þegar l. um verðskráningu voru samin árið 1943 og ákveðið var, að verðið yrði sett af sex manna nefndinni. Þá held ég, að engum hafi dottið í hug, ef nokkurn hefur þá órað fyrir þeim glundroða, sem af því hlauzt. Ég segi ekki, að bændur hafi fengið þá of stóran hlut, en þetta fór svo, af því að báðir aðilar vildu fá sem mest. Þegar bændur fengu hækkað, þá var komið að hinum að fá sitt hækkað, og þannig var verðlagið skrúfað upp, og Alþ. hefur verið alveg afllaust í þessum málum. En þetta ástand helzt, á meðan ríkisstj. heldur áfram að greiða verðið niður, því að þá hafa neytendur ekki áhuga fyrir því, að verðið sé lágt. Þessi molbúaháttur er því ekki til frambúðar. Þetta var gert, eins og hv. ráðh. tók fram, til að skapa bændum sæmilegt verð fyrir sínar vörur, en það mátti gera með því að bæta vinnuskilyrði þeirra, og hefði það verið skynsamlegri ráðstöfun. Þá sagði hæstv. ráðh., að byggja ætti á tölum hjá hagstofustjóra, en þær tölur eru komnar frá bændum, því að búreikningaskrifstofan á að reikna út þessar grunntölur. En ég held, að ég fari ekki rangt með það, að búreikningakerfið sé svo lélegt, að lítið sé hægt að byggja á því, en samt eiga þessar tölur að vera grundvöllurinn og hann svo traustur, að hagstofustjóri þarf ekki annað en að athuga þær, ef eitthvað út af ber. En hagstofustjóri er ekki hæfari að vera hæstaréttardómari í þessu máli en sá, sem kann að draga frá og leggja saman. Það er því rangt, að hér sé um nokkra lagaskýringu að ræða, en ef tölurnar reynast vafasamar, þá er það frekar málafærslumaður, sem ætti að koma til skjalanna. Þess vegna er hæpið að samþykkja þetta eftir þá reynslu, sem við höfum haft. Það eru valdir 3 meðlimir af bændum og 1 af alþýðusambandinu, og er það gert til þess, að sjónarmið neytenda komi fram, og svo einn frá Sjómannafélagi Rvíkur, sem er einn aðili í alþýðusambandinu. Þetta er komið til af því, að Alþýðusambandið er undir stjórn Kommúnistafl. í dag, en sjómannafélagið undir stjórn Alþfl. í dag. Þarna eru settir inn 2 pólitískir aðilar í n. og ekkert annað. Þau rök hæstv. ráðh., að Sjómannafélag Reykjavíkur væri samnefnari sjómanna í landinu, eru út í loftið. Í því félagi er sáralítið af sjómönnum, sem stunda sína atvinnu á smábátum og taka hlut. Þar er langmest af launamönnum hjá stórútgerðinni. Sjómannafélögin í Keflavík og Ísafirði og fleiri stöðum eru aftur á móti fulltrúar fyrir hlutarsjómenn. Í Sjómannafélagi Reykjavíkur eru nær eingöngu launþegar, vegna þess að hér er blátt áfram svo lítið gert út af mótorbátum, þar sem eru viðhöfð hlutaskipti. Hér er því um pólitíska fulltrúa að ræða. Og hvers vegna er þá ekki skipað hreinlega pólitískt heldur en að vera að þessu? Það er miklu heppilegra. Þriðji aðilinn þarna er svo Landssamband iðnaðarmanna. Á það hefur verið minnzt, að hér er ekki um stóran hóp manna að ræða. Þetta er að vísu nokkuð stór hópur í landinu, en ekki svo stór, að hann eigi að ganga fyrir ýmsum öðrum. Og hvað svo um alla hina, sem hafa engan fulltrúa, t. d. verzlunarmenn og embættismenn? Það eru stórir hópar launþega. Eins mætti segja, að kvenfélögin ættu hér hagsmuna að gæta. Sannleikurinn er sá, að hér er um pólitískt sjónarmið að ræða. Hér eiga að koma einn sjálfstæðismaður eða tveir, einn framsóknarmaður eða tveir og einn alþýðuflokksmaður og sósíalisti, og svo frá iðnaðarmönnum einn jafnaðarmaður eða sósíalisti. Það hefur aldrei legið neitt til grundvallar fyrir mótmælum Framsfl. gegn búnaðarráði annað en það, að ráðið væri ekki nógu pólitískt, ekki nægilega margir framsóknarmenn í því. Ég get ekki viðurkennt, að styr hafi staðið um verðlag landbúnaðarafurða á s. l. ári og varðandi ákvarðanir búnaðarráðs. Þess vegna er ekki ástæða til að breyta til nú, nema síður sé. Ég skal ekki halda uppi miklum umr. um þetta mál. Ég hef gert grein fyrir skoðun minni í höfuðatriðum. Ég hef ekki trú á þessu, og tel það stefna í öfuga átt í dýrtíðarmálunum og þetta verði því erfiðara sem lengra er haldið á þessari braut. Mun ég ekki bera fram brtt. við frv., eins og ég gat um í fyrstu, þar sem tíminn er svo naumur, enda mundi það ekki verða til neins. En ég mun greiða atkv. gegn frv. Ég tel frv. fyrst og fremst fela í sér yfirlýsingu frá Framsfl. um það, að hann telji sig ekki færan um að finna jafngóða menn í ráðið til að stjórna þessum málum eins og fyrrv. landbrh. gerði. Annars hefði landbrh. ekki gefið frá sér þetta vald. Ég tel, að í skipun framleiðsluráðsins felist svo mikil hætta, ekki aðeins fyrir ríkissjóð, heldur fyrir dýrtíðarmálið, að ég vil ekki bera ábyrgð á skipun þess. Ég mun því greiða atkv. á móti frv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Enda þótt hv. þm. Barð. gæfi með ræðu sinni tilefni til þess, að honum yrði svarað, þá mun ég ekki gera það. Hins vegar þarf ég að leiðrétta hann í einstökum atriðum án þess að fara að svara honum. Ég vil fyrst leiðrétta þann herfilega misskilning, sem kom fram hjá hv. þm., þegar hann kallaði Búnaðarfélagið stéttarsamband og talaði um, að styrkurinn yrði tekinn af því. Búnaðarfélag Íslands hefur haft tvenns konar starf með höndum. Annars vegar er það algerlega faglegur félagsskapur og vinnur að leiðbeiningum í landbúnaði. Hins vegar er búið að hlaða á það ýmsum störfum, sem eru í raun og veru störf landbrn. Þegar ég t. d. sem ráðunautur um nautgriparækt reikna út og athuga, hvaða styrk hvert nautgriparæktarfélag á að fá, þá ætti það verk að vera unnið í ráðuneytinu. En Alþ. hefur hingað til þótt heppilegra að láta þetta fara saman með ráðunautarstarfinu. Hitt er svo rétt, að um dálítið tímabil fór Alþ. inn á þá braut að reyna að þvinga Búnaðarfélag Íslands inn á það að fara inn á mál stéttarfélags bænda, t. d. með því, að ekki mátti greiða niður landbúnaðarvörur nema með leyfi Búnaðarfélagsins, sem þarna

átti að koma í staðinn fyrir stéttarfélagsskap og ákveða, hvað mikið ætti að greiða niður. Nú vitum við, að til er aðili, sem hægt er að snúa sér til með svona mál, þar sem er stéttarfélag bænda. Það getur nú leyst Búnaðarfélagið af hólmi, enda á það ekki að koma nálægt þessum málum. En Alþ. hafði neytt það til að fara inn á þetta svið. Það hefur aldrei verið hætta á því, að Alþ. færi að svipta Búnaðarfélagið fé til síns upprunalega og rétta starfs. Hitt er trúlegt, að þróunin verði hér svipuð og í öðrum löndum, að sumt af því, sem Alþ. hefur falið Búnaðarfélaginu að annast, verði látið heyra undir ríkisstj. að framkvæma. Slík hefur þróunin orðið í nágrannalöndunum, þar sem félög svipaðs eðlis og Búnaðarfélagið hafa starfað. Aðeins faglega fræðslan hefur orðið eftir í verkahring þessara félaga, en hin störfin hafa færzt undir ríkisstj. Ég vona, að allir skilji þetta og hv. þm. Barð. líka.

Um búnaðarráð skal ég ekki ræða sérstaklega. Það er öllum vitanlegt, að ekki voru það allt bændur, sem í því voru. Og það voru menn, sem bændur alls ekki höfðu kosið til þessara starfa. Eins og komið hefur fram í mörgu, er ekki helmingur ráðsins skipaður mönnum, sem hafa trúnað bænda. Annars skal ég ekki fara út í það. Þá er það rangt hjá hv. þm., að ekki hafi verið um langt skeið mismunað eftir þyngd kjötsins. Kjötið hefur verið lengi flokkað eftir þyngd, eða síðan 1920. Aftur á móti hefur gæðaflokkun, sem er allt annað, ekki komizt á nærri alls staðar á landinu. Þá taldi hv. þm., að afleiðing 6 manna n. álitsins hefði orðið sú að raska hlutfallinu milli vöruverðs landbúnaðarins annars vegar og kaupgjaldsins hins vegar. Þetta er hreinn og beinn misskilningur og hann ákaflega greinilegur hvað kjötið snertir. Eins og hagstofustjóri hefur látið reikna út, þá var kjötverðið 1942 40% fyrir ofan 6 manna n. verð. Áður en 6 manna n. varð til, komst mest misræmi á milli kaupgjalds og afurðaverðs. Það, sem kom skriðunni af stað, skeði áður en 6 manna n. kom til sögunnar. Þetta er hægt að sannfærast um með því að líta á útreikninga hagstofustjóra um það, hvað verðið hefði átt að vera samkv. 6 manna n. álitinu árin 1941—'42. Að öðru leyti ætla ég ekki að svara hv. þm.

Ég ætla þá að fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 974, sem minni hl. n. leggur fram. Fyrsta brtt. er um það að breyta um nafn. Það skiptir nú ekki miklu máli, hvort þetta er kallað mjólkursölusvæði eða framleiðslusvæði, og er því engin ástæða til að vera að þessari nafnbreyt. hér. Á eftir 3. gr. eiga að koma 2 nýjar gr. Hér er gert ráð fyrir að skipta landinu í framleiðslusvæði eftir mjólkur- og kjötframleiðslu, og skal sums staðar framleitt eingöngu kjöt og annars staðar eingöngu mjólk. Hv. minni hl. vill láta frv. kveða á um þá verkaskiptingu, sem hann telur eðlilega og svo sjálfsagða, að hún eigi að koma og hlýtur að koma. Ég tel aðeins, að það sé fjarri því, að sá skilningur sé fyrir hendi í þessu máli, að þetta sé tímabært, eins og sakir standa. Undirtektirnar voru ekki svo góðar, sem frv. fékk, er búnaðarþing sendi út fyrir nokkru um þetta. Því var hvergi nærri nógu vel tekið meðal bænda, sem ekki töldu sig tilbúna til að ganga inn á þá breyt., sem þar var gert ráð fyrir. Og þeir eru áreiðanlega ekki tilbúnir ennþá. Ég vil benda á, að þessi þróun getur aldrei orðið í stökkum, hún verður að eiga sér stað smám saman. Og framleiðsluráðið á að vinna að því. Ég held hv. þm. hafi ekki gert sér ljósa grein fyrir því, hver er munurinn á verðinu fyrir mjólk til bændanna, sem geta selt beint til neytenda, og þeirra, sem selja mjólkina til vinnslu. Verðið er mjög misjafnt, allt frá 30 aurum og upp í 40—50 aura. Og það er ekki alltaf gott að gera upp á milli svæðanna. Sem dæmi skulum við taka t. d., að komið væri mjólkurbú á Hvammstanga. Ég er ekki í vafa um það, að menn þar mundu telja sig hafa eins góða aðstöðu til að flytja mjólk til Reykjavíkur eins og menn vestan af Snæfellsnesi. Það er ekki lengra að norðan og til Borgarness en vestan úr Staðarsveit. Þess vegna er ekki gott að leyfa einum að selja mjólk, en öðrum ekki. En verðjöfnuninni, sem frv. gerir ráð fyrir, er ætlað að draga úr þessum mismun, svo að ásóknin verði ekki eins mikil. 20. gr., sem hv. þm. fella niður, gerir það að verkum, að menn á sama svæði fá ekki misjafnt verð fyrir vöruna. Hér á mjólkursvæði Reykjavíkur getur þetta munað 10 aurum og meira á mönnum, sem eru á sjálfu bæjarlandinu. Og alls staðar, þar sem l. ná til, getur þetta munað 20 aurum. Þessi mismunur gerir það að verkum, að hér er þegar verðjafnað. Hvað kjötið snertir, þá er ég með því, að það eigi að leggja meira upp úr gæðamati en gert hefur verið. Því er ekki að leyna, að stærsti markaðurinn, hér í Reykjavík, hefur staðið á móti gæðaflokkun. Hins vegar tel ég ekki enn vera mögulegt að ná því með að samþykkja svona gr. Ég tel, að enn sé ekki fenginn sá jarðvegur meðal bænda, að slíkar ráðstafanir komi að gagni með einfaldri samþ. ofan frá. Hér á ég líka við 5. gr., undir staflið b, þar sem ákveðið er, að verðið skuli vera misjafnt á svæðunum, sem afmörkuð eru, og skal framleiðsluráð ákveða, hver Hæstv. landbrh. hefur talað um það. En ég vil segja það, þrátt fyrir það að hv. þm. Barð. sé sá mismunur skuli vera. Um 3. brtt. við 5. gr., sem hjá honum verður 7. gr., hef ég ekki neitt að segja. svo mjög mikið á móti þessum fulltrúum, þá held ég, að vont sé að finna 3 fulltrúa, sem hafa á bak við sig fleiri neytendur en þessir 3 fulltrúar, sem frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna tel ég óþarft að samþykkja þessa brtt. Brtt. við 18. gr. er um það, að framleiðsluráð ákveði skipun mjólkursölusvæða og framleiðslusvæða. Á mjólkursölusvæði skal ekki fara fram nein sauðfjárrækt. Sú breyt. er sízt til bóta, því að þótt þetta geti átt við t. d. hér í nágrenni Reykjavíkur, þá getur það ekki passað víða annars staðar, t. d. í Ólafsfirði og Norðfirði. Það væri fjarstæða, að þeir menn, sem vildu fullnægja mjólkurþörfinni þar, mættu ekki eiga kindur. 5. brtt. er um, að 20. gr. falli niður. Hún er varðandi verðjöfnun mjólkurinnar innan sölusvæða. Ég tel alveg rangt að fella þá gr. úr frv. Ég tel ekki eðlilegt að samþykkja nokkra af þessum brtt. Þær eru allar frekar til þess að spilla en til bóta. Og það stafar m. a. af því, að skilningur bænda á sumu þessu er ekki orðinn það mikill enn, að tímabært sé að samþykkja svona ákvæði.

Það er þrennt í þessu, sem ég tel, að skipti mestu máli, og það er í fyrsta lagi, að með þessu fá bændur sjálfir málin í sínar hendur. Þeir eiga sjálfir að fjalla um málið og skipulagið í framtíðinni. Í öðru lagi á framleiðsluráð að vinna að meiri verkaskiptingu en verið hefur. Í þriðja lagi

er hér lögð áherzla með mörgum ákvæðum á það, að bændur framleiði góðar vörur og í formi, sem hentar neytendum bezt. Og ég held, að ef þetta fer vel úr hendi, þá geti orðið góð samvinna milli þeirra, sem framleiða og kaupa. Og það er einmitt það, sem þarf að vera.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf nú að svara tveimur alllöngum ræðum, annarri frá hæstv. landbrh., en hinni frá hv. þm. N-M. Hæstv. landbrh. fór að tala um það, að það væri fleira, sem ylli dýrtíðinni, heldur en landbúnaðarafurðir, en ef hann heldur, að ég hafi nokkurn tíma haldið því fram, að dýrtíðin stafaði eingöngu af hinu háa verðlagi á þeim, þá skjátlast honum algerlega, og það, sem hann sagði í dag viðvíkjandi því, að ég vildi skipuleggja framleiðsluna, það voru, að því er mér fannst, mestu útúrsnúningar. Það er jú rétt, að ég er fylgjandi því að skipta landinu í framleiðslusvæði og greiða hærra verð fyrir mjólk í þeim héruðum, sem eiga fyrst og fremst að verða mjólkurframleiðsluhéruð, og hærra verð fyrir kjöt í þeim héruðum, sem eiga að stunda kjötframleiðslu. Ég ætla, að þessi skipting sé ekki það miklum erfiðleikum bundin, að hún sé ekki vel framkvæmanleg. Hins vegar kemur ekki til greina að taka einstakar jarðir út úr hvað þetta snertir. Þá taldi hæstv. landbrh., að það væri hart aðgöngu að ákveða með fógetavaldi, hvar eigi að framleiða kjöt og hvar mjólk. Í mínum till. er ekki gert ráð fyrir þessu, heldur aðeins ætlazt til þess, að bændur fái hvatningu og sjái sér hag í að breyta til með framleiðslu í samræmi við staðhætti og aðstæður.

Þá vék hæstv. ráðh. að II. kafla frv., um verðskráningu, og þeim breyt., sem ég vildi láta gera á honum. Ég þarf ekki að svara því mjög ýtarlega, því að hv. þm. Barð. tók þar að nokkru leyti af mér ómakið, þegar hann benti á, að til væru í landinu fjölmennari stéttasamtök, sem frekar ættu rétt á að fá menn í ráðið, og á ég þar við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Það virðist sérstaklega einkennilegt að taka út úr öllum heildarsamtökunum eitt stéttarfélag í Reykjavík, og gefa því sérstakan rétt, en sleppa jafnfjölmennum launþegasamtökum og starfsmannabandalaginu. Þá minntist hæstv. landbrh. á ákvæðin um yfirnefndina, og taldi hann hana nauðsynlega. Ég verð að segja það, að niðurgreiðslu úr ríkissjóði á landbúnaðarvörur tel ég eðlilegri en að þessi gerðardómur verði skipaður til þess að ákveða verð á landbúnaðarafurðum. Annars kemur hér fram sjónarmið hjá hæstv. landbrh., sem stangast á við flokkshugmynd Framsfl., því að í Tímanum kemur berlega fram sú skoðun, að bændur eigi að ráða þessu sjálfir. Þá vildi hæstv. landbrh. halda því fram, að n. þessi skyldi reikna út verð á landbúnaðarafurðum á hverjum tíma. Ég hygg, að ef reikna ætti þarna eftir tölum, sem nokkuð mark væri takandi á, þá þyrftu að vera fyrir hendi búreikningar, — en hvað hefur Alþ. gert til þess að efla þá? Það hefur lækkað framlagið til þeirra og þar með unnið þeim ógagn.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þessi útreikningur n. væri einnig til þess að reikna út kaup bændanna samanborið við aðrar stéttir. Þetta er misskilningur. Ef gengið er út frá, að þetta sé svo, þá ríkir það sjónarmið, að bændur séu verkamenn, en það getur ekki komið heim við það, að þeir séu framleiðendur. Annaðhvort verður að ganga út frá því, að þeir séu verkamenn eða þá framleiðendur, sem þá jafnan eiga eitthvað á hættu, eins og venjulega er um framleiðendur. Ég álít því, að ég þurfi ekki frekar að svara hæstv. landbrh. [frh.]

Forseti (ÞÞ): Ég vil biðja hv. 8. landsk. þm. að fresta síðari hl. ræðu sinnar, með því að veitingar hér niðri voru boðaðar kl. 11½, en nú er komið fram yfir þann tíma. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson) [frh.]: Þá vil ég með nokkrum orðum svara ræðu hv. 1. þm. N-M. Hann vék nokkuð að mínum brtt. og taldi þær allar vera til skemmda, en lýsti því yfir, að hann væri mér sammála um þá stefnu, sem þær miða að. Hann gat þess, að fyrsta till. væri nafnbreyting. Hún er ekki nafnbreyting, heldur er hún viðbót við nafnið, og misskilningur hans mun stafa af því, að hann álítur, að með orðinu framleiðslusvæði eigi ég við hið sama sem átt er við með mjólkursölusvæði í frv., en þetta er hins vegar ekki það sama. Það, sem fyrir mér vakir, er að bæta inn í frv. nýju viðfangsefni í samræmi við það, sem till. felur í sér. Álít ég, að ummæli hv. þm. stafi af misskilningi, sem út af fyrir sig er ekki annað en að leiðrétta.

Þá vildi hann einnig færa þau rök móti mínum till., að þróunin gæti aldrei orðið í einu stökki. Þetta er einmitt það sama og ég tók fram í minni framsöguræðu, því að slíkt er ekki hægt, og það er einmitt stefnt að því í brtt. mínum, að þetta verði smátt og smátt. Það er stefnt að því með brtt. mínum, ef þær verða samþ., að þróunin geti byrjað, en með frv. er stefnt að því, að hún dragist eða geti ekki byrjað. Þetta er munurinn, sem hér er um að ræða.

Þá vildi hv. þm. leggja mikla áherzlu á það, að það væri allmikill verðmismunur milli bænda eftir því, hvað unnið væri, og efast ég ekki um, að hann hafi farið rétt með þær tölur, sem hann minntist á í því sambandi, en það er ekki þetta atriði, sem hér um ræðir. Hér er um það að ræða að skapa þann heppilega verðmun, sem þarf til þess að hvetja bændur til þess að beina framleiðslu sinni inn á þessa braut. Það er alls ekki að því stefnt, að þessi verðmunur geri heildartekjur bænda misjafnari. Það er ætlazt til þess, að munurinn verði einmitt jafnaður með því, að þar sem önnur framleiðsluvara er lægst, verði hún hæst. Hv. þm. var að taka dæmi af Hvammstanga og Snæfellsnesi. Benti hann á, að bændur norður í Húnavatnssýslu, sem sendu mjólk sína í mjólkurbúið á Hvammstanga, vildu fá að selja mjólk sína til Reykjavíkur eins og bændurnir á Snæfellsnesi. Þetta má vel vera, en ég er þeirrar skoðunar, að heppilegra væri að flytja hvorki mjólk frá Snæfellsnesi né Hvammstanga til Reykjavíkur. Það er hins vegar rétt, að mikið hefur verið sótzt eftir því undanfarin ár að færa út mjólkurverðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og hefur verið mjög erfitt að standa á móti slíku, vegna þess að skortur hefur verið á, að mjólkurframleiðslan væri nógu mikil í nágrenni Reykjavíkur.

Þá lagði hv. 1. þm. N-M. sérstaka áherzlu á það, að þetta væri ekki hægt, vegna þess að það vant-

aði skilning hjá bændum. Hér er um allmikinn skoðanamun að ræða hjá okkur, og ég vil minna á það í þessu sambandi, að þegar frv. um ræktunarsjóð var til umr. í þessari d. fyrir nokkrum dögum, var ég með brtt. við það frv., sem hafði verið felld í hv. Nd., en kom upphaflega frá nýbyggingarráði, um það að fjárhagsráð og Búnaðarfélag Íslands skyldu gera till. í sambandi við sjóðinn. Þá hélt þessi sami hv. þm. því fram, að óþarfi væri að setja þetta í frv., vegna þess að bændur ættu sjálfir að skipuleggja þetta mál, og sagði, að þeir væru einmitt farnir að skilja það. Nú heldur hann fram hinu gagnstæða og álítur, að bændur séu enn ekki farnir að skilja nauðsyn þessa máls.

Þá var hann einnig að tala um það, að það væri ekki hægt að skipta landinu þannig niður, að ákveðið yrði, að mjólk skyldi eingöngu framleidd í einum landshluta og kjöt í öðrum, vegna þess að í ýmsum héruðum landsins færi saman sauðfjárrækt og nautgriparækt. Það er einmitt gert ráð fyrir því í mínum till., að á stærstu markaðsstöðum séu sköpuð neyzlumjólkursvæði, til þess að reyna að efla þar mjólkurframleiðslu, sem fullnægi neyzlunni, til þess að þurfa ekki að flytja mjólkina að úr mörg hundruð km fjarlægð. Hins vegar er einnig gert ráð fyrir öðrum svæðum með blandaðri framleiðslu, þar sem sauðfjárrækt er nokkur, en framleiðsla mjólkur til vinnslu á þeim svæðum, þar sem skilyrði fyrir mjólk eru góð, en liggja of langt frá markaðsstöðum til þess að flytja mjólk þangað daglega.

Þá minntist hann á, að ég vildi fella niður 20. gr. Sú till. er afleiðing af þeim fyrri, og ef fyrstu *aðaltill.* verða *felldar*, þá eru *hinar sjálfteknar* aftur, því að þá standast þær ekki í frv.

Að síðustu vil ég benda á það, að það liggur hér fyrir, að báðir þeir ræðumenn, sem hér hafa talað, eru raunverulega sammála um, að þetta þurfi að gera, enda liggur það ljóst fyrir, að þetta þarf að gera, og ég vil í þessu sambandi benda á það, að samkvæmt þeim upplýsingum, sem fengust við fjárskiptin 1946, þá kom það í ljós, að á Akureyri voru hvorki meira né minna en 1700 fjár. Sér nú hver maður, hvaða vit er í því að hafa framleiðsluna svona, enda ber að leggja kapp á að skipuleggja hana í sambandi við þau fjárskipti, sem væntanlega verða nú bráðlega. Ég hef þá svarað því, sem að mér var beint, og skal ekki lengja umr. frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
Brtt. 974,1 felld með 10:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13:1 atkv.
Brtt. 974,2 felld með 10:4 atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 974,3 felld með 10:3 atkv.
5.—17. gr. samþ. með 12:1 atkv.
Brtt. 974,4 tekin aftur.
18.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 974,5—6 teknar aftur.
20.—37. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. svo og kaflayfirskriftir samþ. án atkvæðagreiðslu.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 146. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1023).

---

25. Eignakönnun.

Á 131. fundi í Nd., 19. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um eignakönnun (stjfrv., A. 884).

Á 132. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um eignakönnun er lagt fram samkvæmt samkomulagi því, er náðist, er núverandi stjórn var stofnuð með þeim flokkum, er að henni standa. En málið sjálft, hugmyndin, á sér rætur í þeim kröfum, sem frá mörgum hliðum hafa fram komið, einkum í seinni tíð, um, að svo kölluð eignakönnun fari fram í landinu. Þessar kröfur gerðu vart við sig við þær tilraunir til stjórnarmyndunar, sem fram fóru, eftir að fyrrv. stjórn lét af völdum. Þá kom fram krafa um eignakönnun frá þrem flokkum, sem fengust við þær tilraunir, enda vitað, að ef tekizt hefði að endurreisa stjórnarsamstarf með þeim flokkum, er stóðu að fyrrv. ríkisstj., mundi eignakönnunin hafa orðið eitt af stefnumálum þeirrar stjórnar.

Hinar háværu kröfur um eignakönnun, sem hér hafa uppi verið, eiga sér aðallega stoð í tvennu. Þau eru tvenns konar, rökin, sem heyrzt hafa fyrir því, að rétt og nauðsynlegt sé að hafa hér eignakönnun. Fyrst, að vitnað er til nágrannalandanna og á það bent, að eignakönnun hefur verið lögfest í Danmörku og Noregi, og oft er talið í öðrum málum en þessu eina til mála koma að hafa sama hátt á og nágrannalöndin. En þó að bent hafi verið á eignakönnunina í Danmörku og Noregi til rökstuðnings eignakönnun hér á landi, þá eru þó ákaflega ólíkar ástæður hér á landi og í þessum tveim löndum, sem nefnd hafa verið. Þar þótti það nauðsyn að hafa hendur í hári þess stríðsgróða, sem óvinveitt erlent hervald hafði tekið svo að segja úr fjárhirzlum þessara þjóða sjálfra og dreift út til þeirra, sem veittu hinu erlenda herveldi aðstoð, sem var andstæð hagsmunum og sjálfstæði þessara landa. En önnur röksemd er nærtækari en þessi, enda er þetta lítil röksemd fyrir eignakönnun hér á landi. Hin stoðin er allt annars eðlis, en hún er sú, að hér á landi er svo litið á, og enda á almennings vitund, að mikið fé hafi verið dregið undan skatti um mörg ár, en það hefur aftur truflandi áhrif á eðlilega og æskilega þróun atvinnu- og fjármálalífsins.

Ýmsar skoðanir geta menn haft um það, hvað

valda muni þeim undandrætti fjár í skattaframtölum, sem hér er átt við og talin eru mikil brögð að hér á landi. Mín skoðun er sú, og vil ég við þetta tækifæri láta hana uppi, að búið sé að ganga allt of langt í skattaálögum hér á landi, svo langt, að með því hafi verið alinn upp sá hugsunarháttur hjá þjóðinni, að undandráttur fjármuna við skattaframtöl sé nauðvörn. Ég tel ekki verða hjá því komizt, fyrir hvaða ábyrga ríkisstj. sem er, að taka hæfilegt tillit til þessa almenningsálits, sem til er orðið, meðan þjóðin hefur búið við gildandi skattalöggjöf, ef með þeim aðgerðum, sem stofnað er til með þessu frv., tekst að koma á fót heilbrigðara fyrirkomulagi í þessum efnum og fá fram rétt framtöl skattborgaranna, en það mark höfum við sett með þessari löggjöf. Í því sambandi vil ég upplýsa, að ríkisstj. mun freista að láta fram fara gagngerða endurskoðun á skattalöggjöfinni, svo fljótt sem því verður við komið. Þrátt fyrir það sjónarmið, sem ég hef á drepið varðandi skattalöggjöfina yfirleitt og áhrif hennar á siðferðiskennd þjóðarinnar í þessum efnum, og það, hvernig á hana er litið af skattborgurunum, er þetta frv. borið fram líka til þess að tryggja ríkinu sinn hluta af því fé, sem undan hefur verið dregið skatti. Frv. byggir á þeirri meginreglu að viðurkenna þau skattaframtöl, sem hlutaðeigandi skattayfirvöld eru búin að taka gild, en opna hins vegar leið til þess, að ríkinu sé skilað stórum hluta af undandregnu fé, með þeim hætti, að keypt verði fyrir þetta fé svo að segja vaxtalaus ríkisskuldabréf til mjög langs tíma, er greidd séu með þeim peningum eða vaxtabréfum með 4—5% vöxtum, sem menn geta ekki gert grein fyrir í skattaframtölum sínum.

Lokatilgangurinn er svo sá, eins og ég gat um, að gera mönnum kleift að telja rétt fram til skatts í samræmi við gildandi lög. En ég tel ekki nauðsyn við þessa umr. að ræða einstakar gr. frv., enda mun verða tækifæri til þess síðar, bæði í þeirri n., sem málið fer til, og eins þegar það kemur úr n. En ég hef bent á orsakir þess, að málið er fram komið, og drepið á þau höfuðatriði, sem stefnt er að með þessu frv. Ég vil svo mælast til þess, að málinu verði vísað til fjhn. og 2. umr. að lokinni þessari umr.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég hef ekki haft langan tíma til að kynna mér þetta frv., og mun ég því ekki ræða einstakar gr. frv., heldur það almennt, og benda á nokkur atriði, sem snerta meðferðina á málinu, og hvernig það liggur fyrir. Í fyrsta lagi tel ég það vera í hæsta máta lítt afsakanlegt af hæstv. stjórn að hafa látið það dragast svo, að málið kæmi fram. Stjórnin var mynduð snemma í febr., og þá lýsti hún því strax yfir, að hún mundi koma með eignakönnun. Svo er mér kunnugt um, að frv. er búið að liggja lengi hjá hæstv. stjórn. Það er því kominn 2½ mánuður síðan hæstv. stjórn lýsti því yfir, að hún mundi fara út í eignakönnun. Þetta hefur verið mikið umtalað, og þetta umtal hefur haft ýmiss konar truflandi áhrif, sem eðlilegt var, þar sem stjórnin hafði sagt, að hún mundi fara út í þessa hluti. Menn hröðuðu sér að koma undan peningum sínum, á meðan ekki var vitað, hvernig þessu yrði háttað.

Hæstv. fjmrh. fór nokkrum orðum um það, hvernig þessu háttaði í nágrannalöndunum, og er það að vissu leyti rétt, að þar er um önnur skilyrði að ræða en hér, þar sem aðaltilgangurinn var að ná til þess gróða, sem skapazt hafði við óeðlilegt samstarf við þýzku setuliðin, þess, sem menn höfðu getað grætt í skjóli þeirra og í þessum löndum var talið svik við þjóðina. Þetta er ekki fyrir hendi hér, og þó er alltaf talað um það sem eina aðalástæðuna til þess að fara í þessa eignakönnun að ná af þeim, sem mestar tekjur höfðu á stríðsárunum af fjárhagslegu samstarfi við setuliðið og innflutningsverzlun, en hér er um hóp manna að ræða, sem hefur haft gífurlegar tekjur, sérstaklega innflytjendurnir. Það fjármálaástand, sem þá skapaðist, hefur orðið þess valdandi, að menn græddu svo stórkostlega, að þess munu engin dæmi áður. Gagnvart þessum mönnum, sem nú sitja yfir verzlunargróðanum og fjármagninu í landinu, gerir þetta frv. hæstv. stjórnar ekki miklar ráðstafanir. Hjá þeim þurfti fyrst og fremst að hreinsa til, og það skyldi maður ætla, að kæmi einmitt fram í þessu frv., því að hjá þessum mönnum er fyrst og fremst undandregins fjár að leita. En frv. er ekki miðað við það að ná þessum gróða fram. Þessir menn, innflytjendurnir, hafa sömu aðstöðu og við venjuleg skattaframtöl til þess að koma eignum undan. Það má að vísu framkvæma rannsókn á „vörulager", en það er undantekning, ef það skal gert. Því geta þeir falið í vörum, vélum og fasteignum stórkostlegar fjárhæðir og einnig með eignatilfærslum forsvarað mikið fé, ef þessi fyrirtæki eru ekki rannsökuð. En þetta frv. nær aftur vei til þeirra, sem eiga smáupphæðir, sem þeir geta ekki falið í fyrirtækjum eða vörum, þeir verða fyrst og fremst að gera fulla grein fyrir sínum eignum, sem eru í bönkunum eða skuldabréfum, og flestir þeirra eru í mjög dýrum bústöðum, svo að það kostar þá skuldabyrði að verða að lána ríkissjóði peninga sína, því að þeir geta ekki gripið til þess ráðs. Það er þannig í þessu máli, að með þessu fyrirkomulagi verða það þeir, sem hafa stórar „forretningar" og mikla veltu, er hafa nóg ráð. En hinir, sem minna hafa, verða að leggja allt á borðið. Það er líkt og með skattalöggjöfina, allir launamenn verða að greiða af sínum tekjum, en þeir, sem meira hafa og eiga í alls konar „forretningum", hafa hundrað aðferðir til þess að fela sitt fé og svíkja það undan skatti. Þetta er vitað mál og mjög alvarlegt mál.

Mér virðist, að afleiðingin af þessu frv. verði sú, að þeir stærri, sem eiga verulegar eignir, fá syndakvittun, en hinir, sem ef til vill eiga nokkra peninga, hafa t. d. selt húseign, verða stimplaðir opinberir skattsvikarar eða verða að festa sitt fé í skuldabréfum, sem þeir hafa ekki neinar tekjur af.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta frekar nú, en mun gera það síðar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það mátti ráða af líkum, að mál eins og þetta, sem hér liggur fyrir, yrði umdeilt, bæði einstakar greinar og stefnan í heild. En ég vil benda hv. þm. á það, að undanfarið hafa verið háværar raddir frá sálufélögum þm. Siglf. um eignakönnun, þó að nú, þegar frv. er komið fram, telji þeir allt til foráttu og hér sé allt of langt gengið.

Þá átelur þm. Siglf. mjög þann drátt, sem orðið hefur á þessu máli, en ég vil benda á það, að mál sem þetta þarf mikinn undirbúning og áreiðanlega ekki heppilegt að flaustra slíku af. Ríkisstj.

þykist líka hafa gert sitt bezta, þar sem hún fól þremur valinkunnum mönnum að undirbúa frv., en það voru þeir Pétur Magnússon alþm., Sigtryggur Klemenzson og Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari. Þegar þess er gætt, að ríkisstj. hefur haft mörg verkefni að starfa að, — það er þm. Siglf. kunnugt, að minnsta kosti þau verkefni, sem hann sjálfur skildi eftir ónunin eða verri en óhreyfð. — Ég tel, að eignakönnunin eigi að ná til allra sviða þjóðlífsins jafnt, ekki eingöngu til verzlunarstéttarinnar, heldur líka til þeirra, sem grætt hafa óeðlilega á húsabyggingum, þó að þm. Siglf. virtist vilja hafa þá að einhverju leyti undanskilda.

Það getur vel verið, að það séu til aðrar leiðir en hér eru valdar, en ég tel það þó mjög ómaklegt og skil ekki vel þá afstöðu þm. Siglf., þegar hann heldur því fram, að frv. nái mest til þeirra, sem lítið hafa, því að það er einmitt tekinn krókur á í frv., til þess að ekki sé tekið mjög hart á sparifjáreigendum, og ég álít þann krók alls ekki að ófyrirsynju. Ég tel einmitt rétt að elta ekki smáupphæðir, enda er lítill skattur af upphæðum, sem eru undir 45 þús., og 15 þús. sleppa alveg, en þetta telur þm. Siglf. allt of litla undanþágu og lýsti því með sínum venjulega öfuguggahætti.

Það er kannske þyrnir í augum þm. Siglf., að þetta frv. er ekki fyrst og fremst miðað við að gera menn seka, heldur meira miðað við, að menn geti komið framtölum sínum í lag, svo að ríkið geti fengið sinn hlut eins og lög mæla fyrir. Það er ekki einnar stéttar, heldur allra, að fé er dregið undan lögboðnum gjöldum, og aðkallandi vandamál að lagfæra það. En það er, eins og ég hef áður sagt, höfuðtilgangur þessa frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Að sjálfsögðu hef ég ekki haft tíma til þess að lesa þetta frv. niður í kjölinn, en við lauslegt yfirlit virðist mér það bera fullmikinn svip af aflátssölu. Eins og menn muna, þá greip páfinn í Róm til þess úrræðis að selja mönnum aflátsbréf, til þess að þeir bættu með því fyrir drýgðar syndir. Og hér virðist ríkisstj. ætla að taka upp hið forna ráð og gefa mönnum tækifæri til að kvitta fyrir drýgðar syndir með því að kaupa skuldabréf til 25 ára, enda upplýsti ráðh. það, að tilgangur frv. væri ekki að gera menn seka, heldur að koma þessum málum í betra horf. Mér virtist ráðh. telja sökina liggja aðallega í löggjöfinni, þ. e. skattalöggjöfinni. Það hefur líka komið áður fram hjá ráðh., en þá var mér litið til núverandi menntmrh., en hann mun vera sá maður, sem mestan þátt átti í núverandi skattalöggjöf. Nú vil ég spyrja: Er hæstv. menntmrh. sama sinnis og hæstv. fjmrh., að þessi skattal., sem hann hefur átt mestan þátt í að skapa, hafi verið svo óbærileg, að það hafi verið réttmætt eða eðlilegt, eins og hæstv. ráðh. minntist á, að menn hefðu gerzt skattsvikarar, og sé því nú sjálfsagt að gefa mönnum upp sakir og leyfa þeim að kaupa ríkisskuldabréf? Hér virðist ekki heldur aðeins um það að ræða að gefa mönnum upp sakir, heldur á að koma í veg fyrir, að menn þurfi að syndga framvegis. Og skal það gert á þann hátt að breyta skattal. þannig, að ekki sé mikil hætta á því, að menn freistist til að svíkjast undan skatti vegna ofurþunga laganna. Um þetta vil ég spyrja sérstaklega hæstv. menntmrh. Er þetta hans stefna og stefna ríkisstj.? Er um það þegar samið að breyta skattal. í það horf að létta stórkostlega skatti af þeim tekjum, sem þeir hafa verið þyngstir á og þar sem fyrst og fremst hefur verið svikið undan? Þessar spurningar vakti ræða hæstv. fjmrh. upp í huga mínum. Og er hæstv. ríkisstj. sammála um þetta? Telur hún, að skattalöggjöfin hafi verið of ströng og því afsakanlegt, þótt menn hafi svikið skatt? Og telur hún, að þess vegna verði að gefa mönnum tækifæri til að komast undan skatti með því að lækka skattana á hæstu tekjunum?

Ég skal ekki fara mikið út í einstök atriði frv. Eins og ég vék að í upphafi ræðu minnar, hef ég ekki haft tíma til að athuga það svo, að ég telji að í botn sé skoðað. Þó koma mér í hug nokkur atriði. Hvernig hyggst ríkisstj. fá yfirlit yfir þá fjármuni, sem Íslendingar kynnu að eiga og hafa falið erlendis? Það þýðir ekki að leyna því, að almenningur trúir því og hefur fyrir því sterk rök, að margir menn og fyrirtæki hafi komið fyrir erlendis gildum sjóðum, mörgum millj. Nú sé ég, að í 5. gr. þessa frv. er tekið fram, að menn eigi að skýra frá því, hvort þeir eigi fé erlendis í erlendri mynt hjá lánsstofnunum eða öðrum. Það er gott og blessað, að menn skuli eiga að skýra frá þessu. En ef menn langar nú ekki til að skýra frá þessu, — er þá nokkurs staðar í frv. gerð grein fyrir því, hvernig skuli að því farið að leita að þessu dulda fé? Við fljótan yfirlestur hef ég ekki getað rekizt á það. Ég tel þó hér vera um mjög veigamikið verkefni að ræða í sambandi við eignakönnunina. Þá get ég ekki komizt hjá að minnast á það, að mér sýnist, að svo sé um þessi l. sem raunar flest önnur, að þau séu það, sem þau hafa tog, en það þýðir, að mjög er komið undir framkvæmd laganna. Og hverjir eiga að annast framkvæmdina? Eftir því sem heitið er í 45. gr., er það sérstök n., sem fjmrh. skipar. N. skal skipuð 3 mönnum. Það eru þessir menn, sem eiga að ákveða það, hversu mikið tog l. sé. Það eru þessir menn, sem í einu og öllu virðast eiga að sjá um framkvæmdina. Til þess að sýna fram á, að nokkuð sé undir framkvæmdinni komið, þá tel ég rétt að grípa niður í næstu gr., 46. gr. frv., en þar er m. a. talað um, að framtalsn. geti falið sérstökum mönnum eða matsnefndum að framkvæma mat á vissum eignum eða tegundum eigna, svo sem vörubirgðum, byggingum, skipum, vélum, tækjum o. s. frv. Sem sagt er það á valdi 3 manna, sem fjmrh. skipar, hvaða eignir skulu í raun og veru rannsakaðar eða hjá hvaða mönnum skuli gerð „stikkprufa", eins og það er kallað á vondri íslenzku, til þess að vita, hvort það stenzt, sem þeir segja. En þeir, sem þessi n. vill sleppa, þeir geta sloppið og þeim verður sleppt, svo að ekki virðist sterklega um þetta búið. Auðvitað átti í þessu frv. að vera skýlaust ákvæði um það, að fram skuli fara rannsókn t. d. á öllum „vörulagerum" hjá innflytjendum og á ýmsum öðrum eignum, sem nokkurt vafamál gat talizt um, að væru rétt fram taldar. Það eru helzt vörubirgðir, vélar og aðrar hreyfanlegar eignir. Og ég vil spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún telji ekki rétt og eðlilegt að gera þetta ákvæði ljósara og nothæfara. Við þann fljóta yfirlestur á frv., sem ég hef gert, hef ég ekki fundið annað út úr þessu en það, að rannsókn á þessu fari fram, ef þessi 3 manna n., trúnaðarmenn hæstv. fjmrh., ákveða hana, en annars ekki. Ég get ekki rætt um

þennan trúnað, sem þessum mönnum er falinn, án þess að minna á þá staðreynd, að hér liggja nokkur heildsölufyrirtæki undir kæru fyrir brot á verðlagsl. og gjaldeyrisl. Og í þeirra hópi er firma, sem hæstv. fjmrh. er meðeigandi í og einn stærsti eigandinn. Ég veit af fyrri reynslu, að þegar þessar staðreyndir eru rifjaðar upp, muni hæstv. fjmrh. bregðast reiður við, en hann um það. Þessar staðreyndir verða ekki flúnar, hvorki með stórum orðum né reiði, eins og komið hefur fram hjá hæstv. ráðh., þegar minnzt hefur verið á þetta mál. En sem sagt, það er vitað, að sá hæstv. fjmrh., sem er eigandi í fyrirtæki, sem liggur undir kæru fyrir að hafa komið undan eignum með því að brjóta tvenn lög, gjaldeyrisl. og verðlagsl., hann á að skipa 3 manna n., sem á að ákveða, hvaða eignir skuli rannsakaðar, og eiginlega, hvernig framkvæmd þessara laga skuli vera. Ég hlýt að benda á þessa staðreynd, og mér finnst það furðulegt, að maður með aðstöðu hæstv. fjmrh. skuli koma með svona ákvæði og leggja þau fyrir Alþ. Ég skal svo ekki fjölyrða um málið frekar á þessu stigi þess. Sjálfsagt verður, eins og hæstv. fjmrh. sagði, hver einstök gr. frv. vandlega athuguð og gagnrýnd hjá fjhn. Mun þá koma í ljós, hvort ríkisstj. vill ganga að því að gera frv. ótvíræðara en það er nú á ýmsum sviðum. Og ég óska einnig eftir því að fá að vita, helzt við þessa umr., hvort þetta frv. sé fyrirheit um það, að á eftir komi frá ríkisstj. frv. um breyt. á skattal., sem verulega létta skattþunganum af þeim tekjum, sem hann hefur hvílt þyngst á, svo að hægt sé að tryggja hrein framtöl, eins og mér fannst, að mætti skilja á ræðu hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að mótmæla þegar í stað öllum aðdróttunum af hálfu þessa hv. þm., er síðast talaði, í þá átt, að ég hefði gefið yfirlýsingu um það, að hér ætti að fara fram breyt. á skattal., þannig að flytja ætti skattana af baki þeirra stærri og burðarmeiri og á hina burðarminni þegna þjóðfélagsins. Ég sagði það, að þess yrði freistað að láta fara fram gagngerða endurskoðun á skattal. Ég veit ekki betur en þessi endurskoðun sé af fjölmörgum talin nauðsyn. Í hagfræðingaálitinu í vetur var drepið á það, að hún væri mjög aðkallandi. Og hvaða goðgá er það þá, þótt núv. stjórn hafi hugsað sér að koma þessari endurskoðun í framkvæmd? Það er allt of áberandi hártogun hjá þessum hv. þm. að fara þannig með þau ummæli, sem ég viðhafði. Hinu atriðinu þýðir honum ekki að neita, að það er almennt álitið hjá fólki í landinu, að skattalögin séu mjög þung. Og það er oft notað sem afsökun, þegar talað er um undandrátt á skattaframtali, að þegar menn telji rétt fram, þá sé allt frá þeim tekið. Þetta hef ég þráfaldlega heyrt menn segja, sem alls ekki geta talizt til þess að vera neinir stórtekjumenn, að ég ekki tali um stórgróðamenn, svo sem heildsala og annað slíkt fólk, sem í einu og öllu er glæpalýður í augum þessa hv. þm., þessa tandurhreina engils, sem á finnst hvorki blettur né hrukka og í hvers munni ekki finnst fals né lygi. En honum verður það þó á, þessum hreina sannleikans manni, að hártoga nokkuð freklega það, sem aðrir segja, ef hann hyggur, að með því geti hann fengið máli sínu framdrátt. Og þessi hártogun á máli mínu er af versta tagi. Annars kom það sama fram í ræðu þessa hv. þm. og það, sem ég gat um áðan lauslega, að vekti fyrir vissum hluta manna, þegar talað er um eignakönnun. Hann er einn af þeim, sem leggur mest upp úr því að gera menn seka. Hann telur, að ákvæði í l. varðandi framtal og rannsókn á ýmsum hlutum séu allt of óljós, og krefst því skýringar á því, hvernig rannsóknir og því um líkt eigi að fara fram. Mér kemur ekki til hugar, að þm. sé svo blár, að hann á þessari stundu geri sér ekki ljóst, að ýmis atriði varðandi framkvæmd þessara l. er ekki hægt að segja um á þessu stigi málsins. Fjhn. Alþ. munu nú fjalla um málið, og auk þess er ætlazt til, að sérstök n., skipuð af ráðh., leggi línurnar í því, hvernig rannsókn og athugun á ýmsu skuli fara fram. Það eru ótal liðir, sem rannsaka á. Í 15. gr. er t. d. talað um rannsókn varðandi hjónabönd, ástvinamissi og því um líkt. Það er eðlilegt, að upp geti risið í sambandi við þetta ýmislegt, sem snertir efnahagslega afkomu viðkomandi aðila. En það er ekki gert ráð fyrir að rannsaka, hvernig menn hafa haft pólitísk fataskipti. Ef það hefði verið gert, hefði hv. þm. þó komizt í skotmark.

Mér kemur ekki til hugar að svara þeim persónulegu hlutum, sem hv. þm. beindi að mér. Ég hef gert það áður. Og þótt það sé alfa og ómega í hans ræðum, þá læt ég það sem vind um eyrun þjóta. Ég held, að þessari löggjöf væri ekki betur farið, þótt henni væri beint í þá átt, sem hv. þm. vill vera láta, þótt efnt væri til húsrannsóknar hjá hverjum og einum, því að vitanlega leiðir það af sjálfu sér, að ef rannsaka ætti eins og hv. þm. talar um, þá yrði að rannsaka yfir allt landið. Það er fjarri því, að ég mæli með slíkum aðferðum, þótt þær falli þessum hv. þm. bezt í geð.

Ég tel mig þá hafa komið inn á þau atriði, sem máli skipta í ræðu þessa hv. þm. Ég vildi sérstaklega ekki láta standa ómótmælt þau ummæli, sem hv. þm. þóttist geta lesið út úr ummælum mínum varðandi skattal. og þá endurskoðun á þeim, sem ríkisstj. og margir aðrir telja, að nauðsyn sé að fari fram. En hv. þm. las vitanlega út úr þessum ummælum á sama hátt og viss persóna les biblíuna.

Áki Jakobsson: Það er vegna nokkurra atriða í ræðu hæstv. fjmrh., sem ég vil segja nokkur orð. Hæstv. ráðh. sagði, að eignakönnunin hefði verið frá okkur sósíalistum, og var helzt á honum að skilja, að núv. stjórn hefði séð sér þann kost vænstan að leggja fram þessa eignakönnun vegna krafna frá Sósfl. Þetta mál hefur verið lengi í athugun, og hæstv. fjmrh. sagði, að það hefði verið gagnhugsað. Í sambandi við það vil ég benda á, að það er veigamikið, þegar svona mál eru undirbúin, að hafa samstarf við stjórnarandstöðuna um það. Þegar svona ráðstafanir eru gerðar, er það langveigamest, að þær veki ekki deilur, heldur samstarf. En Sósfl. hefur ekki fengið að sjá þetta mál fyrr en nú fyrir nokkrum mínútum, þar sem með málið hefur verið farið eins og mannsmorð. Það hefði verið eðlilegra, að Sósfl. hefði verið gefinn kostur á því að fá að taka þátt í undirbúningi þessa mikla máls.

Hæstv. ráðh. átti erfitt með að gefa skýringu á því, hvers vegna það hefði tekið tvo og hálfan mánuð að undirbúa þetta mál. Ef við rennum augunum yfir málefnasamning núv. stjórnar, þá sjáum við, að það eru ekki mörg atriði umfram þessa

eignakönnun, sem þar er greint frá. Þetta mál ásamt nokkrum öðrum er það, sem stjórnin lofar skilyrðislaust að gera. Samt er þetta mál dregið svona lengi. Er það þó vitað, að það eitt út af fyrir sig hefur haft skaðleg og lamandi áhrif á fjármála- og atvinnulífið í landinu. Og nú er það þar að auki svo, að þótt frv. sé samþ. nú, þá er málið ekki komið í gang, heldur getur orðið margra mánaða dráttur á því enn, að eignakönnunin verði framkvæmd, jafnvel fram að næstu áramótum. Þá sagði hæstv. fjmrh., að það væri ekki meiningin með eignakönnuninni að beita henni frekar gegn einum en öðrum, hún ætti að ganga jafnt yfir alla. Þetta eru hin almennu rök. En frv. sjálft, greinar þess og það, hvernig það fyrirskipar eignakönnunina, sýnir, að þetta er ekki rétt. Hæstv. ráðh. lagði áherzlu á, að ástæðan fyrir þessari eignakönnun væri sú, að menn hefðu dregið eignir sínar undan skatti. En samt á að byggja þessa eignakönnun á skattaframtölum. Þeir menn, sem hafa skapað sér aðstöðu til að draga undan vegna núgildandi skattal., þeir eiga að halda því áfram undir þessari eignakönnun. Það á að fylgja sömu reglum og við venjulegt skattaframtal. Launþegar, sem hafa þannig tekjur, að atvinnurekandi gefur allt upp til skatts, hafa orðið að borga 100% samkv. núgildandi skattstiga, þeir lenda nú í því að þurfa að gefa upp þær eignir, sem þeir hafa dregið undan framtali. En hinir, sem gátu smogið skattal., þeir hafa möguleika til að smjúga eignakönnunina. Og það er vegna þessa, sem þeir menn, sem hafa safnað auði á undanförnum árum, leggja nú mikið kapp á, að þetta mál komist fram og það sem fyrst í því formi, sem það er. Ég sagði, að eignakönnunin ætti að miðast við verzlunarstéttina. Hún hefur haft möguleika til að græða margfalt meira en aðrir. Að vísu má þarna telja með nokkra aðra, eins og t. d. húsbyggingarfélög og einstaklinga hér í Reykjavík og ef til vill einhverja aðra. En þetta nefni ég sem dæmi um hóp manna, sem hefur grætt mikið fé, en sleppur vel gegnum eignakönnun í mótsetningu við þá smærri, sem hafa orðið að borga fullan skatt, en eiga einhverjar upphæðir, t. d. líka hús, sem hafa breytt um verð við það, að gildi peninganna hefur breytzt á þessum tímum, þeir verða verulega varir við ákvæði þessa frv. Þeir eiga um tvennt að velja, kaupa þessi vaxtabréf hins opinbera eða verða stimplaðir sem skattsvikarar af fjmrh., ef þeir ekki gera það, þar sem þeir hafa ekki þá aðstöðu, sem hinir ríku hafa til að smeygja sér undan þessu. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv. Það er beinlínis í frv., eins og þm. las það upp, að gert er ráð fyrir, að ekki fari fram nein almenn könnun á „vörulagerum", vélum og eignum þessara fyrirtækja, sem grætt hafa á undanförnum stríðsárum. En ýmis ákvæði frv. gera það að verkum, að margir verða að telja fram hvern eyri. Í þessu felst ósamræmið. Ríkisstj. ætlar ekki að láta hlutina ganga jafnt yfir, heldur misjafnt. Það er opnuð smuga fyrir hina stærri.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það mundi seint verða samið frv., sem gæti séð við öllum refilstigum, og það fer að verða nokkuð til í þessu. En ég er sannfærður um, að hægt er að komast miklu nær því en þarna er gert. Og eðlilegast hefði verið að gera þetta með minna bákni, til þess að hægt sé að rannsaka nánar þá menn, sem sérstök þörf er að rannsaka, þann hóp manna, sem hefur haft sérstaka aðstöðu til að moka til sín verulegum gróða. Hefði vilji átt að vera hjá stjórninni til að láta þá menn gera fyrst og fremst grein fyrir sínum eignum, en vera ekki að elta ólar við þá smærri, sem af hreinni tilviljun hafa fengið einhverja peninga, t. d. fyrir seldar eignir, en hafa hins vegar borgað skatt af öllum tekjum sínum á undanförnum árum. En þetta bákn virðist skapað fyrst og fremst til þess að veiða þá smáu. En svo þykir það „of viðamikið", eins og hæstv. fjmrh. sagði, að stofna til húsrannsóknar, þegar hinir stærri eiga í hlut. Þá er það líka talin ofsókn að láta slíka menn gera grein fyrir eignum sínum umfram það, sem þeir þurftu að gera á þeim árum, sem fjmrh. sagði, að þeim hefði tekizt að koma eignum sínum undan skattaálagningu. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri sneitt fram hjá eignum hinna smærri. Það er sneitt fram hjá þessum 15 þúsundum og þó þannig, að það skal vera opinberlega staðfest, að viðkomandi maður hafi svikið 15 þús. kr. undan skatti. Mér finnst vera reiknað með því, að það sleppi enginn annar en sá, sem hefur verið opinberlega lýstur skattsvikari og hefur gefið sig upp sem slíkan. Þetta tekur einnig til 45 þús. kr. eignarinnar. Slíkir menn hljóta að verða fyrir allmiklu ámæli í sambandi við þetta. Býst ég við, að margir mundu heldur kjósa að kaupa hin opinberu skuldabréf og þar með binda algerlega sína fjármuni heldur en að láta þannig festa sig upp. Enda vil ég benda hæstv. stjórn á, að ef svo fer, að farið verður að stimpla hundruð og þúsundir borgara, sem fyrir einhverjar orsakir hafa fengið nokkra peninga handa á milli, sem allir vita nú í þessari síauknu dýrtíð, að eru ekki svo mikils virði, þar sem 15 þús. eru ekki nema eins og 2—3 þús. fyrir stríð — ef á að stimpla þetta fólk, hlýtur það að hafa áhrif á siðgæðiskröfurnar gagnvart heiðarlegum framtölum. En að þessu virðist ríkisstj. stefna, á sama tíma sem hún opnar víða smugu fyrir þá stærri til að losna. Þessi smuga er það að kaupa skuldabréf ríkisstj. með 1% til þess að komast hjá að verða ber að skattsvikum, en hún er þess eðlis, að hinir smærri geta ekki yfirleitt hagnýtt sér. Margir þeirra eiga nokkra tugi þús., eru menn, sem búa í mjög dýrum íbúðum, menn, sem verða að grípa til þessara fjármuna, ef eitthvað minnkar atvinna eða eftirvinna. Ef þeir hins vegar eru búnir að binda þessa peninga í skuldabréfum ríkisstj., eru þeir algerlega undir öxina komnir með sína húseign og geta átt á hættu að verða algerlega féflettir með því, að húseigin sé seld fyrir áhvílandi skuldum. Hinir stærri, sem meiri peninga hafa, geta keypt stórar upphæðir af þessum skuldabréfum. Þá er einnig stór hópur manna, sem ekki þarf á slíku að halda, af því að eignir þeirra eru ekki rannsakaðar, og geta þeir falið sínar eignir í stórum „vörulagerum". En eins og ég sagði, verða þeir, sem lítið eiga, að hafa sitt tiltækt til þess að geta bjargað því, sem bjargað verður, ef eitthvað minnka tekjur.

Ég sé því ekki betur en hæstv. ríkisstj. sé að koma upp því kerfi, að hinir ríku hafi margfalda aðstöðu til þess að smeygja sér fram hjá þessari eignakönnun, en hinir smærri verða að festa sitt litla fé og eiga margt á hættu. Fjölskyldumönnum verður meinað að eiga húsnæði yfir sig og sína fjölskyldu, eiga á hættu að verða sviptir því. Varla

hefði getað verið ósanngjarnlegar að farið gagnvart almenningi, sem er að berjast í því að koma yfir sig húsnæði, heldur en með þessu tiltæki stjórnarinnar.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lét þau orð falla, að algerlega væri rangt hjá mér, að hann hefði gefið nokkra yfirlýsingu í þá átt, að flytja ætti skatta af þeim burðameiri á þá burðaminni. Síðar í ræðu sinni hafði hann um þetta ákveðnari orð. Hann kallaði þetta fantalegar hártoganir hjá mér, og síðar sagði hann, að þetta væru hártoganir af hinni allra verstu tegund. Mér finnst því ástæða til að gera nokkru nánari grein fyrir því, hvað það var, sem kom mér til að draga þær ályktanir, sem fram komu í minni síðustu ræðu. Hæstv. fjmrh. lýsti því ótvírætt yfir, að skattalöggjöfin hefði verið svo á landi hér og væri svo, að hún freistaði mjög til skattsvika. Og hann lét orð um það falla, að ýmsir menn segðu sem svo, að ef þeir teldu allt fram, væri allt af þeim tekið. Það var mjög greinilegt, enda vitað áður bæði fyrr og síðar, að hæstv. fjmrh. er einn í hópi þeirra manna, sem telur skattalöggjöfina svo þungbæra, eins og hún hefur verið, að það sé í raun og sannleika eðlilegt, að menn skjóti fé undan sköttum að svo miklu leyti sem við verður komið. Niðurstaðan af þessari skoðun ráðh. var sú, að rétt sé einu sinni að gera hreint borð, þ. e. a. s. að gera upp við menn fyrir allar drýgðar syndir í þessu efni og gefa mönnum kost á að kaupa sér aflát, þannig að þeir komi ekki á syndaskrána, því að mönnum er svo mikil vorkunn, þó að þeir gangi inn á þá braut að telja ekki allt fram til skatts. Þetta var nú fyrri hlutinn af því, sem hæstv. fjmrh. sagði. Í framhaldi af þessu kom hann svo inn á, að nauðsyn bæri til að breyta skattalöggjöfinni þannig, að hvöt manna til að brjóta hana yrði minni. Og ummæli hans gat ég ekki skilið á annan hátt en þann, að þetta yrði að gera með því að létta að einhverju leyti af skattabyrðinni — hverfa eitthvað frá því fyrirkomulagi, sem margir telja, að sé þannig, og þar með hæstv. ráðh., að ef þeir telji rétt fram, sé allt af þeim tekið. Ég veit, að hæstv. ráðh. neitar ekki, að þetta var kjarninn í hans fyrstu ræðu. Skattalöggjöfin er óþolandi, skattabyrðin svo þung, að þess vegna á að fyrirgefa mönnum, þó að þeir svíki skatta, og síðan koma í veg fyrir, að þeir haldi áfram á sömu braut, með því að breyta löggjöfinni þannig, að bærilegra verði fyrir skattþegnana. Af þessum forsendum leyfi ég mér að draga ályktanir. Þar er fyrst til að taka, að skattstiginn hækkar mjög ört hlutfallslega, eftir því sem tekjur hækka. Þannig hygg ég, að skattstigi eigi að vera. Þá er spurningin: Hverjir eru þessir menn, sem líta svo á, að það þurfi að draga undan skatti, því að annars verði allt af þeim tekið? Það eru áreiðanlega ekki mennirnir, sem hafa 18—20 þús. kr. í árslaun, eins og Dagsbrúnarmenn hafa nú. Þeir hafa ekki ríka tilhneigingu til að draga undan skatti, því að það væri mesta öfugmæli, að með sköttum væri allt af þeim tekið. Það er fyrst, þegar komið er upp í hærri tekjur, sem skatturinn verður hár, og við 90—100 þús. kr. tekjur verður skatturinn mjög hár. Mér sýnist því augljóst, að hvötin til að draga fé undan skatti sé því meiri, sem tekjurnar eru hærri, af þeirri ástæðu, að skattakerfið er þannig, að hlutfallslega er tekið meira, eftir því sem ofar kemur, enda er það alkunna, að sá stóri hópur manna, sem talið er, að beiti öllum ráðum til að draga fé undan skatti, eru menn, sem hafa háar tekjur, en ekki lágar. Af þessu öllu og yfirlýsingu hæstv. ráðh. um nauðsynlega endurskoðun skattalöggjafarinnar og raunar ákvörðun um endurskoðun hennar, hef ég dregið þær ályktanir, að létta eigi byrðunum af þeim, sem mestar hafa tekjurnar og bera nú hlutfallslega hæsta skattana. Hitt er svo annað mál, að mér er ekki ljóst, hvort þetta er vilji ríkisstj., og mér er ekki ljóst, hvort hæstv. menntmrh., sem átti mestan þátt í því að skapa þetta kerfi, hefur svo skipt sinni í þessum efnum, að hann telji nú nauðsyn til bera að setja sérstaka löggjöf til að fyrirgefa mönnum skattsvik. Þetta veit ég ekki, en hinu held ég fram, að þetta séu rökréttar ályktanir af þeim forsendum, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið mér.

Þá vék hæstv. ráðh. að því, að það væri greinilegt, hvað fyrir mér vekti, það væri að gera menn seka. Það væri annað en það, sem fyndist hjá hæstv. ráðh., hann vildi gefa mönnum aflátsbréf. Það getur verið, að í þessu felist dálítill skoðanamunur hjá okkur. Ég lít svo á, að maður, sem hefur brotið landslög, hvort sem það eru skattalög eða önnur l., sé sekur um lögbrot, það gerir hann enginn sekan eða saklausan, hann hefur sjálfur gert sig sekan. Hver maður, sem vitandi vits telur rangt fram eigur sínar, er sekur; hvorki ég né ráðh. getur gert hann sekan eða saklausan, það hefur maðurinn sjálfur gert. Hitt er svo annað mál, að það má með ýmsum hætti taka á sekum mönnum, og ég get fallizt á, að það geta verið vissar ástæður til þess, að reynt sé að gera hreint borð í þessum efnum.

En ég finn það vel, að hér er mikill munur á skoðunum okkar hæstv. ráðh. Hann lítur svo á, að ef þessir menn sæta ábyrgð gerða sinna, þá væri það af því, að einhverjir vondir menn væru að gera þá seka. En ég segi: Þessir menn hafa sjálfir gert sig seka.

Ég hef beint ákveðinni fyrirspurn til hæstv. ráðh. um það, á hvern hátt væri hugsað að framkvæma eftirgrennslan eftir því fé, sem hugsanlegt er að margra manna áliti, að sé geymt erlendis, og margir halda að muni nema mörgum millj. kr. Ég vil benda á, að í 15. gr. frv. er svo fyrir mælt, að menn skuli gera grein fyrir því, hvort þeir eiga fé erlendis og í erlendri mynt hjá lánsstofnunum eða öðrum. En hæstv. ráðh. vildi ekki beinlínis svara þessu. Hann taldi, að það væri mjög margt á huldu enn um framkvæmd l., en eina samlíkingu gat hann þó komið með til afsökunar. Hann benti á, að í sömu gr. væri mönnum gert að skyldu að gera grein fyrir hjónabandi sínu og ástvinamissi. Það má vel vera, að fjármunir, sem geymdir eru ólöglega erlendis, séu í augum hæstv. ráðh. hliðstæðir hjónabandi og ástvinamissi. Það kann vel að vera, að hann líti svo á, að ef leitað væri uppi þetta fé og það fyndist, þá litu einhverjir svo á, að það stappaði nærri ástvinamissi eða hjónaskilnaði. Annars veit ég ekki, hvað hefur vakað fyrir hæstv. ráðh. með því að draga upp þessa samlíkingu. En ég verð að segja það, að ég teldi það ekki að ófyrirsynju, að um það, hversu mikið fé menn ættu erlendis, hvar það er geymt, hvernig

menn hefðu komizt yfir það, væru einhver ákvæði í lögum. Hins vegar kann vel að vera, að það takist að bæta úr þessu undir meðferð málsins. Ég sagði í minni fyrri ræðu, að það væru til lög, sem hefðu tog. Þetta þýðir, að svo eru lög sem þau eru framkvæmd. En framkv. l. er fyrst og fremst falin þrem mönnum, sem fjmrh. skipar, eins og segir í 45. gr. Það er ekki smáræðis vald, sem þessari n. er gefið. Samkv. 46. gr. getur framtalsn. falið sérstökum mönnum eða matsnefndum að framkvæma mat á vissum eignum, svo sem vörubirgðum, byggingum, skipum, vélum, tækjum o. s. frv., til að sannreyna, hversu mikið fé hefur verið í þær lagt. Enn fremur er skýrt tekið fram, að framtalsn. hafi heimild til, án dómsúrskurðar, að láta fulltrúa sinn rannsaka vörubirgðir. M. ö. o., þarna er það lagt á vald þriggja manna, tilnefndra af fjmrh., hjá hverjum eru athugaðar eignir. Þetta er ekki lítið vald. En í 49. gr. frv. segir svo: „Fjmrh. getur, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum laga þessara.“ Sem sé, allt vald um framkvæmd l. er hjá fjmrh. Það er hann, sem algerlega ræður því, hvað mikið tog þessara l. verður, þegar farið er framkvæma þau.

Fyrst skipar ráðh. 3 menn, þeir eiga að ráða, hvaða rannsókn fer fram, síðan á ráðh. sjálfur að ákveða, frá hvaða lagaákvæðum megi veita undanþágur. Mér finnst þetta alveg furðulegt lagaákvæði, og ég hygg, að ekki séu til nokkur dæmi þess, að einn fjmrh. hafi þannig viljað leggja valdið í sínar eigin hendur til þess að framkvæma mikilvæga rannsókn eftir eigin geðþótta.

Hæstv. ráðh. vék að því í sinni ræðu, að persónulegum hlutum svaraði hann ekki. Ég verð að segja, að hér kemur fram greinilegur skoðanamunur milli mín og hæstv. ráðh. Ég hika ekkert við að nefna þær staðreyndir, sem máli skipta. Hæstv. ráðh. gekk upp í ráðherrastólinn, þegar firma, sem hann er einn aðaleigandi að, lá undir ákæru — lá undir ákæru fyrir það að skjóta fé undan í erlendan banka og brjóta gjaldeyrisl. og verðlagsl. Forsendur allar hníga í þá átt, að hjá þessu fyrirtæki hafi verið um mjög veruleg skattsvik að ræða, og það er mín skoðun, að það gæti ekki viðgengizt í neinu réttarþjóðfélagi nema á Íslandi, að maður yrði ráðh. undir slíku tilfelli.

Það er augljóst, að mörg ákvæði í þessu frv. þurfa nákvæmrar athugunar, og verða þau áreiðanlega athuguð af fjhn. og þm., áður en lýkur. Mín athugun á frv. nær að sjálfsögðu mjög skammt, en ég tel mig samt hafa rekizt á mjög veigamikla galla.

Ég vil svo að lokum undirstrika eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Siglf. Samkvæmt frv. eiga allir þeir, sem eiga peninga og verðbréf, að geta keypt aflátsbréf, þeir fá tíma til að breyta þeim í ríkisskuldabréf til 25 ára með 1% vöxtum og þurfa ekki að telja bréfin fram við hið sérstaka uppgjör. En svo eru aðrir menn, sem kann að vera svo ástatt um, að við athugun eigna þeirra komi fram meiri eignir en ætti að vera samkvæmt skattaframtali undanfarin ár. Þessir menn eru þannig settir, að þeir eiga þess engan kost að kaupa aflátsbréf, og verða því stimplaðir sem skattsvikarar, en hinum sleppt.

Vil ég benda á dæmi í þessu sambandi. Það er mjög algengt á síðustu árum, að menn, sem hafa lítil efni, hafa lagt á sig geysimikið til þess að koma upp yfir sig dýrum íbúðum, menn, sem höfðu verið að vinna þjóðnytjastarf. Þeir hafa unnið nótt og dag að þessum byggingum, og ef rétturinn hefði skeð, þá hefðu þeir átt að telja sér til tekna alla vinnutíma, sem þeir hafa lagt í slíkar byggingar, með taxtakaupi. Og satt að segja finnst mér, að slíka frávikning frá skattal. ætti að virða mönnum til vorkunnar og réttlætis. Nú stendur slíkur maður uppi með sína dýru íbúð meira og minna skuldum vafinn, en ef íbúðin er rétt metin, þá kemur fram meiri eign hjá honum en ætti að vera samkvæmt fyrri skattaframtölum, og ástæðan er þessi, hversu maðurinn hefur lagt á sig mikla vinnu við bygginguna. Þessi maður verður stimplaður sem skattsvikari, en sá, sem hjálpaði honum með okurláni, getur keypt aflátsbréf. Þetta er aðeins eitt dæmi. Sá, sem stelur miklu, gengur til virðingarstöðu, en sá, sem stelur litlu, er stimplaður skattsvikari.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég átti von á því, að það kæmi fram hjá þeim flokki, sem þessi hv. þm. tilheyrir nú — þeim flokki, sem hæst hefur hrópað um eignauppgjör, að þegar einhver tæki að sér að koma fram löggjöf um þessi efni, þá sæju þm. Sósfl. það fljótt, að skórinn mundi kreppa að einhverjum, sem þeim væru við hönd riðnir. Hv. þm., sem síðast talaði, var að tala um menn, sem byggju í dýrum húsum, að þeir yrðu sérstaklega hart úti við eignakönnunina. Ég held, að á þessu stigi málsins sé ekkert hægt að segja um það yfir höfuð, hverjir verða illa og hverjir vel úti, og sennilega mundi það standa nokkuð á sama, hvernig löggjöfin væri lögð fram — þessir hv. þm. mundu alltaf sjá ótal annmarka á því, sem kæmi fram. Annars hefur það nú ekki hingað til verið talin nein sérstök dyggð í augum þessara manna, að menn byggju í dýrum húsum. Það hefur einatt verið talað um „lúxus“ í því sambandi, og það hefur verið talað um það í þeim tón eins og þetta gengi glæpi næst. En nú er allt í einu annað uppi á teningnum. Nú sjá þessir hv. þm. hættuna steðja að einhverjum vinum sínum, sem hafa byggt dýr hús, og tönglast báðir á því.

Það var mikið lagt upp úr valdi fjmrh. í ræðu hv. 6. þm. Reykv. Ég býst við, að þessi löggjöf, sem fjallar um skattamál, þótt hún hneyksli þessa saklausu sál — að það verði ekki hjá því komizt, að svona mál heyri undir þá stjórnardeild, sem fjmrh. á að sjá um. Sú framtalsn., sem skipuð verður samkv. þessum l., hún verður að sínu leyti alveg eins sjálfstæð í sínum störfum og t. d. skattanefndir eru nú, t. d. ríkisskattanefnd, og ég geri ekki ráð fyrir, að neinn fjmrh. vilji blanda sér í störf þessara opinberu nefnda. En vitaskuld er það, séð frá bæjardyrum hv. 6. þm. Reykv., alveg sjálfsagt að búast við alveg sérstökum og einhverjum fráleitum aðgerðum hjá núverandi fjmrh. Ég kippi mér ekki upp við það. Það virðist ekki undan því komizt, að þessi hv. þm. geti ekki staðið hér upp í neinu máli, sem snertir núverandi fjmrh., án þess að ausa hann auri og bera hann og fyrirtæki hans hinum verstu brigzlyrðum. Þetta er einhver sjúkleiki hjá þessum þm., kannske álíka sjúkleiki og sú eðlishneigð hans, sem hefur aflað honum þess vitnisburðar hjá fyrrverandi samflokksmönnum hans, sem nýlega kom fram hér í þingsölum, að þessi þm. hafi verið

sú fégráðugasta persóna, sem nokkurn tíma hafi verið í Alþfl. Þessu var lýst yfir í heyranda hljóði hér á Alþ. fyrir nokkru. Og hann heldur víst, að allir aðrir séu steyptir í sama móti.

Hv. þm. minntist á djúpsettan skoðanamun á milli mín og hans. Já, svo er guði fyrir að þakka. Og ég vona, að sá skoðanamunur haldi áfram að dýpka, en ekki að grynnka. Ég vildi heldur láta bera mig þeim brigzlum, að ég vilji vera of mildur og fara vægilega í sakirnar, en að hafa þá lund, sem þessi svartmunkur Alþingis hefur.

Áki Jakobsson: Mér finnst hæstv. fjmrh. víkja sér algerlega undan að ræða málið, og slær um sig með brögðum, vegna þess að hann treystir sér ekki til að ræða þau mál, sem ég ræddi fyrr um. Og það er úr þessari síðustu ræðu, sem ég vil taka nokkur atriði. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það, að það er ekki hægt að bera saman annars vegar ríkisskattan. og hins vegar þessa framtalsn., sem lögskipuð er með þessu frv. Þessi nefnd er miklu meir háð duttlungum fjmrh. en nokkur ríkisskattanefnd. Ég taldi mikinn aðstöðumun fyrir hæstv. fjmrh. til að hafa áhrif á störf framtalsn. samkvæmt frv. og svo hins, að hafa áhrif á störf ríkisskattanefndarinnar. Ríkisskattan. er skipuð til ákveðins árafjölda. Hefur ráðh. ekki annað að gera en að skipa ákveðna menn til að framkvæma þau skattalög, sem gilda á hverjum tíma. Það er venjulega þannig, að þegar þeir eru skipaðir í ríkisskattan., þá er óvíst, hvernig þau skattalög verða, sem þeir eiga að líta eftir um framkvæmd á. Hér gegnir öðru máli. Hér skipar fjmrh. 3 menn, sem eiga að framkvæma lög, sem í mjög verulegum atriðum eru þannig, að hæstv. fjmrh. á að ákveða, hvernig skilja beri. Þar að auki eiga þeir að framkvæma þessa einu eignakönnun, sem stendur í mjög skamman tíma. Það er ekki verið að skipa hér fasta starfsmenn til ákveðins árabils, heldur til að framkvæma ákveðið starf. Þetta sýnir, að fjmrh. hefur miklu meira vald yfir þessum mönnum en nokkurn tíma yfir ríkisskattan., eins og um hnútana er búið. Þetta finnst mér einmitt dæmi þess, að þarna hefur fjmrh. of mikið vald samkv. þessum lögum. Og ég verð að segja það, að mér finnst næstum furðulegt, að hæstv. fjmrh. skuli yfirleitt kæra sig um að taka sér slíkt vald á sínar herðar og þar með þá ábyrgð, sem því fylgir. Mér finnst eðlilegt, að þingið ákveði slíkt. Það er t. d. ráðh., sem á að ákveða ótalmörg atriði, t. d. fyrir hvern dag á að innleysa peningana, við hvaða dag eigi að miða eignakönnunina. Þetta er allt á valdi ráðh., og er furðulegt, að nokkrum mönnum skuli geta komið til hugar að leggja slíkt vald á herðar eins manns, og enn þá furðulegra, að nokkur maður vilji taka við slíku valdi. Það er í allri skattalöggjöf, að framkvæmdavaldið geti þar sem minnst raskað, að það geti notað skattalögin til að elta ólar við hina og þessa og sleppa öðrum. Það er reynt að skapa sérstakt vald, sem reynt er að hafa sem tryggingu gegn því, að hægt sé að fara út í slíka hlutdrægni, eins og oft má reikna með, að framkvæmdavaldið geri og þessi stjórn hefur sérstaklega sýnt tilhneigingu í þá átt að gera. Og það er sérstaklega tilfinnanlegt, þegar hér eru gerðar ráðstafanir, sem ekki hafa áður verið gerðar hér á landi, í sambandi við rannsókn á eignum manna. Hæstv. fjmrh. sagði, að ekki væri hægt að segja, hverjir helzt færu illa í eignakönnuninni og hverjir ekki. Það er eðlilegt, vegna þess að þessi þriggja manna nefnd má ákveða, hverja hún ætlar að rannsaka og hverjum að sleppa, og það er því þannig fullkomið happdrætti og óvissa.

Ég vil sem sagt undirstrika það, sem ég sagði áðan og hæstv. fjmrh. treysti sér ekki til að hrekja, og það er, að með þessari eignakönnun er verið að halda áfram á sömu braut og átt hefur sér stað í skattalöggjöfinni. Annars vegar eru menn, sem hafa fastar tekjur og tekjur, sem eru þannig gefnar upp, að þeir verða að borga skatt af öllum sínum tekjum og greiða fullan skattstiga. Hins vegar eru þeir, sem hafa alls konar „forretningar" og geta falið fjármuni og tekjur með erlendum innistæðum, vörubirgðum, fasteignum og vélum með of lágu verði, og það eru einmitt þeir menn, sem hafa haft aðstöðu til að koma sér undan skatti á þann hátt, sem hæstv. fjmrh. lýsti í ræðu sinni, og því nauðsynlegt að leggja út í þessa eignakönnun. Nú á með þessari eignakönnun ekki að gera neitt nýtt annað en innkalla fé, skattleggja verðbréf og skattleggja innistæður manna í bönkum. En þetta verður vitanlega að gagni þeim mönnum, sem rík fyrirtæki hafa. Þeir hafa alltaf næg tækifæri til þess að skjóta sínum eignum undan. Þeir geta stöðugt forsvarað, að þannig standi á með þeirra vörueignir, að þeir eigi ekki peninga. Þeir smærri hafa enga slíka möguleika. Þannig er hér ekki um að ræða annað en framhald á sama ástandi, sem hér hefur átt sér stað með skattalög, að þeir, sem fyrirtæki reka, hafa sérstöðu til að bregða sínum eignum undan framtali.

Það er aðeins þetta, sem ég vildi segja, áður en ég lýk máli mínu, og hæstv. fjmrh. er órólegur yfir, að ég tel, að slík almenn eignakönnun, eins og hér er farið fram á samtímis því, að það er ákveðið, að verzlunarmenn eða innflutningsaðilarnir og ýmsir þeir, sem mest hafa getað grætt á stríðinu, án þess að tryggt sé, að þeir séu skyldugir til að gera grein fyrir sínum eignum og tekjum undanfarin ár, sé gersamlega út í bláinn og fullkomlega ranglátt að ganga eins harkalega og gert er ráð fyrir í þessu frv. að hinum smærri, þar sem hinir stærri fá tækifæri til að bregða sínum eignum undan.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér fannst ræða hv. þm. Siglf. svona frekar lík skáldsögutilbúningi en því, að hann væri að ræða þetta frv. og ákveði þess. Vitaskuld getur maður með greind hv. þm. Siglf. alltaf búið til, út frá hvaða skattalögum sem væri, dæmi um, hvernig einhver gæti hringsnúið eign sinni, ef ég mætti segja það á þann hátt, hagað bókhaldi og eignum þannig, að þeim mundi vera hægt að koma undan skatti. Ég þekki ekki inn á þessar leiðir, en ég get vel trúað því, að það sé hægt að setja fram fræðilega kenningu um það, og virðist sem hv. þm. Siglf. sé sérstaklega vel heima í því. En þetta er í sjálfu sér ekkert annað en nokkuð, sem hann hefur búið til, og vitaskuld fram komið af einlægri viðleitni til að gera málið tortryggilegt í byrjun. Og það er kannske ekki óeðlilegt, af því að hann vildi láta líta þannig á, að það mætti ekki annað um það segja, af því að það kemur frá þessari stjórn. En mér finnst hv. þm. kominn í sjálfheldu í þessu máli. Hann hefur staðið fremstur í flokki að skrifa

um eignakönnunina. Hvernig hefur hv. þm. hugsað sér eignakönnun, sem ætti að ná yfir allt landið, án þess að hún yrði nokkuð almenn? En nú er svo að skilja sem hv. þm. álíti, að allar aðgerðir í þessum efnum eigi að beinast gegn einni stéttinni. Hann þráttar fyrir sína fyrstu ræðu, að hann hafi haldið á málinu á þann veg. En mér finnst á seinustu ræðu hans, að hann vilji láta líta svo út, að þeir félagar hafi ekki meint almenna eignakönnun. Og sú viðleitni kemur fram í þessu frv., að undanskilja smærri fjárupphæðir að nokkru leyti og fara mildilegum höndum um þær að öllu leyti, þótt þær séu dregnar undan. Þessari viðleitni snýr hann öfugt og vill láta líta svo út, að það sé ekki mönnum til hagræðis, heldur til að stimpla þá sem skattsvikara. Slíkur málflutningur getur vel verið, að sé hagkvæmur frá bæjardyrum hv. þm., en ég held, að hann hljóti að kannast við, að hann er ekki réttur. Hann er rangur.

Nú, þetta margumtalaða vald ráðh. get ég ómögulega fallizt á, að sé meira en í hverju öðru máli, þar sem ráðh. skipar n. til framkvæmda, hvort sem sú n. starfar eitt ár eða fjögur ár, eins og ríkisskattanefndin. Ég get ekki skilið, að hættan á því, að ráðh. blandi sér í þau nefndarstörf, sé til, hvað þá að ráðh. mundi fá sig til þess að fyrirskipa nm., sem búið er að tilnefna í opinberar trúnaðarstöður, að vinna eftir einhverjum geðþótta hans. Ég veit ekki, hvað þessir menn hugsa. Ég vil ekki vera að segja það, að þessi hv. þm. mundi hafa hagað sér þannig, ef hann hefði verið eða yrði sá ráðh., sem þessi framkvæmd heyrði undir á sínum tíma. Mér dettur ekki í hug að bera honum það á brýn að ætla að gera það og blanda sér þannig í störf opinberrar nefndar. Og ég vil mælast undan því, að hv. þm. beri mig slíkum sökum, eindregið. Ég geri líka ráð fyrir, að í slíka n. sem þessa þyki ekki rétt að tilnefna aðra en valinkunnustu og samvizkusömustu menn í þessu þjóðfélagi, sem er treystandi til að vinna trúlega það verk, sem hið opinbera felur þeim. Og hvers vegna er þá nauðsynlegt að þyrla upp svona tortryggni um málið? Ég held, að það sé fast að því óhætt að segja, að það sé aðeins gert til þess að segja eitthvað um málið. Nú er enginn vafi á því, að þetta frv. hefur vitaskuld sína galla, að ég hygg, eins og það hefur þá kosti að ná því langþráða takmarki, sem m. a. hv. þm. Siglf. hefur barizt fyrir, að hér færi fram þessi eignakönnun. Frv. er ekki svo úr garði gert, að ekki megi eitthvað að því finna, og þeirri n., sem fer með það. Þannig hugsa ég ekki, að það sé hér verið með einhvern þann grip, sem sé svo algerlega lýtalaus og fágaður, að enginn megi við honum hreyfa. Hitt er svo allt annað mál, að grundvallaratriðum geri ég ekki ráð fyrir, að breytt verði, og þá sérstaklega því atriði, að reynt verður að láta þessa löggjöf verða þannig úr garði gerða, að hún nái því höfuðmarkmiði, sem haft er fyrir augum með samningu frv., að hér verði nú fært í lag að því leyti, að menn geti komið frá sér á löglegan hátt þeim eignum eða verðmætum, sem kann að hafa verið dregið undan skatti, og staðið svo þannig gagnvart skattalöggjöfinni, eins og ég hef áður lýst, að geta framvegis haldið sér við rétt framtal.

Ég vil líka benda á það viðvíkjandi þeim mörgu liðum, sem taldir eru upp í 15. gr., að upplýsa á ýmislegt og tilfæra eignir, þ. á m. innieignir í útlöndum. Og það er ekki á valdi fjmrh. og ekki heldur neinnar n., hvort á að krefja upplýsinganna. Það stendur orðrétt í nefndri grein: „Meðal annars skal krefjast skýrslna um, hvort framteljandi eigi fé erlendis og í erlendri mynt hjá lánsstofnunum eða öðrum.“ Ég held þess vegna, að ræða hv. þm. Siglf. sé á miklu minni rökum reist en hann vill vera láta, og vissulega er honum þetta sjálfum kunnugt.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það er ekki neinn efi á því, að hæstv. fjmrh. á tök á því að flytja mál betur og af meiri rökvísi, ef rök eru fyrir hendi, heldur en hann flutti mál sitt nú. Og það, að hann heldur hverja ræðuna af annarri, þar sem ekki örlar á rökum, það sýnir, að eitthvað er þungt og erfitt fyrir, og gefur manni þá hugmynd, að þessi smíð, sem hér liggur fyrir, sé jafnvel verr gerð heldur en virðist hafa verið við fyrstu sýn. Ráðh. hóf sína ræðu á því, að það væri auðséð, að mér og flokksbræðrum mínum fyndist í frv. stefnt að einhverjum, sem væri við stjórnarandstöðuna riðnir. Er það nú málfærsla! Það kann að vera nokkuð samgróið honum að hugsa þannig, að löggjöf eigi að móta eftir því, hverjir séu í það og það sinnið við andstöðuna riðnir. Kannske er það þess vegna, að hann hefur lagt úrslitavaldið í sínar hendur. En ég vísa þeim hugsunarhætti algerlega frá mér, að ég taki afstöðu til málsins á þeim grundvelli, að það komi sér vel eða illa fyrir einhverja persónulega. Það kemur ekki málinu við. Ég hafði tekið dæmi af manni, sem hefði lagt vinnu í byggingu, og væntanlega gæti svo farið, að hann yrði stimplaður skattsvikari. Og þar hugsaði ráðh., að þar væri maður við andstöðuna riðinn, sem ég vildi hlífa. Ég sagði áðan, að ef maður ynni nú nótt með degi að því að koma yfir sig húsi og hefur með því verið að vinna þjóðnýtt starf, ætti hann að telja sér til tekna allar eftirvinnustundir og næturvinnustundir, sem hann hefur fram lagt. Nú er sannleikurinn sá, að það er mikill fjöldi manna hér í þessum bæ, sem með þessum hætti hefur byggt sér íbúðir. Þær eru enginn „lúxus“ né íburður, en þó dýrar. Og ef verkamaður, sem með frábærri elju hefur komið upp íbúð, sem kostar 60—80 þús. kr., með því að vinna nótt og dag, ef honum hefur láðst að telja fram sínar eftirvinnu- og næturvinnustundir í húsinu, þá kemur misræmi milli framtals og eignar. Og það er enginn munur fyrir þennan mann að sleppa við skattsvikarastimpilinn en mundi fyrir mann, sem lánaði okurfé, fyrir alla, sem eiga verðbréf og peninga, þó að þeir hafi ekki talið fram. Og ég sagði, að menn, sem hafa unnið þjóðnýta starfsemi, eigi sízt skilið að verða verr úti en okrarar, sem lána þeim peningana.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég ausi sig auri. Ég neita því algerlega. Ég hef sagt frá staðreyndum, sem hann mótmælti ekki einu orði, og ef hann fær á sig aur af þessum ummælum, þá eru það hans eigin verk, sem ausa auri, en ekki ég. (**Fjmrh.**: Ég hef ekki svo mikið við að svara þessum hv. þm.). Þetta var prýðilegt framígrip. Þetta eru öll rökin hjá hæstv. fjmrh. En verkin tala hærra, og má vera, að þau ausi hann auri, ég geri það ekki. Ég hef aðeins skýrt frá staðreyndum, það er ekkert sjúklegt við það, en það er sýki í því þjóðfélagi,

sem lætur sér sjást yfir slíkt, sem ég hef nefnt, og það með menn í hans stöðu. Það er gömul saga, að í óáran hafi þjófar verið frómir taldir, og það var þá líka virkileg óáran. En það vill oft til, að sagan endurtekur sig og að sekir séu saklausir taldir. (**Forseti:** Þessi ummæli eru nú svona og svona. Ég kann illa við, að ræðumaður sé að beina því til hæstv. fjmrh., að þjófar séu sýknir taldir.) Ég sagði ekki, að þjófar væru sýknir taldir.

Ég hafði gaman af gamalli sögu, er hæstv. forsrh. var að rifja upp í útvarpsumræðu um daginn, þegar hann sagði, að hann hefði vitað mig manna fégráðugastan, á meðan ég var í Alþfl. Upphaflega voru þessi ummæli eftir hv. þm. G-K., og þykir mér leiðinlegt, að hann skuli ekki vera hér við. Hann hafði fyrst þau ummæli um hv. þm. Ísaf., að hann væri gráðugasti maðurinn í gráðugasta flokknum, en síðan þótti honum gaman af að snúa þessum ummælum upp á mig á framboðsfundum. En út af orðum hæstv. forsrh. um mína fégræðgi vil ég, að hann nefni dæmi, nefni eitt einasta dæmi um, að ég hafi knúið á um fé í Alþfl. Og í sömu útvarpsræðu vildi forsrh. neita því, að hann væri heildsali, — en er það ekki staðfest í Lögbirtingablaðinu 7. sept. 1945? Vill hann afneita því?

Ég skal svo ekki reyna meira á þolinmæði hæstv. ráðh., en láta mér nægja að tala um staðreyndir.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég hafði nú varla búizt við, að hv. 6. þm. Reykv. mundi æskja eftir, að frekar væri á það minnzt, að þegar hann var í Alþfl., hefði hann mjög leitað eftir launuðum störfum. Hann hefur vafalaust haft þörf fyrir þau störf, enda fékk hann þau í ríkum mæli. Fyrir atbeina Alþfl. var hann skipaður endurskoðandi landsreikninganna, hann var skipaður formaður útvarpsráðs (**SigfS:** Var það eftir eigin ósk? — ég segi nei), fyrir atbeina Alþfl. var hann kosinn í tryggingaráð, og skömmu áður en hann fór úr flokknum leitaði hann stíft eftir því að verða forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Hann sótti það mál ákaft og eindregið, en það starf fékk hann ekki, og skömmu síðar hvarf hann úr flokknum.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki að neinu leyti blanda mér í umræður, en það lítur út fyrir, að þeir, sem tala sérstaklega um 17. gr., hafi ekki lesið hana mjög gaumgæfilega. Það hefur verið talað um, að með henni væri sérstaklega níðzt á þeim, sem hefðu komið tiltölulega litlu undan skatti, en þó stendur þar, að af eign allt að 25 þús. kr., sem orðið hefur til fyrir 1940 og þá og síðan hafi verið dregin undan framtali, skuli ekkert gjald greiða. Í öðru lagi, að af eign, sem orðið hefur til eftir 1. jan. 1940 og dregin hafi verið undan framtali, skuli ekkert gjald greiða af fyrstu 15 þús. kr., af 15—25 þús. greiðist 5%, af 25—35 þús. greiðist 10% og af 35—45 þús. greiðist 15%, eða samtals sé greitt af undandreginni eign upp í 45 þús. einar 3000 kr. Og ég get ekki með bezta vilja séð, að sérstaklega illa sé farið með þá, sem tiltölulega litlu hafa komið undan skatti. En það ber vott um, að greinin hefur ekki verið lesin rækilega, að í 3. málsgr. stendur, að af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkv. næstu málsgr. En í henni sjást ekki nein ákvæði um skattgreiðslu, svo að sennilega mun ein málsgr. hafa fallið niður, en þessu virðast menn ekki hafa tekið eftir, þegar þeir hafa verið að gagnrýna þessa grein. En meiningin mun vera sú, að það, sem er fram yfir 45 þús., eigi að skattleggjast samkvæmt gildandi skattal. án skattsektar, það er nú öll herkjan.

Ég heyrði, að hv. 6. þm. Reykv. nefndi eitthvað mitt nafn, en ég heyrði ekki, hvað hann sagði til mín. Hitt hef ég heyrt, að hann hefur hér ausið hæstv. fjmrh. auri hvað eftir annað, og sumt af því hefur verið beinar getsakir eða dylgjur um óráðvendni, sem enginn veit til, að hæstv. fjmrh. hafi haft í frammi nokkurn tíma. Því fer mjög fjarri, að ég mæli hæstv. fjmrh. undan sökum, en ég get ekki annað en sagt, að það er sjúkleiki á hv. 6. þm. Reykv. að geta ekki tekið svo til máls, að hann hafi ekki þessi leiðu og mjög óviðurkvæmilegu ummæli um hæstv. ráðh. hér í þinghelginni, en það gerir hann ekki utan hennar, svo að maður verði var við. Það virðist sem hann kjósi að svala fýsnum sínum í skjóli þeirrar verndar, sem hann nýtur hér. Hann virðir hvorki helgi þingsins, þingeið sinn né sóma, og ég hygg, að það sé hvorki honum né flokki hans til framdráttar. Við, dm. allir, erum fyrir löngu orðnir leiðir á þessu, og fyrirlitning okkar á þessu eykst í hvert sinn, sem hv. þm. svalar sér þannig sér og þinginu til smánar.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði, að hæstv. forsrh. gat ekki borið af sér, að hann væri heildsali, því að sannleikurinn er sá, eins og ég hef lýst yfir og allir vita, að hann er heildsali, og læt ég svo útrætt um það mál. En ég lýsi það ósatt, að ég hafi sótzt eftir þeim stöðum, er hann nefndi.

Það var gott fyrir hæstv. fjmrh. að fá stuðning frá hv. þm. Ísaf., en sá þm. var að enda við að segja, að ég ataði hæstv. ráðh. og aðra þm. daglega auri. Þetta er ekki satt. Hvað hef ég sagt? Ég hef aðeins sagt það, sem satt er, að firma, sem ráðh. er einn aðaleigandinn í, liggur undir kæru fyrir að hafa dregið sér óleyfilega fé undan skatti. Ef einhver gæti leitt líkur að því, að þetta væri ekki satt, þá væri hægt að segja, að ég ataði auri og væri með dylgjur, en það geta þessir menn ekki. Sannleikurinn er sá, að ég tel óviðurkvæmilegt, að maður, sem liggur undir slíkum grun eða kæru, skuli eiga að framkvæma eignakönnunina. En ef þm. geta sannað mér, að það sé ekki satt, sem fyrr nefnt fyrirtæki hæstv. fjmrh. er sakað um, þá tek ég það til baka, sem ég hef sagt í því sambandi.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að ég hefði farið óvarlega með sannleikann, og neitaði því, að hann hefði sótzt eftir störfum hjá Alþfl. En það er að fara óvarlega með sannleikann. Ég minnist þess og hef vitni að því, er þessi hv. þm. kom til mín upp á skrifstofuna í Austurstræti 1 með mann með sér til að sækja það fast að fá að verða forstöðumaður Tryggingastofnunar ríkisins, og ætlaði hann þá að útvega fylgdarmanni sínum stöðu þá, er hann skipaði þá sjálfur hjá Alþfl.

Forseti (GÞ): Ég vil benda á, að þessar umr.

eiga nú orðið lítið skylt við eignakönnun, og væri æskilegt, að þm. athuguðu það.

Finnur Jónsson: Ég tek ekki þessa áminningu forseta til mín, ég hef ekki svo mikið talað í þessu máli. Það hafa aðrir meira lýst áliti sínu á framferði hv. 6. þm. Reykv. almennt, framferði, sem hæstv. forseti hefði fyrir löngu átt að víta í sambandi við algerlega ósæmileg ummæli þessa þm.

En í sambandi við það, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur nú sagt um fyrirtæki það, sem hæstv. fjmrh. er meðeigandi í, hefur komið í ljós, að hann þekkir ekki einföldustu atriði íslenzks réttarfars, að það er ekki skylda sakbornings að sanna sakleysi sitt, þó að hann sé borinn sökum, og þegar hann er að gera kröfur til hæstv. ráðh. og ásaka hann í krafti þess, að þetta fyrirtæki hefur verið borið sökum, þá snýr hann þessari grundvallarkröfu íslenzks réttarfars alveg við, því að það er einmitt hlutverk þess, sem ber annan sökum, að sanna sektina, en ekki öfugt, að sakborningur eigi að sanna sakleysi sitt, en það virðist eins og hv. þm. geri þá kröfu í þessu máli. En það er vitað, að slíkt réttarfar, eins og hv. þm. vill hafa hér, hefur til skamms tíma þekkzt í Rússlandi og aðeins þar. Þar hafa sakborningar orðið að sanna sakleysi sitt. En ég sá í Þjóðviljanum nýlega, að nú væri búið að snúa þessu við í Rússlandi og taka upp það réttarfar, sem tíðkazt hefur á Vesturlöndum síðan á Napoleonstímanum, og ég vona, að hv. 6. þm. Reykv. taki sér þessa réttarbót í Rússlandi til fyrirmyndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 136. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 884, n. 916 og 917).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur lesið þetta frv. yfir. Og við höfum átt tal við formann þeirrar n., sem samdi frv. um eignakönnun, sem hér liggur nú fyrir. Meiri hl. n. í það minnsta hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að frv. sé mjög vel og vandlega samið. Á þessu stigi málsins gerir fjhn. engar breyt. við frv., en þó eru einstöku atriði, sem meiri hl. n. vill ræða um við hæstv. ráðh., og kann að vera, að meiri hl. komi með brtt. um þau atriði á síðara stigi málsins.

Hvað snertir meginreglur þær, sem frv. er samið eftir, þá er frv. í samræmi við þann samning, sem gerður var milli núverandi stuðningsflokka stjórnarinnar, þegar hún var mynduð. Og um teknisk framkvæmdaratriði virðist vera mjög vel frá gengið og vandlega. En það eru kannske einstöku atriði, sem n. þykir ábótavant um, og þá einna helzt 46. gr., um birgðaskoðun. Meiri hl. n. treystir sér samt ekki til þess að gera breyt. á þessu ákvæði. Það mun vera erfitt að gera birgðakönnun hjá öllum í einu vegna skorts á mannafla.

N. vill leggja áherzlu á það, að sú heimild, sem talað er um, verði þannig framkvæmd, að mönnum verði það ljóst í upphafi, að slíkri rannsókn er hægt að beita, ef menn telja ekki rétt fram, og verður það mesta tryggingin, sem hægt er að skapa fyrir réttum framtölum á birgðum og eignum.

Sú n., sem á að framkvæma eignakönnunina, hefur og ýmis gögn í höndunum til aðstoðar til þess að meta, hvort rétt er fram talið, því að hún getur kynnt sér, hvað menn hafa flutt inn, og eins, hvað þeir hafa selt samkv. ársreikningum. Getur hún svo að því athuguðu metið, hvort rétt sé að gera birgðakönnun hjá einstökum fyrirtækjum eða verzlunum.

Ég læt svo nægja að vísa til grg. n. og grg. hæstv. ráðh. við síðustu umr. og sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar. Það mun ekki heldur vera þörf á því að fara út í umr. um skoðun minni hl. n., vegna þess að hann gerir engar pósitívar till. um málið.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. kom inn á, skildu leiðir hér í n. um málið. Meiri hl. n. vill samþykkja frv. óbreytt, en með kannske nokkrum breytingum þó. Og þess vegna gat ég um í nál. mínu, að meiri hl. n. vildi samþykkja frv. með nokkrum breytingum. — Ég legg til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og geri ég grein fyrir þeirri till. í nál. mínu.

Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar og lesið það yfir og kynnt sér málið og haft á fundum með sér Þórð Eyjólfsson, sem var einn af þeim mönnum, sem sömdu þetta frv., til þess að fá skýringar hjá honum á ýmsum atriðum frv., og svaraði hann spurningum um ýmis ákvæði frv., sem ekki er gott að átta sig á, hvað átt er við með, enda er frv. stórt og viðamikið og of orðmargt. Mér finnast ákvæði, sem í því felast, gætu komið fram miklu skýrar og í styttra máli. En það er oft einkenni á illa undirbúnum frv., að þau eru löng og erfitt að átta sig á þeim.

Þetta frv. er geysimikið bákn, og ég hygg, að aldrei hafi verið á Íslandi byggt upp eins mikið bákn og gert er í sambandi við þessa eignakönnun. Það er hinn mesti aragrúi af hvers konar yfirlýsingum og skjölum, sem á að undirbúa í þessu sambandi. Og það er mjög erfitt að átta sig á þessu öllu saman, því er þannig fyrir komið. T. d. er gert ráð fyrir, að hver maður, sem á peninga í sparisjóði og banka, skuli fylla út sérstök eyðublöð, sem send eru til n. til athugunar, jafnvel þó að innstæðan sé á nafni hans í bankanum og n. geti því fengið þar þær upplýsingar. Þetta nefni ég sem lítið dæmi, því að þetta virðist gert í þeim tilgangi að hafa þessa skoðun sem allra mesta skriffinnsku og gera hlutina eins flókna og hægt er. Það hefði áreiðanlega verið hægt að gera þetta frv. miklu einfaldara og þó eins verið hægt að ná tilgangi þess.

Í umr. í fjhn. lagði ég fyrirspurn fyrir dr. Þórð Eyjólfsson, hvernig stæði á því, að n. teldi það vera forsvaranlegt, að hægt væri að ganga þannig frá frv. um eignakönnun, að annars vegar væri meginþorri manna þannig settur, að hann væri eltur út í yztu æsar, hins vegar væri tiltölulega lítlum hóp manna, sem mestan gróðann hafa og mest tilefni hafa gefið til þess, að þessi l. verði sett, leyft að skjóta eignum sínum undan skatti, sem eru stórgróðamennirnir, sem reka alls konar fyrirtæki. Þessir menn hafa samkv. frv. möguleika til þess að

smeygja sér undan með sínar eigur, og eignakönnunin nær ekki til þess að rannsaka til fulls eigur þeirra.

Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að þannig væri þessu fyrir komið í frv., að uppistaða þess og fyrirkomulag ákvæðanna er alveg röng. Og er í raun og veru ekki hægt að komast til botns í þeirri rannsókn, nema fram fari raunveruleg eignaskoðun. Dr. Þórður Eyjólfsson viðurkenndi, að þetta væri rétt. Og hann viðurkenndi, að eignaskoðun væri í flestum tilfellum tæmandi hjá þeim mönnum, sem ekki reka fyrirtæki, en aftur engan veginn hjá þeim, sem þau reka. Og hann gat þess, eins og og hv. frsm. meiri hl. gat um, að það hefði n. ekki farið inn á, fyrst og fremst af þeim ástæðum, að það var ekki lagt fyrir hana af ríkisstj. að gera það, og í öðru lagi af því, að það væri ekki í raun og veru framkvæmanlegt. En ég vil þá segja, að ef það er ekki framkvæmanlegt að rannsaka eignir þeirra, sem vitað er, að mest hafa grætt undanfarið og mestu skotið undan skattaframtali af tekjum sínum, og þar af leiðandi gefa mesta tilefnið til þess, að þessi löggjöf er sett, þá á ekki að setja svona löggjöf, af því að eignaskoðun lendir þá fyrst og fremst á þeim, sem sízt hafa möguleika til þess að draga undan af tekjum sínum. Það er sem sagt það sama endurtekið hér eins og oft hefur verið gert. Skattalöggjöf okkar fer fram hjá þeim, sem hún helzt ætti að koma nærri. Við vitum, að til eru mörg hlutafélög, sem eru í raun og veru sama fyrirtækið, og svo eru gerðir óhagstæðir samningar milli þessara félaga, og þannig er skipt gróðanum, til þess að hann sýnist sem allra minnstur. Og það er einmitt vegna þessara vandamála, að þetta umtal um eignaskoðun hefur komið fram. En þegar svo frv. um eignakönnun kemur fram, er hún ekki miðuð við þá menn, sem gáfu tilefni til hennar, heldur einmitt miðuð við hina, sem ekki hafa gefið það tilefni. Þetta er í raun og veru það sorglega við þetta frv.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum, lýsti hún því yfir í málefnasamningi sínum, að hún ætlaði að gera þær ráðstafanir, sem tryggðu, að framtöl manna væru rétt. Mér vitanlega hefur hún ekkert gert. Hún hefur ekki gefið út reglugerðir eða fyrirmæli til þess að tryggja þetta. Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, að hann muni nú í sumar skipa n. til þess að rannsaka skattamálin og gera till. um breyt. á þeim fyrir næsta þing. Það má segja, að það veiti ekki af, því að langt er síðan þau voru endurskoðuð síðast, en eðlilegt hefði verið, að stjórn, sem tekur sæti í febrúar, einmitt þegar verið er að skila framtölum, framkvæmdi þessa hátíðlegu yfirlýsingu sína um að auka eftirlitið með skattaframtölum. Þetta hefur hún ekki gert. Nú í þessu frv. um eignakönnun er gert ráð fyrir að byggja hana á framtölum fyrirtækja, sem mestu skjóta undan. Þessi ákvæði, sem frsm. meiri hl. lagði mesta áherzlu á, eru þannig, að þau má framkvæma samkvæmt skattal., og það þarf ekki að setja eignakönnunarl. til þess. Stjórnin hefur fullkomna heimild til þess að gera ráðstafanir vegna þessara manna um framkvæmd skattal., og þess vegna er þetta ekkert nýtt. Þetta er sett inn í frv. vegna þess, að þeim, sem bera það fram, hefur fundizt óeðlilegt, að um leið og slíkar ráðstafanir væru gerðar, væri ekkert sérstaklega tekið fram, sem á að gera gagnvart þeim, sem hafa alls kostar bezta möguleika og eignakönnunin á að fara fram hjá.

Við skulum segja, að menn hafi gefið upp sínar eignir, sína peninga og sína bankainnstæðu, en menn, sem reka stór fyrirtæki, hafa mikla möguleika til þess að geyma eignir sínar í vörubirgðum, efnisbirgðum, vélum o. fl. Þetta veit hver maður, sem nokkuð er kunnugur bókhaldsteknik og framtali tekna. Þetta er opinbert leyndarmál. En þegar þessar ráðstafanir eru ekki fullkomnar, eru ekki tæmandi, þá koma þær ekki að neinu haldi. Það kann að vera, að einhver fyrirtæki eigi meira af peningum en þau geta forsvarað, en meiri hlutann geta þau forsvarað með bókhaldstilfærslum.

Því hefur verið haldið fram, að ekki sé hægt að framkvæma þetta. Það er ekki af því, að stjórnin vilji ekki gera það. Þetta er hægt vegna þess, hve umfangsmikið það er, segir frsm. meiri hl. Þetta er orðum aukið. Það er miklum örðugleikum bundið, en það er líka örðugleikum bundið að gera þær ráðstafanir, sem frv. fyrirskipar. Eignakönnunin er ekki það erfið, að hún sé ekki framkvæmanleg. Þar kemur fyrst og fremst til greina, hvort vilji er fyrir hendi til þess að framkvæma hana, og það er frumskilyrðið. Slíka eignakönnun yrði að framkvæma á örskömmum tíma og haga framkvæmdunum svo, að útilokað sé, að menn geti skotið undan. Enda veit hver maður, að þessar ráðstafanir eru ekki svo þéttar, að þar séu ekki smugur, sem hægt er að smjúga í gegnum. Það veit hver maður, að það eru alltaf smugur, en það veit líka hver maður, að það er hægt að komast miklu nær hlutunum en með því að láta stórgróðamennina sjálfa um að telja fram, hvað þeir eiga.

Þannig er þetta frv. í fullkominni mótsögn við yfirlýsingu stjórnarinnar, þegar hún tók við völdum. Hún undirstrikaði, að hún ætlaði að gera ráðstafanir til þess að tryggja betri framtöl, en hún gerði ekkert í því, heldur kemur fram með frv., þar sem eignakönnunin á að byggjast á framtölum. Þetta er því undarlegra, þar sem það var eitt af því, sem skapaði þessari stjórn tilverurétt, að hún leiðrétti þessi framtöl.

Nei, það er ekki vafi á því, að það er hægt að framkvæma þessa eignakönnun þannig, að hægt sé að komast allnærri raunverulegum eignum þessara stórgróðamanna, og það, að Sósfl. er andvígur því að framkvæma eignakönnunina samkv. þessu frv., byggist á því, að ekki er gengið að stórgróðamönnunum, sem mest svíkja undan sköttum. Frv. er um eignakönnun á hina smærri, en tilkynning til hinna stærri um, að þeir muni ekki í framtíðinni verða ónáðaðir með eignakönnun. Þetta er innihald frv., og ég verð að segja, að mig furðar á því, að ekki skuli frá neinum alþýðuflokksmanni eða framsóknarflokksmanni, sem eru í meiri hl. í stjórn, hafa komið fram eitt orð um þetta mál. Þið heyrðuð, hvernig frsm. meiri hl. stiklaði á stóru í þessu máli og sýndi greinilega, að það eru ekki kjósendur frá Alþfl., sem ráða þessari eignakönnun, enda er hún í ósamræmi við hin stóru orð fyrir síðustu kosningar. Það verð ég að segja. En hvað Framsfl. viðvíkur, þá á víst enginn slíka sérfræðinga í skatta- og tollamálum sem sá flokkur, og sjálfur aðalfræðimaður flokksins á þessu sviði á sæti í stjórn. Ég verð að segja það, að það skýtur dálítið skökku við, ef ekki á að heyrast hljóð úr horni frá þeim flokki, eins og talað var um, að

stórgróðinn yrði að lækka, og var það ein aðalástæðan til þess, að sá flokkur tók þátt í stjórninni, að nú þyrfti að kippa í liðinn.

Það kemur fram hér, að þessir flokkar hafa beygt sig fyrir kröfum 3. flokksins, sem lætur sig engu skipta hagsmuni almennings og vill, að stórgróðamennirnir geti skotið sér undan skatti og þurfi ekki að hafa ónæði af því að gera grein fyrir eignum sínum og borga skatta. Það er tilgangur þessa frv.

Það virtist koma fram hjá frsm., að hann vonaði, að frv. kæmi ekki illa við neinn. Ég gæti trúað, að sumir í þessari stjórn óskuðu þess, að frv. kæmi ekki mjög hart niður, til þess að það valdi ekki truflun fyrir stjórnina, en þeir finna, að þessar ráðstafanir miða að því að dæma þá smáu, sem margir, þótt þeir hafi talið fram, halda, að þeir eigi eftir að borga af tekjunum.

Það er sýnilegt, að með þessu frv. er meiningin að ljúka þessu máli. Það er víst, að við plön stjórnarinnar hafa peningar minnkað mjög í umferð. Það er áreiðanlegt, að margir hafa meiri peninga en þeir hafa þörf fyrir, og einmitt það, hvað stríðsgróðinn er dreifður, þrátt fyrir það að margir telja í hundruðum þúsunda og milljónum, hefur skapað mikla og aukna kaupgetu. Þetta minnkar vald þeirra ríku, og það er þyrnir í augum þeirra stórgróðamanna, að menn almennt hafi peningaráð og geti þannig haft rýrandi áhrif á stórgróðann. Þannig sjá þeir sér hag í því að innkalla peningana, ýmist með því að borga skatta eða festa þá í ríkisskuldabréfum, en þetta er í samræmi við stefnu stjórnarinnar, sem telur það þýðingarmest að minnka kaupgetu almennings til þess að auka með þeim hætti verðgildi peninga þeirra manna, sem hafa meginið af þeim. Þannig þjónar þetta frv. hinni almennu stefnu stjórnarinnar, að lækka lífskjör fólksins.

Það hefur mikið verið reynt að halda því fram, að þetta frv. tæki tillit til hinna smærri. Það er rétt, að í 17. gr. eru ákvæði, sem eiga að vera vernd fyrir hina eignaminni, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki talið fram eignir sínar. Þar er gert ráð fyrir, að af fyrstu 15 þús. kr. skuli ekkert gjald greiða, af 15000—25000 kr. greiðist 5%, af 25000—35000 kr. greiðist 10% og af 35000—45000 kr. greiðist 15%. Þetta þýðir það, að maður, sem hefur 45000 kr., sem hann hefur ekki fram talið, á að borga þarna 3000 kr. og má segja sem svo, að þetta sé út af fyrir sig ekkert hátt, þegar þarna er um peninga að ræða, sem svo lítur út með, að ekki hafi verið borgaður tekjuskattur af þeim, sem þó þarf ekki að vera, þó svo að fólk skjóti eignum undan skatti bara af fáfræði, af því að það veit ekki, hve lágur eignarskatturinn er, en sá stóri ljóður er á þessu, að enginn getur orðið aðnjótandi þessara vildarkjara, fyrr en hann hefur gerzt iðrandi syndari og komið til stjórnarinnar og beðið um náð og miskunn. Það er áreiðanlega ekkert unnið við það fyrir þjóðfélagið að ætla að fara að stimpla menn í hundraða- og þúsundatali sem skattsvikara, og það getur enginn notið þessa, fyrr en hann er búinn að gera grein fyrir því, hvernig þessi eign er til komin. Vissulega er þagnarskylda, en dæmi eru til, að hlutir leki, ef mikið liggur við, en þarna er ætlazt til, að menn lúti þessu og fái hjá stjórninni þá umbun, sem fyrir er mælt í 17. gr. Ég gæti trúað, að þessi 17. gr. ætti eftir að verða jafnmöluð og önnur 17. gr., 17. gr. jarðræktarl., sem í mörg ár var eitt aðalátakamálið milli stærstu flokkanna í landinu. Ég býst við, að margir segi, að þeir vilji frekar tapa eignum sínum eða binda þær í ríkisskuldabréfum en að fara og viðurkenna sig opinberlega sem skattsvikara, og ég býst við, að það sé líka betra fyrir þjóðfélagið, að sem fæstir kæri sig um að láta stimpla sig, enda vitað, að ef stórir hópar manna létu þannig stimpla sig, mundi það hafa mjög slæm áhrif fyrir skattaframtöl í framtíðinni, og um stóra hópa af mönnum er það kannske svo, að þeir hafa ekki gefið neitt tilefni — eða kannske svo lítið, að það er ekki heppilegt af þjóðfélaginu að refsa þeim fyrir það, eins og oft á sér stað um afbrot. Það er viðurkennt, að mörg afbrot og yfirsjónir eru það lítilvæg, að það er meiri skaði fyrir þjóðfélagið að stimpla menn, sem hafa orðið fyrir að gera þetta, en að láta þá sleppa.

Ég tel þetta svo geysilegan ókost á þessu frv., að mér finnst það alveg gegna furðu, að stjórnin skuli æskja eftir að gera svo stóran hóp manna að skattsvikurum eins og líkur eru til, að gert verði með þessu.

Við 1. umr. málsins benti ég fjmrh. á þetta, en hann gat ekki gefið eðlilega skýringu á því, hvað fyrir stjórninni vaki með svona ráðstöfunum til þess að gera menn opinberlega misindismenn fyrir lítil brot.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þetta mál mitt lengra. Með tilliti til þess, sem ég hef sagt hér og á þskj. 917, hef ég ákveðið að leggja til, að málið verði afgr. með rökstuttri dagskrá, sem ég með leyfi hæstv. forseta les hér upp:

„Þar sem frv. það, sem hér liggur fyrir, er að mörgu leyti illa undirbúið og í því felst raunverulega engin eignakönnun á stórgróðann, en hins vegar koma ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, mjög hart niður á smærri skattþegnum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin útbúi og leggi fyrir næsta þing frv. til laga um eignakönnun, sem miðað sé við það að ná til stóreignanna fyrst og fremst, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls var nokkuð vitnað í álit hinnar svokölluðu hagfræðingan. og gerður samanburður á þeim till., sem þar eru, og þessu frv. Af þessu þykir mér rétt, þar sem ég átti sæti í þessari n., að gera nokkurn samanburð á þeim till. og því frv., sem hér liggur fyrir.

Þau rök, sem hagfræðingan. taldi hníga til nauðsynjar eignakönnunar, voru tvenns konar fyrst og fremst. Annars vegar var um að ræða mikla fjárhagslega nauðsyn að afla mikils fjár til framkvæmda, t. d. til áframhalds nýsköpunarinnar, hins vegar er lítið kunnugt um fjárhag borgaranna og enginn grundvöllur til þess að vita, á hvern hátt skyldi innheimta það fé, sem nauðsynlegt var að heimta inn, því að það er alkunnugt, að eignaskattsframtölin eru þannig úr lagi færð, að þau geta ekki kallazt grundvöllur. Einn meginþátturinn í því, sem hagfræðingan. lagði til, var að kanna fjárhag borgaranna til þess að vita, hvar rétt væri að bera niður í fjáröflunarskyni, en megintilgangurinn var að vita, hvar skattsvikin ættu sér stað. Það er vitað, að í þessum efnum ríkir hið mesta misrétti vegna mismunandi aðstöðu til að skjóta undan skatti,

og þetta misrétti hefur vaxið, eftir því sem lengur hefur liðið. Þótti því rétt að gera tilraun til þess að gera hreint borð og auk þess að ná þessu fé til framkvæmdanna.

Við vildum láta eignakönnunina þjóna báðum þessum sjónarmiðum. Einmitt þess vegna var nauðsynlegt, að eignakönnunin væri framkvæmd þannig, að hún yrði endurmat á öllum eignum, enda nauðsynlegt að meta eignirnar til þess að vita um raunverulega þjóðareign og gjaldþol þjóðarinnar. Þótti þó rétt að taka tillit til þess, að ríkisvaldið er ekki algerlega sýknt saka í þeim skattsvikum, vegna þess hversu lélegt eftirlit þess var með lögunum. Þess vegna er það ekki óeðlilegt, að ekki sé beitt neinum refsingum. Hins vegar væri lagður stighækkandi skattur á skattsvikin. Þó þótti rétt að sleppa fyrstu 20 þús. kr. undan þessum skatti. Þá væri nauðsynlegt, að upplýst væri, hvort skattsvikin ættu rót sína að rekja til skattsvikinna tekna annars vegar og hins vegar skattsvikinna eigna. Okkur voru ljósir erfiðleikarnir á því að komast að raun um, hvernig skattsvikin áttu sér stað. En nm. voru allir sammála um, að það væri hægt. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þær till. þm. allir áttu kost á að kynna sér þær í hagfræðingaálitinu. Þar lögðum við áherzlu á, að eignakönnunin yrði framkvæmd fyrirvaralaust, svo að ekki gæfust tækifæri til undanbragða, eða þau sem minnst.

Þá vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um samanburð á þessum tillögum hagfræðingan. og því frv., sem hér liggur fyrir.

Í fyrsta lagi áleit hagfræðingan. rétt að fá allar eignir taldar fram til skatts. En hér er ekki gert ráð fyrir raunverulegum eignum borgaranna. Hér er ekki heldur gert ráð fyrir skyldulánum og ekki heldur viðaukaskatti fasteigna. Þessi eignakönnun, sem hér um ræðir, hefur því aðeins annan tilganginn af þeim tveim, sem hagfræðingan. hefur gert ráð fyrir. Við í hagfræðingan. lögðum sérstaka áherzlu á að komast að raun um öll skattsvik, hvort sem skattsvikin eru fólgin í peningum, verðbréfum, skattsviknum vörubirgðum og hvers konar eignum, og voru till. nefndarinnar um framkvæmd og tilhögun eignakönnunarinnar einmitt miðaðar við það. Í þessu frv. er hins vegar gengið mjög rækilega og vandlega til verks gagnvart þeim skattsviknu eignum, sem fólgnar eru í peningum, bankainnistæðum og verðbréfum, en hins vegar eru ákvæðin um fasteignir og lausafjármuni yfirleitt því miður ekki eins ýtarleg og æskilegt hefði verið, og virðist fjhn. hafa verið þetta ljóst að verulegu leyti, þótt hún hafi ekki treyst sér til að gera þar verulega breytingu á, taldi það m. ö. o. lítt framkvæmanlegt. Hagfræðingan. hafði gert ráð fyrir sérstökum skatti af skattsviknu fé allt frá 20 þús. kr., og þó væri greinarmunur á eignarskattsvikum og tekjuskattsvikum. Þetta frv. gerir ráð fyrir 15 þús. kr. lágmarki og upp í 45 þús. kr. og að enn fremur sé hægt að kaupa ríkisskuldabréf til 25 ára fyrir þá eign, sem skotið hefur verið undan skatti og getur ekki samræmzt framtali. Það er þess vegna einkum og sér í lagi þrennt, sem mér finnst bera á milli tillagna hagfræðingan. og till. þeirra, sem felast í þessu frv.

Í fyrsta lagi skyldi eftir till. hagfræðingan. lagður grundvöllur að stóreignaskatti, en hér er ekki gert ráð fyrir honum. Í öðru lagi var framkvæmd eignakönnunarinnar, eins og hagfræðingan. vildi hafa hana, sérstaklega við það miðuð að gera tilraun til að koma meir upp um öll skattsvik, en hér er gengið nokkuð misjafnlega vandlega til verks eftir því, um hvaða eign er að ræða, og skal ég fúslega játa, að fyrir því eru ýmsar frambærilegar ástæður. Hins þriðja mun mér hafa láðst að geta áðan, að hagfræðingan. hafði gert ráð fyrir, að eignakönnuninni væri fyrirvaralítið komið á og mætti ekki dragast, en nú hefur hins vegar orðið á málinu mikill dráttur og getur orðið enn lengri. Og fyrir getur komið, að eignakönnunin verði ekki framkvæmd fyrr en um næstu áramót.

Í samræmi við þetta, sem ég nú hef sagt, má telja, að höfuðgallar þessa frv. séu frá mínu sjónarmiði einkum þessir: Í fyrsta lagi er ekki grundvöllur að sérstökum stóreignaskatti. — Í öðru lagi finnst mér óábyggilegt, að í umferð séu verðbréf, sem ekki séu framtalsskyld, og ég tel, að það mundi hafa áhrif í fjármálalífi þjóðarinnar, að til séu í umferð eignir, sem lagaákvæði séu til um, að ekki séu framtalsskyld og þar af leiðandi ekki skattskyld, og ég held, að óhætt sé að segja, að um slík lagaákvæði séu engin dæmi til, í nágrannalöndunum a. m. k. — Í þriðja lagi finnst mér óþarflega lítil byrði lögð á þá, sem skjóta undan skatti í mjög stórum stíl. Gengi 1% verðbréfa til 25 ára, miðað við 4%, er 72% og gengið þeim mun hærra, eftir því sem gert er ráð fyrir lægri vöxtum, svo að skattgreiðsla þeirra manna, sem kaupa þessi 1% bréf fyrir hinar skattsviknu eignir, nemur 28% af nafnverði bréfanna, sem þeir kaupa, og minna, ef þeir vilja treysta sér til að kaupa bréfin með lægri rentufæti en 4%. Það liggur í augum uppi, að það er ekki eingöngu, að allar sektir séu gefnar upp, sem ég get fúslega fallizt á, að eðlilegt sé, eins og á stendur, heldur sleppa þeir með mun minni skattgreiðslur en þeir ættu að borga samkvæmt venjulegum skattalögum. Og ég geri ráð fyrir, að um þá sé að ræða, sem skjóta verulega undan sköttum, en á þeim finnst mér óþarflega linlega tekið. Hins vegar er það bót í máli, að bréfin skuli framtalsskyld eftir 5 ár, og hefur það áhrif á þann útreikning, sem ég gat um áðan. Í fjórða lagi finnst mér ekki nægilega ýtarleg ákvæði í frv. varðandi það að tryggja, að upp komist um skattsvik atvinnurekenda, sem eiga margvíslegar eignir, þ. á m. vörubirgðir og fasteignir. Mér er óhætt að fullyrða þetta, enda um það kunnugt, að í ákvæðum eignarskattslaga nágrannalandanna er munurinn ýtarlegri en hér er gert ráð fyrir. Í frv. er að vísu heimild til rannsóknar á fasteignum og vörubirgðum. Það er ágætt, svo langt sem það nær. En þess verður að geta, að verði rannsókn ekki þetur eða rækilegar innt af hendi en skattaeftirlitið undanfarið, er því miður stefnt í mikið óefni. Það má benda á, að skattayfirvöldin hafa víðtæka heimild til rannsókna á eignum og framtölum skattgreiðenda. En það hefur komið í sama stað. Það hefur verið bent á það, að óþarfi er að rannsaka skattsvik í sambandi við verðbréfaeignir og bankainnistæður, þar sem bankarnir ættu að geta gefið allt upp um innieigna- og verðbréfaviðskipti. Ef skattayfirvöldunum hefði tekizt að framfylgja skattalögunum, væri öll þessi löggjöf óþörf. Hún er þörf vegna þess, að gildandi skattalöggjafarákvæðum er ekki eins rækilega framfylgt og vera ætti. En hér er allt undir framkvæmdinni komið. Heimildin, sem gert er ráð fyrir í lögunum, er nægileg,

ef það er fullkomlega öruggt, að vandlega og duglega verði gengið til verks. En venjulega þykir nú æskilegra fyrir löggjafann að búa svo um hnútana, að þeir, sem með framkvæmdirnar eiga að fara, eigi ekki allt of mikinn kost á að sýna linkind, og hef ég fyrir mitt leyti talið æskilegt, að þeir, sem um framkvæmd þessarar löggjafar eiga að fjalla, fengju nokkru meira aðhald en hér er gert ráð fyrir. — Í fimmta lagi held ég, að ekki sé gerður nægilega skýr greinarmunur á þeirri skattsviknu eign, sem á rót sína að rekja til skattsvikinna eigna, og þeirrar, sem á rót sína að rekja til skattsvikinna tekna. Ég hefði kosið, að ákvæðin um þetta yrðu skýr og því beinlínis slegið föstu, að fullkomlega er réttmæt ástæða til að gera eins gagngerða grein fyrir og unnt er um eignaskattsvik annars vegar og teknaskattsvik hins vegar.

Í sjötta lagi álít ég ákvæðin um, að greiða megi 1% bréfin með verðbréfum, allvarhugaverð. Þeir, sem hafa keypt bréfin, geta unnið upp tapið með því að greiða með bréfum, sem þeir hafa keypt með afföllum. Það er þess vegna því miður mjög hætt við, að þeir, sem ætla að kaupa 1% bréfin, kaupi verðbréf, og þá líkindi til, að takist að fá þau undir nafnverði og greiða síðan með þeim, þannig að þeim takist að skjóta sér undan vaxtabyrðinni, af því að bréfin eru svo vaxtalág, og er þá mjög hætt við, að ríkið fái verðbréf fyrir 1% bréfin, en lítið fé. Er þá ekki að neinu leyti séð fyrir fjárþörf ríkissjóðs, sem ætlazt var til að bæta úr.

Í síðasta lagi finnst mér nokkur ágalli að gera ráð fyrir, að það geti orðið nokkur dráttur á framkvæmd eignakönnunarinnar, og eins og ég sagði áðan, jafnvel allt til áramóta. Og það er vissulega nokkuð langur frestur til að hagræða fjárreiðum sínum í samræmi við það, sem fram mun koma við eignakönnunina. — Þetta eru helztu ágallar frv. frá mínu sjónarmiði. Hitt vil ég taka fram, að að því er ég fæ bezt séð og þekki til að dæma um, er frv. mjög vel samið frá teknisku sjónarmiði, svo vel samið, að ástæða er til að fara um það viðurkenningarorðum.

Þá vildi ég fara nokkrum orðum um það, sem fram kom við 1. umr., að hagfræðinganefndarálitið hefði haft óheppileg áhrif á sínum tíma. Það er fyrst að geta þess, að hagfræðingan. átti alls ekki frumkvæðið að því, að hér færi fram allsherjar eignakönnun. Á Alþingi 1945 fluttu allir þm. Alþfl. svo hljóðandi till. til þál.: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 5 manna mþn. til þess að gera tillögur um sérstakan skatt á stórgróða, sem fallið hefur í hlut einstaklinga og fyrirtækja á stríðsárunum, og gagngerða eignakönnun í því sambandi“ o. s. frv. Þetta er fyrsta till., sem fram kom opinberlega um nauðsyn þessa máls. Hagfræðingan. á því síður en svo heiðurinn af því að hafa fyrst vakið athygli á því. Auk þess má svo geta þess í sambandi við stjórnarmyndunina á s. l. hausti, að þrír flokkanna gerðu að skilyrði, að eignakönnun færi fram, og voru þessi skilyrði kunn, áður en hagfræðingan. tók til starfa. Hagfræðingan. hélt lengi leyndu áliti sínu, en þm. fengu álitið fjölritað. Eitt dagblaðanna, Vísir, hafði fengið nál. hjá einhverjum, sem átti að fara með það sem algert trúnaðarmál, og skýrði frá ýmsum atriðum, að vísu á villandi hátt, m. a. frá eignakönnuninni. Var þetta gert, áður en stjórnarsamvinnan var til lykta leidd og afstaða tekin til þess, að hve miklu leyti byggt skyldi á till. hagfræðingan. við væntanlega stjórnarsamvinnu. — Ég sé ekki ástæðu til að taka fleira fram í sambandi við þetta, en geri það þá að gefnu tilefni síðar.

Ég vil minnast á afstöðu Sósfl. til þessa frv. Og ég verð að segja almennt, að mér finnst öll stjórnarandstaða Sósfl. vera hvort tveggja í senn með fágætum klaufaleg og máttlaus. Það er svo í þessu frv. eins og öðrum, að gagnrýni þeirra er alls ekki málefnaleg, heldur er hún að mestu leyti flutt í áróðurs stíl, hefur á sér algeran áróðursblæ, en ber að mjög litlu leyti keim af málefnalegri gagnrýni. Það er ágætt, að stjórnarandstaða Sósfl. skuli vera með þessum hætti. Það er sérstaklega ánægjulegt, að vindur sá, sem einu sinni var í Sósfl., virðist úr honum rokinn, að andstaða hans er ekki einungis klaufaleg, heldur og mjög máttlaus. Sósfl. komst í algert undanhald í kosningunum í sumar og lenti í stjórnarandstöðu. Virðist hann nú hafa þá einu meginreglu að vera á móti öllum stjfrv. En svo undarlega vill til, að gagnrýni hans er stundum til vinstri og stundum til hægri. Það, sem sagt hefur verið frá hálfu Sósfl., hafa verið almennar upphrópanir og þó aðallega tilraunir til að leita uppi, hvað hljómar vel í eyrum ýmissa kjósenda. Og þess vegna er gagnrýnt fyrir að refsa skattsvikum og fyrir að refsa þeim ekki. En ekki veit ég, hvernig hægt er að samræma í lögum að ganga hart að skattsvikum og taka lint á þeim um leið. Mér virðist augljóst, að afstaða Sósfl. til frv. miðist eingöngu við það að vera á móti stjfrv. og svo ala á óánægju ýmissa millistéttarmanna. Og þannig ber að skilja ummæli hv. þm. Siglf., sem hann viðhafði við 1. umr. málsins, að eignakönnunin yrði þannig framkvæmd, að öllum almenningi yrði þar sleppt. Voru fyrri ummælin ætluð til þess að kynda undir óánægju, sem þeir vita, að muni verða hjá nokkrum hóp kjósenda, en síðari ummælin til þess að friða þá í flokknum, sem heimta róttæka eignakönnun. En þvílíkur málflutningur og frestun eignakönnunarinnar er síður en svo Sósfl. til nokkurs sóma og hefur enn fremur mjög lítil líkindi til að bera nokkurn árangur eða verða flokknum til fylgisaukningar, eins og þó mun vera til ætlazt.

Ég get ekki annað en vakið sérstaka athygli á þeim furðulegu ummælum hv. þm. Siglf., að eiginlega hefði alls ekki átt að gera almenna eignakönnun, heldur sleppa almenningi, og gera þá eingöngu sérstaka rannsókn hjá þeim, sem verulegar ástæður eru til að rannsaka hjá. En hver átti að meta það? Maður gæti látið sér detta í hug, hvernig sú eignakönnun yrði, sem hv. þm. Sósfl. hefur viljað skapa, ef hann hefði fengið að ráða. Maður fer að halda, að fyrst svona ummæli koma frá hv. þm. Siglf., að alvaran hafi ekki verið mjög mikil um eignakönnunina, sem sett var fram í sambandi við stjórnarmyndunina. Þeir hafa talað verulega um þann drátt, sem orðið hefur á málinu, og kvartað yfir honum. Þeir vita, að Alþfl. lagði fram þáltill. um þetta 1945. Mér er ekki kunnugt um, að Sósfl. hafi sýnt málinu neinn óhug, hvorki á þingi né heldur í ríkisstj. Og nú kórónar hv. þm. Sósfl. með því að leggja til, að eignakönnuninni verði frestað, undir því yfirskini, að hún sé ekki nægilega undirbúin. En flokknum er fullljóst, að verði hún ekki gerð nú, verður hún aldrei gerð,

svo að það, sem dagskrártill. hv. þm. Siglf. þýðir, er, að aldrei fari fram nein eignakönnun.

Að lokum vildi ég segja þetta, að þótt ég sé ekki ánægður með þetta frv., tel ég betra, að það nái fram að ganga, heldur en engar ráðstafanir séu gerðar. Ég tel eftir það umtal, sem orðið hefur um eignakönnunina, og þann mikla þátt, sem hún hafði átt í stjórnarmynduninni, að henni beri að hraða sem mest.

Sem einn nm. í hagfræðinganefndinni hef ég gert grein fyrir, hvernig ég álít, að eignakönnun eigi að vera, en þetta frv. er ekki í samræmi við það, og er ekki um það að sakast. Þetta frv. er niðurstaða samninga milli þriggja flokka, og er enginn þeirra fullkomlega ánægður með það. Ég hef þegar gert grein fyrir minni skoðun á þessum málum, og er hún önnur en fram kemur í þessu frv., en þar sem það er flutt af mínum flokki ásamt öðrum, mun ég ekki greiða atkv. gegn því, og mun ég sitja hjá við atkvgr. um það.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Hv. minni hl. hefur gert grein fyrir afstöðu sinni til þessa frv. og sagði, að hér væri um stærðar bákn að ræða. Ég get ekki fallizt á það, því að það er ekki stærra bákn en árlegt eftirlit með skattaframtölum. Hv. minni hl. heldur því samt fram, að kostnaður við framkvæmd þessara laga muni nema um 10 millj. kr., en kostnaður við Skattstofu Reykjavíkur og skattanefnd er um 530 þús. kr., og með þeirra hjálp ætti kostnaðurinn ekki að fara fram úr því. Hér er því um stórlegar ýkjur að ræða hjá hv. minni hl., en þó hikar hann ekki við að leggja til, að almenn birgðakönnun sé látin fram fara. En ef svo yrði gert, þá þyrfti að skipta þjóðinni í tvo hópa, sem leituðu þjófaleit hvor hjá öðrum. En meiri hl. leggur til, að það sé gert, sem framkvæmanlegt er. Hv. minni hl. lýsti mjög átakanlega hinum berhöfðaða skattsvikara, en ef hann hefur svikið undan skatti, þá á hann 45 þús. kr. Þetta er þá smælinginn. Hv. þm. lagði áherzlu á, að óforsvaranlegt væri að stimpla þessa menn sem skattsvikara. En í núv. löggjöf er mönnum sleppt við sektir. Árið 1926 voru framtöl leiðrétt stórlega, án þess að menn væru stimplaðir skattsvikarar. Öll þessi vorkunnsemi kemur því úr hægri áttinni, en ekki úr þeirri vinstri.

Hv. minni hl. telur einnig höfuðljóð á þessu, að margir munu kaupa verðbréfin, en ég fæ ekki séð, að mönnum sé það nokkur vorkunn, og ég er ekki hræddur um, að þessi bréf valdi fjármálaspillingu, því að þau eru lægri en nafnverð. Ég skal svo ekki eyða mörgum orðum um þetta, en útásetningar hv. minni hl. eru skýr vottur þess, að frv. er vel samið, enda hefur hv. minni hl. ekki flutt brtt. við það, og efast ég ekki um, að það kemur að gagni, þó að hv. minni hl. leggi til í sínu nál., að því sé frestað. Einnig veldur þetta frv. því, að það fé, sem hefur verið skattsvikið, hefur ekki eins truflandi áhrif og það hefur haft, og svo, að framtöl verða að miklum mun réttari en áður, og enn fremur, að ríkissjóður mun fá nokkurt fé til framkvæmda sinna. Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Hv. minni hl. hefur að ýmsu leyti stutt frv. með röksemdafærslu sinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég er einn af þeim, sem þannig líta á, að þetta frv., sem nú liggur fyrir, sé algerlega ófullnægjandi til að leysa þann vanda, sem fyrir liggur og ég hafði gert mér í hugarlund, að væri ætlunin með l. um eignakönnun. En eftir því, sem fram hefur komið í umr. um þetta mál, þá virðist mér, að þeir, sem að frv. standa, hafi gert sér allt annað í hugarlund en ég hafði gert, og er tilgangur þeirra allur annar en ég hafði hugsað mér. Það vill svo til, að við Íslendingar erum ekki einir um að fara þessa leið, að láta fram fara eignakönnun. Í öllum tilfellum, um skilning á slíkum lögum, þá er höfuðtilgangurinn sá að ná miklu fé, sem safnazt hefur á fárra manna hendur á vafasaman hátt, og að ná stríðsgróðanum í þágu ríkisins. Ég hef hlustað hér á allar umræður, en ekki heyrt minnzt á þetta atriði. Hv. frsm. minntist þó lítils háttar á, að ríkið mundi fá nokkurt fé með þessu. Aftur sagði hæstv. fjmrh., að höfuðtilgangur með þessu frv. væri sá að gefa mönnum kost á að koma fé sínu fyrir á löglegan hátt, en við lestur frv. er sýnilegt, að tilgangurinn sé að leysa menn og fyrirtæki úr skattsvikaklípunni, en ekki að gera upptækan stríðsgróðann, heldur á að leysa órólega menn úr klípu og gefa þeim syndakvittun.

Þetta kom líka fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. En þetta atriði vil ég undirstrika, að er höfuðtilgangurinn með eignakönnuninni. Ég hef aldrei heyrt, að tilætlunin með eignakönnun væri sú að leysa menn úr skattsvikaklípunni, heldur að ná *vafasömum gróða fárra manna, til að þjóðin gæti* notið hans. En hvaða líkur eru til þess, að ríkið fái fé með þessu? Það eru hverfandi líkur, að ríkissjóður hafi nokkurt fé upp úr þessari eignakönnun, en hins vegar er líklegt, að þeir, sem eru í skattsvikaklípunni, fái eftirgefnar syndir sínar, og held ég, að flestum þeirra takist það auðveldlega, ef þetta frv. verður að lögum. Ef ætti að kalla þetta frv. til l. um eignakönnun, þá ætti að kanna eignaframtöl manna. Það þýðir ekkert að taka aðeins tvo þætti: peninga og verðbréf — og rannsaka þá, því að engu síður þarf að rannsaka raunverulegar fasteignir og annað lausafé. En frv. er þannig útbúið, að öllum er augljóst, að þeir, sem vilja fela eignir í fasteignum, eiga auðvelt með það samkv. ákvæðum frv. Ég skal taka hér dæmi til að skýra þetta. Það er alkunna, að margir, sem hafa skotið fjármunum undan skatti, hafa komið þeim þannig fyrir, að þeir hafa ráðizt í húsbyggingar, og eru þær síðan færðar á skattaframtöl á lægra verði en þær hafa kostað. Ef hús kostar eina millj. kr. raunverulega, en eigandinn segir, að það kosti 800 þús. kr., þá getur hann falið 200 þús. kr. Þessum manni er því gefinn kostur á að fela þessar 200 þús. kr., og þarf hann ekki að greiða skatt af þeim í ríkissjóð, og ekki er hann heldur skyldaður til að kaupa verðbréfin. En annar maður, sem grætt hefur 200 þús. kr. og ekki falið þær í byggingum eða öðru, en hefur lánað þetta fé og keypt veðskuldabréf, hann verður nú að fara með þetta fé og kaupa ríkisskuldabréf til þess að fá kvittun fyrir skattsvikum. Þessir tveir aðilar sýna því, að ákvæðin bitna misjafnt á mönnum. Það sama er að segja um mann, sem hefur grætt á sama hátt, en hefur farið þá leiðina að kaupa lausamuni, svo sem vélar o. s. frv. Þá má hann reikna með að sleppa við eignakönnunina samkv. frv., vegna þess að hann fær að telja þessar eignir á lægra verði en þær raunverulega kosta.

Þannig eru ákvæði frv. ósanngjörn og koma misjafnt niður á mönnum. En þegar þetta er borið saman við það sjónarmið að leysa menn úr skattsvikaklípunni, þá passar þetta. Margt annað má tilnefna um þetta frv. T. d. það, að þeir, sem hafa svikið undan réttu framtali, muni — og er enda auðvelt fyrir þá — sleppa undan mörgum ákvæðum frv. Í frv. er gert ráð fyrir því, að menn séu ekki neyddir til að kaupa ríkisskuldabréfin af fyrstu 15 þús. kr. En ef maður á 100 þús. kr., getur hann farið þá leið að dreifa þessu fé á fleiri aðila, t. d. börn sín, og með slíkri útþynningu á eignum er auðvelt að komast hjá ákvæðum frv., og mun enginn efast um, að margir munu sleppa á þann hátt. Svo skiptir hitt miklu máli, að það er mjög auðvelt að útþynna öll ákvæði frv. með framkvæmd l., því að það er allt á valdi fjmrh. og nefndar þeirrar, sem hann skipar, hvernig framkvæmdinni verður háttað, og því vitum við lítið um, hvaða ákvæði verða hörð í framkvæmdinni og hver ekki, enda sagði hv. frsm. meiri hl., að framkvæmdin yrði að vera góð, og ætti það að vera undirskilið í frv. Slík ákvæði eins og það, að ráðh. og n. skuli vera heimilt að láta fara fram eignatalningu, eru óskýr, og er þá öll framkvæmd á valdi ráðh., og hefði verið skýrara og einfaldara að segja, að skylt væri að láta fram fara eignatalningu.

Ég verð að segja, að mér finnst, að með flutningi þessa frv. leggist harla lítið fyrir ýmsa, sem mest hafa skrifað og talað um nauðsyn eignauppgjörs og aðgerðir í því sambandi. Ég minnist þess, að meðan Framsfl. var í stjórnarandstöðu, gat að líta í blaði flokksins, Tímanum, allhávær orð um nauðsyn þess, að eignakönnun yrði látin fara fram, og nauðsyn þess, að ríkið tæki í sínar hendur verulegan hluta af stríðsgróða þeim, sem lausbeizlaður væri. Nú standa forsvarsmenn þessa flokks að því að leggja fram slíkt frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, þar sem ekki er minnzt á, hvað ríkið muni fá í tekjur við framkvæmd laganna. Það er því gert að algerðu aukaatriði, en hitt að aðalatriði, að veita mönnum syndakvittun fyrir að hafa brotið skattal., sem einn af aðalmönnum Framsfl. hefur hælt sér af í tíma og ótíma, að hann hafi staðið að að fá samþ. hér á þingi, en nú stendur hann að frv. um eignakönnun, til að menn geti komizt undan ákvæðum gildandi skattalaga. Svipað má segja um afstöðu Alþfl. Hann stendur að flutningi þessa frv. á þann hátt að eyðileggja með öllu möguleikana til þess, að í framtíðinni sé hægt hér á landi að láta fram fara viðtæka allsherjar eignakönnun meðal landsmanna, þannig að hægt sé að segja með réttu, að fram hafi farið þannig mat á eignum manna, að ekki verði um það deilt, að hlutföllin milli eigna einstaklinga í þjóðfélaginu séu nokkurn veginn þau í skattaskýrslum, sem þau eru í reyndinni. Nú er sem sagt búið að eyðileggja þessa hugmynd með því að segja: Nú er búið að fara þessa leið. Það er búið að setja lög um eignakönnun, en það eru þá l., sem veita mönnum fyrirgefning fyrir sínar skattsyndir á undanförnum árum.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði hér fyrir skömmu, og eftir að hann hafði „krítiserað" frv. í mörgum greinum og lýst yfir, að það væri ekki í samræmi við þær till., sem hann hefði staðið að að gera um eignakönnun í hagfræðingan., og lýst yfir, að þetta frv. væri þannig úr garði gert, að hann gæti ekki stutt það, þá þótti honum þó nauðsyn að kasta að Sósfl. nokkrum hnútum og tala um, að okkar afstaða til málsins væri alleinkennileg. En ég vil spyrja hv. þm. um það, þar sem um svo mikilvægt mál er að ræða, hvort honum finnist það ekki skipta miklu máli, að þessi möguleiki verði ekki eyðilagður á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, heldur verði fresturinn fram til hausts notaður til að undirbúa frv., sem betur uppfylli þá möguleika, sem ég vænti, að hann og fleiri, sem hafa hugsað um eignakönnun, hafi ætlazt til, að notaðir yrðu við setningu slíkra l., heldur en að eyðileggja þann möguleika með því að láta slíka lagasetningu ná fram að ganga, sem hér liggur fyrir.

Þessi hv. þm. reyndi að gera tortryggilega okkar afstöðu til þessa máls með því að segja, að við værum sífellt á móti því, sem kæmi frá hæstv. ríkisstj., og nefndi sem dæmi, að við hefðum ráðizt á þetta frv. frá hægri, eins og hann komst að orði, sem sagt, að við hefðum bent á, að sum ákvæði frv. bitnuðu hart á smærri aðilum. Ég vil benda honum á, að sjálfsagt lítur hann einnig svo á, að öðrum tökum beri að taka þann skattsvikna pening eða eignabreyt., sem orðið hefur á undanförnum árum með því, að honum hafi verið skotið undan skatti, að það beri að taka hann vægari tökum í þeim tilfellum, þar sem eignabreyt. þessara manna stafa meir af vantöldum eignum undanfarinna ára en vantöldum tekjum. Þetta minntist hann á, og þetta er það sama og við höfum bent á, en til þessa er ekki tekið tillit í frv., og þetta kemur til með að bitna á hinum smærri, og ég hygg, að það sé ekki sá skoðanamunur milli okkar og hans, sem hann vill skrúfa upp, líklega til að fá kvittun hjá sínum samflokksmönnum fyrir því, að hann væri ekki á stefnu komma í þessu máli. Miklu frekar sýndist mér, að það væri hér um að ræða, að hann væri að reyna að skrúfa upp úr sér einhverja sérstöðu, heldur en að slík sérstaða væri til.

Eins og ég hef fram tekið, þá lít ég svo á, að þeim höfuðtilgangi, sem eignakönnunarfrv. var ætlað að ná, verði á engan hátt náð með þessu frv. Ég hef líka sýnt fram á, að frv. leiðir til þess, að mjög misjafnlega verður tekið á ýmsum þegnum, sumir verði hart úti, en aðrir sleppi að mestu leyti. Og svo vil ég bæta því við að síðustu, að ég tel það harla lítinn ávinning að veita þá syndakvittun, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sérstaklega meðan ekki er svo um búið, að telja megi víst, að eftirleiðis verði útilokað, að menn skjóti tekjum sínum undan skatti, heldur séu nokkurn veginn sömu möguleikar og áður til að draga undan skatti, eftir að þessi syndakvittun hefur verið veitt, hjá vissum einstaklingum og fyrirtækjum, á sama tíma og aðrir verða að greiða fullan skatt af öllum sínum tekjum. Það hefði kannske komið til greina að veita mönnum einu sinni uppgjöf saka, ef um leið væri girt fyrir, að þeir gætu haldið áfram á sama hátt og undanfarið að brjóta skattalögin.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég ætla sérstaklega að ræða þau atriði, sem fram hafa komið í umr., og sný mér fyrst að hv. 4. þm. Reykv. (GÞG). Vil ég taka það fram, að ég get verið hv. 4. þm. Reykv. algerlega sammála um þá lýsingu, sem hann gaf á frv., á göllum þess og hve

ófullkomið það væri. Býst ég við, að við séum sammála um það, að þegar þetta frv. er borið saman við þá eignakönnun, sem hagfræðingarnir gerðu ráð fyrir í áliti sínu, þá sé mjög hæpið að kalla það eignakönnun, sem frv. gerir ráð fyrir. Satt að segja hefur hv. 4. þm. Reykv. lýst göllum frv. miklu nákvæmar en ég gerði í framsöguræðu minni. Þarf ég í raun og veru ekki annað en að vísa til ræðu hans hvað það atriði snertir, hvílíkur óskapnaður þetta eignakönnunarfrv. væri, sem hér liggur fyrir. Hann sannaði það svo rækilega, og flokksbróðir hans, hv. frsm. meiri hl., reyndi ekki að hrekja annað úr ræðu hans en það, að hann taldi það ekki rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að bréf væru í umferð, sem væru óháð skattaeftirlitinu, en gætu haft síðspillandi áhrif, eins og hv. 4. þm. Reykv. hélt fram, að mundi vera. Hann benti á það sérstaklega, að hagfræðingarnir hefðu lagt á það áherzlu og talið það vera skilyrði fyrir því, að eignakönnunin yrði að gagni, að hún færi fram fyrirvaralaust eða með sem minnstum fyrirvara. Benti hann á, að búið væri að ræða um þessi mál, síðan hæstv. ríkisstj. ákvað að framkvæma eignakönnunina, og síðan, eftir að þetta hefur verið lögfest, getur liðið allur tíminn til 31. des. þ. á., þar til hin raunverulega eignakönnun fer fram. Hef ég heyrt margar raddir um það, að sjálfsagt væri að láta þetta eignakönnunaruppgjör fara fram um leið og næsta skattaframtal eða miða við 31. des. Þetta sýnir manni, að eitt veigamikið atriði í undirbúningi og framkvæmd eignakönnunarinnar, sem hagfræðingarnir gengu út frá, á að þverbrjóta. Virðist hér beinlínis eiga að gera ráðstafanir til þess, að menn fái tækifæri til þess að lagfæra hjá sér, áður en til þess kemur, að menn þurfi að telja fram.

Hv. frsm. meiri hl. vildi halda því fram, að það væri ofsagt hjá mér, að ýmis fyrirtæki gætu með ýmiss konar bókfærslutilfærslum og brellum gefið skýrslur um peningaeign, verðbréfaeign og bankainnstæður sínar. Það skal hins vegar viðurkennt, að eftir því sem fyrirtækin hafa skemmri tíma upp á að hlaupa, þeim mun erfiðara er þeim að koma slíku við, en eftir því sem þau hafa lengri tíma upp á að hlaupa, þeim mun auðveldara. Það er alkunnugt, að sum fyrirtæki hafa tvenns konar bókhald: annað fyrir skattaframtal til þess að sýna skattanefndinni, hitt, sem er raunverulega rétta bókhaldið. Kom það fyrir fyrir 2 árum, að fyrirtæki eitt í Reykjavík varð fyrir þeirri slysni að afhenda skattan. rétta bókhaldið. Ég tel, og það kom að ýmsu leyti fram hjá hv. 4. þm. Reykv., að það sé þessi frestur í frv., sem geri það gersamlega kraftlaust. Það er staðfest í frv., að það á ekki að framkvæma eignakönnun á hinum ríku, sem mest hafa grætt á undanförnum árum. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að í frv. væri gengið mjög rækilega til verks gagnvart peningaeign og verðbréfaeign, en hvað snertir rekstrarfé, þá væru því miður ekki eins ýtarleg ákvæði í frv. og æskilegt hefði verið. Þetta er það, sem ég hef verið að leggja áherzlu á, og þetta er ástæðan fyrir því, að ég tel það til vansæmdar fyrir hv. Alþ. að samþykkja frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, og að skárra væri að framkvæma enga eignakönnun en eins og hér er verið að fyrirskipa.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það væri aðallega í 3 atriðum, sem þetta frv. um eignakönnun væri frábrugðið því, sem hagfræðingarnir í áliti sínu hefðu talið rétt vera. Í fyrsta lagi hefðu hagfræðingarnir gengið út frá því, að eignakönnun yrði framkvæmd í því skyni að skattleggja stórgróðann. Hins vegar er frv. einmitt byggt á þeirri forsendu að gera þeim mönnum kleift, sem stærstar hafa tekjurnar og telja ekki rétt fram til skatts, að koma þessum gróða sínum fyrir á þann hátt, að samræmzt geti lögunum. Það er sem sagt þveröfugt við það, sem hv. 4. þm. Reykv. taldi rétt að gera í þessum efnum. — Í öðru lagi ætti að gera tilraun til þess að koma upp um öll skattsvik. Í þessu frv. er hins vegar gengið mjög misjafnt að mönnum í þessum efnum, og hef ég áður lýst því. Loks ætti að gera eignakönnun fyrirvaralaust, en eins og ég lýsti áðan, er í frv. gert ráð fyrir mjög löngum fresti, áður en hún kemur til framkvæmdar. Í þessum þrem höfuðatriðum er frv. þannig í hrópandi andstöðu við það, sem hv. 4. þm. Reykv. telur undirstöðu undir eignakönnun, en þó lýsti hann því yfir, þegar hann var búinn að rekja þessi atriði, að hann mundi ekki greiða atkv. móti frv., heldur ætlaði hann sér að sitja hjá við afgreiðslu þess. Þessi síðasta yfirlýsing hans var í svo mikilli hrópandi mótsögn við alla hans ræðu, að mig stórfurðar á, að slíkt geti komið fram frá jafngreindum manni og hann er. Býst ég þó við, að þarna ráði mestu um, að hann vilji ekki falla í of mikla ónáð hjá máttarvöldum síns flokks og þess vegna vilji hann heldur draga sig í hlé en berjast fyrir réttum málstað með okkur sósíalistum. Að lokum taldi hann sér þó nauðsyn á að veitast að okkur sósíalistum — og þó sérstaklega að mér — fyrir þá afstöðu, sem við höfum tekið, og lagði mikla áherzlu á, að hann vildi eignakönnun, þótt frv. gerði að vísu ráð fyrir henni á annan veg en hann hefði hugsað sér. Þess vegna mundi hann ekki verða á móti frv., og skildist mér það vera aðallega fyrir þá sök, að í fyrirsögn frv. stæði eignakönnun. Ég vil hins vegar enga eignakönnun hafa, ef á að framkvæma hana eins og frv. gerir ráð fyrir, og er miklu minni spilling í því.

Þá las hv. þm. upp þáltill., sem flokkur hans lagði fram á þingi 1945, en það stóð fram á 1946, og var þeirri till. útbýtt 13. apríl þ. á., en þinginu lauk 29. apríl. Ég held, að hv. þm. hefði ekki átt að minnast á þá till., því að hún er flokki hans sízt til sóma. Ætla ég hér að lesa upphaf hennar upp, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 5 manna mþn. til þess að gera tillögur um sérstakan skatt á stórgróða, sem fallið hefur í hlut einstaklinga og fyrirtækja á stríðsárunum, og gagngerða eignakönnun í því sambandi. Jafnframt skal n. endurskoða ákvæði tekjuskattslaganna um skattfrelsi varasjóðstillaga hlutafélaga, sem ekki reka framleiðslustarfsemi.“ — Till. þessi kom einu sinni á dagskrá, og Alþfl. hafði ekki svo mikið við till., þótt hann væri stjórnarflokkur, að sjá um, að hún væri rædd. Till. fór aldrei í n. og var aldrei afgr. En til hvers var till. borin fram? Hún var borin fram til þess, að hægt væri að flagga með henni í kosningum þeim, sem áttu að verða nokkrum vikum síðar, og einn af þeim mönnum, sem sérstaklega hlaut það verkefni að reka áróður á grundvelli þessarar till., það var einmitt hv. 4. þm. Reykv. (GÞG), sem var efsti maður á lista Alþfl. hér í Reykjavík og lagði höfuðáherzlu á það í öll-

um sínum ræðum fyrir kosningarnar, að nauðsynlegt væri að leggja skatta á stórgróðann. Nú hefur hann verið kosinn á þing, ekki hvað sízt fyrir sína skeleggu baráttu fyrir því að vilja leggja skatta á stórgróðann. Hann er meðlimur í flokki, sem stendur að frv. því, sem hér liggur fyrir, sem ekki einasta gerir ráð fyrir að skattleggja stórgróðann, heldur opnar mjög rúman gang fyrir stórgróðann til þess að hverfa, þannig að hann getur óáreittur sloppið fram hjá þessari eignakönnun. Svo kemur þessi hv. þm. inn á þing og segir: „Ég ætla ekki að greiða atkv. um þetta mál. Ég ætla að sitja hjá.“ Þarna sér maður baráttu þessa manns fyrir framkvæmd þeirra stefnumála, sem hann var kosinn á þing fyrir. Ég hefði í sporum þessa hv. þm. ekki sagt eitt einasta orð. Ég hefði valið aðferð hæstv. menntmrh., er allra manna mest á öllum þingum, síðan hann kom á þing, hefur talað um skatta- og tollamál, en segir nú ekki orð og lætur ekki sjá sig í salnum.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að afstaða okkar sósíalista — og sérstaklega mín — byggist á því, að *við vildum afla okkur fylgis meðal hinna óánægðu* millistétta gegn eignakönnuninni. Þetta eru náttúrlega rök, sem alltaf má bera fram. Til hvers var hann að halda hrókaræður fyrir síðustu kosningar um að skattleggja stórgróðann? Til hvers var hans flokkur að bera fram þessa þáltill. á Alþ., sem hann lét ekki samþykkja, um það að undirbúa löggjöf um skattaálagningar á stórgróðann? Var ekki verið að reyna að afla fylgis? Og út af fyrir sig er ekkert við það að athuga, þótt menn reyni að afla góðu máli fylgis, en þegar menn eru búnir að lofa að fylgja fram góðu máli, þá er aðalatriðið að standa við það.

Ég get sagt hv. 4. þm. Reykv. það, að við sósíalistar munum aldrei ganga inn á frv. um eignakönnun, sem gerir ráð fyrir, að eignakönnun fari fram gagnvart almenningi í landinu, en öllum stórgróðamönnum í landinu sleppt, og hann getur kallað það hvað sem honum sýnist. Það, sem mestu máli skiptir, er, að þetta er stefna flokksins, og hann mun ekki víkja frá henni. — Þá sagði hv. 4. þm. Reykv. það, að ég hefði haldið því fram, að það ætti að sleppa almenningi við eignakönnun, en framkvæma hana aðeins hjá hinum ríku. Ég sagði, að það væri minnst ástæða til þess að framkvæma eignakönnun hjá hinum smærri, ástæða væri til að framkvæma eignakönnun gagnvart stórgróðanum. Þetta var tilgangurinn í byrjun, og það hefði verið í alla staði æskilegast, ef hægt hefði verið að framkvæma eignakönnunina á þann hátt að sleppa hinum smærri, sem vitað er, að hafa lítið af sér brotið, hvað þetta snertir. Aðalatriðið er, að eins og frv. er, þá er hinum ríku gert mögulegt að sleppa við eignakönnun, og þar með vil ég heldur láta sleppa hinum smærri og hætta við alla eignakönnun.

Þá sagði hv. 4. þm. Reykv., að ég ætlaðist til þess, að samin væru lög, þar sem fram kæmi í senn mildi og strangleiki gagnvart skattsvikurum. Það sagði ég ekki beinlínis, en hann segir, að þetta sé óframkvæmanlegt. En ég vil bara benda á, að þetta hefur ríkisstj. tekizt. Henni hefur tekizt að búa til frv., sem er bæði milt og strangt, frv., sem er milt við stóreignamenn og braskara, en strangt við þá, sem eiga peninga eða verðbréf. Og þetta segir hv. 4. þm. Reykv., að sé óframkvæmanlegt, þetta, sem ríkisstj. hefur tekizt svo dásamlega með því að snúa hlutunum algerlega við. En mér finnst það gremjulegt að láta stórgróðamennina komast svona út úr skattsvikafeninu með frv., sem heitir eignakönnun, en láta þá, sem engir svikarar eru, bíða hið mesta afhroð eða leita náðar hjá stjórninni og játa synd sína. En ég vil undirstrika það, að ég þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir hina ágætu gagnrýni hans á frv., og ég teldi mikils vert, að sú ræða yrði birt almenningi, og það sem flestum, og það er alveg augljóst, að hann hefur hugsað mikið um þessi mál og er vel að sér í þeim. En hitt var svo í algerðu ósamræmi við rök hans gegn þessu frv., að veitast að mér og Sósfl. fyrir okkar afstöðu til þessa frv.-skrípis, sem hann er búinn að rífa niður sjálfur.

Þá eru það nokkur atriði út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði. Það er greinilegt, eins og ég benti á áður, að hv. Alþfl. ætlar sér að komast „billega“ frá þessu máli. Nál. er einar 2 prentaðar línur, það er árangurinn af rannsókn n., og framsöguræðan stóð í nokkrar mínútur, og seinni ræðan ber þess líka greinileg merki, að hann vill sem minnst um þetta tala, en ég vil taka það fram, hv. þm. V-Ísf. til verðugs hróss, að hann var ekki meðflm. að þáltill. hv. Alþfl. fyrir kosningarnar í fyrra, en allir hinir 6 þm. flokksins voru flm. hennar. Þó að hv. þm. V-Ísf. mæli með þessu frv., er það ekki í ósamræmi við hans fyrri yfirlýsingar. Þessa vildi ég láta getið í þessu sambandi. Hv. frsm. gengur út frá því sem gefnu, að þetta frv. sé samkomulagsatriði og það sé ekki í sínum verkahring að gera brtt. við það, enda mun það réttast hjá honum að ræða þetta mál sem minnst. Hann furðaði sig á því, hv. frsm., að þrátt fyrir það, hve mikið skrifstofubákn þetta yrði, þá vildi ég láta ganga enn lengra. Rétt er það, að það mundi auka starfsemina stuttan tíma, ef til vill 1—2 daga. En úr því að farið er að byggja þetta bákn upp, er það óafsakanlegt að gera enga raunverulega eignakönnun, en elta ólar við smærri framteljendur, sem ekki geta smogið möskva þessa frv., en sleppa öllum þeim, sem eitthvað verulega hafa grætt, enda er lögð áherzla á það, bæði af hæstv. fjmrh. og frsm. meiri hl. n., að ekki sé að vænta neinna verulegra tekna í ríkissjóð af framkvæmd þessa frv. Rök fyrir þessu dýra bákni eru því minni, því minni tekjur sem líkur eru til, að það færi í ríkissjóð. Þá hélt hv. frsm. því fram, að ekki væri hægt að skjóta miklu undan með bókhaldsbrellum. Ég býst nú við, þó að ég á engan hátt vilji lasta hv. þm., að hann þekki þessar reglur, en maður með minni menntun getur ekki komizt hjá því að kynnast þeim, svo að ég þarf engar fullvissanir frá hv. þm. V-Ísf. um, að slíkar reglur séu ekki til. Það má sem dæmi nefna, að mörg fyrirtæki hafa tvöfalt bókhald, annað fyrir skattaframtölin og hitt rétt, og það hefur komið fyrir, að skattan. hefur verið afhent vitlaust bókhald, sem gaf miklu meira upp en skattskýrslan. Þetta veit hv. þm. V-Ísf., enda er það almennt vitað, að svona er farið að. Hv. frsm. sagði, að ég teldi það höfuðókost frv., að komið væri upp um skattsvik, er næmu nokkrum hundruðum eða þúsundum hjá mönnum, sem hefðu orðið það á að gefa of lítið upp til skatts, telja ekki fram smáupphæðir, en sleppa stórgróðamönnunum. Það er rétt,

ég tel þetta óhæfu. Það vita allir, að hver sá maður, sem á allt að 100 þús. kr., á ekki meira en fyrir íbúð sinni, og sé þetta af þeim tekið, geta þeir ekki haldið sinni íbúð, enda kom það fram í n., að svo gæti farið, að gengið yrði að húseignum manna, húsum, sem þeir hafa varið öllum frístundum sínum til að koma upp, og eiga svo ekki annars kost, ef þeir vilja halda þessari eign sinni, en að knékrjúpa stjórninni og biðja um náð. Það er rangt hjá hv. frsm., að ég sé ánægður með frv., af því að ég flyt engar brtt. Ég tel frv. svo mikla fjarstæðu, að það sé gagnslaust að vera að flytja brtt. við það og sé bezt að kappkosta að krefja stjórnina um betra frv. og réttlátara, ef hún ætlar út í eignakönnun. En það er lítið vit í því að reyna að gera einhverja breyt. við frv., sem er tóm vitleysa og hrópandi ranglæti. En annars mun ég athuga fyrir 3. umr., hvort ég sé mér fært að flytja nokkrar brtt., en ég flutti dagskrártill. núna til þess að gera mitt til, að þessi smán yrði stöðvuð. Hv. frsm. var að tala um það, að ég hefði kvartað yfir því, hvað þetta mál hefði tafizt, en þó vildi ég tefja það enn meir. Ég vil benda hv. þm. á það, að það er alls ekki víst, að málið tefðist, þó að dagskrártill. mín yrði samþ. Það er ekki ákveðið, hvenær framtalsdagurinn verður, það getur dregizt til 31. des. Ef till. mín yrði samþ. og hagað sér eftir henni, þá tæki það einn dag að framkvæma þessa hluti. Ég vil einnig benda hv. þm. á það, að í Danmörku var eignakönnunin samþ. á einni nóttu í þinginu og framkvæmd daginn eftir, og svo var það búið. Það er því fullkomlega óvíst, að það yrði til að tefja málið, þó að till. mín yrði samþ., ef hagað væri sér eftir henni. Þá sagði hv. frsm., að þetta mundi skapa eðlilegt ástand í fjármálum. Kaupgeta mundi minnka, og þar með mundi verðgildi peninga hinna ríku verða meira. En þá er bara það að athuga, að þeir ríku sleppa, og ég hygg, að braskið hér í Reykjavík muni blómstra með enn meiri ofsa en áður. Þegar braskararnir hafa fengið svona gott tækifæri til að sleppa „billega" frá skattsvikunum, þá kemst svo mikið fjör í braskið, að við höfum aldrei séð annað eins, því að þá verður hægt að spenna bogann hátt upp, þegar stórgróðamennirnir sleppa lausir frá þeim ótta að verða gerðir upp. Ég held þess vegna, að þetta verði til að brjóta niður allan „móral" í skattaframtölum, hann er núna slappur, en hann mun stórum versna við svona aðgerðir. Ég get vel trúað, að ýmsir stuðningsmenn hæstv. stjórnar telji þetta höfuðkost frv., menn, sem telja, að hverjum beri að svindla sem mest og græða sem mest og hljóta þá meiri ívilnanir frá löggjafanum. Þetta frv. mun því ekki auka skattasiðferðið, eins og hæstv. fjmrh. vildi halda fram. Þá hefur þessu frv. verið líkt við skattal. frá 1927. Nei, það eru gersamlega óskyldir hlutir. Ég tel, að það hafi komið greinilega fram í þeim ræðum, sem fluttar hafa verið, sérstaklega hjá hv. 4. þm. Reykv., að allt, sem ég sagði, var rétt. Þessi eignakönnun er á þá smærri, en sleppir þeim stóru, og er því engin eignakönnun, sem er fólgin í því að kanna og skattleggja stórgróðann.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Það eru aðeins örfáar aths. Það hefur komið fram, að þetta frv. skattleggi ekki nema litlar tekjur. Ég skal geta þess, að ég flutti ekki till. um að breyta þessu vegna þess, að ég tel, að með breyt. á skattal. 1943, þegar lagður var á stríðsgróðaskattur, hafi verið farið svo langt, að lengra sé ekki hægt að fara, og veit ég ekki, hvernig hægt er ofan á það að bæta, enda skattstigi okkar mjög hár. Varðandi eftirlitið skal ég geta þess, að einn flokksbróðir hv. þm. Siglf. bar fram 1944 frv. um eignaraukaskatt, þar sem svo er ákveðið, að við ákvörðun eignaraukningar skuli farið eftir framtölum skattþegna, eins og skattan. hefur frá þeim gengið við álagningu tekju- og eignarskatts. Þegar form. Sameiningarfl. ber fram frv. um skattlagningu stríðsgróðans, ætlar hann að byggja á framtölunum, svo að það er nú það sama sem stjórnin ætlar að gera nú. Og hún mun áreiðanlega ekki láta neitt eftir liggja, til að þessi framtöl verði sem réttust. Þá vildi ég benda á það, að það er alls ekki sambærilegt, ástæðurnar til eignakönnunar hér og í Danmörku. Þar voru það ólöglegar tekjur, sem ná þurfti í, en hér var öðru máli að gegna, hér voru tekjurnar ekki ólöglegar, þær voru fullkomlega löglegar, það sem ólöglegt var, var að telja þær ekki fram til skatts, en þær voru ekki fengnar með landráðastarfsemi. Þá er einnig á það að líta, að í Danmörku tapaði ríkið um 200 millj. á hernáminu, en við fengum allt borgað upp í topp, hvert einasta handarvik. Þessu má ekki rugla saman. Og þó að skapazt hafi allháar fúlgur hjá sumum, þá er það fé þó í atvinnulífinu, a. m. k. það, sem útgerðarmenn hafa fengið, og þó að þeir hétu braskarar fyrir stríð, eru þeir nú orðnir valinkunnir sómamenn, á hverjum ekki finnst blettur né hrukka. Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Hv. frsm. minntist á frv., sem flutt var í Ed. 1944, um eignaraukaskatt, og að þar hafi verið gert ráð fyrir að miða við skattaframtölin og þar hafi ekki verið till. um eignakönnun, þó að ljóst sé, að þörf hafi verið á því, sérstaklega með stórgróðann. En ég er ekki fyrst og fremst að ásaka stjórnina fyrir að miða við skattaframtölin, heldur hitt, að nákvæm og róttæk rannsókn er látin fara fram hjá þeim smærri, þeim, sem ekki reka fyrirtæki, en eiga eignir sínar í seðlum, bankainnistæðum eða verðbréfum, en framtöl stofnana eru látin nægja. Annaðhvort átti að miða við öll framtöl eða hafa almenna eignakönnun, og hv. frsm. viðurkenndi, að stjórnin miðaði við framtöl stóreignamanna, en ekki hinna smærri. Þær aðgerðir, sem frv. gerir ráð fyrir, eru alveg tæmandi gagnvart þeim smærri, en litlar sem engar gagnvart hinum. Þetta er svo mikið ósamræmi, að ekki er sæmandi fyrir hv. Alþ. að samþykkja það, enda er þetta engin eignakönnun, því að eignakönnun er það að kanna, hvort framtölin séu rétt, en sé við þau miðað, er ekki um neina könnun að ræða. Það mun vera rétt hjá hv. þm. V-Ísf., hver var ástæðan til þess, að hann var ekki meðflm. að þáltill., sem allir aðrir þm. Alþfl. fluttu fyrir síðustu kosningar. En hv. þm. V-Ísf. veit þó, og þeir töldu það þá, flokksmenn hans, þessir 6, að það væri einhvern stórgróða að skattleggja. Og í Alþýðublaðinu og ræðum alþýðuflokksmanna fyrir kosningarnar, sérstaklega hv. 4. þm. Reykv., var mjög eindregið bent á það, að ef menn vildu, að stórgróðinn yrði skattlagður, þá skyldu þeir kjósa Alþfl., og er áreiðanlegt, að margir hafa kosið Alþfl. einmitt vegna þessarar

afstöðu, en nú er það fram komið, hverjar efndirnar urðu, en það er rétt, að hv. þm. V-Ísf. tók ekki þátt í þessum skrípaleik.

Það er rétt, að það er ekki hægt að bera saman eignakönnun hér á Íslandi og í Danmörku og Noregi, þar sem hún var miðuð við að ná til manna, sem störfuðu á glæpsamlegan hátt með innrásarherjunum og þurfti því að taka öðrum tökum en hér, því neita ég engan veginn.

En það verður að vera svo, að ef framkvæma á eignaskoðun, að gera það með sanngirni. Það má ekki láta menn sitja við svo misjafnar aðgerðir eins og hér virðist eiga að gera með þessu frumvarpi.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það hefur komið fram í umr. um þetta frv., að tilgangurinn með því sé m. a. sá að rannsaka, hvort skattaframtölin væru rétt, og nú ætti að komast fyrir það, hverjar eignir þjóðarinnar væru og hvað væri hulið í sambandi við skattaframtöl. Þá hefur verið bent á það, að vegna þessara framkvæmda og með þeim yrði stefnt að því, að skattaframtölin yrðu miklu réttari hér eftir en hingað til hefði verið.

Þetta tvennt er ákaflega lofsvert og ekkert nema gott um það að segja. En í sambandi við það langar mig til að bera fram tvær spurningar. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að nafnskrá verðbréf á þeim degi, sem eignakönnun fer fram. Mig langar til að spyrja að því, hvort slík leiðrétting yrði til frambúðar, þannig að verðbréf, banka- og sparisjóðsinnstæður yrðu nafnskráðar áfram. Ef svo skyldi vera, að hæstv. ríkisstj. hefði tekið þá ákvörðun að leiða þetta í lög, þá væri hér stigið stórt spor í þá átt að koma hér á réttum framtölum. En í þessu frv. er þetta ekki fyrirhugað, og sé ásetningurinn að hafa það ekki svo framvegis, þá sýnist mér augljóst mál, að mjög fljótlega muni allt falla í sama horfið aftur í þessum sökum um framtöl manna.

Þá vildi ég aðeins vekja athygli á ákvæðum 4. gr. þessa frv., en þar segir, að skuldabréf þau, sem þar um ræðir, skuli vera til sölu frá 15. júní til 1. ágúst 1947 og Landsbanki Íslands annist söluna. Og skulu bréfin fást keypt á þeim stöðum og hjá þeim aðilum, sem bankinn ákveður í samráði við fjmrh. Það er kunnari staðreynd en frá þurfi að segja, að bankarnir þrír eru í raun og veru allir ríkiseign, þó að Landsbankinn sé nefndur þjóðbanki, þá eru hinir bankarnir í eign ríkisins ekki síður.

Nú virðist mér það augljóst mál, að verði um einhverja verulega sölu að ræða á þessum skuldabréfum, þá muni hún að verulegu leyti ná út yfir sparisjóðsinnstæður í bönkunum. Og geri ég ráð fyrir, að allmikið af þeim sé geymt á sparisjóðsdeildum bæði Útvegsbankans og Búnaðarbankans. Mér sýnist þá, eftir því sem hér er gert ráð fyrir, að fara mundi talsvert af sparifé Útvegsbankans og Búnaðarbankans yfir til Landsbankans. Mér virðist þetta vera töluverð röskun á milli bankanna. Og ég vildi því vekja athygli á því, hvort ekki væri hægt að breyta frv. þannig, að bætt væri úr þessu á þann veg, að bankarnir allir önnuðust þessa sölu.

Þá mun 17. gr. vekja nokkra furðu manna. Þar er svo fyrir mælt, að eignir, sem draga má undan skatti, mega nema 25 þús. kr. Þær eiga að vera skattfrjálsar, ef sannanlega hafa orðið til fyrir 1. jan. 1940. En hafi slíkt átt sér stað eftir þann tíma, þá koma ekki þarna nema 15 þús. til greina, sem verða skattfrjálsar. Ég sé ekki nein ljós rök, sem liggja að þessu. Reyndar verður að gera ráð fyrir, að þetta hafi verið hugsað á þá leið, að þar sem syndirnar væru orðnar svo gamlar, svo sem 7 ára, þá væru þær taldar fyrndar. En það er geysilegt ósamræmi á milli þessara upphæða, því að 25 þús. kr. fyrir stríð og 15 þús. kr. á stríðsárunum eru ákaflega ósambærilegar upphæðir, þegar tekið er tillit til verðgildis þeirra. En að svíkja undan skatti 15 þús. kr. á stríðsárunum eru hreinir smámunir í samanburði við hina upphæðina.

Ég óska svo eftir upplýsingum um það, hvort meiningin sé að taka upp sem almenna reglu að nafnskrá innistæður í bönkum og sparisjóðum.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Um það atriði, sem hv. síðasti ræðumaður spurði um, hvort nokkrar framtíðaráætlanir væru uppi um það, að sparisjóðsinnistæður og bankainnistæður verði skráðar á nafn, þá get ég ekki svarað fljótlega um það. Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, að hann muni leggja fyrir næsta þing frv. til l. um fullkomna endurskoðun á núverandi tollalöggjöf, og má vera, að þessi atriði komi þá til meðferðar. Hitt væri þá ekki nema eðlilegt eða eðli málsins samkvæmt, að gera slíka almenna breytingu á almennum skattal. í því frv., því að þetta frv. á einungis við eignakönnun og fyrirskipar ekki nafnskráningu nema í sambandi við eignakönnunina sjálfa.

Um hitt atriðið, hvort ekki sé hætta á því, að raskist eitthvað með starfsemi bankanna af þeirri ástæðu, að Landsbankinn fari með sölu bréfa, þá vil ég taka það fram, að ég hef rætt við viðkomandi ráðh. og reyndar fleiri í stjórninni um það, hvernig þeirri framkvæmd muni verða hagað, og mér hefur skilizt, að Landsbankinn eigi að vísu að hafa einn með höndum sölu bréfanna, en að sjálfsögðu selji hinir bankarnir og sparisjóðirnir einnig bréf, en þeir gera svo upp við Landsbankann, sem er umboðsmaður ríkisvaldsins í þessu efni.

Ég hef einnig rætt við ráðh. um það, hvort t. d. sparifé yrði fært milli stofnana, og ég hef fengið þau svör, að það yrði reynt að stuðla að því, að þar sem fé er úttekið til verðbréfakaupa, þar verði það geymt áfram á reikningi ríkisins. Það er ekki skylda ríkisvaldsins að geyma allar sínar innieignir á sama stað, og þar sem eignirnar eru til orðnar á þennan hátt, þá er sjálfsagt að raska ekki neinu jafnvægi á milli bankanna þannig, heldur fái hver banki endurgoldið það fé, sem hann hefur geymt áður, þó að það sé fært yfir á reikning ríkisins. Ég sé, að hæstv. fjmrh. er viðstaddur, og vil ég taka hans þögn sem samþykki um, að svo verði, og sömuleiðis, að við höfum átt þetta samtal saman.

Ég skal svo aðeins geta þess í sambandi við það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um ákvæði 17. gr., að 25 þús. kr. fyrir stríð væru miklu meiri peningur en 15 þús. kr. nú, og það er alveg rétt, en það, sem gerir úrslitin í þessu máli, er, að ef þessar 25 þús. kr. eru til nú, þá eru þær orðnar svipaðar hverjum öðrum 25 þús. kr.

Út af síðustu ræðu hv. frsm. minni hl. vil ég taka það fram, að meiri hl. n. vill leggja áherzlu á það,

að eignakönnuninni verði beitt að svo miklu leyti sem hægt er að framkvæma hana, og ef ekki er hægt að byggja á framtölum manna, þá verði þessum ákvæðum l. beitt skilyrðislaust.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. meiri hl. n. fyrir þau svör, sem hann gaf, þau voru greinagóð, það sem þau náðu. Og ég efast ekki um, að rétt er skýrt frá samtali hans við hæstv. ráðh. En mér skilst, að það gæti verið athugandi fyrir fjhn., hvort ekki væri rétt að gera þau ákvæði skýrari eða setja skýrari ákvæði í frv. um þetta, að ekki skyldu raskast hlutföllin á milli sparisjóðsinnistæðna bankanna af þessum ástæðum, sem sé að inn á ríkisreikning bankanna væri lögð sú upphæð, sem ætla mætti, að væri sem næst því, sem færi út vegna skuldabréfakaupa.

Varðandi svör hv. frsm. hvað snertir 17. gr. frv., þá voru þau alls ekki tæmandi eða fullnægjandi. Það er rétt, að ef maður hefur átt 25 þús. kr. í peningum eða verðbréfum fyrir stríð, þá eru þær jafnmikils virði og hverjar aðrar 25 þús. kr. nú, ef maður hefur átt þær sem peninga fyrir stríð, en hafi hann átt þær kr. í fasteign, þá hafa þær að sjálfsögðu margfaldazt í verði. Og virðist mér þess vegna, að þessi munur á þeim, sem stolið hafa undan skatti fyrir 1940, og hinum, sem gert hafa það síðan, sé ekki fyllilega rökstuddur, og sýnist mér, að eðlilegra hefði verið að miða við einu og sömu upphæðina, hvort sem skattsvikin voru framin fyrr eða síðar.

Mér hafði aldrei dottið í hug, að tekin væru upp í þessi l. ákvæði um nafnskráningu verðbréfa og bankainnistæðna í framtíðinni. Ég veit mjög vel, að þessi l., ef frv. verður samþ., eru fyrst og fremst miðuð við einn dag og ákveðið ár, enda var mín fyrirspurn miðuð við það, hvort nokkrar framtíðaráætlanir væru hjá ríkisstj. um það að innleiða hlið nýja kerfi um nafnskráningu verðbréfa og bankainnistæðna lengra fram í tímann en þessi l. mæla fyrir um. Og vildi ég gjarnan fá frá hæstv. ríkisstj. svar um það, hvort nokkrar ákvarðanir hefðu verið teknar í því efni.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá minni hl. fjhn., á þskj. 917, felld með 21:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, ÁkJ, SnJ, HermG, KTh, LJós.

nei: PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, SteindSt, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GÞG, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, GÞ.

7 þm. (BÁ, GTh, HÁ, HB, AuA, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 17:5 atkv.

2.—8. gr. samþ. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SK, StJSt, StgrSt, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GÞ.

nei: HermG, ÁkJ.

JPálm, KTh, LJós, SigfS, SG, SkG, SteindSt, SnJ, GÞG greiddu ekki atkv.

7 þm. (HÁ, HB, AuA, JJ, ÓTh, BÁ, GTh) fjarstaddir.

9.—20. gr. samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, IngJ, JS, JörB, GÞ.

nei: HermG.

KTh, LJós, SigfS, SG, SteindSt, ÁkJ, SnJ, GÞG, JPálm greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÓTh, SB, BÁ, GTh, HÁ, HB, AuA, JJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Ég er á móti þessu frv. og mun gera grein fyrir minni afstöðu, áður en frv. fer út úr hv. d., og tel ég því ekki ástæðu til þess að greiða atkv. um einstakar gr. þess nú.

21.—30. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
31.—35. gr. samþ. með 19:1 atkv.
36.—44. gr. samþ. með 19:1 atkv.
45.—50. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:5 atkv.

Á 137. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við atkvgr. við 2. umr. þessa máls lýsti ég yfir því, að ég væri andvígur þessu frv., en ég kaus heldur að geyma það til 3. umr. að gera grein fyrir afstöðu minni, því að andstaða mín er ekki bundin við einstakar gr. frv., heldur aðferðina, sem hér er gengið inn á.

Eignakönnun og eignaraukaskattur eru orð, sem oft hafa heyrzt hér síðustu árin. Þau láta vel í eyrum, þó að menn hafi tæplega gert sér grein fyrir, hvað af slíkri framkvæmd leiðir. Svipuð mál voru lögð hér fram á þingi 1941 og 1942, en þá var frv. um eignaraukaskatt borið fram af Framsókn og Alþfl. Þetta frv. varð ekki útrætt í fyrra sinnið, en féll í annað sinn á atkv. sjálfstæðismanna og sósíalista. S. l. haust fékk þessi hugmynd nýjan byr í ýmsum flokkum, og þá ekki sízt í Sósfl.

Nú vil ég mótmæla því algerlega, sem stendur í nál. minni hl. fjhn., að það sé fyrir atbeina og ásókn Sjálfstfl., að þetta mál sé knúið fram nú, enda þótt þetta atriði hafi verið tekið með í stjórnarsamningana. Þar að auki vil ég mótmæla því — þó að þess ætti raunar ekki að þurfa —, sem gefið er í skyn í þessu sama nál. og maður hefur oft heyrt áður, að meira sé um þá menn, sem skattsvik iðka, í Sjálfstfl. en öðrum flokkum, því að vitanlega fer þetta ekki eftir flokkum frekar en önnur afbrot.

Fyrirmyndin að þessu máli er frá Dönum. Hún er kannske ekki verri fyrir það. En þar stóð ólíkt á, þar sem einstakir menn og stofnanir höfðu rakað að sér fé með hálfgerðri landráðastarfsemi. En þó hef ég það fyrir satt, eftir mönnum, sem nákunnugir eru í Danmörku og dönsku fjármálalífi, að fjöldi manna þar í landi sjái mjög eftir, að farið var inn á þessa leið, og haldi því meðal annars fram, að afleiðing þessara ráðstafana muni verða lömun viðskiptalífsins næstu 10—15 ár.

Varðandi þetta frv. skal ég taka fram, að úr því að farið er inn á þessa leið, býst ég við, að það verði kannske ekki gert á annan heppilegri hátt

eða mildari en hér er lagt til. Hinar einstöku gr. þessa frv. eru ekki þannig, að ég fyrir mitt leyti hafi séð ástæðu til að koma með brtt. við þær. Afleiðingar af þessari eignakönnunarhugmynd eru þegar komnar í ljós. Það er kunnugt, að allt þetta umtal um eignauppgjör, innköllun verðbréfa og fjár o. s. frv. er búið að gera svo mikla röskun í okkar viðskiptalífi, að tjónið af þessu er næstum óútreiknanlegt. Ég tel það meðal mestu ókosta frv., að gert er ráð fyrir að fresta svo lengi framkvæmdum þessum, því að það heldur við þeirri peningakreppu og áhrifum á viðskiptalífið, sem þegar eru mjög rækilega verkandi. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um og hef fyrir mér álit ýmissa manna, sem kunnugastir eru viðskiptalífinu hér, að þessar ráðstafanir muni verða til þess að eyðileggja um ófyrirsjáanlegan tíma verðbréfamarkaðinn í landinu. Og það er þannig, að þau verðbréf, sem einkum hefur verið aðstaða til að draga undan skatti og hljóða á handhafa, eru þau, sem hafa verið seld fyrir opinberar stofnanir, ríkið sjálft, hafnargerðir, hitaveitu Reykjavíkur, bæjarfélög o. s. frv. En aðstaða til að draga undan skatti verðbréf einstaklinga er sáralítil, enda þótt það séu handhafabréf. Þetta tel ég ákaflega mikinn ókost við þessa leið, því að verðbréfamarkaðurinn hefur stórkostlega þýðingu fyrir ýmis mikil framfaramál, sem þarfnast mikils fjár. Þó að þegar sé búið að semja um þessa eignakönnun og hún talin mjög nauðsynleg, er ég fyrir mitt leyti sannfærður um, að hún er óframkvæmanlegt mál, án þess að meira eða minna óréttlæti sé með í spilinu. Ef ætti að gera þetta nákvæmlega, mundi það vera margra ára verk. Og þess vegna tel ég rangt að fara inn á slíka leið. Þetta verður vitaskuld atvinnubótavinna fyrir fjölda manna. En að menn geti framkvæmt þetta með réttlæti, hvað góðan vilja sem menn hafa, hef ég enga trú á.

Ég get búizt við, að menn spyrji: Hvaða leið viltu fara til að laga það ástand, sem er? Mér er kunnugt, að það muni vera allmiklar eignir dregnar undan skattaframtali. Ég vil breyta skattalögunum frá því, sem er, og það hefur hæstv. ríkisstj. á prjónunum. Og þegar búið er að breyta þeim í heilbrigðara horf, tel ég miklu varða, að þau séu framkvæmd með miklu meiri nákvæmni og eftirliti en hingað til hefur verið gert. Hvað mikið hefur sloppið undan skatti undanfarin ár, er mikið því að kenna, hvernig skattalögin hafa verið framkvæmd. Á sumum stöðum er ekki á þessu það lag, sem þyrfti að vera, þó að á mörgum stöðum sé mikil nákvæmni viðhöfð og sáralitlir möguleikar til að draga undan tekjur. Til hins eru kannske fleiri dæmi, að dregið sé undan af eignum, sem eru löglega fengnar. Og það skiptir ríkið miklu minna máli, eins og kunnugt er.

Af þessum ástæðum er það, að ég get ekki léð mitt atkv. með þessu frv. Ég er sannfærður um, að það hefur svo slæm áhrif á okkar viðskiptalíf, að menn hafa ekki ennþá gert sér ljóst, hvernig þau verða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 941) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það mun margur mæla, að frv. til l. um eignakönnun hefði mátt vera fyrr á ferð á Alþingi. Ekki ber að skilja orð mín svo, að ég telji, að dráttur sá, sem orðið hefur á málinu af hálfu núverandi ríkisstj., sé óeðlilegur. En hinu vil ég halda fram, að að réttu lagi hefði slíkt frv. átt að vera flutt og samþ. á Alþ. strax eftir stríðslok, fyrir um það bil tveimur árum. Þetta var nú ekki gert og stafar af því, sem kunnugt er, að fyrrv. stjórn var með öllu áhugalaus í því efni að ráða nokkra bót á þessu máli. Og vandlætingarræða hv. þm. Siglf. um þetta mál hljómar einkennilega í eyrum manna, þegar athugað er, að hann sat í meira en tvö ár í ríkisstj., sem ekkert gerði í þessu efni, þó að einmitt þá hefði átt að hefjast handa. Er ekki vitað, að þessi fyrrv. ráðh. og flokkur hans hafi hreyft hönd eða fót í þessa átt.

Það er vafalaust alveg rétt, sem segir í grg. þessa frv., að allmikil brögð séu að því, að fé sé dregið undan réttmætum skattgreiðslum. Það er full þörf að taka þessi mál til athugunar og leiðréttingar. Það verður að sjálfsögðu ekki gert nema með framtali eigna, sem framkvæmt er með nokkuð öðrum hætti en venja er til með skattaframtöl árlega. Um þetta fjallar nokkur kafli frv., þ. e. 2. kafli, sem er um sérstakt framtal eigna og tekna. 3. kafli er um innköllun peningaseðla, sem er nauðsynlegur liður í þessu, ef eignakönnunin á að verða að gagni. 4. kaflinn er um skráning innieigna. 5. kafli er um tilkynningu handhafaverðbréfa. Þetta eru allt ráðstafanir í sambandi við eignakönnunina. Og við þessa kafla hef ég ekki séð neitt sérstaklega athugavert. En það eru fleiri ákvæði í þessu frv., þar á meðal ákvæði, sem ég tel óheppileg og ekki eiga að vera. Er það fyrsti kafli þess og einnig 17. gr. Fyrsti kafli, eins og kunnugt er, hljóðar um útgáfu sérstakra ríkisskuldabréfa, sem eiga að vera skattfrjáls ákveðinn tíma og ekki framtalsskyld. Með þessu ákvæði og ákvæðum 17. gr. sleppa þeir menn betur við skattgreiðslu, sem að undanförnu hafa dregið undan við skattframtal nokkuð af tekjum sínum og eignum, heldur en hinir, sem talið hafa rétt fram. Þetta tel ég óðruvísi en á að vera. Lágmarkskrafa, sem ég tel, að gera verði til manna um greiðslu, er, að þeir borgi vangoldna skatta. Það getur að mínu áliti komið til greina að sleppa þeim við sektir samkv. ákvæðum skattalaganna, en meira ekki. Þessir menn mega ekki vera betur settir en þeir, sem hafa talið rétt fram.

Eitt af því, sem stendur í frv., er það, að þessi eignakönnun muni verða til þess að færa eignaframtöl manna í rétt horf nú og framvegis. Virtist mér hv. frsm. meiri hl. fjhn. undirstrika það, sem segir í grg. frv. um þetta. Ég held þetta sé á misskilningi byggt. Ég held einmitt, að ef þetta er framkvæmt með þeim hætti, að menn, sem hafa dregið undan skatti, geta sloppið betur en hinir, sem hafa talið rétt fram, eins og þeir gera, sem nota sér ákvæði 1. kafla og 17. gr., þá verði það til þess, að skattaframtöl verði lakari eftirleiðis en undanfarið. Það er að minnsta kosti ákaflega lítil hvöt fyrir menn, sem talið hafa rétt fram á undanförnum árum, að halda því áfram, eftir að komið er á daginn, að þeir, sem rangt hafa talið fram, fá verðlaun fyrir. Ég vil því leyfa mér að leggja fram brtt. við þetta frv. Ég hef nú undanfarna daga verið fjarverandi af þingi í nauðsynjaerindum og haft forsetaleyfi, kom aftur til

þings í dag og hef því ekki haft nema skamman tíma til að athuga frv. Verð ég þess vegna að leggja þessar brtt. fram skrifl. Í fyrsta lagi er brtt. við 1. kafla, að 1.—8. gr. falli burt. Einnig vil ég gera breyt. á 17. gr., að hún orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú kemur fram meiri eign á hinu sérstaka framtali, eða við rannsókn á því, en samrýmzt getur fyrri framtölum viðkomandi skattþegns, og skal hann þá greiða vangoldinn skatt vegna undandráttarins, samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsekta.“ Ég vil sem sagt fella niður öll þessi hlunnindi, sem á að veita mönnum samkv. 17. gr., þar sem ákvæðin eru um 25 þús. kr. og 15 þús. kr. Þeir eiga að greiða það, sem vangoldið er, eftir því sem hægt er að komast næst, hvað það er. Ég held ekki fram, að alltaf sé hægt að komast að því rétta. En hinu held ég fram, að skylt sé að gera ýtrustu tilraun til þess. Og ég vil halda því fram, að í mínum till. sé sanngjarnlega á málum tekið. Mér þykir ákaflega einkennilegt, ef nokkur verður til þess að mæla gegn því, að sanngjarnt sé, að þeir menn, sem dregið hafa undan við skattaframtöl á liðnum árum, greiði ekki minna en hinir, sem talið hafa rétt fram tekjur sínar og eignir. Mér er óskiljanlegt, ef nokkur telur þetta of harðar kröfur.

Eitt atriði vil ég enn minnast á, þó að ég hafi ekki flutt um það brtt. Í 9. gr., þar sem talað er um sérstakt framtal eigna og tekna, er svo fyrir mælt, að þetta framtal skuli miðað við þann dag á tímabilinu frá 1. sept. til 31. des. 1947, er fjmrh. ákveður. Ég vil í sambandi við ákvæði þessarar gr. halda því fram, að það eigi að láta þetta framtal fara fram 31. des. Ég tel afar litlu máli skipta, úr því að drátturinn er svo langur orðinn á því, að málið væri tekið til athugunar, hvort þetta yrði 2—3 mánuðum fyrr eða síðar. Og ég vil benda á, að sérstakt skattaframtal kostar mikið fé og fyrirhöfn, ekki einasta fyrir ríkið, heldur fyrir alla einstaklinga, félög og stofnanir, sem lögum samkv. eiga að telja fram. Ég teldi lítt verjanlegt, ef ákveðið yrði sérstakt framtal 1. sept. eða 1. okt., þegar á það er litið, að samkv. skattal. eiga allir að telja fram um áramót. Þessu vildi ég beina til hæstv. fjmrh. Ég held fram, að ekki verði svo mikill munur á útkomu, hvort framtalið er látið fara fram að haustinu eða um nýár. En ef það er flutt til áramóta, sparast bæði fyrirhöfn og fé hjá stofnunum og einstaklingum og hinu opinbera. Ég sé ekki ástæðu til að flytja um þetta brtt., því að eins og þetta er orðað í gr., hefur ráðh. þetta á valdi sínu. — Ég mun ekki ræða þetta mál frekar að svo stöddu, en afhendi hæstv. forseta mínar skrifl. brtt. og vænti, að hann leiti afbrigða fyrir þær.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 942) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef lagt fram brtt. frá meiri hl. fjhn. Sú fyrsta er um það, að það þurfi ekki að leggja fram ríkisskuldabréf til sölu fyrr en 1. júlí í staðinn fyrir 15. júní. Á sama hátt, að þau skuli vera til sölu til 15. ágúst í stað 1. ágúst. Þessi till. er borin fram vegna þess, að talið er vafasamt, að hægt sé að hafa bréfin tilbúin fyrir 15. júní, og því síður, að hægt sé að koma þeim til útsölustaða. En brtt. við 17. gr. er aðeins til skýringar og er ekki efnisbreyt.

Finnur Jónsson: Ég tel rétt, áður en mál þetta fer úr d., að gera með fáeinum orðum grein fyrir afstöðu minni til þess, og sérstaklega í tilefni af ræðu hv. þm. V-Húnv. Hann taldi þetta frv. í rauninni nokkuð seint fram komið og komst svo að orði, að það hefði átt að leggjast fram strax eftir stríðslok, enn fremur, að það hefði verið áhugaleysi fyrrv. stjórnar að kenna, að þetta frv. hefði ekki fyrir löngu komið fram. Nú er það svo, að í sambandi við nýsköpunaráform fyrrv. ríkisstj. kom ekki í ljós fyrr en á s. l. hausti, að erfitt væri að fá fé til þeirra framkvæmda. Sala stofnlánadeildarbréfanna hafði að vísu ekki gengið vel. En þó voru nokkrar vonir til þess, ef síldarvertíðin hefði heppnazt vel s. l. sumar, að nóg fé hefði fengizt til nýsköpunarframkvæmda. Ég hygg, að ekki sé hægt að mótmæla þessu með nokkrum rökum. En eins og allur þingheimur veit, varð fyrrv. ríkisstj. óstarfhæf á s. l. hausti, þegar áður en þing kom saman, við það, að einn flokkanna, Sósfl., skoraðist algerlega undan að eiga nokkrar umræður innan ríkisstj. um það, hvernig bæta skyldi fjárhagsástandið, þar á meðal að útvega fé til nýsköpunarinnar, meðan flugvallarmálið var ekki afgreitt. Þá var svo ástatt, og er væntanlega enn í dag, að fé, sem átti að afla til A-lána stofnlánadeildarinnar af þeim 100 milljónum, sem seðlabankinn átti að lána, var ekki talið líklegt, að mundi hrökkva til nauðsynlegra lána út á þau fiskiskip, sem þegar var búið að leyfa að kaupa, og mundi þá vanta fé til annarra framkvæmda A-lána stofnlánadeildarinnar. Og um B-lánin var það að segja, að áætlað var, að til þeirra mundi þurfa 35—40 millj. En ítrekaðar sölutilraunir gáfu ekki meiri árangur en 13 millj. kr.

Til þess að afla fjár til B-deildarinnar vantaði um 27 millj. kr. Þá var vitað, að fé vantaði til framkvæmdar l. um byggingu íbúðarhúsa, og það vantaði að selja skuldabréf fyrir byggingarsjóð verkamanna og eins að selja skuldabréf fyrir byggingarsjóð samvinnumanna. Líka er vitað, að fé vantaði fyrir rafveitur og hafnargerðir og til ýmissa framkvæmda, sem ríkið hefur lofað ábyrgð fyrir. Fyrir utan þann mikla halla, sem auðséð var, að mundi verða á fjárl., var sennilegt, að fjárþörfin væri allt að 100 millj. kr. til að efna þau loforð, sem Alþ. var búið að gefa þjóðinni með ýmiss konar nýrri löggjöf. Alþ. var í rauninni líkt á vegi statt og maður, sem hafði gefið út ávísanir fyrir miklu meiri innistæðum en hann átti í banka. Það var búið að lofa þjóðinni stórum framkvæmdum, en ekkert fé var til að efna þau loforð. Þegar svona var ástatt, hljópst Sósfl. úr ríkisstj., ekki vegna ágreinings um innanlandsmál, heldur utanríkismál, ef svo mætti kalla.

Ég hygg, að það hafi verið rétt að rifja þetta svolítið upp, áður en þetta mál væri afgr., sérstaklega með tilliti til afstöðu Sósfl. til þessa máls, því að honum hefur ekki verið nóg að svíkjast um að gera tilraun til að uppfylla þau loforð, sem hann gaf í fyrrv. ríkisstj., heldur setti hann sig á móti því á allan hátt, að aðrir gætu efnt þau loforð, sem honum bar skylda til að uppfylla.

Ég tel, að þetta frv. sé tilraun til að uppfylla þau loforð, sem ég gat um áðan, tilraun til að fá fé

ríkisstj. til ráðstöfunar, svo að hægt verði að efna þau nýsköpunarloforð, sem fyrrv. stjórn gaf. Ég fyrir mitt leyti tel mér sem meðlim fyrrv. stjórnar skylt að fylgja frv., m. a. með þetta fyrir augum. Ég mundi skoða mig minni mann að vilja ekki leggja neina hönd að því að reyna að uppfylla þau glæsilegu nýsköpunarloforð, sem fyrrv. stjórn gaf þjóðinni. Ég skal ekki segja, hvað upp úr þessu hefst, en það er vissulega svo, að það er mikið fé úti meðal almennings, og það var talað um það í fyrrv. ríkisstj., að það þyrfti að ná þessu fé inn á einhvern hátt. Ég man eftir því í fyrrv. ríkisstj., að á einum fundi kom fram, að vísu ekki skrifl. till., en þó till., þar sem rætt var um, hvort ekki væri rétt að ná fé til nýsköpunarinnar að nokkru leyti á þann hátt, sem fram á er farið í þessu frv., og sú till. kom frá öðrum ráðh. Sósfl. í ríkisstj. Nú heyrum við, að Sósfl. telur á þessu öll tormerki. Hann segir m. a., að það sé verið að níðast á fátæklingunum með þessu frv., og það er þó ekki gengið nær en það, að af eignum, sem hafa orðið til annars vegar fyrir 1. jan. 1940 og dregnar hafa verið undan framtali, skuli ekkert gjald greiða og af eignum, sem til hafa orðið eftir 1. jan. 1940 og dregnar hafa verið undan skatti, skuli greiða aðeins 3 þús. kr. af fyrstu 45 þús., og af því, sem er fram yfir, skuli greiða eftir venjulegum skattstiga. Þetta kallar Sósfl. að verið sé að fara illa með fátæklinga, en fátæklingar eru þá orðnir þeir, sem eiga, að mér skilst, allt upp í 70 þús. kr. Eftir þetta gildir sá venjulegi skattstigi, og hann fer hækkandi, og get ég ekki með bezta vilja séð annað en með þessu frv. sé fyrir því séð, að þeir, sem eru vel bjargálna, verði ekki allt of hart úti, en borgi þó eftir venjulegum skattstiga, sem fer stighækkandi.

Þeir, sem á sínum tíma töluðu um það innan ríkisstj. að fara þessa leið, ættu ekki að vera á móti þessu frv. Þeir, sem voru í eða studdu ríkisstj., sem lofaði að útvega fé til hafnarbygginga, rafveitna og húsabygginga, **ættu ekki að vera á móti** þessu frv., eða **a. m. k., ef þeir væru á móti frv.,** að benda á einhverja aðra leið en þá, sem þar er stungið upp á.

Hv. þm. V-Húnv. gat þess, að það mundi vera ákaflega erfitt að komast að því rétta um það, hvað mikið hefði verið dregið undan skatti hér á landi undanfarin ár, og hefur, að mér skilst, af þeim orsökum og tveimur öðrum, sem hann tilgreindi, flutt brtt. við þetta frv. Ég held fyrir mitt leyti, að af því að erfitt er að komast að því rétta í þessu máli, þá sé sú leið, sem hér er farið inn á, fullkomlega framkvæmanleg. Ég tel, að með henni náist sá tilgangur Alþ. að útvega fé til nauðsynlegra framkvæmda, sem Alþ. er búið að lofa þjóðinni og ber skylda til að útvega. Í öðru lagi tel ég, að frv. sé þannig undirbúið, að með því náist meira réttlæti um skattgreiðslur en hægt er að ná á annan hátt.

Ég skal ekki orðlengja um þetta mál, en ég vildi beina því til Sósfl., að ef hann kæmi einhvern tíma aftur í ríkisstj., þá væri kannske betra fyrir hann að gefa færri loforð, en reyna heldur að uppfylla þau betur.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Hv. þm. Ísaf. er nokkur vorkunn, þó að hann segi ýmislegt hæpið, af því að svo sýnist, að hann hafi alls ekki lesið frv. eða hlustað á umr. hér. Hann sýndi það, þegar hann talaði hér við 1. umr., einu sinni þegar hann skauzt inn í Alþ., að hann vissi þá ekki, hvað hann var að tala um. Og hann sýnist ekki vita það enn, að það er nú komið fram, að gengið er út frá því af hæstv. fjmrh. og frsm. meiri hl., að það eru sáralitlar líkur til, að nokkrar tekjur fáist af þessu frv. Þetta er viðurkennt. Það er alls ekki aðaltilgangur frv. að fá tekjur af því. Og þegar hv. þm. segir, að vanti 100 millj. til að uppfylla gefin loforð, þá verður að gera um það efni aðrar ráðstafanir en þær, sem hér er um að ræða.

Hv. þm. var að afsaka, að það hefði dregizt, að frv. kæmi fram. Hann segir, að það sé fyrir það, að ekki hafi verið þörf peninga í tíð fyrrv. stjórnar fyrr en haustið 1946. Það er skrítið. Ég veit ekki betur en hann hafi staðið að því að koma fram gagngerðum till. og stórkostlegum frv. um byggingarmál, þar á meðal samvinnubyggingarfélög og aðstoð við bæjar- og sveitarfélög til að koma upp byggingum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, en það voru ekki til peningar þá strax, og það var vitað, þegar frv. var afgr., að peningar voru þá ekki til í þessar framkvæmdir, og enn sem komið er hefur ekkert verið látið til bæjar- og sveitarfélaga, sem eru að byggja yfir fólk, sem nú býr í óhollum íbúðum. Það hefur líka verið upplýst hér á þingi, að það mundu ekki nægja venjuleg ríkisskuldabréf til að tryggja fé handa samvinnubyggingarfélögum nema að því leyti, sem lífeyrissjóður opinberra starfsmanna og bankamanna mundi hafa lánað eitthvað. Það var því orðin full þörf þá fyrir peninga. En það strandaði á þeim, sem töldu sig fulltrúa hinna ríku. Það strandaði á þeim, sem töldu sig fulltrúa gróðamannanna. Ég get sagt hv. þm. Ísaf., að það var hvenær sem var hægt að fá samkomulag um svona eignakönnun. En Sósfl. vildi ekki standa að svona lausn, þó að kannske Alþfl. hefði gert það.

Út af því, sem hv. þm. V-Húnv. talaði um drátt á þessu máli, þá tel ég, að það hefði verið miklu sæmra að slá þessu máli frá sér en að afgreiða það svo hörmulega sem hér er gert, því að þetta er hvorki eignakönnun til að rannsaka skattaframtal hjá þeim, sem mestu máli skiptir, né til að tryggja peninga til nýsköpunarinnar.

Ein af ástæðum hv. þm. Ísaf. fyrir því, að eignakönnun hefði ekki verið framkvæmd, var sú, að Sósfl. hefði neitað að taka þátt í afgreiðslu mála vegna afgreiðslu utanríkismáls. Ég veit, hvað hann á við. Þegar ráðh. Alþfl. og Sjálfstfl. voru á stöðugum launfundum við að gera flugvallarsamninginn við Bandaríkin á bak við okkur sósíalista og við vorum leyndir öllu, sögðum við, að við kynnum ekki við, að stórmál væru afgr. með leynd af tveimur flokkum í ríkisstj. bak við Sósfl., þratt fyrir það að samkomulag hefði verið um það í stjórninni að hafa samráð um öll stærri mál. Það er ekki nema í stíl við annað hjá hv. þm. að segja, að flugvallarsamningurinn sé ekkert nema utanríkismál, en ég veit ekki betur en það sé líka innanríkismál. Það er verið að láta setja upp herstöð á okkar landi. Þetta var ástæðan.

Það hefur ekki staðið á Sósfl. að benda á leiðir til að afla peninga, enda er enginn vandi að afla peninga til nýsköpunarinnar, en þetta er ekki leiðin til þess, og það mun reynslan sýna, enda er það skýrt tekið fram í umr.

Hv. þm. Ísaf. gaf þá hátíðlegu yfirlýsingu, að

hann væri með þessu frv., af því að hann vildi standa við nýsköpunarloforðin. Þetta frv. verður ekki nýsköpuninni til framdráttar, heldur þvert á móti til að torvelda nýsköpunina. Það er rétt tekið fram hjá hv. þm. V-Húnv., að framkvæmd þessara l. verður ekki til að gera ástandið heilbrigðara í sambandi við rétt framtöl, heldur til að auka á glundroðann.

Þá talaði hv. þm. Ísaf. um, að þetta frv. næði meira réttlæti í skattgreiðslum en hægt væri að ná á annan hátt. Það var leitt, að hann hlustaði ekki á flokksbróður sinn, hv. 4. þm. Reykv., í dag, því að þá hefði hann ekki þurft að segja svona setningu. Hv. 4. þm. Reykv. gerði grein fyrir, hvernig þetta réttlæti væri, sem frv. gerir ráð fyrir. Það hefur margsinnis komið fram í umr., og verður ekki mótmælt, og kom líka fram í fjhn. og viðurkennt af Þórði Eyjólfssyni, sem samdi frv., að mönnum væri mjög mismunað, þær ríku „forretningar" fengju að sleppa við eignakönnun, af því að eignakönnunin næði ekki til vörubirgða, en hjá þeim smærri, sem ættu ekki nein slík fyrirtæki, væri eignakönnunin alger. Þeir væru gersamlega kannaðir til botns, en hinir stóru gróðamenn, sem ætti að rannsaka, sem ætti að knýja til að leggja fé fram til nýsköpunarinnar á einn eða annan hátt, þeir slyppu. Þetta er það mikla réttlæti, sem ekki hefði verið hægt að ná á annan hátt.

Það væri ósköp skemmtilegt að taka ýmsar yfirlýsingar Alþfl. í sambandi við skattal. og stórgróða og að taka stórgróðann og stríðsgróðann til afnota fyrir þjóðarheildina og bera það saman við það frv., sem hér liggur fyrir. Það er hægt að afgreiða þetta frv. nú á nokkrum dögum. Hv. þm. Ísaf. talaði um, að þetta mál mundi gefa mönnum tækifæri til að staðreyna, hvernig Sósfl. efndi sín hátíðlegu loforð, sem hann gaf fyrir kosningarnar. Ég vil eindregið mælast til þess við hv. 4. þm. Reykv., að hann taki hv. þm. Ísaf. og gefi honum prívatupplýsingar um ýmis atriði þessa frv., honum veitir ekki af því.

Hv. þm. V-Húnv. kvartaði undan því, að þetta frv. skyldi ekki hafa komið fram fyrir löngu. Ég er búinn að svara því. Það hefði verið hægt að ná svona samkomulagi við sjálfstæðismenn. Það er ekki afrek að ná svona samkomulagi. Þetta er að láta stríðsgróðamennina sjálfa um að leysa sitt eignakönnunarmál. En þetta er smán fyrir Framsfl. eftir öll hans miklu glamuryrði í ræðu og riti, sem hann hefur látið falla um röggsamlega eignakönnun, allt þangað til hann taldi sér nauðsynlegt að ganga inn á þetta frv. til að geta verið í ríkisstj., og forystumaður flokksins, sem hæst hefur talað um, hve nauðsynlegt væri að grípa á stríðsgróðanum og taka hann úr umferð og hagnýta hann til þjóðarnytja, hefur valið þann kost að láta ekki sjá sig í þinginu, meðan verið var að ræða þetta mál. Það er eðlilegt, að hann vilji ekki tala mikið um það, og hyggilegt fyrir hann að vera fjarverandi. Hann veit, að þetta frv. er í hróplegri mótsögn við það, sem hann hefur talað og lagt til fram að þessu.

Um brtt. hv. þm. vil ég segja, að þær eru út af fyrir sig hroðvirknislegar, enda er miklum erfiðleikum bundið að flytja brtt. við svona bálk, en þær eru að ýmsu leyti skref í rétta átt, og með tilliti til þess, að verði þessar till. samþ., þá eru líkur til þess, að frekari leiðréttingar fáist á frv. við meðferð þess hér á þingi, þá mun ég fyrir mitt leyti greiða atkv. með þeim, þó að þær séu nokkuð einhliða og komi nokkru ósamræmi á það kerfi, sem hér hefur verið byggt. Það mun þá koma fram, hvort Framsfl. stendur að þessum till. eða hvort þetta er bara einkafyrirtæki hjá hv. þm.

Hv. þm. A-Húnv. mótmælti því, sem ég hafði haldið fram, að Sjálfstfl. hefði knúið þetta fram. Sjálfstfl. á sjálfsagt ekki hugmyndina að eignakönnuninni, en Sjálfstfl. neytti færis að setja nafnið eignakönnun á frv. til að veita hinum skattsvikna stórgróða möguleika til að sleppa í gegn, án þess að viðkomandi menn þyrftu að borga af honum eðlilegan skatt, og hann hefur fengið það gott lag, að honum hefur tekizt að tryggja meiri hluta þings með þessu. Það er engum blöðum um það að fletta, hvaða flokkur hér á þingi telur sig málsvara stórgróðamannanna, enda er það vitað mál, að innan a. m. k. annars flokksins, sem styður hæstv. ríkisstj. með Sjálfstfl., hafa komið óánægjuraddir um, hvernig þetta mál sé í pottinn búið, sem ekki verður vart hjá Sjálfstfl. Nei, það er vitað mál, að ýmsir „mattadorar" Sjálfstfl., peningauppsprettur Sjálfstfl., hafa þarna mikla möguleika til að sleppa í gegn, þess vegna ganga þeir inn á svona algera eignakönnun á almenning manna, vegna þess að þeir fá um leið syndakvittun fyrir stórgróðamennina.

Hv. þm. V-Húnv. lagði áherzlu á það, að draga bæri sem mest þessa eignakönnun, til 31. des. Hann minntist ekki einu orði á það, að gerðar yrðu ráðstafanir til gagngerðrar eignakönnunar, nema gagnvart stríðsgróðamönnunum. En það er vitað mál, að það, að láta líða langan frest, er bezta tryggingin, sem stríðsgróðamennirnir, sem stór fyrirtæki eiga, geta fengið til að koma eignum sínum undan, og mun það vafalaust verða óspart notað. Það er þess vegna í fullu ósamræmi við vandlætingartal hv. þm., þegar hann leggur slíkt til.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég mun greiða atkv. með þessum till. hv. þm. V-Húnv. Þrátt fyrir það að þær eru nokkuð einhliða, eru þær þó til bóta, þó að erfitt sé að koma með till. við svona lagabálk eins og hér er til umr., og kemur fram í því, hvað þessar till. eru einhliða, að gera þyrfti ýmsar aðrar ráðstafanir, ef vel ætti að vera, þó að erfitt sé að koma þeim fyrir, eins og nú er komið, og ekki sízt vegna þess, að ég veit, að ef breyt. fengjust á frv., þá mundu skapast möguleikar til þess, að tækifæri gæfist til að endurskoða aðra pósta frv., sem nauðsynlega þurfa endurskoðunar við. En ekki virðast vera líkur til þess, að hægt sé að ná samkomulagi um slíkt, því að búið er að binda þetta með samningi milli stjórnarflokkanna.

Finnur Jónsson: Ég þarf í rauninni ekki miklu að svara hv. þm. Siglf. Hann getur stundum verið dálítið skrítinn og jafnvel skemmtilega skrítinn, til dæmis þegar hann talar um, að ég hafi ekki vitað, hvað ég var að gera, þegar þetta frv. var til umr. í gær og ég gerði mínar aths., né heldur vitað, um hvað verið var að tala. Til sönnunar um málflutning hans má minna hann á, að fyrir liggur skrifleg brtt. til leiðréttingar eða skýringar á þeirri gr., sem ég gerði aths. við, og geri ég ekki ráð fyrir, að fjhn. hafi lagt fram þessa

brtt. einungis til þess, að hún yrði skýrari fyrir mér, heldur til leiðréttingar á frv. Nú er það svo um fjárlagaáætlunina s. l. haust, að ekki var ljóst, hvernig hún mundi reynast, þ. e. hve mikið mundi vanta, fyrr en það sýndi sig, að síldveiðarnar höfðu brugðizt. Það var alveg eins með féð í byggingarnar og svo margt annað, að það var ekki vonlaust um að fá allt, sem þurfti í byggingarnar, fyrr en eftir að síldarvertíðin hafði brugðizt í annað sinn. Nú, til sönnunar því, að l. um opinbera aðstoð við íbúðarhúsbyggingar hafi komið að gagni á s. l. ári, má geta þess, að samkv. skýrslum félmrn. voru nokkuð á sjötta hundrað byggingar í smíðum eftir þessum l. um síðustu áramót. Það er vitanlega miklu meira en nokkurn tíma áður hefur átt sér stað og miklu meira vegna þess, að l. voru samþ., en ef þau hefðu ekki verið samþ. Nú er það svo, að það er alveg sannanlegt, að fjárútvegun á síðasta hausti strandaði ekki á stríðsgróðamönnunum í Sjálfstfl., þeir fengu aldrei að ræða við Sósfl. um það mál, þar eð þeir voru ekki til viðtals um það, og mér þykir vænt um, að hv. þm. Siglf. er búinn að viðurkenna þetta, þótt á óbeinan hátt sé. Ég hef enga tilhneigingu til þess að bera blak af stríðsgróðamönnum í Sjálfstfl., en ég verð að láta þá njóta þess sannmælis, að í þessu tilfelli strönduðu öll viðtöl um fjárútvegun ekki á þeim, heldur á Sósfl. Þetta gerðist á fundum hjá fyrrv. ríkisstj., og ég veit, að hæstv. samgmrh., sem situr á móti mér, mundi votta þetta, og veit, að hann hefur skrifaðan hjá sér mánaðardaginn, og veit, að allir aðrir ráðh. í ríkisstj. vita þetta, og mér þykir vænt um, að hv. þm. Siglf., þótt óvinur sé, er búinn að viðurkenna þetta. Hann afsakar sig með því, að byrjað sé að afgreiða flugvallarmálið. Það mál bar ekki á góma á annan hátt en þann, að ráðh. Sósfl. voru ekki til viðtals um að útvega fé til þess að afgreiða gefin loforð, fyrr en búið væri að afgreiða flugvallarmálið.

En í sambandi við svona skrítilegheit og skemmtilegheit hv. þm. Siglf. vil ég rifja upp, að hann talaði um það hér, að þessi l. væru svona ákaflega óréttlát vegna þess, að þau stefndu að því að taka eignir manna, sem hefðu verið að koma sér upp húsi, og fékletta þá. Nú segir þessi maður, að í þessu frv. sé ekkert um það, að fara eigi fram athugun á fasteignum. Um sama leyti talar hann um, að hér sé verið að taka mikið fé af þeim, sem lítið eiga, með þessu frv. En nú lemur hann sér á brjóst og segir, að ekkert fé komi í ríkissjóð með þessu frv. Hverjum er þá verið að gera rangt til? Nei, þetta stoðar ekki fyrir hv. þm. Siglf., það rekur sig hvað á annars horn.

Hv. þm. taldi, að þetta frv. væri ekki í samræmi við þær yfirlýsingar, sem Alþfl. hefur gefið fyrr og síðar í sambandi við stríðsgróðann. Ég fyrir mitt leyti tel, að þetta frv. sé í fullu samræmi við stefnu og yfirlýsingar Alþfl. í þessu máli, en hvaða stefnu hv. Sósfl. hefur haft í þessu máli, veit ég ekki. Ég veit, að hann hefur oft haft stór orð, en að hann hafi nokkurn tíma haft stefnu, sem honum datt í hug að framkvæma, álít ég, að hafi ekki verið til staðar. Ég hef áður rifjað upp till., sem kom fram á ríkisstjórnarfundi frá einum ráðh. Sósfl., um það beinlínis að gefa skattsvikurum upp sakir til þess að fá fé til nýsköpunarinnar. Í þessu frv. eru skattsvikurum ekki gefnar upp sakir. Gert er ráð fyrir 1% skuldabréfum, og er það ekki svo lítill eignarskattur, samanborið við það, sem sósialistar vilja, að gefa skattsvikurum upp sakir.

Annars veit ég það, að hv. þm. Siglf. hefur alveg rétt fyrir sér, þegar hann segir, að það mundi alltaf hafa verið hægt að fá svona eignakönnunarfrv. hjá Sjálfstfl. En það er annað, sem ég veit líka, og það er það, að Sjálfstfl. hefði áreiðanlega getað fengið miklu vægara eignakönnunarfrv. hjá Sósfl., ef þeir hefðu setið saman í stjórn, því að ég varð aldrei var við annað, meðan ég sat í ríkisstj. með ráðh. sósíalista, en flokkshagsmunir og þitlingar gengju alltaf fyrir öðrum stefnumálum. Ég hef aldrei þekkt flokk, sem hefur verið eins reiðubúinn að fórna öllum hagsmunum almennings fyrir bitlinga og flokkshagsmuni. Það er þess vegna alveg sannanlegt, að ef samið hefði verið um eignakönnunarfrv. milli Sjálfstfl. og Sósfl., hefði áreiðanlega ekki verið tekið harðari tökum á neinu af því, sem Sjálfstfl. vildi hlífa, ef Sósfl. hefði átt að semja við hann. Ég get að sjálfsögðu ekki á neinn hátt sannað þetta með vitnaleiðslum, en hitt er það, að öll fortíð Sósfl., meðan hann sat í stjórn með Sjálfstfl., ber þess glöggt vitni. Það eina, sem ég hef orðið var við, að Sósfl. setti á oddinn í ríkisstj., var sambúðin við Rússa. Ekki sambúðin við Alþfl. og alþýðu manna, heldur sambúðin við Rússa. — Ég held þess vegna, að hv. þm. Siglf. ætti að fara svolítið varlegar í það að sýna mönnum smáskrítilegheit en hann gerir, því að sá, sem býr í svo þunnu glerhúsi, ætti ekki að kasta steini að öðrum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Af því að hv. þm. Siglf. bar mig beinlínis fyrir því, að ég hefði gefið yfirlýsingu um það, að af þessu frv. væri sáralítil von um tekjur, vil ég taka fram, að þetta hlýtur að vera misheyrn eða misminni, ég hef enga slíka yfirlýsingu gefið. Ég sagði í frumræðu minni, að þótt ég liti ekki á þetta sem höfuðtilganginn, væri frv. einnig borið fram til þess að ná í stóran hluta af þeim gróða, sem menn hyggja, að hafi verið dreginn undan skatti. Ég vildi leiðrétta þetta, því að ég vil ekki, að það sé borið upp á mig, að ég leggi í frv. þann skilning, sem hv. þm. vill vera láta. Hins vegar er það augljóst, eins og hv. þm. Ísaf. hefur réttilega bent á, að þörfin fyrir tekjur, hvort sem þær verða meiri eða minni í sambandi við þetta frv., til þess að standa undir t. d. útlátum af þessum svo kölluðu nýsköpunarfrv., það er augljóst, að þörfin er ákaflega mikil.

Hv. þm. Siglf. hefur nú haldið ýmsu fram í sambandi við frv., og hefur það — eins og komizt hefur verið að orði — virzt standa á höfði fyrir hv. þm., þegar hann talar um málið. Um eitt skeið talaði hann mjög um það, hve illa væri farið með þessa undandráttarmenn, sem verða að greiða 15% af 45 þús. kr., sem þeir draga undan skatti. Þm. ber þungar sakir á þá, sem fyrir frv. standa, fyrir það, hvað þeir séu harðhentir og óréttlátir í garð þessara manna, sem í augum þm. eru fátækir, en ég efast um, að geti kallazt það. En svo kemur það einkennilega fyrir, að þegar hv. þm. V-Húnv. kemur með brtt., sem miðar að því að taka talsvert harðari höndum á þessum flokki manna, sem um ræðir hér í 17. gr. frv., þá lýsir

hv. þm. Siglf. yfir því, að hann muni aðhyllast brtt. hv. þm. V-Húnv. Þetta virðist mér nú m. a. sanna það, að hv. þm. hafi ekki meint mjög mikið með þeim fullyrðingum sínum, sem hann viðhafði við 1. umr. málsins varðandi það, hve hart þessir skattþegnar yrðu úti.

Annars er ekki ástæða til að orðlengja meira um þetta mál. Það er orðið svo áliðið þings, og frv. á eftir að fara gegnum aðra d. En ég held, að þegar frv. er athugað æsingalaust og án sérstakrar tilhneigingar til þess að færa ákvæði þess til verri vegar, þá muni það koma í ljós, að við samningu þess hefur gert vart við sig rík tilhneiging til þess að láta þá, sem hafa skotið undan framtölum hinum svo kölluðu minni upphæðum, ekki verða hart úti, og aftur hitt, að gera þeim, sem stærri syndir hafa á bakinu í þessum efnum, þung gjöld að greiða sem nokkurs konar sekt fyrir þau skattsvik, sem þeir kunna að hafa á samvizkunni. — Þetta mun nú láta nærri, að sé sú rétta mynd af frv. eins og það er. En hv. þm. Siglf. hefur sagt mjög margt um þetta mál, og sé ég ekki ástæðu til þess að eltast við það allt, en út af fyrir sig er þessi fullyrðing hans um það, að ég hafi staðhæft það, sem ég aldrei hef sagt, góð mynd þess, hvernig þm. hefur tekið á málinu.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Satt að segja finnst mér afstaðan til þessa máls hafa skýrzt mjög mikið við þessar umr. Hv. þm. Ísaf. gaf þá yfirlýsingu, að frv. væri í fullu samræmi við stefnu og yfirlýsingar Alþfl. fyrr og síðar. Þá má segja, að ljóst sé um afstöðu þessa virðulega flokks: hann stendur óskiptur og einhuga með frv. Það er í samræmi við yfirlýsingar hans og stefnu fyrr og síðar, segir þm. Þá þarf enginn að villast framar á þeim virðulega flokki í þessu samoandi. Hér er stefnan, yfirlýsingarnar, svo sem þær hafa verið fyrr og síðar: frv. ríkisstj. um eignakönnun.

Það er dálítið öðru máli að gegna með Sjálfstfl. Einn virðingamesti maður þessa flokks innan þings, hv. þm. A-Húnv., hefur lýst ákveðinni andstöðu við frv. og hefur lýst yfir, að með þessu væri að því stefnt að lama lánastarfsemi og allt framkvæmdalíf þjóðarinnar og þeirra áhrifa mundi gæta um langa stund. Hins vegar standa flokksbræður hans — og fremstur í flokki hæstv. fjmrh. — með frv. og verja það með oddi og eggju, og vitað er með vissu, að Sjálfstfl. hefur lagt á það verulega áherzlu að koma frv. á framfæri. Sjálfstfl. er sem sagt klofinn um málið, og kemur engum á óvart, og brotalömin er sú sama og í öðrum stórmálum, annars vegar milli fulltrúa heildsalanna og annarra stórgróðamanna innan flokksins og hins vegar þeirra manna, sem eru fulltrúar hinna smærri framleiðenda í landinu. Og það er ekki að efast um, að þótt það sé hv. þm. A-Húnv. einn af þeim þm. þess flokks, sem í raun og veru eru hér fulltrúar smáframleiðenda, sem hefur þorað að taka þessa afstöðu, eru fleiri, sem hugsa á sama hátt og hann. Sjálfstfl. er þarna greinilega klofinn.

En svo kemur Framsfl. Ég hef ekki í þessum umr. heyrt nema eina rödd úr þeim herbúðum, en þó má vera, að fleiri hafi talað, því að ég gat ekki alltaf verið við í dag, en þessi rödd er frá hv. þm. V-Húnv., og hann lætur sitthvað til sín heyra. Hann byrjaði ræðu sína að vanda — ég segi að vanda, því að nærri allar ræður, sem hann hefur flutt á þessu þingi, hefur hann byrjað nokkurn veginn á sama hátt — með því að segja, að það hefði verið svo sem nær að gera eitthvað í þessa átt, þegar fyrrv. ríkisstj. sat að völdum og Sósfl. var þar þátttakandi. Hann byrjaði á að tala um það, að þetta eignauppgjör hefði átt að framkvæma í stríðslok og þá hefði verið tækifæri fyrir Sósfl. að taka skelegglega á þessum málum. Aftur og aftur klifar hann á því sama, að sósíalistar hefðu getað framkvæmt ýmis stórvirki og róttæka hluti í því stjórnarsamstarfi, sem þeir voru í um tveggja ára skeið. Svo heldur hv. þm. áfram og segir, að frv. sé nú að vísu dálítið gallað. Það er sem sé heill kafli, 1. kaflinn, sem ætti þarna alls ekki að vera, og svo er það líka heil grein önnur, 17. gr. í 3. kaflanum — sbr. 17. gr. í jarðræktarl. á sínum tíma —, sem er svona veigamikil, því að hún kveður á um það, hvaða viðurlög skuli viðhöfð, þegar upp kemst um skattsvik, og er hann þeirrar skoðunar, að þessi gr. sé óverjandi, eins og hún er í frv. Það er dálítill galli á frv., hv. þm. V-Húnv.! Og til þess að undirstrika þetta betur lýsir þm. þessu á þessa leið: Þeir sleppa betur, sem talið hafa rangt fram, en hinir, sem hafa talið rétt fram. Það er nú ekki leiðinlegt að fá að vera með í því að setja löggjöf með fulltrúum stórgróðamannanna, sem felur í sér, að þeir, sem telja rangt fram, sleppi betur en hinir. Það skal raunar játað, að hv. þm. V-Húnv. fannst þetta eiginlega heldur rangt, en vill þó ekki kveða sterkara að orði. Framsfl. er með þessu frv. Ráðh. hans flytja það, og flokkurinn stendur með því. Þó að hv. þm. V-Húnv. ætli nú að skerast úr leik og reyna að hamla gegn því, að þeir séu látnir sleppa verr, sem gera rétt, en hinir, sem gera rangt, stendur sú staðreynd eigi að síður, að flokkur hans virðist sem heild standa með þessu.

Svo kom þm. inn á að minnast á það, að 1. ættu að færa framtölin til réttari vegar en áður hefði verið. Ekki hafði hann trú á, að þetta tækist. Það var síður en svo, að hann áliti, að þetta færðist í rétt horf með þessum l., og hann ályktaði alveg rétt. Nú sjá þeir, sem hafa svikið skatta, að þeir fá bara betra út. Ja, því þá ekki að byrja aftur? Hv. þm. veit þetta, en eigi að síður fluttu ráðh. hans flokks frv., sem miðar að því, að fleiri en verið hefur telji ranglega fram, vegna þess að nú fá skattsvikararnir vissu fyrir því, að þeir muni sleppa betur en þeir, sem telja rétt fram. Hvernig ætla ráðh. flokksins að fara að þessu? Er þetta bara rödd hrópandans í eyðimörkinni? Verður aðeins þetta eina atkv. á móti af flokksmönnum? Það er alveg rétt brtt., sem þessi þm. kemur fram með við 17. gr. Hann vill gerbreyta henni. Hann vill breyta henni í það form, að þeir sleppi ekki betur, sem hafa gert rangt, en þeir, sem hafa gert rétt, Er þetta stefna Framsfl. eða er þetta bara ein rödd norðan af Hvammstanga? Reynslan sker úr því.

Ráðh. flokksins bera fram frv., sem einn af þm. flokksins lýsir þannig, að þeir sleppi betur sem rangt geri, en þeir, sem rétt geri, og þannig. að þeir, sem skattsvikin fremji, viti, að þeim sé það óhætt, af því þeir þurfi að borga minna eftir á en ef þeir hafi talið rétt fram.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að þess-

um hv. þm. í tilefni af ásökunum hans í garð Sósfl. út af því að hafa ekki gengið í samstarf við þennan flokk. Nú sjáum við, hvað hægt er að gera í samstarfi við þennan flokk, samstarfi Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., sem er í samræmi við sína yfirlýsingu fyrr og síðar. Það eru fleiri mál, sem mætti nefna. Það eru fleiri mál, sem hafa verið afgr. með samstarfi þessara flokka. Það er búið að afgreiða l. um fjárhagsráð. Mér og hæstv. menntmrh. og fleirum var falið það í fyrra sumar að vinna að því, að samvinnufélögin fengju nokkurn veginn réttlæti í innflutningsmálum. Við gengumst með gleði undir verkefnið. Það var samþykkt, að samvinnufélögin gerðu kröfur til þess að fá innflutning á vefnaðarvörum, skófatnaði og slíku í sama hlutfalli og matvörum. Þessu var komið á framfæri hér á þingi, en vegna samstarfsins við Sjálfstfl. varð menntmrh. að ganga á móti kröfum samvinnumanna, að ganga á móti því, sem hafði verið lofað í fyrra. Það er náttúrlega fleira, sem þessir flokkar hafa afgreitt í sameiningu, og skal ég ekki telja það upp, en sannleikurinn er sá, að ég veit, að í samstarfi við þessa menn, fulltrúa heildsala og braskara, er ekki hægt að framkvæma neitt, sem er í samræmi við vilja vinnandi manna í landinu, og ég get sagt það, að við sósialistar höfum reynslu af þessu. Við höfum unnið með þessum flokki í 2 ár. Það er hægt að koma ýmsu í verk með honum, en þegar þurfti að afla fjármagns með róttækum aðgerðum, var það ekki hægt nema með sköttum á hið breiða bak fjöldans. Það var ekki hægt að skattleggja heildsala og aðra stórgróðamenn. Sósfl. var ekki til í samstarfið. Þetta gerði ekkert til, því að hv. þm. V-Húnv. og menn hans voru tilbúnir að flytja frv. eins og þetta, sem hér er til umr., frv., sem heitir frv. um eignakönnun, en ætti að heita frv. um löggildingu skattsvika. Þetta var Framsfl. tilbúinn að styrkja, gegn því heyrðist bara ein rödd norðan af Hvammstanga.

Nú ætla ég að síðustu að segja nokkur orð við þennan hv. þm. út af samstarfinu við burgeisa Sjálfstfl.: Það er kominn tími til þess fyrir alla róttæka menn á Íslandi og fulltrúa verkamanna og bænda á Íslandi að reyna að vinna saman, en ekki með heildsölum, með fjmrh. og forsrh. Þarna eru tveir heildsalar, og þeir eiga víst að geta komið ár sinni vel fyrir borð, og þeir eru alltaf vissir, á meðan til eru menn, sem vilja flytja frv. eins og þetta frv. um eignakönnun, sem ætti að heita frv. um löggildingu skattsvika. Ég veit það eftir tveggja ára samvinnu, að annars er ekkert samstarf. Þessi hv. þm. ætti að vita það fyrir löngu, því að hann er búinn að vinna lengur með þeim. Það er gagnslítið fyrir hv. þm. V-Húnv. að standa hér upp og lýsa ámáttlega því frv., sem flutt er hér, þegar augljóst er, að það er á þeim grundvelli, sem hv. þm. hefur líkað og líkað vel.

Ég mun greiða atkv. með brtt. hv. þm. V-Húnv. Ég skal taka undir þessa rödd frá Hvammstanga, en mér þykir leiðinlegt, að hún skuli ekki finna hljómgrunn hjá hæstv. menntmrh. og hæstv. landbrh. Ég skal taka undir, þegar hann sýnir, að hann vilji koma á samstarfi innan þings eða utan til þess að fá fram róttækar aðgerðir í landinu, og ég skal hlaupa undir bagga með Sjálfstfl., þegar hann þarf að koma fram skynsamlegum málum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vildi aðeins segja fáein orð og skal ekki verða langorður. Síðasti ræðumaður var hneykslaður yfir því, hve linlega væri farið fram gegn þeim stóru. Hann er nú nýlega kominn úr stjórnarsamstarfi stjórnar, sem átti að dreifa stríðsgróðanum, og var lýsing gefin af því hér, að milljónerar væru nú orðnir yfir hundrað, og allir vita, hvernig þeir hafa skapazt. Þessi hv. þm. var hneykslaður yfir því, að þeir, sem gefi rangt upp, skuli sleppa betur en þeir, sem gefa rétt upp. Þessi þm. hefur nú verið hér ríðinn við stjórnmálin undanfarið, og hann veit það, þó að hann sé að þrátta, að mönnum er annaðhvort ætlað að kaupa skuldabréf með 1% vöxtum og borga ekki af þeim eignum eða telja fram eigur sínar. Fyrir tveim árum flutti þessi hv. þm. frv. um að láta fara fram eignakönnun, en talningin átti að byggja á framtölum, sem fyrir lágu, án þess að frekari eignakönnun færi fram. Var það ekki löghelgun skattsvika? Hann upplýsir, að boðin skuli út skuldabréf og þeim gefinn fullkomlega upp skattur, sem kaupa þessi skuldabréf. Hér stendur ekki neitt slíkt til. Jafngóður stærðfræðingur og þessi þm. er veit, að hér er ekki um neina smáræðis eignaupptöku að ræða. Hitt er annað mál, að með þessu er ekki hægt að gera hverjum einstaklingi að greiða allt, sem hann hefði átt að greiða á undanförnum árum, og það er af því, að á meðan þessi hv. þm. studdi stjórnina, þá var svo auðvelt fyrir marga að koma tekjum sínum undan, að það eru engir möguleikar á að ná til þessa fjár, þannig að það verður aldrei hægt að skapa fullkomið jafnrétti. Hann segir, að ef hann hefði ráðið í landinu, hefði hann haft frv. um eignakönnun öðruvísi en hér liggur fyrir, en hér er gert ráð fyrir að leggja sérstakan skatt á þær eignir, sem koma fram við þessa eignakönnun. Þm. (SigfS) fjölyrti hér um skuldabréfaútgáfuna og deildi aðallega á það, að með þessu kæmist prófun ekki að, en þetta er það, sem Framsfl. hefur gengið inn á, til þess að eignakönnunin gæti átt sér stað, og ennfremur hefur flokkurinn gert ráð fyrir að tryggja með 17. gr., að ekki verði gengið eins hart að þeim, sem minna hafa dregið undan. Nú er að vísu sitt hljóðið í hvorum þeirra, þm. Siglf. (ÁkJ) og þessum hv. þm. (SigfS), en ég skal ekki fara út í það, en það, sem m. a. hefur verið fundið að, er það, að ekki væri allt reiknað með, sem vangreitt væri. Ég vil í því sambandi benda á það, að í hagfræðingaálitinu er rætt um eignakönnun, og þar er gert ráð fyrir, að ef eignakönnun færi fram, mundi þurfa að gera sérstakan „skala", en ekki mundi verða hægt að rannsaka hvert einstakt dæmi aftur í tímann, og þessi leið er framkvæmd með skuldabréfaleiðinni, en ekki framkvæmd að því leyti að krefjast þess, að reiknað sé, hvað hver persóna um sig ætti vangoldið. Einn af þeim, sem skrifaði undir hagfræðingaálitið, er hagfræðingur frá Sósfl. Af þessu sjáum við, að flestir, sem um þetta hugsa, hafa verið á einu máli um það, að það yrði að setja sérstakar reglur, þegar uppgjörið færi fram.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. Ég vildi segja þessi orð um þá samninga, sem hafa verið gerðir um þessar framkvæmdir, og ég hika ekki við að lýsa því yfir sem minni skoðun, að þetta frv. er til stórkostlegra bóta frá því, sem nú er. Að mínum dómi var hægt að gera þetta frv. betur úr garði, en þetta mál er samningsmál og ber þess

merki, en það situr illa á hv. 6. þm. Reykv. að deila hér á menn fyrir að ganga linlega fram, þegar verið er að reyna að bæta úr því, sem þeir hafa að gert í þessum efnum, og þegar vitað er um þeirra uppástungur og framkvæmdir, þegar þeir geta einhverju ráðið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég gat þess í minni ræðu, að það væri öllum ljóst, að fyrrv. stjórn hefði verið alveg áhugalaus um það að ná til þeirra, sem væru brotlegir í sambandi við skattaframtölin á liðnum árum, og koma þar við nokkurri leiðréttingu.

Nú hafa tveir fyrrv. ráðh. fundið ástæðu til að ræða um þetta. Hv. þm. Ísaf. (FJ) kom fyrr fram og staðfesti þetta. Hann sagði, að það hefði ekki komið í ljós fyrr en á s. l. hausti, að erfitt væri að fá fé til nýsköpunarinnar. M. ö. o., það þurfti ekki að eiga við þetta fyrr en það vantaði fé til nýsköpunarinnar. Sami skilningur kom fram hjá hv. þm. Siglf. (ÁkJ). Hann staðfesti jafnvel enn betur áhugaleysi fyrrv. stjórnar í þessu máli, því að hann hefur ekki vikið að því einu orði, að hann eða hans flokkur hafi flutt nokkra till. um þetta. Það er áreiðanlegt, að þessi þm. hefði ekki farið að dylja það fyrir þingheimi, ef hér hefði verið um einhverja till. að ræða, enda ekki annað hægt að heyra á þeim sósíalistum en að gefa eigi skattsvikurum upp allar sakir. Þetta er svo staðfest í ræðu fyrrv. ráðh. og játað af honum, að ég hafi farið með rétt mál, þegar ég segi, að ríkt hafi hjá fyrrv. stjórn fullkomið áhugaleysi um þessi mál. Hv. þm. Siglf. ætti því, þegar hann athugar þetta, að tala sem minnst um aðgerðir eða aðgerðarleysi annarra manna í þessu máli. Hv. þm. Siglf. gerði mikið úr því, að ég hefði sagt í minni ræðu, að það ætti að sleppa þessum framtölum til næstu áramóta, til þess að menn slyppu við sérstök framtöl. Hann sagði, að það gæfi stórgróðamönnunum tækifæri til þess að sleppa undan sérstökum framtölum. En hvað má segja um till. þessa þm. um frávísun málsins? Ekki fá þeir minni tækifæri með þeirri till. Þeim er þar gefið betra tækifæri en með minni till. Hann segir, að það sé erfitt að koma með till. við frv. eins og þetta. Ég sá ekki þetta frv. fyrr en síðdegis í dag, en hann hefur haft það til athugunar í marga daga og þrátt fyrir það ekki komið með neina till. Þetta sýnir betur en nokkuð annað áhugaleysi hans og flokksbræðra hans. Þetta eru náttúrlega ekki miklir garpar, en þó veit ég það, að þeir hefðu getað flutt brtt. við þetta frv. á 3—4 dögum, ef þeir hefðu haft nokkurn áhuga á að koma málinu í heilbrigt horf.

Hv. þm. Ísaf. var að tala um þær miklu framkvæmdir, sem gerðar hefðu verið, og þegar hann kom inn á það, hvernig ástandið hefði verið s. l. haust, fór hann að tala í dæmisögum og fór að tala um mann, sem hefði yfirdregið reikning sinn í banka. Þetta er sú bezta lýsing á viðskilnaði fyrrv. stjórnar, sem ég hef heyrt, enda gefin af manni, sem er þessu þaulkunnugur og því óhætt að byggja á ummælum hans.

Þá eru það nokkur orð til hv. 6. þm. Reykv. Hann endaði ræðu sína á því að undirstrika, að þetta mundi hafa slæm áhrif á allt okkar viðskiptalíf, enda er frávísunartill. í samræmi við þá skoðun. Hann sagði, að ég byrjaði ræðu mína alltaf á því sama, að þetta eða hitt hefði átt að gera, á meðan þeir sósíalistar voru í stjórn. Ég held, að þessu sé vikið við. Ég hef stundum minnzt á, hvernig hlutirnir voru, á meðan þeir voru í stjórn, einmitt í sambandi við till., sem þeir hafa borið fram, síðan þeir fóru úr stjórninni.

Síðan talaði hv. 6. þm. Reykv. í ræðu sinni um hina hrópandi rödd frá Hvammstanga, og endurtók hann þetta oft. En mætti ég spyrja, hvar er hin hrópandi rödd Sósfl. í þessum skattamálum? Í þeirri eyðimörk heyrist engin rödd um að færa þetta í betra horf, og hef ég hugmynd um, af hverju það muni stafa, að þessi flokkur hefur ekki þorað að flytja eina einustu till. í sambandi við þetta frv., aðra en að vísa því frá. Ég býst sem sé við, að þeir óttist það, að þeir geti ekki búið til neinar till. í málinu, nema þær, sem einhverjir af þeim mönnum, sem þeir vilja eiga vingott við í þjóðfélaginu, geta orðið óánægðir með.

Síðan fór hv. þm. að tala um það ástand, sem samvinnufélögin ættu við að búa um innflutningsmál, þótt það að vísu snerti ekki beinlínis þetta frv. En hvað var gert í þessum málum í tíð fyrrv. ríkisstj? Hv. þm. veit það vel, að aldrei hefur verið eins illa búið að þessum félagsskap eins og á þeim tíma sem hans flokkur var í ríkisstj., og ég held, að það hafi borið ákaflega lítið á hinni hrópandi rödd hv. 6. þm. Reykv. og annarra hans flokksbræðra á þessum árum um þau mál.

Í lok ræðu sinnar lét hv. þm. nokkur orð falla, sem voru mjög viðeigandi af manni með hans menntun. Hann sagði, að tími væri kominn til fyrir alla rétt hugsandi menn að sameinast, en því er því miður þannig varið, að hans flokkur hefur fyrr og síðar neitað samstarfi — bæði um samvinnumál og yfirleitt öll önnur málefni þjóðfélagsins — við okkur framsóknarmenn og samvinnumenn í landinu. Þetta er hin raunalega reynsla í þessum efnum. — Eins og ég hef vikið að áður, þá heyrðist þessi rödd, sem nú heyrist frá hv. 6. þm. Reykv., alls ekki á þeim árum, sem flokkur hans var í ríkisstj., og sú rödd, sem nú heyrist frá honum í þessu skattamáli, sem hér liggur fyrir, er aðeins um það að vísa málinu frá. En það er röddin frá Hvammstanga, sem honum er tíðrætt um.

Heyrist í sölunum Hvammstangarödd,
er hollráð um skattamál segir.
Hún er til sóknar í síðdegi kvödd,
en Sigfús í Reykjavík þegir.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. er ákaflega hrifinn af þeim hetjuskap sínum að flytja þessar brtt. við málið og finnur þar mikinn mun á afrekum okkar, sem hann segir, að engin rödd hafi heyrzt frá. — Ég hef áður bent honum á, að þessi eignakönnun, sem frv. gerir ráð fyrir, er ekki annað en háðung, ef hún verður ekki framkvæmd á þeim eignum, sem ég áður gat um, og hv. þm. V-Húnv. hefur gætt þess rækilega að koma hvergi nærri aðalatriðunum í brtt. sínum. Hér er aðeins gert ráð fyrir að gera „stikkprufu“ í örfáum greinum og framkvæma þessa svo nefndu eignakönnun eftir dúk og disk. Þetta gerir það að verkum, að engin raunveruleg eignakönnun verður hjá þeim ríkari. Samt sem áður vill hann ekki viðurkenna þetta og afsakar sig með því, að svo erfitt sé að koma slíku við. Þetta er

rangt, það er hægt, en þeir, sem segja, að þetta sé óframkvæmanlegt, eiga ekki að koma fram með frv. um ýtarlega eignakönnun á alla hina smærri, sem miklu minni ástæða er til að ætla, að hafi svikizt undan skatti heldur en hinir ríkari, sem hér er gefinn kostur á að sleppa. Um þetta höfuðatriði flytur hv. þm. V-Húnv. engar brtt. Ég er sannfærður um það, að meginhluti stórgróðamannanna er þannig settur vegna ákvæða frv., að hann þarf ekki á því að halda að kaupa ríkisskuldabréf, af því að þessir menn geta með bókfærslulegum brellum hagað svo til sínu framtali, að þeir þurfa ekki að festa fé í þessum bréfum, og þetta er höfuðástæðan fyrir því, að þetta frv., þegar það er orðið að l., kemur ekki til með að afla ríkissjóði mikilla tekna. Ef sú raun yrði á, að þingmeirihluti fengist fyrir því að lagfæra frv. í þessum höfuðatriðum, er Sósfl. reiðubúinn til samstarfs um þessi mál og til að taka þátt í endurskoðun á frv. og vill sitt til þess leggja, að frv. verði gert sem bezt úr garði. Það er líka rétt að taka það fram, að meðan verið var að semja þetta frv., var farið með það eins og mannsmorð og þess vandlega gætt, að Sósfl. frétti ekkert um það eða fengi ekkert að leggja til málanna. Þar kom fram þetta sama, að ætlunin er ekki að framkvæma eignakönnun, eins og eignakönnun með réttu á að vera, heldur að löghelga skattsvik stóreignamanna, en til þess að sýnast og til þess að binda eignir hinna smærri á að framkvæma róttæka eignakönnun á þeim. Brtt. hv. þm. V-Húnv. eru enginn hetjuskapur, og hann gætir þess mjög vandlega að koma hvergi nærri þeim atriðum, sem hans flokkur hefur beygt sig í duftið fyrir, sem sé stórgróðamönnunum. Það er helgur dómur, sem ekki má á neinn hátt raska, og þess gætir þessi hv. þm. mjög dyggilega.

Hv. þm. V-Húnv. sagði, að mér færist ekki að kvarta yfir því, að framkvæmd þessa máls yrði frestað, því að ef mín till. yrði samþ., yrði sá frestur miklu lengri. Þetta er alveg öfugt. Ef ríkisstj. starfaði samkvæmt minni till., væri hægt að útbúa frv., sem yrði lagt fyrir þingið strax og afgreitt og framkvæmt strax á eftir, því að aðalatriðið er, að sem stytztur tími líði, frá því frv. væri samþ. og framkvæmd hafin, því að eftir því sem lengri tími líður, þar til framkvæmd hefst, þeim mun meiri möguleiki er fyrir stórgróðamennina til þess að koma sér undan eignakönnun. Við höfum því ekki borið fram neinar brtt. við frv., því að séð er, að þetta mál hefur fyrir fram verið ákveðið og samið um, og við munum sjá það við atkvgr. um till. hv. þm. V-Húnv., að hans flokksbræður eru alveg bundnir. Það kom beinlínis fram hjá hv. frsm. meiri hl. n., að það yrði ekki um neinar verulegar breyt. á frv. að ræða, því að fulltrúar flokkanna í hæstv. ríkisstj. hefðu þegar komið sér saman um afgreiðslu málsins.

Hæstv. fjmrh. bar til baka ummæli sín um, að sáralitilla tekna væri að vænta af þessu frv. Ég man ekki nákvæmlega, hvernig orð féllu, en hann gerði sjálfur lítið úr tekjuhlið þess, enda kom það fram hjá honum, er hann sagði, að engin leið væri að segja um það fyrir víst, hvort af því fengjust miklar eða litlar tekjur. Virðist mér því staðfest, að frv. sé ekki borið fram fyrst og fremst til þess að afla ríkissjóði fjár. Það er borið fram í allt öðrum tilgangi, eins og ég hef áður minnzt á.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að það væri ósamræmi í því, er ég sagði, að frv. gengi hart að almenningi í landinu, en mundi samt litlar tekjur gefa. Þetta er þó hin sorglega staðreynd, vegna þess að stórgróðamönnum er sleppt. Hins vegar veldur þetta geysilegri röskun á lífi mikils hluta almennings, og langflestir munu geta sýnt það, að þeir hafa ekkert dregið undan skatti. Þessar ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, eru ekki nauðsynlegar þeirra vegna, og þar með munu þessi l. ekki gefa nema óverulegar tekjur, þar sem stórgróðanum er sleppt, svo sem ég hef margtekið fram, en þaðan var einmitt teknanna að vænta. Þetta bendir til þess, að hv. þm. Ísaf. hefur ekki fylgzt með málinu. Það kom líka fram við 1. umr. þessa máls, að hann lagði rangan skilning í 17. gr. frv. Nm. voru sammála um, að allir mundu geta skilið orðalag þessarar gr., en misskilningur þessa hv. þm. kom mönnum til að íhuga, að þar sem þm. hefði getað orðið slíkt á, væri ástæða til að ætla, að sauðsvartur almúginn misskildi gr. Þess vegna var ákveðið að breyta orðalagi hennar, og er nú komin fram skrifleg brtt. þar að lútandi. — Annars var ræða hv. þm. Ísaf. alleinkennileg, og gerði hv. þm. V-Húnv. sér mikinn mat úr henni, þar sem hann ræddi um síld og peninga. Fæ ég heldur ekki séð, hvernig peningar hafi átt að fljóta inn til nýsköpunarinnar, þótt síld veiddist, því að ekki er fjármuna frá útgerðinni að vænta, þótt henni græðist fé. Helzt væri það, að hásetarnir keyptu stofnlánabréf, en slíkt mundi þó aldrei nema neinni verulegri upphæð.

Þá vil ég mótmæla þeim ummælum í garð Sósfl., að hann vilji gefa mönnum upp sakir. Slíkt fleipur er ekki svaravert, og hirði ég ekki um að elta ólar við slíkt.

Þá sagði hv. þm. Ísaf., að á 6. hundrað íbúða væri í byggingu samkvæmt byggingarl. fyrrv. ríkisstj. Ég hallmælti aldrei þessu frv. á sínum tíma eða l., en vil aðeins benda á það, að það vantaði ákvæði í frv., sem til þurfti til þessara framkvæmda. Það vantaði fjármagn, og það vantar enn. Hef ég reynt að gera tilraunir til þess að hindra, að þessar byggingar stöðvist vegna fjárskorts, og hefur tekizt að merja nokkurt fé í þessu skyni. Allt hefur þetta þó gengið mjög treglega, og er engan veginn komin sú upphæð, sem nauðsynleg er. Hins vegar standa þó vonir til, að þessar framkvæmdir þurfi ekki að stöðvast, enda eru þeir fjármunir til í landinu, að til slíks ætti ekki að þurfa að koma, og vil ég fastlega vænta þess, að hæstv. ríkisstj. afli fjár, a. m. k. til þess að hægt verði að halda áfram þeim íbúðum, sem verið er að byggja samkv. l. — Þá lýsti hv. þm. Ísaf. því yfir, að þetta frv. væri í fullu samræmi við stefnu Alþfl. Vil ég enn á ný minna á þá páltill., sem hann ásamt 5 flokksbræðrum sínum flutti hér fyrir síðustu kosningar, um að skipa 5 manna mþn. til þess að gera till. um sérstakan skatt á stórgróðann. Vísa ég til fyrri ummæla minna í kvöld, er ég var að svara hv. 4. þm. Reykv. og las till. upp og lýsti allri málsmeðferð hennar, en till. var aldrei afgr. Nú er hins vegar komið til framkvæmdarinnar, því að nú er komið fram frv. um eignakönnun á stórgróðann. Býst ég við því, að mörgum, sem létu ginnast af þessari till., sem aðeins var flutt í áróðursskyni, því að Alþfl. flaggaði óspart með henni í kosningabaráttunni fyrir síðustu kosningar, muni

nú finnast lítið fara fyrir skattaálagningu á stórgróðann hjá Alþfl.

Út af þeim ummælum hv. þm. Ísaf., að eðli Sósfl. væri þannig, að honum stæði á sama um hagsmuni almennings og hugsaði um ekkert annað en bitlinga fyrir forustumenn sína, vil ég taka það fram, að það verður ekki eftir neinum yfirlýsingum hv. þm. Ísaf. eða neinna annarra flokksbræðra hans, sem Sósfl. verður dæmdur. Hann verður dæmdur eftir því, hvernig hann framkvæmir sín stefnumál, og það verða líka aðrir flokkar. Og Alþfl. verður líka dæmdur á sama hátt, og Framsfl. ekki síður. Þeir flokkar verða dæmdir eftir því, hvernig þeir hafa framkvæmt sín stefnumál. Og einmitt þessa stund er Alþfl. að gefa fólki því, sem kaus hann í góðri trú, vegna þess að það hélt, að hann ætlaði að skattleggja stórgróðann og gera ráðstafanir til þess að hagnýta hann til alþjóðarþarfa — einmitt nú er Alþfl. að gefa fólki þessu tækifæri til þess að öðlast nokkra þekkingu á þessum flokki af reynslunni. Sú þekking verður vafalaust mjög dýrkeypt fyrir marga. En það er einmitt á svona stundum eins og við stöndum á nú, sem flokkar eru reyndir og eftir reynslunni dæmdir.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég get ekki neitað því, að mér þótti gaman að horfa á skylmingar þeirra hæstv. menntmrh. og hv. þm. V-Húnv. En ég tek ekki undir það fornkveðna, að þar hafi mætzt tveir seigir. En ég hefði óskað, að hinn góði málstaður frá Hvammstanga sigraði þar. En ég held, að þessi veiki gróður, sem þar hefur komið fram hjá stjórnarstuðningnum, eigi sér því miður lítillar hlýju von nema frá stjórnarandstöðunni.

Hæstv. menntmrh. sagði, að fyrrv. ríkisstj. hefði átt að dreifa gróðanum. Þetta er rétt. Það var allmikið um það talað, að nauðsynlegt væri að dreifa gróðanum. Það var líka af hæstv. menntmrh. talað um það, að þetta hefði ekki verið gert. Það er einnig rétt. Það er sem sé staðreynd, að það verður aldrei framkvæmd nein auðjöfnun í landinu eða dreifing gróðans í samstarfi við Sjálfstfl. Þetta er reynsla, sem Sósfl. hefur fengið, og reynsla, sem Framsfl. hefur hlotið að fá fyrir mörgum árum. Hins vegar var það alveg óhætt fyrir Sjálfstfl. að koma fram svo í þessum málum eins og honum sýndist í samstarfi við Framsfl., því að hann hefur vitað, og hv. þm. V-Húnv. hefur einnig vitað, að Framsfl. var tilbúinn til að starfa með Sjálfstfl. að því að dreifa striðsgróðanum ekki. — Svo var hæstv. menntmrh. að tala um það, að það hefði verið þolað og þótt gott í tíð fyrrv. stjórnar, að menn hefðu svikið undan skatti, og því væri nú komið sem komið væri. Og mér fannst hæstv. menntmrh. klökkna af þessum orðum. Það hefði verið þolað, meðan Sósfl. var í stjórn. Þetta hefði svo sem verið betra, áður en fyrrv. stjórn tók við, og allt hefði verið þá með felldu, skildist mér. En nú fæ ég ekki betur séð en að eftir því frv., sem fyrir liggur, sé gert ráð fyrir, að menn hafi svikið undan skatti, jafnvel löngu fyrir tíma þeirrar lofsælu fyrrv. stjórnar Sósfl., Alþfl. og Sjálfstfl. Það eru a. m. k. í sambandi við skattsvik fyrir þann tíma, en eftir 1940, ákvæði í því, og eru þeir, sem þá byrjuðu að svíkja skatt, látnir sæta sérstökum vítum. Það er sem sé gert ráð fyrir því í frv. sjálfu, að menn hafi áður svikið skatt en fyrrv. ríkisstj. tók við völdum, og eiga þeir að sæta vítum með nokkuð öðrum hætti en hinir nýrri skattsvikarar. Ef allt hefði verið með felldu í stjórnartíð hæstv. núverandi menntmrh., þá hefði þetta ákvæði verið óþarft. Það skyldi þá ekki vera, að núverandi hæstv. menntmrh. hefði á þessum árum skipað hinn virðulega sess fjmrh.? Og þar áður, þegar einnig var svikinn skattur, þá ætla ég, að hann hafi setið í hinu þýðingarmikla sæti skattstjórans í Reykjavík. Og það skyldi nú ekki vera, að það hefði verið svikið undan skatti öll þessi ár, undir hinni ágætu forustu hæstv. núverandi menntmrh.? Svo kemur þessi hæstv. ráðh. klökkur og talar um það með fjálgleik, að það hafi verið svikinn skattur þessi tvö ár, sem Sósfl. hefur setið í stjórn, — það hefði verið eitthvað öðruvísi nú, ef þetta hefði ekki verið gert þessi tvö ár.

Svo heldur hæstv. menntmrh. áfram og fer að tala við flokksbróður sinn, hv. þm. V-Húnv., og segir: Ef Framsfl. hefði ráðið þessu frv., þá hefði það verið öðruvísi. Þá væri frv. ekki eins og hv. þm. V-Húnv. leggur nú til. Það hefði ekki verið undir neinum kringumstæðum meiningin að hafa það eins og hann lagði til. Síður en svo. Heldur ætlaði Framsfl. að finna upp alveg sérstakt kerfi, sem að vísu var ekki ýtarlega lýst, en ekki átti það að vera neitt í líkingu við það, sem röddin frá Hvammstanga vill vera láta. — Er þetta skrípaleikur, sem er verið að leika hér? Hæstv. menntmrh. stendur hér upp og lýsir stefnu Framsfl. sem slíkri kalt og ákveðið, en hv. þm. V-Húnv. flytur svo brtt. við frv., sem fer í bága við þessa yfirlýstu stefnu hæstv. menntmrh., sem á að vera stefna Framsfl. Ég hef ekki heyrt, að skilnaður hafi orðið á milli hv. þm. V-Húnv. og Framsfl. að öðru leyti. Eitthvað virðist þetta vera undarlegur skrípaleikur. Það skyldi þó ekki vera þannig, að þessi eina rödd eigi að kalla þetta úr flokknum og svo ætti að segja það fáfróðum mönnum úti um land, að svona hafi Framsfl. viljað hafa þetta.

Ég held, að það hefði verið æskilegt, að hér færi fram nafnakall um þetta mál, til þess að sjá, hve margir framsóknarmenn verða með Hvammstangaröddinni.

Hv. þm. V-Húnv. byrjaði sína ræðu á því að segja, að ég hefði undirstrikað með hv. þm. A-Húnv., að eignakönnunin fyrirhugaða mundi valda mjög mikilli truflun á atvinnulífinu. Ég lýsti aðeins þessari skoðun hv. þm. A-Húnv., en sagði ekkert sérstakt um hana, hvorki til lofs né lasts. Ég benti aðeins á, að ekki væri Sjálfstfl. alveg samtaka um þetta mál. — Og það er kannske fleira en þetta, sem hv. þm. V-Húnv. hefur heyrt illa. En þarna hefur honum misheyrzt alveg.

Hv. þm. V-Húnv. hefur talað hér um sósíalista, að nú komi þeir með ýmsar till. eftir á, sem þeir hefðu átt að geta framkvæmt, meðan þeir voru í stjórnaraðstöðu á síðustu tveim árum. Hv. þm. veit þó vel, að þessar róttæku till. verða ekki framkvæmdar með höfuðbröskurum Sjálfstfl., ekki fremur en hans till., sem hann nú hefur lagt fram í skattamálunum. Það er sem sé lærdómur sem ég var fyrir mitt leyti tiltölulega fljótur að læra, að í samstarfi við þennan flokk, Sjálfstfl., verða ekki framkvæmdar róttækar till. Og hæstv. menntmrh. hefur lýst því, bæði nú og áður, að Framsfl. sé bundinn stjórnarsamningum í stjórnarsamvinn-

unni. Og það var einnig svo, meðan samstarf var milli Sósfl. og Sjálfstfl., að báðir flokkar voru þar bundnir af samningum. En það sýndi sig, að það var ekki lengi hægt að halda áfram þeim samningum. Svo mjög bar á milli um stefnuna.

Þá var hv. þm. V-Húnv. að tala um það, hvar væri rödd sósíalista í þessu máli. Hann kvaðst ekki hafa heyrt hana. Það er nú svo. En áhugi hans fyrir þessu þýðingarmikla frv., sem hann hefur látið sína rödd gjalla fyrir, var ekki meiri en það, að hann hélt sig norður á Hvammstanga, alveg öruggur um að vera ekki í neinu kallfæri, þegar umr. byrjuðu og fóru fram að verulegu leyti um þetta mál. Hann hefur því ekki heyrt svo að segja neitt af því, sem um málið hefur verið sagt á þessu þingi. — En hitt er annað mál, að það er að sjálfsögðu þýðingarlítið fyrir okkur sósíalista að bera fram brtt. við þetta frv. Þær verða ekki samþ. Við vitum það vel. Við þekkjum þá aðila, sem að þessu frv. standa, of vel til þess, að okkur komi til hugar, að nokkrar till. að okkar skapi verði samþ. við frv. Og það er ekki sérstaklega hlutverk okkar í stjórnarandstöðunni að vera að koma fram með brtt. við þetta frv., sem stjórnin hefur ákveðið, að skuli ganga fram. Það er nóg fyrir stjórnarandstöðuna að gagnrýna frumvörp eins og við höfum gert, sýna fram á ágalla þeirra og hvernig þau mættu á annan veg vera. En þýðingarlítið starf fyrir okkur væri að forma brtt. aðeins til þess að láta fella þær. Og ef hv. þm. V-Húnv. efast um það, að gagnslítið sé fyrir stjórnarandstöðuna að flytja brtt., þá mun hann sannfærast um það, þegar hann sér, hvernig fer um það græna tré, sem hann ber fram.

Hv. þm. V-Húnv. bar sig illa yfir því að hafa ekki komið fram þeim till., sem okkur báðum var falið á Blönduósfundinum að koma fram fyrir Samband ísl. samvinnufélaga. En hann spurði: Hvernig var aðbúnaður gagnvart S. Í. S. hjá fyrrv. ríkisstj.? Hann var slæmur. Og hann verður alltaf slæmur, þar sem heildsaladeild Sjálfstfl. raunverulega ræður mestu. Þessi hv. þm. mun eiga eftir að sanna, að aðbúnaður þessarar stjórnar, sem nú situr, að S. Í. S. verður áreiðanlega mjög slæmur. Og hann skal ekki vera það barn að halda, að það sé eða muni vera hægt að gera samninga við fulltrúa heildsalanna, m. a. þá, sem nú sitja í ráðherrastólunum, um góðan aðbúnað að Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Að lokum fór hv. þm. V-Húnv. að tala um, að minn flokkur hefði fyrr og síðar neitað allri samvinnu við Framsfl. Þetta er tóm vitleysa, eins og hann veit vel. Við höfum hvað eftir annað lagt fram okkar grundvöll fyrir samstarfi við Framsfl., og meira að segja höfum við stundum gert mikið til þess að reyna að koma á samstarfi milli þessara flokka. En það hefur ekki tekizt. Það hafa nefnilega alltaf verið öfl í þeim flokki, sem standa nærri því að vinna með heildsölunum í Sjálfstfl. Þess vegna hefur þetta ekki tekizt.

Ég er ekki á nokkurn hátt að bera blak af því samstarfi, sem við höfum haft hér við Sjálfstfl. En það skildist mér fljótt, að sá flokkur er ekki samstarfshæfur fyrir róttæka flokka. Og þetta veit hv. þm. V-Húnv. og á eftir að reyna þetta betur. — Ég vorkenni hv. þm. V-Húnv. dálítið það, sem hann hefur orðið fyrir hér í kvöld, m. a. með þeim hætti, að hæstv. menntmrh. hefur fundið sig knúðan til að standa upp og mótmæla hans till. Og ég tel rétt af honum að yrkja nú sér til hugarhægðar. Mér þykir vænt um, að hv. þm. V-Húnv. skuli geta létt af sér hörmum með því að iðka þá þjóðlegu íþrótt að kasta fram einni bögu.

ATKVGR.

Brtt. 942,1 felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, KTh, LJós, SigfS, SG, SkG, ÁkJ, SnJ.

nei: GSv, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, StJSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ.

HermG, SteindSt greiddu ekki atkv.

8 þm. (GTh, HÁ, HB, AuA, JJ, ÓTh, SK, StgrSt) fjarstaddir.

Við *nafnakallið* gerði grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Þó að ég sé á móti þessu frv., þá þykist ég sjá, að því sé ætlað að ganga fram. Og mér sýnist, að það muni versna við það, ef þessi brtt. verður samþ., og ég segi því nei.

Brtt. 941,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 942,2 tekin aftur.

— 941,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, IngJ, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, StJSt, GÞ.

nei: ÁkJ, SnJ, HermG, JPálm, KTh, LJós, SigfS, SG.

SteindSt, GÞG, SkG greiddu ekki atkv.

8 þm. (GTh, HÁ, HB, AuA, JJ, ÓTh, SK, StgrSt) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 141. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 943).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. um eignakönnun, sem farið hefur í gegnum hv. Nd. að mestu leyti eins og það var lagt fram af ríkisstj., er eitt af þeim málum, sem lagt er fram samkvæmt samningi um stjórnarmyndun. Það er mikið búið að tala hér á landi og lengi um nauðsyn á því, sem kallað er eignakönnun, og sérstaklega svo sem hún hafi verið talin nokkurs konar þjóðarnauðsyn. M. a. má benda á, að í áliti þeirra hagfræðinga, sem hafðir voru til ráðuneytis stjórnarflokkunum í vetur, er mikið farið inn á þetta mál. Einnig finnst mér, að það hafi komið nokkuð greinilega í ljós við umr. í Nd., að ýmsir þeir, sem voru ákafastir að hrópa á þetta mál, virðast hafa nú miklu minni áhuga á því, að það sé lögfest, og virðast hafa allt á hornum sér. Og gildir þetta jafnt um þá, sem hér telja of skammt gengið, og um hina, sem telja gengið of langt. Það er vitanlega alltaf matsatriði, hvað er rétt í því efni. Fer það vitaskuld eftir því, hverjar skoðanir menn hafa á sjálfu hugtakinu. Nú, svo er ekki að neita, að það hefur skinið í gegn við umr. í Nd., að viðhorf manna til mála og stjórnarflokka hafi áhrif á af-

stöðu þeirra í þessu sérstaka máli. Ég skal ekki að þessu sinni fara ýtarlega út í það. En andmælin gegn frv. voru svo margvísleg og svo mismunandi í þessu máli, að þegar kom út í hita við 3. umr., þá héldu sumir fram skoðun, sem braut alveg í bága við það, sem þeir höfðu haldið fram við 2. umr. Sérstaklega tel ég það koma skýrt fram af því, sem snertir þá menn, sem hafa komið undan eignum sínum í húsbyggingar. Við 1. umr. taldi einn andmælandi frv., að þeir, sem lagt hefðu vinnu og fé í hús, færu sérstaklega illa í þessu máli. Var tekið undir þetta af flokksbróður hans. Þegar svo var komið til 3. umr., þá hélt sami höfuðandmælandi því fram, að þeir, sem hefðu sett fé sitt í hús, slyppu. Hús voru þá utan við línuna. Hið sama sagði annar, sem hélt því fram, að þeir, sem lagt hefðu fé í fasteignir, slyppu við allt mótlæti, slyppu alveg við eignakönnun. Þetta bara sýnir, hvað andmælin eru mikið á rökum reist, hvað eitt gat verið góð latína við 1. og 2. umr., en var ómögulegt við 3. umr. Okkur hér á landi ætti að verða litið til útlanda. Þegar menn hér tala um eignakönnun, ættu þeir að líta til Noregs og Danmerkur, en þar hafa farið fram svipaðar ráðstafanir eftir stríðið og verið þar talið mikið nauðsynjaverk. En þetta hefur verið notað sem rökstuðningur fyrir því, að hér á Íslandi þyrfti líka að framkvæma sams konar aðgerðir og sópa saman eða ná í stríðsgróðann. Þetta getur þó aldrei verið rökstuðningur fyrir því, að hér á landi væri farið út í eignakönnun. Því þeir peningar, sem þar söfnuðust á margra manna höndum, það voru blóðpeningar, teknir frá þjóðinni sjálfri af fjandsamlegu herveldi og greiddir aftur fyrir þá þjónustu, sem þessir menn veittu hinu erlenda ríki. Það er því ekkert undarlegt, þótt Danir og Norðmenn gerðu út leiðangur gegn þeim mönnum, sem söfnuðu saman dönskum og norskum þjóðbankaseðlum í hundruð þúsunda tali, sem Þjóðverjar höfðu pressað út úr þessum þjóðum. Það er ekkert undarlegt, þó að ríkisvaldið geri alveg einstæðar ráðstafanir til þess að ná í þessa peninga og láta gjalda hæfilega sekt eða skatt. En þetta dæmi á ekki við hér. Því þeir peningar, sem komu hér inn í landið, voru t. d. laun verkamanna eða andvirði fyrir íslenzka fiskinn. Og svo eru önnur rök, sem eru enn nærtækari en þetta, og það er, að fé er dreift um landið í ýmsum eignum, sem ekki hefur verið talið fram til skatts. Nú um mörg ár hefur verið talað um það, hvað féð skili sér illa til skatts. Því verður víst ekki andmælt, þó að það sé kallað meinsemd í þjóðfélaginu, þetta ólag á skattheimtunni. Það mun vera í mörgum tilfellum um það að ræða, að fé sé haldið undan skatti. En svo hefur líka í mörgum tilfellum verið, að mönnum, sem átt hafa eignir, hefur verið brigzlað í þessu efni og því haldið fram, að þeir neyttu allra undanbragða til að svíkja undan skatti, án þess að menn viti það með vissu. Hitt held ég, að menn geti verið sammála um, að reynt verði að koma á breytingu á þessu hér á landi. Með þessu frv. er nú verið að gera ráðstafanir til þess, að menn geti talið fram það, sem þeir sjálfir hingað til kynnu að hafa dregið undan, og til þess að menn framvegis dirfist ekki að koma með óhrein framtöl, og af þeim ástæðum líka neyddir til að halda áfram að hafa framtölin ekki mjög röng. Líka er það vitað, að skattalöggjöfin er ekki vinsæl hjá þjóðinni, og hefur verið sagt, og ég tel það ekki með óréttu, að skattalöggjöfin muni í mörgum tilfellum kalla fram undanbrögð á framtali. Mætti sjálfsagt lengi tala um þessi mál, um það ólag, sem á þeim er, og meint brot og þá líka, hvernig skattalöggjöfin verkar á siðferðiskennd manna í þessu efni. En ég tel óþarft að ræða það frekar.

En þessi er ástæðan hjá ríkinu fyrir því að setja þessa löggjöf um eignakönnun, og að þess verði a. m. k. freistað að fá hreint loft, þ. e. a. s. koma heilbrigðu skipulagi á þessi mál. Því að ef lokatilgangur frv. næst, er mikið unnið. En hann er sá að gera mönnum kleift að standa réttar gagnvart þessu máli heldur en hingað til og enn þá er. Nú, svo er og þess að gæta, að ríkið á kröfu á því að fá til sín það fé, sem hefur verið dregið undan og skylt er að greiða. Og þessi þörf er ekki minni nú, þar sem um er að ræða svo margvíslegar og auknar framkvæmdir og mikla aðstoð, sem það opinbera veitir. Það er þannig full þörf ríkinu að ná inn fjármunum, sem það á öllu leyti á með réttu samkv. gildandi lögum.

Það eru þrjár leiðir til þess, eins og lýst hefur verið í blöðum og umræðum. Það eru þrjár leiðir opnar fyrir almenning í þessu máli til þess að koma framtölum sínum á hreint og gjalda keisaranum það, sem hans er. Sem sé fyrst kaup á ríkisskuldabréfum og festa féð í allt að 25 ár. Önnur leiðin er sú að telja fram til skattyfirvaldanna undandregnar eignir og greiða af þeim vangoldinn skatt samkv. gildandi skattalögum án sekta. Svo er sú leiðin, sem 17. gr. frv. ræðir um og á nú sennilega við um mikinn fjölda fólks og einkum og sér í lagi þá, sem sparað hafa saman, þ. e. a. s. það yrði nú á dögum kallað lítið fé, og er samkv. þeirri gr. farið vægt í sakirnar við þetta fólk. Það er vitað, að í þeim hópi er margt gamalt fólk, sem af misskilningi og vanþekkingu hefur vanrækt að telja fram þær eignir og peninga, sem það kann að hafa nurlað saman, en að vísu munu sumar upphæðirnar stærri, og það getur líka átt við þá, sem við talsverð efni búa. En það hefur verið álitið rétt að fara vægt í sakirnar við þann fjölda, sem þar stendur að máli. Enda kom fram í n. rökstudd gagnrýni á þessari gr. Því hefur og verið haldið fram, að hér væri fólkinu gert sérstaklega erfitt fyrir. Þetta er mjög rangt. Það er reynt að láta það fólk sleppa vægilega. Nú, þeir, sem dregið hafa undan skatti, eiga þarna kost á að gjalda skatt, þar sem þeir eiga að fórna ⅘ af þeim vöxtum, sem þeir hafa t. d. af verðbréfum. Það er líka annað mál að missa algerlega vexti í staðinn fyrir 4—5 prócent, sem nú mun gilda um flest verðbréf.

Ég skal svo ekki fjölyrða um málið frekar. Ég geri ráð fyrir, að í þessari hv. d. komi fram svipuð sjónarmið sem í Nd. Ég vildi að lokum mælast til þess, að frv. verði vísað til fjhn. og 2. umr.

Páll Zóphóníasson: Ég mun ekki taka mikinn þátt í umr. um þetta mál. En ég vildi nefna það, hvort ekki væri rétt að athuga að breyta fyrirsögn frv. og kalla það frv. um lögleg skattsvik og verðlauna þá, sem undanfarin ár hafa svikið skatt. Þetta er efni frv. Það eru búin til sérstök l., sem ákveða, hvernig menn eigi að komast hjá að greiða skatt samkv. l. Og þess vegna er rétt nefnilega að kalla það frv. til l. um lögvernduð skattsvik. Ég vildi biðja hv. n. að athuga þetta, en mun

annars ekki láta málið til mín taka. Það kann að vera vel að láta menn, sem sviku 60 þús. kr. undan skatti, sleppa með 15 þús. kr. Gott að láta þá sleppa svo. Mig undrar það ekki neitt. En ég mun yfirleitt láta málið afskiptalaust.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það eru víst fá mál, sem vakið hafa svo mikla eftirtekt af landsmálum sem þetta frv. Ég vil ekki tefja fyrir gangi málsins. En ég vildi þó láta mína skoðun í ljós um nokkur einstök atriði þess. Í fyrsta lagi er 1. kafli frv. lítið annað en hrein yfirlýsing frá Alþ. um nýja skatta. Hér er nú svo komið, að það er að verða hreint öryggisleysi í skattamálunum. Ég þarf ekki að fara langt út í þetta mál. En síðan skattalögin voru sett, hefur árlega, sí og æ, verið að breyta skattalöggjöfinni. Og hefur þá ávallt sú skattalöggjöf, sem sett hefur verið, verið látin verka aftur fyrir sig. Það hefur verið komið aftan að skattþegnunum, þótt þeir væru búnir að greiða skatt samkv. lögum. Þegar ný skattalög eru sett, verða þeir svo að borga annan skatt. Þegar lög voru sett um síðustu breyt., ég hygg, að það hafi verið 1941, þá var komið svo langt, að við lá, að allt væri tekið af mönnum, og að atvinnuvegunum var búið svo, að þeir fengu ekki meir en 6 prócent af sínum fyrirtækjum. Ég hygg, ef menn athuga skattalöggjöfina, að þeir komist að raun um hið sama. Allt þetta hefur leitt til þess, að menn hafa ekki talið fram og það í svo stórum stíl, að ekki hefur verið ráðið við það. Nú er farin ný leið. Þetta frv. gefur ekki fyrirheit, það er aðeins tilraun til að koma í rétt horf framtölum. Og ef menn verða við þessari ósk Alþ., þá er það ágætt. Ef þeir ekki gera það, þá stöndum við í sömu sporum. Ég tel ekki, að þetta sé nein bót fyrir skattalöggjöfina sjálfa. Og það mun því miður reynast svo í framkvæmdinni. Útgáfa skuldabréfa, eins og getið er um í 1. kafla frv., er til þess að ríkið fái til alllangs tíma undandregið fé til láns. Það mun sýna sig hins vegar, að það mun verða tæmandi. Menn hafa alls konar tækifæri til þess að koma eignum sínum undan. Og það mun því ekki koma að þeim vonum, sem gert er ráð fyrir, með endurheimtun réttmætra skattgreiðslna. Ekkert af þessu er til þess að laga það, sem óumdeilanlega þarf að laga í löggjöfinni.

Um annan kafla, um sérstakt framtal eigna og tekna, vil ég benda á það, að það er ekkert nýtt í þessum kafla annað en það, að það skuli raunverulega framkvæma þau lagaákvæði sem nú gilda um skattaframtal. Hann gæti því fallið úr frv., ef framkvæmd væru þau skattaákvæði, sem nú eru í lögum. En þrátt fyrir skattstofu og skattdómara þá hefur samt sem áður hver ríkisstj. veigrað sér við að láta beita skattal. Það voru nokkrar tilraunir gerðar á árunum fyrir stríðið. Þá var fyrirskipað, að bankar og sparisjóðir skyldu gefa upp innieignir. Það varð til þess, að menn stóðu í hópum fyrir utan Landsbankann til þess að hirða sínar innieignir, og var það næstum því búið að velta bankanum. Ef fjmrh. hefði gefið upp, að hann ætlaði að framkvæma þessi fyrirmæli, þá hefði það orðið til að stöðva öll viðskipti í landinu. Það er einnig vitað, að bankarnir og skattyfirvöldin hafa séð síðan í gegnum fingur sér um það ákvæði, vegna þess að þau hafa séð hættuna, sem þjóðinni stafaði af því, að féð væri tekið, eins og l. mæltu fyrir um, svo að ég sé ekki, að þessi kafli hafi neitt gildi, þessi ákvæði eru í lögum.

Um þriðja kafla, um innköllun peningaseðla Landsbanka Íslands, er það að segja, að það er nýmæli, sem ég tel eiga fullan rétt á sér. Ég teldi rétt að innkalla alla seðla, þótt það væri ekki til annars en að fullvissa sig um, hve mikið hefði glatazt af seðlum. Ég geri ráð fyrir, að þessi ákvæði í l. gefi drjúgar tekjur til ríkissjóðs. Það hlýtur að hafa tapazt stórkostlega af seðlum, sem gefnir hafa verið út, síðan síðast var kallað inn. Sumt hefur verið flutt til útlanda með setuliðinu, og nokkuð hefur tapazt með þeim þegnum íslenzkum, sem fóru í hafið á sínum tíma, í brunum o. s. frv., svo að hér hlýtur að koma fram stór fúlga. Hins vegar er ég ekki viss um, og vil biðja fjhn. að athuga það, hvort það væri rétt að láta 2% af seðlafjárhæð þeirri, sem í umferð er á framtalsdegi, falla til Landsbankans. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það, hvað þessi fjárhæð gæti numið miklu, hvort það yrði kannske allt það fé, sem væntanlega fengist við innköllun seðlanna, því að 2% af seðlaveltunni er ekki svo lítið fé. Ég tel ástæðu til að athuga, hvort þessi tala ætti ekki að breytast eitthvað. Ég tel, að þjóðbankinn eigi ekki að hafa megnið af þeim gróða, sem hér fellur til. Ég legg til, að það falli til ríkisins. Hins vegar ætti bankinn að hafa fyrir þeim kostnaði, sem hann hefur við að láta prenta og gefa út nýja seðla. Í sambandi við þetta vil ég koma inn á það, að ég hefði talið, að það væri tímabært að athuga, endurskoða og breyta l. um seðlaútgáfu, vegna þess að seðlaútgáfa landsins hlýtur að verða byggð, ekki á innistæðum, sem þjóðin eignast á hverjum tíma erlendis, heldur á útflutningsverðmæti á hverjum tíma.

Fjórði kaflinn, um nafnskráningu á innistæðum í lánsstofnunum, hygg ég, að verði þau fyrirmæli í frv., sem koma harðast við almenning, og þá helzt hið fátækara fólk, því þó að því sé leyft að hafa frjálsa nokkra upphæð, þá tel ég samt of lítið gert að því að hafa það eins og það ætti að vera. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að sparsjóðsinnieignir hafa á þessum árum verið mikil lyftistöng undir allar framkvæmdir í landinu. Þjóðin á miklu meiri skyldur við þetta fólk en hún gerir sér almennt ljóst. Ef fólkið vildi ekki spara þetta fé og leggja það inn í sparisjóði, hvernig stæðu þá bankarnir eða peningastofnanir með að lána út til hinna ýmsu framkvæmda? Ég hefði talið nær, að allt fé, sem er í hreinum sparisjóðum, væri algerlega skattfrjálst, ekki eingöngu við þessa innköllun, heldur ævinlega. Það er ekki lítill skattur, sem þetta fólk leggur til í ríkissjóð og til þjóðarinnar, þegar það lánar þjóðfélaginu sína peninga með ekki hærri vöxtum en hafa verið þessi ár. Þess vegna er það frá mínu sjónarmiði rangt að minnka áhuga fólks með l. til þess að spara fé. Ég er ekki þeirrar skoðunar, sem kom fram í flokksblaði framsóknarmanna um daginn, að sem betur fer væru fáir og hefðu verið fáir milljónamæringar á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar, að bezt væri, að allir Íslendingar væru milljónamæringar. Ég hef aldrei skilið þessa hugsun, að það væri þjóðinni fyrir beztu að eiga sem fæsta efnamenn og sem flesta fjárhagslega aumingja. En sannleikurinn er sá, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er runnið undan rifjum þeirra

manna, sem árum saman hafa haft þann hugsunarhátt, að þjóðin skuli eiga sem minnst og sé sem aumust.

Hið sama er að segja um menn, sem hafa keypt ríkisskuldabréf. Hvar væri ríkissjóður staddur, ef þegnarnir hefðu ekki keypt ríkisskuldabréf með lágum vöxtum? Fyrir þetta fé hefur verið ráðizt í að byggja t. d. Sogsvirkjunina og margar aðrar stórkostlegar framkvæmdir. Nú finnst mér þingið höggva of nærri þessum mönnum, jafnvel þótt þeir eigi að fá 1½% af þessu. Þetta eru þeir, sem nú eru á Tímamáli kallaðir braskarar, heildsalar og auðkýfingar. Langsamlega mest af þessu fé liggur hjá almenningi í landinu, og tel ég því vafasamt, hvort rétt er að höggva svo nærri því eins og hér er gert.

Ég vil í sambandi við 17. gr. frv., eins og hún er eftir breyt. í neðri deild, leyfa mér að benda hv. fjhn. á, hvort ekki þarf hér athugunar. Þar segir, að af 25000 kr., sem sannanlega hafa verið til fyrir 1. jan. 1940, skuli ekkert gjald greiða, en af því, sem umfram er, greiðist skattur samkvæmt gildandi skattalögum. Svo kemur rétt á eftir, að það skuli ekkert greiða af 15000 kr., af 15000—25000 kr. greiðist 5%, af 25000—35000 kr. greiðist 10%, af 35000—45000 kr. greiðist 15%. Mér skilst því, að ef einhver maður á 100 þús. kr. og gefur aðeins upp 25000 kr., en síðan finnst hjá honum 75000 kr., — mér skilst, að þá geti hann ekki fallið undir þetta. Vil ég biðja n. að athuga þetta. Sama er að segja um breyt., sem gerð hefur verið á þskj. 943 við 4. gr. Þar er settur inn nýr framtalstími, þannig að sölutími bréfanna verður frá 1. júlí til 15. ágúst í stað 15. júní til 1. ágúst. Vil ég biðja n. að athuga, hvort þessi tími er ekki of stuttur.

Í sambandi við fjórða kafla frv. vil ég benda á, að ef þetta á að verða nokkuð annað en pappírsgagn, þá er alveg óskiljanlegt annað en að annaðhvort verði þetta að koma ákaflega mismunandi niður á þegnum þjóðfélagsins eða þá að veita verður hlé frá öllum störfum svo og svo langan tíma til þess að gera það, sem á að gera. Ef telja á allar vörubirgðir í landinu og meta allar eignir, þá held ég, að sé vafasamt, hvort það gæti ekki tekið 2—4 ár. Ef á að gera þetta í sambandi við þennan lagabókstaf, þá verður að gera annað tveggja: að gera talningu til reynslu einhvers staðar og einhvers staðar af handahófi eða það verður að stöðva alla framleiðslu þjóðarinnar til þess að gera þetta verk, sem hér er ætlað að gera. Hið sama mætti segja um skattaákvæðin almennt, að ef ætti að framfylgja þeim eins og ætlazt er til, þyrfti svo mikið af fólki, að það mundi fara mikið af þeim sköttum, sem næðust, í laun. Ég vil svo ljúka máli mínu með því að álykta, að þetta frv. verði ekki til þess að bæta úr þeim sjúkleika, sem er í skattalöggjöf þjóðarinnar. En það kann að verða til þess að opna betur augu löggjafans fyrir því, að þetta er ekki réttasta og eðlilegasta leiðin til þess að fá menn til að hætta að svíkja skatt. Hér er verið að reyna að taka menn í eitt skipti, og þeir, sem bezt vita, hversu mikið öryggisleysi hefur verið í skattalöggjöf þjóðarinnar undanfarin ár, þeir munu sjálfsagt margir ekki bíta á þá nýju beitu, sem hér er látin út. Ég hygg, að því miður hafi allt umtal um þetta mál gert okkur meira ógagn en frv. sjálft kann að geta vegið upp aftur, þó að það verði að lögum. Ég mun greiða atkv. með frv., en alveg sérstaklega til þess, að menn nú fái þó a. m. k. að reyna, að þessi stóradómsaðferð, sem var hér viðurkennd á 17. öld, sé ekki til þess fallin að koma hinni sjúku skattalöggjöf í það horf, sem hún á að vera.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða mjög um þetta mál, en vil þó segja um það nokkur orð, um leið og það verður afgr. frá Alþ. Ástæðan til þess, að ég sé ekki, að það þýði að ræða um málið verulega, er sú, að það er vitað, að um málið er samið í því formi, sem það liggur fyrir. Ég vil þá fyrst og fremst segja það við hv. þm. Barð., að þessar fullyrðingar hans, sem maður sér ekki ástæðu til að svara að jafnaði, um stefnu flokka, í þessu tilfelli Framsfl., — það, sem hann sagði um það, er vitanlega misskilningur á því, sem er sjónarmið Framsfl. í landsmálum. Framsfl. hefur ekkert á móti því, að menn séu vel efnum búnir, og hefur aldrei haft. Hann mun hvergi geta fundið það í stefnu Framsfl., að hann hafi neitt á móti því. Hins vegar hefur Framsfl. ímugust á vissum tegundum stórrekstrar, sem hann álítur, að geti haft hættuleg áhrif á þjóðfélagið og valdið röskun, sem því er skaðleg. Ég skal ekki fara inn á þetta nánar, því að það er vitanlega ekki rétt að blanda almennum umr. um stefnur flokka inn í þetta mál. En ég vil segja það um eignakönnunarmálið, að það, sem hv. þm. var að finna að þessu frv., að þeim aðfinnslum getur hann fyrst og fremst beint gegn sínum eigin flokki, því að þetta er fyrst og fremst mál Sjálfstfl. Ef honum finnst ekki farið nægilega vel með innistæðueigendur í bönkum, þá getur hann beint geiri sínum þangað, en ekki til Framsfl.

Það er alveg satt, að samkv. þessu frv., ef það verður að lögum, þá eru ýmsir menn, sem eiga peninga í bönkum, ekki vel settir, og það er verr að þeim búið en ýmsum öðrum, því að þetta frv. er fyrst og fremst hagstætt þeim, sem hafa stórrekstur, stórbyggingar og miklar vörubirgðir, og það er vitað mál, að þessir menn hafa aldrei haft fé í bönkum, heldur hafa þeir að jafnaði notað rekstrarfé bankanna — það fé, sem almenningur hefur lagt til með því að leggja það inn í sparisjóð.

Ég veit, að ég þarf ekki að skýra það fyrir þessari hv. d., að þessir aðilar hljóta að vera bezt varðir samkvæmt þessu frv., og ég mun ekki sjá ástæðu til þess að fara inn á skýringar um þessi atriði, en ef því verður mótmælt, þá mun ég sjá mér fært að rökstyðja það þannig, að erfitt verði að hrekja mín rök.

Það er vitað mál, eins og ég sagði áðan, að um þetta mál er samið. Það var talsvert mikið deilumál í þeim samningum, sem fram fóru milli flokkanna um stjórn og málefnasamning, og það var eitt af þeim málum, sem var sett að skilyrði, að yrði leyst á þann hátt, sem fyrir liggur. Ég hef alltaf verið á móti því, að málið yrði leyst á þann hátt, sem hér er gert. Ég hef meira að segja reynt, eftir að samið var um málið, að koma því til vegar, að málinu yrði frestað og það afgr. á einn eða annan hátt síðar, en þess var heldur ekki kostur að koma því til vegar, enda hefði það

sjálfsagt kostað samstarfsslit, þar sem um málið var samið.

Ástæðan til þess, að ég er málinu mótfallinn eins og það er afgr., er sú, sem ég skal nú skýra að nokkru. Í fyrsta lagi eru þær ástæður, sem ég færði fram í upphafi máls míns, um það atriði, hverjum þetta frv., ef að l. verður, kemur fyrst og fremst niður á. Ég álít, að það sé gert of auðvelt fyrir ýmsa menn, sem eiga eignir sínar í fasteignum, byggingum eða vörubirgðum og stórrekstri, að sleppa fram hjá ákvæðum frv., ef að l. verður. Það má segja, að það sé auðvelt fyrir fleiri, því að það leiðir af hlutarins eðli, að með því að afgreiða málið á þennan hátt — með þeim frestunum, sem ákveðið er í frv. — þá er einnig flestum gert mögulegt að sleppa. Og það er rétt, sem hv. þm. Barð. tók fram, að það er ekki mikils árangurs að vænta af þessu máli í framkvæmd. Ég held, að árangurinn af þessu máli í framkvæmd verði fyrst og fremst sá, að valda röskun og glundroða nú á þessu tímabili, sem fresturinn verður gerður, og það er auðsætt, að það verður aldrei hægt að framkvæma eignakönnun með því að gefa frest fyrir fram. Nú er eignakönnun sama og rannsókn, og það mundi þykja einkennileg aðferð hjá þeim, sem ætlaði sér að rannsaka mál, ef hann gæfi út tilkynningu um það með þriggja mánaða fyrirvara, hvernig hann ætlaði að fara að því að framkvæma könnun. Það er hætt við því, að þetta valdi mikilli hræðslu og röskun hjá þeim aðilum og mönnum, sem ekki eru það útsmognir, ef svo má segja, að hafa lag á því að sjá leiðir til þess að komast fram hjá l., og þeir munu sjá ýmsar leiðir til þess að koma peningum sínum í eitthvað annað, sem er þjóðinni mjög skaðlegt og hættulegt. Ég á hins vegar von á því, að með því að gefa þennan frest muni þetta fara svo, að það verði sáralítið keypt af skuldabréfum. Upphaflega var það tilgangurinn með þessu frv. að ná lausu fé, sem lægi falið, og fá það sem veltufé til framkvæmda fyrir ríkissjóð og að öðru leyti til að nýbyggja atvinnuvegina. En ég á von á því, að það komi lítið inn af þessum peningum. Hver sæmilega glöggur maður sér, að með þessum fresti er raunverulega boðið upp á aðrar leiðir, sem eru óhafandi fyrir þjóðfélagið, — ég ætla ekki að nefna þær, en þær eru svo margar, að það getur ekki farið fram hjá nema fáum mönnum að sjá þær. Það er mjög hætt við því, að fjármagnið, sem fólkið er hrætt um, leiti inn á þessar leiðir og þetta tímabil verði eitt mesta röskunar- og óreiðutímabil í okkar fjármálum. — Ég hef alltaf talið og tel enn, að það hefði átt að fara þá leið að skipta um seðla, — það hefur oft verið gert og er sérstaklega auðvelt nú. Það mætti t. d. strax á morgun skipta um seðla fyrirvaralaust, og það mætti eftir örfáa daga kalla inn öll skuldabréf og kanna þau. Þetta er fyrsta og mikilvægasta atriðið í sambandi við eignakönnun. Það er talið, að það muni vera 70—80 millj. kr. falið í peningum hjá hinum og þessum, sem ekki er nauðsynlegt að hafa í umferð, og þó er ekki auðvelt að segja um, hvað peningaveltan hefur aukizt mikið með eðlilegum hætti. En þetta var hægt að fá upplýst með því að láta einhvern morguninn, þegar minnst varði, fara fram rannsókn á þessu atriði. Skráning bréfa mátti líka fara fram fyrirvaralaust. Með þessu móti voru fengin fram tvö mikilsverð atriði. En jafnframt mátti líka á eftir láta fara fram strangt eftirlit með vörubirgðum og vörutalningu og rannsókn á fasteignum, því að það er vitað mál, að þar hafa ýmsir fest peninga sína, eftir því sem menn álíta, og án þess að þar hafi öll kurl komið til grafar við skattaframtal. Með þessu móti, einkanlega að framkvæma tvö fyrstu atriðin fyrirvaralaust, þá var þetta búið. Með þessu mætti vara fólkið, sem annars verður hrætt og notar þennan þriggja mánaða frest og gerir margvíslegar ráðstafanir, — með því að losa það við þessa hræðslu og gera málið hreint. Ég hef alltaf talið ófært að gefa mönnum þennan frest. Og það er víst, að menn grípa til margvíslegra ráða. Ég held, að það sé mjög illa farið, og reynslan mun sanna það, að ekki var farin sú leið, að ákveðið væri, hvernig mæta ætti skattsvikum. Láta svo eignakönnun fara fram og ljúka á skammri stundu. Þá var þjóðfélagið laust við þær afleiðingar, sem ég annars tel, að eignakönnun þessi muni hafa í för með sér um leið, röskun og glundroða, jafnframt að það fari saman, að hún verði tilgangslaus. Þjóðfélagið mun verða mjög viðlíka nærri því markmiði að verða fjármálalega hreint þjóðfélag eins eftir og áður.

Að lokum vil ég segja það, að ég hygg, að flestir okkar líti svo á, að ekki verði komizt hjá því innan stundar, og það ekki dregið of lengi, að gera ráðstafanir til þess að breyta okkar fjármálastefnu, — taka dýrtíðarmálin föstum tökum. Við sjáum, hvernig þingið hrekst undan þeim málum mánuð eftir mánuð um síðustu áramót. Hér hefur aðeins stefnt niður á við. Það hefur ekkert verið gert í þeim málum, þótt menn sjái fram á, að aðalframleiðsluvörur okkar seljast ekki á erlendum markaði nema fyrir ⅔ þess, sem við þurfum að fá fyrir þær. Ég hef alltaf litið svo á, að þau mál, sem greiða bæri úr, væru dýrtíðarmálin. Þau mál átti sannarlega að taka fyrir í sambandi við eignakönnunina. Við vitum sannarlega ekki of vel, á hvaða fjárhagsgrundvelli þjóðin stendur. Við vitum ekkert, hvaða röskun eignakönnun kann að valda hjá einstaklingunum. Eignakönnunin og lausn dýrtíðarmálanna áttu að fara saman. Síðan, þegar eftir eignakönnunina, lá fyrir, að þeir menn, sem komið hafði í ljós við eignakönnunina, að hafi stórfé aflögu, gerî þjóðinni færara að leysa dýrtíðina. Og ég verð að segja, að þegar eignakönnuninni er lokið og dýrtíðarmálin óleyst, að þá gæti ég trúað því, að ríkisstjórnin teldi, að hún þyrfti verulegra fjárupphæða með, þegar leysa á dýrtíðarmálin. Það er tvímælalaust eðlilegast, að þessi tvö mál fari saman, af þeirri ástæðu, að vegna þeirra fórna, sem færa þarf, þegar breytt er um fjármálastefnu, verður að krefjast mikils fjármagns, og ætti þá fyrst og fremst að taka það þar, sem fé hefur safnazt fyrir. Og í annan stað er það ljóst mál, að fjármálastefna sú veldur röskun á efnahagnum, og því eðlilegt, að þetta fari saman.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál. Ég harma mjög, að málið skuli afgr. á þennan hátt, því eins og ég sagði áðan, mun það hafa mikla röskun og glundroða í för með sér, en árangur í þá átt að kynnast, hverjar eignir manna munu vera, lítill eða enginn, og þjóðin jafnnær um eignir, sem ætlazt var til að ná í með þessari eignakönnun.

Brynjólfur Bjarnason: Þar sem málið mun verða tekið fyrir og vísað til fjhn. að lokinni þessari umr., mun gefast þar tækifæri fyrir mig til að taka afstöðu til málsins og gera grein fyrir þeirri afstöðu. Ég álít, að málinu eigi að vísa aftur til ríkisstj., til þess að hún undirbúi og beri fram annað frv., betur undirbúið og sem betur nær tilgangi þeim, sem ætlazt er til, að það geri, og er réttlátara en þetta. Í Nd. hafa menn gert grein fyrir máli sínu, þar sem allir ekki aðeins tala um meinlega galla á frv., heldur einnig um stóra galla á því. Um þetta mál hefur verið rætt mikið í Nd., og var það hæstv. fjmrh., sem var formælandi ríkisstj. Ráðh. fór að skýra okkur frá þessum umr. Hann sagði okkur frá því, að andstaða frv. hefði haldið því fram við 1. umr., eins og hann sagði, að þeir, sem lagt hefðu fé í hús, mundu fara illa. En svo við 2. umr., að þeir mundu sleppa vel. Ráðherrann ætlast til, að við trúum þessu. Ég held, að ráðh. hafi farið illa úr þessari umr. Svo kemur hann til okkar og segir okkur frá þessu, og ekki rétt, að ég hygg. Ég býst við, að á það hafi verið bent, að verkamenn, sem komið hafa sér upp húseign, m. a. í eftirvinnu, verða gerðir skattskyldir og falli undir eignakönnun. Svo hefur enn fremur verið á það bent, sem er annað mál, að ýmsir menn, sem lagt hafa fram fé í fyrirtæki, fari alveg prýðilega út úr því. Ég hygg, að á móti því verði ekki mælt með rökum. Ráðh. sagði, að Sósfl. hefði áður haft áhuga á eignakönnun, en svo engan. Já, það er satt. Sósfl. hefur engan áhuga á svona eignakönnun, eins og hér er flutt í þessu frv. Mér fannst í einu orði sagt ræða hæstv. ráðh. þannig, að hún væri mælt fyrir þessu máli miklu frekar af skyldu en að hann hefði neitt fram að færa til þess að rökstyðja frv. neitt, sem benti til þess, að hann hefði nokkurn áhuga fyrir þessu frv., að það hefði verið gert frekar af vilja en mætti. Það er alveg rétt, að við sósíalistar viljum eignakönnun, sem framkvæmd yrði með öðrum hætti en hér er gert. Hitt er sönnu nær, að frv. sé flutt til þess að koma í veg fyrir, að eignakönnun fari fram. Það er alveg rétt, sem hv. þm. N-M. sagði, að réttara væri að kalla það lög um lögleg skattsvik heldur en lög um eignakönnun. Það er til að fyrirbyggja eignakönnun, sem þetta er flutt. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., þegar hann fer að bera málið saman við stríðsgróðabrask hjá Dönum og Norðmönnum, að braskið er ákaflega líkt. Gróðabrask er alltaf tekið af þjóðinni. Ráðh. sagði, að tilgangur frv. byggði á, að framvegis yrðu viðhöfð rétt framtöl. Þeir, sem bezta aðstöðu hafa til að fela eignir sínar, þurfa ekki að óttast mjög um afkomu sína þrátt fyrir þetta frv. Það verður rætt um það síðar. Andinn hjá hæstv. ráðh. kom mjög greinilega fram, þar sem hann var að tala um það, hvernig frv. komi við menn, sem eiga smáfé á sparisjóðsbók, og hina, sem eiga miklar eignir. Allur almenningur, sem á fé á sparisjóðsbók, er stimplaður skattsvikarar eða verða að kaupa bréfin, og þetta gildir um þá, sem eiga smærri og stærri upphæðir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 144. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 145. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 943, n. 977 og 992).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Það er vissulega ekki neitt nýtt, þó að talað sé á Íslandi um slæm skattaframtöl eða orð leiki á, að dregið sé undan skatti. Um þetta hefur verið rætt í fjórðung aldar, eða síðan l. um tekjuskatt voru sett 1921. Að vísu var til lítils háttar skattur fyrir 1921, en hann var svo smávægilegur, að hans gætti ekki, og skattaframtöl þekktust ekki fyrr.

En fljótt eftir að skattal. voru sett, myndaðist orðrómur um það, að allir, sem því kæmu við, drægju tekjur og eignir undan skatti. Ástæðurnar til þessa liggja að nokkru í mannlegu eðli, þeirri tilhneigingu að safna miklu fé, og svo hafa l. sjálf átt þátt í því, hvernig farið hefur í þessum efnum. Og satt að segja hafa skattal. nú síðari ár verið miðuð við það, að fé sé dregið undan skatti. Í ungdæmi mínu gekk sú saga um kaupmann einn, að hann launaði fólki sínu mjög illa. Einn vinur hans fór að tala um þetta við hann og sagði honum, að þetta gæti ekki gengið, því að fólkið gæti ekki lifað af þessu, en kaupmaður svaraði því til, að það stæli jafnmiklu, hvort sem því væri launað mikið eða lítið. Sama er að segja um skattalögin. Það er talið hæfilegt að hafa skattstigann svo háan, af því að gengið er út frá því, að dregið sé undan skatti. En nú getur ekki hjá því farið, að þetta skapi mikið misrétti, ef einn maður með sömu tekjur og einhver annar verður að borga tvöfaldan skatt á við hann. Þessi undanfari átti vafalaust höfuðþátt í því, að þegar samningurinn var gerður milli núverandi stjórnarflokka, þá var eitt aðalatriði hans, að fara skyldi fram eignakönnun. Takmark hennar er fyrst og fremst það að koma framtölunum í rétt horf og fá fullkomið yfirlit yfir það, hverjar eignir séu til í landinu. Árangurinn af þessu samningsatriði er nú kominn í ljós með þessu frv. á þskj. 884. Það hefur verið til athugunar, að vísu skammrar, í fjhn. Fjórir nm. mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn, hv. 4. landsk. þm., hefur sérstöðu, sem hann mun gera grein fyrir. Ég býst við, að öllum hv. þdm. sé fullkunnugt efni þessa frv., og mun ég því ekki rekja efni þess nema að litlu leyti, en reyna að vekja athygli á ákvæðum, sem sérstaklega hafa valdið ágreiningi eða vafi er á, hvernig beri að skilja.

Eins og ljóst er, er þetta frv. þannig sniðið, að það á að gera kleift að telja rétt fram án þungra refsinga, þó að menn hafi orðið sekir um undandrátt undanfarin ár. Af sumum var það talið óverjandi, hvað refsing við skattsvikum væri væg, og er rétt, að samkv. þessu frv. er ekki þung refsing við eldri undandrætti, en mjög þung, ef talið er rangt fram við þetta framtal, sektir allt að 200 þús. kr. og allt það fé, sem undandregið er, eign ríkissjóðs. Það þarf ekki að færa mikil rök að því, hvers vegna þessu er svo hagað. Þetta gerir miklu minni truflun en ef farið er eftir reglunni auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. Það er líka

hægt að láta refsivöndinn ná til manna, ef efni standa til. Og ef undandrátturinn er jafnalmennur og haldið er fram og líkur eru til, þá er ekki heppilegt frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar að láta refsivöndinn ná til allra, sem sekir hafa orðið um þetta. Þær aðferðir, sem ætlazt er til, að notaðar verði við þetta, eru í fyrsta lagi, að boðið verður út ríkisskuldabréfum með 1% vöxtum, sem mönnum er gefinn kostur á að kaupa fyrir þá peninga eða verðbréf, sem þeir hafa dregið undan, eftir nánari ákvæðum l. Ef þeir nota peningana eða verðbréfin, sem þeir hafa dregið undan, til þess að kaupa þessi bréf, eru þeir lausir allra mála um ábyrgð vegna eldri undandráttar. Í 6. gr. segir, að þessi bréf skuli eigi talin með skattskyldum eignum manna, og er þetta til þess, að menn verði ekki hræddir við það að verða stimplaðir skattsvikarar, þó að þeir kaupi þessi bréf. Ég skal geta þess við 5. gr., að veðskuldabréf skuli keypt við nafnverði, ef þau eru þinglesin fyrir 1. júlí 1946. Þessu hefur verið breytt frá því, sem upphaflega var í frv. Þar var 1. jan. 1947, og verð ég að játa, að það er mjög hæpið að miða við 1. júlí 1946, því að enginn var farinn að spekúlera með verðbréf af ótta við eignakönnun fyrir áramót, enda var þessi stjórnarsamningur ekki gerður fyrr en í febrúar. En þetta leiðir til þess, að þeim, sem hafa eignazt bréf eftir þann tíma, er skapað misrétti, en n. hefur ekki séð sér fært að flytja við þetta brtt. Í 7. gr. eru svo ákvæði um það, að þegar innlausnar er krafizt, þá skuli bréfið skráð á nafn eiganda, enda skal sá, er við greiðslu tekur, greina skriflega frá nafni sínu og heimilisfangi. Í 8. gr. eru svo ákvæði um það, ef fram kemur eignarauki hjá mönnum eftir 1. ágúst og hvernig með hann skuli farið, og er þetta sett til þess, að menn geti ekki notað þessi bréf til þess að dylja með eign sína frá því, að hún verði framtalin eftir eignakönnunina. Um það hefur verið rætt, að þessi tilhögun mundi gera mönnum kleift að nota tímann til að koma undan eigum sínum, þetta mundi valda ýmiss konar glundroða, og má nú vera, að ekki verði komizt hjá ýmsum miður æskilegum viðskiptum í sambandi við þetta. Það er hætt við, að ýmsir festi kaup á ýmiss konar óþarfa, til þess að fjármunir þeirra þurfi ekki að koma í ljós. En hjá þessu er ekki hægt að komast, úr því að þessi möguleiki er gefinn. Á það hefur verið minnzt, að þetta þyrfti að koma eins og þjófur á nóttu, líkt og var í Danmörku og Noregi, þar sem l. voru samþ. á einni nóttu og framkvæmd daginn eftir. Þetta er ekki hægt með þessu fyrirkomulagi, því að gefa verður frest til að kaupa bréfin, en þann frest er líka hægt að nota til að kaupa önnur verðmæti, sem ekki er æskilegt. En ég held, að með þessu móti fáist það bezta, sem hægt er með þessari tilhögun, sem hér er ákveðin.

Samkv. öðrum kafla á sérstakt framtal að fara fram á tímanum frá 1. sept. til 31. des. 1947, en fjmrh. ákveður daginn. Það þótti ekki heppilegt að ákveða daginn, enda hættulaust að gefa ráðh. vald til þess að ákveða hann. Á þessum tiltekna degi eiga menn svo að telja fram allar eigur sínar, nema áður nefnd ríkisskuldabréf, en þau eru undanþegin framtalinu eftir nánari reglum, sem áður er getið. Í 15. gr. eru ákvæði um það, hvaða skýrslna er heimilt að krefjast og skylt að afhenda og viðtækar heimildir, svo að hægt sé að vita, hvort framtölin séu rétt. Í 17. gr. eru sérreglur um það fé, sem fram kemur við framtalið, en hefur ekki verið talið fram áður. Um fyrstu 45 þúsundirnar gilda eftirfarandi reglur. Eign, sem ekki nemur meiri upphæð en 25 þúsundum og orðið hefur til fyrir 1. jan. 1940, skal undanþegin og eigandi hennar ekki sæta refsingu. Hér er um sakaruppgjöf að ræða eða nokkurs konar fyrningu. En af eignum, sem orðið hafa til eftir þennan tíma, eru fyrstu 15 þúsundirnar frjálsar, af 15—25 þús. eru 5%, af 25—35 þús. 10% og af 35—45 þús. eru 15%, þ. e. a. s., af 45 þús. kr. eign þarf viðkomandi að greiða 3 þús. kr. Sumum kann að þykja þetta vægilega í sakirnar farið, og það er það raunar, en það kemur svo margt til athugunar í þessu sambandi. Það hefði t. d. verið hæpin leið að skylda alla, sem dregið hafa undan, að festa fé sitt í verðbréfum, þó að það hefði verið hugsanlegt, en þegar ekki er um meiri upphæðir að ræða en hér, þá er hugsanlegt, að viðkomandi þurfi að grípa til þess fjár til framfæris sér og sínum, og þá óheppilegt, að það sé fast í verðbréfum. Mönnum finnst 45 þús. kr. allmikil fjárhæð, en í rauninni er kaupmáttur hennar ekki mjög mikill. Annars skal ég játa það, að um það má mjög deila, hvort hér sé hitt á hið rétta, hvort hin frjálsa upphæð skuli vera hærri eða lægri.

Næsti kafli frv. er um innköllun peningaseðlanna. Það hefur verið álitið, að á síðustu árum hafi allmiklu af seðlum verið skotið undan, þ. e. teknir úr umferð, að sjálfsögðu í því skyni að losna við skattgreiðslur af þeim upphæðum. Þetta er mjög varhugavert og kannske það alvarlegasta af ágöllum skattalöggjafarinnar, því að þetta getur ruglað allt hagkerfi landsins. Ég skal ekki ræða frekar um það, hvers vegna menn hafa gripið til þessa, en sennilega er fyrsta ástæðan sú, að vextir hafa verið lágir, svo að lítið hefur um þá munað, og menn því farið að geyma peningana heima. Þetta ásamt undandrætti frá skatti hefur sjálfsagt valdið mestu í þessu máli. Það atriði, að skylda bankana til þess að gefa upp innistæður, tel ég mjög vafasamt, enda hefur það komið að litlu liði. Hins vegar hefur það orðið til þess, að menn hafa ekki treyst, að bankarnir gæfu upp þær fjárhæðir, sem þeir eiga inni, en afleiðingin hefur verið sú, að trúnaðurinn hefur verið minni en æskilegt er. Nú liggur í augum uppi, að þó að peningarnir verði kallaðir inn, þá heldur seðlahamstur áfram eftir innköllunina, nema einhverjar ráðstafanir verði gerðar. Það er því mikil nauðsyn að vekja aftur gagnkvæmt traust milli bankanna og viðskiptamannanna. Það getur líka verið stórhættulegt fyrir menn að geyma fé sitt heima í seðlum, því að mörg dæmi eru til þess, að stórar upphæðir, sem menn hafa sparað saman með súrum svita, hafa brunnið til ösku. Slíkt er að sjálfsögðu mesta ólán og nauðsynlegt að fyrirbyggja.

Þá hefur verið um það spurt, hvort þessi seðlainnköllun verði ekki óhóflega dýr. Því er til að svara, að heildarkostnaðurinn verður að sjálfsögðu nokkuð mikill, en kostnaðurinn við seðlainnköllunina verður ekki tilfinnanlegur út af fyrir sig, því að ráðgert er að nota sömu mótin, en skipta aðeins um lit á seðlunum. Annars er prentunarkostnaður á seðlum mjög mikill. Varðandi 23. gr. frv. hafa sumir haldið því fram, að þar væri

gert ráð fyrir óþarfa skriffinnsku, þar sem menn þurfa að sýna vegabréf eða nafnskírteini við afhendingu seðla. Ég skal viðurkenna það, að þetta ákvæði mun vera óþarft upp til sveita og í fámennum þorpum, en hér í Reykjavík og öðrum stærri kaupstöðum landsins er þetta ákvæði nauðsynlegt, því að annars gæti sami maðurinn komið hvað eftir annað. Það er því á misskilningi byggt, að hér sé um óþarfa skriffinnsku að ræða.

Þm. Barð. spurði að því hér í d. í gær viðvíkjandi 26. gr., hversu mikið fé það væri, sem Landsbankanum væri ætlað af hagnaði þeim, sem innköllunin hefur í för með sér. Eins og stendur í grg., eru það 2% af seðlafjárhæðinni, en heildarupphæðin mun vera um 160 milljónir. Það eru því nálægt 3 millj., sem Landsbankinn fær. Þetta er að vísu nokkuð há upphæð, en þess ber að gæta, að bankanum er ætlað að bera allan kostnað af seðlaskiptunum.

Fjórði kafli frv. fjallar um nafnskráningu innieigna í lánsstofnunum. Það hafa sumir talið þetta óþarft og álitið, að lánsstofnanirnar gætu gefið þetta upp, en þetta er misskilningur. Það eru margir, sem eiga þetta 4 til 5 bankabækur, og þess vegna væri þetta svo erfitt og stirt í vöfum, ef bankinn ætti að leita þetta uppi, en hins vegar mjög auðvelt fyrir eigandann að gefa upp sínar bækur. Sömuleiðis munu allmargir eiga nafnlausar bækur, en auk þess geta menn flutt til, þannig að heimilisfangið sé allt annað nú en það var, þegar umrædd upphæð var lögð inn í bankann, og þar af leiðandi nær ómögulegt að finna út viðkomandi eiganda nema með langri leit. Eins og hér er gert ráð fyrir, er aftur á móti auðvelt að finna bækurnar, þegar viðkomandi eigandi gefur upp númer á sínum bókum. Ég geri ekki ráð fyrir, að þörf sé að fara lengra út í þetta atriði, til þess að menn skilji nauðsyn þessa ákvæðis í frv.

Í 34. gr. eru ákvæði um þær innistæður, sem ekki hefur borizt yfirlýsing um innan tilskilins tíma, og renna þær upphæðir til ríkissjóðs. Þó þótti rétt að veita ráðh. heimild til þess að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður lægju fyrir hendi. Það má geta þess í þessu sambandi, að það liðu 20 ár, þegar gömlu landsbankaseðlarnir voru kallaðir inn, þar til þeir síðustu komu. Í slíkum tilfellum getur verið um athugunarleysi að ræða og það hjá fólki, sem alls engar ástæður hefur til þess að missa það fé, sem um ræðir, t. d. getur verið um gamalmenni að ræða, sem ekki fylgjast með, enda er ekki sennilegt, að í slíkum tilfellum sé um háar upphæðir að ræða.

Þá er það næsti kaflinn, sem fjallar um tilkynningu handhafaverðbréfa. Öll innlend handhafabréf, sem út hafa verið gefin fyrir framtalsdag og þann dag eru í umferð innan lands eða utan, skal tilkynna til sérstakrar skráningar, og er gert ráð fyrir, að bréfið sé merkt.

Það er kannske rétt að geta þess, að gert er ráð fyrir, að aðeins bréfið, en ekki vaxtamiðar eða arðmiðar, verði stimplað, því að það að stimpla það allt mundi hafa í för með sér óeðlilega fyrirhöfn, sem vart mundi svara kostnaði.

Í 38. gr. er svo ákveðið, að fyrir drátt á tilkynningu verðbréfa geti fjmrh. úrskurðað eiganda í sekt allt að 25% af andvirði bréfanna og vanræksla á sýningu varði missi þeirra. Í 42. gr. eru svo nánari ákvæði um þetta.

Síðasti og 6. kafli frv. er um ýmis ákvæði varðandi framkvæmd laganna, og álít ég ekki sérstaka ástæðu til að gera hann að umtalsefni.

Ég hef nú drepið á þau atriði í frv., sem ég taldi, að þyrfti að gera nánari grein fyrir en gert er í nál. og grg., en vel má vera, að fleiri atriði séu þess verð, að þau séu gerð að umtalsefni, og ef einhverjir hv. þm. vilja fá nánari upplýsingar, mun ég láta þær í té, eftir því sem ég get. — Ég hef þá ekki fleiri orð um þetta, en óska fyrir hönd meiri hl. fjhn., að frv. þetta nái fram að ganga og hljóti samþykki hv. þd.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég hef við 1. umr. þessa máls gert stuttlega grein fyrir afstöðu minni til þess. Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hl. n. um þetta mál. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. gat um, leggur hann til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég legg hins vegar til, að frv. verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá — með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem frv. það, sem hér liggur fyrir, er að mörgu leyti illa undirbúið og í því felst raunverulega engin eignakönnun á stórgróðann, en hins vegar koma ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, mjög hart niður á smærri skattþegnum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin útbúi og leggi fyrir næsta þing frv. til l. um eignakönnun, sem miðað sé við það að ná til stóreignanna fyrst og fremst, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vil nú gera nokkra grein fyrir viðhorfi mínu til þessa máls.

Í fyrsta kafla frv., í sambandi við þau ákvæði, sem á eftir fara, er kveðið á um það, að menn skuli þvingaðir til þess að leggja fé sitt í hlutabréf eða innistæður með lágum vöxtum — 1% — eða að öðrum kosti vera stimplaðir sem skattsvikarar. Hv. frsm. vildi ekki viðurkenna þetta. Hann sagði, að ef undandregnar eignir reyndust vera yfir 15 þús. kr., þá væri kannske ástæða til þess, að gerð væri út af því rekistefna, en ef upphæðin væri minni en það, kæmi slíkt ekki til greina. Þetta er að vísu rétt, en þó er það viðurkennt af hv. frsm., að í slíku tilfelli er viðkomandi maður samt sem áður stimplaður sem skattsvikari. Þetta frv. mun bera árangur að því leyti til, að þessi 1. kafli og eftirfarandi ákvæði frv. munu ná tilgangi sínum gagnvart þeim, sem ekki hafa aðstöðu til þess að fela eignir sínar í verðmætum eða í erlendum bönkum. Þá er og í frv. gert ráð fyrir, að eftir að eignin er orðin 35—40 þús. kr., þá skuli greidd af henni 15%. Hv. frsm. vildi gera lítið úr þessu. Ég vildi þó meina, að það munaði ekki svo litlu, því að þegar það er komið upp í 45 þús., þá nemur þetta um það bil 3000 kr., og vera kann, að suma munaði ekki svo lítið um það.

Í 4. kaflanum er það sama uppi á teningnum. Í báðum tilfellunum hafa menn um tvennt að velja: annaðhvort að leggja eigur sínar inn á lítla sem enga vexti til langs tíma eða vera stimplaðir sem skattsvikarar. Þessir kaflar ná því fullkomlega tilgangi sínum gagnvart þeim — eins og ég hef áður sagt —, sem ekki geta lagt fé sitt í verðmæti eða komið því fyrir erlendis.

6. kaflinn fjallar um ákvæði, er varða framkvæmd laga þessara. Sá kafli er gersamlega einskis virði. Þar er gert ráð fyrir, að skipuð sé af fjmrh. sérstök nefnd, sem kallast skal framtalsnefnd, og

eiga sæti í henni 3 menn og 3 til vara, og skal fjmrh. eftir tillögum hennar setja nánari reglur um framtölin. (**PM:** Þetta er nú í 15. gr.) 15. gr. er nú um framtölin, en ég er að tala um 6. kaflann og ákvæði hans, sem varða framkvæmd laga þessara. Þessi þriggja manna nefnd skal sem sagt sjá um framkvæmd laganna. Kafli þessi er aðeins til þess að sýnast, og auk þess er valdið yfir framkvæmd skattalaganna með þessu lagt í hendur fjmrh. í enn ríkara mæli en ella. Hann hefur sem sagt í höndum vald til að ákveða, hverjir skuli settir undir smásjá og hverjir sleppa. Niðurstaðan verður þessi: Þeir, sem eiga sparifé, verða fyrir barðinu á l., en þeir, sem mikið hafa umleikis og hafa jafnvel lögfræðinga í þjónustu sinni til þess að koma eignum sínum undan skatti, þeir hafa öll tækifærin til þess að sleppa. Þetta eru sem sagt lög, sem harðast koma niður á hinum smáu, en ekki hinum stóru í þjóðfélaginu. Það er nú svo, að það eru helzt hinir efnaminni, sem eiga fé sitt í sparisjóði, og ætti yfirleitt að hvetja menn til þess. Þetta frv. mundi valda miklum truflunum í þessu efni, og ákvæði laga þessara kæmu hart niður á þeim, er sízt skyldi. Ég get ekki hugsað mér meira ranglæti en að láta stórskattsvikara og smáeignamenn sitja við sama borð í þessum efnum. Hér á landi er það iðulega svo, að þegnarnir verða að leggja fé sitt fyrir í bönkunum til þess að eiga eitthvað, þegar versnar í ári. Þetta fé hafa menn oft talið fram til tekjuskatts, en ekki til eignarskatts. Hér er því yfirleitt ekki um bein skattsvik að ræða, heldur aðeins vangá.

Ef frv. þetta verður að lögum, mega menn vissulega vera vel á verði til þess að falla ekki í einhverja gryfjuna, sem þeim er búin með þeim, og ef út af er brugðið, jafnvel þótt það sé óviljandi, þá varðar það ströngum viðurlögum. Einna makalausust eru þó ákvæðin um það, að hægt sé að taka 25% af innstæðum í sektarfé, ef þeir koma ekki í bankann og gefa yfirlýsingu um, að þeir eigi sparisjóðsbækur, sem þeir sjálfir eru skráðir fyrir. Hv. frsm. gat þess, að erfitt mundi fyrir bankana að gefa skýrslur um innistæður. Ég þekki ekki bókhaldskerfi bankanna og veit ekki, hvernig það er, en allt þetta yfirlýsingafargan, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði ekki svo lítið umstang, og harla hart, að menn séu dæmdir hart fyrir að koma ekki í bankann og yfirlýsa sig eigendur að innistæðum, sem bankinn veit, að þeir eiga, og gera sig þannig að fífli, eða að öðrum kosti að hljóta jafna sekt og þeir, sem ekki hafa skráð sig með réttum nöfnum. Allt það bákn, sem skapast mundi með setningu laga þessara, mundi að fróðra manna hyggju kosta nokkrar milljónir, en engar upplýsingar hafa þó verið gefnar um það, eins og æskilegt hefði verið. Mér virðist sem forsvarsmenn frv. þessa hafi ekki farið dult með það, að þeir fylgdu frv. m. a. til þess að koma í veg fyrir eða torvelda það, að frv. um eignakönnun, sem hald væri að og næði til stórgróðans, yrði samþ. síðar. En þetta er einmitt ein ástæðan fyrir því, að ég tel, að frv. eigi ekki að ná fram að ganga, og önnur sú, að það kemur aðallega niður á hinum efnaminni í þjóðfélaginu, en ekki þeim, sem helzt ættu að verða fyrir því, eða nánar tiltekið stórgróðamönnunum.

Frv. þessu er ekki hægt að breyta, svo að gagn verði að, öðruvísi en að umsteypa það algerlega og semja nýtt frv., en til þess þarf vandlegan undirbúning.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Við höfum lifað á sérstökum efnahagslegum tímum í þessu landi nú undanfarin ár, og því væri ekki úr vegi, að menn fengju að vita, hvar þær eignir, sem allir vita að hafa skapazt á þessum árum, eru niður komnar. Sú vitneskja er mikilvæg að mjög mörgu leyti, en ég hygg, að hennar yrði ekki aflað með öðru en almennri eignakönnun, en hún þarf að vera m. a. þannig, að þeir, sem raunverulega eru ekki skattsvikarar, verði ekki stimplaðir sem slíkir. Því miður er ég hræddur um, að sú eignakönnun, sem hér er fyrirhuguð með þessu frv., verði með þeim hætti, að vart verði hægt að treysta, sérstaklega hvað það snertir, að menn munu finna leiðir til þess að draga fjöður yfir skattsvik sín, svo að þjóðfélagið fái ekki vitneskju um, hvar eignirnar eru meðal þjóðfélagsborgaranna. Að einu leyti er ég samþykkur anda þessa frv. Ég held það sé bezt, að eignakönnunin sé á pappírnum heldur mild en ströng. Ég held það skipti meira máli, að niðurstaðan verði rétt með tilliti til framtíðarinnar, sem byggir á þessum niðurstöðum, heldur en hún reynist strangur refsidómur út af afbrotum, sem drýgð hafa verið á undanförnum árum. Ég held, að ef skattsvikin eru eins stór og af er látið, sem ég efa, þá sé þetta ekki síður þjóðfélaginu og stjórninni að kenna en borgurunum, sem hafa freistazt til að svíkja undan skatti. Framkvæmdin hefur verið það laus í böndunum og eftirlitið með skattal., að menn hafa ekki talið það neina áhættu að svíkja undan skatti. M. a. þess vegna hafa skattsvikin orðið svona almenn. Ég tel því ekki rétt að koma með eignakönnun, sem fyrst og fremst væri þungur refsidómur yfir borgarana út af skattsvikum, sem þeir hafa gert sig seka um. Ég álít því, að ákvæði frv. gegn þeim, sem hafa svikið skatt lítið, séu væg, þar sem af 45 þús. kr. þurfa þeir aðeins að borga um 3000 kr. En það er lægri upphæð en ef þeir hefðu talið rétt fram á hverjum tíma. Að öðru leyti þurfa þeir, sem telja fram meira en 45 þús., að borga af því samkv. gildandi skattal. Ég get ekki tekið undir það, að tekið sé of miskunnarlaust á hinum smærri skattsvikurum. Hins vegar getur ranglætið verið í því falið, að stóru skattsvikararnir geta komizt hjá því að leggja pappírana á borðið. Ef svo reynist, getur þessi löggjöf orðið mikið ranglætismál. Ég er óánægður með það, hversu langur tími hefur liðið, síðan farið var að tala um að koma fram með þessa löggjöf. Og ég er líka óánægður með það, hversu langur tími líður, þangað til þessi löggjöf kemur til framkvæmda. Ég hygg, að þessi langi tími hafi verið notaður og muni verða notaður til að beita svikum í framhaldi af þeim svikum, sem framin hafa verið á undanförnum árum.

Þá eru nokkur atriði, sem mig langar til að spyrja um, hvort frv. taki til, og mér finnst máli skipta. Fyrst er það, hvernig ætlazt er til, að eignir félaga séu taldar fram við eignakönnunina. Við skulum segja, að hlutafélag hefur 100 þús. kr. hlutafé, en eignir þess eru upp á 10 millj. Hverjar verða eignir 5 aðila í félaginu, ef þeir ættu allir jafnt? Verður eignum í slíku félagi skipt niður milli eigenda, eða verður hlutafélagið eig-

andi eignanna, sem um er að ræða? Á hvað verða vörubirgðir metnar í eignakönnuninni? Verða eigendur slíkra vörubirgða að ákveða verðið sjálfir, eða verður settur opinber mælikvarði? Nú hefur þess mjög orðið vart í samtölum manna, að þess muni ekki vera kostur að kanna það, hvort vörubirgðir væru réttar fram taldar. Og virðist sem hugur margra stefni að því að koma sem mestu af skattsviknum eignum í vörubirgðir í skjóli þess, að hægt sé að tilgreina hæfilegt verð og draga fjöður yfir framin skattsvik. En væri ekki hægt að fyrirbyggja skattsvik í eignakönnuninni að þessu leyti með því, að í frv. væri ákvæði um það, að ríkið hefði heimild til að kaupa vörubirgðir á því verði, sem þær eru gefnar upp fyrir. Ég held ekkert sé í frv. í þessa átt. Þá langar mig til að vita um það, hvernig verð á hlutabréfum vel stæðra hlutafélaga verða metin. Þau geta verið í tíföldu verði. Svo geta önnur hlutabréf verið fyrir neðan nafnverð. Hvernig verður þetta í framkvæmdinni? Þá langar mig til að spyrja um það, hvort nokkrar ráðstafanir séu gerðar til þess að fyrirbyggja dreifingu eigna í því augnamiði, að lægri upphæðir komi á hvern einstakling. Eru nokkur ákvæði til að fyrirbyggja gjafir í þessum tilgangi, þar til eignakönnuninni er lokið. Verða svo nokkrar hömlur settar á kaup á skartgripum, sem hægt er að koma verðmæti í? Það held ég full ástæða sé að gera. Og að lokum þetta: Er nokkur mismunur gerður á því, hvort hér er um að ræða eignir, sem stafa af skattsviknum eignum, eða eignir, sem stafa af skattsviknum tekjum? Það er gefið mál, að ef um skattsviknar tekjur er að ræða, þá á að refsa strangar fyrir það en skattsviknar eignir. Mér virðist þarna enginn greinarmunur gerður. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég vil vona, að frv. sé samið með það fyrir augum að fá vitneskju um það, hvaða eignir skattborgararnir eiga nú, svo að hægt sé að byggja á því í framtíðinni fyrir þjóðfélagið og þessir menn geti ekki komizt undan sköttum á komandi árum. Og ég vona, að framkvæmdin verði með þeim hætti, að betur sé af stað farið en heima setið. En verði þetta til þess, að skattsvikin geti haldið áfram eftir sem áður, þá verður þetta meiri sorgarsaga en menn gera sér í hugarlund.

Frsm. meiri hl. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Aths., sem komið hafa frá tveim ræðumönnum varðandi frv. þetta um eignakönnun, beinast aðallega að smærri ágöllum þess, eða hvort hægt sé að komast fram hjá ákvæðum laganna. Það hefur hvorki mér né öðrum sennilega komið til hugar, að þótt þessi l. væru sett, þá kæmu öll kurl til grafar. Ég hygg það sé ofvaxið öllum að setja reglur, sem tryggja það. Hitt er svo vafalaust rétt, að menn eru misjafnlega settir eftir því, í hverju eignir þeirra eru. Það er augljóst mál, að þeir, sem eiga mest í peningum eða verðbréfum, eiga erfiðara með að draga undan en þeir, sem hafa lagt fé í húseignir, eða þeir, sem eiga eignir sínar í ýmsum tækjum og vörubirgðum og þar fram eftir götunum. Hins vegar er það ákaflega stórkostlegur misskilningur, sem kom fram hjá hv. 4. landsk., að þeir, sem ættu peninga í verðbréfum, væru fátæklingar. Það er ekki vafi á því, að ýmsir auðugustu menn landsins eiga mestar eigur sínar í verðbréfum. Það er vitað mál, að að því leyti, sem þeir kynnu að hafa dregið þarna undan, þá standa þeir ekki betur að vígi en aðrir. En setjum sem svo, að maður hafi lagt fé í verksmiðju og ýmiss konar tæki. Þá er ákaflega erfitt að henda reiður á því, hvað í raun og veru hefur verið lagt í þessa hluti. Hins vegar er kannske ekki svo mikil tilhneiging hjá mönnum að gera stofnkostnað minni en hann í raun og veru er, af því að meira og minna af þessum fjárútlátum, sem þeir verða fyrir í þessu sambandi, kemur á rekstrarreikning. Og vitanlega reyna allir að teygja útgjöldin til rekstrarins eins langt og fært er, þar sem rekstrargjöld dragast frá tekjum. Það er vitanlega mjög erfitt að hafa eftirlit með framtali á vörubirgðum, svo að fullnægjandi sé. Það má vera, að svo sé, að skattayfirvöldin eigi heimtingu á því að fá að vita, hvaða verð er lagt á vöruna. Hitt er geysilega erfitt, að ganga úr skugga um það, hvort vörumagnið er rétt fram talið. Og mér er ljóst, að þótt þessi l. yrðu framkvæmd eins samvizkusamlega og mögulegt væri, þá gæti enginn fullyrt, að ekki væri skotið einhverju undan rannsókn. Það er ekki viðeigandi að lýsa því, hvernig það ætti að gerast. Það mætti skoðast sem leiðbeining um það að sniðganga l., enda er það óþarft. Hver maður, sem hugleiðir þetta, sér, að hér eru til ýmsir möguleikar. En hins ber að gæta, að þótt menn komist fram hjá þessu eignaframtali, þá eru þeir ekki þar með komnir undan eftirliti skattayfirvaldanna. Og ef það kemst upp, að þeir hafa dregið fé undan þessu eignaframtali, þá liggja við því svo þungar refsingar, að það mundi ríða þeim mörgum að fullu. Af þeirri ástæðu mætti gera ráð fyrir því, að allir þeir menn, sem ekki vilja leggja sig í slíka hættu, hugsi sig um, áður en þeir skjóta sér undan þessu eignaframtali. Það gefur að skilja, að framkvæmd í þessum efnum hefur raunverulega miklu meira að segja en lagaákvæði, sem sett eru um það. Í 15. gr. frv. er ákvæði, sem gefur skattan. ákaflega mikið vald til þess að heimta skýrslur af mönnum um öll þau atriði, sem við koma eignum og máli skipta í þessu sambandi. Ég held þess vegna, að þótt einhverjir ágallar yrðu á þessu, þá yrðu þeir naumast að kenna því, að í löggjöfinni séu ekki nægileg ákvæði fyrir skattayfirvöldin til þess að komast eftir eignum manna. En sem sagt, mér er það fullljóst, að það mun fara svo, að einhverjar eignir verða dregnar undan framtali. En með löggjöf verður aldrei hægt að fyrirbyggja það. Út af fyrir sig er ekki eins hættulegt, þótt vörubirgðir séu skrifaðar mikið niður, af þeirri ástæðu, að það hlýtur að hefna sín seinna, nema því aðeins að bókhaldið sé falsað. Með því móti er alltaf hægt að laga framtöl í hendi sér. Hins er að gæta, að bókhaldsfölsun hjá fyrirtæki er enginn leikur. Það getur naumast nokkur atvinnurekandi, nema með því að taka í vitorð með sér fleiri eða færri af sínu starfsfólki. Og það munu ekki margir leggja sig í þá hættu.

Út af því, sem hv. 4. landsk. sagði um það, að hinir smáu yrðu að stimpla sig sem skattsvikara, þá er það ekki rétt. Hver maður hefur rétt til að verja fé sínu til kaupa á ríkisskuldabréfum. Er það gert til hags fyrir þá smáu, en ekki til að láta þá vera skör neðar en þá, sem mikið fé hafa dregið undan. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða um þetta. Hv. þm. hlýtur að sjá, að það er enginn

möguleiki til þess, ef menn vilja verða þessara fríðinda aðnjótandi, annar en sá, að þeir geri skattayfirvöldunum aðvart um það, að þeir vilji nota sér þennan rétt, sem þeim er veittur. Hitt eru svo nokkuð stór orð, að þeir séu stimplaðir sem skattsvikarar. Ég verð að segja eins og er, að ég er viss um, að þótt maður hafi talið fram 15 þús. kr. minna en hann á, þá getur verið, að hann sé ekki skattsvikari. Það getur legið til þess t. d. það, að honum finnist hann vera búinn að gera skyldu sína, þegar hann er búinn að telja fram tekjurnar. Hins vegar mun ástæðan fyrir þessu fyrst og fremst vera sú, að menn vilja ekki láta vita, að þeir eigi eitthvað. En eignarskatturinn hefur aldrei verið svo hár, að hans vegna hafi menn ekki getað talið rétt fram. Og ég held, að þótt menn upplýsi nú þessa yfirsjón, þá missi þeir lítið af sinni þjóðfélagslegu virðingu eða aðstöðu í þjóðfélaginu. Ég held, að það sé þá ekki fleira, sem ræða hv. 4. landsk. gaf tilefni til að svara. En svo gerði 3. landsk. nokkrar fyrirspurnir. Í raun og veru vörðuðu þær ekki þessa löggjöf, sem hér liggur fyrir, heldur gildandi skattal. Ég veit ekki, hvort ég er svo vel að mér, að ég geti svarað spurningum hans að fullu. En að mestu leyti held ég, að ég geti það. Hv. þm. spurði, hvernig eignir hlutafélaga yrðu metnar, hvort þær væru metnar með nafnverði, hvort sem fyrirtækið er ríkt eða fátækt. Eignir hlutafélaga eru metnar á sama hátt og eignir einstaklinga. Hlutabréf eru einnig talin með nafnverði. Þau eru talin til skulda hjá hlutafélögunum og til eigna hjá eigendunum. Um þetta hefur staðið styr hjá skattayfirvöldunum. Þau hafa talið, að hlutabréf ættu að teljast fram með því verði, sem ætti á þeim að vera. Nú er það vafasamt, að hægt sé að meta hlutabréf með því að telja saman eignirnar og hins vegar hlutafé, og hef ég alltaf skilið það svo, að ef hlutabréfin ættu að reiknast eigendunum með því verði, sem á þeim er, ættu þau að reiknast til skuldar hjá hlutafélögunum með því verði, sem á þeim er. Annars eru þau tvísköttuð, því að jafnaðarlega er það svo, að þar sem um gróðafélög er að ræða, er hlutafé reiknað hærra, og þá er síður en svo hagur fyrir ríkissjóð að telja með raunverulegu verði á báðum stöðum, til eigna hjá eigendunum og til skulda hjá hlutafélögunum.

Þá spurði hv. þm., hvernig vörubirgðir yrðu taldar, og benti á hættuna á því, að þar sem viðskipti væru rekin, yrði notuð sú aðferð að auka vörubirgðirnar. Vörubirgðir eiga vafalaust að teljast á venjulegan hátt eins og við skattaframtal og setja á þær venjulegt verð, að sjálfsögðu lægra en útsöluverðið. En þar er ekki um neina sérreglu að ræða. Hættan af auknum vörubirgðum hygg ég, að ekki muni vera svo mjög mikil af þeirri ástæðu, að vöruflutningar til landsins eru litlir, og má gera ráð fyrir, að þeir verði það á þessu ári, og mun þess vegna ekki vera mjög þægileg aðstaða fyrir kaupmenn til að auka „lager" sinn á þessu ári. Eftirspurnin er meiri en nokkru sinni fyrr, vöruþurrð er í mörgum verzlunum, margar tegundir vefnaðarvöru er mjög erfitt að fá, og efast ég um, að mikil hætta sé á, að kaupmenn geti dregið að sér vörur, svo að nokkru nemi.

Þá spurði hann, hvernig því væri varið með dreifingu á eignum, hvort mönnum væri gefinn kostur á að dreifa eignunum á fleiri hendur. Það er ákvæði viðvíkjandi börnum, því að aðalhættan liggur í því, að menn dreifi til barna sinna. En í sambandi við hitt, að menn fái vandalausa menn til þess að taka á sitt nafn t. d. þessar 45 þús. kr., þá mundu koma svo miklir erfiðleikar upp, þegar ætti að yfirfæra þær aftur, að hver skynsamur maður mundi hugsa sig um tvisvar, áður en hann gerði slíkt. Segjum, að hann tæki yfirlýsingu af manninum og svo félli hann frá. Hann ætti á hættu, að eignirnar yrðu gerðar upptækar og hann yrði líka að borga 200 þús. kr., svo að enginn heilvita maður mundi gera það. Hitt er annað, þegar um yfirfærslur til barna er að ræða, því að þá stendur foreldrunum á sama, þótt eignin yfirfærist ekki aftur. Undir þennan leka átti að setja með ákvæði í frv. í 12. gr. neðst, þar sem segir, að eign barns innan 16 ára aldurs, sem ekki hefur verið sjálfstæður framteljandi, teljist með eignum foreldra, nema sannað sé, að barnið hafi verið orðið eigandi fjárins fyrir 1. sept. 1946. Þetta er gert í varúðarskyni, ef menn skyldu, eftir að byrjað var að tala um þetta, fara að reyna að yfirfæra eignir sínar á nafn barnanna.

Þá spurði þm., hvort nokkrar hömlur væru lagðar á kaup á skrautgripum. Ég hygg, að það sé naumast hægt, en það er hið sama að segja um það og viðvíkjandi vörubirgðunum, að það er ekki mikil hætta á misnotkun í þessu efni þegar af þeirri ástæðu, að það verður ekki þægilegt að flytja inn mikið af skartgripum, nema þá með því að flytja þá inn í heimildarleysi, og undir þann leka hugsa ég, að aldrei verði sett. En aldrei verður þægilegt að draga undan á þann hátt, svo að nokkru máli skipti.

Þá spurði hv. þm., hvort gerður yrði munur á eignaaukningu, sem kæmi fram við hið sérstaka eignaframtal, sem stafaði af undandregnum eignum og undandregnum tekjum. Um þetta segir í 17. gr., að enginn munur verði gerður á 45 þús. kr. fyrstu, hvort þær hafa verið dregnar undan tekjuframtali eða eignaframtali. Það er alveg sérstök regla um það. Það er nokkurs konar „amnesti", sem verður um þetta. Hins vegar ef það er svo, að maður hafi aðeins dregið undan eignaframtali, þá mundi hann geta látið leggja á sig samkvæmt gildandi skattalöggjöf, þannig að við bættist skattur af þessari fjárhæð. Það er heldur ólíklegt, að til kæmi um þetta. Þegar svo yfir 45 þús. kr. kemur, verður að rannsaka, hvort sú eignaaukning, sem fram kemur, hefur verið dregin undan tekju- og eignarskatti, og ef það kemur í ljós, á að leggja á eins og talið hafi verið fram á réttum tíma.

Ég held, að ég hafi þá svarað öllum þeim atriðum, sem hv. þm. minntist á. (**HV**: Hvernig er hugsað að ná til erlendra innistæðna?) Því er ekki hægt að svara nema með því, sem stendur í 15. gr., að það er hægt að krefjast skýrslna og spyrjast fyrir um, hvort um erlendar innistæður sé að ræða. Annars er alveg ljóst, að það gildir hið sama um það og um sumar aðrar eignir, sem hér hefur verið rætt um, að það getur verið mjög erfitt eða ómögulegt að grafast fyrir þær rætur. Ég held, að þótt við vildum fara þá leið að spyrja erlenda banka, að t. d. enskir bankar mundu ekki gefa það upp. (**BrB**: Er það upplýst?) Ég held það hafi verið spurt um þetta og enska stjórnin hafi neitað að gefa það upp. Bretar leggja meira upp

úr því en nokkur önnur þjóð, að fullkominn trúnaður geti haldizt milli bankans og viðskiptamanna hans, og er það af því, að þeir hafa haft heimsverzlunina svo lengi, að þá skiptir miklu að hafa trúnað manna. Aftur hef ég heyrt, að Bandaríkin muni, ef þess er farið á leit af erlendum stjórnarvöldum, hlutast til um, að bankarnir gefi upp innistæður erlendra borgara. En þótt svo væri, er þetta ákaflega erfitt, því að bankarnir eru svo margir, og náttúrlega er leið til þess að búa þannig um hnútana, að með öllu sé ómögulegt að komast fyrir um þetta. Það er ekki ólíklegt, að einhver brögð séu að því, að menn eigi innistæður erlendis, en naumast er þar um stórar fjárhæðir að ræða. Það hefur verið þannig, síðan stríðið byrjaði, að allir vöruflutningar hafa verið „kontroleraðir" af ríkisvaldinu, ekki aðeins hjá okkur, heldur einnig erlendis, svo að það er lítt hugsanlegt, að menn hafi dregið undan af útfluttum vörum. Það einasta, sem um er að ræða, er nokkur hluti af þeim umboðslaunum, sem kaupmenn hafa fengið greidd erlendis. Það sýnast vera þær einustu hugsanlegu erlendar innistæður, sem til séu í eigu hérlendra manna. Vitaskuld getur enginn sagt, hve mikil brögð eru að þessu, en hins vegar getur þetta ekki haft verulega fjárhagslega þýðingu.

Ég held svo, að það sé ekki fleira, sem ég hef um þetta mál að segja.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Það mun nú ekki vera ástæða til að halda þessum umr. öllu lengur áfram af minni hálfu. Það er viðurkennt af frsm. meiri hl., að menn standi mjög ójafnt að vígi, að því er snertir aðstöðu til þess að komast undan þessum l., eftir því, hvort þeir hafa mikið umleikis eða ekki. Það er viðurkennt, að þeir, sem hafa mikið umleikis, þ. e. a. s. hinir efnuðu, hafi mesta möguleika til þess að sleppa. Frsm. sagði, að það væri misskilningur hjá mér, að þeir, sem ættu verðbréf, gætu hálftalið fram. Þetta sagði ég nú aldrei, en hitt sagði ég, að launþegarnir og fátæklingarnir ættu sitt fé í sparisjóðsinnistæðum eða peningum, ef þeir hefðu þá ekki lagt þá í íbúðarhús fyrir sjálfa sig. Hins vegar eru margir auðugir menn, sem eiga mikið af verðbréfum, og það eru fáir af þeim mönnum, sem ekki standa að einhverju leyti betur að vígi en aðrir.

Þá sagði frsm., að það væri áhætta að telja rangt fram samkvæmt 15. gr. l. Ég held, að ef skattaframtalið verður framkvæmt eitthvað svipað og verið hefur, þá sé ekki ýkja mikil áhætta.

Þá segir frsm., að hver maður, hvort sem hann er ríkur eða fátækur, eigi kost á að kaupa ríkisskuldabréf og komast þannig hjá því, að fram komi sú eign, sem hann kann að hafa dregið undan skatti. Þetta er rétt. Það var það, sem ég var að segja, að mönnum eru settir tveir kostir og fyrst og fremst hinum smærri, sem eiga sparisjóðsinnistæður og peninga. Menn þessir eiga um það að velja að kaupa ríkisskuldabréf til langs tíma eða vera stimplaðir skattsvikarar. Frsm. sagði, að sér þætti þetta stórt orð og ekki mundi talið, að menn misstu mikið af virðingu sinni, þótt það kæmi í ljós, að einhverjar upphæðir hefðu verið dregnar undan skatti. En sem sagt, menn hafa orðið uppvísir að því að draga undan skatti, og það eru einmitt þeir menn, sem hafa aflað sér nokkurra spariskildinga, sem þeir hafa lagt inn á banka og margir álíta, að þeir hafi gert skattayfirvöldunum fullkomna grein fyrir, ef þeir hafa talið fram til tekjuskatts. Þessir menn eru oft mjög vandir að virðingu sinni og mundi falla það þungt, ef það upplýstist, að þeir hefðu dregið undan skatti.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 977, frá minni hl. fjhn., felld með 11:3 atkv.

1. gr. samþ. með 10:3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

5.—16. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

18.—50. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Á 146. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KG, BBen, BK, EE, GJ, GÍG, JJós, LJóh, PM, SÁÓ, ÞÞ.

nei: ÁS, BrB, PZ, StgrA.

HV, HermJ greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með tilvísun til grg. minnar við 1. umr. segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1025),

---

26. Fjáraukalög 1943.

Á deildafundum 13. maí var útbýtt frá Sþ.:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1943 (stjfrv., A. 811).

Á 52. fundi í Sþ., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Sþ., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 811, n. 955).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.[1])

---

[1]) Samkv. skýrslu lestrarsalsvarðar vantar hér í kafla frá innanþingsskrifara (Má Jóh.), en vel má vera, að þar í hafi ekki annað verið en atkvæðagreiðslan.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 955 samþ. með 32 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Sþ., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 998).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1027).

---

27. Almannatryggingar (frv. heilbr.- og félmn. Nd.).

Á 12. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar (þmfrv., A. 82).

Á 14. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 82, sem hér er til umr., er flutt af heilbr.- og félmn. samkv. ósk félmrn., og er gert í því skyni að gera lögin léttari í framkvæmd. Það felur ekki í sér neinar endurbætur eða breytingar, heldur aðeins viðauka, sem gerir framkvæmd l. auðveldari á fyrsta árinu.

Ég skal nú rekja efni frv.

Fyrsta atriðið er, að iðgjöldin árið 1947 innheimtast með vísitöluálagi, er miðist við 300 stig. Meðalvísitala ársins hefur enn ekki verið reiknuð, og má búast við, að því verði ekki lokið nægilega snemma, en ekki er hægt að bíða lengi með að fara að innheimta iðgjöldin. Er það von okkar, að vísitalan verði ekki mjög fjarri 300 stigum.

Annað atriði er, að skírteinagjaldið 1947 skuli vera 30 kr., jafnt fyrir konur og karla. Í l. er það ákveðið, að það sé ekki jafnt, en það þótti hagkvæmara að hafa það jafnt og skiptir heldur ekki miklu máli, hvort það hækkar hjá öðru kyninu, en lækkar hjá hinu.

Þriðja atriðið er um það, að iðgjöld atvinnurekenda, sem lögð eru á með tekju- og eignarskatti 1947, skuli eigi innheimt, hafi atvinnurekandinn hætt rekstri fyrir árslok 1946.

Fjórða atriðið varðar sjúkrasamlögin, þannig að vangreiðslur iðgjalda hafi í för með sér réttindamissi. Sjúkrasamlögin starfa áfram árið 1947, og því þarf að taka þetta fram.

Fimmta atriðið fjallar um sjúkrasamlagsiðgjöldin. Þau eru mjög misjöfn eftir því, hvar á landinu er. Er hér lagt til, að lágmarksiðgjald verði 60 kr. á ári.

Þetta er það helzta, sem frv. þetta felur í sér. Ég vona, að hv. d. afgreiði þetta mál, því að telja verður þetta nauðsyn, meðan l. eru að koma til framkvæmda. Þar sem frv. er borið fram af heilbr.- og félmn., sé ég ekki ástæðu til að vísa málinu til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 19. fundi í Nd., 18. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Ég óska eftir því, að atkvgr. um þetta mál verði frestað sökum þess, hve fáir þingmenn eru viðstaddir.

Forseti (BG): Ég sé ekki ástæðu til að fresta málinu. Ég sá fjölda þingmanna hér niðri í húsinu rétt áðan. Atkvgr. fer fram, ef hægt er.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, ÓTh, PÞ, SigfS, SB, SG, SK, EystJ, GÞ, GTh, HÁ, HB, HelgJ, HermG, JóhH, JPálm, JörB, BG.
SkG, StgrSt, BÁ greiddu ekki atkv.
14 þm. (KTh, PO, SEH, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GSv, GÞG, IngJ, JS, JJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 20. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og stendur í hinni stuttu grg. fyrir þessu frv., þá er það borið fram eftir beiðni félmrn. Frv. felur ekki í sér neinar efnislegar breyt. á l. um almannatryggingar, sem samþ. voru á síðasta ári, heldur er það borið fram, eins og stendur í grg., í því skyni að gera framkvæmanleg ýmis atriði, sem l. gera ráð fyrir. Tryggingaráð hefur fjallað um þessi atriði, og n. beggja d. hefur verið tjáð af forstjóra tryggingastofnunarinnar og form. tryggingaráðs og skrifstofustjóranum í félmrn., sem voru á fundi með n., að það væri sameiginlegt álit tryggingaráðs, að nauðsynlegt væri, að ríkisstj. fengi slíka heimild, sem hér er gert ráð fyrir varðandi framkvæmd þeirra atriða, sem frv. fjallar um.

Fyrsta atriði frv. er, að iðgjöld samkv. tilvitnaðri gr. verði á árinu 1947 innheimt með vísitöluálagi, er miðist við 300 stig. Í 1. er ákveðið þetta þannig, að iðgjöld skuli innheimt með meðalvísitölu næsta árs á undan, þ. e. a. s. iðgjöldin 1947 ættu að miðast við meðalvísitöluna 1946. Nú er það ekki vitað til fulls enn þá, hver hún verður, en tryggingaráð telur sér nauðsynlegt vegna undirbúnings innheimtunnar og annars, sem þarf að ganga frá nú þegar í sambandi við það, að geta ákveðið, hvert þetta álag verði, og fer þess vegna fram á, að í þetta sinn verði stjórninni heimilað að ákveða, að þessi gjöld skuli innheimta með vísitölunni 300. Má búast við, að meðalvísitala þessa árs verði kannske ekki alveg nákvæmlega þetta, en það getur ekki skeikað verulega. Hún verður áreiðanlega milli 290 og 300, og tryggingaráð hefur talið ekki ósanngjarnt, að miðuð verði við þessa tölu iðgjöld einstaklinga samkv. 107. gr. og iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. og framlög sveitarfélaga samkv. 114. gr.

Annað atriðið, sem frv. fjallar um, er það, að skírteinisgjald, þ. e. a. s. það gjald, sem hinir tryggðu eiga að greiða samkv. 1. fyrir tryggingarskírteini sitt, skuli á árinu 1947 vera 30 kr., jafnt fyrir alla, karla og konur. Í 1. er ákveðið um þetta þannig, að karlar, 21 árs og eldri, skuli greiða 40 kr. fyrir skírteini, en konur og karlar yngri en 21 árs skuli greiða 25 krónur. Nú hefur tryggingaráð og þeir menn, sem gert er ráð fyrir, að annist innheimtuna fyrir tryggingastofnunina, talið það miklu torveldara hvað snertir innheimtu, að hafa tvenns konar gjald fyrir skírteinin og hefur lagt á það áherzlu, að gjaldið verði aðeins eitt, og er því hér lagt til, að í staðinn fyrir 40 kr. og 25 kr. verði farið þarna bil beggja. Upphæðin fyrir skírteinin mundi verða nokkuð svipuð því, sem 1. gera ráð fyrir. Sömuleiðis var ákveðið í 1., að í fyrsta sinn skyldi afhenda hinum tryggðu skírteini þessi 1946, þ. e. a. s. almennu ákvæðin eru, að það skuli afhenda þau í janúar, en sú undantekning var, að í fyrsta sinn skyldi afhenda þau í desember 1946. Nú skilst mér, að undirbúningurinn undir þetta sé svo seint á ferðinni, að tryggingastofnunin telji sig ekki viðbúna að afhenda skírteinin í desember og óskar því eftir undanþágu frá því, þannig að þau verði í fyrsta sinn afhent í janúar 1947, og verður þá um leið krafizt fyrsta iðgjalds til tryggingastofnunarinnar.

Þá er þriðja atriðið, að iðgjöld samkv. 112. og 113. gr., sem lögð eru á með tekju- og eignarskatti 1947, skuli eigi innheimt, ef hlutaðeigendur hafa hætt rekstri fyrir árslok 1946. Það hefur við athugun þótt sanngjarnt, ef einhver aðili, sem haft hefur atvinnurekstur undanfarið og þá greitt til slysatrygginganna iðgjald vegna þeirra, sem hann hefur haft í vinnu, og slíkt gjald mundi þess vegna lagt á, eins og gert er ráð fyrir, með skatti á tekjur þeirra 1946, hættir atvinnurekstri og hefur á þeim tíma, sem gjaldið er lagt á, enga tryggingarskylda menn á þennan hátt í vinnu, þá verði hann ekki krafinn um iðgjaldið, og er þess vegna farið fram á heimild til að fella niður innheimtu á því, þar sem svona stendur á.

Í fjórða lagi er farið fram á, að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1947 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1948 samkv. 132. gr. Nú eru í 1. ákvæði um það, að vangreiðsla á gjöldum til sjúkrasamlags varði réttindamissi, þ. e. a. s. að þeir, sem ekki standa í skilum um greiðslur á sjúkrasamlagsiðgjöldum, hafi ekki fullan og óskertan rétt til sjúkrasamlags samkv. 1. En nú er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlögin starfi ekki lengur en næsta ár, þ. e. a. s. árið 1947, en 1948 komi til framkvæmda 3. kafli tryggingarl. um heilsugæzlu. Í 1. eru engin ákvæði um, að vanskil við sjúkrasamlag næsta ár á undan varði réttindamissi gegn tryggingastofnuninni í heild. Tryggingaráði þykir þess vegna nauðsynlegt að setja inn þennan varnagla í sambandi við yfirfærslu á réttindum manna frá sjúkrasamlagi til tryggingastofnunarinnar í heild, þegar kaflinn um heilsugæzlu kemur til framkvæmda 1948. Þetta er engin efnisbreyt., heldur aðeins ákveðið, að það sama skuli gilda fyrir tryggingastofnunina í heild og nú gildir um sjúkrasamlögin út af fyrir sig.

Þá er loks fimmta atriðið, að lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1947 vera 5 kr. á mánuði. Í bráðabirgðaákvæðum l. er mælt svo fyrir, að á árinu 1947, þ. e. a. s. meðan sjúkrasamlögin starfa áfram, skuli heimilt að lækka almenn tryggingargjöld til tryggingastofnunarinnar um 30%, og er það hugsað þannig, að þessi hluti gangi til starfsemi sjúkrasamlaganna á því ári, en þó megi ekki lækka um meira en sjúkrasamlagsiðgjaldið á viðkomandi stað. Þetta þýðir það, að þar sem iðgjöld sjúkrasamlaga eru lægri en þessi 30%, þá mundi ekki mega taka meira en sjúkrasamlagsiðgjaldinu næmi, en það þýddi það, að sá hluti, sem kæmi til tryggingastofnunarinnar, yrði mismunandi á ýmsum stöðum á landinu. Þetta mundi gera innheimtuna fyrirhafnarmeiri, og tryggingaráðið hefur þess vegna talið nauðsynlegt, að með þessu ákvæði væru því gefnir möguleikar til að hafa þennan frádrátt jafnan alls staðar á landinu, þ. e. a. s. að hægt verði að draga frá öllum iðgjöldunum þessi 30% á hverju verðlagssvæði fyrir sig. Á þennan hátt yrðu það aðeins tvenns konar upphæðir, sem dregnar yrðu frá heildariðgjöldunum. Það munu vera nokkur sjúkrasamlög á landinu, sennilega öll á 2. verðlagssvæði, sem hafa gjaldið innan við 5 krónur, en þó að gert sé að skyldu að hækka gjaldið á þessum stöðum, þá hefur það engin áhrif á útgjöld einstaklinga til tryggingarinnar, því að þar sem gjaldið hækkar úr 3 kr. upp í 5, þar mundu viðkomandi aðilar greiða 2 krónum minna í gjald til tryggingastofnunarinnar. Heildarútgjöldin verða því alveg óbreytt, en það hefur aðeins áhrif á skiptinguna milli sjúkrasamlagsins og tryggingastofnunarinnar. Þetta mundi verða til hagsbóta fyrir starfsemi viðkomandi sjúkrasamlags, af því að það fær vegna þessara ákvæða stærri hlut af iðgjaldinu til eigin starfsemi, en minna, sem fer til tryggingastofnunarinnar í heild, og mundi þannig eflast fjárhagsgeta viðkomandi sjúkrasamlags, en ekki breytast heildarútgjöld hinna tryggðu til tryggingastofnunarinnar í heild.

Ég held, að ekki sé nauðsynlegt að gera frekar grein fyrir ákvæðum frv. Þetta er aðeins um framkvæmd á fyrsta ári tryggingarinnar, en hins vegar ekki nein efnisbreyt. á l. sjálfum, því að að líðnu þessu fyrsta ári falla öll þessi atriði undir almenn ákvæði tryggingal., eins og vera ber. Eins og ég gat um áðan, þá mættu þeir aðilar, sem eiga

að sjá um framkvæmd l., á fundi hjá heilbr.- og félmn. beggja d., og voru báðar n. sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. Frv. hefur nú verið afgr. í Nd. án nokkurra breyt. og fór þar gegnum d., án þess að það fengi frekari athugun í n. en það hafði gert á þessum sameiginlega fundi, og til þess að verða við óskum forstjóra tryggingastofnunarinnar að hraða sem mest framgangi þessa máls, þá vil ég mælast til þess við hæstv. forseta og d., að frv. gangi áfram, án þess að því sé vísað til n. Ég held, að ég megi segja það fyrir hönd n. í heild, að hún telur sig ekki þurfa frekar að athuga það en hún hefur þegar gert, en hún óskar eftir, að málið fái sem fljótasta afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 130).

---

28. Innflutningur og gjaldeyrismeðferð (frv. fjhn. Nd.).

Á 25. fundi í Nd., 27. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð (þmfrv., A. 141).

Á 26. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. hefur tekið við þessu frv. frá fjmrh., en áskilur sér rétt til að hafa óbundnar hendur við afgreiðslu þess. Það hefur orðið ágreiningur um það í n., hvað lögin ættu að gilda lengi, og er sú deila ekki útkljáð enn þá. Nefndin óskar því, að málinu verði á þessu stigi vísað til 2. umr., en hún mun ræða málið áfram og skila þá áliti við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og hv. þd. sér, er með þessu frv. felld niður tímatakmörkun, sem er í l. um gjaldeyrismeðferð. Persónulega verð ég að segja, að ég sé enga ástæðu til að amast við slíku, því að þ. þarf ekki að setja nein l. til þess að passa upp á sjálft sig. Það hefur orðið samkomulag um það hjá meiri hluta fjhn. að halda áfram að takmarka gildi þessara l. og bera upp till. um, að l. þessi falli úr gildi, ekki 1. des., eins og nú er, heldur 1. febr. 1947. Þetta er miðað við það, að stjórnarmyndun er ekki lokið og hætt við, að mikil störf bíði hinnar væntanlegu, nýju stjórnar, og hætt við, að henni ynnist ekki tími til endurskoðunar slíkrar löggjafar. Ég legg ekki fram þessa brtt. við þessa umr., því að þá þyrfti að endurprenta frv. milli umr. Hefur forseti óskað, að 3. umr. fari fram í dag, nú þegar, og færi því bezt á því að leggja till. ekki fram fyrr en við 3. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég verð að segja, eins og form. fjhn., að ég sé enga ástæðu til að hafa á móti því, að þetta verði fellt niður. Hins vegar sætti ég mig við brtt. í þá átt, sem hv. formaður fjhn. lýsti. En að sjálfsögðu verð ég að leggja áherzlu á, að málið fái skjóta afgreiðslu. Mun ég því ekki gera neinn ágreining, þótt málið nái fram að ganga þannig. Leyfi ég mér svo að leggja til við hæstv. forseta, að hann setji fund að nýju, svo að málið geti komizt til Ed. á morgun.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það var rætt um mál þetta í fjhn., og gat ég ekki orðið sammála meðnm. mínum um afgreiðslu á því. Ég álít, að það hefði verið heppilegra, að Alþ. hefði nú tekið fyrir viðskiptaráð, hvernig það hugsar sér það framvegis. Það er reynsla, að það hefur aldrei verið farið að vinna að þessum málum, fyrr en komið var að því, að l. um viðskiptaráð áttu að falla úr gildi. Það fékkst ekki í fyrra að fá fram þær breyt., sem mjög margir álitu heppilegar á þeim l., og nú hefur þessum málum ekki verið hreyft, fyrr en komið er að því, að l. eigi að falla úr gildi, en þá kemur fjmrh. með till. um, að því sé breytt þannig, að það sé ótakmarkað, hve lengi það er látið gilda. Hins vegar er vitað, hve mikil óánægja er með viðskiptaráð. Hefði ég því kosið, ef það hefði verið framlengt nokkuð, að það hefði verið styttri frestur en til 1. febr., því að mín reynsla er sú, að það sé aldrei farið að vinna að þessu, fyrr en komið er að því, að þetta falli úr gildi, og álít ég, að hefði verið heppilegra, að að því hefði verið unnið fyrir nýárið. Því hef ég verið fylgjandi styttri fresti. Ég mun þó ekki bera fram brtt. um þetta til þess að tefja ekki fyrir, ef ljúka á afgreiðslu málsins í dag.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það er ekki langur tími til að athuga þetta mál nú, þar sem það er seint borið fram. En honum er kunnugt um, hvernig á

því stendur. Hann veit, að þetta er eitt af þeim málum, sem stendur í sambandi við væntanlega stjórnarmyndun, og að það er ekki fyrr en nú, þegar séð varð, að ekki yrði úr stjórnarmyndun, að ég taldi ástæðu til að koma með þetta mál.

Skúli Guðmundsson: Ég vil aðeins láta þess getið út af ummælum hv. 2. þm. Reykv., að ég er honum sammála um það, að þörf sé að gera hið fyrsta breyt. á þessum l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð og á framkvæmd þeirra mála, því að það er rétt hjá honum, að það er mikil óánægja með framkvæmd þeirra mála, eins og hún hefur verið hjá þeirri ríkisstj., sem hann m. a. hefur stutt undanfarið. Hins vegar er það svo, að ég tel, að ekki sé hægt nú fyrir 1. des. að koma fram nauðsynlegum breyt. á l., og þess vegna hef ég gengið inn á það með öðrum nm. í fjhn., að l. verði framlengd um sinn, og get ég fyrir mitt leyti gengið inn á 1. febr., eins og um hefur verið talað. Hins vegar mun ekki standa á mér eða mínum flokki að leggja fram nú mjög fljótlega ákveðnar till. um breyt. á þessum l., og ef hægt væri að fá fram breyt. á þeim og lagfæringu nú fyrir jól, mundi ég telja það gott, og gætu þá þær breyt. gengið í gildi fyrr en 1. febr., eins og hv. þm. V-Ísf. benti á, þó að sá frestur verði veittur í bili.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17:1 atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég legg fram fyrir hönd meiri hl. fjhn. þá till., sem ég lýsti við 2. umr., en till. er við 2. gr. og hljóðar svo: „2. mgr. laganna hljóði svo: Lög þessi falla úr gildi 1. febr. 1947." — Vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu till.

Forseti (BG): Mér hefur borizt skrifleg brtt., sem nú var lýst, frá hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ). Brtt. er enn fremur of seint fram komin, og þarf afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 158) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að bera fram brtt. við 2. gr. frv., svo hljóðandi: „Við 2. gr. Greinin orðist svo: 2. mgr. 9. gr. laganna hljóði svo: Lög þessi falla úr gildi 20. des. 1946."
Ég vil svo ekki orðlengja þetta frekar, en álít heppilegra, að viðskiptaráðið láti af störfum fyrir nýár og Alþingi hafi ekki möguleika til neinnar undanlátssemi við sjálft sig. Ég vil svo biðja hæstv. forseta að leita afbrigða.

Forseti (BG): Mér hefur borizt brtt. frá minni hl. fjhn., 2. þm. Reykv. Hún er einnig of seint fram komin og þarfnast tvenns konar afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 159) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 159 felld með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, PO, SigfS, SG, EOl, HermG.
nei: SB, SEH, SkG, StJSt, ÁÁ, GSv, GTh, GÞG, HB, IngJ, JóhH, JS, BG.
16 þm. (KTh, ÓTh, PÞ, SK, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, HÁ, HelgJ, JPálm, JJ, JörB) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Ég vildi gjarnan vinna að því, að komið yrði á nýrri og betri gjaldeyris- og innflutningsmeðferð fyrir 20. des. En ég álít vissara að lengja frestinn nú til 1. febr., til þess að Alþ. þurfi ekki enn einu sinni að framlengja hann, og segi því nei.

Brtt. 158 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 160).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Þegar l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð voru framlengd á síðasta þingi, var sett ákvæði í 9. gr. l. þess efnis, að l. skyldu falla úr gildi 1. des. 1946. Það munu ekki vera skiptar skoðanir um það, að það hefur ekki orðið sú breyting á, frá því l. voru sett 1946, að óhætt sé að leggja niður þá tilhögun, sem verið hefur um innflutnings- og gjaldeyrismeðferð, og það munu heldur ekki skiptar skoðanir um það, að nauðsynlegt sé að halda áfram einhverri stofnun, sem hafi þessi mál til meðferðar. — Að tilhlutun fjmrn. var borið fram frv. í hv. Nd., þar sem lagt var til, að 9. gr. l. yrði felld úr gildi. Afleiðing þessa varð þá sú, að l. voru framlengd óbreytt um óákveðinn tíma. Hv. Nd. vildi ekki fallast á að framlengja l. um ótiltekinn tíma, og er því lagt til, að l. þessi falli úr gildi 1. febr. 1947, og er hugsunin með þessari breytingu sú, að endurskoðun fari fram á l. fyrir þann tíma. Ég verð að segja það eins og það er, að ég álít það orki mjög tvímælis, hvort ástæða sé til að tímabinda l. að nýju, því að vitanlega hefur hv. Alþ. það í hendi sér að endurskoða l. án tillits til þess, hvort þau eru tímabundin eða ekki, og get ég því tekið undir með hv. 1. þm. Eyf. (BSt), hvað snertir þá tilhögun, sem ríkir í þessum efnum, sem sé, að hún orkar mjög tvímælis. Þau einu rök, sem færð verða fyrir þeirri tilhögun, sem komin er á í þessum efnum, eru þau, að ef lagasetning orkar tvímælis, en ákvæði er í l. um niðurfelling þeirra, þá minnir það hv. Alþ. á árlega endurskoðun þeirra, en ég hef þó enn sem komið er fellt mig við, að l. verði afgreidd á þann veg, sem hv. Nd. hefur gert. — Auk

þessara breyt. er svo lagt til, að gerð verði ein smábreyt. á 6. gr. l. Þau ákvæði hafa gilt fram að þessu, að leyfisveitingagjald er greitt, um leið og varan kemur, og innheimt af tollstjóra, um leið og tollur er greiddur. Það hefur borið á því frekar en áður, að menn hafa sótzt eftir að fá gjaldeyrisleyfi, án þess að séð verði, að þeir hafi tryggt sér að fá vöruna keypta og fá útflutningsleyfi fyrir vörunni frá því landi, sem þeir ætla að flytja inn frá. Þetta hefur því orðið til þess, að miklu fleiri gjaldeyrisleyfi eru í umferð heldur en æskilegt væri. Því er hér lagt til, að leyfisveitingagjaldinu verði breytt á þann veg, að það greiðist um leið og leyfi er afhent. Þetta mun verka á þann hátt, að menn munu sækjast síður eftir að fá leyfi, nema þeir hafi nokkuð góðar vonir um að geta fengið vöruna keypta og fengið útflutningsleyfi fyrir henni frá viðkomandi landi. Ég ætla því, að þessi breyt. á l. sé til bóta. — Eins og ég gat um áðan, þá falla l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð úr gildi 1. des. næstkomandi. Það má segja, að óþarflega lengi hafi dregizt að koma fram með frv. um framlengingu á l., en ástæðan til þess er, eins og hv. þm. munu renna grun í, að þetta er eitt af þeim málum, sem allmikið hefur verið rætt um í sambandi við stjórnarmyndun, og þótti því ekki ástæða til að bera fram frv. um framlengingu l. þessara, fyrr en séð yrði fyrir endann á því, hvort stjórnarmyndun tækist fyrir mánaðamót, en sem kunnugt er nú, að verður ekki úr fyrir þann tíma. Ég vil því bera fram eindregin tilmæli til hæstv. forseta, að hann setji fund að þessum fundi loknum og taki þá málið fyrir. Ég skal geta þess, að málið hefur verið til athugunar hjá fjhn., og vil ég því mælast til, að málið verði afgreitt, án þess að því sé vísað til n. En ef hv. d. fellst ekki á það, vil ég mælast til, að hv. fjhn. afgreiði málið tafarlaust. En ef hv. d. fellst á, að ekki þurfi að vísa málinu til n., vildi ég mælast til þess við hv. forseta, að hann setti fund þegar að þessum loknum og tæki málið á dagskrá, því að nauðsyn er, að l. fái staðfestingu þegar á morgun.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það var aðeins lítils háttar fyrirspurn til hæstv. fjmrh. í sambandi við þetta mál, ef það fer ekki til n. Gert er ráð fyrir, að l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð falli úr gildi 1947. Venja hefur það verið í viðskiptaráði, að gjaldeyrisleyfi séu veitt snemma á árinu, jafnvel í janúar, fyrir fyrri helming ársins. Ef á að breyta þessu, vildi ég vita, hvort viðskiptaráðið á að halda umboði til að veita gjaldeyrisleyfi fyrir fyrri helming ársins 1947. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann vilji koma í veg fyrir, að viðskiptaráð veiti þessi leyfi eða ekki, og er undir svari hans komið, hvort ég ber fram brtt. við frv. eða ekki.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það er í sjálfu sér ekki auðvelt að svara fyrirspurn hv. þm. Það fer fyrst og fremst eftir óskum þess manns, sem með viðskiptamálin fer á þeim tíma, sem leyfin eru veitt. Viðskiptaráð mundi að sjálfsögðu ekki láta fara fram leyfisveitingu í janúar, nema viðskmrh. væri því samþykkur. Ég mundi ekki láta fara fram úthlutun gjaldeyrisleyfa, fyrr en séð verður, hvaða afgreiðslu mál þetta fær á Alþ., og er mér nær að halda, að flestir mundu gera hið sama, er svo stendur á sem nú.

Ég efast um, að það sé rétt hjá hv. þm., að leyfisveitingar hafi farið fram í janúar. Ég held þær hafi oftast dregizt fram í febrúar og jafnvel marz, því að fyrr hefur varla unnizt tími til þess. En hvað sem um það er, hygg ég, að þm. þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég álít reyndar, að lögin um innflutning og gjaldeyrismeðferð þurfi ýmissa breytinga við og endurskoðunar. Ég hef einnig orðið var við, að framkvæmdin á þeim þarf ekki síður endurbótar við en lögin sjálf. Ef þetta frv. hefði verið fyrr borið fram, tel ég víst, að flokkur minn hefði reynt að koma fram ýmsum breyt. við þetta mál, og það verð ég að segja, að ef mætti skilja samþykkt Alþ. á þessu frv. sem yfirlýsingu um, að allt ætti að haldast óbreytt, mundi ég ekki treysta mér til að samþykkja það. En þó að þetta frv. sé samþ., hefur Alþ. það á sínu valdi að gera þær ráðstafanir, sem því þykir henta á hverjum tíma.

Ég sé enga bót í, að lögin um innflutning og gjaldeyrismeðferð falli úr gildi 1. des., og get því fallizt á, að sú meðferð sé á höfð, að frv. verði gert að lögum í dag, en það er langt frá því, að ég sé að samþykkja það, að allt skuli haldast í sama formi framvegis.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Auðvitað veit hann ekki, hvað annar maður kynni að gera, en það, sem ég átti við, var, hverjir ættu að veita leyfin, en ég læt mér nægja, samkvæmt upplýsingum hans, að viðskiptaráð mun starfa áfram og veita leyfin, og að því leyti mun ekki um neina breytingu að ræða.

Gísli Jónsson: Þar sem þetta frv. er komið frá n. og fer ekki til n., vildi ég beina fyrirspurn til hæstv. ráðh.

Samkv. 1. gr. skal viðskiptaráð skipað 5 mönnum og 5 til vara, eins og í lögunum stendur, og skal svo vera til 1. febr. Nú vil ég vita, hvort þetta er hugsað svo, að sömu menn sitji í ráðinu sem þar eru. Mér er kunnugt um það, að allfast hefur verið sótt á ríkisstj. frá útgerðarmönnum að fá mann í viðskiptaráð. Að ekki hefur verið fastar eftir þessu sótt, stafar af því, að þeim var ljóst, að l. féllu úr gildi 1. des. En þeir munu ekki sætta sig við, að l. séu framlengd til 1. febr., án þess að kröfum þeirra sé sinnt. Þetta er réttlætiskrafa. Því að útgerðin skapar 80% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar.

Í 2. gr. eru ákvæði um, að ráðh. geti ákveðið um það, hvaða vörur og frá hvaða löndum skuli þurfa leyfi eftir tillögum frá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Verzlunarráði Íslands. Við þetta mun ég bera fram brtt. um, að Landssambandi ísl. útvegsmanna verði bætt hér við, nema ráðh. lýsi yfir, að hann muni leita álits þeirra jafnframt, þegar um slíkt er að ræða.

Það er vitað mál, að sjávarafurðir má selja háu verði í ýmsum löndum gegn því, að vörur þaðan séu keyptar í staðinn, og getur þetta haft mjög mikið að segja. Þannig má t. d. selja þunnildi til Ítalíu fyrir um 1 millj. kr., ef vörur þaðan eru

keyptar í staðinn, og þá vöru er hvergi hægt að selja annars staðar, og sjá allir, hvaða þýðingu þetta getur haft fyrir sjávarútveginn. Og þannig er með ýmsar vörur. Inn á þessa braut var farið fyrir stríð, t. d. með viðskipti við Þýzkaland. Það er því nauðsynlegt, að þeir menn, sem starfa að framleiðslu fisks, hafi hér ítök. Ég mun því bera fram brtt. við 1. gr. um skipun ráðsins, nema ráðh. lýsi því yfir, að tekið verði fullt tillit til óska útvegsmanna, og svo við 2. gr., svo sem ég gat um.

Ég vil benda á, hvort ekki sé rétt að sameina þau ráð, sem hafa með út- og innflutning að gera, og vil benda fjhn. á að afgreiða ekki þann lið, fyrr en séð verður, hvort ekki getur orðið úr þessari samræmingu. Þessar nefndir eru nú þrjár, viðskiptaráð, nýbyggingarráð og samninganefnd utanríkisviðskipta, og til þessara starfa rennur enn þó nokkuð þungt gjald frá útveginum, án þess að séð verði, að til þess liggi bein nauðsyn.

Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh., hvort ekki sé hægt að leggja samninganefnd utanríkisviðskipta niður og hvernig fjárhag hennar sé nú háttað. Varðandi brtt. frá Nd. vil ég benda á, að ef þetta er samþ. óbreytt, er nauðsynlegt að bæta inn nýju ákvæði. Ákvæðunum um endurgreiðslu á leyfisgjöldum, sem eigi eru notuð, þarf að breyta. Það er ekkert réttlæti að taka gjald af leyfum, sem af ófyrirsjáanlegum ástæðum geta ekki komið að notum, svo að endurnýja þarf leyfið, og að viðskiptaráð hafi þá leyfi til að neita um endurnýjun, en halda gjaldinu. Ég tel ekki ástæðu til að taka gjald af leyfum jafnhliða því, sem þau eru veitt, og mun ég bera fram brtt. varðandi það ákvæði, nema hæstv. ráðh. gefi þær upplýsingar, sem ég get sætt mig við.

Ég er ekki á sama máli og hv. 1. þm. Eyf. og hæstv. fjmrh., að ekki sé rétt að tímabinda l. Hæstv. ráðh., sagði, að það væri til þess að minna menn á l. Ég vil benda á, að ef þau eru ótímabundin, geta þau staðið áfram í gildi, án þess að hægt sé að fá þeim breytt, því til þess þarf meiri hluta í Alþ. Ég vil minna á, að á síðasta fundi í þessari hv. d. var brtt., sem var bæði réttlát og sanngjörn, felld með jöfnum atkv. En séu l. tímabundin, er þessi hætta að sjálfsögðu minni.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af fjhn.. Nd., og hæstv. ráðh. bar fram þau tilmæli, að málinu yrði ekki vísað til n. og afgreitt helzt í dag. Sem fulltrúi Alþfl. í fjhn. vildi ég taka fram, að vel má verða við þessum tilmælum hæstv. ráðh., og liggja til þess tvær orsakir. Í fyrsta lagi, að málið er svo einfalt, að af þeim ástæðum er ekki ástæða til að tefja það, og í öðru lagi, að nú standa yfir samningar um myndun ríkisstj., og verða þessi mál vafalaust tekin þar til rækilegrar meðferðar. Tel ég því ekki rétt að gera breytingar neinar á lögunum nú, en þær munu verða gerðar í samningunum um stjórnarmyndun.

Ég vil geta þess út af ummælum hv. þm. Barð., að ef á að fara að breyta frv., mun ég áskilja mér rétt til að leggja til, að málið verði ekki afgreitt í dag, en vísað til n. til athugunar fyrir 3. umr.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Hv. þm. Barð. beindi þeirri fyrirspurn til mín, ef að l. yrðu framlengd, hvort viðskiptaráð ætti að vera eins skipað og áður, þ. e. sömu mönnum. Einnig gat hv. þm. þess, að útgerðarmenn sæktu nú allfast á að fá fulltrúa í ráðið sér til tryggingar.

Mér virtist hv. þm. leggja þann skilning í þetta, að einhverjar stofnanir tilnefndu menn í ráðið, en svo er ekki. Ríkisstj. skipar það, en auðvitað eftir samkomulagi innan hennar, en engin stofnun hefur tillögurétt um mannaval í ráðið.

Mér er að vísu kunnugt um þessar kröfur útgerðarmanna, en við þeim er ekki hægt að verða, og þó að ég hafi gefið vilyrði um að skipa nýjan mann í ráðið, sem vel kann rétt að vera, vil ég ekki kannast við, að útgerðarmenn hafi neinn rétt til að ráða um mannaval í ráðinu. En segja má, að laust sé eitt sæti í ráðinu, síðan Sveinbjörn Finnsson verðlagsstjóri hætti þeim störfum, en verðlagsstjóri á jafnframt sæti í viðskiptaráði. En í verðlagsstjóraembættið var skipaður maður úr viðskiptaráði, en enginn skipaður fyrir hann í ráðið, og þar við situr nú. En ég hef aðeins gefið vilyrði um, að nýr maður yrði skipaður í ráðið, sem útvegsmenn gætu sætt sig við, en við rétt þeirra vil ég ekki kannast. Hv. þm. Barð. lagði áherzlu á þær kröfur útgerðarmanna, að þeir ættu rétt á að fá mann í viðskiptaráð. Þetta get ég engan veginn fallizt á. Ég veit ekki betur — að minnsta kosti síðan ég varð viðskiptamrh. — heldur en að allar sanngjarnar kröfur útgerðarmanna hafi verið teknar að fullu til greina. Þeir fóru fram á það t. d. á öndverðu þessu ári, að innkaupastofnun, sem þeir höfðu sjálfir stofnað, fengi innkaupaheimild fyrir því, sem þeir þyrftu sjálfir til útgerðarinnar. Þetta braut í bága við kvótareglurnar. En eftir að rætt hafði verið við viðskiptaráð, var þetta leyfi veitt, eins og farið hafði verið fram á. Hins vegar geta útgerðarmenn ekki búizt við að fá leyfi til innflutnings á hvaða vörum sem þeim sýnist, og allra sízt á vörum, sem nota á til annarra hluta en útgerðar, né vörum sem bannaður er innflutningur á til landsins.

Hv. þm. Barð. minntist á viðskiptin við Ítalíu, sem nú eru að hefjast, og mér skildist á honum, að hann teldi, að útgerðarmönnum stöfuðu einhver vandkvæði af viðskiptaráði í sambandi við þau viðskipti. Ég kannast ekki við það. Það hefur verið gert allt, sem unnt hefur verið að gera til þess að greiða fyrir þessum viðskiptum, bæði viðkomandi saltfiski og hraðfrystum flökum. Hins vegar hefur ekki verið unnt að fallast á, að útgerðarmenn fengju ráðstafað þessum gjaldeyri, sem þeir afla, að eigin vild. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að vissir innflytjendur taki við gjaldeyrinum og annist um innkaup á vörum, sem þeim þykir heppilegast að fá inn í landið, jafnóðum og gjaldeyririnn kæmi inn. Annað eða meira en þetta get ég ekki séð, að útgerðarmenn eigi réttlætiskröfu á.

Rétt er að minnast á annað atriði í þessu sambandi, af því að ég hef oftar en einu sinni heyrt bæjartal um, að viðskiptaráð hafi torveldað viðskipti við sum af þeim löndum, sem tekin hafa verið upp viðskipti við nú og reynt að selja vörur til, eins og Tékkóslóvakíu, þannig að torvelduð hafi verið í sambandi við gjaldeyrisleyfi vörukaup frá þessum löndum. Strax er samningur var gerður við Tékkóslóvakíu, skrifaði viðskmrh. viðskiptaráði, verzlunarráði og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og lagði fyrir viðskiptaráð að greiða fyrir þessum viðskiptum, svo sem unnt væri, þar

með veitingu gjaldeyrisleyfa. Og ég vil segja, að gjaldeyrisleyfi hafi verið veitt til innkaupa þaðan frjálslegar kannske heldur en til nokkurs annars lands. Og til verzlunarráðs og sambands íslenzkra samvinnufélaga voru gerð tilmæli um, að innflutningsviðskiptum væri beint, svo sem auðið væri, til þessa lands. Ég hygg, að allar þessar stofnanir hafi gert allt, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að auka innflutning frá þessu landi til þess aftur, að hægt væri að örva útflutning þangað. En það hefur torveldað þetta, að það hefur reynzt erfitt að fá vörur, og sérstaklega heppilegar vörur, frá Tékkóslóvakíu. Mér er kunnugt um, að fyrir sumum vörum, svo sem skófatnaði, hafa verið veitt há gjaldeyrisleyfi, svo hægt væri að flytja þær þaðan, en innkaup þó orðið sáralítil, af því að ekki hefur verið hægt að fá vörurnar. Þetta er ekki hægt að kenna viðskiptaráði. Hitt er annað mál, að viðskiptaráð hefur eftirlit með því, jafnt viðkomandi viðskiptum við þetta land sem önnur, að einhver skynsemd sé höfð í viðskiptunum. Þegar t. d. tvær umsóknir koma um innflutning á sama vörumagni af sömu vöru og annað tilboðið sýnir sig að vera á um helmingi dýrari vöru heldur en hitt og ef ekki er hægt að veita bæði leyfin, þá er veitt það leyfið, sem hagkvæmara þykir, og synjað um hitt. Þessari fyrstu fyrirspurn hv. þm. Barð. get ég því ekki svarað á annan hátt heldur en þann, að framlenging l. hefur engin áhrif á það, hvort nýr maður kynni að verða skipaður í viðskiptaráð eða ekki, í það sæti, sem að forminu til að minnsta kosti má telja, að sé nú autt. Og framlenging þessara l., þetta nýja frv., sem hér liggur fyrir, breytir vitanlega engu um það.

Þá spurðist hv. þm. Barð. einnig fyrir um það, hvaða reglur mundu verða látnar gilda í framtíðinni um það, hvaða vörur væru óháðar innflutningsleyfum (**GJ**: Nei). Já, það er hér í byrjun 2. gr. l., þar sem svo er mælt fyrir, að viðskiptaráð hafi þau verkefni með höndum að gera tillögur til ráðherra um það, á hvaða vörutegundum innflutningur skuli vera háður leyfisveitingum og frá hvaða löndum, en ráðh. skuli setja um þetta ákvæði, eftir að leitað hafi verið álits Verzlunarráðs Íslands og Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Hv. þm. Barð. gat þess, að hann mundi vilja gera kröfu um það, að það yrði leitað ekki einungis álits verzlunarráðsins og Sambands íslenzkra samvinnufélaga, heldur einnig útgerðarmanna, í þessu efni. Ég hélt nú, að það þyrfti ekki að gefa þessum hv. þm. upplýsingar um það, að þetta ákvæði hefur fram að þessu verið, því miður, aðeins pappírsgagn. Eftir að þessi l. komu í gildi, síðla á síðasta ári, vildi það nú til, að upplýsingar komu um það frá Bretlandi, að Bretar mundu ekki vilja kaupa neitt af hraðfrystum fiski eftirleiðis af okkur. Það var álitið þá, að þetta hefði svo verulega breyt. í för með sér fyrir útflutningsverzlun landsins, að ekki þótti fært að slaka neitt til á innflutningshömlunum. Og þá var gefin út auglýsing um það, að allar innfluttar vörur væru eftir sem áður, þrátt fyrir þá breyt., sem gerð var á l. í fyrra, háðar innflutningsleyfum. Nú réðst betur úr þessum málum, eins og kunnugt er, heldur en vonir stóðu til í upphafi. Hraðfrysti fiskurinn var seldur til Rússlands og Suður-Evrópu fyrir hagkvæmara verð heldur en hafði verið á honum áður. Ég áleit, að nú væri kominn tími til að undanþiggja ýmsar vörur innflutningsleyfum. Um þetta var rætt í ríkisstj., en aldrei gat orðið samkomulag um það þar að slaka til á innflutningshöftunum. Og var svo mikil áherzla lögð á það að gera það ekki, að ég sá mér ekki fært á eigin spýtur án samþykkis minna samverkamanna að gera það. Ég álít þetta illa farið. Ég álít, að frjáls innflutningur á brýnustu lífsnauðsynjum mundi fljótt verka á þann hátt, að verðið lækkaði á þeim. Það mundi skapa grundvöll að frjálsri samkeppni um að selja þessar vörur. Innflytjendur mundu þurfa að hugsa meira um það en áður að gera hagkvæm innkaup. Og sú hvöt, sem innflytjendur fengju um það að vanda innkaup sín, mundi ótvírætt verða til þess að lækka verð á þessum vörum. Það hefur sýnt sig, bæði fyrr og síðar, að verðlagseftirlitið er ekki nægilegt til þess að halda niðri vöruverðinu. Og ég býst við, að það mundi reynast erfitt að koma því í það horf, að það eitt út af fyrir sig nægði til þess, að verðið yrði hóflegt. — En þetta ástand hefur sem sagt haldizt, og þýðir náttúrlega ekki um það að sakast. En afleiðing þess er hins vegar sú, að það hefur enga þýðingu, hvaða álits er leitað um innflutninginn, því að það eru allar vörur háðar innflutningsleyfum. Annars verð ég að segja, að ég mundi eiga ákaflega erfitt að finna rök fyrir því, að það ætti að leita sérstaks álits útgerðarmanna um það, hvaða vörur ætti að flytja til landsins. Ég held, að þeirra þarfir séu ákaflega svipaðar og annarra landsmanna að öðru leyti heldur en því, að þeir fái þær vörur, sem þeim eru nauðsynlegar atvinnu sinnar vegna. Og ég held, að enginn maður hafi reynt að leiða rök að því, að nokkru sinni hafi verið neitað um innflutning á þeim vörum. *Ég hygg það alveg víst, að svo hafi ekki verið.* Með þessu tel ég, að annarri fyrirspurn hv. þm. Barð. sé svarað.

Þá spurðist hv. þm. Barð. fyrir um það, hver ætlun væri um það að sameina útflutning og innflutning, þ. e. a. s. að setja undir einn hatt, ef svo má segja, innflutningsverzlunina og útflutningsverzlunina. Ég get náttúrlega illa svarað því, hvaða ráðagerðir eru um það. Ég hef heyrt þessu hreyft nú. Og það hafa komið fram uppástungur í þessa átt í sambandi við umr. um stjórnarmyndun. En hvað úr því verður, get ég náttúrlega ekki sagt. Það má vel vera, að það sé ýmislegt, sem mælir með því að hafa þetta hvort tveggja undir einni og sömu stofnun. En hins vegar hygg ég þó, að ýmis vandkvæði yrðu á því. Það mundi verða erfitt, að minnsta kosti með því að hafa nefndirnar ekki fjölskipaðri heldur en þær eru nú, að láta þær ráða yfir þeirri þekkingu, sem nauðsynleg er til þess að standa fyrir hvorum tveggja málunum. Þar fyrir vil ég alls ekki fullyrða, að þetta væri ókleift.

Þessi hv. þm. spurðist einnig fyrir um það í sambandi við samninganefnd utanríkisviðskipta, hvort ætlunin væri að halda henni áfram starfandi og hvernig fjárhagur hennar væri. Því er ekki að neita, að verksvið samninganefndar utanríkisviðskipta hefur færzt mjög mikið saman. Þessi nefnd hafði um eitt skeið á hendi samninga um meginhlutann af útflutningsvörum okkar; seldi hann eða annaðist um sölu á honum, og yfirleitt þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í sambandi við utanríkisverzlunina, þ. á m. veitingu útflutningsleyfa. Og það verk hefur hún enn þá að veita útflutningsleyfi að talsvert miklu leyti. En nú er

annars mjög breytt um starf þessarar nefndar. Bæði hefur ríkið sjálft með sérstökum samningum selt allmikið af framleiðslu þessa árs að minnsta kosti og annazt um sölu á öðru með sérstökum samninganefndum. Og innflutningur og útflutningur einstaklinga fer nokkuð vaxandi. Hins vegar er það svo, að einhver stofnun verður að hafa á hendi eftirlit með útflutningnum og einhverri stofnun verður að vera falið að veita útflutningsleyfi. Og í sambandi við veitingu útflutningsleyfa er nauðsynlegt að rannsaka verðlag á þeim vörum, sem sótt er um útflutning á, og fylgjast með, hvert verð má telja hæfilegt á þeim útfluttu vörum. — Ég held, að það væri naumast fært, að minnsta kosti eins og viðskmrn. er nú skipað, því að þar er mjög lítið starfslið, að láta það ráðuneyti hafa þetta starf með höndum, sem samninganefnd utanríkisviðskipta hefur haft. Einhverjum yrði að fela störf nefndarinnar. En mér skilst, að það eina, sem orðið gæti til þess að láta samninganefnd utanríkisviðskipta hætta störfum — en um þetta get ég ekkert sagt á þessum tíma — sé það, að sameinuð yrði stjórn útflutnings- og innflutningsverzlunarinnar. Þá gæti vitanlega mjög vel komið til mála og væri jafnvel sennilegt, að þeirri stofnun, sem með þau mál færi, eða þeim sömu mönnum, væri einnig falið að taka við störfum samninganefndar utanríkisviðskipta.

Um fjárhag þessarar stofnunar get ég ekki upplýst nú. Ég hef ekki grennslazt eftir því, hvernig ástatt er um hann. En sennilegt er, að sjóður stofnunarinnar hafi heldur vaxið heldur en minnkað, því að kostnaður hygg ég, að hafi talsvert minnkað á þessu ári.

Þá gerði hv. þm. Barð. þá aths. við 2. málsgr. 1. gr., að hann sagði, að ekki væru nein ákvæði um endurgreiðslu á leyfisbréfagjöldum, ef leyfin eru ekki notuð. Ég er á annarri skoðun en hv. þm. viðkomandi þessu atriði. Þetta ákvæði er sett í frv. í því skyni að koma í veg fyrir, að menn séu að leika sér með innflutningsleyfin, til þess, að menn séu ekki að biðja um að fá innflutningsleyfi til þess að spekúlera með þau án þess að vita, hvort þeir geta fengið vörur eða ekki. Ef þeir vita nokkurn veginn, hvort þeir geta fengið keyptar vörur til innflutnings, þá er engin hætta hjá þeim í sambandi við að hafa greitt leyfisbréfagjaldið. Og ég held, að jafnan hafi verið veitt framlenging á leyfum, þegar menn hafa sýnt fram á, að þeir geti fengið keyptar vörur, og ef leyfi eru framlengd, er ekkert aukagjald fyrir þau. En það er öðru máli að gegna undir þeim kringumstæðum, þegar menn geta ekki notað leyfin. En ég er sannfærður um það, að það er nauðsynlegt að setja þennan hemil, að leyfisbréfagjöldin séu greidd við móttöku, á það, að menn séu að biðja um innflutningsleyfi út í loftið. Því að ég er sannfærður um, að sú óánægja, sem jafnan hefur verið út af þessum leyfisveitingum — og sjálfsagt mun jafnan verða einhver óánægja út af þeim málum, sem kannske hefur þó sjaldan verið minni en einmitt nú, frá því þessi tilhögun hefur verið tekin upp hér á landi — en sú óánægja, sem nú er út af þessum málum, stafar ekki sízt af þessu, að synjað hefur verið oft um innflutningsleyfi fyrir vörum, af því að búið hefur verið að veita innflutningsleyfi fyrir svo miklu af vörum, en vörurnar svo ekki komið. Þeir, sem geta fengið keyptar vörur, eru svo óánægðir og segja: Ég fæ ekki að kaupa inn vörur, af því að einhverjir angurgapar, sem ekkert vita, hvað þeir eru að gera, eru búnir að fá leyfi áður. — Mér finnst vorkunn, þó að mönnum þyki þetta ekki gott. En þó að tafir verði á flutningi á vörum, t. d. vegna verkfalla, þá stafar innflytjendum engin hætta af því. Ef menn sýna fram á, að þeir muni geta fengið vörur keyptar og útflutningsleyfi fyrir þeim, þá fá þeir innflutningsleyfi, ef æskilegt þykir að fá vörurnar til landsins.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Aðalefni þessa frv. er það að framlengja l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð. Svo er í frv. eitt ákvæði, sem ekki beinlínis snertir þetta og raunverulega hefði ekki átt að vera í þessu frv., vegna þess að tilgangurinn með því er aðeins sá að framlengja l., en ekki að endurskoða þau. Ég álít, að það séu aðeins tveir kostir fyrir hendi í þessu máli. Annar er sá, að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, m. ö. o. samþykkja framlengingu á þessum l., sem sennilega flestir eru sammála um, að sé nauðsynlegt. Hinn kosturinn er sá að taka l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð til endurskoðunar. Og ef það er gert, er hætt við, að fleira komi til greina heldur en það eitt, sem hv. þm. Barð. gerði hér að umtalsefni, aðstaða útvegsmanna. Það líta margir svo á í landinu — það er áreiðanlegt —, að meðferð þessara mála sé ekki réttlát, og að það sé að sumu leyti l. að kenna og að sumu leyti framkvæmdinni á þeim, t. d. að gjaldeyrisfyrirkomulagið skapi eins konar einokunaraðstöðu þeirra, sem innflutninginn hafa haft, og útþenslumöguleikar nýrra fyrirtækja og reyndar annarra séu hindraðir. Ef það á á annað borð að fara að taka l. sjálf til meðferðar og endurskoðunar, þá er ég hræddur um, að það veiti ekkert af því að vísa frv. til n. Og ég held meira að segja, að það veiti ekkert af því, að n. hafi nokkurn tíma til umráða til þess að starfa að athugun frv. Og gæti þá svo farið, að l., sem nú gilda og hér er stefnt að að framlengja, féllu úr gildi núna í vikunni, og þessi mál yrðu sem sagt þar með stjórnlaus, sem ég hugsa að enginn óski eftir. — Og ég segi það, að ef hv. þm. Barð. eða aðrir fara að bera fram brtt. um að breyta l. sjálfum, þá mun ég óska eftir, að þeirri umr., sem þær brtt. eru bornar fram við, verði frestað og málinu vísað til n. Ég álít, hvort sem þessar brtt. eiga rétt á sér eða ekki, að það sé óforsvaranlegt að fara að bera fram brtt., sem þýða breyt. á l. sjálfum, við frv., sem í raun og veru er ekki um annað en að framlengja ákveðin l., og ætlast svo til, að frá því verði gengið á skyndifundi á einum degi. — Ég og mínir flokksmenn munu greiða atkv. með frv. eins og það liggur fyrir, því að við álítum þessa framlengingu l. nauðsynlega. En það eru margar breyt., sem við óskum eftir, að gerðar verði á þessum l. í heild sinni, alveg eins þýðingarmiklar eins og þær, sem hv. þm. Barð. er hér að orða. En hvað bíður síns tíma. Og það er ekki á nokkurn hátt hindrað, þó að þetta frv. verði samþykkt óbreytt og verði að l., að menn geti borið fram frv. um breyt. gjaldeyrisl. eða alveg frv. um ný gjaldeyrisl. Því að þó að svo standi í þessu frv., að l. skuli framlengd, þá er það auðvitað mál, að það bindur ekki þingið á nokkurn hátt, þannig að það geti ekki alveg eins sett nýja löggjöf um þessi

mál, ef þinginu svo sýnist. — Þetta vildi ég nú biðja hv. þm. Barð. að athuga, að breyt. nú á l. sjálfum, ef samþykki næðu, hljóta að trufla gang þessa máls og gera það hæpið, að l. verði framlengd fyrir 1. des. n. k.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Eyf. vil ég benda á það, að ég vonast þá til þess, að sá hv. þm. fylgi mér að málum í því að fella niður 1. gr. frv. alveg, ef ég ber ekki fram brtt. við frv. Getur verið, að ég sættist á það að bera engar brtt. fram við frv., ef sú gr. verður felld niður, og alveg sérstaklega eftir yfirlýsingu hæstv. ráðh. Ég tel það algerlega óviðeigandi að setja þessa meginbreyt. í l. á þessu stigi málsins, ef ekki má breyta l. á öðrum sviðum. Ég er ekki viss um, að menn geri sér ljóst, hvaða áhrif þessi breyt. hefur, nefnilega þau, að fjársterkustu fyrirtækin á landinu eru öruggust um það að geta flutt inn vörurnar. Og í sambandi við það vil ég benda á, að mér er tjáð, sem ég hygg rétt, að á þessu ári hafi verið veitt mjög mikil timbur-innflutningsleyfi á Sviþjóð, en sem fyrst um sinn koma eingöngu til hagnaðar fyrir alveg ákveðin fyrirtæki, sem var fyrir það, að útflutningur fékkst ekki frá Svíþjóð til annarra fyrirtækja íslenzkra en þeirra, sem fyrst og fremst gætu símað til útflytjendanna sænsku númer á sínum leyfum og í öðru lagi gætu tryggt flutning á timbrinu hingað, sem vitanlega gátu hinir fjársterkustu aðilar. En margir aðilar, sem fengu innflutningsleyfi fyrir sænsku timbri, urðu því að sæta þeim neyðarkjörum að taka innflutning á timbri frá Rússlandi, en síðar hafa þeir svo fengið aðstöðu til að nota innflutningsleyfið á Svíþjóð, sem var hagkvæmara. Þeir hafa því orðið að láta innflutninginn frá Svíþjóð falla niður eða fá innflutning frá báðum þessum stöðum. En þessi fyrirtæki, sem fjársterk voru, voru búin að hlaða skipin í Svíþjóð, áður en hægt var að gefa út hér heima til hinna smærri númer á innflutningsleyfum þeirra fyrir timbri.

Ég hef ekki þá sögu að segja af viðskiptaráði, að ég treysti því eins og Guði almáttugum. Síður en svo. Og ég vil síður en svo gera vald þeirra meira, sem í því eru, þannig að þeir geti beitt ákvæði 1. gr. þessa frv. samkv. þeirri aðferð, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir. Og ef hv. þd. samþykkir þessa breyt., sem felst í 1. gr. frv., tel ég, að ég hafi óbundnar hendur til þess að koma með till. um hverja þá breyt. á l., sem ég teldi nauðsynlega, við 2. eða 3. umr. þessa máls. En ef samkomulag verður um það að breyta engu í l. sjálfum, heldur aðeins að framlengja l. til ákveðins tíma, liggur málið öðruvísi fyrir. Þá get ég fallið frá því að bera fram brtt. við frv. í trausti þess, að hæstv. ráðh. taki þessi mál til rækilegrar athugunar, sem ég veit, að hann hefur vilja á að gera.

Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir hans greinagóðu svör. Ég þurfti ekki upplýsingar um það að vísu út af fyrir sig, að engin væri sú stofnun til, sem gæti tilnefnt menn í viðskiptaráð. Mér var það ljóst. En það er deilt um það, hvaða rétt útvegsmenn eigi að eiga til þess að eiga fulltrúa í viðskiptaráði, og þar erum við, hæstv. ráðh. og ég, ekki alveg á sama máli. Ég vil ekki viðurkenna, að verzlunarstéttin — með allri virðingu fyrir þeirri stétt — á nokkurn hátt geti átt hálfan rétt á móts við þá aðila, sem framleiða gjaldeyrinn, til þess að eiga fulltrúa eða ráðgjafa til að ráða um það nokkru, hvernig gjaldeyrinum er varið, sem útgerðarmenn afla (**SÁÓ:** Það er fleira fólk, sem vinnur að þessu.) Ég veit, að vinnandi stéttin hefur sinn aðila í viðskiptaráði, og sé ég ekki ofsjónum yfir því. En ég tel, að það sé ekki heppilegt á neinn hátt — og það mun sýna sig í framtíðinni —, að einmitt þeir menn, sem standa að framleiðslunni, hvort sem það er heldur vinnandi stéttin eða útgerðarmenn sjálfir, eigi enga aðila í viðskiptaráði. Og nú er það svo um Landssamband íslenzkra útvegsmanna, að þar eru að miklum meiri hluta menn úr hinni vinnandi stétt. Því að hlutarsjómenn eru mikill meiri hluti þeirra manna, sem eru í því félagi, menn, sem lifa eingöngu á sinni vinnu. Og ég tel, að það sé rangt og ósæmilegt að útiloka þá menn frá því að geta að minnsta kosti vitað um, hvað sé gert við þann gjaldeyri, sem þeir eru að afla. Og það fyrirkomulag getur alls ekki orðið til frambúðar.

Hins vegar finnst mér ekki, að fyrir það þurfi að þakka alveg sérstaklega, þó að útvegsmönnum sé ekki synjað um gjaldeyrisleyfi til innflutnings á nauðsynlegum vörum til síns atvinnurekstrar. Þó finnst mér, að mönnum, sem í viðskiptaráði eru, finnist, að það sé eitthvert náðarbrauð, sem þeir veita. Ég minnist þess frá árunum 1930—1939, þegar allur gjaldeyririnn var tekinn af útgerðarmönnum og þeim var neitað um gjaldeyri til þess að endurnýja sín útgerðartæki. Og ég þekki vel, að það var þó þeirra verk, útgerðarmannanna, að það var þó töluvert aukin á því tímabili gjaldeyrisgeta þjóðarinnar, þrátt fyrir alla rangsleitni, sem útvegsmenn voru beittir á þeim árum. Og ég held, að þjóðinni væri ekki hollt að fara inn á þá braut aftur.

Hæstv. viðskmrh. taldi, að það mundi sennilega verða erfitt að fá menn með nægilega þekkingu, ef ætti að steypa saman stjórn eða eftirliti með innflutningnum og útflutningnum og setja undir eitt og sama ráðið. Ég verð að segja, að mér finnst, að sumir aðilar, sem valdir hafa verið á öllum tímum í viðskiptaráð og viðskiptanefndir, hafi ekki verið algerlega valdir með það fyrir augum, að þeir hefðu þekkingu á málunum, sem þeir hafa átt um að fjalla. Ég vil ekki benda á neinar persónur í því sambandi. En ég er ekki einn um það að segja, að þar hafi fyrst og fremst verið önnur sjónarmið, sem farið hafi verið eftir, heldur en að þeir menn væru sem færastir um sitt starf.

Mér þykir nauðsyn bera til þess, að þessi mál öll verði tekin til rækilegrar athugunar síðar og að reynt verði að sameina þessar stofnanir, sem hér er um að ræða, eins og hér hefur verið minnzt á. Skal ég svo ekki halda uppi frekari umr. um þetta mál, nema tilefni gefist til.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessari síðari ræðu hv. þm. Barð. Hann talaði um það sem höfuðbreyt. á l., sem þetta frv. er um framlengingu á, að lagt er til, að leyfisgjaldið vegna innflutningsleyfa skuli vera innheimt um leið og leyfi er gefið út, en ekki um leið og varan kemur hingað.

Ég játa, að ef ég hefði litið svo á, að hér væri um höfuðbreyt. að ræða á l., þá hefði mér ekki dottið í hug að bera þetta fram. En þetta er borið fram af því, að gert var ráð fyrir, að enginn maður hefði

neitt við það að athuga, að þessi leiðréttíng færi fram á l., um leið og l. voru framlengd. Hér er verið að reyna að koma í veg fyrir ósið, sem komizt hefur á í þessu efni. Það er verið að reyna að bæta úr ágalla, sem fram hefur komið, að er á l., og það er ekki hægt að sjá, að það geti orðið til tjóns fyrir nokkra aðra heldur en þá, sem — svo maður taki sér í munn venjulegt orðtak — eru að braska með innflutningsleyfin. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir þetta oft kallaða brask, og hér er um ekkert annað að ræða, sem sé tilgangurinn með þessari breyt. Það er því alls ekki verið að reyna að ná sér niðri á þeim mönnum, sem reka innflutningsverzlun á eðlilegan og heilbrigðan hátt. En það sjá allir, að það er ótækt, að menn séu að verzla með innflutningsleyfin, kannske árum saman, án þess að fá nokkurn tíma að taka vörur út á þau, og hindra á þann hátt, að aðrir menn, sem hafa miklu betri rétt til innflutnings, sem geta veitt þá þjónustu, sem þjóðfélagið óskar eftir, fái að rækja sitt starf.

Ég get ekki skilið, að þessi breyt. geti orðið til gagns fyrir fjársterkustu fyrirtækin, enda þótt hv. þm. Barð. talaði hér í umr. um einhverja séraðstöðu þeirra fyrirtækja, eins og þau nytu einhverra forréttinda á einhvern hátt, og vitnaði hann í timburkaup frá Svíþjóð og Rússlandi. Það gildir hið sama um timburkaup frá Rússlandi og Svíþjóð, að borga þarf vöruna frá þessum báðum löndum, áður en henni er skipað um borð, og það er misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að aðstöðumunur manna um innkaup frá þessum löndum á timbri stafi af einhverri ástæðu í sambandi við veitingu innflutningsleyfa. Ástæðan er sú, að menn, sem fá lítil innflutningsleyfi, eiga óhægara með að fá vöruna innflutta, nema þeir sameini sig um flutning á henni til landsins eða fái þá stóru til þess að taka hana með í sín skip, og þessir erfiðleikar koma jafnt til greina, hvort sem leyfisgjaldsgreiðsla fer fram um leið og innflutningsleyfi er veitt eða eftir á. Það er vitanlegt, og hv. þm. Barð. veit það kannske betur heldur en margir aðrir, hve mikill aðstöðumunur er yfirleitt á milli þess að reka viðskipti í stórum stíl eða smáum stíl.

Ég þarf ekki mörgu við það að bæta, sem ég áður sagði viðvíkjandi kröfum þeim, sem hv. þm. Barð. ber fram um rétt útvegsmanna til þess að fá fulltrúa í viðskiptaráð. Ég skal fúslega játa, að langtum æskilegra væri, að viðskiptaráð væri þannig skipað, að það væri einhver sá maður í viðskiptaráði, sem útvegsmenn treystu sérstaklega til að sjá fyrir hagsmunum þeirra. En hv. þm. verður að gera sér það ljóst, að ef sú leið væri valin að veita útgerðarmönnum með l. rétt til þess að fá fulltrúa í viðskiptaráð, mundu aðrar stéttir koma, sem þættust hafa ekki minni rétt heldur en útgerðarmenn í þessum efnum, — og ekki sízt fyrir það, að ég hygg, að útgerðarmenn séu sú stétt landsins, sem sízt þarf að kvarta um það að hafa ekki fengið uppfyllt sínar óskir um innflutning. Það hefur orðið að takmarka mjög verulega innflutningsheimildir, sem komið hafa frá flestum eða öllum öðrum stéttum þjóðfélagsins. En ég hygg, að það muni vera erfitt að finna dæmi þess, að útgerðarmönnum hafi verið neitað um innflutning á vörum, sem þeir hafa þurft vegna atvinnu sinnar. — Heldur hv. þm. t. d., ef útgerðarmenn fengju þessum kröfum hans framgengt, að það liði á löngu, þangað til kannske fullt eins háværar kröfur um hið sama kæmu frá iðnaðinum um að fá fulltrúa í viðskiptaráð? Ég nefni þessa stétt, en það mundu áreiðanlega fleiri stéttir koma með sömu kröfu einnig, að ég ekki tali um, hvaða kröfur verzlunarstéttin sjálf mundi gera í þessu efni. Hún mundi, og vafalaust með nokkrum rökum, geta sagt, að innflutningurinn skipti hana sem stétt ekki minna máli heldur en aðrar stéttir í þjóðfélaginu. — Ég lít svo á, að það væri ekki vel farið, að nokkur sérstök stétt hefði fulltrúa í viðskiptaráði. Ég held, að heppilegra sé, að þeir, sem í því ráði eru, líti á sjálfa sig sem embættismenn, sem eigi að koma algerlega hlutlaust fram og eigi að líta á málin frá hagsmunasjónarmiði þjóðfélagsins í heild sinni, en ekki frá stéttarhagsmunasjónarmiðum, hvorki einnar stéttar né annarrar, og heldur ekki þeirrar stéttar, sem kannske er tilhneiging til að hlynna sérstaklega að, eins og útvegsmannastéttinni. Ég held, að heildarsvipur viðskiptaráðs verði einna skemmtilegastur með því, að það líti á sig sem sagt í þjónustu þjóðfélagsins í heild, en ekki í þjónustu stéttanna í þjóðfélaginu.

Hv. þm. Barð. talaði um það, að á árunum 1930—1939 hefði verið illa búið að útgerðarmönnum og að þeir hefðu þá ekki getað fengið innflutning á þeim tækjum, sem þeim voru nauðsynleg. Það þýðir náttúrlega ekki að fara að ræða um þetta mál nú. En ég held áreiðanlega, að ekki sé ástæða til að brigzla því viðskiptaráði, sem hefur haft þessi mál með höndum nú undanfarin ár, að það hafi fetað í fótspor fyrirrennara sinna, ef það er rétt, sem hv. þm. Barð. segir um það viðkomandi þessum árum, 1930—1939. (**BSt**: Það er nú mikið efamál.) Já, ég býst líka við, að það sé nú. — Hv. þm. Barð. talaði um, að ekki væri hægt að sjá, að þessir menn, sem farið hafa með innflutningsmálin, hefðu neina sérþekkingu á viðskiptamálum þjóðarinnar. Um þetta má náttúrlega deila til eilífðar. En ég held, að ef hv. þm. Barð. rennir augum yfir þá menn, sem nú eru í viðskiptaráði, þá hljóti hann að komast að þeirri niðurstöðu, að yfirleitt hafi þeir menn fengið þann undirbúning fyrir sitt starf þar, að þeir hafi þá þekkingu á viðskiptamálum þjóðarinnar, sem nauðsynleg er til þess að geta innt þessi störf af hendi sómasamlega. Hitt verður alltaf ágreiningur um, hvernig þetta tekst. Og vitað er, að stjórn innflutningsmálanna er eitthvert vanþakklátasta verk, sem unnið hefur verið í þessu þjóðfélagi. Þessir menn, sem hafa haft þessi störf með höndum, hafa verið taldir vargar í véum, og jafnvel þó að þeir hafi rækt sín störf eftir beztu samvizku.

Gísli Jónsson: Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda hæstv. viðskmrh. á, að ég tel reginmun á því, hvort teknar eru til greina óskir og kröfur frá mönnum í þessu efni, sem um hefur verið rætt hér, sem skapa gjaldeyri, eða hins vegar frá öðrum, sem eyða honum. Og það er það, sem viðskiptaráð — ekki aðeins það, sem nú er, heldur einnig, og kannske miklu frekar, þeir, sem með viðskiptamálin hafa farið í þessu efni, áður en viðskiptaráð það starfaði, sem nú situr — lokuðu augunum fyrir. Og við höfum enga tryggingu fyrir, að þeir, sem starfa eftir þeim l., sem við nú

eigum að framlengja, verði þeirrar skoðunar, að það beri að hlynna að þeim mönnum um gjaldeyri, sem skapa nýjan gjaldeyri, sem þjóðarbúið fær og viðskiptaráð á að hafa með að gera. Það dæmi er til frá undanförnum árum, að útgerðarmönnum var neitað um að nota timbur, sem þeir höfðu fengið innflutning á, til þess að byggja frystihús, sem síðan hefur flutt út fyrir tvær til þrjár millj. kr. á ári. Og þeir, sem stóðu að byggingu þess, urðu að fara alls konar krókaleiðir til þess að geta fengið það, sem þeir þurftu til byggingarinnar. Og ég óska ekki eftir, að slík vinnubrögð verði ríkjandi hjá viðskiptaráði. Stundum hefur kannske ekki verið nógur gjaldeyrir til að veita innflutningsleyfi út á. En stundum hefur hann verið nógur, en samt neitað um nauðsynlegan innflutning, og við það hefur oft orðið að búa, síðan viðskiptaráð var stofnað. Ég ætla ekki að ræða um neinar sérstakar persónur hér í þessu sambandi, en gæti vel bent á nóg til sönnunar því, að það hafa síðan l. voru sett um viðskiptaráð, verið valdir í það margir menn þannig, að ekki hefur verið litið fyrst og fremst á það, hvort þeir hefðu þekkingu á þeim málum, sem þeir áttu þar að *starfa að*.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég vildi aðeins benda hv. þm. Barð. á, að þessi skoðun, sem kemur nú fram hjá honum, um það, að erlendi gjaldeyririnn sé einhvers konar einkaeign útflytjandans, er orðin algerlega úrelt. Einkaeign hans eru þeir fjármunir, sem hann fær innanlands fyrir *sínar* útfluttu afurðir. En erlendi gjaldeyririnn, sem skapast fyrir útflutninginn, á ekki að skapa útgerðarmönnum nokkra sérstöðu eða sérréttindi, heldur koma til nota þjóðfélaginu í heild sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, PZ, PM, SÁÓ, BSt, KJJ, EE, GÍG, HV, ÞÞ.
nei: GJ.
StgrA, ÁS greiddu ekki atkv.
4 þm. (HermJ, LJóh, BK, BrB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Ég get að vísu játað það, að þessi gr. á tæplega heima í frv., því það er borið fram til þess að framlengja l., eða það skilst mér vera megintilgangur frv., en á hinn bóginn finnst mér þetta ekki það stórvægilegt atriði, að ég sjái ástæðu til þess að hrekja málið til Nd. vegna þess atriðis, og jafnvel kannske þá að setja það í þá hættu, að það öðlist ekki gildi á þeim tíma, sem það þarf að öðlast gildi, og segi því já.

Hannibal Valdimarsson: Ég tel það raunar rétt, að eðlilegra hefði verið, að eingöngu hefði verið um framlengingu laganna að ræða, en þar sem sú breyting, sem hér hefur slæðzt inn í, er **ekki** stórvægileg og mér virðist hún vera fremur til bóta, segi ég já.

2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. 1. gr. þessa frv. hefur nú verið samþ. við 2. umr., og það hefur ekki verið gefinn tími til þess að athuga þetta frv. í n. né til þess að bera fram við það brtt. Ég mun því ekki tefja málið hér á þessu stigi, þar sem það er einnig hægt að koma fram með till. til breyt. á l. síðar. Ég mun því sitja hjá við atkvgr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 166).

---

29. Bráðabirgðafjárgreiðslur 1947 (frv. GJ o. fl.).

Á 35. fundi í Ed., 17. des., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947 (þmfrv., A. 226).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. *of seint fram komið og of skammt liðið* frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Með því að sýnt er, að fjárl. fyrir 1947 verða ekki afgr. fyrir áramót, þá er nauðsyn að veita heimild til þess í sérstökum l., að greiðslur fari fram úr ríkissjóði, og hefur hæstv. fjmrh. óskað eftir því, að fjvn. beitti sér fyrir því, að frv. um þetta efni yrði flutt. Hefur minni hl. n., sem á sæti hér í hv. d., orðið við tilmælum hæstv. ráðh. og flutt frv. á þskj. 226.
Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að upplýsa, að vegna þess að sú ríkisstj., sem nú situr að völdum, er aðeins til bráðabirgða, hefur ekki þótt rétt að afgreiða fjárlagafrv. til 2. umr., og það hefur aðallega tafið málið í n., sem að öðru leyti hefði reynt að koma málinu fram á réttum tíma.
Ég vil vænta þess, að þetta frv. verði samþ. Það er ætlazt til þess, þótt ekki sé það beint tekið fram í 1. gr., að undir „önnur gjöld" falli einnig nauðsynleg útgjöld í sambandi við tryggingalöggjöfina, sem að vísu hafa ekki verið tekin upp nema að nokkru leyti á fjárl. yfirstandandi árs, en eru tekin upp í 17. gr. fjárlagafrv. nú. Er ætlazt til þess, að ef þetta frv. verður samþ., þá feli það í sér það, að inna megi af hendi nauðsynlegar fjárgreiðslur vegna þeirra laga.
Tímatakmarkið hefur verið sett 1. marz, til þess

að ugglaust væri, að ekki þurfi að endurnýja þessi l., vegna þess að telja má víst, að fjárl. verði afgr. innan þess tíma.

Ég tel ekki ástæðu til þess að senda þetta frv. til fjvn., til þess að málið tefjist ekki, því að nauðsynlegt er, að málið verði afgr., áður en jólafrí verður gefið.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Um leið og ég þakka hv. fjvn. og form. hennar, sem flytur þetta frv., fyrir undirtektir þeirra við málið, vil ég leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann haldi næsta fund að loknum þessum fundi, til þess að frv. nái fram að ganga, og greiði fyrir því, að frv. geti komizt sem fyrst til hv. Nd., helzt í dag.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. út af ummælum hv. frsm. varðandi fjárgreiðslur vegna almannatrygginganna, sem að vísu, eins og hann sagði, ná ekki til fjárl. 1946, en eru á fjárl. 1947, hvort hæstv. ráðh. telur ekki nægilega sem heimild fyrir hann þá yfirlýsingu, sem kemur hér fram, og hvort hann mundi ekki vilja lýsa því yfir sem sinni skoðun, að yfirlýsing hv. frsm. sé fullnægjandi, þannig að heimilt sé að greiða fé vegna almannatrygginganna, sem gert er ráð fyrir að greiða.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég mundi telja, hvað mig snertir, þetta fullnægjandi. Ég ætla, að óhætt mundi að ganga út frá því, að hver sem með ráðherrastörf færi upp úr áramótunum, þá mundi hann telja sér heimilt að borga út þær greiðslur, sem l. mæla fyrir, þegar líka um greiðslur er að ræða, sem ber að greiða samkv. l.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki vera á móti þessu frv. út af fyrir sig, en á hitt vil ég benda, að þegar talað var um samkomudag Alþ., þá var bent á það af mér og mörgum fleirum, að samkomudagurinn væri of seint ákveðinn, m. a. með tilliti til þess, að ekki væri hægt að afgreiða fjárl. fyrir áramót með því að byrja ekki þing fyrr en 1. okt., þá var því svarað mjög digurbarkalega af hæstv. forsrh., að það væri mjög auðvelt fyrir það, það væri ekki annað en vinna, og stjórnarfl. mundu sjá um það.

Ég minni á þetta, af því að það er í þriðja sinn, sem sagan endurtekur sig svona. Og ég vænti, að það komi þá ekki fyrir í fjórða sinn.

Flm. (Gísli Jónsson): Út af ummælum hv. 1. þm. N-M. vil ég upplýsa hann um það, að ég hygg, að þær vonir hæstv. forsrh. hefðu rætzt, ef hann hefði setið sem forsrh. með meiri hl. þings að baki sér. En eins og öllum er kunnugt og hv. 1. þm. N-M. líka, þá situr nú bráðabirgðaríkisstj., og ekki er vitað, hvaða stjórn tekur við fjárl. Það hefðu því rætzt vonir hæstv. forsrh., ef um slíkt hefði ekki verið að ræða, og fjvn. hefði þá unnið að fjárlagafrv. eins og nauðsyn hefði verið til, svo að hægt hefði verið að uppfylla þær óskir, að unnt væri að ganga frá málinu og leiða það til lykta fyrir áramót.

Ég sé ekki ástæðu til þess að saka hæstv. forsrh. fyrir dráttinn á málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, er útséð um það, að fjárl. fyrir árið 1947 verði afgr. fyrir áramót. Þetta stafar ekki af því, að hv. fjvn. hafi ekki unnið að afgreiðslu málsins, og hygg ég, að hún hafi varið miklum tíma til þess að athuga fjárlagafrv., heldur stafar þetta einungis af því ástandi, sem nú ríkir í stjórnmálum landsins. — Það má teljast nokkuð víst, að fjárl. verða ekki afgr., fyrr en ný ríkisstj. hefur verið mynduð, en *hins vegar er sjálfsagt og nauðsynlegt*, að ríkisstj. fái heimild til þess að halda áfram greiðslum á nauðsynlegum útgjöldum ríkisins fram yfir áramót, meðan fjárl. hafa ekki verið afgr. Slíkt sem þetta hefur átt sér stað fyrr. Ég ætla, að það hafi verið haustið 1942, sem fjárl. voru ekki afgr. fyrir áramót — má vera, að það hafi verið oftar —, en þá var sú leið valin, að fjvn. í samráði við ríkisstj. beitti sér fyrir því, að sérstök l. voru sett, sem heimiluðu ríkisstj. að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða venjuleg rekstrargjöld ríkisins. Þessi leið hefur nú einnig verið valin.

Ég sneri mér til hv. fjvn. og óskaði eftir, að hún beitti sér fyrir því, að löggjöf yrði sett í þessa átt. Varð n. við þessum tilmælum, og er frv. á þskj. 226 flutt af 4 fjvnm. í hv. Ed.

Ég skal aðeins benda á það, að þessi heimild er bundin við 1. marz 1947, og er sú takmörkun að sjálfsögðu við það bundin, að menn gera sér vonir um, að fyrir þann tíma geti afgreiðsla fjárl. farið fram. Ef sú yrði hins vegar ekki raunin á, yrði að framlengja þessi l. aftur.

Vil ég svo vænta þess, að hv. d. geti fallizt á, að þetta frv. nái fram að ganga, án þess að því verði vísað til n., og leyfi mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, ef frv. verður samþ. við þessa umr., að hann setji fund á ný, að afloknum

þessum fundi, og stuðli að því, að málið nái fram að ganga í dag eða á morgun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 245).

---

30. Skatt- og útsvarsgreiðsla útlendinga o. fl.

Á 39. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:
Frv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl. (þmfrv., A. 229).

Á 40. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir á þskj. 229, er flutt hér af fjhn. og var henni sent af hæstv. fjmrh., og hafa nm. óbundnar hendur um það. En ég held, að n. öll sé sammála um að mæla með meginefni þessa máls. — Þetta frv. er flutt af nokkuð brýnni nauðsyn, sem fram hefur komið við breyttar aðstæður hér á landi varðandi möguleika til að innheimta skatta og útsvör af útlendingum, og er framhald af fyrri l. um sama efni frá því í haust, en þetta frv. er á ýmsan hátt ýtarlegra vegna þess, að fram hefur komið, að ákvæði þeirrar löggjafar, sem nú er í gildi um þetta efni, náðu ekki nógu langt, til þess að þau næðu tilgangi sínum.

Það er aðalatriði breyt. þessara á l. frá því í haust um sama efni, að stytt er það tímabil, sem dvalartími útlendinga þarf að ná hér á landi til þess að þeir verði skattskyldir, úr þremur mánuðum niður í einn mánuð, og styðst þetta við þá reynslu, að þess hefur orðið vart, að útlendingar dveldu hér upp undir þrjá mánuði og hyrfu síðan af landi burt, og slyppu þannig undan skattgreiðslu, en kæmu að vörmu spori og byrjuðu vinnu aftur.

Í öðru lagi er lagt hér til, að útlendingar verði hér skattskyldir, þó að þeir dvelji hér skemmri tíma en einn mánuð, ef þeir hafa haft í hreinar tekjur hér á landi 10 þús. kr. eða þar yfir. Hér er einkum stefnt að því, að skattskyldir verði hér menn, sem koma hingað sem listamenn, og aðrir slíkir, sem grípa hér upp allmiklar fjárhæðir á skömmum tíma.

Önnur ákvæði frv. miða að því, að þessi ákvæði frv. verði framkvæmanleg. Það er gert að skyldu þeim, sem greiða þessum mönnum kaup hér á landi, að halda eftir af kaupi þeirra skatti og útsvari af tekjum þeirra, sem er gert til þess, að þessir útlendingar komist ekki af landi brott þannig, að þeir komist undan skattinnheimtunni.

Þá er einnig að því vikið í frv., að innlendir menn kunni undir vissum kringumstæðum að sæta þeirri sömu meðferð um að verða að greiða skatta af tekjum sínum eins og ég hef greint, að í þessu frv. er ákveðið gagnvart útlendingum, ef vitað er, að þeir muni fara af landi burt, en hafa haft dvöl hér hluta af skattárinu. Og er þannig heimilt að ákveða þessum innlendu mönnum skattgreiðslu vegna hluta úr ári eftir sömu hlutfallsreglum og gilda um útlendinga eftir ákvæðum frv.

Annars er um álagningu skattsins farið, eins og þegar um innlenda menn er að ræða, eftir almennum l. um þessi atriði. En efni þessara l., ef frv. verður samþ., er til þess að gera innheimtu skattsins effektíva í framkvæmd.

Ég geri ráð fyrir, að frv. þetta fari aftur til fjhn. og sæti þar nánari athugun í samráði við hæstv. fjmrh. og aðra, sem málið hafa undirbúið. Það kann að koma til, að athuga þurfi sérstaklega einstakar gr. frv., og ég hef átt tal við skrifstofu fjmrn. um það atriði, að þegar um er að ræða ýmsa menn útlenda, sem skamman tíma dvelja hér og hafa hér atvinnu, þá leggst á tekjur þeirra meiri kostnaður en almennt gerist, og þá er eðlilegt, að þeir hafi vissan hluta af tekjum þessum skattfrjálsan. Það eru ýmsar reglur um þetta gildandi hjá nágrannaþjóðum okkar. Sumar þeirra taka nokkurn skatt af slíkum mönnum, en sumar engan.

Ég geri ráð fyrir, að fjhn. taki á milli umr. frv. þetta til athugunar, ef þess gerist sérstaklega þörf.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
3.—17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 40. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Má ég spyrja hæstv. forseta um, hvort hann álíti, að fundur verði í hv. þd. á morgun.

Forseti (ÞÞ): Það er ekki alveg fastákveðið, en fyllilega má samt búast við því.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Frv. þetta var fram borið í því skyni að lagfæra þá ágalla, sem hafa sýnt sig vera á skattgreiðslu útlendinga hér á landi. Eins og hv. þdm. muna, þá var í haust samþ. frv. um þetta mál, en nú hefur það komið í ljós, að ýmsir ágallar voru á þessu frv., en þessu síðara frv. ætlað að bæta úr þeim. T. d. voru í fyrra frv. engin ákvæði um erlenda listamenn, sem hér dveldu skamma stund, en gert ráð fyrir, að þeir útlendingar, sem dveldu hér 3 mánuði eða lengur, skyldu greiða skatt. Það hefur komið í ljós, að margir útlendingar flýttu sér af landi burt, rétt áður en þessir 3 mánuðir voru liðnir, og sluppu þannig burt með álitlegar fúlgur án þess að greiða eyri í skatt. Það er auðvitað ekki eðlilegt, að menn, sem stundað hafa hér góða atvinnu í 3 mánuði með góðu kaupi sleppi við alla skattgreiðslu, og þess vegna var tíminn styttur niður í 1 mánuð og gert ráð fyrir, að ef útlendingur hefði 10 þús. kr. tekjur eða meira, þá skyldi hann greiða skatt af því. Þetta eru aðalbreyt., sem gerðar hafa verið, og óska ég þess eindregið, að frv. nái fram að ganga, áður en þingi verður frestað. Komið hefur í ljós, að mismunandi reglur gagnvart erlendum listamönnum gilda í nágrannalöndum vorum. Ég hef nokkuð kynnt mér þessi ákvæði, sem þar gilda, og virðist mér löggjöf sú, sem er í Bretlandi, einna bezt. Þar er svo ráð fyrir gert, að listamaðurinn fái ⅓ hluta teknanna, hvort sem þær eru meiri eða minni, en greiði skatt af hinum ⅔ hlutunum samkv. skattalöggjöfinni (**HV:** Var nokkuð ákvæði hvað snerti listamenn í fyrra frv.?) Nei, það var ekki. Þessar upplýsingar komu ekki fyrr en búið var að taka málið fyrir í Nd., og ég afhenti hv. fjhn. þær, en henni þótti ekki ástæða til að gera neitt með þær. Ég álít nauðsynlegt að gera eitthvað í þessu, því að það kynni að valda nokkrum erfiðleikum, ef látið yrði reka á reiðanum í þessu efni. Ég óska því, að málinu verði vísað til hv. fjhn., og ef það er ekki hægt, þá verði umr. frestað til morguns og þá afgr., ef fundir verða.

Forseti (ÞÞ): Ég býst fyllilega við, að fleiri fundir verði í d. fyrir jól, annaðhvort seinni partinn í dag eða þá á morgun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 229, n. 249).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 249 ber með sér, hefur n. athugað þetta frv. og gert á því lítils háttar breyt., þ. e. viðauka, sem snertir útlendinga, sem hafa aðrar atvinnutekjur en þær, sem nefndar eru í 2. gr. Kom í ljós í n., að a. m. k. sumir í fjhn. Nd. litu þannig á, og raunar með réttu, að eins og 2. gr. er, þá næði þetta bæði yfir þá, sem ynnu iðnaðarvinnu, og eins hina, sem öfluðu sér tekna með list sinni. En n. álítur, að rétt væri að hafa nokkra skilgreiningu þarna og hafa sérstök ákvæði um þá útlenda listamenn, sem hingað koma til þess að afla sér tekna með list sinni. Dvöl þeirra er venjulega skemmri en annarra, þ. e. listamanna, en þeir taka aftur, sérstaklega nú orðið, með þeim aðgangseyri, sem er að skemmtunum þeim eða sýningum, sem þeir koma á stað, mjög mikla peninga og ástæðulaust að sleppa þeim að öllu leyti við greiðslu á skatti. Nú er svo ákveðið í 2. gr. frv., að útlendingur, sem dvelur hér einn mánuð eða lengur eða hefur í hreinar tekjur 10 þús. kr. eða þar yfir, þó að dvalartími hans hér sé skemmri en einn mánuður, sé skyldur að greiða skatt og útsvar. Nú, n. virðist, og hefur þar fyrir augum reglur, sem gilda sums staðar annars staðar en hér, að rétt sé að skattleggja tekjur útlendra listamanna, þó þannig, að eitthvert tillit sé tekið til þess, að þessir menn leggja oft á sig dýr ferðalög fyrir mjög stutta dvöl, og því virtist n. ekki ástæða til að heimta skatt af öllum þeirra tekjum, heldur af hluta þeirra, eða eins og segir í grg. till., þeim er ætlað að greiða skatt og útsvar af ⅔ hlutum þeirra tekna, er þeir afla sér á þann hátt, að frádregnum beinum kostnaði við starfsemina. Þó er gert ráð fyrir, að nánari reglur megi setja um þetta í reglugerð, en beinan kostnað við starfsemina má telja t. d. leigu á húsum til sýninga eða einhverra slíkra hluta í sambandi við starfsemi listamannanna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja um þetta. Ég vil þó aðeins minnast á orðalag brtt., þar sem stendur „hvort heldur þeir starfa í eigin nafni eða á annarra vegum.“ Stundum eru listamennirnir, þó að sjaldan sé kannske, þannig hingað komnir, að þeir eru ekki pantaðir eða fyrir fram ráðnir af öðrum, menn, sem koma t. d. til að halda hér málverkasýningar eða sýna eitthvað annað í sambandi við list sína, að þeir geri það sem sé fyrir eigin reikning. En þau tilfelli munu vera fleiri, og á það einkum við um söngmenn og hljóðfæraleikara, að þessir listamenn eru ráðnir fyrir sjálfsagt eitthvað ákveðið af íslenzkum aðilum, t. d. Tónlistarfélaginu eða þess háttar. En gr. á við, að hvernig sem þessara tekna er aflað, hvort sem mennirnir starfa á eigin vegum eða á annarra vegum, þá eigi þeir að greiða skatta og útsvör af ⅔ hlutum þessara tekna, að frádregnum þeim beina kostnaði, sem við starfsemina er tengdur. En eins og ég áður sagði, þótti n. rétt að undanskilja ⅓ af tekjunum. Í sambandi við slíkar ferðir er oft mikill ferðakostnaður og slíkt, þó að dvölin sé stutt, og þótti því rétt að sellast ekki lengra en þetta og fylgja þeirri reglu, sem látin er gilda í

Stóra-Bretlandi í þessum efnum, en þar eru útlendir listamenn látnir greiða skatt af ⅔ hlutum teknanna.

Ég hef þá skýrt frá því, hvers vegna þessar brtt. eru fram komnar. Það er aðallega til þess að draga gleggri markalínu milli þeirra útlendinga, sem ekki afla sér tekna með list, og hinna, sem það gera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 249,1—2 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 256).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 263).

---

31. Bátaútvegurinn o. fl. (frv. fjhn. Nd.).

Á 43. fundi í Nd., 20. des., var útbýtt:

Frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins (þmfrv., A. 246.)

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanfarið hafa staðið miklar umræður um útlit og horfur á málefnum bátaútvegsins. Útvegsmenn hafa haldið fundi og gert ályktanir, og telja þeir ástandið mjög óskyggilegt. Þetta mál hefur einnig verið rætt innan ríkisstj. og flokkanna, og er niðurstaðan af þeim viðræðum það frv. sem hér liggur fyrir, flutt af fjhn. þessarar deildar. Höfuðtilgangur frv. er að koma bátaútveginum af stað í vertíðarbyrjun, og er hér lagt til, að sjómenn og útgerðarmenn fái tryggða 65 aura fyrir hvert kg af þorski og ýsu. Það er að vísu lægra verð en útvegsmenn telja sig þurfa, en dugar þó vonandi til þess að koma bátaútveginum af stað. Frv. nær eingöngu til bátaútvegsins og getur þá náttúrlega verið álitamál, hvaða skip eigi að teljast bátar. En aðalreglan mun vera sú, að þau skip komi undir þessi lög, sem ekki geta siglt með afla sinn milli landa. Vegna ákvörðunarinnar um verðhækkun á ferskfiski er svo lagt til, að ríkisstj. ábyrgist hraðfrystihúsunum kr. 1,33 fyrir kg fob. af þorski og ýsuflökum, og saltfiskútflytjendum kr. 2,25 fyrir kg fob. miðað við fullstaðinn stórfisk I. flokks. Þá þótti n. varla hægt annað en hafa möguleika fyrir því, að ríkissjóður ábyrgðist og verð á fiski öðruvísi verkuðum, og er sú heimild veitt í 4. gr. En n. kom saman um, að nauðsynlegt væri, að ríkisstj. héldi mjög varlega á þessari heimild, því að ekki er fært, að menn tækju upp verkunaraðferðir, er gæfu minni arð en hraðfrysting og söltun og vafasamur markaður væri fyrir. Er því í 5. gr. ríkisstj. veitt sú heimild að skipa fyrir um verkun á fiski eftir því, sem söluhorfur eru. Af öðrum verkunaraðferðum en söltun og hraðfrystingu má til dæmis nefna niðursuðu og útflutning á ísuðum fiski til meginlandsins, og gæti komið til mála, að ríkið tæki ábyrgð á einum slíkum farmi í tilraunaskyni.

N. var ljóst, að sjávarútvegurinn er grundvallaratvinnuvegur okkar að minnsta kosti hvað snertir viðskiptin við útlönd, og kemur ekki til greina, að aðrir atvinnuvegir geti styrkt hann til langframa. En jafnframt því, sem sumar fisktegundir lækka í verði, þá hafa aðrar tegundir sjávarafurða hækkað og hækka líklega enn, en það eru ýmsar síldarafurðir, t. d. síldarmjöl, sem mikil eftirspurn er eftir til skepnufóðurs, og þá ekki síður síldarlýsi. Heimurinn verður í nokkur ár að ná sér eftir styrjöldina og þó lengst um framleiðslu feitmetis. Vonin um hækkandi verð á síldarlýsi byggist á því, að vitað er um, að mikill feitmetisskortur verður á næsta ári og samkeppni milli þeirra, er hungrar í feitmeti. Þegar nú svo stendur á, að sumar fisktegundir lækka í verði, en síldin hækkar, þá liggur fyrir að gera verðjöfnun milli þessara tegunda, því að sjávarútvegurinn getur ekki til langframa vænzt styrks frá öðrum en sjálfum sér. Í 6. grein er því lagt til, að kúfurinn af andvirði síldarafurðanna verði lagður í sérstakan sjóð til tryggingar fyrir ábyrgðum ríkissjóðs á öðrum fisktegundum. Ég skal að þessu sinni ekki nefna neinar tölur, en þeir, sem til þekkja, gera sér góðar vonir um, að ábyrgð þessi muni ekki íþyngja ríkissjóði. Kúfurinn af síldarverðinu er látinn standa undir henni. Við flm., eða meiri hl. okkar, teljum, að með þessum ákvæðum sé sjávarútveginum gerður greiði. Ef verð á síldarafurðum hækkar mikið á næstunni, má búast við því, að raddir heyrist um að leyfa ekki slíka verðbólgu, því að hún nægir til þess að skapa verðbólgu í öðrum greinum, en þá er þetta frv. orðið einskis virði fyrir útgerðina. En með því móti, sem hér er lagt til, er séð um, að útgerðin njóti sinna tekna. Ef svo færi, að afgangur yrði af tryggingarsjóðnum, skal hann ganga til trygginga fyrir síldveiðarnar sjálfar og starfa eftir þeim reglum, sem ríkisstj. setur í samráði við útgerðarmenn og sjómenn. Sumir eru kannske á þeirri skoðun, að Alþ. ætti að ráðstafa þessum sjóði, en það er tæplega formlegt að ákveða í lögum, hvað Alþ. skuli

síðar gera, enda getur þingið alltaf breytt þessu ákvæði, þegar það vill.

7. gr. fjallar um auglýsingar viðvíkjandi lögunum og 8. gr. um eftirlit með þeim.

Mér og öllum er það ljóst, að þau úrræði, er þetta frv. felur í sér sjávarútveginum til handa, verða fljótt ónóg, ef ekki eru gerðar alhliða ráðstafanir til að stöðva dýrtíðina. Er því í 9. gr. lagt til, að Alþ. skipi 4 manna nefnd, sem athugi möguleika á stöðvun hennar, og skal hún skila áliti fyrir 1. febr. Með þessu frv. er ekki gert ráð fyrir neinu öruggu framtíðarráði, en það vill nú svo til, að með jöfnuði er hægt að fá útgerðina til að bera sig svo, að sjómenn beri jafnmikið úr býtum og landvinnumenn, og vitanlega ber að hækka verðið til sjómannanna, ef menn halda, að afurðaverðið þoli það. Auk þess jafnaðar, sem gert er ráð fyrir í 6. gr., má einnig gera ráð fyrir jöfnuði milli vertíða og jöfnuði milli ára. Ef það heppnaðist, mætti segja, að heillaspor hafi verið stigið. Skylt er að taka fram, að útgerðin getur ekki notið styrks annarra atvinnuvega, því að það er hún, sem stendur undir fjárhag þessarar þjóðar. En í því kapphlaupi, sem verið hefur undanfarið, þegar hver hefur heimtað sem mest til sín með launahækkunum, þá hafa útgerðarmenn orðið að fá nokkuð sama verð og 1942, og ég get ekki láð sjómönnum, þó að þeir séu sárir þegar kerald kostar nú 60 kr., sem áður kostaði 8 kr., og önnur tæki hafa hækkað að sama skapi.

Miklar vonir standa til þess, að tryggingarsjóður hrökkvi fyrir ábyrgðum ríkissjóðs, en þótt einhver áhætta væri í þetta eina skipti, þarf ekki að telja hana eftir, því að hvergi hefur sjávarútvegurinn verið eins þýðingarmikill og hér og hefur alltaf orðið að standa undir sér sjálfur. En hvað sem öllu líður, þá er það eitt víst, að til langframa þýðir ekki að ætla sér að reka atvinnuvegina öðruvísi en afurðirnar gefi það verð, er svarar framleiðslukostnaðinum.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum að sinni um þetta, en leyfi mér að óska, að hv. d. vísi málinu að lokinni þessari umr. til 2. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við höfum orðið sammála í fjhn. um að flytja þetta frv., sem hér liggur fyrir, þótt skoðanir okkar hafi að ýmsu leyti verið nokkuð sundurleitar. Ég fyrir mitt leyti er algerlega mótfallinn 6. gr. frv., en mér er þó ánægja að flytja frv. í heild, því að aðalatriði þess eru samhljóða frv. því, er ég flutti að beiðni atvmrh. nú fyrir fáum dögum. Er ég gerði grein fyrir því frv., taldi ég líklegt, að hægt væri að fá það verð fyrir sjávarafurðirnar, sem ákveðið er í frv., án þess að skuldir kæmu til með að falla á ríkið, ef vel er á utanríkisverzluninni haldið. Alþ. hefur áður tekið á sig sams konar ábyrgðir án þess að nokkuð þyrfti að greiða. Ef markaðsmöguleikar okkar eru réttilega notaðir, er engin ástæða til að ætla, að borga þurfi með fiskafurðunum. En ef sett er í lög að með þeim þurfi að greiða, þá gerir það það að verkum, að við stöndum verr að vígi gagnvart útlendingum, sem kaupa afurðirnar, og auk þess skapar það óánægju meðal síldarútvegsmanna, sem hafa nú tvö undanfarin ár haft mjög lélega afkomu, og það því fremur sem ekki er sannað, hvort nauðsynlegt sé að skattleggja síldarútgerðina. Hins vegar þýðir þetta, að þegar við semjum um sölu annarra sjávarafurða, þá verður vitnað í það hverju sinni, að Alþ. sé búið að taka kúfinn af andvirði síldarinnar til að greiða uppbætur á þær sjávarafurðir, er samið er um sölu á, og skapar þetta okkur hina verstu aðstöðu. Það er því réttara að fella niður 6. gr., bæði vegna allra útvegsaðila og til þess að gera aðstöðu ríkisins sterkari, en að öðru leyti að samþykkja þetta frv. Það er alveg óbætanlegt tjón, sem hlýzt af því, ef vertíðin getur ekki hafizt á tilsettum tíma og fiskurinn verður óveiddur í sjónum. Ég held því, að Alþ. hafi gert rétt í fyrra, er það samþykkti ríkisábyrgðina á fiskverðið, og þess vegna tel ég eðlilegt og sjálfsagt, að þessu frv., sem í öllum aðalatriðum miðar að því sama, sé flýtt í gegnum þingið. Betra væri að vísu, að fyrir lægi, hvaða samninga væri hægt að gera, en ég held, að ástæðulaust sé að óttast, að ekki sé hægt að ná þeim samningum, sem við þurfum. Af hálfu útgerðarmanna, er sætta sig við það verð, sem hér er ákveðið, er gert ráð fyrir, að vísitalan hækki ekki frá því, sem nú er. Ef vísitalan hækkar, er það verð, sem hér er lagt til, þegar orðið of lágt. Það er því fullkomlega nauðsynlegt að athuga gaumgæfilega, til hvaða ráðstafana mætti grípa til þess að stöðva dýrtíðina, og vildi ég leyfa mér nú þegar að benda á eitt atriði, en það er skarpara verðlagseftirlit. Það ætti að reyna að sjá svo til, að ekki væri farið geyst í að verða við hækkunarkröfum í hvert sinn, er þær koma fram.

Ég vil svo að lokum geta þess, að þegar til 2. umr. kemur, mun ég óska eftir, að 6. gr. sé borin upp út af fyrir sig. Að öðru leyti legg ég áherzlu á, að þetta mál sé afgr. og samþ. sem fljótast.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Mér þykir leitt, hve seint ég hef komið til afgreiðslu þessa máls, þar sem ég hef verið að gegna öðrum störfum fyrir þjóðina nú undanfarið. Mér þykir enn fremur leitt, að ég get ekki fylgt þessu frv. eins og það nú liggur fyrir, þótt mér sé ljóst, að nauðsynlegt er, að þetta frv. sé samþ. í höfuðatriðum, þótt ekki sé nema til þess að koma útgerðinni af stað. En ég get ekki fallizt á að jafna milli hlutarsjómanna, því að mér skilst, að ef farið er inn á þá braut að taka væntanlegan gróða af síldarútgerðinni til að jafna á milli vertíða, þá sé verið að láta hlutarsjómenn borga dýrtíðarráðstafanir, sem annars öll þjóðin á að standa straum af. Legg ég því til, að 6. gr. frv. verði felld niður. Það er ekki forsvaranlegt, að engir borgi dýrtíðarráðstafanirnar nema útgerðarmenn og hlutarsjómenn. Hagsmunir allrar þjóðarinnar eru í veði, ef útgerðin fer ekki af stað á réttum tíma, og því verður þjóðin öll að bera þær ábyrgðir, er hlotizt geta af ráðstöfunum útgerðinni til handa. Verzlunarmenn og verkamenn í landi eiga að halda sínum launum, en hallann á að taka af síldarútgerðarmönnum og sjómönnum, eftir að síldarútgerðin hefur verið rekin með tapi tvö undanfarin ár, ef ákvæði 6. gr. verða samþ. Og þá hafa síldarútvegsmenn enga möguleika til að bæta upp tjón tveggja síðustu ára. Það er jafnvel svo langt gengið, að lagt er til, að kúfurinn af síldarverðinu sé tekinn, áður en nokkur vissa er fyrir því, hvort síldveiðin verði rekin með tapi eða ekki. Ég held, að hv. þm. ættu að íhuga vandlega þessar staðreyndir, áður en þeir samþykkja ákvæði 6. gr., því

að færi svo, að síldin brygðist á þessu ári, hvað verður þá af þeim mönnum, sem rekið hafa síldveiðar með tapi tvö undanfarin ár, og hvað verður af þeim sjómönnum, sem á sama tíma hafa tæplega verið matvinnungar?

Það eru því fyrst og fremst tvö atriði í þessu frv., sem ég get ekki sætt mig við. Í fyrsta lagi, að það á að leggja þær skyldur á vissar stéttir að borga dýrtíðarráðstafanir, sem öll þjóðin á að borga, og í öðru lagi, að þeir, sem eiga að borga þessar ráðstafanir, eru einmitt þeir, sem beðið hafa halla tvö undanfarin ár. Nú er sagt, að útvegsmenn geti grætt það mikið á þorskveiðunum, að þeir geti greitt síldartollinn. En þorskveiðarnar bera sig ekki nema í Faxaflóa og Vestmannaeyjum. Annars staðar er engan afgang að fá af þorskveiðunum. Ég þekki persónulega til fyrirtækis eins á Vestfjörðum, sem tapaði 1 milljón króna á síldveiðunum undanfarin tvö ár. Og svona dæmi mun víðar mega finna. Hvernig getur nú Alþ. fengið af sér að leggja þriðja tapsárið á þessa menn? Með ákvæðum 6. gr. er ekki einungis gerður jöfnuður milli hlutarsjómanna, heldur og jöfnuður milli landshluta. Vissir landshlutar eiga alla afkomu sína undir síldinni, t. d. Norðurland og að miklu leyti Vesturland í flestum árum. Ef nú Alþ. tekur ágóðann af síldveiðunum frá Norður- og Vesturlandi til að verðbæta þorskinn, má vera, að nokkuð réttlátum jöfnuði megi koma á fyrir báta, er héðan að sunnan fara til síldveiða á sumrin, en stunda þorskveiðar hér sunnanlands á vetrum. En skip, sem sæktu sjó frá Vestfjörðum, mundu greiða meira í tryggingarsjóð en þá uppbót, er þau fengju á þorskaflann. Skip, sem fiskar 300 tonn af þorski, fengi 45000 kr. uppbót, en greiddi 200 þúsund kr. í tryggingarsjóð, ef það veiddi 10 þúsund mál síldar. Hér er því um að ræða jöfnuð milli landshluta, jöfnuð frá útgerð, er verr stendur að vígi, til útgerðar, er betur stendur að vígi. Það er kunnugt, að sjómenn á síldveiðum tvö síðustu ár hafa haft minni laun en landverkamenn, og þurfa þeir því að fá nokkra uppbót. En með ákvæðum 6. gr. er sá möguleiki tekinn af þeim. Þau ákvæði eru einnig brot á því, sem sagt hefur verið við hlutarsjómenn, að þegar lítill afli sé, fái þeir eðlilega lítil laun, en þau fari eftir því hækkandi sem aflinn vex. Meðan hungur og feitmetisskortur ríkir úti í heimi, getum við ef til vill í nokkurn tíma fengið hækkandi verð fyrir síldarafurðir, en slíkt verður aldrei til langframa.

Af öllu framansögðu legg ég því til, að 6. gr. verði felld niður, og mundi leggja fram brtt. þess efnis. Falli gr. hins vegar ekki niður, mun ég til vara gera við hana brtt. Í fyrsta lagi, að aftan við 1. málsl. 6. gr. bætist: „Eigi má þó innheimta slíkt gjald fyrr en veiði síldveiðiskips hefur náð meðalafla síldveiðiskips í hverjum flokki árin 1942—1944.“ Með samþykkt þessarar till. getur Alþ. firrt sig því ámæli, að það taki af sjómönnum, sem ekkert hafa undanfarið úr býtum borið. Í öðru lagi legg ég til, að aftan við 2. málsgr. 6. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: „Fé því, er innheimt verður af afla hvers síldveiðiskips, skal fyrst og fremst verja til að greiða útgerðarmanni þess halla þann, er hann kann að hafa beðið af útgerð skipsins á síldveiðum 1945 og 1946, þó þannig, að frá verði dreginn hagnaður sá, er orðið hefur á hverju skipi á þorskveiðum á þeim árum. Jöfnum höndum skal skipverjum á skipum þessum greidd uppbót þannig, að tekjur þeirra af síldveiðum nái meðaltekjum verkamanna við Síldarverksmiðjur ríkisins á því ári.“ Vera má, að einfaldara væri að fella 6. gr. alveg niður, en ég flyt þessar varabrtt. til þess að ríkið taki ekki gjöld af mönnum, sem rekið hafa útgerð með tapi, og ekki heldur af fátækum sjómönnum, og enn fremur til þess að útgerðarmenn hafi möguleika til að bæta upp tjón tveggja síðustu ára. Þau áhöld, sem þarf til síldveiða, eru nú orðin geipilega dýr. Til dæmis kostar ein herpinót 50—60 þús. kr. og herpinótabátur 50 þús. kr., eða alls um 110 þús. kr. — Eins og menn sjá, þarf ekki lítinn afla til að borga þetta upp, og síldarútgerðinni mundi því ekki nægja eitt stórgróðaár til að koma upp fjárhagslegum grundvelli og rétta kjölinn.

Ég læt nú útrætt um þetta að sinni. Ég er sammála því, að leysa þurfi þessi vandræði, en það er ekki sanngjarnt, að hallinn sé settur á síldarútveginn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta frv., sem flutt er af hv. fjhn. d., sýnir, að þeir, sem hafa ráðin hér á Alþ., horfa ekki á staðreyndirnar. Ég minntist á það við 1. umr. málsins, að verðlag útgerðarinnar hefði aukizt um 30% og að nú þurfi 65 aura verð pr. kg fiskjar. Ég minnist á þetta vegna verðbólgunnar. Augljóst er, að verði hún ekki stöðvuð, þá eru allar ráðstafanir lítlar, þótt komi að gagni til bráðabirgða. Ef dýrtíðin heldur áfram, þá verður útgerðin jafnilla sett með 65 aura verð sem 50 aura verð í fyrra.

Í frv. eru neyðarákvæði til bráðabirgða. 9. gr. frv. hljóðar svo, að ríkisstj. skuli setja 4 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna til þess að gera tillögur um, á hvern hátt komið verði í veg fyrir að dýrtíðin í landinu vaxi, og skal n. skila áliti sínu fyrir 1. febr. 1947. Nú hefði átt að vera búið að mynda stjórn á þessu ári. Stjórnarmyndun er samt sem áður á döfinni, en svo kemur fram n., sem á að skila áliti fyrir 1. febr. Ég vil skjóta því að, að það er engin stjórn, sem skýtur sér undan að leysa vanda sem þennan. Það er fyrst og fremst stjórnarinnar að byggja úrræðin. Þess vegna finnst mér þessi gr. verra en ekki neitt, og hún spáir ekki góðu um ætlun ráðamanna frv.

Fulltrúar framsóknar í fjhn. munu leggja áðaláherzlu á, að Alþ. feli ríkisstj. að leggja fyrir þingið till. um stöðvun dýrtíðarinnar, og hvort þetta sé ekki aðalvandamálið og fela hæstv. stj. forystu í þessu. Ef dýrtíðin verður ekki lækkuð, er ólin enn um háls útvegsmanna. Frv. þetta losar um ólina, en hún er látin vera áfram. Nú er spurning útvegsmanna svo: Getum við gert út, nema með 1) Stöðvun dýrtíðarinnar og 2) Ríkisábyrgð til bráðabirgða? Hér á að sinna öðru atriðinu, en ekki hinu. Nú hafa fulltrúar Framsóknarfl. tekið þann kost að flytja frv., og við framsóknarmenn verðum með þessu til bráðabirgða. Ástæðan fyrir afstöðu okkar er sú, að við vitum um hengingarólina, en viljum hana lausa, þó að við höfum ekki afl til að nema hana alveg burt nú.

Þetta vildi ég segja almennt um málið. Eitt aðalatriði þessa máls er verðjöfnunin. Um afstöðu okkar, að við leggjum til, að öflugar dýrtíðarráðstafanir verði gerðar í byrjun næsta árs, gerir þá

ráðstöfun óþarfa. Þetta ætti að vera hægt samkvæmt söluhorfum. Út af skattlagningu á síld, er hv. þm. V-Ísf. minntist á, þá álít ég það freklegt ósamræmi að borga þannig annan halla vegna vaxandi verðbólgu: Það er hægt að sýna þetta á margan hátt. Það er erfiður vegur, ef fara á að færa í milli og mjög hál braut að fara inn á. Svo hefur afkoma síldarútvegsins verið mjög léleg síðastliðin 2 ár og afkoman mjög í ósamræmi við aðrar stéttir. Menn hafa og lagt í það að kaupa dýra báta, sem þeir þurfa að afskrifa sem fyrst. Að vísu hefur verð síldarafurða verið hátt vegna skorts á feitmeti í heiminum, en vafasamt er, hve lengi slíkt helzt. Síldarútvegurinn þarf þess vegna að sópa inn peningum til þess að greiða töpin frá aflabrestsárunum og hin nýju dýru skip. Það er því hreint neyðarúrræði að leggja skatt á þessa atvinnugrein.

Nú er gert ráð fyrir í frv., sem samið var kl. 5.30 í gær og hefur því lítinn undirbúning haft í nefnd, þá er gert ráð fyrir að taka hina 30% hækkun á síldarverði, sem leggist í sérstakan tryggingarsjóð, eða það sem er yfir 40 kr. málið. Ég hygg, að það væri rétt að endurskoða þetta, hvort hægt sé að taka sem nemi yfir 40 krónur málið, og hvort ekki væri réttara að breyta frv. og miða við það, sem er yfir 50 kr. málið. Spurningin er, hvort þetta er nauðsynlegt, og mundi ég við seinni umr. bera fram brtt.

Svo vek ég athygli á öðru. Það stendur í 6. gr. frv.: „Nú verður afgangur af fé tryggingarsjóðs, og skal þá sjóðurinn starfa áfram til tryggingar síldveiðum eftir þeim reglum, er ríkisstjórnin setur.“ Oft er talað um háar tölur við síldveiðar, svo sem 100 pund tonnið. Þá gætu það orðið 2 millj., sem færu í tryggingarsjóðinn samkv. frv. Ekkert er minnzt á vald ráðh. í þessu efni. Gæti ráðh. því ráðið hér yfir tugum milljóna króna og ráðstafað þeim að öðru en því, sem færi til tryggingar síldveiðanna. Þetta munu sjómenn ekki geta samþykkt, og ég er hissa á þessu ákvæði í frv. frá nefnd á Alþingi. Ég vil skora á fjhn. að breyta þessu, og það er óhugsandi, að ráðh. ráðstafi öllu þessu fé. Það er í ósamræmi við okkar þjóðskipulag. Setja þarf hér ákvæði að fengnum tillögum Landssambands útvegsmanna, Alþýðusambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins.

Ég veit, að þetta var rætt í n. áður en frv. kom fram, en skýt því hér að, sem frsm. sagði, að Alþ. gæti síðar samþ. þetta. En það er augljóst, að hér verður um gífurlega fjárupphæð að ræða, ef vel tekst.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta í ljós ánægju mína yfir því, að hv. fjhn. hefur komið sér saman um flutning frv., sem ég að óreyndu vil vona, að leysi þá þörf, sem hér er fyrir hendi. Ég hef að sönnu mér til nokkurra vonbrigða orðið var við, að það er nokkur ágreiningur um veigamikið atriði málsins, en það er, hvort þessi ábyrgðarheimild skuli miðuð við þorskinn eingöngu eða hvort hún skuli einnig ná til síldarinnar, en það tel ég stórt atriði.

Hv. frsm., form. n., lét í ljós sína skoðun um það, að hann teldi þessum málum bezt borgið í þeim búningi, sem það er nú flutt inn í hv. d., og ég er honum alveg sammála. Hv. 3. þm. Reykv. álítur, að því er mér virðist, að sjálf hugmyndin um verðjöfnun á milli síldarafurða og þorksins væri í sjálfu sér réttmæt, en hins vegar taldi hann nokkra hættu á ferðum að bera fram þessa hugmynd nú á þessu stigi málsins í frumvarpsformi, og þá vegna þess, að hann óttast, að ef Alþ. Íslendinga lýsti yfir því, að það ætlaði sér, ef verðlag á síldarafurðum yrði hátt, að verðbæta þorskinn með afganginum af síldarverðinu, þá gæti það spillt fyrir sölu á frystum fiski. Þetta voru einu rökin, sem hann nefndi, að því er mér virtist. Ég er á öðru máli en hv. 3. þm. Reykv. um þetta atriði. Ég tel enga hættu felast fyrir okkur um sölu á frystum fiski í slíkum lagaákvæðum. Það eru allt önnur öfl, sem þar verka, það er heimsmarkaðurinn og samkeppni á milli þeirra aðila, sem vilja kaupa okkar vöru, sem þessu ræður. Við þurfum ekki að ímynda okkur, að kaupendur á afurðum okkar komi ekki auga á þann möguleika eins vel og við sjálf, og að þeir þess vegna, ef þeir teldu sig hafa aðstöðu til, mundu ekki vera reiðubúnir til þess að knýja niður verðið á hraðfrysta fiskinum með þeim rökum, að okkur væri í lófa lagið að bæta þetta verð upp með hækkandi verði á síldarafurðum.

Ég man það, að fyrir allmörgum árum var þessi sama hugsun uppi, þá létu kaupendur á íslenzkum sjávarafurðum í ljós megna óánægju yfir því, að verðlag á landbúnaðarafurðum væri verðbætt með sjávarafurðum. Og auðvitað er slík hugsun ævinlega vakandi hjá þeim, sem augum renna hingað og vilja eiga við okkur viðskipti. Svo að þessi hugmynd, þótt hún komi fram í frumvarpsformi, á ekki að hafa nein skaðleg áhrif, en ég skil þetta sjónarmið vel, en ég held áreiðanlega, að þetta sé ástæðulaus kvíði.

Það kom svo fram hjá hæstv. dómsmrh., sem er andvígur því að taka yfirleitt, hverju sem fram vindur, nokkurn skapaðan hlut af andvirði síldarafurða til að bera hugsanlegan halla af hraðfrystum fiski. Það er sjónarmið fyrir sig, og ég viðurkenni að mörgu leyti réttmæti þess, en ég álít, að önnur og stærri sjónarmið verði þyngri á metunum og ráði að lokum því, að hugmyndin, eins og hún er fram borin, eigi stoð í staðreyndum og verði happadrýgri fyrir heildina, þó að á henni séu annmarkar. Ég kýs slíkt fremur, að útgerðin fái strax að vita það, að að svo miklu leyti sem kostur er á, þá sé þessi ábyrgð meira formsatriði en veruleiki. Og ég held, að megi segja, að vonir löggjafans á þessu stigi málsins standi einmitt til þess, að útgerðin sjálf rísi undir þessu, þannig að það sé ekki tilgangur löggjafans með þessu lagafrv. að leggja í raun og veru bagga á ríkissjóðinn, heldur vaki það fyrir löggjafanum að reyna þarna málamiðlunarleið, úr því að ekki var annars kostur, ef tekizt gæti að forðast, að skipin liggi hér í höfn eftir að eðlilegur veiðitími er hafinn. Ég tel rétt, að útgerðin viti þetta frá öndverðu sjálf, og ég tel rétt, að þjóðin viti það einnig. Ég viðurkenni svo, að um árangurinn verði aldrei sagt með vissu, við vitum að sjálfsögðu ekki um endanlegar niðurstöður þessara mála, fyrr en samningar liggja fyrir. Og ég vil sérstaklega út af ummælum hv. 1. þm. S-M. taka fram, þar sem hann var að ræða um það gífurlega vald, sem ríkisstj. væri falið, þegar hún ætti að setja reglugerð um þetta, og það aðeins einn ráðh. Ég skal taka það fram, að það hefur

aldrei verið tilgangur minn, að einn ráðh. ætti að ráða þeirri reglugerð, sem sett yrði um þennan væntanlega sjóð, sem myndaðist af afganginum, sem kynni að verða milli þess, sem haldið er eftir af síldarafurðum, og þess, sem kann að verða haft til þess að verðbæta hraðfrystan fisk. Það hefur alltaf verið minn tilgangur, að það verði ekki einn ráðh., sem setji slíka reglugerð, heldur ríkisstj. öll, og er það í samræmi við það, sem hv. frsm. tók fram. En ég segi, að þótt ég fyrir mitt leyti hafi látið orð falla um það, að miklu bjartara sé framundan nú en um þetta leyti í fyrra, mega menn ekki af þeim orðum marka, að öryggi sé fyrir því, að það verði, sem við í fyrra óttuðumst, að við mundum ekki geta náð, þ. e. 50 aura verðið, fyrir þann fisk, sem nú á að greiða 65 aura, og þannig hækka verðið um 30%. Ég vil, að það komi skýrt fram, að þó að ólíkt bjartara horfi nú en þá, þá voru þær horfur, að við mundum sennilega engan hraðfrystan fisk geta selt í Eretlandi, og þá hafði enginn viðskiptasamningur opnazt við Sovétríkin, og þá höfðum við ekki neinar fregnir af því, hvort síldarlýsið ætti að hækka úr 33 sterlingspundum eins og það var 1935. Og þótt nú horfi heldur betur en þá, þá tel ég það úr hófi bjartsýni að leyfa sér að draga þær ályktanir, að við getum verðhækkað afurðir okkar um 30% og eiga um leið margar millj. kr. í sjóði. Ég staðhæfi ekkert um það, hvað kann að vera hugsanlegt í þessum efnum, ég hef á því ekki nægа þekkingu, og ég dreg í efa, að nokkur maður geti fullyrt nokkuð um það. Verð á síldarafurðum hefur ekki komizt í örugan farveg enn þá sem komið er hvað snertir framleiðslu ársins 1947, og ekki heldur vitum við nægilega mikið um, hverjar líkur eru fyrir að selja hraðfrysta fiskinn, og eins er um saltfiskinn.

Hv. 1. þm. S-M taldi, að hér hefði sennilega verið engra aðgerða þörf, ef tekið hefði verið réttum tökum á dýrtíðarmálunum. Hér hefur nú setið 12 manna n. undanfarnar vikur, og við skulum játa, að þar hafa ekki verið nægilegar tilraunir gerðar í þessum efnum, en ég hef að minnsta kosti ekki heyrt eina einustu till. frá hv. þm., sem nálgaðist nokkuð þann möguleika í þessum efnum. Það er staðreynd, að undirbúningur þessa máls hefur leitt í ljós, að vísitalan þyrfti að vera 220 stig til þess að útgerðin ætti að geta borið sig með 50 aura verði. Ég hef engan undirbúning heyrt frá honum, enda ólíklegt, að vísitalan komist í 220 stig, en það eina, sem ég hef heyrt frá honum, er hvort ekki væri hægt að festa vísitöluna við 300. Menn tala um dýrtíðina eins og snjóbolta, sem ekki þarf annað en að kreista saman, eða harmonikubelg, sem hægt er að draga sundur og saman eftir vild. En ég hygg, að þetta mál sé vandasamara og viðameira en að svo sé.

Það er rétt, og ég er hv. þm. sammála um það, að þetta frv. er ekki nema annar hluti af því, sem útgerðin þarf, ef hún á að hafa vissu fyrir afkomu sinni, en það er, hvað sem líður ábyrgðargreiðslum, að vissa sé fyrir því, að dýrtíðin fari ekki upp úr öllu valdi. Þetta er alveg rétt, og mér finnst það líka, að ef hv. fjvn. með Alþ. að baki sér hafi viljað lýsa þessu sama yfir með ákvæðinu, sem felst í 9. gr. frv., sem reyndar er um að skipa n., og í því ákvæði finnst mér felast yfirlýsing Alþ. um tvennt. Í fyrsta lagi skilur Alþ., að þetta frv. nægir útgerðinni ekki nema því aðeins, að hafður sé hemill á verðbólgunni.

Ég er hv. 1. þm. S-M alveg sammála um það, að það geti vel verið — og ætti helzt að vera, svo að ég kveði fastar að —, að við verðum búnir að mynda ríkisstj. hér á Íslandi fyrir 1. febr. og tímatakmarkið fyrir hina væntanlegu n. samkv. 9. gr. frv., og þá yrði búið að gera um það samkomulag milli þeirra, sem að hinni væntanlegu ríkisstjórn standa, að reyna að hafa hemil á verðbólgunni. Það er enginn vafi á því, að allur þingheimur skilur þessa þörf, og það hefur aldrei staðið á og mun ekki standa á öðru en því, að menn eru ekki sammála um, eftir hvaða leiðum eigi að fara að þessu marki. Ég vona, að það megi takast þeim flokkum, sem standa að væntanlegri ríkisstj., hverjir sem þeir flokkar verða, og segi ég það án tillits til þess, hvort minn flokkur stendur að þeirri ríkisstj. eða ekki. Ég vona, að þeim flokkum takist að finna leiðina til þess að koma í veg fyrir aukna verðbólgu í landinu. En hins vegar veit ég líka, að þetta hefur og verið vilji Alþ., og ég veit líka, að þetta er hægara sagt en gert. En það hefði verið gaman að vita, hvað hv. 1. þm. S-M hefði átt við þegar hann sagði, að bráðum mundi verða hægt að gera þær dýrtíðarráðstafanir, sem gerðu þessa ábyrgðarlöggjöf óþarfa. Það má segja, að þesssi ábyrgð sé óþörf, ef okkur tekst að selja okkar stærsta viðskiptavini aðalmagn þeirrar vöru, sem hér er um að ræða.

Ég vil gjarnan segja það, að ein ástæðan fyrir því, að menn hafa verið að bollaleggja um það að taka kúfinn af síldarverðinu, ef það verður mjög hátt, er sú, að ef verðið verður mjög hátt, mun það auka dýrtíðina í landinu, og gleymi ég þó alls ekki þeirri þörf, sem síldarútvegurinn hefur fyrir gott verð á sinni vöru. Þetta verður því aðeins gert til þess að reyna að hindra vaxandi dýrtíð. Við, sem höfum verið að berjast fyrir hækkuðu verði á afurðum okkar, verðum að gera okkur ljóst, að afleiðingin af því yrði hækkandi kaupgjald við sjávarsíðuna, afleiðingin af því yrði svo hækkandi kaupgjald við landbúnaðarframleiðslu, afleiðingin af því væri svo hækkandi afurðaverð, sem endaði svo með hækkaðri vísitölu. Þannig hefur dýrtíðin skapazt að mestu leyti. Mér er það ljóst, að hækkað fiskverð sem hér er talað um, felur í sér nokkra nýja hættu fyrir vaxandi dýrtíð. Mér er ljóst, að ef síldarmálið fer upp í 60 kr., sem ég grip algerlega úr lausu lofti, þar sem enginn veit neitt um þetta í dag, þá felst í því ný hætta um vaxandi dýrtíð í landinu. En það er dálítið undarlegt, að sá flokkurinn, sem mest talar um dýrtíðarhættuna, skuli beita sér gegn þeim ráðstöfunum, sem settar eru beinlínis til þess að hindra vaxandi dýrtíð. Ég viðurkenni alveg það, sem hv. þm. S-M sagði, að hin nýju, dýru skip þurfa að fá möguleika til þess að lækka stofnkostnað sinn. Ég veit bara ekki betur en fyrirkomulagið hjá okkur sé þannig, að ef t. d. þessi nýju, dýru skip fengju verulegt aflamagn og 60 kr. fyrir málið og þótt þau hafi sæmilega afskriftarmöguleika, þá séu þeir ekki meiri en það, að mjög mikill hluti þessa gróða færi í skattgjöld. Mér þykir það miður, að eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, finnst mér minni von til þess en ég gerði mér í upphafi, að hægt verði að fá samkomulag um

þetta mál, og af því leiðir það, að málið fæst ekki afgr. áður en jólafríið byrjar, en það mundi leiða til stöðvunar á útgerðinni. Það kemur til greina, að þingið haldi áfram milli jóla og nýárs, heldur en að láta útgerðina bíða eftir því, að þm. komi úr jólaleyfi, því að þótt það sé eðlilegt, að þm. hafi jólafrí, þá verður slíkt að víkja fyrir þeirri nauðsyn, að þetta mál fái afgreiðslu. Það eru mörg atriði, sem fram hafa komið, sem ég er ekki á sama máli um. En ég tel það ekki aðalatriðið að leiðrétta allt það, sem mér finnst aðrir hafi skökk sjónarmið varðandi þetta mál. Fyrir mitt leyti vil ég stuðla að allri þeirri fyrstu afgreiðslu, sem auðið verður að ná um þetta mál.

Ætla ég svo ekki að fjölyrða meira um þetta, en mun vona í lengstu lög, að þær tilraunir til samkomulags, sem hér fara fram, fari ekki út um þúfur.

Pétur Ottesen: Mér skilst, að það sé mjög komið í eindaga um afgreiðslu þessa máls. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að þetta þing felli niður störf nú næstu daga eða um næstu helgi í síðasta lagi. Til að afgr. þetta mál er því ekki upp á annað að hlaupa en daginn í dag og á morgun. Ég geri ráð fyrir því, að þinghelgin verði ekki tekin fyrr en búið er að ljúka afgreiðslu þessa máls. Það er óverjandi, að þetta þing, sem setið hefur á þriðja mánuð og haft þetta mál fyrst og fremst til úrlausnar ásamt stjórnarmyndun, hlaupi nú frá því óafgreiddu. Á þeim ráðstöfunum, sem Alþ. gerir nú í þessum málum, veltur það, hvort meiri hl. bátaútvegsins tekur til starfa um áramót, eins og venja er til, eða ekki. Og ef þetta tekst ekki, er ómögulegt að sjá fyrir endann á því, hve langur frestur verður á því, að sú starfsemi hefjist aftur. En hitt er vitað, að á þeim tíma, sem útgerðin ekki tekur til starfa, gengur þjóðinni úr greipum mikið fjármagn, e. t. v. svo mikið fjármagn, að hún fær ekki undir því risið. Fyrir liggja yfirlýsingar um það frá samtökum útvegsmanna, að ef ekki verði uppfylltar þær kröfur, sem þeir hafa sett fram í sambandi við þetta mál, þá treysti þeir sér ekki til þess að hefja útgerð á næstkomandi vetrarvertíð eða á þeim tíma, sem útgerð á venjulegum tíma hefst. Þau skilyrði, sem þeir setja, eru, að þeir fái tryggingu á verði fisksins, sem nokkuð fer nærri því, sem sett hefur verið fram hér í tveimur frv., sem hér liggja fyrir, annað af minni hl. fjhn., en hitt af fjhn. allri og ekki var útbýtt fyrr en um miðjan dag, enda mun ekki hafa verið gengið frá samningu frv. fyrr en eftir miðnætti í nótt eða í morgun. Hitt skilyrðið er, að dýrtíðarvísitalan verði stöðvuð, en hún er verulegur hluti kaupgjaldsins. Það gefur auga leið, að það kemur að litlu haldi fyrir útgerðina, þótt hún fái slíka tryggingu sem þessa, ef dýrtíðin fær að halda áfram að vaxa á því tímabili, sem tryggingin nær yfir, eins og verið hefur undanfarið. Slík hækkun dýrtíðar mundi gera að engu þá tryggingu, sem þeir eru nú að fara fram á og tekið hefur verið undir af Alþ. með flutningi þessara tveggja frv. varðandi þetta efni. Ástæðan fyrir því, að útvegsmenn fara fram á þetta, er sú, að þeir eru ekki eins bjartsýnir á markaðshorfur og hæstv. forsrh., þeir sjá ekki fram á, að þeir fái það mikið verð fyrir þessa vöru á erlendum markaði, að það standi undir útgerðarkostnaðinum eins og hann er nú orðinn. Ég skal ekkert um það segja, hvort sjónarmiðið sé réttara, útvegsmanna eða forsrh., að vísu fullyrti hæstv. forsrh. ekkert um þetta. Hitt skiptir aðalmáli, að þeir aðilar, sem við útgerð fást, líta svona á málið. Það, sem hér er í veði, er ekki aðeins hagsmunir útvegsmanna. Útvegsmenn vita, að þeir fá enga sjómenn út á bátana, ef ekki verður veitt slík trygging og sú, sem hér er farið fram á. Þorskveiðum hér við land er svo háttað, að þeir, sem eru þátttakendur í útgerðinni, eru upp á hlut og eiga því allt sitt undir því, hvernig afkoma útgerðarinnar verður, jafnt og útgerðarmaðurinn sjálfur. Það er þetta spursmál, sem liggur fyrir Alþ. nú og hefur legið fyrir Alþ. meiri hl. af þeim tíma, sem það hefur starfað í vetur. Það var snemma á þingtímanum, sem fulltrúar útvegsmanna héldu fund hér í Rvík og settu fram kröfur sínar. Það hefur því ekki verið nein hulin ráðgáta fyrir Alþ. þennan tíma, hvort taka þyrfti til hendinni í þessu efni eða ekki. En þannig hefur það samt farið, að ekkert hefur verið gert til þessa, sem úr sker um þetta atriði. Það þýðir náttúrlega ekki að vera að tala um orðinn hlut eða rekja ástæðurnar, sem til þess liggja, að svo er komið í atvinnulífi okkar. Þetta stafar af því, að tilkostnaðurinn við framleiðsluna hér á landi er orðinn hærri en sjómenn trúa, að þeir fái uppborið með núverandi verði á erlendum markaði. Þetta mál er þannig komið, að útgerðin fer ekki af stað, nema til einhverra aðgerða komi, og stafar það af þeim ástæðum, sem ég hef bent á. Ég ætla ekki að fara að tala um sök eða sakleysi í því sambandi. Það er nóg viðfangsefni fyrir okkur að reyna að ráða fram úr þeim erfiðleikum, sem þessar orsakir hafa skapað hjá okkur. Eins og nú er komið, er ekki unnt að ganga lengur fram hjá því að gera sér grein fyrir, hvað sú ábyrgð virðist vera mikil, sem hér er um að ræða, að ríkissjóður gangi undir. Við eigum hér, eins og málin liggja fyrir, að gera það upp við okkur, hvort útgerðin eigi að fara á stað eða ekki. Við eigum að gera það upp við okkur, hvort sú ábyrgð, sem gæti fallið á landsmenn alla, verði svo mikil, að við ættum þess vegna að kinoka okkur við að veita þessa ábyrgð samanborið við það, að útgerðin stöðvist. Mér finnst það vera þetta spursmál, sem við eigum að gera upp við okkur. Og mér fyrir mitt leyti getur ekki blandazt hugur um, hvorn kostinn við eigum að taka.

En jafnframt því sjónarmiði, að við komumst ekki hjá að gera þessar ráðstafanir, verðum við að gera okkur ljóst, að slíkar ráðstafanir sem þessar eru ekki eðlilegar. Þær er hægt að gera einu sinni, máske tvisvar, og það býst ég við, að sé hámarkið. Þessar ráðstafanir eru ekki þess megnugar að koma sjávarútveginum aftur á þann grundvöll, að hann ekki aðeins uppfylli þarfir þeirra, sem að honum vinna, heldur allrar þjóðarinnar, en það er sá grundvöllur, sem áframhaldandi atvinnurekstur útgerðarinnar verður að hvíla á hér á landi. Þetta tekur til allra landsmanna, eins og nú er komið. Og þeir menn, sem þjóðin felur umboð sitt hér á Alþ., þeir verða allra manna fyrst að gera sér það ljóst, að þetta er eina lausnin, sem verður að gera eftir að búið er að gera ráðstafanir sem þessar, því að þessar ráðstafanir er ekki hægt að endurtaka nema takmarkaðan tíma.

Hv. frsm. fjhn. sagði, að í öðrum löndum, þar

sem sjávarútvegur er stundaður — og mun hann þar hafa haft Noreg í huga —, væri gefið með sjávarútveginum. En við verðum að athuga það, að sjávarútvegurinn er 5. eða 4. atvinnuvegurinn í röðinni af þeim atvinnuvegum, sem afkoma Norðmanna byggist á. Þar í landi eru aðrir atvinnuvegir miklu þýðingarmeiri en sjávarútvegurinn. En hér er þetta höfuðatvinnuvegurinn hvað gjaldeyrisöflun snertir, sá atvinnuvegur, sem afkoma þjóðarinnar og líf hlýtur að byggjast á, svo framarlega sem þjóðin vill lifa menningarlífi. Við sækjum brauðið í skaut náttúrunnar aðeins með tveim atvinnuvegum, sjávarútveginum og landbúnaðinum. Öll afkoma okkar byggist á þessum atvinnuvegum.

Ég vil styðja þetta frv. í aðalatriðum, þótt ég hafi ýmislegt við það að athuga. Og ég vil taka það skýrt fram, að þetta eru augnabliksráðstafanir, sem nú verður að gera, og þær koma ekki að liði, nema við séum þeir menn, að við kunnum að haga búskap okkar þannig, að þessi atvinnuvegur verði rekinn sem sjálfstæður atvinnuvegur, svo að hann geti gefið mikið í beinar tekjur fyrir alla þjóðina.

Mér skilst, að ákvæði 1. gr. um að tryggja 65 aura verð fyrir kg af nýjum fiski taki eingöngu til bátaútvegsins, en taki ekki til þess aflamagns, sem togarar selja t. d. á erlendum markaði, og þeir eigi því undir því markaðsverði, sem þar er á hverjum tíma á uppboðsmarkaði enskra fisksala. Þá mun líka mega líta svo á, að sú ábyrgð, sem hraðfrystihúsaeigendur fá fyrir sína söluvöru, eftir að þeir hafa keypt fiskinn á 65 aura af útvegsmönnum og fiskimönnum, muni líka taka til alls þess fisks, sem aflað hafa aðrir bátar en togarar.

Aftur á móti lít ég öðrum augum á ákvæði 3. gr., þar sem talað er um ábyrgð á saltfiski til útflutnings. Ég sé ekki annað en þetta taki til alls saltfisksútflutnings án tillits til þess, hvort fisksins er aflað af bátaflotanum eða togaraflotanum. (**Forsrh.**: Fyrirsögn frv. og 1. gr. þess sker úr um það, að ekki er átt við togara). Hún sker ekki úr um þetta, 3. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob, miðað við fullstaðinn stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan." Ég lít þannig á þetta. Ég tel þetta frv. rýmra að þessu leyti en frv., sem minni hl. fjhn. flutti, þar sem í því er ábyrgðin takmörkuð við 30 þús. tonn eingöngu til þess fisks, sem aflaður er af bátaflotanum. Ég er viss um, að þetta getur orðið deilumál, ef það er meiningin, eins og hæstv. forsrh. sagði áðan, að þetta eigi ekki að taka til saltfisks, sem aflaður er af togurum. Ef þetta er meiningin, legg ég til, að orðalaginu verði breytt strax, svo að þetta valdi ekki ágreiningi síðar. Ég skal ekkert um það segja, hvort aðstaða togaranna til að afla fisks sé svo miklu betri, að rétt sé að gera hér upp á milli. Ég get trúað því, að þegar svo stendur á, að togarar afla þorsks eingöngu og greiðlega gengur með aflann, að þá kosti þeir tiltölulega minna til en bátaflotinn. En nú er það svo, að togarar afla ekki alltaf tóms þorsks, heldur ufsa og annars fisks, sem lítið verðgildi hefur, ef ekki er hægt að selja hann sem ísaðan fisk á erlendum markaði, þótt hann verði alltaf verðminni en þorskurinn og aðrar dýrari fisktegundir.

Hér hefur allmikið verið talað um 6. gr. þessa frv. Og maður miðar við það, sem kom hér fram hjá hv. frsm. og þetta frv. ber með sér, að hv. fjhn. stóð öll, þ. e. a. s. fulltrúar allra flokka í fjhn. stóðu að flutningi þessa frv., þó að það sé nú að vísu tekið fram í grg. frv., að einstakir nm. áskilji sér rétt til að bera fram brtt. En þetta virðist að vísu horfa nokkuð öðruvísi við í umr. þeim, sem hér hafa farið fram, þar sem bæði hv. 2. þm. Reykv., hæstv. dómsmrh. og hv. 1. þm. S-M., þessir menn úr þremur flokkum hafa talað hér, og virtust þeir allir rísa öndverðir gegn þessu ákvæði. Hv. 2. þm. Reykv. lýsti yfir því, að allir flokksmenn Sósfl. mundu með tölu greiða atkv. gegn þessari gr. (**Forsrh.**: Nei). Hæstv. dómsmrh. vill ekki vera með þessari gr., nema svo mjög sé dregið úr ákvæðum hennar, að mér skilst, að ef það væri gert eins og hann vill, þá mundi það stappa nærri því, að gr. yrði þýðingarlaus. En mér fyrir mitt leyti finnst, að ég gæti vel gengið inn á þá hugmynd, sem í þessu felst, ef það kemur í ljós, að þessar vörur, sem um er að ræða, verði í svo háu verði, að það fari langt fram úr því, sem við höfum nokkru sinni þekkt, en hins vegar ríktu erfiðleikar viðkomandi öðrum þætti útgerðarinnar. Í því tilfelli gæti komið til mála að taka kúfinn af verðinu fyrir þær útgerðarvörur, sem seldust svo sérlega vel, til þess að bæta um fyrir hinum þáttum útgerðarinnar. En hins vegar finnst mér, að með þessu ákvæði þessarar gr. sé nokkuð langt gengið í þessu efni. Og vil ég mjög skjóta því til hv. frsm., að hann taki þetta til athugunar. Mér skilst nefnilega, að það gæti farið svo með ákvæðum þessarar gr., eins og þau eru nú, að þetta fé yrði tekið í þennan sjóð að nokkrum hluta af þeim útgerðarmönnum, sem rækju útgerð sína með tapi, og þeim sjómönnum, sem bæru úr býtum lægra kaup en t. d. starfsmenn síldarverksmiðjanna í landi. Þetta ber vitanlega ekki að garði nema því aðeins, að aflafengur verði mjög lítill. Þess vegna álít ég, að setja þyrfti lágmarks-aflamagnsákvæði í þessa gr., sem tryggðu það, að þau atvik kæmu ekki fyrir, sem ég gat um, að útgerðarmenn, sem reka útgerð með tapi, og sjómenn, sem bera minna úr býtum en verkamenn í landi, sem ég nefndi, þyrftu að greiða skatt í þennan sjóð. Því að mér virðist ekki ná nokkurri átt að skattleggja taprekstur útgerðarmanna og kaupgreiðslur þeirra manna, sem á bátum eru, þannig, að það mundi draga þá langt niður fyrir það, sem þeir menn bera úr býtum, sem í landi vinna að hagnýtingu aflans. Mér skilst, að hægt væri að draga nokkuð úr hættu á þessu, ef ákvæði væri sett um það í þessu sambandi, að þegar afli hvers skips væri kominn upp fyrir eitthvert visst lágmarksaflamagn, þá kæmu ákvæði þessarar gr. fyrst til framkvæmda.

Ég vildi mælast til þess við hv. frsm., að hann vildi athuga þetta, og það mundi þá e. t. v. geta orðið til þess að sætta þá menn, sem hér telja sig ekki vera beint á móti stefnu þeirri, sem fram kemur í þessu, en geta hins vegar ekki fellt sig við þetta eins og það er, af því að þeir telja, að með þessu ákvæði óbreyttu geti orðið gengið of nærri þeim mönnum, sem gera út á síld, og þeim,

sem eru hásetar á síldveiðiskipum. Og í þessu máli má heldur alls ekki gleyma því, að síldarútgerðin hefur á undanförnum tveimur árum — eins og hér hefur verið tekið fram — verið rekin hjá ýmsum með verulegum halla. Og ástandið á árinu 1945 var svo í þessu efni, að ekki þótti hjá því verða komizt að gera alveg sérstakar ráðstafanir með fjárframlögum úr ríkissjóði og lánastarfsemi í sambandi við það, sem skipti nokkrum millj. kr., til þess að þeir menn, sem þá gerðu út, gætu haldið áfram atvinnurekstri með útgerð bátanna. Það hafa að vísu ekki verið gerðar neinar slíkar opinberar ráðstafanir gagnvart síldarútveginum vegna afkomu hans á síðasta sumri. En hitt er vitað, að við þann atvinnurekstur bar þá margur skarðan hlut frá borði, svo skarðan, að það veikir mjög aðstöðu þeirra sömu manna til áframhaldandi útgerðar.

Svo er annað atriði viðkomandi efni 6. gr. frv., sem hv. frsm. minntist á o. fl. og ég vildi hreyfa hér, og það er það ákvæði, hvað gera eigi, ef afgangur verður af fé þessa tryggingarsjóðs, þá eigi sjóðurinn að starfa áfram til tryggingar síldveiðunum, eftir þeim reglum, er ríkisstj. setur. Ég get tekið undir með þeim, sem látið hafa orð falla á sömu lund, að ég tel þetta ótækt ákvæði. Mér finnst, að a. m. k. þurfi að bæta þarna aftan við þessa 3. málsgr. 6. gr. annaðhvort: „að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands“ eða „að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna“ eða, sem ég hefði heldur kosið, „að fengnum tillögum beggja þessara aðila.“ Hv. frsm. taldi að vísu sjálfsagt, að þessir aðilar fengju að leggja orð í belg um það, hvernig þessu fé yrði varið til tryggingar síldveiðunum, ef afgangur verður í þessum sjóði. En mér finnst málin horfa þannig við, að það sé alveg sjálfsagt, að þessir aðilar fái að gera till. þarna um, og mun ég bera fram brtt. þessu viðvíkjandi við 2. umr., ef hv. n. gerir það ekki. Það mætti líka segja, að það væri ekki óeðlilegt í sjálfu sér að setja í þessi l., að þessu fé skyldi vera varið til þessara hluta eftir ráðstöfun Alþ. Ég minnist þess, að þegar veitt var hér 5 millj. kr. fjárframlag til þess að styrkja bátabyggingar, þá var slíkt ákvæði sett inn í l. um það, þar sem svo var til tekið, að þessu fé skyldi vera varið samkv. ráðstöfunum Alþ. Og Alþ. gerði sína ráðstöfun þar að lútandi, sem sé að fela stjórn Fiskveiðasjóðs framkvæmd þessa máls. Og Fiskifélag Íslands gerði svo tillögur til stjórnar sjóðsins um veitingar á fénu. Svo að það gæti verið í fullu samræmi við það, sem Alþ. hefur gert í svipuðum kringumstæðum, að ákveða, að þessu fé skuli vera varið eftir ráðstöfunum Alþ. — En undir öllum kringumstæðum tel ég sjálfsagt, að bæta þurfi aftan við 6. gr., að Fiskifélag Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna geri till. til ríkisstj. um það, hvernig þessu fé skuli varið.

Ég er þá kominn að því, sem ég ræddi nokkuð um hér áðan, að útvegsmenn hefðu sett tvö skilyrði á öndverðu þessu þingi á þeim fundi, sem fulltrúar þeirra héldu hér í L. Í. Ú. Síðara skilyrðið, sem þeir ræddu þar, er náttúrlega ekki minna um vert fyrir þá, að tekið sé til greina heldur en hið fyrra. Og í sjálfu sér má segja, að allt geti oltið á því fyrir útgerðarmenn, að þetta síðara skilyrði verði tekið til greina. Því að eins og ég leiddi rök að og ræddi um áðan, þá er þeim ekki gagn að því að fá þessa ábyrgð, ef vaxandi dýrtíð í landinu gerir hana að engu fyrir þeim í sambandi við það endanlega verð, sem þeir fá fyrir vöruna á erlendum markaði. Og þetta ákvæði er þá um það að stöðva dýrtíðina. En hér finnst mér vera ákaflega lint á tekið í þessu frv. Og ég verð að segja það, að ég get varla búizt við því, að útvegsmenn leggi mikið upp úr svona ákvæðum eins og þeim, sem felast hér um þetta atriði, sem er aðeins ein gr. upp á hálfa þriðju línu. Þarna er nefnilega ekkert annað að gert og ekkert sagt um stefnu eða aðgerðir Alþ. í þessu höfuðviðfangsefni Alþ. nú annað en að svo er kveðið á um þetta, að kjósa skuli fjögurra manna nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna — þ. e. einn mann úr hverjum flokki — til þess að gera till. um það, á hvern hátt komið verði í veg fyrir, að dýrtíðin í landinu vaxi, og að þessi n. skuli skila áliti sínu fyrir 1. febrúar 1947. Þegar maður ber þetta saman við aðgerðir Alþ. í dýrtíðarmálunum á undanförnum árum, þ. e. á þeim tíma, sem næstur okkur er, þá verð ég að segja, að þau dæmi, sem við höfum þar fyrir okkur, eru ekki uppörvandi til þess, að við getum vænzt mikils árangurs af fjögurra vikna starfi þessarar fjögurra manna nefndar (**BÁ**: Það er tólfmannanefndarþriðjungur). Ég ætlaði að benda á það, að hér er tólf manna n., þrír menn úr hverjum þingflokki, búin að sitja og ræða um þetta mál í fullar sex vikur, og hefur öll sú starfsemi engan árangur borið. Því að það hefur vitanlega verið eitt höfuðviðfangsefni þessarar tólf manna n. að finna leiðir til að slá svo á verðbólguna og dýrtíðina í landinu, að hér væri hægt að reka lífvænlegan atvinnuveg, sem byggðist á sölu framleiðsluvara á erlendum markaði. Árangurinn í þessar sex vikur hjá þessum tólf mönnum — og það var ekki valið af lakari endanum, þegar valdir voru menn í þessa tólf manna n. — er næstum að segja enginn í dýrtíðarmálinu. Mér finnst þess vegna, að þetta ákvæði frv. sé þess eðlis, að það sé ósamboðið Alþ. eins og ástandið er nú og uppfylli að engu leyti þær kröfur, sem útvegsmenn og sjómenn gera og á veltur, hverju svarað er, hvort útvegurinn fer af stað á tilteknum tíma eða ekki. Mér finnst, að sjómenn geti ekki lagt neitt upp úr ákvæðum þessarar gr., ef ekki er sýnd önnur eða meiri viðleitni til að stöðva dýrtíðina en hér er gert. — Ég mun því bera fram brtt. við 2. umr. þessa máls, sem markar skýrar stefnu Alþ. í þessu efni, þótt þar sé ekki langt gengið að vísu. Ég veit, að á þessu stigi, sem við stöndum nú á í þessu máli, þýðir ekki að bera fram róttækar till. hér að lútandi. En ég vil freista þess að bera í þessu efni fram till., sem markaði stefnuna strax. En það kemur vitanlega ekki til fyrr en við 2. umr. þessa máls, að þessi brtt. komi fram, en ég get gjarnan við þessa umr. lýst efni hennar, og það því fremur sem ekki virðast horfur á, að prentaðar fáist brtt., sem menn bera fram í hv. Nd. við þetta mál. Því að miðað við þann nauma tíma, sem ætlaður er þessu máli, verður hv. Nd. að skila þessu máli frá sér á þessum sólarhring eða fyrri hluta næsta sólarhrings, til þess að hv. Ed. fái til þess nokkurt tóm að athuga málið. — Þessi brtt. mín felst í því að bæta aftan við 9. gr. frv. ákvæði um það, — því að ég vil láta það standa, að þessi n. verði

kosin, — að þangað til öðruvísi verði ákveðið með l., skuli verðlagsuppbót á launa- og kaupgreiðslur allar ekki vera hærri en svo, að miðað sé við þá verðvísitölu, sem reiknuð var út í desember 1946 og gildir fyrir janúarmánuð 1947, en ef vísitalan lækkar meðan þetta ákvæði gildir, þangað til ný l. koma um þetta, þá skuli verðlagsuppbótin lækka að sama skapi. Í þessu felst ekkert annað en það, að Alþ. tekur ákvörðun um að stöðva vísitöluna, þannig að hún hækki ekki frá þessum degi — og þá, að laun skuli ekki hækka —, er þessi l. verða sett, og gildir þetta þangað til ný l. verða sett af Alþ. um þetta, hvort sem sú löggjöf kemur af starfi þessarar fjögurra manna n. eða þar koma fleiri til. Ég býst við, að sjómönnum og útvegsmönnum þyki þetta ekki langt gengið í þá átt að koma í veg fyrir, að grípa þurfi til meiri ábyrgðar ríkisins. En ég veit, að þeir mundu sætta sig við þetta, ef Alþ. lýsti yfir því, að það ætlaði að stöðva greiðslur eftir hærri vísitölu en kemur til með að gilda fyrir janúar n. k., sem er 306 stig að ég ætla, því að þarna sæju þeir, að Alþ. væri staðráðið í því að ráðast nú á dýrtíðina og verðbólguna. Og það fer svo eftir Guði og lukkunni, hvernig tekst um það að koma atvinnulífinu á þann fót aftur, að hér sé hægt að reka sjálfstæðan og arðvænlegan sjávarútveg frjálst og óháð, og aðra atvinnuvegi sömuleiðis í þessu landi. Því að menn skulu ekki halda, að útvegsmönnum sé það sársaukalaust að þurfa að krjúpa þannig fyrir Alþ. viðvíkjandi sínum atvinnurekstri, útgerðinni, og flýja á náðir þess. Þeir líta allt öðruvísi og miklu stærri augum á sinn þátt og sína starfsemi í þessu þjóðfélagi en svo, að það sé ekki gert af ýtrustu nauðsyn og með sárindum að þurfa þannig að flýja á náðir Alþ. um þennan atvinnurekstur, sem meginafkoma þjóðarinnar byggist á. Þeim er þetta fullkomið hryggðarefni. Og það mun ekki standa á útvegsmönnum og sjómönnum að leggja til þess sitt lið og fórnir af sinni hálfu, að atvinnulífinu á landinu verði aftur komið á þann fót, að hér sé hægt að reka sjálfstæðan, óháðan atvinnurekstur.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, sem ég taldi mjög miður farið, að þegar búnaðarþing á sínum tíma neyddist til þess árið 1944 að hafa um það forgöngu að lækka þá verðbólgu og dýrtíð, sem þá var skollin á og var ískyggileg gagnvart afurðasölunni á erlendum markaði, og rétti þar fram fórn af hálfu bændanna í vændum þess, að aðrar stéttir í þjóðfélaginu og þá líka Alþ. tæki í þá útréttu hönd, þá var það ekki gert. Ég harma þetta. Og þótt ég sé ekki fær um að spá eða segja fyrir um óorðna hluti, þá býst ég við því, að ef farið hefði verið inn á þessa braut þá, sem búnaðarþing benti til, þá gæti skeð, að við stæðum ekki frammi fyrir þeim erfiðleikum, sem við stöndum nú frammi fyrir hér í dag og við neyðumst sennilega til á síðustu stundu fyrir hátíðina að gera tilraun til þess að greiða úr, þó alls ekki þannig, að í því finnist nein framtíðarlausn á þessu máli, heldur aðeins ráðstafanir til þess að bjarga því, sem bjargað verður, þangað til Alþ. og þjóðin hefur þroska til að haga svo búskaparháttum sínum, að við getum haft í þessu landi sjálfstæðan óháðan atvinnurekstur.

Ég skal svo ekki tala lengur um þetta. Ég sé, hvað setur, hverju fram vindur í þessu máli. Ég hef lýst hér tveimur brtt. Og ég mun kynna mér það hjá hv. n., viðvíkjandi því, sem ég talaði hér um 6. gr. þessa frv., hvort hún vill ekki taka til athugunar að leggja til þær breyt. á frv., að við það verði miðað viðkomandi ákvæðum 6. gr., að þá komi ákvæði hennar fyrst til framkvæmda, er afli hvers skips fer yfir eitthvert visst lágmark, þannig að það verði aðeins það, sem þar er fram yfir, sem til greina kemur að greiða af fé til tryggingarsjóðs, sem um getur í þessari 6. gr. Á þennan hátt tel ég, eins og málin standa nú, óhjákvæmilegt að breyta þessu frv. Hins vegar er einnig alveg gagnslaust að gera það, sem gera á með ákvæðum þessarar 6. gr., ef dýrtíðin verður ekki stöðvuð.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Neyðarkall er sent út. Hæstv. ríkisstj., sem búin er að starfa í tvö ár og tveim mánuðum lengur, hefur siglt skútunni upp á sker. Sá aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, sem framleiðir meginhlutann af útflutningsvöru landsins, er stöðvaður vegna þeirrar dýrtíðar og verðbólgu, sem hér hefur þróazt að undanförnu. Þetta gerist þrátt fyrir það, að afurðir atvinnuvega landsmanna eru nú í hærra verði en nokkru sinni áður í sögu landsins.

Svipað neyðarmerki hefur heyrzt áður. Það var líka gefið um áramót, í byrjun þessa árs, og gefin var þá ábyrgð ríkisins fyrir verði á nokkrum hluta sjávaraflans. Nú er einnig gert ráð fyrir slíkri ábyrgð og nú einnig verðjöfnun á sjávarafurðum, ef verð á einstökum vörum fer yfir ákveðið mark. Þetta er að sjálfsögðu engin lausn á vandanum. Hér eru ekki á ferð í þessu frv. neinar raunhæfar aðgerðir til þess að koma atvinnuvegunum á réttan kjöl. Síður en svo. Hér er um að ræða — eins og áður — kákráðstafanir til bráðabirgða sem fullkomið neyðarúrræði. Ef sjávarútveginn þrýtur, þá er engin lind til til að ausa úr honum til styrktar. En til þessa neyðarúrræðis er gripið, vegna þess að vanrækt hefur verið algerlega að gera nokkrar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum, sem leysa vandann raunverulega. Það er komið til Alþ. nú, eins og áður, á síðustu stundu, þegar allt er komið í strand. Og afleiðingin er fálmkenndar ráðleysisráðstafanir, en engar raunhæfar úrbætur.

Í l. nr. 58 frá 3. marz 1945 var ríkisstj. falið að kosta kapps um, að verðlagsvísitalan færi ekki yfir 272 stig. Við vitum, hvernig farið hefur um framkvæmd á þessum lagaákvæðum. Ríkisstj. hefur ekki gert þetta. Hún hefur ekki fylgt þessu fram á Alþ. Vísitalan er nú 34 stigum hærri en hún var, þegar þessi samþykkt var gerð á Alþ. Og með sama áframhaldi verður vitanlega örskammt þangað til útgerðin verður í sömu sporum og hún er nú, þrátt fyrir ábyrgðina, sem með þessum l. er veitt, ef frv. verður samþ. Það er að vísu borin fram nú „fróm ósk", eins og hv. frsm. fjhn. orðaði það, í 9. gr. þessa frv. um það, að einhverjar lagfæringar verði gerðar á þessu ástandi. En það er engin von um árangur af þeirri frómu ósk, nema alveg verði breytt um stefnu og horfið frá þeirri, sem fylgt hefur verið af núverandi valdhöfum, og breytt um þau vinnubrögð, sem hér er nú, eins og áður, stofnað til og hér hafa verið höfð að undanförnu, að gefa mörgum mönnum tækifæri til að raka að sér meiri tekjum með ýmiss konar aðferðum en þjóðarbúið þolir og greiða einnig mörgum mönnum hærri laun en

þjóðarbúið er fært um að borga. En að ætla að halda höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, útgerðinni, við með ríkisframlagi og hafa einnig þá fjármálastefnu, sem ég nú gat um, að höfð hefur verið, finnst mér ákaflega svipað þeim sandburði, sem talað er um, að oft hafi farið fram á einu heilsuhæli hér í grenndinni.

Það er gert ráð fyrir því nú, eins og áður, að ríkissjóður taki á sig ábyrgðina, þegar allt er komið í strand. Hvernig er hann fær um þetta? Fjárlögin? Á þeim er yfir 20 millj. kr. halli. Hæstv. fjmrh. hefur ekki getað skilað þeim með betri svip en þetta. Það hefði sjálfsagt ekki þurft til þess að koma að grípa til þessara ráðstafana, sem hér er stofnað til, ef skynsamlega hefði verið farið að áður. Það hafa oft legið fyrir þ. till., sem stefnt hafa að raunverulegum aðgerðum í dýrtíðarmálinu. Við framsóknarmenn höfum oft flutt till. um þetta efni. Á síðasta reglulegu Alþ. fluttum við till. um þetta á þskj. 591. Það var í sambandi við frv. um dýrtíðarmál, sem þá lá fyrir. Þar lögðum við til, að sett yrði 5 manna n., þar sem 4 nm. yrðu tilnefndir af þingflokkunum og hagstofustjóri yrði form. n. Verkefni n. átti að vera að gera till. um lækkun dýrtíðar í landinu með þátttöku allra þjóðfélagsstétta, með lækkun á verði innlendra neyzluvara, lækkun kaupgjalds, verzlunarkostnaðar, farmgjalda, byggingarkostnaðar og iðnaðarvara. Jafnframt átti n. að gera till. um það að miða laun og kaupgjald við tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu. Líka átti n. að gera till. um sérstakt allsherjarframtal eigna í landinu og álagningu skatta á stórgróða, sem orðið hefur hjá skattskyldum aðilum á stríðsárunum.

Þessi till. okkar var felld af ráðamönnum, og till. um sama efni, sem fluttar voru í nóv. 1945 af fulltrúa Framsfl. í fjhn., hafa líka verið felldar. Það hefur sem sagt enginn vilji komið fram enn hjá þeim mönnum, sem ráða, til þess að reyna að koma þessu þýðingarmesta viðfangsefni okkar á heilbrigðan grundvöll. Það hefði átt að vera búið fyrir löngu, og þá hefði verið hægt að losna við þessar bráðabirgða neyðarráðstafanir.

Fyrir tveimur árum var stj. falið að láta reikna út tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu. Það var að því stefnt með þessu að fá grundvöll til þess að láta byggja á réttlátari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu en verið hefur að undanförnu. Fyrstu útreikningana átti samkv. samþykkt Alþingis að birta þinginu og þjóðinni fyrir meira en ári síðan, en ekkert er komið enn.

Ég bar fram brtt. við þetta frv. nú í fjhn. Ég vildi í staðinn fyrir þá gr. í frv., sem er sú 9. og gerð hefur verið að umtalsefni, fá gr. öðruvísi orðaða, og hef lagt fram till., sem nú er í prentun, en ég vil, að stj. geri till. í dýrtíðarvandamálinu í stað n. Ég ætla ekki að ræða þessa till. mína nú, vegna þess að hún kemur fram við 2. umr., en ég tel ekki verjandi að mynda ríkisstj. nú, nema hún taki þetta verkefni í fyrstu röð. Ég hef einnig lagt fram í fjhn. aðra till. um ráðstöfun til frambúðarúrlausnar þessa dýrtíðarvandamáls. Ég hef lagt þar til, að ríkisstj. leggi fyrir Alþingi till. um stöðvun dýrtíðarinnar, sem gætu orðið til framtíðarúrlausnar þessara mála, þannig að framleiðsla geti orðið arðvænleg, og tekjur þeirra, sem að henni starfa, það miklar í hlutfalli við tekjur annarra, að framleiðslan verði eftirsóknarverð. Þetta yrði með því að finna nýja vísitölu. Hv. meðnm. mínir í fjhn. vildu ekki fallast á að taka þetta ákvæði inn í frv. Með þessari till. og þeirri, sem ég flutti fyrir tveim árum og lýst var áðan, er stefnt að réttlátari skiptum á tekjum einstaklinga og stétta, miðað við það, sem þjóðarbúskapurinn gefur af sér. En eyðslan hjá mörgum er meiri en svo, að hún sé í nokkru samræmi við þjóðartekjurnar í heild. Það þarf að vera svo á þessum málum haldið, að hlutur bjargræðisatvinnuveganna verði ekki fyrir borð borinn. Þeir, sem vinna á sjó og landi, þurfa að bera það mikið úr býtum, að framleiðslustörfin verði eftirsóknarverð, og tekjur allra landsmanna þurfa að miðast við afraksturinn af þjóðarbúinu. Ef einstakir menn fá meira en það, leiðir það ekki til hagsældar fyrir þjóðina, heldur til tjóns. Það er ekki hægt að skipta meiri afla en á skipið kemur, en aflanum verður að skipta sanngjarnlega. Með því móti verður fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar tryggt — og þá stjórnarfarslegt sjálfstæði hennar um leið.

Eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki nú að gera grein fyrir þeim brtt., sem ég ber fram við frv., en mun ræða um þær við 2. umr., því að eins og fram kom, eru einstakir menn fjhn. óbundnir með tilliti til einstakra atriða frv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Ég vil lýsa ánægju minni á því, að fjhn. hefur séð sér fært að fallast á öll aðalatriði þess frv., sem ég hafði beðið hana að flytja, og gleðst af því, að svo skuli horfa með þetta mál sem það fái lausn nú fyrir jólin, eða svo — að það komi útveginum að því gagni, sem ætlað hefur verið.

Fjhn. hefur valið þann kost að leggja fram nýtt frv., og verð ég að segja, að ég hef ekkert við það að athuga, ef hún telur það einhverra hluta vegna réttara. Fyrir mér vakir aðallega, að þingmeirihluti sé til fyrir þessari ábyrgð, til þess að vandamál sjávarútvegsins verði örugglega leyst, enda standa vonir til þess frá útvegsmönnum almennt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Ég hef talsvert rætt um þetta áður, þegar umr. fór fram um það frv., sem ég lagði fyrir fjhn., og vísa ég til þess, sem ég sagði þá, hvað rökin snertir. En ég vil ræða um atriði, sem fjhn. hefur sett inn í og ég tel vafasamt.

Í fyrsta lagi er það 6. gr. Þar er ákveðið, að útflutningsgjald skuli greiða af því síldarverði, sem verður yfir kr. 40.30. Það er bundið við, að síldarverðið megi ekki hækka um meira en 30%. Það er ætlazt til að mynda með þessu sjóð, sem ríkissjóður á að hafa tiltækilegan, þegar einhver áhætta er. Það er ekki vitað, hve mikið veiðist af síld, en samt má gera ráð fyrir, að með þessu sé dregið úr áhættu ríkissjóðs. En ég vil segja það, að mér sýnist hér óheppilega að farið. Ég tel, að það verði að taka tillit til þess, hvernig útvegurinn hefur gengið á þessum tveim síðustu árum. Um tvær undanfarnar síldarvertíðir er það að segja, að önnur var afleit og sú síðari í lakara meðallagi — hvað marga báta snerti töluvert fyrir neðan meðallag. Sjómenn hafa oft þurft að ganga í gegnum lélega síldarvertíð. Það er vitanlegt, að sjómenn og útvegsmenn vilja haga þessum málum þannig, að allir hafi sem bezt af, en hér er of langt farið, að stj. bindi því skilyrði ábyrgðina fyrir fiskverðinu, að svo og svo miklu af síldarverðinu sé haldið

eftir. Það er neyðarúrræði að þurfa að taka af einni grein atvinnuveganna til þess að létta undir með annarri. Það getur orðið nauðsynlegt að gera þetta, en það hefur ekkert komið fram enn þá, sem geri slíka ráðstöfun nauðsynlega. Öllum er það ljóst, að þegar til kemur að selja, verður salan á einu bretti, þ. e., þegar við bjóðum fisk okkar til sölu, munum við nota síldarlýsi okkar til þess að skapa okkur aðstöðu til þess að þvinga menn til að kaupa fiskinn. Með þessu móti skapast nokkurs konar verðjöfnun milli þessara vörutegunda, en sú verðjöfnun er ekki nema það, sem allir myndu ganga inn á. Ef við komum til Breta eða Rússa og segjum: Við bjóðum ykkur síldarlýsi gegn því, að þið kaupið svo og svo mikið af ísfiski, segir það sig sjálft, að þetta er óbein verðjöfnun. Það er ekki hægt að komast hjá því, og það er verðjöfnun, sem ég veit, að síldarútgerðarmenn mundu sætta sig við, vegna þess að þeim er ljóst, að þjóðin bjargast ekki, þó að hún geti selt síldarafurðirnar góðu verði, ef ekki er markaður fyrir fiskinn. En sem sagt, nú liggur það ekki fyrir, hvort slíka ábyrgð þurfi. Við erum fyrst og fremst að skuldbinda síldarútveginn til þess að standa undir fiskútveginum.

Í fyrra var gengið í ábyrgð. Þá datt engum í hug að binda hana við síldarverðið, þó að þá liti út fyrir, að það mundi hækka. Það datt engum í hug. Þetta var áhætta, sem ætlazt var til, að ríkissjóður tæki á sig, og það voru engin ákvæði um það, hvernig skyldi afla þess fjár, sem með þurfti, heldur var bara þetta sjónarmið látið ráða: Þetta verður að tryggja. Sama sjónarmið er fyrir hendi nú. Ég hefði því talið heppilegra að binda sig eingöngu við það, sem fyrir liggur, sem er fiskverðið. Síðan verði teknar upp fjáröflunarleiðir, ef til vill með verðjöfnun síðar.

Það var bent á það af hv. þm. V-Ísf., að sjávarútvegurinn gæti ekki vænzt þess að fá stuðning annarra atvinnugreina. Þetta er rétt að nokkru leyti. En það er annar atvinnuvegur, sem byggir á útveginum. Það er verzlunin, sem skilar miklu meiri arði en sjávarútvegurinn. Þess vegna er eðlilegt, að verzlunin verði fyrst og fremst að taka skakkaföllunum, þegar útgerðin þarf hjálpar með. Verzlunin hagnast mest og hefur hagnazt mest og mun hagnast mest á þeim gjaldeyri, sem verið er að skapa með þeim tryggingum, sem felast í þessu frv. Hvað er eðlilegra en að þessi atvinnuvegur verði látinn standa undir þessari áhættu að nokkru leyti, áður en til þess kemur, að farið sé að leita á síldarútveginn, eins illa og hann er kominn? Ég býst við, að útkoman á síldarútveginum verði þannig, að í bezta falli komi hann skaðlaus út úr þeim vertíðum, sem gengið hafa yfir hann, og má segja, að honum veiti ekki af, ef hann gæti fengið hærra verð. Það er líka annað atriði, sem er þýðingarmikið. Útvegsmenn á Norðurlandi stunda meira síldarútveg en vetrarvertíð, og af því leiðir, að ósanngjarnt er, að þessi hluti sjávarútvegsins sé látinn greiða hingað suður, og verðum við að gæta þess, að þarna er ósamræmi. Ég býst við, að mörgum af þeim mönnum, sem hafa byggt á síldarútveginum undanfarið og hafa orðið fyrir skakkaföllum, þyki nærri sér höggvið, ef það á að láta þá verða ábyrgðarmenn fyrir þeim skakkaföllum, sem nú kunna að verða.

Eins og ég gerði grein fyrir við umr. fyrsta frv., sem minni hl. fjhn. flutti fyrir beiðni mína, eru horfur á því, að hægt sé að selja á svo góðu verði, að um tiltölulega litlar uppbætur verði að ræða, en eftir því, sem talað er um síldarverðið, er ekki um neina smáræðis fúlgu að ræða, sem á að setja í þennan sjóð, og það er í alla staði óviðunandi að vera að taka fé af útgerðinni eins og stendur.

Ég hef talað við marga útgerðarmenn um þetta, og þeir segja: „Við erum ekki á móti verðjöfnun, en við erum á móti því, að það sé fyrir fram ákveðið, að síldarútvegurinn skuli standa straum af þessu."

Ég tel of langt gengið að binda síldartekjurnar við fiskveiðarnar og vil leggja til, að þessi 6. gr. verði lögð niður. Það er engin þörf á þessari till. nú og hún er ákaflega ósanngjörn. Það er ekki hægt að neita því, að þetta eru þeir atvinnuvegir, sem við byggjum á, og þeim er skyldast að greiða í þennan sjóð, sem hafa hagnaðinn af því að flytja inn vörur fyrir þann gjaldeyri, sem útvegurinn gefur af sér. Það er ósanngirniskrafa, að þessi atvinnuvegur sé fyrst og fremst látinn taka á sig ábyrgðina.

Ég benti á það í ræðu minni síðast, að niður hefur verið felldur veltuskattur á verzlun. En ég er þeirrar skoðunar, að veltuskatturinn mundi gera meira en að greiða þá áhættu, sem er í sambandi við það, sem er í þessu frv. Við verðum því að athuga, að þetta er skattur, sem hefur verið innheimtur og eðlilegt var að væri á lagður og er sjálfsagður til slíkra hluta, áður en gripið er til annarra ráðstafana.

Þessar till., sem felast í 6. gr., eru forsmán. Í þeim felst, að þ. forsmái þá örðugleika, sem útgerðin á við að stríða. Það þarf að koma fram núna, að þjóðin geri sér ljóst, hvað við eigum mikið undir sjávarútveginum og að þjóðin geri sér ljóst, að hún verður að sjá svo um, að sjávarútvegurinn geti gengið. Fyrst þegar þjóðinni er þetta ljóst, getur komið til mála að fara í aðra eins verðjöfnun og hér er gerð till. um. En þegar það er komið á daginn, ef svo verður, að þjóðinni er um megn að gera þær ráðstafanir, sem þarf til þess að tryggja sjávarútveginn, þá fyrst finnst mér koma til mála að gera aðra eins jöfnun og hér er gert ráð fyrir að gera. Hvernig fer t. d., ef næsta síldarvertíð verður annaðhvort í meðallagi eða undir því? Þá sér maður, hve óforsvaranlegt er að ætla að taka einhvern hluta af því verði, sem síldarútgerðin fengi, þegar líka það er haft í huga, að Alþ. gerði ráðstafanir til þess að hjálpa útgerðarmönnum eftir síldarleysisárið 1945, til þess að þeir gætu haldið áfram útgerð, en yrðu ekki að láta af hendi báta sína upp í skuldir. Þetta eru sem sagt óeðlilegar og ósanngjarnar ráðstafanir, sem ég veit, að muni mæta mjög mikilli andspyrnu hjá útgerðarmönnum, vegna þess að það sér hver einasti maður, að hér er ekki haldið á málum af neinni sanngirni. Það er í fyrsta lagi ekki þörf á að gera þessar ráðstafanir nú, vegna þess að það er ekki vitað, að það komi til útgjöld fyrir ríkissjóð vegna þessarar ábyrgðar. Það er ekki heldur vitað, hvort hægt kynni að vera að fá þetta fé inn, sem til kynni að þurfa að taka til að greiða verðmismun á útflutningsvörum sjávarútvegsins, frá þeim aðilum, sem meiri skylda ber til þess að leggja nú eitthvað af mörkum til þess að létta undir með sjávarútveginum, eftir þann gróða, sem þeir hafa

getað aflað sér fyrir þann gjaldeyri, sem þeim hefur verið úthlutað og sjávarútvegurinn hefur skapað. — Ég tel þess vegna, að hvernig sem á þetta mál er litið, sé það langréttasta, sem hægt sé að gera, að fella þetta ákvæði algerlega niður úr frv., og gera það með þeirri vissu, að það verði ekki farið inn á svona brautir fyrr en aðrar leiðir eru útilokaðar. — Það er vitað, að svo er komið fyrir síldarútveginum, bæði einstaklingum, sem hann hafa stundað, og ýmsum verksmiðjum, sem starfa að honum, að síldarútvegurinn þarf að fá tækifæri til að rétta sig við aftur eftir taprekstur. Það er nú einnig búið að byggja síldarverksmiðjur á vegum ríkisins, sem kosta um 38 millj. kr., og þetta er fimmfaldur byggingarkostnaður á við það, sem var fyrir stríð. Þessi kostnaður stafar líka mikið af því, að hraðað var byggingu þeirra, svo að hægt væri að starfrækja þær á síðast liðinni síldarvertíð. En síldin brást á síðustu vertíð, sérstaklega í ágústmánuði, þannig að ekki var hægt að afla síld fyrir þessar verksmiðjur. En verði gott síldarár næst, er bráðnauðsynlegt að greiða þessar verksmiðjur niður, vegna þess að það er ein af ráðstöfunum til þess að búa okkur undir þann tíma, sem við búumst við, að sé framundan, að verð á afurðum okkar lækki. Og það er í raun og veru fyrsta og eðlilegasta ráðstöfunin, sem hægt er að gera viðvíkjandi þessum verksmiðjum.

Öllum er líka ljóst, að svo er um nokkurn hluta flotans, sérstaklega skip af meðalstærð, að síðan ísfisksmarkaðurinn lokaðist í Englandi, hafa eigendur þessara skipa lítið með þau að gera til annars en til síldveiða. En þetta eru hins vegar beztu síldveiðiskipin, 70—120 lesta skip, og þau hafa ráðið því, hvort síldarvertíðir okkar hafa verið góðar eða slæmar. Þessi skip hafa því verið ákaflega þýðingarmikil fyrir síldveiðarnar. En þeir, sem hafa rekið þau, hafa fengið á sig tvær slæmar síldarvertíðir í röð og fiskleysi í sambandi við ísfiskveiðar. Þeir, sem þau gera út, þurfa því að geta rétt hag þeirrar útgerðar aftur, eftir þessi slæmu ár fyrir útgerð þeirra. — Erfiðleikar eru nú líka fyrir báta um að komast að því að geta fengið viðlegupláss á vetrarvertíðinni. Þessir bátar, sem komust ekki að hér syðra á vetrarvertíðinni, voru um 15, en má þó búast við, að auðið muni verða að koma mörgum þeirra að. Það er óneitanlega hart að gengið að ætlast til þess, að þessir bátar, sem komast ekki að um að fá viðlegupláss, eigi að taka á sig nokkrar greiðslur, til þess að hægt sé að halda uppi þeim útvegi, sem framkvæmdur er á vetrarvertíðinni, sem þeir hafa ekki einu sinni aðstöðu til þess að stunda sjálfir.

Hvernig því sem á þetta mál er litið, þá er allt, sem mælir á móti því, að við tökum þessi ákvæði inn í l., sem í 6. gr. frv. felast. Og allt mælir líka á móti því að hafa það ákvæði, ef um væri að ræða að setja eitthvað slíkt í l., í því formi, sem hér er gert ráð fyrir. Ég tel, að ekkert slíkt geti komið til greina fyrr en séð er að fullu, hvaða útgjöld það muni í fyrsta lagi kosta fyrir ríkissjóð að samþ. þá ríkisábyrgð á verði framleiðsluvara bátaútvegsins, sem í þessu frv. er gert ráð fyrir, og í öðru lagi, hvernig afkoman verður almennt hjá bátaútveginum. Og ef inn á svona brautir verður farið, er það ákaflega vandasamt mál að ákveða, við hvaða verð á að miða, þegar ákveðið er um greiðslur til þessa tryggingarsjóðs. Ég hygg, að það að binda síldarverðið við 40 kr. málið sé í fyllsta máta ósanngjarnt og sé hlutur, sem útvegsmenn muni alls ekki sætta sig við. Það má að vísu segja það, að þótt þetta sé samþ. hér í þessu frv., megi alltaf taka þetta mál til athugunar á ný, þegar komið er á daginn, hvers með þarf í þessum efnum. En ég held, að bezt sé fyrir alla aðila, að þetta sé fellt niður nú og að ekki sé vakið máls á þessu nema í samráði við útvegsmenn sjálfa, eftir að búið er að sjá eitthvað frekar um það, hvernig verður um afkomu okkar útgerðar og nauðsynina á að veita bátaútveginum stuðning endanlega. — En það er fullkomið réttlætismál nú, að það verði fleiri aðilar en sjávarútvegurinn, sem taka á sig þá hættu, sem því er samfara að veita bátaútveginum þessa ábyrgð um verðtryggingu, sem lögfesta á með þessu frv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ýmsar aths. hafa nú verið gerðar við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og hafa ýmsir borið fram brtt. við það, en sumir flm. hafa frestað brtt. til 2. umr., og hygg ég, að aðrir geri það einnig. Gæti þá d. afgr. málið fljótt til 2. umr., og milli umr. gæti svo flm. rætt málið enn og reynt að ná samkomulagi um framkomnar brtt. Ég mun ekki ræða þessar till. fyrr en við 2. umr., og mun ekki heldur ræða dýrtíðarmálin almennt, enda er okkur flm. ljóst, að hér er einn þáttur dýrtíðarmálanna tekinn út úr.

Hvað viðvíkur stjórnarmyndun, þá var það vissulega verkefni 12 manna n., en ekki fjhn., að mynda stjórn. Af þeim aths., sem fram hafa komið við frv., ber mest á aðfinnslum við 6. gr., en ég tel, að hún sé bæði réttmæt og nauðsynleg, eins og ég hef áður fært rök fyrir. Ég held, að engin ríkisstj. þurfi að kvíða með 65 aura tryggingarverði á fiski og 40 kr. á síldarmálið. En ef útgerðin getur ekki borið sig með þessu verði, þá er framtíðin ekki björt. Einn aðalgrundvöllur jöfnunarákvæða 6. gr. er, að sjómenn fái hækkandi kaup til jafns við landmenn. Þá skapast enginn grundvöllur fyrir landmenn að gera auknar kaupkröfur, sem að öðrum kosti mundi óhjákvæmilega verða, ef kaup sjómanna hækkaði, og slíkt kapphlaup yrði útgerðinni stórum verra en jöfnuður milli veiðigreina, enda er það útgerðinni til einskis gagns, þó að síldarverðið hækki, ef sú hækkun skapar um leið hækkandi verðbólgu.

Ég skal á þessu stigi ekki fara lengra út í þetta, en áður en ég lýk máli mínu, vil ég undirstrika, að alls staðar þar, sem ríkisstj. er nefnd í frv., er átt við hana í heild, en ekki einstakan ráðherra. Það er hægt að framkvæma lögin af einum ráðh., en ekki fyrr en hann hefur ráðgazt við meðráðh. sína. Er því í þessu frv. alls staðar átt við alla ríkisstj.

Skal ég svo ekki hafa þessi orð mín fleiri að sinni.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég get sem einn af flm. brtt. fallizt á það, sem hv. þm. V-Ísf. stakk upp á, að hraða þessari umr. og taka brtt. fyrir við 2. umr. En út af þeim aths., er hann lét fylgja, vil ég ítreka, að með 6. gr. finnst mér of langt gengið, þegar á að láta eina stétt gjalda vegna ráðstafana, sem gerðar eru í þágu allra landsmanna. Það er vissulega of langt gengið, þegar á að flytja fjármagn frá fátækari lands-

fjórðungum til ríkari landsfjórðunga, ég get ekki sætt mig við það vegna míns kjördæmis, og býst ég við, að fleiri þm. að norðan og vestan fari svo. Það er sannarlega ekki til þess að auka álit Alþingis að taka frá þeim, sem lítið hafa, og færa það til þeirra, sem meira bera úr býtum. Vona ég því, að fjhn. taki til athugunar, hvernig koma megi í veg fyrir þennan ágalla.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki mikið lengja þessa umr., en það eru nokkur atriði hjá hæstv. forsrh., er ég vildi drepa á. Hæstv. forsrh. talaði mikið um dýrtíðina og sagði, að það væri fróðlegt að vita, hvaða ráðstafanir ég vildi gera til þess að gera 65 aura ábyrgðina óþarfa. Nú hefur þessi sami hæstv. ráðh. ævinlega sagt, ef dýrtíðarmálin hefur borið á góma, að dýrtíðin mætti vera eins og hún er, af því að framleiðslan gæti borið sig og sættu menn sig ekki við, að niður væri skorið á meðan. En þegar framleiðslan geti ekki lengur borið sig, þá væri tímabært að gera eitthvað. Full ástæða er því nú til að spyrja, hvort ekki sé kominn tími til, að hæstv. forsrh. grípi til þeirra ráða, er hann hefur svo lengi búið yfir. Er nú lengur hægt að hafa óbreytt ástand í dýrtíðarmálunum, þegar ríkið ábyrgist 65 aura verð á fiskinn og ráðh. segir söluhorfur betri en áður? Viðunandi úrræði í dýrtíðarmálunum hafa ekki fengizt rædd, og er þar þó um fleiri en eina leið að ræða, en réttu leiðina mun Framsfl. benda á við 2. umr. þessa máls.

Hv. þm. V-Ísf. og hæstv. forsrh. hafa sagt, að það sé einkennilegt, að sá flokkur, sem mest hafi talað um dýrtíðina og hættuna, sem af henni stafi, sé ekki með 6. gr. Um þetta segi ég aðeins það, að ekki má blanda þessari 6. gr. saman við dýrtíðarráðstafanir. Ef síldarverðið hækkar svo, að hætta er á, að það valdi aukinni verðbólgu, þá má halda til baka einhverjum hluta af því, en þó þannig, að það sé eign þeirra, er aflað hafa og þurfa þess með. Mjög er vandasamt að setja slíka löggjöf, og eftir því sem meira er rætt um 6. gr., kemur í ljós, að þingið getur ekki skipað málum þessum á einni nóttu. Því mun bezt að fella niður 6. gr., en athuga síðan vandlega, hvaða verðbólguhætta er fyrir hendi, ef síldarverðið reynist hátt. Það er ekki um neitt smáræði að ræða, þegar draga á í sjóð milljónatugi frá einni stétt og ákveða, hvernig með þær milljónir skuli farið. Það er ekki hægt á einni nóttu. Ef verðbólguhætta stafaði af auknu síldarverði, væri rétt að taka eitthvað af síldarverðinu í sjóð handa síldarútveginum sjálfum, sem óháður yrði uppbótinni á þorskinn, og gæti verið, að setja þyrfti sérstaka löggjöf um það. Ég hef áður gagnrýnt það ákvæði frv., að ríkisstj. ákveði, hvað gera skuli við afgang tryggingarsjóðs, og taldi alveg ófært, að ráðh. eða ríkisstj. ráðstafaði slíkri upphæð, því að hún verður ekkert smáræði, ef síldarmálið verður á 50 kr. eða meira. Það er hvorki meira né minna en ca. 100 þús. kr. frá bát, er fiskar 10 þús. mál. Sjóður þessi getur því auðveldlega orðið 25—30 milljónir kr. Enginn veit, hve mikla uppbót þarf að greiða á þorskinn, og geta því orðið eftir í tryggingarsjóði margir milljónatugir, sem ríkisstj. ráðstafaði. Þetta, að setja svona ákvæði inn í frv., sýnir, að þingið er ekki í þeim ham, að það geti skipað svona máli eins og stendur.

Þeir hv. þm. V-Ísf. og hæstv. forsrh. hafa lýst yfir því, að þar, sem standi „ríkisstj." í frv., sé alls staðar átt við stj. í heild, en ekki einstakan ráðherra. En ef „ríkisstj." stendur í frv., þá þýðir það þann ráðh., sem málið heyrir undir. Reglugerðir eru aldrei bornar upp í ríkisráði, og ræður hver ráðh. í sínum málum. Hann getur að vísu borið málið undir meðráðherra sína, en hann hefur úrslitavaldið og sker úr, ef ágreiningur rís. Jafnvel þótt það væri rétt, að öll ríkisstj. ætti að ákveða um afgang tryggingarsjóðs, þá er það jafnóverjandi að fela það 5 mönnum. Enginn annar aðili en Alþingi á að ráðstafa þessu fé, enda er sú aðferð, sem lögð er til í frv., alveg fordæmalaus.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Þetta frv., er hér liggur fyrir, snýst einkum um tvö atriði, og er það fyrra að tryggja bátaútveginum ákveðið fiskverð, en hið síðara, að ríkið skipi 4 manna n. til að gera till. í þá átt, að dýrtíðin vaxi ekki, og skal n. skila áliti fyrir 1. febr. n. k. Hallar heldur á um þessi tvö atriði. Hið fyrra er stórkostlegasta till., sem fram hefur komið um atvinnuhætti okkar og miðar að gerbreytingu á atvinnulífinu. En síðara atriðið er saklaus till. um nefndarskipun. Þessi 9. gr. um nefndarskipunina gegn aukningu dýrtíðarinnar bregður vissulega allskoplegu ljósi yfir málið, því að með þessu er ekkert gert í þá átt að lækka dýrtíðina. Það ætti ekki að vera óleyfilegt, þegar hefja á allsherjar þjóðnýtingu á íslenzkum sjávarútvegi, að staldra við á þeim merkilegu tímamótum og líta í kringum sig og sjá, hvernig almennt er ástatt í þjóðfélaginu. Ég ætla að taka eitt dæmi úr mínu kjördæmi, en það eru einkennilegar tillögur um húsmæðraskólann á Laugum, er kostaði 50 þús. kr. og rúmaði 20 nemendur. Skólinn var mjög góður, og dáðust allir að honum, enda átti hann afbragðsgóðri skólastýru á að skipa. Þegar forstöðukonan var fallin frá, ætluðu þeir, sem að skólanum stóðu, að stækka hann dálítið og byrja á verkinu í vor. En þá kom hraðboði frá ríkisstj. með þau skilaboð, að hætta skyldi við að gera þessa breytingu eða stækkun á skólanum, sökum þess að hún væri of lítil. Þessu var hlýtt og hætt við verkið. Þá komu lærðir og miklir menn norður með þann vísdóm, að of dýrt væri að hafa kennara og heimilishald í skólanum, nema þar væru a. m. k. 36 stúlkur. Það þyrfti því að byggja nýtt skólahús og selja það gamla. En það var ærið kostnaðarsamt að framkvæma þessa hugmynd ríkisstj., þar eð byggja átti skóla fyrir hálfa aðra milljón kr., eins og í Borgarfirði, og af þeim kostnaði átti sýslan að greiða fjórðunginn. Það átti m. ö. o. að rífa niður allt listaverk hinnar látnu forstöðukonu og láta sýsluna taka þátt í að kosta miklu stærri skólabyggingu en hún þurfti á að halda. Síðan, þegar sýslunefndin athugaði þessi tilboð, vildi hún ekki sjá þessa greiðasemi. Sýslan hafði lagt sitt ýtrasta fram, eða 25 þús. kr., til að stækka skóla Kristjönu, en sá enga ástæðu til að gera það fyrir ríkisstj. að selja sinn gamla skóla og kosta nýja skólabyggingu, þótt gerðar hefðu verið samfelldar vitleysur af Alþ. og ríkisstj. í þessu máli, og stofna sér þannig í botnlausar skuldir í stað þess að láta sér nægja þann húsmæðraskóla, sem hún hafði upphaflega lagt 50 þúsund krónur í. Hann hefði

þá kostað hana 75 þús. kr. eftir stækkunina og verið hæfilegur fyrir meðalsýslu. En síðan Þingeyjarsýsla rannsakaði fyrrgreind skilyrði, hefur komið fram frv. frá menntamálastjórninni, sem gengur út á, að hægt sé að neyða sýslur til að taka lán til ýmissa byggingarframkvæmda á ábyrgð ríkissjóðs, og eftir sama frv. á að neyða Landsbankann til að veita lánin, en hann er nú eina lánastofnunin í landinu, sem ennþá er ekki þurrausin. Með þessu er stuðlað að því, sem hvergi þekkist í siðuðu landi, að setja lög, er skyldi þjóðbankann til að veita nauðungarlán. Það er litið nokkuð öðrum augum á slíkt í Danmörku. Það var alsiða þar í sumar, að menn, sem þurftu að fara yfir til Svíþjóðar, fengu aðeins tvær krónur í farareyri, og einn fyrrv. danskur ráðh., er þurfti að fara þangað, fékk svo lítinn farareyri, að hann hætti við förina. En þetta er ekki alveg tilviljun. Þessar tvær krónur eru ekki einstakt atriði, því að danska þingið hefur sett l. um, að bankarnir, t. d. Landmandsbanken, *fái ekki að taka nema lítið af inneignum sínum í* þjóðbankanum út úr honum. Danir ætla sér að rétta við með sparsemi og ráðdeild, og því banna þeir að taka innstæðurnar út úr þjóðbankanum. Hér er búið að þrengja svo aftur á móti að Útvegsbankanum og Búnaðarbankanum, að innstæður þeirra í Landsbankanum eru orðnar mjög litlar. Allt er gert til að soga út úr bönkunum allt, sem hægt er að eyða. Við höfum farið öðruvísi að á síðustu árum en allir aðrir, við höfum reynt á sem stytztum tíma að eyðileggja fjárhaginn bæði innanlands og utan, og þetta nær hámarki í frv. menntmrh. um að neyða sýslur landsins til að taka lán gegn vilja þeirra út úr þjóðbankanum, en hann lendir síðan í stór vandræði. (**Forseti**: Ég verð að biðja hv. ræðumann að halda sér við að ræða um það frv., *sem hér er til umræðu*). Þessi inngangur minn er þó betur viðeigandi en sumar umræður hér, sem jafnvel hafa beinzt gegn hæstv. forseta sjálfum og hefðu mátt vera styttri vegna hans góða málstaðar.

Hér er okkur nú sýnt toppblómið í jurtagarðinum. Það frv., sem hér liggur fyrir, er í lítið breyttri mynd frv. atvmrh., er hann bar hér fram fyrir nokkru. Utan þings er það stutt af Finnboga í Gerðum, einum kröftugasta foringja nazistaflokksins, er hér var, svo að nazistar og kommúnistar sameinast nú í stuðningi sínum við þetta þjóðnýtingarfrv. Ef lítið er til Rússa, er það ríkið, sem stendur undir framleiðslunni og stjórnar henni, en lætur ekki aðra stjórna henni með ríkisábyrgð, eins illa og þeim sýnist, eins og hér er gert. Þar er ekki heldur sagt við þegnana: Þið hirðið gróðann, sem kann að verða, en við greiðum tap, ef það verður. Í Rússlandi er ríkisframleiðsla, og þar er vinna greidd eftir afköstum, sem er betra fyrirkomulag en hjá sumum öðrum. Sá munur er því hér á, að þjóðnýting Rússa er alvarleg tilraun til að geta staðizt. En hér er á ferðinni ný tegund þjóðnýtingar, þar sem ríkið ber áhættuna af atvinnurekstrinum upp í topp, en atvinnurekendur eiga að stjórna og hafa gróðamöguleikana.

Hvernig hefur árferðið verið síðan 1940? Stöðugt vaxandi fjármálagóðæri, svo að enn eru í gildi orð Sigurðar Kristjánssonar, er hann mælti í útvarpsræðu 1942: „Menn tala um erfiðleikana, en hvar eru þeir? Hvenær hefur verið meiri vinna, hærra kaup og meira keypt til landsins en nú?" Og hann sýndi fram á, að hér ríkti fullkomin velgengni. Og hvernig er það nú? Er hér atvinnuleysi, hefur kaupið verið lækkað eða afurðaverðið lækkað? Nei, alls ekki. Því er óhætt að fullyrða, að það er fordæmalaust í sögu nokkurrar þjóðar eftir margra ára vaxandi góðæri, að ríkið þurfi að ganga í ábyrgð fyrir aðalatvinnurekstur þjóðarinnar. Þetta væri sambærilegt við það, að danska ríkið gengi í ábyrgð fyrir landbúnaðinn þar, eða sænska ríkið í ábyrgð fyrir skógarhöggið. Það vantar allan grundvöll undir þessar kröfur, þótt hv. þm. Borgf., er setið hefur hér lengst á þingi, eða síðan 1916, tali hér nú um neyðarástand, eins og hann gerði, en hvenær verður það betra síðar, eða síður hjálpar þörf en nú? Og ef á að láta ríkið ganga í ábyrgð fyrir þorskveiðarnar, því eru togararnir þá útundan? Á að láta þorskinn gjalda þess, á hvaða skipum hann veiðist?

En svo búast þeir við, að síldarverðið verði afskaplega hátt á næsta ári, en síldarútgerðarmenn vilja ekki ganga í neina ábyrgð eða samábyrgð. En það er ekki útlit fyrir hátt verð. Það má hiklaust búast við, að fiskur, lýsi og saltsíld stórfalli á næstunni, — og hvað segja útgerðarmenn þá? Því hefur verið haldið fram í dag, að uppbótin ætti ekki eingöngu að koma frá síldarútveginum, og það er rétt. En þar sem nú kröfur okkar um verð á blautfiski eru þriðjungi hærri en verðið í Noregi, líður ekki á löngu að fiskverðið verði pressað hér niður eins og 1931—1932, og þá kemur að því, hverjir eigi að borga. Formælendur þessa frv. segja, að ríkisábyrgðin leiði ekki til neinna vandræða á næsta ári. En það verður að halda áfram þessum ábyrgðum, þegar byrjað er á þeim, og þar af leiðir, að hættan liggur í því, að taka þurfi af kapítali eða innstæðum annarra stétta til útvegsins, og það er það, sem kommúnistar stefna að. Ég óska atvmrh. til hamingju með þessa þróun, hún er eins æskileg fyrir hann og hugsazt getur. Atvinnurekendur við sjólnn rétta upp hendur og gefast upp skilyrðislaust, ef þeim er ekki hjálpað af ríkinu. Hér á að innleiða verstu tegund þjóðnýtingar og sjúga út allt fé í landinu, og þegar allt er komið í kaldakol, leita kommúnistar til hjálparandans í því föðurlandi, sem þeir geyma sál sína í.

Gott dæmi um það, hvert stefnir, eru skrif eins helzta útgerðarmanns við Faxaflóa, Haraldar Böðvarssonar, í Morgunblaðið, þar sem hann skrifar um, að krónan verði minnkuð. En hann er ekki einn um þetta, heldur margir fleiri, og er annað ósennilegt en hnigið verði að því ráði að fara inn á þessa leið, þótt ekkert væri okkur meira til skammar. Ég held, að það sé fordæmalaust, að 100 þúsund manna þjóð hafi átt 600 milljóna kr. inneign erlendis, eins og við áttum, og ef sú þjóð felldi nú gjaldeyri sinn, þá væri það einnig fordæmalaust. Aðalatriðið er, að við höfum farið öfuga leið og allt aðra en nágrannaþjóðir okkar. T. d. stefna Englendingar, Svíar, Danir og Norðmenn nú að því að rétta við fjárhaginn, það er aðalatriðið. Hjá okkur er aftur á móti talað um að fella krónuna, sem mundi leiða til þess, eins og í Þýzkalandi, að aftur og aftur þyrfti að lækka hana, unz búið væri með öllu að ganga frá eignum landsmanna. Því erum við nú eftir 6 ára stöðuga velgengni á merkilegum þröskuldi, við, sem vorum tiltölulega ríkasta þjóð heimsins. Við erum staddir þar, sem annar aðalatvinnuvegur landsins gefst upp, og rík-

ið verður að soga inn í taphítina allt, sem þjóðin á. Kommúnistar hafa því ástæðu til að vera glaðir. Þeir hafa skilið rétt sitt hlutverk, en ekki er hægt að segja hið sama um borgaraflokkana, það getur ekki talizt þeirra hlutverk að kasta atvinnuvegunum inn í þá verstu þjóðnýtingu, sem til er.

Ef við hugsum okkur, að Jón heitinn Þorlákssón væri nú hér kominn (við vorum andstæðingar í stjórnmálum, eins og kunnugt er) og liti yfir þessa samkomu og útskýrt væri fyrir honum, hve óheyrilega ríkir við hefðum verið undanfarin ár og að nú ætluðum við að fara að segja okkur til sveitar sökum þess, að manndáð vantar, þá mundi hann aldrei hafa heyrt meiri býsn. Enda fer ekki hjá því, að síðar verði talað um merkilegan influenzufaraldur í gáfnafari manna á þessum árum, er verið er að eyðileggja krónuna og fjárhag landsins. Því að mig grunar, að svo fari, að uppáskrift ríkisins á víxla Landsbankans verði ekki mikils virði. Það er fullkomin ástæða til að minnast á þessa undarlegu glópsku. Hér er reynt að pína þjóðbankann sem mest, en í öllum öðrum löndum er reynt að skapa þeim sem öruggastan grundvöll og gera þá sjálfstæða og óháða. En hér eru á hverju þingi borin fram frv., sem fela raunverulega í sér, að við eigum að vera bankastjórar þjóðbankans, þótt við vitum ekkert, hvað bankinn getur, svo að loka þyrfti bankanum, ef öll þessi frv. væru lögfest. Og nú er hér talað um að leggja niður sjálfstæðan útveg og láta Alþ. ráðstafa fé þjóðbankans í stað þess að hafa hann sem sjálfstæðastan og ábyrga stofnun. Allir vitum við vel, að það er ekki þessi leið, sem á að fara. Allir vita, að við eigum að hætta að ímynda okkur, að dýrtíðin sé æskileg. Og ef við hættum að gera það og kæmum okkur saman um að lækka allt, kaup, vörur, skatta o. s. frv., svo að framleiðslan gæti borið sig eins og í Englandi t. d., þá gætu útvegsmenn gert út, bændur búið, og ekki þyrfti að fella krónuna. Ég vil segja það við n., að það er ekki hægt fyrir þá þm., sem vita, að stefnan, sem þetta frv. boðar, er röng, að fylgja þessu máli. Það er að segja, þetta boðar aukna dýrtíð, sem í þess stað er nauðsynlegt að lækka.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta frv. þurfi minnar aðstoðar við, enda mundi hún ekki veitt, en mér hefur þótt rétt að segja hér frá því ástandi, sem við erum í. Við erum á glötunarbarmi og hafðir að háði og spotti erlendra þjóða fyrir stjórn okkar fjármála og félagsmála, enda ekki við öðru að búast. Ég hef nú gert grein fyrir afstöðu minni, taldi rétt að lýsa þessu ástandi nokkuð, þó að ég búist hins vegar ekki við, að mín orð eða mitt atkvæði hafi nein áhrif, og mun þó margur iðrast þess síðar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það voru aðeins fá orð út af ræðu hæstv. atvmrh. — Hann sagði, að nauðsynlegt væri að lækka nýju síldarverksmiðjurnar. Þetta er alveg rétt, því að nýju síldarverksmiðjurnar eru dýrar, en svo fór ráðh. að litast um, hvar hægt væri að fá fé til þess, og þá kom hann fyrst auga á veltuskattinn. Sá skattur er þekktur, og það ekki að góðu. Hann kom að verulegu leyti niður á almenningi eða því fólki, sem verzlar í samvinnufélögunum. Hæstv. stjórn hefur þrengt mjög hag þessara félagssamtaka fólksins, en þrátt fyrir það hafa kaupfélögin enn mikil viðskipti, og enginn þarf að láta arðræna sig í verzlun. En á alla þá, sem kaupa vörur, leggst veltuskatturinn, og þyngst á þá, sem flesta hafa á framfæri sínu. Af því má sjá, hversu óréttlátur hann er. Þegar hæstv. atvmrh. og flokkur hans telja sig vera að berjast fyrir hag launþega og hagsbótum þeim til handa, gætir nokkurs ósamræmis að byrja á að leggja veltuskatt á þessa sömu menn ofan á húsaleiguokrið, þegar seðja þarf verðbólguhítina. Þessi aðferð hæstv. ráðh. og flokksbræðra hans er ekki ósvipuð starfsemi, sem tíðkast á spítala hér í grennd, þar sem menn eru látnir bera sand. Ráðh. virðist vera á þessu sandburðarstigi enn þá.

Raunir hafa ekki enn
yfirgefið þjóð og land,
því að okkar æðstu menn
ætla að bera meiri sand.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 246, 248, 250, 251, 252, 253, 254).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu brtt. 248, 250—254. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. hefur haldið fund um þær till., sem fyrir liggja, en ég hef engin skilaboð að flytja frá henni í heild, því að nokkur ágreiningur er um allar till. Hins vegar hefur borizt bréf frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, sem hljóðar svo:

„Vér leyfum oss hér með að senda háttvirtri fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis eftirfarandi ályktun, sem gerð var á fulltrúaráðsfundi L. Í. Ú. í dag (20. desember) í sambandi við frv. það, er nú liggur fyrir Alþingi um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna vélbátaútvegsins, svo hljóðandi:

„Fulltrúaráðsfundur Landssambands íslenzkra útvegsmanna, haldinn í Reykjavík 20. des. 1946, lýsir fylgi sínu við framkomið frv. á Alþingi um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna vélbátaútvegsins, flutt af fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, enda þótt fundurinn óskaði eftir, að frv. væri að ýmsu leyti á annan veg og vill í því sambandi taka fram eftirfarandi:

1. Fundurinn lítur þannig á, að frv. muni ekki ná fullum tilgangi, nema Alþingi komi sér saman um að stöðva dýrtíðina í landinu.

2. Fundurinn telur miður, að frv. skuli ekki ná til allra starfsgreina sjávarútvegsins, svo sem botnvörpuskipa o. fl., og treystir því, að Alþingi og ríkisstj. skapi viðundandi starfsgrundvöll fyrir þær greinar sjávarútvegsins, sem ekki eru teknar inn í frumvarpið.

3. Fundurinn telur ákvæði 6. gr. frv. um verðjöfnun milli síldar- og annarra sjávarafurða mjög vafasöm, og treystir því, að einkis verði látið ófreistað til að koma í veg fyrir, að grípa þurfi til slíkrar verðjöfnunar. Hins vegar telur fundurinn mjög eðlilegt, að myndaður verði tryggingarsjóður útvegsins til þess að mæta örðugleikum aflaleysisáranna.“

Þetta eru aths. við frv., án þess að gerðar séu nokkrar tillögur til breytinga. En „auk þess samþykkir fundurinn að fara þess á leit við fjhn. neðri

deildar Alþingis, að hún flytji svo hljóðandi brtt. við frv.:

„Meðan umræður og samningar fara fram skv. 1. mgr. 9. gr., skal vísitala og grunnkaup haldast óbreytt, enda greiði ríkissjóður á meðan þá hækkun, sem verða kann á dýrtíðarvísitölunni vegna hækkaðs fiskverðs“.“

N. sem heild flytur ekki þessa till. vegna þess, að menn gátu ekki orðið sammála um hana.

Ég hef ekki meira að segja að þessu sinni, en þm. munu gera grein fyrir sínum brtt.

Pétur Ottesen: Já, ég lýsti við 1. umr. þessa máls þeim brtt., sem ég hef borið hér fram, sem eingöngu snerta tvær gr. þessa frv., þ. e. 6. gr. og 9. gr. Mér þykir ekki ástæða til að bæta á þessu stigi neinu verulegu við það, sem ég sagði þá um þetta mál. Það er aðeins örskammt um liðið, og nú, í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hefur ekki komið fram nein gagnrýni á þessum till. mínum.

Ég tel það sem sé alveg sjálfsagðan hlut, að ef ákvæði 6. gr. verða samþ., verði bætt aftan við 3. málsgr., þar sem gert sé ráð fyrir, að stj. setji reglur um þann tryggingasjóð, sem gert er ráð fyrir þar, og mundi hún setja þá reglugerð að fengnum till. Fiskifél. Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Þessar stofnanir fara með mál þeirra manna, sem eiga þetta fé, og þess vegna eðlilegt og raunar sjálfsagt, að tekið sé tillit til þeirra till., sem þeir gera um ráðstafanir þessa sjóðs. Mér virðist, að það hnígi svo rík rök að því, ef Alþ. getur á það fallizt, að þessir aðilar hafi þarna hönd í bagga, ef til kemur, að þessi ákvæði 6. gr. verði endanlega í lög tekin.

Hinu lýsti ég svo einnig við 1. umr., að á 9. gr. þessa frv. eru ákaflega mikil vettlingatök. Það er samkvæmt henni, sem á að takast að stöðva dýrtíðina, og þar er eingöngu gert ráð fyrir skipun 4 manna n., sem geri till. um, á hvern hátt verði komið í veg fyrir, að dýrtíðin í landinu vaxi. Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að við höfum dæmi um það, hvað störf flokkaskipaðra n. hafa orðið hraðfara, bæði á þessu þ. og oft áður, við það að gera till., sem að nokkru haldi komi í þessum málum. Þess vegna vil ég láta það koma hér fram, ef nokkur alvara er á bak við það hjá Alþ. að stöðva dýrtíðina eða stöðva það, að hækkun á vísitölu komi fram á kaupgjaldi og launagreiðslum. Ég tel því sjálfsagt, að þau ákvæði séu tekin inn í þetta frv., sem marki þessa stefnu alveg skýrt og ágreiningslaust, og það er gert með þeirri brtt., sem ég hef flutt í sambandi við 9. gr. þessa frv. En eins og ég lýsti, þá er ekki frekt í farið með þeirri brtt. Það er eingöngu gert ráð fyrir, að stöðvað verði eins og við stöndum nú eða 1. janúar, og skilst mér, að ef hún verður tekin inn í þetta frv., kunni það að verða nokkurt aðhald fyrir þessa menn og aðra, sem koma til með að fjalla um þessi mál, að nokkru frekari árangurs mætti vænta, eftir að slíkt spor er stigið. En þessi ákvæði ein, sem eru í 9. gr., álít ég þýðingarlítil.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta. Þessar brtt. mínar koma til atkvæða, og með síðari brtt. minni, við 9. gr., kemur skýrt fram hér á þ., hvort nokkur raunverulegur vilji eða ásetningur Alþ. er að taka þetta mál þeim tökum, að nú verði stigið fyrsta sporið um að stöðva dýrtíðina. Mér finnst, að till. mín skeri alveg úr um þetta.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þrem þskj. sem minni hl. fjhn.: 248, 252 og 253.

Ég ætla fyrst að lýsa nokkrum orðum brtt. á þskj. 252. Hún er um það, að ný gr. bætist framan við 1. gr., um það, að fyrir 1. febr. næstkomandi skuli ríkisstj. leggja fyrir Alþ. till. um stöðvun dýrtíðarinnar og þær ráðstafanir, sem nægja til þess, að framleiðslan geti orðið arðvænleg og tekjur þeirra, sem að henni starfa, það miklar í hlutfalli við tekjur annarra, að framleiðslustörfin verði eftirsóknarverð. Það er vitanlega það, sem þarf að gera, að gera framleiðsluna arðvænlega, svo að ekki þurfi að koma til ríkisábyrgðar eða verðjöfnunar úr ríkissjóði. Þetta vil ég láta koma fyrir 9. gr. frv. eins og hún nú er. Samkvæmt 9. gr. er gert ráð fyrir að kasta þessum vanda í bili frá hinni væntanlegu nýju ríkisstj., sem menn vona að komi fljótlega, og yfir á 4 manna n. Þetta finnst mér óeðlilegt, vegna þess að það á að vera fyrsta verkefni hinnar væntanlegu stj. og hún á í raun og veru að vera mynduð um það fyrst og fremst að koma þessum vandamálum í viðunandi horf. Eins og ég hef tekið fram áður, við 1. umr. þessa máls, tel ég óverjandi að mynda ríkisstj., nema hún þegar í upphafi geri nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni.

Í samræmi við þessa brtt. flyt ég á þskj. 253 till. um það, að ábyrgðin verði afgreidd í heimildarformi til ríkisstj., en ekki sem bein ákvörðun Alþingis. Ég byggi þetta á því, að ef stj., sem væntanlega kemur mjög fljótlega, gæti gert viðunandi ráðstafanir í þessu máli þegar í upphafi — og áður en til ábyrgðarinnar þarf að taka —, þyrfti ekki að nota ábyrgðina og stj. gæti horfið frá því, ef henni virtist það óþarft. Ég tel heppilegra, að hún væri í þessu formi heldur en bein fyrirmæli þ., enda í samræmi við venju þ., því að venjulega er þetta í því formi, að stj. er heimilað að ábyrgjast það, sem um ræðir hverju sinni. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

Þá er það till. á þskj. 248. Hún er um það, að líka verði tekin ábyrgð á útflutningsverði landbúnaðarafurða, eftir því sem til þarf til þess að framleiðendur fái fyrir þær vísitöluverð, en það er þó fram tekið í síðari mgr. þessarar till., að ákvæðið komi því aðeins til framkvæmda, að greiða þurfi fé úr ríkissjóði vegna ábyrgðarinnar á fiskverðinu. M. ö. o., ef ekki þarf að greiða vegna ábyrgðar á fiskverðinu, er ekki ætlazt til, að greitt verði vegna landbúnaðarafurða, en þurfi að greiða með fiskverðinu, tel ég með öllu óviðunandi, að ekki sé greitt fyrir landbúnaðinn líka.

Ég tel ekki rétt að gera upp á milli atvinnuveganna. Með opinberum ráðstöfunum hefur bændum verið skammtað lægra verð innanlands en þeir þurfa að hafa til þess að hafa tekjur sambærilegar við það, sem aðrir menn í landinu hafa, og ef þessi ríkisábyrgð á fiskverðinu verður samþ., þá mun ósamræmið fara vaxandi, ef landbúnaðurinn verður undanskilinn, því að þá kemur þar fram 30% hækkun á fiskverðinu frá því síðastliðið ár, svo að ósamræmið hlýtur að vaxa enn bændum í óhag. Ég vænti þess því, að þessari till. minni verði vel tekið af þinginu.

Ég skal geta þess um þá till., sem ég minntist fyrst á, á þskj. 252, að það komu fram raddir um það í fjhn., að verið gæti, að einstakir nm. aðrir en ég vildu taka til athugunar t. d. milli 2.

og 3. umr., hvort þeir gætu fallizt á þá till. mína, svo að ég geri ráð fyrir að taka hana aftur til 3. umr., þar sem ég tel ekki vonlaust, að einhverjir fleiri nm. kunni á hana að fallast við nánari athugun málsins.

Þá vildi ég minnast á brtt., sem fyrir liggur á þskj. 254 og gerð hefur verið grein fyrir. Ef hv. þm. Borgf. (PO) mætti heyra mál mitt, vildi ég spyrja hann, hvort hann gæti á það fallizt að taka aftur brtt. sína við 6. gr., því að ég get búizt við, að till. komi fram um sama efni. (**PO**: Ég get orðið við því.) En um till. hans á sama þskj., viðbótina við 9. gr., er það að segja, að till. þessi er ófullnægjandi, þar sem margar ráðstafanir þarf að gera. En þar sem till. er ætluð til bráðabirgða og ríkisstj. hefur í hendi sér að sjá um, að vísitöluhækkun verði ekki um svo stuttan tíma, munum við framsóknarmenn greiða atkv. með þessari till. hv. þm. Borgf.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég hef ástæðu til að segja um þessar brtt.

Hermann Guðmundsson: Ég finn mig knúðan til að standa hér upp og mótmæla brtt. frá hv. þm. Borgf. (PO). Hann flytur brtt. á þskj. 254, þar sem hann vill binda vísitöluna við það, sem hún nú er, 306 stig, og verði hún hærri, skal verkalýðurinn í landinu ekki hljóta neina uppbót. Þótt ég viðurkenni þá staðreynd, að vísitalan er komin mjög hátt nú og atvinnuvegir landsins eru komnir á heljarþröm vegna dýrtíðarinnar, verð ég að láta þá skoðun mína í ljós, að sú dýrtíðarvísitala, sem verkalýðurinn hefur fengið laun sín greidd eftir, hefur ekki verið rétt. Hún hefur ekki verið í samræmi við þá dýrtíð, sem verið hefur, þannig að frekari skerðing er frá mínu sjónarmiði algerlega óverjandi. Það er líka gert ráð fyrir, að ef vísitalan lækki, skuli verðlagsuppbót lækka að sama skapi. M. ö. o. að verkalýðurinn skuli ekki fá hækkun á kaup sitt, en aðeins lækkun. Ég lít á þessa till. sem beina árás á verkalýðinn í landinu og skora á d. að fella hana.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er sérstaklega í sambandi við till. á þskj. 254, sem ég vildi segja nokkur orð. Það var meiningin, þegar fjhn. beitti sér fyrir þessu frv., að reyna að koma útgerðinni af stað. Tilgangurinn var, að farið yrði að vinna að útgerðinni, svo að hún gæti gengið í vetur. Það er þess vegna undarlegt að sjá fram komna till. um að stöðva útgerðina og ætlast til, að hún sé samþykkt.

Þessi till. fer fram á að afnema alla kaupsamninga í landinu og setja nokkurs konar gerðardóm án þess að gera ráðstafanir til þess að Alþ. hafi vald til að framkvæma hann. Þannig að með þessu er verið að sjá svo um, að ekkert verði úr útgerð í vetur, að hún stöðvist vegna þess, að verkalýðurinn mundi ekki sætta sig við slíkar ráðstafanir. Það er þess vegna mjög undarlegt, að það skuli koma fram till. um að lögfesta kaupið — og það þegar bæta á kjör sjómanna og útgerðarinnar. Ég held þess vegna, að það sé alveg rangt í það farið hjá hv. þm. Borgf. (PO), þegar hann lætur sér detta í hug að koma með svona till. Og þetta er því undarlegra sem þessi till. hans miðast eingöngu við eitt, — ekki stöðvun dýrtíðarinnar og vísitölunnar, heldur eingöngu við að stöðva uppbætur á launum og kaupgjaldi. Þeir, sem framleiða og selja, mega hækka sínar vörur. Þeir eiga að fá að halda sínum gróða. En þeir, sem halda uppi starfseminni í landinu, þeirra laun á að skerða. Ég hélt, að hv. þm., jafnt hv. þm. Borgf. (PO) og aðrir, væru búnir að fá meira en nóg af að reyna að kveikja eld í landinu á þeim tíma, sem þjóðin hefur reynt að sameinast um verkefnin.

Sem sagt, þetta frv. er flutt til þess að reyna að koma útgerðinni af stað, og þess vegna á ég bágt með að skilja þessa till. Það er verið með þessu að reyna að tryggja sjómönnum hækkun úr 45 aurum upp í 65 aura verð. Þykir mönnum þá sanngjarnt, þegar verið er að tryggja sjómönnum heldur betri afkomu en áður, að gera ráðstafanir til þess að lækka kaup annarra manna?

Það hefur nokkrum sinnum borið á góma annan hlut um þessi mál, þegar rætt hefur verið um verðlag í landinu, og það er að beita skarpari verðlagsákvæðum en nú er gert. Það er undarlegt, að þeir, sem finnst sérstakt heillaráð að hætta að borga verkamönnum og öðrum starfsmönnum þjóðarinnar kaup, sem þeir samkvæmt samningum eiga rétt til, skuli ekki vera fylgjandi því að beita verðlagsákvæðunum skarpar en hér er gert. Það hefur hvað eftir annað verið gengið inn á að stórhækka vörur, sem hafa haft stórfelld áhrif á vísitöluna, án þess að tilraun hafi verið gerð til að berjast á móti slíkri hækkun, halda gróða framleiðendanna í skefjum, knýja þá til að breyta framleiðsluaðferðum sínum í skynsamlegra fyrirkomulag. Síðasta dæmið var brauðahækkunin, sem hækkaði vísitöluna um 2 stig. Í verðlagsráði barðist fulltrúi sósíalista móti því, að gengið yrði inn á að leyfa þessa hækkun, en fulltrúar allra annarra flokka voru með því að leyfa þessa hækkun. Ef hækkuninni hefði verið neitað, hefði það þýtt það, að þessir menn hefðu verið knúðir til að gera innkaup sín skynsamlegar en áður og haga rekstrinum betur. Sama hefði gilt um framleiðendur. Þeir hefðu verið knúðir til að nota skynsamlegri vinnuaðferðir og þannig knúinn fram raunverulegur framleiðslukostnaður. Sífellt undanlát með hækkað verðlag þýðir það, að allar ástæður, sem framleiðendur hafa til að reyna að koma framförum á sinn atvinnurekstur, falla burt. Það eru eingöngu slíkar harðvítugar breyt. á verðlagsákvæðum, sem geta knúið fram verulegar framfarir í slíkum efnum. En hvenær sem því hefur verið hreyft að beita þessum aðferðum, hefur lítið verið undir það tekið af flokksbræðrum hv. þm. Borgf., og virðist þó full ástæða til að byrja á því að lækka verðlag, m. a. með því að koma á skynsamlegri vinnuaðferðum, ódýrari innkaupum heldur en að þjóta í að lækka á einn eða annan hátt vinnukaup í landinu.

Þeir útgerðarmenn, sem standa með þessu frv., hafa barizt fyrir að fá nauðsynlega hækkun á fiskverðinu, hafa ekki heldur fyrst og fremst viljað ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur. Þeir hafa bent á önnur úrræði í þessu sambandi. Þeir hafa bent á gróða innflutningsverzlunarinnar, ef fé þyrfti að taka til að bæta fiskverðið. Og það virðist ekki fjarri lagi, áður en farið er út í að skerða kaup launamannanna, að hreyfa ofurlítið við heildsalagróðanum. Það er undarlegt, ef menn, sem telja sig fulltrúa fyrir sjávarútveginn og bændur á þessu landi, ætla að byrja á því, eins og mér

virðist að sumu leyti vera meining þeirra hv. þm. Borgf. og hv. þm. V-Húnv., að lækka við launamennina og starfsfólk í landinu eða gera tilraun til slíkrar lækkunar, heldur en að hreyfa við heildsalagróðanum, og hafa þó útgerðarmenn ekki skorið neitt utan af því í sínum ályktunum, að þar sé kúfur, sem jafnvel mætti taka af, ef eitthvað þyrfti að gera til að bæta upp hugsanlegan halla af útgerðinni. Ég tel því till. hv. þm. Borgf. á þskj. 254 vanhugsaða, stórhættulega og óframkvæmanlega og að skemmtilegast hefði verið, að hún hefði ekki komið fram í sambandi við það átak, sem Alþingi verður nú vonandi sammála um að gera til þess að bæta verulega hag útgerðarinnar, tryggja hennar afkomu og leiðrétta og bæta nokkuð þá aðstöðu, sem hlutarsjómenn og fiskimenn yfirleitt hafa haft undanfarið hjá þjóðfélaginu. Ég treysti því þess vegna, að slík till. verði felld, því að hún á að engu heima í því frv., sem hér liggur fyrir, og mun einmitt verða til þess að hindra þann höfuðtilgang, sem vakir fyrir flm. þess, að koma útgerðinni af stað nú þegar.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég á hér brtt. á þskj. 251, aðaltill. og varatill. Ég hef gert þá grein fyrir aðaltill. við 1. umr. þessa máls, að ég teldi rangt að láta eina stétt manna, sem sé útgerðarmenn og sjómenn, greiða að öllu leyti þann kostnað, sem verður við að gera þær ráðstafanir, sem frv. þetta beinist að, vegna þess að ég teldi, að hér væri ekki um að ræða ráðstafanir fyrir sjávarútveginn einan, heldur alla landsmenn. Af þeim ástæðum hef ég gert aðaltill. mína um, að 6. gr. yrði felld niður, og yrði þá sá tími, sem þingið hefði til starfa fyrri hluta næsta árs, notaður til þess að finna leið til að greiða halla, sem kynni að verða. Ég tel, að með því að halda þessu ákvæði, þá sé í rauninni ekki verið að bæta kjör útgerðarmanna og sjómanna.

Mér kemur undarlega fyrir sjónir að heyra þau ummæli hv. 2. þm. Reykv. nokkuð endurtekin hér í d., að frv. þetta miði að því sérstaklega að bæta kjör útgerðarmanna og sjómanna, þar sem það virðist ekki miða að neinu öðru en að færa til milli vertíða þær tekjur, sem þessir menn gætu fengið. Ég held, að einhvern tíma hafi hv. 2. þm. Reykv. verið kröfuharðari fyrir aðrar stéttir en fyrir hlutarsjómennina nú.

Ég hef flutt þessa till. sem aðaltill. af þessum ástæðum, sem ég hef nú greint. Hins vegar hef ég, ef þessi till. fengi ekki náð hjá hv. d., flutt varatill., sem ég gerði nokkra grein fyrir við 1. umr. málsins, en þær till. miða að því, að Alþingi með sérstökum ráðstöfunum geri ekki að engu þær vonir, sem hlutarsjómenn og útvegsmenn á síldveiðum hafa gert sér um að fá kjör sín bætt næsta sumar vegna hækkaðs síldarverðs. Eins og kunnugt er, hefur síldveiðin verið rekin með tapi tvö síðastliðin sumur. Þeir, sem síldveiði hafa stundað, hafa ekki borið úr býtum nema 1500 og í hæsta lagi 3000 kr., þegar fæði er dregið frá, og hefði einhverjum öðrum stéttum þótt þetta litlar tekjur tvö sumur í röð í vaxandi dýrtíð í þessu landi. Varatill., sem ég hef flutt við þetta, er við 6. gr. og er á þá leið, að eigi megi innheimta slíkt gjald, fyrr en veiði síldveiðiskips hafi náð meðalafla síldveiðiskips í hverjum flokki árin 1942—1944. Miða ég við það, sem almennt er talið sæmilegt síldarár. Ég tel, að ekki sé rétt, að Alþingi gangi lengra í þessu við þessa mjög aðþrengdu stétt, sem hefur borið mjög skarðan hlut frá borði tvö sumur í röð, eins og öllum má vera augljóst.

Í síðari till. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fé því, er innheimt verður af afla hvers síldveiðiskips, skal fyrst og fremst verja til að greiða útgerðarmanni þess halla þann, er hann kann að hafa beðið af útgerð skipsins á síldveiðum á árunum 1945 og 1946, þó þannig, að frá verði dreginn hagnaður sá, er orðið hefur á hverju skipi á þorskveiðum á þeim árum. Jöfnum höndum skal skipverjum á skipum þessum greidd uppbót þannig, að tekjur þeirra af síldveiðum nái meðaltekjum verkamanna við Síldarverksmiðjur ríkisins á því ári."

Ef farið er að jafna milli atvinnuvega á þann hátt, sem hér er lagt til, þá virðist mér, að ríkisstj. sé að láta þetta þing samþ., að atvinnuvegur, sem hefur beðið tjón, hjálpi öðrum, sem sæmilega árar fyrir.

Þetta er svo mikið mál, að það er ákaflega mikil nauðsyn, að það gangi fram, áður en þm. fara í jólafrí og fyrir áramót. Þm. mega ekki skilja svo nú, að þeir hafi ekki gengið frá ráðstöfunum til að koma útgerðinni af stað upp úr áramótum. Það hefur dregizt óhæfilega lengi, en það getur alls ekki beðið þangað til þingið kemur saman eftir áramót. Við verðum þess vegna að vinna að málinu nótt og nýtan dag, og ef laugardagurinn dugir ekki, þá sé ég okkur ekki vandara um en sameinuðu þjóðunum að taka sunnudaginn líka, þegar svo mikið er í húfi sem raun ber vitni um.

Ég hef við 1. umr. þessa máls gert grein fyrir þessum till., og tel ég ekki ástæðu til að gera það frekar að þessu sinni. Ég hef ekki hugsað mér að tefja framgang þessa máls með óþörfum ræðuhöldum og enn síður setja fótinn fyrir þetta frv., þó að ég telji, að það sé byggt á röngum forsendum, en ég tel mikla nauðsyn, að það verði afgr. nú þegar og að það sé ekki aðeins nauðsyn útvegsmanna og sjómanna, heldur beinlínis nauðsyn allra landsmanna. Fari svo, að frv. verði afgr. í líku formi og það liggur fyrir frá hendi fjhn., þá mun nokkur tími til stefnu að flytja breyt. við það á síðari hluta þings. Það er líka svo, að þm. yfirleitt hafa ekki séð þetta frv. fyrr en í gærdag eða svo og hefur ekki unnizt neinn tími til að safna verulegum gögnum til rökstuðnings ýmissi þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið við frv. Ég mundi t. d. á síðari hluta þessa þings geta lagt fram allýtarleg gögn, sem sýna tekjur útgerðarmanna og sjómanna síðustu tvö ár og eins, hver áhrif samþykkt þessa frv. hefur í þeirri mynd, sem það hefur nú, á þann hátt, að það færir ranglega til fé milli landshluta og fé er tekið frá þeim, sem lítið hafa haft á undanförnum árum, og fært til þeirra, sem betri möguleika hafa til að bjarga sér.

Ég vil ekki tefja frv., þó að ég fylgi brtt. mínum, heldur flýta fyrir, að það fái afgreiðslu með það fyrir augum að flytja brtt. á síðari hluta þingsins, þegar það kemur saman eftir áramót.

Pétur Ottesen: Það er aðeins örstutt. Ég vil þakka hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. fyrir þær ræður, sem þeir héldu hér í sambandi við mína brtt. Þetta þakklæti mitt byggist á því, að þessar ræður þeirra upplýsa ákaflega vel, hvað gersamlega þýðingar-

laust þetta ákvæði, sem felst í 9. gr., er í sambandi við það, að það eigi að verða til þess að stöðva dýrtíðina. Þeir hafa báðir lýst yfir, að ég ætla, að þeir ætli að fylgja þessu frv. og samþ. ákvæði 9. gr. Og af hverju? Af því að þeir líta svo á, að hún feli ekki í sér neitt, sem getur orðið til þess að stöðva dýrtíðina. Og ef þetta er rétt mynd af afstöðu þeirra manna, sem fylgja þessu frv., þá er það alveg ljóst, að hér er einskis að vænta. En þá vil ég varpa fram þeirri spurningu: Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir þá, sem þetta á að koma til góða, útgerðarmenn og sjómenn, ef dýrtíðin heldur áfram að vaxa og ganga inn í vísitöluna og kemur á kaup- og launagreiðslur? Hvað tekur það þá langan tíma að eta upp þá hækkun, sem á að falla í skaut útvegsmanna og sjómanna, 15 aura á fiskkíló og tilsvarandi gagnvart þeim, sem kaupa og verzla með aflann? Hvað tekur langan tíma að hækka dýrtíðina til að eta upp alla þá tryggingu og gera að engu hagsmuni, sem tryggingin á að veita þessum aðilum? Og þegar svo er komið, hvað standa þeir þá nær? Það er ákaflega gott að fá þessar upplýsingar hér undir þessum umr., að það á ekkert að gera, að því er virðist, til að stöðva dýrtíðina, en það þýðir, að áframhald hennar getur gert það að verkum, áður en varir og áður en vetrarvertíðinni lýkur, að búið verði að þurrka út þann hagnað, sem ætti í sambandi við ábyrgðina að falla í skaut útgerðarmönnum og sjómönnum. Svo fer ég ekki frekar út í þetta. Mín brtt. miðar að því að marka ákveðna stefnu, að nú eigi að fara að vinna að lækkun dýrtíðarinnar og verðbólgunnar í landinu yfirleitt og það eigi að koma fram um áramót á þann hátt, að sú hækkun, sem verða kynni á vísitölunni þann mánaðartíma, sem n. er ætlað að starfa, verði ekki til þess að draga úr þeim hlunnindum, sem gert er ráð fyrir, að falli útgerðarmönnum og sjómönnum í skaut. Ég sé ekki annað, ef svona á frá þessum málum að ganga, en að beinlínis sé vitandi vits verið að blekkja þessa aðila, útgerðarmenn og sjómenn, veita þeim fríðindi, sem áður en varir geta orðið engin fríðindi og líklegast, að verði aldrei nein fríðindi fyrir þá.

Hv. 2. þm. Reykv. fór að tala um heildsölugróðann og ekkert væri gert til að beita skarpari verðlagsákvæðum og vildi átelja mig fyrir það að hafa ekkert aðhafzt í þessu efni og vildi slá föstu, að ég vildi ekkert gera í þessu efni. Nú mætti segja, að þetta væri sök á mig, en ég vil senda þessa sök til baka til hv. 2. þm. Reykv., sem hefur haft miklu sterkari aðstöðu í tvö ár að hafa áhrif á þetta en ég. Sú stj., sem setið hefur að völdum síðast liðin tvö ár, hefur haft öll verðlagsmál í sinni hendi, og þó hafa heildsalarnir safnað til sín óhóflegum gróða. Hvers vegna hafa þeir leyft þeim að fara meira en góðu hófi gegnir ofan í vasa hvers borgara í þjóðfélaginu? Hvers vegna hafa þeir liðið þeim þetta? Ég veit, að sá flokkur, sem hv. 2. þm. Reykv. tilheyrir, er oft að tala um, að Sjálfstfl. haldi verndarhendi yfir heildsölunum og heildsalagróðanum þeim til handa. En hvers vegna hefur hv. 2. þm. Reykv. og kommúnistafl. látið þetta viðgangast í stj.? Það eru fjórir ráðh. móti tveimur, sem Sjálfstfl. hefur í stj. Hvers vegna hafa þessir flokkar ekki með þessa sterku aðstöðu á tveimur árum neytt hennar til að koma í veg fyrir, að óeðlilegur gróði félli í skaut heildsölunum? Er þetta vanræksla hjá þeim? Er það kjarkleysi hjá þeim að nota ekki þessa sterku aðstöðu til að vernda borgarana fyrir þessari féflettingu og hruni, sem heildsalarnir eru að leiða yfir almenning? Ég get líka verið þakklátur hv. 2. þm. Reykv. fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli, en hann kemst ekki undan því, að kommúnistafl. í ríkisstj. og Alþfl. í ríkisstj. hafa þar haft aðstöðu til að láta þetta mál til sín taka, ef þeir hefðu haft áhuga fyrir því. Þeir hafa alltaf talið sig fyrst og fremst verndara og velunnara alls almennings í þessu landi og komið með útbreiddan faðminn: Komið þið hingað. Hér er ykkar verndarskaut! Hvers vegna hafa þeir ekki verndað landslýðinn fyrir þessu óhóflega okri? Það þýðir ekkert að tala um, að Sjálfstfl. og ráðh. hans í ríkisstj. hafi þar nokkra sök. Þeir hafa þar ekkert bolmagn móti hinum. Við skulum segja, að þeir hafi viljað vernda heildsalana og heildsalagróðann. Þeir höfðu ekkert bolmagn til að þjóna lund sinni í þessu efni, ef hinir hefðu sýnt nokkra viðleitni til að gera það gagnstæða. Já, hv. þm. stendur nú ekki sterkar en þetta.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta atriði, en ég vildi aðeins minna á þetta, af því að á þetta var minnzt og því beint til mín, að ég hefði átt að sýna viðleitni í þessa átt. Ég býst við, að ef þessi flokkur hefði sýnt rögg í þessu efni, þá hefði hann átt góðan stuðning hjá mér til þess að koma þessu fram. (**EOl**: Það er gott að eiga það inni). Það er bara, að þeir sýni þá einhverja viðleitni. En máske hafa þeir haft þar einhverja til að vernda og ekki verið ógeðfellt, að þeir gætu komizt ofan í vasa til að klófesta þar eitthvað til að draga þar eitthvað í sinn dilk.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., 21. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að bera hér fram nýja skriflega brtt. við 6. gr. frv., svo hljóðandi: „Aftan við gr. bætist: Nú verður síldveiði með minna móti, og er ríkisstj. þá heimilt að greiða uppbætur úr tryggingarsjóði á afla ársins 1947. Ríkisstj. er heimilt að stofna sjálfstæð tryggingarsvæði að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Uppbætur og tryggingargjöld fyrir útfluttan eða seldan afla skulu greidd í hlutfalli við afla á svæðinu og öllu landinu. Ríkisstj. ákveður nánar um sérsvæði og sérsjóði með reglugerð."

Þessi till. er flutt í tilefni af þeim brtt., sem fram hafa komið að undanförnu. Menn hafa talað um, að það tap gæti orðið á næstu síldarvertíð, og hef ég þess vegna flutt fyrri hluta þessarar brtt. um, að greiða megi uppbætur úr tryggingarsjóði, ef afli yrði lítill. Ég hafði hugsað mér, að þetta yrði aðallega bundið við 3 svæði, Vestfirði fyrir sig, Norðurland fyrir sig og Austurland. Vitanlega yrði ríkisstj. að sjá um það, að svæðin yrðu nógu stór til þess að ábyrgð ríkissjóðs ykist ekki.

Það höfuðatriði, hvernig innheimtur skuli síldartollur, leysist auðveldlega þannig, að skipting á greiðslu síldartollsins milli svæða sé í hlutfalli við aflann og að í tryggingarsjóðinn verði greiddur tíundi hluti af síldarsölunni. Að öðru leyti þyrfti ríkisstj. að ákveða með reglugerð stærð svæðanna og annað þessu viðkomandi.

Vildi ég að síðustu óska þess, að forseti gæfi fundarhlé áður en fundi er slitið, svo að hv. fjhn. geti fengið málið til athugunar um stund.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í gærkveldi vegna till. hv. þm. Borgf. Það er ekki svo, að þessi brtt. eða efni hennar kæmi að óvörum. Sú regla hefur löngum verið gildandi, að hafi hlutur aðalatvinnuveganna verið erfiður, þá hefur verið leitað til Alþ., og hafa vandamálin þá venjulega verið greidd eftir föngum. Við þessu er náttúrlega ekkert að segja, en það þyrfti að gilda sama máli um allar stéttir þjóðfélagsins. En það gerir það ekki, það gildir allt annað gagnvart verkalýðnum. Hann er aldrei talinn framleiðandi og verkamennirnir eru einu sinni varla taldir þjóðfélagsþegnar af sumum. Þetta kemur greinilega fram hjá hv. þm. Borgf. og að því leyti er alveg víst, að hann hefur hitt naglann á höfuðið í ræðu sinni. En þm. V-Húnv. var ekki nóg að lýsa þessu yfir fyrir sitt leyti, heldur fyrir hönd alls flokks síns. Ég get vel trúað því, að þessir hv. þm. séu sammála um þetta, því að það er jafnan svo þegar verkalýðurinn á í hlut. Þá er eins og ekki komi til mála að gera neina samninga við hann. Hann er ekki það merkilegur eða mikilvægur í þjóðfélaginu að margra dómi, að það komi til mála, heldur skuli málin útkljáð án hans íhlutunar eða samþykkis. Þeir eru engir framleiðendur, og þess vegna þarf ekki að taka tillit til þeirra. En nú er það staðreynd, hvort sem menn álíta verkamennina framleiðendur eða ekki, að ef þeir hætta störfum, já, þá vill oft koma leiðinda strik í reikning þjóðarbúskaparins. Það er óþarfi að telja upp öll þau störf, *sem verkalýðurinn innir af hendi*, en það mætti minna á ekki ómerkilegri störf en vegalagningu, byggingarvinnu o. m. fl. Það er fleira merkilegt starf en að erja jörðina og sækja sjóinn, og það má merkilegt kallast, að jafnstór og mikilvæg stétt og verkalýðurinn er skuli þurfa fjöldamörg ár til þess að ná viðurkenningu á mikilvægi tilveru sinnar. Fyrir kosningar og önnur slík tækifæri virðist samt mönnum sem betra sé að hafa verkalýðinn með sér en móti. Þá eru gefin loforð og hækkað kaup, en eftir á er hann svo ekki mikilvægari en skarnið sjálft.

Það er sannfæring mín, að það séu ekki aðeins tormerki á að lögbjóða slíkan síldartoll, sem mér heyrist menn samþykkir að koma nú á, heldur sé það ómögulegt, því að aldrei getur maður með vissu vitað, hvernig sala sjávarútvegsafurða verður.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 258) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Þetta mál er svo mikið alvörumál, að sýnilegt er, að allir flokkar vilja leysa það á einn eða annan hátt, en erfiðlega gengur að verða sammála um leiðirnar til þess. Það hefur verið rætt um framleiðsluna, en margar aðrar atvinnugreinar koma til greina og vitað er, að verzlun, iðnaður og siglingar eru hyrningarsteinar þjóðarbúskaparins. Það litla, sem ég gæti lagt til málanna, vil ég að kæmi fram á þann hátt, að ég lít svo á, að hv. Alþ. sé nokkuð sundurleitt og lítt samstarfsfúst, en best væri, að málin væru leyst á réttlátan hátt og án þess að ráðizt sé á eina stétt annarri fremur.

Ég vildi segja í sambandi við þetta frv., að ég taldi mig ekki geta fylgt frv. frá hæstv. atvmrh., vegna þess að við vitum, að við erum ábyrgir fyrir þeim kvöðum, sem þar er gert ráð fyrir, en málið er mjög óljóst fyrir öllum á þessu stigi og því taldi ég nauðsyn á 6. gr., sem þó getur að einhverju leyti orðið óréttlát gegn einhverjum atvinnugreinum. Enn fremur taldi ég brýna nauðsyn á einu atriði, og varð það til þess, að ég varð meðflytjandi þessa frv., en það er 9. gr. Það hefur verið rætt mikið um dýrtíðarmálin, og verð ég að segja, að mín stétt, kaupsýslustéttin, hefur ekki fengið vinsamlegt orð í eyra í því sambandi og öllu heldur væri lausnin fólgin í því að ganga af henni dauðri. Þetta er misskilningur, og vitna ég í byrjun ræðu minnar, að verzlun, iðnaður og siglingar eru nauðsynlegar fyrir framleiðsluna. Öllum er ljóst, að þessi lausn hér er aðeins bráðabirgðalausn, og þolir það ekki bið, að tekið sé til alvarlegrar athugunar, að framleiðslan geti orðið rekin svo, að þjóðinni sé sæmandi. Í þessu sambandi hefur mér gefizt tækifæri til að tala við forráðamenn útvegsmanna, og er þeirra álit, að mikil nauðsyn sé að koma framleiðslunni í gang í tíma. Í þeim umr. var uppástunga frá okkur verzlunarmönnum, að engin lausn væri á vandanum að sækja til ríkisins, heldur þyrftum við að taka málin á þannig grundvelli, að dýrtíðin lækki þannig, að framleiðslan sé tryggð. Enn fremur veit ég, að þeir, sem framleiðslu stunda, eru allir á móti því að þurfa að sækja til ríkisins í einu og öllu. Við tökum það fram, að okkur væri það ljóst í verzlunarstéttinni, — *og ég tek þar með þann lið stéttarinnar, sem starfar með okkur*, samvinnufélögin, — að leggja beri grundvöllinn þannig, að útvegurinn svari arði. Við sækjum að því, sem við teljum skyldu okkar, að verzlun og viðskipti verði frjáls, en þá þarf framleiðslan, að skila arði. Ég tók það enn fremur fram, að ekki stæði á verzlunarstéttinni að sætta sig við þær aðgerðir, sem nauðsynlegar væru til að koma þessu jafnvægi á, og komum við með nokkuð stórar uppástungur. Þessu viðhorfi okkar svaraði Landssamband íslenzkra útvegsmanna á þessu stigi á þann hátt, að það væri mjög æskilegt að taka þessi mál föstum tökum, en hins vegar væri frestur lítill þar til útvegurinn hæfi starfsemi sína.

Ég vildi lauslega hafa minnzt á þetta, því að í hverju landi hlýtur kaupsýsla, útvegur og framleiðsla að vera í sambandi hvað við annað og hafa samvinnu sín á milli. Ég vildi í þessu sambandi og af því að þetta frv. er fram borið, að snúizt verði af alefli gegn dýrtíðinni.

Í ræðu hæstv. forsrh. og hjá fleirum kom það fram, að þetta væri engin lausn, nema alvarleg lausn fengist á dýrtíðarmálunum. Ég vildi samt mega benda á, að ég álít tillögur sósíalista, eins og þær birtast í greinum og fram hefur komið í áliti hagfræðingan. hjá Jónasi Haralz og Torfa Ásgeirssyni, hvernig leysa eigi vandamálin, að þeim finnst ekkert athugavert við það, að atvinnuvegirnir séu reknir með tapi um nokkurn tíma. Að vísu segja þeir, að sjóðir séu til til að bera tapið um stundarsakir, þar til tækniþróunin bjargi. Þeir telja þessa sjóði vera hjá einni stétt, heildsalastéttinni, og er það alleinkennilegt, enda gert

eingöngu til að sætta almenning við till. þeirra. Það er sem sagt verið að telja almenningi og launþegunum trú um, að ekki verði seilzt niður í þeirra vasa, heldur verði farið í vasa heildsalanna. En ég held, að þeir sjóðir, sem til eru, séu dreifðir milli allra stétta, og þá er verið að eyða sparifé þjóðarinnar í heild í e. t. v. botnlaust tap, en allir sjá og eru sammála um, að ekki getur gengið þannig til lengdar. Og sósíalistar vita, að hagnaður kaupsýslustéttarinnar er ekki eins mikill og þeir vilja vera láta. Tollar eiga að vera eingöngu á lúxusvarningi, segja þeir. En hvað er lúxusvarningur? Það eru t. d. bílar, sem margur launþeginn góðu heilli hefur getað fengið eða er að safna sér fyrir. Og hvað þýðir þá að hækka tolla á lúxusvörum, ef svo á að banna innflutning á þeim tækjum? Ætli yrði ekki brátt seilzt til nauðsynjavöru, þegar skórinn fer að kreppa að? Þetta er því leynileg árás á launþegana, um leið og þeim er villt sýn. Ég hygg, að tollahækkun sé óréttlátasta aðferðin til að lækka dýrtíðina, því að þá þurfa fátækir að borga eins mikið og ríkir. Dýrtíðartill. sósíalista eru því frekleg árás á launþegana. En hversu lengi á að reka útgerðina með tapi? Þangað til tækniþróun bjargi, segja sósíalistar. Má vera, en það er víst lögmál, að tækniþróun á sér ekki stað meðan framleiðslan er rekin með tapi og hélt ég, að öllum ætti að vera það ljóst, því að þá er ekki fé fyrir hendi til að verja til kaupa á framleiðslutækjum. Og þó að hv. 2. þm. Reykv. léti orð falla í garð minnar stéttar, þá virðist það þannig, að mjög hættulegt sé í litlu þjóðfélagi að vekja sundrung milli stétta, sem þurfa að vinna saman, og Alþ. kemur saman til þess að ólíkir flokkar geti sameinazt og beitt sér fyrir alþjóðarhag. Ég vil lýsa yfir því, að verzlunarstéttin er reiðubúin til að leggja á sig kvaðir að sínu leyti til að bæta úr ástandinu, og minn hugur er sá, að þegar svona mál ber að garði, láti allir flokkar persónukrit falla niður, en legðu allt sitt í að leysa vandann sameiginlega. Illu heilli hefur það sýnt sig, að allir flokkar vildu ekki samvinnu árið 1947, en ég trúi því, þegar vandi er fyrir höndum, að menn láti metnað landsins og sjálfra sín sitja fyrir. En viðvíkjandi því frv., sem hér um ræðir, þá er það aðeins bráðabirgðalausn og fylgi ég því aðeins með því, að skv. 9. gr. verði fundinn grundvöllur til lausnar á dýrtíðarmálunum, og sá grundvöllur verður að vera gerður þannig, að rétt hlutföll ríki. Ég veit, að allir flokkar vilja vinna að þessu, og ég vona, að við getum orðið sammála um að leysa þessi mál með skilningi og án tortryggni til meðbræðra okkar.

Ég hef nú talað hér nokkuð lengi og hef ég gert það af ásettu ráði, þar sem talað hefur verið allharkalega til minnar stéttar, og ég veit, að mín stétt vill vinna með öðrum stéttum til að leysa vandann og með aðstoð Alþingis ætti að vera hægt að fá það jafnvægi milli stéttanna, sem þörf er á. Ég hef aðeins haldið mig við sjálft málefnið og það, sem olli því, að ég flutti þetta frv. ásamt öðrum í fjhn.

Svo vildi ég segja örfá orð til hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Reykv. Ég tel það bezt, að hv. þm. Borgf. hafi aðeins vitnað til þess, sem aðrir hafa sagt, því að ég þekki hann svo, að ég held, að hann hafi einmitt lagt áherzlu á þá stefnu, sem fleytt hefur þessari þjóð, en það er að treysta meira á sjálfan sig en að kalla á hjálp. En þessi hv. þm. mun hafa talið sig hafa arðvænan stuðning hv. 2. þm. Reykv. til að fara ofan í vasa heildsalanna, og býst ég við, að hann hafi í sinni ræðu verið að bjóða hv. 2. þm. Reykv. fylgd í rannsóknarferð í vasa þeirrar stéttar. Hv. þm. Borgf. er þó einn þeirra manna, sem treystir framtaki einstaklingsins og frelsi einstaklingsins, enda veit hann, að ekki mundi þjóðin hafa hjarað af, ef enginn hefði haldið uppi bjartsýni og kjarki, þannig að ef á að gera alla þeirrar hugsunar að sækja að því að komast í opinberar stöður, þá er auðséð, að illa fer fyrir framleiðslunni. Það eru einmitt einstaklingarnir, sem allt leggja í hættu, þeim vinnst það, að ríkið getur verið öruggt. Við megum ekki ganga að öllum athafnamönnum, því að hagnaður þeirra er til góðs fyrir alla.

Ég læt svo útrætt um þetta mál, en vildi aðeins taka þetta fram í sambandi við það og út af ummælum, sem hér voru viðhöfð í nótt, en öll persónuleg ummæli mun ég leiða hjá mér, því að ég vil samvinnu allra góðra manna til að leysa vandamálin.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur talað vel fyrir heildsalastéttina. Hann ræddi um þá menn, sem væru að gera freklega árás á launþegana, og átti þá við sósíalista. En hverjar eru þær árásir? Það eru tvö meginatriði, sem sósíalistar vilja koma í framkvæmd. Í fyrsta lagi, að innflutningurinn sé tekinn úr höndum einstaklinga og rekinn verði landsverzlun til hagsbóta fyrir almenning, og í öðru lagi, að lagður verði skattur á stórgróða. En á hvaða launþega er þetta árás? Árásin er á eina stétt, en það mun vera nýtt að kalla hana launþega, því að það er heildsalastéttin. Hv. ræðumaður ræddi um sem eins konar sönnun fyrir nauðsynjainnflutningi, og það voru bílar. Nú eru bílar ekki lúxustæki, að minnsta kosti ekki vörubílar, en hins vegar hélt ég, að hv. ræðumaður hefði getað fundið eitthvert betra dæmi. Annars er það vitað, að bifreiðaverzlunin er hneyksli og talið, að margir innflytjendur hafi látið menn borga til að fá bifreið, og enn fremur er sagt, að sumir þeirra selji bifreiðar eftir gangverði. Hér á árunum var hafin árás á bifreiðaeinkasöluna, en ástandið hefur lítið batnað hjá heildsölunum.

Mér þykir leitt, að hv. þm. Borgf. er farinn, en þó mun ég segja nokkur orð til hans. Hann gerðist svo lítillátur að þakka mér ræðu mína. Ég get ekki endurgoldið honum þessa vinsemd, því að bæði ræða hans og till. voru fullar af afturhaldi og þröngsýni. Hann ræddi um það, að hann þakkaði mér, að ég hefði upplýst, að með 9. gr. væri ekkert gert til að hefta dýrtíðina. En hvað vill hv. þm. Borgf. gera umfram 9. gr.? Hann vill, að frá 1. jan. 1947 verði verðlagsuppbót á laun ekki látin hækka. Þetta er eina leiðin, sem hv. þm. Borgf. sér til þess að lægja dýrtíðina. Jafnvel þeir, sem lengst ganga til árása á launþegana, fara ekki svo langt. Hv. þm. V-Húnv. stóð upp og lýsti stuðningi sínum við þessa brtt. hv. þm. Borgf., og kom engum það á óvart. En eitt sagði hann, sem var athyglisvert, og það var, að hann teldi, að brtt. væri ekki einhlít. Mér finnst, að þessi till. hv. þm. Borgf. og ræða hans mótist af þröngsýni, vegna þess að hann sér enga leið nema að ráðast á launþegana. Hann og fleiri hafa lýst vilja til

að koma útgerðinni af stað, en ég vil benda þessum góða manni á það, að það er ekki nóg að reka útgerð, því að það eru líka menn í landi, sem vinna við skipin. Þess vegna undraði það mig, að þeir vilji hjálpa útvegsmönnum, en um leið vilja þeir ganga að launþegunum. Ég vil því beina því til hv. Alþingis, ef menn vilja útgerð á komandi ári, þá verður að minnast þess, að til eru verkamenn, sem vinna við útgerðina, og ef kjör verkamanna verða skert, getur skeð, að engin útgerð eigi sér stað á þessu ári.

Að endingu vil ég taka það fram, að þetta er alvörumál og lýsi ég stuðningi við frv. að undantekinni 6. gr. Ég vænti því,-að frv. verði samþ., en vil skora á hv. þm. að fella brtt. hv. þm. Borgf.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Það var aðeins í sambandi við ræðu hv. 11. landsk. þm. Hann vék því að mér í sambandi við bifreiðainnflutninginn og sagði, að sumir seldu bifreiðarnar með markaðsverði. Ég mótmæli þessu, því að innflytjendur selja í sambandi við Viðskiptaráð, og vildi ég skjóta þessu hér fram. En að öðru leyti vil ég taka það fram, að það má vel vera, að ég hafi ekki svo mjög bundið mig við þetta frv., en þó held ég, að allt, sem ég hef sagt, hafi verið í sambandi við þessar umr., og tel ég mig hafa svarað án persónulegra ádeilna.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Þó að ég reyni að fara eftir áminningu hæstv. forseta, þá liggur efni gr. nokkuð víða út í lífið. Það er sýnilegt, að æði mikið þarf til að opna augun á sumum mönnum, en nú er komið fullkomið öngþveiti, er fiskiflotinn er stöðvaður og heyrist mér, að sumir hv. þm. hafi engu gleymt og ekkert lært. Ef menn finna einhverja ímyndaða möguleika, þá rísa menn upp og ausa sér yfir till. En ekki má koma með ábendingu á nokkra stétt, því að þá segja þeir: Ekki má byrja á mér. En sannleikurinn er sá, að engin stétt hefur sýnt þegnskap í dýrtíðarmálunum aðrir en bændur árið 1944, þegar þeir féllu frá kröfum sínum til að leysa vandamálin, og ég vil undirstrika það, að ef farið hefði verið þá að því dæmi, þá værum við ekki að glíma við þetta nú, en vegna þess að það var ekki gert, er nú svo komið sem komið er, og þeir, sem stjórna, stjórna þvert ofan í stefnu bænda. Ég tel, að allir ábyrgir menn muni snúa sér að þeim vanda, sem fyrir er.

Ég vildi í sambandi við þetta mál minnast með nokkrum orðum á sósíalista. Það er gamli söngurinn hjá þeim, að ráðist sé á garðinn þar, sem hann er lægstur, og hafa tveir af þeim boðað það, að ef Alþingi samþ. nokkuð, er hrærir hár á höfði þeirra stéttar, þá verði boðað pólitískt verkfall. Hv. 8. þm. Reykv. talaði um réttleysi verkamanna, en það er bil á milli þess að vera réttlaus stétt eða að setja sig upp fyrir þjóðfélagið og neita að vinna, ef þeim líkar ekki hvað Alþingi gerir. Mér finnst, að þetta orðalag fari illa hjá þeim, sem hafa þeitt gerræði um félagsmál sín. Í till. hv. þm. Borgf. er sagt, að fyrst um sinn skuli vísitalan ekki hækka og skuli hún miðuð við árið 1946. Ríkið hefur verðlagseftirlitið og getur beitt því, ef það telur þörf til þess. Einnig er því heimilt að greiða niður dýrtíðina. En hvergi er sagt í till. hv. þm. Borgf., að það skuli gert með því að binda kaupgjald. En til þess að þessar ráðstafanir komi útveginum að liði, verður að tryggja það, að dýrtíðin hækki ekki, og til að undirstrika tvö atriði, vil ég bera fram brtt. við brtt. hv. þm. Borgf. Í fyrsta lagi að verðbólgan verði stöðvuð, og hitt, að ég tel, að margar leiðir verði að fara til að ná því, ef fullt réttlæti á að ríkja. Brtt. mín er þannig, að meginmál 2. brtt. á þskj. 254 orðist svo: „Á meðan tillögur nefndarinnar koma ekki til framkvæmda eða önnur ný úrræði í dýrtíðarmálunum, skal ríkisstjórnin nota heimildir þær, sem hún hefur í lögum til að koma í veg fyrir hækkun vísitölunnar frá því sem hún er við gildistöku laga þessara.“ Þarna er slegið föstu, að stöðva skuli verðbólguna og ríkið noti heimildir sínar til þess. En ef till. hv. þm. V-Húnv. verður samþ., þá kemur þessi till. þó ekki til greina, en falli hún, þá legg ég til, að till. hv. þm. Borgf. verði samþ. með þessari brtt., sem ég nú afhendi hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 257) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þess, að tveir hv. þm. hafa talað til mín, þeir 8. þm. Reykv. og 4. landsk., út af afstöðu minni til till. hv. þm. Borgf. Mér fannst gæta misskilnings hjá þessum hv. þm. á afstöðu minni til málsins, því að áður en hv. þm. Borgf. lagði till. sína fram, hafði ég lagt fram till. á þskj. 252 um, að 9. gr. skyldi niður falla, en í stað hennar kæmi, að hæstv. ríkisstj. leggi till. fram um stöðvun dýrtíðarinnar. En eins og hv. þm. Mýr. benti á, þá kemur till. hv. þm. Borgf. til greina að minni till. felldri. Nú, ef menn eru á móti till. hv. þm. Borgf., þá er bara að samþ. mína till. Annars fæ ég ekki séð, að till. hv. þm. Borgf. sé svo óttaleg, því að ef vísitalan hækkar ekki, þá leggst ekki byrði á neina stétt sérstaklega. En nú hefur hæstv. ríkisstj. heimild í lögum til að koma í veg fyrir hækkun vísitölunnar. Till. hv. þm. Borgf. kemur ekki til framkvæmda fyrr en í febrúar, því að janúarmánuður er greiddur með desembervísitölu. En það er einmitt tíminn, sem ég ætla verðandi stjórn til þess að leysa þetta mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til fleiri orða að þessu sinni.

Fundi frestað kl. 3—5. Að loknu fundarhléi var umr. fram haldið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur komið hér fram brtt. m. a. við 6. gr. frv. frá hv. þm. V-Ísf., og er hún á þskj. 258. Hann vill láta bæta við gr. Segir þar í brtt. hv. þm., að ef síldveiði verði með minna móti, sé ríkisstj. heimilt að greiða uppbætur úr þeim tryggingarsjóði, sem nefndur er í gr., til þeirra, sem veiða með minna móti af síld. Í öðru lagi leggur hann til, að stj. sé heimilt að stofna sjálfstæð tryggingarsvæði, að fengnum till. Landssambands íslenzkra útvegsmanna, og síðan skuli greitt í hlutfalli við afla á svæðinu og ríkisstj. skuli ákveða nánar um þessi svæði og sérsjóði með reglugerð.

Ég tel ekki fært að skipa þessum stórmálum á þann veg, sem ætlazt er til hjá hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ). Í fyrsta lagi er till. óljóst orðuð: „Nú verður síld-

veiði með minna móti.“ Þetta er loðið orðalag. Og svo á að leggja það í vald stj. að úrskurða, hverjir eigi að fá uppbætur samkvæmt l. Ég held, að það sé óráðlegt að gera ráð fyrir, að þessu fé verði ráðstafað með reglugerð um sjóðina. Í þessa sjóði geta komið mjög stórar fjárhæðir, og ég held, að það sé ekki rétt að ætla stj. að ákveða, hvernig eigi að fara með þessa sjóði, þótt hún þurfi að fá till. frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Ég vil því leyfa mér að leggja fram brtt. um þetta atriði við brtt. hv. þm., og ætlast ég til, að þessi till. mín komi í staðinn fyrir síðari hluta 6. gr., og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa þessa till. mína. En hún hljóðar svo:

„Skipta skal landinu í tryggingarsvæði, og skal sérstakur tryggingarsjóður vera fyrir hvert svæði. Skiptingu þessa í svæði og meðferð tryggingarsjóðanna skal ákveða með lögum frá Alþingi, að fengnum till. Fiskifélags Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.“

Það er afar skynsamlegt að mynda svona tryggingarsjóði fyrir útveginn. En það er vitanlegt, að þetta er meira mál en svo, að gengið verði frá því, eftir að það hefur fengið aðeins nokkurra klukkustunda athugun á þ., þegar þm. eru að hætta störfum nú og margt, sem kallar að. En með þessu móti verður sett löggjöf um þetta í tæka tíð. Mætti hugsa sér, að það yrði gert nú á síðari hluta þ., eða það snemma, að það gæti komið til framkvæmda fyrir næstu síldarvertíð. Það eitt tel ég viðunandi afgreiðslu á málinu.

Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessa till. og óska, að hann leiti þeirra afbrigða, sem með þarf.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 260) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég hef áður lýst afstöðu minni til þessa máls, og þarf ég ekki að endurtaka það. Ég sé, að fram er komin brtt. frá hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ), sem fer í þá átt að lagfæra þetta frv. og gefa stj. heimild til þess að skipta landinu niður í tryggingarsvæði, þannig að ef sú till. yrði samþ., mundi þeim landshlutum, sem hafa tiltölulega meira af síld en þorski á við aðra landshluta, verða gert léttara fyrir. Ég tel þó ekki, að í þessu felist fullt réttlæti, því að ég held, að tæplega sé hægt að ætlast til þess, að síldarútvegurinn leggi til stórfé til þess að borga niður þorskverðið. Það yrði lagt stórfé í þessa tryggingarsjóði, hvernig sem á stæði. Ég hef því gert hér brtt., sem ég hafði búizt við að fá hv. þm. Ak. til að flytja með mér, en ég sé, að hann er hér ekki mættur. Till. mín er við 6. gr. frv. sjálfs og er á þá leið, að í stað síðustu mgr. komi: „Nú verður afgangur af fé tryggingarsjóðs, og skal hann þá greiddur útgerðarmönnum og sjómönnum að tiltölu við síldarafla hvers skips.“

Í sambandi við þessa brtt., ef samþ. verður, mundi þurfa að breyta till. á þskj. 258 þannig, að fyrsta mgr., sem hljóðar svo: „Nú verður síldveiði með minna móti, og er ríkisstj. þá heimilt að greiða uppbætur úr tryggingarsjóði á afla ársins 1947.“ mundi þá falla niður, ef brtt. mín yrði samþ.

Eins og ég tók fram í gær, mun ég að sjálfsögðu fylgja aðaltill. minni um brottfall 6. gr., en þar á eftir þeim till., sem koma til nokkurrar lagfæringar, svo sem þessari till. frá hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ).

Ég lýsti yfir því í gær, að ég mundi ekki tefja þetta mál með óþörfum umr., en afstaða mín er sú að fá þetta frv. lagfært svo mikið sem unnt er, því að við megum ekki skilja, fyrr en það hefur fengið afgreiðslu frá þinginu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 261) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 252,1 felld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, BÁ, EystJ, HelgJ, HermG, JörB.

nei: SB, SG, SEH, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, GTh, GÞG, HB, JóhH, JPálm, JS, KTh, LJós, ÓTh, BG.

FJ, GSv, PO greiddu ekki atkv.

7 þm. (SigfS, SK, GÞ, HÁ, IngJ, JJ, PÞ) fjarstaddir.

Brtt. 253,1 felld með 22:6 atkv.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 253,2—3 teknar aftur.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 250,1 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, HermG, JörB, KTh, LJós, SG, SEH, SkG, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, FJ.

nei: GÞG, HB, JóhH, JPálm, JS, ÓTh, PO, SB, StJSt, ÁÁ, EmJ, GSv, GTh, BG.

7 þm. (HÁ, IngJ, JJ, PÞ, SigfS, SK, GÞ) fjarstaddir.

Brtt. 251 aðaltill. kom ekki til atkv.

— 251 varatill. a felld með 15:9 atkv.

— 251 varatill. b felld með 14:9 atkv.

— 261,1 samþ. með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, JörB, KTh, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ.

nei: GTh, GÞG, HB, JPálm, JS, JJ, ÓTh, SG, ÁÁ, GSv, HermG, JóhH, LJós, EOl, BG greiddu ekki atkv.

6 þm. (GÞ, HÁ, IngJ, PÞ, SigfS, SK) fjarstaddir.

Brtt. 260 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SkG, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, GÞG, HelgJ, HermG, JJ, JörB, KTh.

nei: SB, SG, SEH, StJSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GSv, GTh, HB, JóhH, JPálm, JS, ÓTh, BG.

LJós greiddi ekki atkv.

6 þm. (PÞ, SigfS, SK, GÞ, HÁ, IngJ) fjarstaddir.

Brtt. 254,1 tekin aftur.

— 261,2 samþ. með 20:2 atkv.

— 258 samþ. með 20:2 atkv.

6. gr., svo breytt, felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, StJSt, ÁÁ, EmJ, GSv, GTh, GÞG, HB, JóhH, JPálm, JS, JJ, ÓTh, BG.

nei: PO, SG, SEH, SkG, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, FJ, HelgJ, JörB, KTh, LJós.

HermG greiddi ekki atkv.

6 þm. (PÞ, SigfS, SK, GÞ, HÁ, IngJ) fjarstaddir.

Brtt. 253,4 tekin aftur.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 248,1 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JS, JJ, JörB, PO, SB, SkG, StJSt, StgrSt, BÁ, EmJ, EystJ, GSv, GTh, GÞG, HelgJ, BG.

nei: KTh, LJós, ÓTh, SG, SEH, ÁkJ, EOl, FJ, HB, HermG.

JPálm, ÁÁ greiddu ekki atkv.

6 þm. (PÞ, SigfS, SK, GÞ, HÁ, IngJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Stefán Jóh. Stefánsson: Með því að búið er að fella úr þessu frv. ákvæði um það, að sjávarútvegurinn sem heild, þ. e. fiskútvegur og síldarútvegur, verði tryggður með sérstökum sjóði, en ætlazt er til, að hann fái styrk alveg án tillits til þess, hvort atvinnuvegirnir geta fullkomlega staðið undir sér sjálfir, sé ég mér ekki fært að greiða atkv. á móti þessari brtt. og segi því já.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Með skírskotun til grg. hv. 5. landsk., sem ég get tekið undir að öllu leyti, segi ég já.

Gylfi Þ. Gíslason: Með tilvísun til grg. hv. 5. landsk. segi ég já.

Brtt. 252 tekin aftur.

— 257 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, BÁ, EOl, EystJ, GSv, HelgJ, JörB, KTh.

nei: StJSt, FJ, GTh, GÞG, HB, JóhH, ÓTh, SB, SEH, BG.

ÁkJ, ÁÁ, EmJ, HermG, JPálm, JS, JJ, LJós, PO, SG greiddu ekki atkv.

6 þm. (SK, GÞ, HÁ, IngJ, PÞ, SigfS) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gylfi Þ. Gíslason: Ég tel nauðsyn til bera að gera nú þegar öflugar ráðstafanir til þess að sporna við frekari hækkun vísitölunnar og vexti dýrtíðarinnar. Hins vegar álít ég það enga lausn á málinu, að ríkisstj. hefji nú almennar niðurgreiðslur á vöruverði skamman tíma. Ég tel hins vegar vel geta komið til mála, að verð ákveðinna vörutegunda, sem hækka kunna á næstu mánuðum, verði lækkað með greiðslu úr ríkissjóði, og hef ég þar tiltekna innlenda iðnaðarvöru í huga, sem mér er kunnugt um, að mjög mikil hækkun er í vændum á, sem valda mun 1—2 stiga hækkun á vísitölunni. Geri ríkisstj. ekki ráðstafanir til lækkunar á henni, mun ég ef til vill leggja fram till. um, að það skuli gert. En þar sem ég tel almenna niðurgreiðslu stuttan tíma enga lausn á þessum málum, get ég ekki fylgt þessari till. og segi því nei.

Brtt. 254,2 felld með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, PO, GSv.

nei: GÞG, HB, HermG, JóhH, KTh, LJós, SG, SEH, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh, BG.

HelgJ, JPálm, JJ, JörB, ÓTh, SB, SkG, StgrSt, BÁ, EystJ greiddu ekki atkv.

6 þm. (HÁ, IngJ, PÞ, SigfS, SK, GÞ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Hermann Guðmundsson: Þar sem ég lít svo á, að þessi till. sé svo einstrengingsleg, að hún bindi ríkið til að halda dýrtíðinni í skefjum á kostnað launþeganna, segi ég nei.

Jón Pálmason: Ég hef látið hlutlausar þær brtt., sem bornar hafa verið fram við þetta frv. síðan 6. gr. var felld. Ég læt hið sama gilda um þessa till. og greiði ekki atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég tel, að þetta mál þurfi eftir meðferðina að takast til athugunar, og þá getur lík hugsun og felst í þessari till. einnig komið til atkv. Ég vil ekki á þessu stigi málsins segja neitt um hana og greiði því ekki atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég hafði að vísu látið orð falla um það, að ég mundi verða með þessari till., en eftir að komið hefur í ljós við atkvgr. um þær till., sem bornar hafa verið upp á undan, að meiri hl. þingsins virðist ekki leggja áherzlu á það, að stj. noti heimildir, sem hún hefur í l. til þess að halda vísitölunni niðri, sé ég mér ekki fært að greiða atkv. og sit því hjá.

Bjarni Ásgeirsson: Ég sit hjá eins og forsrh.

9.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Það er nú þannig, að hvorug brtt. við fyrirsögn frv., hvorki á þskj. 250 né 248, fellur fullkomlega inn í. Úr þessu má bæta með því að bera brtt. á þskj. 248 upp sem brtt. við till. á þskj. 250, því að slík brtt. fellur alveg við frv. eins og það er nú orðið, ef samþ. verður.

Forseti (BG): Það hefur komið fram ósk um að fresta atkvgr. um að vísa málinu til 3. umr. og líka atkvgr. um fyrirsögn. — [Fundarhlé.]

ATKVGR.

Brtt. 250,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 248,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

Ný fyrirsögn þar með ákveðin: **Frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.**

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, HermG, JP, JörB, KTh, LJós, ÓTh, PO, SB, SG, SEH, SkG, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, FJ, GTh.

JóhH, JS, StJSt, ÁÁ, EmJ, GSv, GÞG, HB, BG greiddu ekki atkv.

7 þm. (IngJ, JJ, PÞ, SigfS, SK, GÞ, HÁ) fjarstaddir.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 262).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JörB, KTh, LJós, ÓTh, PO, SB, SG, SEH, SkG, StgrSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, FJ, GTh, HelgJ, HermG.
nei: JJ.
JS, StJSt, ÁÁ, EmJ, GSv, GÞG, HB, JóhH, BG greiddu ekki atkv.
6 þm. (PÞ, SigfS, SK, GÞ, HÁ, IngJ) fjarstaddir.
13 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Bjarni Ásgeirsson: Þar sem nú svo stendur á, að betra er að gera neyðarráðstafanir en að ekkert sé gert, þá mun ég greiða atkv. með frv., en legg áherzlu á, að í þessum málum þarf að verða stefnubreyt. í framtíðinni. En með þeim fyrirvara, er ég í upphafi tók fram, segi ég já.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég var fylgjandi frv. við 1. umr., en er jafnandvígur því nú, en í trausti þess, að það taki breyt. í Ed. og færist aftur í sitt upphaflega form, greiði ég ekki atkv. á móti frv. og sit hjá.

Dóms- og félmrh. (Finnur Jónsson): Í trausti þess, að Alþingi taki þessi mál fastari tökum síðar, segi ég já.

Gylfi Þ. Gíslason: Með skírskotun til grg. hæstv. samgmrh. sit ég hjá við atkvgr.

Helgi Jónasson: Með tilvísun til grg. hv. þm. Mýr. segi ég já.

Jóhann Hafstein: Ég er mótfallinn frv. eins og það nú er. Í trausti þess, að Ed. leiðrétti frv., greiði ég ekki atkv.

Jón Pálmason: Með tilvísun til grg. hæstv. samgmrh. segi ég já.

Jörundur Brynjólfsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. Mýr. segi ég já.

Forsrh. (Ólafur Thors): Í trausti þess, að frv. taki breyt. í Ed., segi ég já.

Pétur Ottesen: Vegna nauðsynjar á framgangi málsins segi ég já.

Sigurður Bjarnason: Með skírskotun til grg. hæstv. forsrh. segi ég já.

Skúli Guðmundsson: Með skírskotun til grg. hv. þm. Mýr. segi ég já.

Stefán Jóh. Stefánsson: Með tilvísun til grg. hæstv. samgmrh. greiði ég ekki atkv.

Frv. afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (GÍG): Framsfl. hefur æskt þess, að hv. þm. Str. (HermJ) taki sæti í fjhn. þessarar hv. d. í þessu máli í stað hv. 1. þm. Eyf. (BSt), sem er farinn heim með leyfi forseta, og hef ég auðvitað orðið við þessari ósk og samþ., að hv. þm. Str. taki sæti í fjhn.
Það er of skammt liðið frá 3. umr. í Nd., og mun ég leita afbrigða fyrir málinu.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Forseti (GÍG): Ég vænti þess, að það taki hv. fjhn. ekki mjög langan tíma að afgreiða þetta mál.

Jóhann Jósefsson: Ég vil gjarnan verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að flýta störfum fjhn. eftir föngum, en ég get ekki gefið ákveðið fyrirheit um tímann. **(Forseti:** Mætti nefna stundarfjórðung?) Ég vil aðeins vekja athygli hæstv. forseta á því, að þetta er ákaflega stuttur tími, sem hann nefnir, og mundi jafnvel nær að nefna klukkustund.

Forseti (GÍG): Ég veit, að náttúrlega er ekki hægt að segja tímann nákvæmlega fyrir, en ég bið hv. dm. að vera viðbúna því, að kvatt verði hér til fundar strax að loknum störfum fjhn.

Á 44. fundi í Ed., 22. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þetta mál er komið frá Nd., eins og kunnugt er. Frv. er borið fram vegna þeirra erfiðleika, sem steðja að sjávarútveginum nú, einkum bátaútveginum, og felur það í sér sérstakar aðgerðir til þess að tryggja, að vertíð hefjist með venjulegum hætti.
Nú kann það að vera mjög umdeilt, hvort málið sé rétt tekið, en eftir þá meðferð, er það hefur fengið hér á þingi, og þær undirtektir, sem það hefur fengið utan þings, væri hlutur útgerðarmanna sínu verri, að mínu áliti, ef frv. væri fellt.
Í Nd. var gert ráð fyrir í upphafi, að sá hluti sjávarútvegsins, sem mestrar arðvonar er að vænta af, gæti rétt hinum hlutanum hjálparhönd, þ. e. síldarútvegurinn, með ríkisábyrgð að baktryggingu. En eins og kunnugt er, var þetta ákvæði fellt í Nd., og þar með það ákvæði fellt úr, að sjávarútvegurinn hjálpaði sér sjálfur. Þá bætti Nd. í frv. frekari ábyrgð, sem ekki snertir beinlínis sjávarútveginn, þ. e. 8. gr. frv. — Nú hefur þetta mál komið fyrir hér og var áðan eftir 1. umr. skilað til fjhn., sem hefur haft það til meðferðar, og vil ég nú skýra frá afstöðu nefndarinnar.
Minni hl., hv. þm. Str. og 8. landsk., vilja samþ. frv. óbreytt. Meiri hl., hv. þm. Dal., 7. landsk. og þm. Vestm., vilja gera á frv. þá breyt. að færa það í svipað horf og það var áður en 2. umr. fór fram í Nd., þ. e. a. s. setja aftur í frv. þau tryggingarákvæði fyrir ríkissjóð, sem úr frv. voru felld í Nd., þannig að þegar ákveðið verð, hátt verð, hefur náðzt fyrir síldina á væntanlegri síldarvertíð, verði því, sem umfram er, varið til að standa undir þeim útgjöldum, sem ríkissjóður kann að verða fyrir vegna þeirrar ábyrgðar, sem hér um ræðir.

Enn fremur leggur annar minni hl. til, þeir 8. landsk. og þm. Vestm., að 8. gr. frv. falli burt, en þm. Dal. er því andvígur.

Þetta er þá afstaða fjhn. þessarar hv. d. til frv. Til skýringar vil ég leyfa mér að lesa brtt. upp, með leyfi hæstv. forseta: [Sjá þskj. 264.]

Ég sagði áðan, að með þessu væri horfið aftur að því upprunalega markmiði, sem í frv. var, en hér er einnig tekið tillit til vilja Nd. varðandi afgang af tryggingarsjóði, ef einhver verður, þ. e., að hann verði greiddur sjómönnum og útvegsmönnum í réttum hlutföllum við aflann. Það mætti mikið um þetta mál fjalla, til þess að allir mundu vel við una, og sennilega alls ekki mögulegt, en til þess að fá því framgengt, sem mestu máli skiptir, þ. e., að vertíð geti hafist á venjulegum tíma, verður að horfa yfir ýmsar misfellur. Það er með þetta fyrir augum, sem meiri hl. fjhn. hefur fallizt á að flytja þetta frv., vitandi þó, að hér kann að vera sitt hvað, sem öðruvísi mætti fara, og ekki goldið varhugar við öllu, sem skyldi, en málið verður að afgreiða, þó að menn hafi skiptar skoðanir um sum atriði þess og jafnvel málið sjálft.

Eins og eðlilegt er, vannst ekki tími til að fá brtt. prentaðar, og verð ég því f. h. meiri hl. fjhn. að flytja brtt. skriflegar. Ég hef látið afrita brtt. á nokkur blöð, til að þm. gætu kynnt sér innihald þeirra.

Ég held, að ég hafi þá tekið fram allt það, er máli skiptir varðandi afstöðu meiri hl. fjhn. á þessu stigi. Ég læt hér staðar numið, enda ekki rétt að tefja umr. á þessum tíma sólarhringsins lengur en nauðsyn krefur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 264 og 265) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þetta mál, sem nú hefur verið lagt hér fyrir og nokkuð hefur verið reifað, hefur, eins og tekið hefur verið fram, verið rætt allmikið í hv. Nd. Ég mun þess vegna ekki hefja hér neinar kappræður um þetta mál, en hins vegar tel ég rétt að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þess, sérstaklega vegna þess, að hún er nokkuð önnur en sú afstaða, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég tel alveg augljóst, að þetta mál þurfi að fá hér afgreiðslu — og hana fljóta. Það er vitanlegt öllum, sem eiga sæti hér í þessari hv. d., að það verður ekki komizt hjá því að gera ráðstafanir til þess að útvegurinn ekki stöðvist. En það, sem mig í höfuðatriðunum greinir á við meiri og minni hl., er það, að ég álít þær ráðstafanir, sem hér er verið að byrja á, vera hreinar neyðarráðstafanir. Það, sem ég álít, að eigi að gera nú alveg á næstu vikum, eru ráðstafanir, sem kæmu að haldi til þess, að sjávarútvegurinn yrði rekinn, án þess að til þeirra verðuppbóta kæmi, sem hér er gert ráð fyrir. Ég lít svo á, að í staðinn fyrir að vísa því til 4. manna n. að leysa hin aðkallandi dýrtíðarvandamál, eigi það að vera fyrsta verk þeirrar stj., sem mynduð yrði eftir áramótin. Þess vegna er það, að þótt það kunni í fljótu bragði að virðast heppileg lausn að nota þá peninga, sem afgangs kunna að verða frá síldinni, til þess að borga hallann í vetur, álít ég það ábyrgðarleysi vegna þessa, að með því er Alþ. að svæfa sjálft sig og skjóta á frest því, sem gera þarf. Ég álít, að þær ráðstafanir, sem gerðar verða, eigi aðeins að standa í stuttan tíma og að innan fárra vikna eigum við að vera við því búnir að gera ráðstafanir, svo að þessi atvinnuvegur geti borið sig. Þetta er fyrsta ástæðan til þess að ég vil, að frv. sé samþ. óbreytt, en þar kemur ýmislegt fleira til.

Það er vitað mál, að undanfarin tvö sumur hefur verið aflaleysi við síldveiðarnar, og er okkur öllum kunnugt, að frá undanförnum tveim síldarvertíðum eru margir útvegsmenn mjög illa staddir, og það meira að segja svo, að margir þeirra eru við gjaldþrot og bíða með skuldir, sem fyrirsjáanlegt er, að þeir geta ekki greitt nema með góðum tekjum á næstu síldarvertíð. Eina vonin er sú, eftir vertíðarnar í sumar og 1945, að vertíðin 1947 geti orðið nokkuð góð. Ég þekki allmörg dæmi um þetta og er ekki í vafa um, að þeir, sem eiga sæti í þessari hv. d., þekkja líka mörg slík dæmi og jafnvel fleiri en ég. Þess vegna er það, að reglan, sem tekin er upp með þessari gr., kemur illa niður. Það er ekki ólíklegt, að sumir þoli þennan skatt — þeir sem hafa aflað sæmilega, en aðrir býst ég við, að þoli hann alls ekki. Þess vegna er það, að þegar við teljum, að ríkið þurfi að grípa inn í til þess að hjálpa þeim síldarútvegsmönnum, sem bíða mest tjón síðastliðið sumar, skýtur dálítið skökku við, að nú er lagður þessi síldarskattur á allan útveginn, alveg án tillits til þess, sem ég hef nú nefnt, þessa mismunandi fjárhags síldarútvegsmanna vegna aflabrests. Ég geri ráð fyrir því, að ef þessi síldarskattur verður lagður á, þoli síldarútvegsmenn hann ekki, nema síldarvertíðin í sumar verði alveg sérstaklega góð, og jafnvel tæplega samt, þar sem þeir geta ekki staðið undir sínum eigin skuldbindingum og þær falla beint og óbeint á ríkið.

Það gegnir sama máli um hlutasjómenn. Þeir hafa margir hverjir, bæði við síld og þorskveiðar, haft lægri laun en landmenn. Það er vitað mál, að við þorskveiðarnar hafa hlutasjómenn ekki haft jafngóð laun og landmenn, nema þar sem bezt hefur aflazt, en sérstaklega er þetta hjá sjómönnum við síldveiðarnar. Það er alveg vitað, að sumir af þeim mönnum, sem síðastliðið sumar stunduðu síldveiðar, höfðu það lítið, að þeir gátu ekki borgað tryggingargjöld sín, og þess vegna kemur það afar illa við þá, þegar leggja á þennan skatt á. Þeim veitir vissulega ekki af því að rétta hlut sinn að nokkru.

En svo er það annað, sem ég hef út á þá leið að setja, sem hér á að ganga inn á. Ég tel hana mjög hættulega. Og ég vil segja það, að ef við þurfum nú, þegar fiskverðið er fimmfalt til sexfalt í samanburði við það, sem það var fyrir stríð, og verð á öðrum afurðum tilsvarandi eða hærra, — að ef við þurfum, þegar svo stendur á, að setja slíka löggjöf til þess að styðja bátaútveginn, þá ætti okkur að vera ljóst, hvar komið er. Og það er alveg auðsætt mál, að ef svo fer, að dýrtíðin verður ekki stöðvuð, þá eru ákvæði þessa frv. alveg ófullnægjandi. Þá má vel svo fara, að næsta vetur þurfum við að taka ábyrgð á fiskverði, sem þurfi að vera 70 eða 80 aurar. Síðast var það 50 aurar, en er nú 65 aurar.

Það er líklegt — og kom fram í umr. í n. —, að dýrtíðin hækki á næstunni vegna þess, að ekkert ákvæði er í frv., sem komi í veg fyrir það. Það getur vel komið til mála, að við þurfum að taka

ábyrgð á hærra fiskverði en þessu, og hvar stöndum við þá? Vel má svo fara, að þetta 65 aura verð verði alveg ófullnægjandi vegna þess, að dýrtíðin hækki svo mikið, að útvegurinn fái ekki borið sig. Og ef svo fer, sem líkur benda því miður til, að við verðum að taka ábyrgð á hærra fiskverði að ári, — og þá er ekki gert ráð fyrir, að fiskverðið falli, — ja, hvar erum við þá komnir?

Það er vitað mál, að nú leggja þjóðirnar meira en nokkru sinni áður áherzlu á að auka feitmetisframleiðslu sína. Það er vitað mál, að nú er í Suðurhöfum lögð áherzla á hvalveiðar og feitmetisframleiðslu, vegna þess hvað verðið er hátt. Það er þess vegna ekki treystandi á, að síldarlýsið okkar verði í jafnháu verði og það hefur verið. Þess vegna getur vel svo farið, að sá atvinnuvegur, sem hér á að styðja annan, þurfi að fá uppbætur greiddar. Ég álít því mjög vafasamt að ganga inn á þessa breyt., en álít, að við eigum að setja okkur það mark, að innan skamms höfum við komið því lagi á okkar framleiðslu, að hægt sé að reka bátaútveginn — og sjávarútveginn yfirleitt — án þess að hann þurfi hjálpar með. Ég álít, að þær neyðarráðstafanir, sem hér er gert ráð fyrir, eigi aðeins að standa stuttan tíma. Þetta er mitt sjónarmið. Ég álít, að ef farið er að eins og hér er gert ráð fyrir, að ef 6. gr., sem felld var niður í hv. Nd., verður aftur tekin inn, verði sú niðurstaðan, að engar aðgerðir fáist í dýrtíðarmálinu, en það fáist eins konar gálgafrestur, sem geri aðstöðu okkar enn þá verri en hún er nú.

Viðkomandi því að fella niður 8. gr. er það að segja, að ég er því mótfallinn af þeirri ástæðu, að eins og gr. ber með sér, er það fram tekið í síðari mgr. hennar, með leyfi hæstv. forseta, að: „ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að greiða þurfi fé úr ríkissjóði vegna ábyrgðar samkv. 2.—4. gr.“ Það er þess vegna ekki farið fram á að greiða þessar verðuppbætur samkv. 8. gr. af þeim peningum, sem kunna að verða teknir af síldarútveginum, heldur er farið fram á það, að ef ríkissjóður þarf að leggja fram fé til þess að greiða uppbætur á útfluttan bátafisk, þá sé landbúnaðurinn látinn sitja við sama borð. Þess vegna er það, að ef svo fer, sem ég tel nokkrar líkur til, að samþ. verði þær breyt., sem hér hafa verið bornar fram, að taka 6. gr. upp að nýju, og ef nægilegt fé fæst með þeim ráðstöfunum, sem þar er gert ráð fyrir, og ekki þarf að grípa til ríkissjóðs, þá kemur þessi gr. aldrei til framkvæmda. Verði það hins vegar niðurstaðan, að síldarútvegurinn geti ekki lagt til nægilega peninga, þá kemur gr. til framkvæmda. Og ég vil segja það við þá hv. þm., sem vilja fella þessa gr., að ég mundi vilja taka það til athugunar, að þeir fjármunir, sem til þess þyrfti að greiða verðuppbætur á landbúnaðarvörur, yrðu aldrei hærri en það, sem ríkissjóður þarf að greiða í uppbætur á bátafiskinn, og vil ég segja, að þá er ákaflega ósanngjarnt að fella hana. En ef 6. gr. verður samþ., má vel svo fara, að einhver hluti verði greiddur úr ríkissjóði, en ef það yrði mjög lítið, kynnu einhverjir að líta svo á, að ekki væri vert að bæta upp landbúnaðarafurðir með því.

Ég lofaði í upphafi að vera fáorður um þetta mál, og hef aðeins í stuttu máli gert grein fyrir afstöðu minni til þess, þeirri afstöðu, að ég vil samþykkja frv. óbreytt, og það er vegna þess, að ég vil að við með þessu frv. setjum okkur það mark, að sú stj., sem tekur við eftir áramótin, hafi það að fyrsta verki sínu að koma því lagi á dýrtíðarmálin, að sjávarútvegurinn geti verið rekinn án þess að grípa þurfi til neyðarráðstafana. Og ég er hræddur um, að ef við tökum síldarpeningana, þá sofnum við á málinu og þá erum við verr komnir en nú. Við mundum binda okkur við þessar neyðarráðstafanir allt næsta ár, en þá munu erfiðleikarnir verða enn þá alvarlegri.

Það má að vísu lengi deila um þessi sjónarmið, og hirði ég ekki að rökræða það nánar, og vitanlega er það reynslan ein, sem þar getur skorið úr. En sérstaklega þurfum við að koma því lagi á undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, að hann geti borið sig.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að tala langt mál um þetta, en vildi aðeins lýsa afstöðu minni í fjhn., en eins og fulltrúar hafa heyrt í ræðu frsm. meiri hl., vildum við þm. Str. (HermJ) samþykkja þetta frv. óbreytt.

Í öllum þessum umr. hefur ekki komið fram ein einasta ástæða til þess að mótmæla því, að ábyrgðin sé nauðsynleg. Það hefur verið hér almenn skoðun, að ábyrgðin væri nauðsynleg til þess, að bátaflotinn færi af stað í byrjun næsta árs. Hins vegar hefur verið um það deilt, hvort hugsanlegt væri að taka það fé, sem til þarf, af síldarútveginum á næstkomandi síldarvertíð. Ég get lýst yfir því nú þegar, að síldarútvegsmenn eru yfirleitt á móti því að taka þetta af síldinni, og sérstaklega sökum þess, hve margir þeirra eru illa komnir eftir þessi tvö slæmu ár, sem hafa gengið yfir nú síðast. Auk þess má benda á nokkra báta, sem bara stunda síldveiðar, en ekki þorskveiðar, og af þeim er þá verið að taka fé, sem ekki er réttlátt. Á sama hátt mætti setja l. um það, að ef meiri veiði yrði á togarana, mætti ákveða, að þeir skyldu skattlagðir, til þess að taka á sig ábyrgð vegna bátaútvegsins.

Hv. þm. Str. færði mikil rök fyrir þessu, og sé ég ekki ástæðu til að taka neitt upp af því. — Hins vegar mun ég greiða atkv. móti þeirri brtt., sem meiri hl. fjhn. hefur borið fram um þetta atriði. En viðvíkjandi 2. brtt. þessa meiri hl., um það, að 8. gr., sem sett var inn í frv. í Nd., falli niður, vil ég taka það fram, að ég lýsti þeirri afstöðu minni í fjhn. gagnvart henni, að ef frv. verður samþ. þannig, að ekki verði gengið út frá því, að síldarútvegurinn skuli leggja fram fé, sem kynni að þurfa til þess að tryggja þorskveiðarnar, þá finnst mér sanngjarnt, að þessi gr. standi í frv. En ef aftur á móti þetta verður sett inn í frv., þannig að það verði ákveðið, að sjávarútvegurinn eigi að öllu leyti að standa undir sér sjálfur og tryggja, að það geti aldrei fallið neitt á ríkissjóð vegna þessarar ábyrgðar, þá finnst mér ekki sanngjarnt, að 8. gr. standi í frv. og mun þá greiða atkv. með brtt. minni hl. n., sem leggur til, að hún falli niður.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það var í nóvembermánuði s. l., að stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna hélt fund með nokkrum fulltrúum félagsins, og þar mættu m. a. nokkrir þm. og hæstv. dómsmrh. Þá voru lagðar fram nokkrar till. og kröfur, sem hugsað var að senda til stjórnar og þings, um að tryggja, að mótorbátaflotinn gæti

farið á veiðar á íhöndfarandi vetrarvertíð. Þessar till. voru rökstuddar með því, að það væri augljóst, að kæmist flotinn ekki af stað, mundi það leiða af sér margvíslegt atvinnutap við sjávarsíðuna, minnkandi gjaldeyri til útflutnings á næsta ári, stórkostlegt hrun hjá þeim, sem lagt hafa mikið fé í ný og dýr atvinnutæki á landi og sjó, bæði báta og hraðfrystihús, mjög minnkandi magn af lýsi, sem er eitt af þeim vörum, sem nú ekki eingöngu skapar erlendan gjaldeyri og dýrmætasta gjaldeyrinn, heldur er jafnvel eina beitan til að hækka aðrar vörur í landinu, vegna þess að mikil eftirspurn er eftir lýsi, og í fimmta lagi, að í landi væri meira og minna af nýrri beitu, sem ónýttist, ef ekki væri hægt að koma flotanum af stað, og öll nýsköpun yrði fyrir stórkostlegu hruni í landinu. Þar var enginn ágreiningur um, að tryggja þyrfti á einhvern hátt, að þetta hrun kæmi ekki fyrir á komandi vertíð.

Á þessum fundi var kosin 5 manna n. til að reyna að umbæta þær till., sem þar komu fram. Ég var í þeirri n. og var falið formannssæti í henni. N. varð sammála um meginatriði málsins. Það var fyrsta aðalatriðið, sem n. kom sér saman um, að gera kröfu um, að vísitala og kaupgjald hækkaði ekki frá því, sem nú er, til 31. des. 1947 og um þetta yrði samkomulag við heildarsamtök launþega. Þetta var fyrsta krafan. Svo voru nokkrar aðrar kröfur, sem frá mínu sjónarmiði hörðu minna gildi en þessi. Í tilefni af þessu sat ég fund með hagfræðingunum fjórum, sem sátu þá einnig að starfi, og ræddi þessi mál, og ég þykist hafa leyfi til að upplýsa, að mér fannst a. m. k., að enginn ágreiningur væri um það þar, að ekki væri hægt annað en að byggja þessar aðrar kröfur útgerðarmanna á þessari fyrstu meginkröfu.

Næsta stig málsins er það, að hæstv. atvmrh. hefur flutt frv. hér á þingi, og var það að nokkru leyti undirbúið af Landssambandi útvegsmanna, en þó sá hæstv. ráðh. sér ekki fært að halda við þessa meginkröfu útgerðarmanna, sem var undirstaðan undir öllu þessu máli. Síðan hefur frv. tekið þeim breyt., sem hv. d. er kunnugt.

Skal ég nú nokkuð fara út í einstök atriði frv. án þess að eyða í það allt of löngum tíma.

Samkvæmt 2. gr. er gert ráð fyrir að tryggja útgerðarmönnum kr. 1,33 fyrir pundið fob. af þorsk- og ýsuflökum til frystihúsa og enn fremur 65 aura útflutningsverð fyrir kílóið af hausuðum og slægðum fiski til sjómanna samkv. 1. gr. Ég vil í sambandi við það leyfa mér að benda á, að svo framarlega sem hækkun verður á grunnlaunum eða vísitölu, þá getur þetta gjald ekki staðizt stundinni lengur. Þetta var reiknað út til að vera það naumasta, sem hægt var að starfrækja frystihúsin með á þeim tíma, sem vísitalan var ekki nema 300 stig. Frystihúsaeigendur gerðu sterka kröfu um, að þetta væri fært í 1,40, en hæstv. atvmrh. fékkst ekki til að setja það í frv., en setti þetta á móti vilja þessara manna 1,33. Nú er vitanlegt, að rjúki vísitalan upp, þá er þessi atvinnuvegur stöðvaður, og þá er sama, hvað tryggt er fyrir fiskinn, því að þá getum við ekki selt hann til þessara iðjuvera, því að þau stöðvast þá af sjálfu sér, nema þau fái hærra verð.

Ég vil einnig benda á, að ég hef fengið bréf frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þar sem hún segir, að nauðsynlegt sé, ef þetta lágmark sé á vísitölunni, 306, að fá 1,35 fyrir fiskinn, án þess að hún hækki nokkuð frá því, sem hún er í dag, og er það þó miðað við, að fiskurinn sé pakkaður í ódýrustu umbúðir, en sé hann pakkaður í ameríska pakkningu, þurfi verðið að vera 50 aurum hærra hvert pund. Ekkert af þessu er tekið upp í frv. Þess vegna mun útvegurinn stöðvast, nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að mæta þessum útgjöldum fyrir frystihúsin.

Ég vil í sambandi við 3. gr. leyfa mér að benda á, að þar er ákveðið, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir saltfisksútflytjendur, að það geti orðið deiluatriði, hvað sé saltfisksútflytjendur, hvort það séu allir, sem salta, hvort sem það eru mótorbátar, árabátar eða eitthvað annað. Og sé hér aðeins átt við mótorbátaútgerð, þá er spursmál, hvort þurfi ekki að hafa sérstaka gr. fyrir aðra báta og hvort hægt sé að flokka þetta svo, að hægt sé að tryggja bátunum 2,25 kr. fob. fyrir fisk, sem veiðist eftir ákveðinni aðferð, en lægra verð sé fyrir þann fisk, sem sé veiddur með annarri aðferð. Ég hygg, að þetta valdi svo miklum erfiðleikum, að vafamál sé, hvort hægt sé að gera það.

Ég tel eftir 4. gr. vafa, hvort heimilt sé að greiða styrk til að flytja út ísvarinn fisk. Það kemur ekki beint fram í gr. eins og hún er nú, og það er vafasamt, hvort hægt er að gera það. Ef hægt er að skilja gr. þannig, þá er þar um að ræða svo mikið framlag úr ríkissjóði, að það getur orsakað það, að ríkissjóður yrði bókstaflega að standa undir öllum kostnaði af flutningi fisksins út, því að þetta verð er tæplega minna en það, sem fæst fyrir fiskinn á erlendum markaði. Ég vil einnig í sambandi við 9. gr. benda á, að þessi gr. var sett inn fyrir áhrif sumpart útgerðarmanna beinlínis og sumpart frá mér persónulega. Þó að þessi gr. sé kannske ekki annað en viljayfirlýsing, að allir flokkar viðurkenni þörfina, þá vil ég benda á, að svo framarlega sem þetta er framkvæmt, að setja 4 manna n. af þingflokkunum til þess að gera till. um þessi mál, þá liggur í því svo sterk viðurkenning, að það mætti undarlegt heita, ef Alþingi skellti skollaeyrum við till. frá slíkum mönnum, sem hefðu fullkomlega flokkana bak við sig. Ég tel því þessa gr. afar mikils virði í frv. til þess að ná því takmarki, sem þegar er viðurkennt af öllum utan þings og innan, að nú þurfi að ná.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um þá gr., sem hefur valdið hér mestum ágreiningi. Það er sú gr., sem felld var úr frv. og tekin var upp á ný sem skrifl. brtt., 6. gr. Ég vil benda á, að ég tel, að þessi gr. sé miklu óhagkvæmari nú en upphaflega í frv., eins og það var lagt fyrir fyrst. Þar er ætlazt til, að svo og svo mikið af því fé, a. m. k. allt, sem þyrfti til að greiða tap á þorskveiðunum, sé lagt í sérstakan sjóð og gert ráð fyrir, að því skuli skipt upp milli útgerðarmanna og sjómanna á því sama ári. Það standa nokkrar vonir til þess, að síldarverðið verði 60 kr. á mál, og það segir sig sjálft, að með því verði, ef veiði verður nokkuð sæmileg, mundi koma hér alveg óviðráðanleg verðbólga. Ég vil í sambandi við það leyfa mér að benda á, að sé gert ráð fyrir 20 þús. málum, sem er ekkert óeðlilegt, þá mundi hlutur skipverja verða 23500 kr. fyrir 8 vikur. Það má svo geta nærri, hvernig það verkaði, ef almennir hásetar gætu aflað 24 þús. kr. á 8 vikum, án þess að ég sjái eftir þeim tekjum, og skipstjórar mundu þá á slíku skipi á 8

vikum fá 75 þús. kr. í kaup. Þetta þykir mér rétt að benda á til þess að sýna, hversu gífurleg bylgjan mundi verða og verka alveg þveröfugt við það, sem ætlazt er til, að frv. geri, að minnka verðbólguna, en ekki auka.

Það getur vel verið, að hraðfrystur fiskur hækki ekki, en komi það fyrir, að hann hækki meira en upp í kr. 1,33, þá er það blóðugt ranglæti gagnvart hraðfrystihúsunum, sem eru rekin með stórkostlegu tapi, að taka hækkunina til að láta hana renna í tryggingarsjóð. Ég tel, að þetta þurfi að nema burt úr till.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um 8. gr., sem nú er, og var bætt inn í frv. í Nd. Þar er ákveðið, að ríkisstj. greiði verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Ég mun ekki treysta mér til að samþ. þetta frv. með gr. eins og hún er í frv. Ég mun því greiða atkv. með, að gr. verði felld niður. Leyfi ég mér að færa fram fyrir því eftirfarandi rök: Í fyrsta lagi var það rétt, sem hv. þm. Str. tók fram, að það er alveg meiningarleysa að hafa gr. óbreytta, vegna þess að hún skapar þann rétt að greiða milljónir til þessara framkvæmda, þó að ekki yrðu greiddar nema 10—100 þús. kr. til sjávarútvegsins. Þess vegna þyrfti gr. að breytast í það horf, sem hv. þm. Str. tók fram. En þó að horfið sé frá því, þá vil ég benda á, að hér er talað um framleiðsluna frá 15. sept. þ. á. til 15. sept. 1947, en verð þessarar vöru hefur raunverulega verið að mestu ákveðið í sept. þ. á. Þá var að vísu ekki víst, hvað fengist fyrir útflutta ull, gærur og kjöt, eða hversu mikið magn yrði að flytja út. Þó er hér til hliðsjónar verð, sem ég get hugsað mér, að eðlilegast væri, að tillit væri tekið til við útflutninginn, og verðið á innlendum afurðum einmitt miðað við það, og vegna þess einnig, að ef dýrtíð hækkar, hefur ríkissjóður þegar tekið að sér þann hluta að greiða hann niður. Af þessum ástæðum sé ég ekki, að sanngjarnt sé að binda þetta við tryggingunna til sjávarútvegsins. Ég er hins vegar fullviss um það, að þurfi þetta að standa nokkurn tíma, — en hv. þm. Str. hefur m. a. lýst yfir, að það gæti ekki staðið nema örstutta stund, — þá er síður ástæða til, að þetta sé sett inn í frv. En komi það til með að standa nokkurn tíma, verður að gera heildarráðstafanir, ekki aðeins fyrir sjávarútveginn, heldur alla aðra atvinnuvegi. Og ég er viss um, að ef nokkru sinni kemur til kasta ríkissjóðs að greiða þann víxil, sem nú er verið að skrifa upp á, þá verður það ekki gert nema á einn hátt. Það er ekkert fé til nú í ríkissjóði, og það verður ekki gert nema með því að fella gengið. Menn verða að gera sér ljóst, að það er ekki hægt að láta ríkissjóð taka á sig ábyrgð á að greiða þær óhemju upphæðir, sem hér gæti orðið um að ræða, nema á þann eina hátt, og það er gott, að menn geri sér það ljóst, áður en þeir loka augunum fyrir þeirri nauðsyn, sem er á að laga þessi mál.

Ég vil einnig í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að í frv. eins og það er nú er hvergi gert ráð fyrir því, að þessi upphæð þurfi að minnka, þó að gerðar séu ráðstafanir til að lækka dýrtíðina. Það kom skýrt fram í brtt. frá hv. þm. Borgf. á þskj. 254,2, þar sem hann vildi setja nýja málsgr. við 9. gr., sem felld var í Nd., þar sem beint var tekið fram, að nauðsynlegt væri að lækka kostnaðinn, því að það hefur aldrei verið ætlazt til þess, að ríkissjóður yrði að gera hvort tveggja, verja stórkostlegu fé til að halda niðri dýrtíðinni og líka stórfé til að halda uppi verðinu. Tel ég þetta mikinn galla, en tek þó ekki upp þessa till., en það er af því, að mér er ljóst, að frv. verður að fara gegnum Alþingi til þess að geta bjargað þessu höfuðmáli og að þessi atvinnuvegur stöðvist ekki næstu daga. Hins vegar er knýjandi nauðsyn að taka allt þetta mál til gagngerðrar íhugunar, því að þess er ekki að vænta, að þingið geti yfirleitt gengið frá slíku stórmáli sem þessu á nokkrum fundum, fáum fundum, stuttum fundum og næturfundum. Málið þarf því miklu meiri undirbúning. Ég greiði því atkv. ákveðið með þeim fyrirvara, að ég hafi fullkomlega síðferðislegan rétt til þess að fylgja hverri þeirri lagabreyt., sem fram kynni að koma síðar við þetta frv., og afnámi þessara l., hvenær sem rétt þykir að gera það vegna ástandsins í landinu.

Jóhann Jósefsson: Ég vildi aðeins í stuttu máli geta þess út af aths. hv. þm. Barð. við niðurlag orða fyrri málsgr. brtt. fjhn., sem hljóðar þannig: „Nú verður afgangur af fé tryggingarsjóðs, og skal hann þá greiðast útvegsmönnum og sjómönnum að tiltölu við síldarafla hver skips", taka fram, að ég er fús til þess að taka til athugunar milli umr. í n. þessi atriði, sem hann kom að, og líklegt, að á það verði fallizt — þó að ég viti það ekki með vissu — að fella þessi orð niður. Ég tek þetta fram, ef einhverjir fleiri skyldu hafa ætlað sér að gera þetta sérstaka atriði að umtalsefni til þess að það yrði athugað milli umr., því að ég heiti því hér með, að það skuli verða gert. Ég segi þetta til að forðast umr. að óþörfu um atriði, sem getur verið sjálfsagt að leiðrétta. Það má vel vera, að það hafi ekki verið athugað við samningu þessarar brtt., að hið breytta viðhorf getur haft áhrif á, hvort þetta orðalag eigi að vera eða ekki.

Þetta er aðeins það, sem ég vildi taka fram að þessu sinni, en ég ætla ekki að svo komnu að fara út í neinar umr. um málið eða ræður þeirra hv. þm., sem talað hafa.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að brtt. verði borin upp í tvennu lagi og skiptingin fari fram við „Ríkisstj. er heimilt að stofna sjálfstæð tryggingarsvæði", að það, sem er þar á undan, sé borið upp sérstaklega.

Gísli Jónsson: Ég vil óska þess, að þetta verði borið upp í einu lagi. Hv. 1. landsk. getur síðar borið fram brtt. við till., þar sem því hefur m. a. verið lýst yfir, að þessi gr. verði tekin til athugunar og fellt burt úr henni. Þess vegna finnst mér eðlilegt, að brtt. verði borin upp í heilu lagi, og gerð þá brtt. við 3. umr.

Forseti (ÞÞ): Ég geri ráð fyrir, þegar brtt. kemur til atkv., að hún verði borin upp í tvennu lagi, og mun gera það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 264,1. mgr. samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, PM, SÁÓ, KJJ, EE, GJ, GÍG, HV, JJós, ÞÞ.
nei: PZ, ÁS, BrB, HermJ.

3 þm. (StgrA, BSt, BK) fjarstaddir.
Brtt. 264,2. mgr. samþ. með 10:2 atkv.
— 264,3.—4. mgr. samþ. með 10:1 atkv.
Ný gr. (verður 6. gr.) þar með ákveðin.
6.—7. gr. (verða 7.—8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 265 (8. gr. falli burt) samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GG, GÍG, JJós, LJóh, SÁÓ, ÁS, KJJ, BrB.
nei: HV, HermJ, PZ, EE, ÞÞ.
PM greiddi ekki atkv.
3 þm. (StgrA, BSt, BK) fjarstaddir.
9.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. — (A. 266).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var af hv. þm. Barð. gerð aths. við niðurlagsorð 1. mgr. 6. gr., sem hljóðar þannig:

„Til þess að standast þau útgjöld, sem kann að leiða af ábyrgðum samkv. 2.—4. gr., skal ríkisstjórnin halda eftir og leggja í sérstakan tryggingarsjóð þann hluta af söluverði síldarafurða 1947, sem er umfram hrásíldarverð eins og það var 1946, að viðbættri hækkun, sem svarar til fiskverðshækkunar samkv. 1. gr. og vinnslukostnaði. Nú hækkar útflutningsverð einstakra fisktegunda meira en nemur ábyrgð ríkissjóðs, og skal þá það, sem umfram er, renna í tryggingarsjóð."

Það var þá um talað, að athugun á þessu færi fram milli 2. og 3. umr., og hefur fjhn. komið saman til að athuga þetta og meiri hl. hennar fallizt á, að eins og 6. gr. sé nú orðuð, sé ekki ástæða til að halda þessu ákvæði, þar sem nú er gert ráð fyrir, að afgangi tryggingarsjóðs skuli skipt upp milli síldarútvegsmanna. Þetta ákvæði um að láta það, sem umfram yrði, renna í tryggingarsjóð, var eðlilegt á meðan stofna átti varanlegan tryggingarsjóð, en meiri hl. hefur fallizt á, að þetta ákvæði sé ekki nauðsynlegt, heldur óþarft, og flytur brtt. um að fella það niður. Ég leyfi mér því að leggja fram skriflega brtt. um þetta atriði. Minni hl. taldi sig ekki vilja flytja þessa till., en vildi láta afskiptalaust, þótt meiri hl. flytti hana.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 267) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Ég tel, að ekki skipti miklu máli, hvort þessi brtt. er samþ. eða ekki, því það eru, því miður, ekki svo miklar líkur til, að hún hafi nokkra þýðingu í framkvæmdinni, þar sem ósennilegt er, að fiskverðið fari fram úr því verði, sem ábyrgzt er.

Það, sem ég ætla að ræða um, er brtt., sem meiri hl. n. ekki vildi fallast á og við flytjum þess vegna, ég og hv. 8. landsk. Þessi brtt. er ákaflega óbrotin og þarf ég ekki að eyða um hana mörgum orðum, en hún er þannig:

„Við 6. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „hækkun, er svarar til fiskverðshækkunar samkvæmt 1. gr. og vinnslukostnaði" komi: 66% hækkun þess og vinnslukostnaði."

M. ö. o. það er gert ráð fyrir því, að áður en heimilt er að taka fé í sameiginlegan tryggingarsjóð, þurfi að verða hækkun um 66% í staðinn fyrir það, sem er í frv. nú.

Rökstuðning fyrir þessu atriði þarf ég ekki að færa fram, vegna þess að þessi brtt. er í samræmi við þær röksemdir, sem ég flutti við 2. umr. málsins, og ég ætla ekki, án þess að sérstakt tilefni gefist til, að fara inn á að rökstyðja það frekar en þar er gert.

Ég skal taka það fram, að það er gert ráð fyrir því af þeim, sem eru þessum málum kunnugir, að með 40 kr. verði fyrir síldarmálið megi gera ráð fyrir, að afkoma síldarútvegsins með meðalafla sé sæmileg, en með þessu móti, að ekki verði tekinn skattur af síldarútveginum fyrr en verðið hefur hækkað um 66%, má gera ráð fyrir, að hægt sé að borga kr. 50 fyrir síldarmálið og þar með gert ráð fyrir, að þeir, sem eru vel settir, fái nokkurn gróða, ef sæmilega gengur, og geti þar með borgað skuldir, sem eftir voru frá síðustu vertíðum.

Ég skal taka það fram, að ég álít, að svo stórt mál sem þetta verði ekki afgreitt á einni kvöldstund og að þótt þessi brtt. verði samþ., sé frv. ekki nógu lagfært, er það á að verða gildandi l. í landinu.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta mál, þar sem hv. Nd. bíður eftir að afgreiða það. Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 268) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: [Upphaf ræðunnar vantar í hndr.] ... Það er rétt og sjálfsagt, að þetta verði fellt burt úr gr., eins og gr. er nú orðuð, og væri enda alltaf eðlilegt, jafnvel þótt gr. hefði verið eins og hún var áður.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Út af brtt. hv. þm. Str. (HermJ) verð ég að segja það, að mér þykir að sönnu leitt — og verð að segja það fyrir hönd meiri hl. fjhn. — að geta ekki fallizt á þá brtt., sem hann hefur hér fram flutt, en þess verður að gæta, að hún mundi raska þeim grundvelli, sem hér er byggt á, sem sé þeim, að mjög hátt síldarverð verði nokkur baktrygging fyrir ríkissjóð fyrir því að ábyrgjast annað fiskverð, sem er í því fólginn, að gr. haldist óbreytt. Þetta verð ég að taka fram, þótt mér þyki fyrir því að þurfa að hafa á móti þessari brtt. Hið sama má segja um ýmsar þær aths., sem hv. þm. Str. fram flutti í sinni ræðu við 2. umr., þótt ég gerði hana ekki að umtalsefni þá. Þess ber að geta, að ekki einasta meiri hl. fjhn. þessarar hv. d., heldur flestir hv. þm., ef ekki allir, mundu frekar hafa tekið þann kostinn, ef fyrir hendi hefði verið, að aðrar ráðstafanir og raunhæfari hefðu verið gerðar til þess að tryggja fiskveiðiflotanum sæmilega afkomu en þær, sem fyrir liggja í þessu frv., og þá í fyrsta lagi það, sem hv. þm. taldi, að sér virtist liggja næst að gera, þ. e. raunhæfar ráðstafanir gagnvart dýrtíðinni. En það verður að horfast í augu við þær staðreyndir, sem fyrir eru, því að sú gifta fylgir nú ekki þjóð vorri eða hv. Alþ. á þessari

stundu, að slíkra ráðstafana sé að vænta, þannig að þær gerist skjótt. Til þess að vænta þess, þyrfti viljinn hjá öllum aðilum að vera augljósari en fram hefur komið, og af þessari ástæðu m. a. er horfið að þeim neyðarráðstöfunum, sem gert er með þessu frv.

Þetta vildi ég taka fram, áður en málið er afgr. úr þessari hv. d. Og af því að hv. þm. Str. kvað mjög fast að orði um það í lok ræðu sinnar, að nú þyrfti þ. að taka fast á réttum aðgerðum í dýrtíðarmálunum og þar með að beina afli sínu að þeirri lausn, sem gæti orðið til frambúðar, þá vil ég fyllilega taka undir þessa viljayfirlýsingu hv. þm. Str.

Hjá hv. þm. Barð. (GJ) kom fram aths. um það, að það væri ekki vel ljóst ákvæði í einni gr. frv., — ég held 3. gr., — þar sem talað er um saltfisksútflutning. Í þessu sambandi álít ég rétt — þótt það hafi komið fram í hv. Nd. — að vísa einnig hér í hv. d. til þess, að í 1. gr. er rætt um ráðstafanir til að tryggja bátaútveginum verð, og verður að líta svo á, að þar sem 1. gr. ræðir einvörðungu um bátaútveginn, þá ráði hún líka skuldbindingum eða meiningum annarra gr. frv., þannig að hér eigi ekki að vera um að villast ráðstafanir, sem gerðar eru fyrir bátaútveginn og þann fisk, sem aflast á bátaflotann.

ATKVGR.
Brtt. 268 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, PZ, ÁS, BrB.
nei: EE, GJ, GÍG, HV, JJós, LJóh, PM, SÁÓ, KJJ, ÞÞ.
3 þm. (StgrA, BSt, BK) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ég hefði talið réttara, að í þessu frv. hefði verið ákvæði um, að draga mætti frá þau töp, sem orðið hafa hjá síldarútvegsmönnum á síðastliðnum tveim árum, þau sem ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir, áður en tekið væri fé af þessari atvinnugrein, en þær ráðstafanir, sem felast í þessari brtt., tel ég miklu lakari en þær, sem í frv. eru, og segi ég því nei.

Brtt. 267 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KJJ, BrB, EE, GJ, GÍG, HV, HermJ, JJós, LJóh, PZ, SÁÓ, ÁS, ÞÞ.
PM greiddi ekki atkv.
3 þm. (BK, StgrA, BSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Hermann Jónasson: Það er auðsætt, eins og komið hefur í ljós í umr., að ráðstafanir til þess að koma útgerðinni af stað, sem eiga að vera til frambúðar, verða ekki gerðar nú. Og aðeins með tilliti til þess, að hér er um tvennt að velja, annaðhvort að stöðva útgerðina um óákveðinn tíma eða að gera þessar bráðabirgðaneyðarráðstafanir, sem þetta frv. kveður á um, — enda þótt ég sé óánægður með það eins og það nú liggur fyrir og telji ýmis ákvæði þess óhyggileg og óréttlát, þá segi ég já.

Frv. endursent Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 269).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja hér fram skriflega brtt. við frv., um að 6. gr. falli burt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 270) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. hér í hv. d. flutti ég brtt. frá minni hl. fjhn. um að bæta í frv. nýrri gr. um ábyrgð á útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða, sem greiða skyldi úr ríkissjóði. Þessi brtt. var samþ. hér við 2. umr. með 17:10 atkv., en efni hennar hefur verið fellt úr frv. í hv. Ed. Ég sé hins vegar enga ástæðu til þess fyrir þessa hv. d. að hverfa frá því að hafa þetta ákvæði í frv., þótt hv. Ed. hafi við fyrstu umferð málsins ekki viljað á það fallast. Ég vil því leyfa mér að flytja þessa brtt. hér óbreytta og leggja hana fram skriflega. Sé ég ekki ástæðu til að hafa um hana mörg orð, því að eins og ég áður gat um, er hún óbreytt frá því, sem áður var, og menn kannast því fullvel við efni hennar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það hefur komið hér fram brtt. um, að 6. gr. frv. verði felld burt. Mun ég greiða atkv. um hana eins og í dag, og vil leyfa mér að flytja skriflega brtt. við gr. til vara, ef hún skyldi verða felld. Brtt. þýðir það, ef þetta verður samþ., þá yrði ekki farið að innheimta skattinn fyrr en verðið nemur því, sem væri umfram 49 til 50.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt., því að ég veit, að allir hv. þm. munu átta sig á, hvað hér er um að ræða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 271 og 272) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég vil hér aðeins fara nokkrum orðum út af atriði í 2. gr. frv. eins og hún er nú, og er það í sambandi við ábyrgð á hraðfrysta fiskinum. Þar segir í lok gr.: „Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarandi.“ Í frv. því, sem ég á sínum tíma lagði fyrir hv. fjhn. með beiðni um að flytja hér í hv. d., var gr. orðuð á dálítið annan veg, þannig að enginn vafi lék á því, að með öðrum tegundum hraðfrysts fisks væri líka átt við aðra pakkningu en þegar miðað er við kr. 1,33, sem er pakkningaraðferðin 7 lbs. (3 kg) í pergamentumbúðum. Ég hygg, að það sé í samræmi við það, sem fram kom hjá hv. frsm. fjhn., hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ), að með orðalagi 2. gr. eins og hún er nú sé líka ætlazt til þess, að tekið sé tillit til þess, að fiskur sömu tegundar sé í mismunandi umbúðum, því að það getur verið æskilegt að hverfa til þess, að hraðfrystihúsin noti ekki eingöngu umbúðir, sem miðaðar hafa verið við 1,33, því að varan í þeim umbúðum er síður útgengileg en í minni umbúðum.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta það, sem ég að vísu drap á við framsögu þessa máls, þegar ég talaði þá um venjulega pakkningu, að fyrir okkur hefur það vakað, að með kr. 1,33 tryggingunni væri átt við sams konar umbúðir og 98 aura tryggingin gilti um upphaflega.

ATKVGR.
Brtt. 270 felld með 15:13 atkv.
— 272 felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÁ, EOl, EystJ, HelgJ, HermG, JörB, KTh, LJós, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ.
nei: ÁÁ, EmJ, GTh, GÞG, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JJ, ÓTh, PO, SB, StJSt, BG.
FJ, GSv greiddu ekki atkv.
6 þm. (GÞ, HÁ, PÞ, SigfS, SEH, SK) fjarstaddir.
Brtt. 271 felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EystJ, GSv, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JJ, JörB, PO, SkG, StgrSt, BÁ, EOl.
nei: EmJ, FJ, GÞG, HB, JóhH, KTh, LJós, ÓTh, SB, SG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BG.
GTh, HermG greiddu ekki atkv.
6 þm. (GÞ, HÁ, PÞ, SigfS, SEH, SK) fjarstaddir.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Samgmrh. (Emil Jónsson): Við fyrri umr. þessa máls greiddi ég atkv. með brtt. sem þessari, vegna þess að þá hafði verið numin burt 6. gr. frv. Eftir að tilsvarandi ákvæði hefur nú verið sett inn í frv. og 6. gr. fjallaði um, er burtu fallin ástæðan fyrir því, að ég greiði atkv. með þessari till., og segi því nei.

Jóhann Hafstein: Ég segi nei með skírskotun til grg. hæstv. samgmrh.

Sigurður Bjarnason: Með skírskotun til grg. hæstv. samgmrh. segi ég nei.

Stefán Jóh. Stefánsson: Með skírskotun til grg. hæstv. samgmrh. segi ég nei.

Frv. samþ. með 27:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 273).

32. Sala verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

Á 7. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki (þmfrv., A. 50).

Á 8. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Þetta frv. hér á þskj. 50, sem við þm. Skagf. flytjum, er um það, að Sauðárkrókshreppi verði seld verzlunarlóðin á Sauðárkróki. Það er flutt samkvæmt eindregnum tilmælum Sauðárkrókshrepps. Sauðárkrókshreppur fékk jörðina Sauðá árið 1927, en þá var verzlunarlóðin tekin undan í kaupunum, svo að ríkið á hana eftir sem áður. Þetta þykir þeim á Sauðárkróki allillt, og verður það sérstaklega óþægilegt, þegar ýmiss konar starfsemi fer fram utan verzlunarlóðarinnar. Nú hefur þeirri stefnu verið fylgt hér á Alþ., að stutt hefur verið að því, að kaupstaðir og kauptún fengju eignarhald á þeim lóðum, sem þessir staðir hafa þurft að nota, og samþykkt laganna um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa var einmitt gerð til þess að létta undir með þessum hreppsfélögum og bæjarfélögum að eignast nauðsynleg lönd. Það er því algerlega í samræmi við þá skoðun, sem hér virðist ríkja, að þessi ósk kemur fram um, að hreppurinn fái verzlunarlóðina keypta.

Ég skal taka það fram, að við flm. höfum sniðið þetta frv. mjög eftir þeim l., sem sett voru um sölu Hvanneyrar í Siglufirði til handa Siglufjarðarbæ, sem er fárra ára gömul löggjöf. Þá var Siglufirði seldur meiri hluti sinnar verzlunarlóðar, sem liggur í landi Hvanneyrar.

Ég vænti þess því, að Alþ. geti fallizt á að samþykkja frv. eins og það hér liggur fyrir, og sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta að svo komnu. Við flm. erum reiðubúnir að veita þeirri n., sem með málið kann að fara, alla aðstoð, ef óskir kæmu fram um það. Ég vil svo óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr., og hygg það sé eðlilegast, að það fari til fjhn. Skal ég svo láta máli mínu lokið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 151).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Þetta frv. hefur legið fyrir fjhn., og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt. Voru allir nm. sammála um þá nauðsyn fyrir kauptún og kaupstaði að eiga þær lóðir, sem þau eru byggð á. Árið 1927 keypti Sauðárkrókur land Sauðár að verzlunarlóðinni undanskilinni, en það væri að dómi nm. rétt, að kauptúnið eignaðist einnig þessa landspildu.

Mér þykir rétt að láta það koma fram, að undanfarið hafa orðið nokkrar umr. um, hvort ekki bæri að setja frekari takmarkanir um leigu landssvæða, þar sem það kemur ósjaldan fyrir, að hið leigða hækkar í verði vegna aðgerða samfélagsins. Hefur verið rætt um að setja nánari skilyrði, t. d. ákvæði um mat á vissu árabili, til þess að gefa mönnum ekki kost á að hækka kröfuna í hið leigða vegna opinberra framkvæmda. N. telur þó, að þetta eigi að haldast aðgreint frá þessu frv., er hér um ræðir, og leggur að öðru leyti til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Steingrímur Steinþórsson: Ég leyfi mér að þakka fjhn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls. Viðvíkjandi skilyrðum um lóðir og lendur vil ég fyrir

mitt leyti segja, að ég er síður en svo á móti því, er fram kom í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Þar þarf að setja einhver almenn skilyrði eða takmarkanir. En í sambandi við þetta vænti ég, að Sauðárkróki verði ekki sett nein sérstök skilyrði.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Ég vildi aðeins taka það fram út af orðum hv. 1. þm. Skagf., að alls ekki er ætlazt til, að Sauðárkróki verði sett nein sérstök skilyrði, heldur yrðu takmarkanir um eign landssvæða settar í almenn lög.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., 3. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 276).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur fengið samþykki í Nd. og er búið að fara gegnum eina umr. hér og til fjhn. Fjhn. hefur athugað það og mælir einróma með því, að það verði samþ. Að vísu er rétt að taka fram, að einn nm. var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi málið, heldur var hann farinn norður rétt fyrir jólin. N. var kunnugt um ýmis önnur sambærileg mál, þar sem kauptún og hreppar hafa fengið keyptar spildur úr jörðum, sem ríkið á. T. d. fékk Siglufjörður keypta Hvanneyri, og sömuleiðis kom fyrir hliðstætt atriði í fyrra, þar sem Búðahreppur við Fáskrúðsfjörð fékk keypta spildu, sem var ríkiseign. Eftir upplýsingum, sem ég hef fengið um það mál, sem hér liggur fyrir, er þannig háttað, að jörðin Sauðá, sem kaupstaðurinn stendur á, var seld hreppnum fyrir nokkrum árum, en verzlunarlóðirnar undanskildar. Hins vegar hefur það komið í ljós, að það er mjög óþægilegt vegna skipulagningar, að sami aðili skuli ekki vera eigandi verzlunarlóða og annarra lóða. Einnig liggja fyrir upplýsingar frá viðkomandi ráðuneyti, að það vilji mæla með sölunni og telur ekki nema eðlilegt, að þetta verði samþ.
Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um málið, en óska eftir, að frv. nái að ganga fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 14. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað vekja athygli á tveim atriðum þessa frv. Ég verð að viðurkenna, að þessar aths. mínar eru nokkuð seint fram komnar. Sagt er í 2. málsgr. 1. gr. frv., að land það eða lóðir, sem hreppurinn eignist í þessum kaupum, sé honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja þær, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er ríkisstj. staðfestir.
Ég er ekkert á móti því og tel það rétta stefnu, að kauptún og þorp eigi land það, sem þau eru byggð á. En það er aðeins tvennt, sem mér finnst athugandi í þessu frv. Komið hefur fyrir, að ríkið hefur selt lóðir kauptúnum og bæjarfélögum, en síðar orðið að kaupa þær aftur við okurverði, þegar það hefur þurft á þeim að halda undir opinberar byggingar. Þetta átti sér stað á Siglufirði, þegar ríkið þurfti að láta stækka síldarverksmiðjurnar þar. Víðar hefur þetta og sýnt sig, t. d. á Skagaströnd. Þar varð ríkið, eftir að l. um Höfðakaupstað voru sett, að kaupa með margföldu verði lóðir þær, sem það hafði selt fyrir tveim árum. Ég gæti búizt við, að slíkt gæti átt sér stað á Sauðárkróki, en þar hefur iðulega komið til mála að reisa síldarverksmiðju. Væri nú ekki athugandi að setja inn í frv. ákvæði um það, að ríkið fái lóðir þær, sem það selur, með sama verði og það seldi þær fyrir, ef það þarf á þeim að halda.
Þetta var nú önnur aths. Hin er um það, að ég tel það í mesta máta óheppilegt, að þegar ríkissjóður hefur selt bæjarfélagi eða þorpi land eða lóðir, þá verði viðkomandi bæjarfélag að hlíta föstum reglum, sem ríkisstj. setur, um sölu og leigu þessara lóða eða landsvæða. Ég vil ekki setja nein ákvæði varðandi þetta. Nú er það vitað mál, að lóðirnar eru mjög svo mismunandi settar. Gegnum sumar eiga að liggja götur, aðrar eru ætlaðar fyrir hafnarmannvirki o. s. frv. Það er því óhugsandi að ætla að leigja þær eftir einhverjum föstum reglum. Ég tel því, að síðari hluti 2. málsgr. 1. gr. frv. þyrfti alveg að falla burtu.
Ég hefði gjarnan kosið, að hv. forseti frestaði umr. nú, ef nm. fyndist ástæða til að taka þetta til athugunar, annarsvegar, að ríkið verði ekki látið hafa neitt eftirlit með því, hvernig þessi lönd eru leigð út, heldur láti það viðkomandi bæjarfélag ráða því, og hins vegar, að sett verði inn í frv. þetta ákvæði um forkaupsrétt ríkissjóðs á þessum lóðum, eftir því sem með þarf vegna opinberra framkvæmda, sem ríkið stendur fyrir, og sömuleiðis, að ákvæði þetta verði ekki aðeins sett inn í þetta frv., heldur og önnur frv., sem fjalla um svipuð tilfelli og þetta.
Mig langar til þess að heyra um álit nm. á þessu og möguleikana á að fresta umr. Ég tel, að málið liði enga nauð við það, þótt því yrði frestað um 1—2 daga.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst þessar aths. hv.

1. þm. N-M. nokkuð seint fram komnar. Hins vegar skal ég fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti því, að málinu verði frestað um stundarsakir, og ég býst ekki við, að hv. nm. séu því andvígir, því að ekki er séð, að málið bíði við það nokkurt tjón.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég heyrði ekki hvað hv. frsm. sagði um þetta mál, en vilji hann fá því frestað, þá sé ég enga ástæðu til þess að standa á móti því, þar eð ekki eru líkur til, að það bíði neitt tjón af þeim fresti, og gef ég því samþykki mitt til, að því verði frestað.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Ed., 15. jan., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 50, 284).

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Út af aths., sem hv. 1. þm. N-M. gerði, þá hefur fjhn. tekið þetta fyrir, og breyt. á þskj. 284 er fólgin í því að tryggja, að ef ríkið þarf, þá er hreppnum skylt að láta þessa lóð af hendi við ríkið méð kostnaðarverði.

N. varð sammála um að flytja þessa brtt., og vona ég, að hún verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil þakka n. fyrir þá athugun, sem hún hefur gert á þessu máli, og tel ég brtt. hennar til stórbóta, en hins vegar tel ég, að n. hafi ekki tekið til athugunar nema annað atriðið, sem ég drap á í gær, en látið hitt standa óbreytt. Ég benti á það í gær, að ég tel liðinn í brtt., þar sem rætt er um leigu til hreppsins o. s. frv., ekki heppilegan. Hann er að sjálfsögðu settur til þess að fyrirbyggja, að hreppurinn okri á þessum lóðum, og ætti tilverurétt, ef einhver hætta væri á sliku, en ég tel enga hættu á því. Sama lóðarleiga getur ekki gilt alls staðar, þó að sú regla gildi um lóðir í erfðafestu. Það eru viss svæði í þorpum og kauptúnum, sem þannig er ástatt um, að þorpið þarf á þeim að halda undir byggingar eða annað, og þess vegna ekki hægt að haga öllum leigum eins, og kem ég því með skrifl. brtt. Ég vil enn fremur benda á það, að sams konar ákvæði var sett inn, þegar Hvanneyri var seld Siglufjarðarbæ, en hæstv. ríkisstj., þótt léleg hafi verið, hefur ekki séð sér fært að nota þessa heimild. Ég sé enga ástæðu til þess að setja það í l., sem engin ríkisstj. sér sér fært að framkvæma.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. N-M. Brtt. er við brtt. fjhn. og er á þá leið, að síðasta málsgr., sem byrjar á: „Um leigu til hreppsins" o. s. frv., falli niður.

Þessi till. er of seint fram komin, og þarf því afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 285) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Ég ætla ekki að fara að deila um þetta. Það var líka rætt, en n. vildi ekki gera það að till. sinni, m. a. vegna þess möguleika, að hreppurinn okraði.

Það er ekki óeðlilegt, þegar ríkið selur, að tryggt sé, að kaupendurnir noti ekki eignina til að græða á. Hins vegar tel ég, að vart sé hægt að ætla, að þessi málsgr. gangi á nokkurn hátt á rétt hreppsins, eins og virtist koma fram hjá þm.

Annars munu atkv. skera úr um þetta.

ATKVGR.

Brtt. 285 felld með 9:3 atkv.

— 284 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 23. fundi í Sþ., 16. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 287).

Á 55. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Þetta frv. hefur tekið smávægilegri breyt. í Ed. Við getum fullkomlega sætt okkur við þessa breyt., og vona ég, að aðrir dm. geti einnig sætt sig við hana og frv. geti náð fullnaðarafgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 294).

---

33. Aldurshámark opinberra starfsmanna.

Á 8. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna (þmfrv., A. 86).

Á 14. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem prentað er á þskj. 86, höfum við hv. þm. Mýr. flutt um breyt. á l. frá 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna. Þessi l. voru upphaflega sett í þeim tilgangi að koma í veg fyrir það, að menn sætu í opinberum stöðum, eftir að starfsþrek þeirra og heilsa væri hrörnuð. Nú hefur mannsævin á Íslandi lengst mikið síðustu árin, og stafar sú breyting af betri lífskjörum þjóðarinnar. Gegnir því hér nú allt öðru máli. Reynslutími laganna hefur verið 10 ár, og hafa fá dæmi sýnt það, að menn innan sjötugsaldurs væru ekki færir til þess að gegna embættum sínum. Margir ráðh. hafa líka látið þetta afskiptalaust. Hins vegar er oft skipt um menn í ráðherrastólum, og sumir ráðh. hafa skorið yfir um 65 ára aldurinn til þess að forðast það að sýna hlutdrægni. Aðrir hafa svo látið þetta ráðast eftir hæfni manna. Aðalatriði okkar flm. þessa frv. er, að yfirleitt eru

menn fullkomlega færir til þess að gegna opinberum störfum til sjötugsaldurs og að það sé óhagstætt fyrir ríkið að kasta æfðum mönnum og setja þá á eftirlaun, og eru þau frekar há á íslenzkan mælikvarða. Stundum eru þessum mönnum líka greidd full laun. Ég hef ekki aflað upplýsinga um, hversu miklu þessi útgjöld varða ríkissjóð né hve há sú upphæð yrði, sem sparaðist á greiðslu eftirlauna, miðað við 65—70 ára starfstímabil. Starf í þágu ríkisins hefur aukizt mjög hin síðari ár og tala þeirra manna, sem bera rétt til eftirlauna. Nú sitja t. d. tveir hæstaréttardómarar á eftirlaunum, og laun þeirra nema upp undir 100 þús. kr. á ári og er því ekki einskis virði að nota slíka starfskrafta sem lengst.

Ég orðlengi ekki frekar um þetta. Megintilgangur þessa frv. um breyt. á l. er þessi. Í fyrsta lagi að samræma starfslengd opinberra starfsmanna. Í öðru lagi, að ríkið missi ekki valda starfskrafta. Og í þriðja lagi, að firra ríkissjóð að hafa góða menn á eftirlaunum. Ég vænti svo þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 203 og 204).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Allshn., sem fékk þetta mál til meðferðar, hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Eftir l. um aldurshámark opinberra embættismanna og starfsmanna frá 1935, þá skal embættismaður leystur frá embætti 65 ára af þeim, sem veitti honum embættið, en þó er heimilt að láta viðkomandi embættismann, ef hann er nógu líkamlega og andlega ern, gegna embætti til 70 ára aldurs. Það er sem sagt á valdi þessa viðkomandi aðila, sem veitti embættið. Nú er lagt til í þessu frv., að aldurshámarkið verði fært upp í 70 ára aldur, og hefur meiri hl. n. ekki getað fallizt á slíka skilyrðislausa hækkun aldurshámarksins, og leggur þess vegna á móti því, að frv. verði samþ. þannig.

Það er að vísu svo, og er rétt að láta það koma fram, að það hafa nokkur fleiri sjónarmið komið fram innan n. um það, að ef til vill væri ástæða til að breyta frá því, sem nú er gildandi, enda þótt nm. hafi ekki getað komið sér saman um að flytja nýja brtt. þar að lútandi. En ég tel rétt að láta það koma fram, að ég hef litið svo á, að það væri ekki óeðlilegt, að embættismaður hefði heimild til þess, þegar hann hefur náð 65 ára aldri, að hverfa þá úr embætti, ef hann óskar þess, en mætti þó gegna embætti til 70 ára aldurs, en munurinn er þessi, að þá er það á hans valdi, hvort hann gegnir embætti þennan tíma eða ekki. Að vísu kæmi þá til athugunar að veita ekki þessa heimild sjálfum embættismanninum nema hann hefði þá náð vissum embættisaldri, þ. e. a. s. verið um langan tíma í þjónustu þess opinbera. Ég lít svo á, að það sé ekki óeðlilegt, að embættismanni, sem t. d. hefur unnið 30 ár að opinberum störfum, sé gefinn kostur á því að hverfa frá störfum með þeim réttindum, sem menn mundu öðlast, þegar þeir eru orðnir 65 ára gamlir. Hins vegar mundi það horfa öðruvísi við að gefa slíka heimild án þess að takmarka embættisaldurinn. En um þetta hefur, eins og ég sagði, ekki fengizt samkomulag innan n. Þá hef ég rætt þetta, eftir að málið var afgr. í n., við suma nm. og kynni því að freista þess á síðara stigi málsins að flytja brtt. við l., sem færi í svipaða átt og ég nú hef greint. En að öðru leyti hef ég ekki á þessu stigi málsins meira um þetta að segja. Meiri hl. n. stendur sameiginlega að því að svo komnu að vera á móti því að hækka aldurshámarkið, eins og gert er ráð fyrir í frv., skilyrðislaust upp í 70 ár.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er í forföllum hv. 2. þm. Eyf., sem er frsm. minni hl., sem ég tek hér til máls. Við vorum sammála um að fallast á þetta frv. og töldum það eiga rétt á sér. Eftir þeirri reynslu, sem fengin er af þessu, ætla ég, að nær undantekningarlaust mæli sú reynsla með því, að fallizt væri á þetta frv. Það er engum efa undirorpið, svo framarlega sem menn eru heilsugóðir, að þá hafa þeir starfskrafta til flestra þeirra starfa, sem heyra undir embættismenn, til þess að gegna þessum störfum lengur en til 65 ára aldurs. En náttúrlega er það alveg rétt, að verði menn fyrir heilsubresti, þá standa þeir verr að vígi, þegar þeim aldri er náð. En menn þurfa ekki að vera 65 ára til þess að vera miður sín til þess að gegna störfum, ef heilsan er þrotin á annað borð. Það getur því miður komið fyrir margan manninn löngu fyrr, og þessi lagaákvæði eiga sannarlega ekki að vera neinn mælikvarði á það, hvorki að það eigi að vera né geti orðið. Þessi lagaákvæði eiga við það almenna, þá almennu reglu, þegar menn halda heilsu og gera má ráð fyrir, að menn haldi nokkurn veginn óskertum starfskröftum, og í langsamlega flestum tilfellum, ef heilsan er í lagi, þá halda menn fullum starfskröftum til 70 ára aldurs.

Minni hl. n. gæti því fullkomlega fallizt á, að þetta frv. næði fram að ganga, og fellst á þá grg., sem fyrir frv. er, enda skilst mér nú á meiri hl., sem hann sé nokkuð reikull í ráði, því að nú við framsögu hv. frsm., þótt hann leggi á móti frv. og vilji fella það, þá taldi hann, að rétt kynni að vera að gera breyt. á þessu, eins og það er. En ég ætla nú, að það væri þá bezt að leyfa frv. að ganga áfram, því þó að það síðar meir kynni að geta risið upp frá dauðum, þá verður það ekki á þessu þingi. Það vildi ég vona vegna þess, hvernig þessi meiri hl. er skipaður, að hann hefði það í huga, úr því að þeir þó eru það nærri okkur minni hl. að telja, að rétt væri að gera breyt. frá því, sem er í l. Nú er ég þeim þakklátur fyrir það, að þeir hafa komið auga á þessa nauðsyn, en þá vil ég, að þeir breyti eftir því, finnst það viðkunnanlegra fyrir þá sjálfa. Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að hann hefði átt tal við nm. um, að rétt kynni að vera að gera breyt. á þeirri reglu, sem nú er í gildi í lögum.

Það er sem sé þannig nú eftir gildandi l., að embættismaður á engan rétt á að gegna áfram starfi, sé hann ekki kosinn, ef hann er 65 ára. Hlutaðeigandi ráðh. getur látið hann hætta, þegar hann er 65 ára, hvað sem öllum aðstæðum líður, það er undir geðþótta ráðh. komið.

Nú hafði ég það á orði innan n., og ég skýt því

að sem ekki mikilvægu atriði, að rétt væri, svo framarlega sem ekki yrði fallizt á frv., eins og það er, að gera breyt. á þessari reglu og snúa henni alveg við, þannig að embættismaður ætti rétt á, ef hann kysi, að hætta, þegar hann er 65 ára í stað þess, að nú getur sá ráðh., sem hann heyrir undir, látið hann hætta, þegar hann er 65 ára. Ég gæti vel fellt mig við það, að þessi breyt. væri á gerð, þannig að embættismaður ætti rétt á því að hætta með óskoruðum réttindum, þegar hann er orðinn 65 ára, ef hann óskaði eftir, en ráðh. gæti ekki skipað honum að hætta, hvað sem starfskröftum hans liði. Hv. frsm. hefur ekki minnzt á þetta við mig, eftir að meiri hl. tók sínar ákvarðanir innan n., en fyrst hann þó hafði það á orði, að hann léti sér detta í hug, að rétt væri að frv. gengi fram í breyttri mynd, þá hefði ég kunnað vel við, að hann hefði talað um það við mig, því þar sem ég hreyfði þessu fyrst í n., hefði hann getað farið nærri um það, að ég vildi tala við meiri hl. Þetta fyndist mér nú viðunanlegasta og viðfelldnasta afgreiðslan á þessu máli, að embættismaður ætti rétt á að vera til 70 ára, en ef hann óskaði, mætti hann hætta þegar hann er 65 ára.

Nú berum við minni hl. ekki fram brtt. um þetta atriði í frv., og það var sakir þess, að n. klofnaði. Við vildum ekki eiga á hættu að fara að bera fram brtt. við þessa umr., heldur sjá, hvað gerast kynni um málið við umr. En fyrst meiri hl. stendur þetta nærri okkur, skilst mér, að ekkert þurfi að bera á milli, og vona ég, að hann haldi ekki fast við þá ákvörðun að fella frv., því að þá kemur hann engum leiðréttingum að. Vil ég því beina því til hv. meiri hl., hvort hann vill ekki af sinni hálfu greiða fyrir því, að frv. gangi til 3. umr. og að þá yrði tekið til meðferðar milli umr., hvort ekki næðist samkomulag um breyt., og frv. gengi þá fram í þeirri mynd, sem talizt gæti viðhlítandi og hv. flm. gætu einnig fallizt á. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Ég sé, að flm. frv. eru ekki hér við, og má vel vera, að það skorti eitthvað á hjá mér af því, sem fram mætti taka frekar til stuðnings þessu máli, því að ég var ekki við því búinn að hafa orð fyrir minni hl., fyrr en nú á þessu augnabliki, þegar málið kom til meðferðar, svo að það getur komið fleira til greina, sem mælir með því, að frv. gangi fram. Og ég vil vona, að menn taki upp þann hátt, þegar ekki ber neitt verulega á milli um málið, að reyna að sameinast um það, svo að það gangi fram í þeirri mynd, sem viðunandi er fyrir alla aðila.

Sigurður Kristjánsson: Fyrir hönd okkar flm. þakka ég hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls, þótt hún hafi tekið langan tíma og n. klofnað um málið. Það stendur þó sennilega allt til bóta, og ég hygg, að nægur tími verði til að koma þessu frv. gegnum þingið, þótt 7 vikur séu síðan það kom fram. En um till. allshn. vildi ég segja þetta:

Hv. meiri hl. hefur að sönnu lagt gegn framgangi málsins, en þó ekki sagt því neitt til miska í áliti sínu né vefengt réttmæti þess, sem tekið er fram í hinni stuttu grg., eða þess, sem ég sagði í framsöguræðu minni. En ef til vill er sú staðhæfing mín megurinn málsins, að síðan l. um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna voru sett, hafi breytzt mikið til batnaðar um starfsorku manna, þar sem mannsævin á Íslandi hefur lengst sökum bættrar aðbúðar þjóðarinnar. Ég verð að líta svo á, þar sem hv. meiri hl. allshn. hefur ekki andæft þessu, ekki fært fram rök gegn því, og frsm. meiri hl. meira að segja látið ótvírætt í ljós, að þetta væri álitamál, ég verð að líta svo á af öllu þessu, að afstaða meiri hl. sé okkur flm. jafnvel í vil. Ég tek undir það, sem hv. frsm. minni hl. tók fram, að ég álít, þar sem hv. frsm. meiri hl. taldi breyt. geta komið til greina á síðara stigi málsins, að þetta megi skoða þannig, að hann sé því ekki mótfallinn, að málið gangi áfram til 3. umr., og þá væri sérstaklega hægt að athuga, hvort unnt væri að koma að breyt., sem væru viðunandi fyrir meiri hl.

Hv. minni hl. n. þakka ég sérstaklega afgreiðslu málsins, og ekki sízt það, að hann hefur gert rök frv. að sínum rökum. Að öðru leyti vil ég svo ekki tefja umr. Ég vil þó aðeins minnast á þá breyt., er hér var tekið fram, að til mála gæti komið, þ. e. að snúa l. við, svo að það verði á valdi opinberra starfsmanna sjálfra, hvort þeir láta af störfum eða ekki 65 ára, en veitingavaldið hafi ekki rétt til að láta þá fara frá störfum fyrr en 70 ára, eða öfugt við það sem nú er. Samkv. núgildandi l. er veitingavaldinu heimilt að láta opinbera starfsmenn gegna störfum til sjötugsaldurs, en starfsmennirnir hafa ekki rétt til að krefjast þess. Fyrr greind breyt. hafði komið til greina, áður en þetta frv. kom fram, og ég taldi þetta álitamál. En síðan frv. kom fram hafa mjög margir bent mér á, að fullyrða mætti, að mjög margir opinberir starfsmenn væru færir um að gegna störfum sínum og embættum lengur en til sjötugs. T. d. væru margir prestar mjög vel til þess fallnir að gegna embættum til 75 ára aldurs og jafnvel lengur, og enn fremur hefur verið bent á, að lenging mannsævinnar og mjög bættur lífsþróttur þjóðarinnar hefði vaxið meira en svarar 5 árum, síðan lög um aldurshámark embættismanna voru sett, og gæti því í rauninni verið hagkvæmt að setja heimild í ný l., er veitti mönnum leyfi til að starfa allt til 75 ára aldurs. Það er nægur tími til að athuga þetta milli 2. og 3. umr., en mér finnst það geta komið til mála. Ég vil leggja áherzlu á, að það er í alla staði óhagkvæmt fyrir ríkið að láta menn fara frá störfum, fyrr en elli krefur. Í fyrsta lagi sökum þess, að reyndir menn eru færari um að rækja störfin en nýir menn og óreyndir, og í öðru lagi sökum þess, að opinber störf eru orðin geysifjölþætt hér og fjölmargir vinna að þeim, og það er því mikið fjárhagsspursmál fyrir ríkið og aðra, er greiða opinberum starfsmönnum laun, að þeir láti ekki af störfum áður en hrörnun þeirra krefst, því að flestir taka þá ellilaun og ekki svo fáir óskert laun, og það fer vaxandi.

Ég vænti þess, að hv. meiri hl. allshn. sé því ekki mótfallinn, að málið gangi til 3. umr., og efast raunar ekki um vilja hv. d. í því efni. Og ég get sagt það fyrir mína hönd og meðflm. míns, að við leggjum ekki svo mikið kapp á að flýta málinu, að við viljum ekki komast að samkomulagi um breyt. milli umr., ef það næðist.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Ég hafði nú hugsað mér með tilvísun til fyrri ræðu minnar að flytja hér brtt. til 3. umr., og sé það eitthvað

óþingleg aðferð, verður að virða mér það til vorkunnar sem nýjum þm.

En varðandi það sjónarmið í ræðu hv. 1. þm. Árn., að vit kynni að vera í því að breyta núgildandi l. í þá átt, að opinberir starfsmenn hefðu heimild til að þjóna frá 65 ára aldri til 70 ára, í stað þess, að heimildin er nú á valdi veitingavaldsins, þá er það mjög í samræmi við það, sem ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni. Að ekki náðust betri tengsl á milli okkar í allshn., stafar ef til vill af því, hvernig hagaði til, er málið var afgr., en þá voru ekki allir nm. á fundi. Reyna mætti því að komast að nánara samkomulagi milli 2. og 3. umr.

Ég álít of nærri embættismönnunum sjálfum gengið með því að hækka aldurshámarkið upp í 70 ár, en á það get ég fallizt, að það eigi ekki að vera á valdi veitingavaldsins, hvort embættismaður þjónar lengur eða skemur. Að því leyti erum við sammála. En ég er andvígur því sjónarmiði, að embættismenn eigi þess ekki kost að láta af störfum frá 65 til 70 ára. Ég fylgi málinu til 3. umr. með þessari forsendu, og ræðst þá um, hvort gerðar verða á því þær breyt., sem ég get sætt mig við.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil þakka hv. frsm. meiri hl., að hann fylgir málinu til 3. umr., og við þurfum ekki að ræða efni málsins nánar að þessu sinni.

Ég drap á breyt. á fyrsta fundi n., en þegar málið loks var afgr., tókst svo slysalega til, er n. hélt sinn síðasta fund um það, að ég hafði ekki fengið boð um hann. Ég var þó hér í húsinu á þessum tíma og innti eftir því á skrifstofunni og annars staðar, hvort menn vissu til, að fundur væri haldinn, en svo var ekki. Ég er ekki að ásaka neinn í því sambandi, en tek þetta fram, þar sem þannig tókst til. En auðvitað er þetta alveg sérstakt atvik. Ég vænti þess svo, að hv. d. láti þetta mál ganga áfram.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 13:7 atkv.
3. gr. samþ. með 14:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

Á 41. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 20. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 86, 243, 244).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Ég vildi í sambandi við þetta mál leyfa mér að mæla nokkur orð með till. á þskj. 244, en efni hennar er í samræmi við þær hugmyndir, sem ég lét falla um þetta mál við 2. umr., en ég talaði þá fyrir hönd meiri hl. allshn., sem var sammála um að vilja ekki fallast á þá stefnu, sem mörkuð er í frv. á þskj. 86, að færa aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna skilyrðislaust upp í 70 ár, en gerði þá grein fyrir því, að það hefði skotið upp hugmynd um breyt. frá því, sem nú er í þessum efnum, þó að ekki hafi verið flutt brtt. Kom það fram hjá hv. 1. þm. Árn., að hann hafði haft svipaða hugsun í þessum efnum. Síðan hefur skipazt þannig, að við höfum orðið sammála um að flytja þessa brtt., sem er í samræmi við vilja form. n., sem við höfum kynnt okkur, áður en hann fór af landi burt, hv. 2. þm. Eyf. Mér er ekki fullkunnugt um afstöðu hinna nm., og stafar það af því, að ekki hefur tekizt að eiga nægilegt tal um það, einkum við hv. 11. landsk., en hann gerir þá sennilega grein fyrir afstöðu sinni, hvort sem hann hallast að þessu máli eða heldur við sína fyrri afstöðu.

En það, sem lagt er til í þessari brtt., er, að meginreglan verði sú, að aldurshámark opinberra embættismanna og starfsmanna verði 70 ár, en hins vegar sé þeim heimilt, þegar þeir eru orðnir 65 ára, að láta af störfum með fullum eftirlaunaréttі. Það snýst þannig við sú regla, sem áður gilti, að hámarkið var 65 ár, en menn gátu fengið með samningi að sitja lengur. Nú er hámarkið 70 ár, en jafnan á embættismaður að hafa sjálfur heimild til að ákveða, hvort hann vill fara frá á tímabilinu frá 65—70 ára aldurs. Við lítum svo á, að það sé eðlilegt að áskilja embættismönnum þennan rétt. Margir hafa gegnt það lengi starfi, þegar þeir eru orðnir 65 ára, að full ástæða getur verið að viðurkenna ákvörðunarrétt þeirra, hvort þeir vilja hverfa frá starfi, og ég hygg, að ekki þurfi að setja fleiri takmarkanir um það en felast í því, að þeir fari frá með fullum rétti, því að ef þeir starfa skamman tíma, er sá réttur að sama skapi minni. Þetta er aðalefni brtt. á þskj. 244, og ætla ég, að ekki þurfi að hafa um hana fleiri orð að sinni.

Helgi Jónasson: Ég skal ekki hafa mörg orð. Ég flyt hér ásamt hv. þm. A-Sk. brtt. á þskj. 243 um það, að aldurshámarkið sé miðað við 67 ár. Fannst okkur eðlilegast, þar sem núgildandi l. gera ráð fyrir, að allur almenningur muni vera ellitryggður á þeim aldri, 67 ára, að þá líti íslenzk löggjöf svo á, að þá fyrst sé dagsverkinu í raun og veru lokið, að þeir eigi rétt á að fá tryggingu eftir þann tíma, og því vildum við miða aldurshámarkið við 67 ár, en ekki þann aldur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En nú sé ég, að komin er fram brtt. frá meiri hl. allshn., sem mjög bætir það fyrirkomulag, sem nú er á þessum málum, og breytir að miklu leyti viðhorfi mínu til þessa máls. Mér er fullkunnugt um það, að fjöldi embættismanna, sem hefur starfað í erfiðum embættum, er búinn að fá nóg og orðinn slitinn að kröftum, þegar menn-irnir eru orðnir 65 ára, og eins er mér kunnugt um, að ýmis embætti hafa þörf fyrir að fá yngri, óþreytta krafta til að reka embættin. En ég tel, að þessi brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. meiri hl. allshn., gangi það mikið til móts við mína brtt., að ég geti tekið hana aftur, enda mun ég gera það.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér inn í meðferð þessa máls, en mér hefði þótt eðlilegra, að frv. yrði samþ. eins og það var upphaflega flutt og engar takmarkanir væru á því, að aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna væri bundið við 70 ár. Þar sem nú hv. meiri hl. allshn. hefur fallizt á þá leið að hafa undanþágu um menn, sem hafa náð 65 ára aldri, þætti mér eðlilegra, að miðað

væri við 67 ár, sem er sá aldur, sem gefur öllum öðrum landsmönnum réttindi til ellilauna. — Vil ég því leyfa mér að flytja brtt. við brtt. á þskj. 244, um, að í stað „fullra 65 ára“ komi: fullra 67 ára, og mun ég skila henni skriflegri til hæstv. forseta.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Eins og getið var um í umr., hef ég ekki lýst afstöðu minni sem einn af nm. allshn. til brtt. á þskj. 244. Ég tel hana að vísu til bóta frá því, sem frv. var upprunalega, en þó tæpast fullnægjandi fyrir þá afstöðu, sem ég hef til þessa máls.

Ég hefði fyrir mitt leyti kosið, að ef þau réttindi væru veitt opinberum embættismönnum að geta farið frá, þegar þeir hefðu náð 65 ára aldri, með fullum rétti til eftirlauna, þá hefði einnig verið til gagnkvæmur réttur ríkisvaldsins eða veitingavaldsins að veita embættismönnum lausn með fullum launum, þegar þeir væru orðnir 65 ára, ef líta mætti svo á, að þeir, sökum þess að farið væri að draga úr starfsmætti þeirra, væru síður megnugir að gegna embætti. Það eru sem sé tvær hliðar á þessu máli, sem hafa orsakað, að þessi l. voru upprunalega sett, annars vegar eins konar tryggingarráðstöfun fyrir því, að menn sætu ekki í embættum og stöðum, sem sökum ellilasleika væru orðnir á þann veg, að þeir gætu ekki innt af höndum fullkomlega embættisstörf sín, en hins vegar að gefa mönnum kost á hvíld eftir vel unnin störf með fullum launaréttindum, og þó ekki síst með það fyrir augum að gefa ungum starfskröftum tækifæri til þess að komast í embætti og stöður.

Ég er í sjálfu sér ekki mótfallinn brtt. á þskj. 244, og get því ekki greitt atkv. gegn henni, af því að hún er frekar til bóta, miðað við frv. sjálft, en hefði í raun og veru verið miklu nær því að gera samkomulag út af brtt. á þskj. 243, þar sem gert er ráð fyrir því, að viðmiðunin væri 67 ár, þegar ríkisvaldinu væri heimilt að veita mönnum lausn með fullum ellilaunum og þegar hlutaðeigandi embættismönnum og starfsmönnum væri veittur réttur til að hverfa frá embætti með fullum eftirlaunum. Það hefur verið tekið fram í ræðum hv. 1. þm. Rang. og hv. 1. þm. A-Húnv., að löggjöfin væri búin að slá föstu 67 ára aldurstakmarki, þegar aðrir þegnar þjóðfélagsins ættu rétt á að fá sín ellilaun. — Ég mun því, þar sem mér skildist, að hv. 1. þm. Rang. mundi taka brtt. á þskj. 243 aftur, taka hana upp, og gæti það verið samkomulag frá minni hálfu um að samþykkja frv. það, sem liggur fyrir.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Það voru meginrökin, þegar l. um aldurstakmark opinberra embættis- og starfsmanna voru sett árið 1935, að reynslan hefði sýnt, að þegar menn væru komnir yfir þann aldur, sem þar er tekið fram, þá væru þeir ekki jafnhæfir til að gegna störfum sínum sem áður. Það kom þá fram í umr., að allir voru sammála um nauðsyn þess, að takmörkum um hámarksaldur væri slegið föstum. Menn greindi að vísu á um, hvar takmarkið ætti að vera, en niðurstaðan varð sú, að það yrði miðað við 65 ára aldur. Hér ræða menn um þetta nú og deila um, hvort aldurshámarkið skuli vera 65, 67 eða 70 ár, og mun það ekki hafa áhrif á þá afstöðu mína, að það skuli bundið við 65 ára aldur. Ég mun þess vegna halda fast við, að frv. verði fellt, og mun því halda fast við hina upprunalegu afstöðu mína til þessa máls.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vil hér víkja að nokkrum orðum. Fyrra atriðið er varðandi ræðu hv. þm. A-Húnv., þar sem hann vildi færa aldurstakmarkið, er embættismenn mættu láta af störfum, upp í 67 ár, í staðinn fyrir að binda það við 65 ár, eins og brtt. okkar fjallar um, og miðar hann þá við það, að samkv. l. nú fái menn almenn réttindi til ellilífeyris er þeir hafa náð 67 ára aldri. Ég hygg, að það sé ekki óeðlilegt, að aldurstakmarkið sé nokkru lægra um það hvenær menn mega fara frá með fullum ellilaunarétti, þegar um er að ræða opinbera embættismenn og starfsmenn, heldur en um menn almennt, því að þessir menn hafa í störfum sínum borið opinbera ábyrgð og á þá leggjast almennt meiri og þyngri störf en menn almennt. Er því ekki nema sanngjarnt að veita embættismönnum heimild til að fara frá störfum, er þeir hafa náð 65 ára aldri, eins og brtt. okkar kveður á um.

Hitt atriðið er varðandi það, sem fram kom í ræðu hv. 5. landsk. (StJSt), að ef ætti að gefa embættismönnum heimild til að hverfa frá störfum, er þeir hafa náð 65 ára aldri, þá væri einnig rétt, að hið opinbera hefði heimild til að víkja frá embættismönnum, sem væru orðnir 65 ára, ef það teldi þá óhæfa sökum lasleika eða annars til þess að gegna störfum. Ég held, að þetta sé ekki sem heppilegast, bæði vegna þess, að þetta er út af fyrir sig matsatriði, og auk þess má segja, að 65 ára aldurinn ætti ekki í þessu tilfelli að vera tímatakmarkið, því að menn geta orðið lasburða og sökum þeirra hluta óhæfir til þess að gegna störfum löngu fyrr en þeir hafa náð þeim aldri, þótt meiri líkur séu að vísu fyrir slíku, eftir því, sem aldurinn er hærri, og er það enganveginn nógu sterk ástæða til þess að binda þetta við 65 ára aldurinn.

Þá vil ég aðeins drepa á þau ummæli hv. 11. landsk. (HermG), að það hefði ekkert komið fram um það frá þm., að menn væru almennt færir um það að gegna störfum eftir 65 ára aldur. Þetta er á misskilningi byggt, því að í grg. frv. kemur einmitt fram, að það hafi komið í ljós í 10 ára reynslu, að flestir embættismenn væru færir um að gegna störfum sínum fram til 70 ára aldurs.

Að lokum vil ég biðja hv. þm. að leiða hug sinn að því, hvort þeir telja það óeðlilegt, að aldurstakmarkið sé tveim árum lægra fyrir opinbera embættismenn en það er fyrir menn almennt, til þess að þeir fái að njóta ellilauna, og hvort þess vegna sé ástæða til þess að færa aldurstakmarkið upp, eins og hv. þm. A-Húnv. vildi gera till. um.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það má segja, að í máli sem þessu hafi verið slegið fastri nokkuð ákveðinni reglu með tryggingarl., sem samþ. voru hér á síðasta þ., að 67 ára aldurstakmarkið er viðmiðunin, sem gefur öllum almenningi í landinu rétt til ellilauna, og þess vegna er það ekki óeðlilegt, þegar aldurshámark embættismanna til að gegna störfum er 70 ár, þá sé þeim heimilt á þessu þriggja ára tímabili að segja af sér með fullum réttindum.

Hins vegar get ég engan veginn fallizt á þá skoðun hv. meiri hl. allshn., að sanngjarnt sé, að opinberir starfsmenn hafi rétt til að segja af sér með fullum eftirlaunaréttindum á því tveggja ára tímabili, sem á milli ber, jafnhliða því sem öllum öðrum mönnum landsins er gert að skyldu að greiða full tryggingargjöld til 67 ára aldurs. Þess vegna álít ég, að það nái ekki neinni átt að gera embættismönnum að þessu leyti hærra undir höfði en öðrum þegnum þjóðfélagsins. Hitt er annað mál, sem síðar kann að verða tekið til athugunar, hvort aldurstakmarkið 67 ár í tryggingarl. sé heldur of hátt, því að í mörgum tilfellum er það mjög hart fyrir menn, sem hafa unnið alla ævi, hvaða stétt sem þeir tilheyra, að þurfa að greiða full tryggingargjöld til 67 ára aldurs, en meðan þetta er í þeim l., þá álít ég sanngjarnt, að þetta nái einnig til opinberra embættismanna.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég er á móti því að breyta l. um aldurshámark embættismanna. Hins vegar verð ég að viðurkenna, að með tryggingarl., eins og þau voru afgr. hér á síðasta þingi, þá er því slegið föstu, að almenningur í landinu skuli taka full eftirlaun, eftir því sem ríkið borgar, þegar menn hafa náð 67 ára aldri en ekki fyrr. Út frá því sjónarmiði má segja, að það væri ekki algerlega óréttmætt að breyta aldurshámarki embættismanna ríkisins, er þeir skyldu láta af störfum, og binda það við 67 ára aldur. Gæti ég til samkomulags fellt mig við till., sem færi í þá átt. Aftur á móti tel ég ekki rétt að láta það vera á valdi embættismanna einhliða, að þeir geti tekið eftirlaun fyrr og látið af störfum, ef þeir kynnu að óska þess, ef hið opinbera teldi, að þeir hefðu næga starfskrafta til þess að gegna störfum sínum áfram. Ég mun því greiða atkv. móti þeirri brtt., sem fer í þá átt að veita embættismönnum sjálfum þennan ákvörðunarrétt. —

Mér skildist, að hv. 5. landsk. þm. **(StJSt)** hefði tekið upp brtt., sem hér liggur fyrir um að breyta aldurshámarkinu í 67 ár, og mun ég því til samkomulags geta greitt atkv. með henni, ef menn teldu nauðsyn á því að breyta þessu til samræmingar við l. um almannatryggingar, sem hér voru afgr. á síðasta þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Nd., 8. jan., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil beina því til hæstv. forseta, að þar sem þetta er síðasta umr. þessa máls hér í hv. d., þá væri það æskilegt, að d. væri nokkurn veginn fullskipuð, þegar atkvgr. færi fram, en nú skortir mjög á, að svo sé. Vildi ég mælast til þess, að hæstv. forseti vildi fresta atkvgr. að þessu sinni og sjá til, hvort þm. koma ekki fljótlega til þings.

Forseti (BG): Það er fullkomin ástæða til þess að fresta atkvgr., og mun það verða gert og málið tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór enn á 50. og 51. fundi deildarinnar, 9. og 10. jan.

Á 52. fundi í Nd., 13. jan., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 86, 243, 244, 255).

ATKVGR.

Brtt. 243 tekin aftur.

— 255 felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, SK, SkG, StgrSt, HB, HermG, IngJ, JPálm, JJ.

nei: EOl, StSt, GSv, GÞG, HÁ, HelgJ, JóhH, JS, JörB, KTh.

BG greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, LJós) fjarstaddir.

Brtt. 244,1 samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, SK, SkG, StgrSt, EOl, StSt, GSv, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, JóhH, JS.

nei: KTh, ÓTh, SigfS, SG, HermG, IngJ, JPálm, JJ.

BG greiddi ekki atkv.

13 þm. (LJós, PÞ, PO, SB, SEH, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 244,2 samþ. með 13:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:5 og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., 14. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 280).

Á 51. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 280, n. 299).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar l. um aldurshámark opinberra starfsmanna voru sett árið 1935, var um það nokkur ágreiningur, við hvaða aldur skyldi miða sem hámarksaldur opinberra starfsmanna. Þarf engum að koma á óvart, þótt slíkur ágreiningur verði, þegar þess er gætt, hve mikið matsatriði þetta er. Það er alkunnugt, að menn eldast mjög misjafnlega fljótt og opinberir starfsmenn ekki síður en aðrir. Sumir hafa fulla starfskrafta fram um sjötugsaldur og kannske lengur, en aðrir eru útslitnir 60 ára. Þetta er algert matsatriði hverju sinni og ekki hægt að setja algilda reglu um það, hvenær menn skuli láta af störfum, þannig að hún geti gilt fyrir alla, og hætta á því, að þegar slík regla er, muni sumir þurfa að vera við störf lengur en þeir eiga hægt með heilsunnar vegna, en aðrir láta af störfum fyrr en þeir þyrftu heilsunnar vegna.

Þegar þessi l. voru sett, var aldurinn 65 ár, en nú held ég, að flestir séu þeirrar skoðunar, að markið eigi að vera hærra — og er þetta frv. þar á milli. Það hefur ekki þótt rétt að færa þetta upp í 70 ár og setja það þannig, að reglan sé fortakslaus, þannig að þeir mættu ekki láta af störfum fyrr, ef heilsa þeirra er með þeim hætti.

Það er til sú leið að láta framkvæmdavaldið ákveða það hverju sinni, hvort maður eigi að láta af störfum. En hætt er við, að misbeiting yrði á framkvæmd slíkra reglna og hætt við, að þeir, sem með valdið færu, hefðu ekki aðstöðu til þess að dæma um það, hvort maðurinn ætti að láta af störfum 65 ára eða eldri. Það hefur því verið horfið að því ráði að láta það hverjum einum í sjálfsvald sett, hvort hann hætti, þegar hann er 65 ára, eða ekki fyrr en hann er 70 ára, og er þá látið ráðast, hvort þeir sjálfir telja starfskraftana svo, að þeir geti haldið áfram, eftir að þeir eru 65 ára. Það skal játað, að menn kynnu að nota sér það að hætta, þegar þeir eru 65 ára, en það er til öryggis gegn því, að þeir mundu við það missa verulega í launum, þannig að þeir hefðu ekki nema eftirlaun sín, og þess vegna er von um, að þeir létu ekki af störfum, fyrr en þeir eru orðnir 70 ára, ef þeir hafa vinnuþrek. Þetta er hugsunin, sem frv. byggist á.

Allshn. hefur fengið frv. til athugunar, og getur hún fallizt á þetta sjónarmið og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég skal taka það fram, að það kom fram og var tilhneiging til að fara milliveginn, að aldurinn væri 67 ár og hafa hann fortakslausan, en það varð ekki samkomulag um það, og var þeirri till. ekki fylgt eftir.

Með þessum aths. leggur n. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ef til vill hefði verið formlega réttara, að þeir, sem ekki eru ánægðir með þær breyt., sem í þessu frv. felast, hefðu sagt til sín við fyrri umr. málsins, en þar sem um er að ræða breyt. á fyrri lagaákvæðum og aðeins um það að ræða, hvort menn vilja samþykkja þessar breyt. eða ekki, hefur það ekki svo mikla þýðingu, þó að gagnrýni á þessari breyt. komi ekki fram fyrr en þetta.

Ég vil þá segja það, að ég álít, að það orki tvímælis, að rétt sé stefnt með breyt. þessum. Fyrri breyt. er um það að lengja starfstíma opinberra starfsmanna um 5 ár úr 65 árum í 70 ár. Þetta er vafalaust borið fram í sparnaðarskyni, en sparnaðurinn er vafasamur, þegar það er athugað, að einn flokkur manna, kennarar, hafa fengið vinnutíma sinn styttan úr 24 stundum á viku í 17 stundir á viku, auk þess sem allir menn á þessu skeiði hafa hærri laun, og nemur það stórfé. Skóli, sem hefur tvo kennara á þessu aldursskeiði, verður, ef þessi breyt. nær fram að ganga, að bæta við einum kennara í viðbót vegna þessarar vinnustundafækkunar kennara, sem ég hef minnzt á. Sá aukakostnaður, held ég, að verði verulegur. Ef það ákvæði stendur, að embættismenn skuli láta af störfum 65 ára, koma ungir menn að, sem hafa fullan starfstíma og eru á miklu lægri launum. Auk þess munu kennarar, sem hefja starf sitt 21 árs gamlir, vera búnir að fá nóg undir flestum kringumstæðum eftir 44 ár, en eftir þessari breyt. yrðu það 49 ár. Þó að ég hafi tekið kennarastéttina til dæmis, af því að ég þekki hana bezt, mun vera líkt ástatt um aðrar stéttir. Flestir eru orðnir útslitnir á þeim aldri, en í þeim fáu tilfellum, sem menn eru ekki orðnir þreyttir, hygg ég, að bezt væri, að þeir fengju að gefa sig að frjálsum áhugastörfum.

Síðara ákvæðið, að embættismenn fengju að ráða því sjálfir, hvenær þeir vildu hætta, tel ég óeðlilegt vegna þess, að ég tel mestar líkur til þess, að þeir samvizkusömu og dómbæru á sjálfa sig mundu hætta, en hinir, sem ekki eru dómbærir á sjálfa sig, vildu ekki sleppa 40% af launum sínum. Þeir mundu því ekki vilja hætta fyrr en í fulla hnefana, en mundu nota sér heimild l. að sitja til 70 ára aldurs.

Ég tel þau rök, sem ég hef talið hér, svo veigamikil, að ástæða sé til, að málinu sé frestað og því vísað aftur til n., og legg ég til, að það verði athugað betur þar, en verði hæstv. forseti ekki við því, mun ég greiða atkv. á móti frv.

Forseti (ÞÞ): Ég skal geta þess, að þar sem mál þetta hefur legið fyrir n. og sætt þar athugun og n. hefur ekki lagt til neina breyt., sé ég ekki neina ástæðu til að fresta málinu, svo framarlega sem ekki kemur fram ósk frá neinum nm. um það, því að ég geri ekki ráð fyrir, að það yrði gerð á því nokkur breyting.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 321).

---

34. Héraðsskjalasöfn.

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um héraðsskjalasöfn (þmfrv., A. 46).

Á 7. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þetta mál er, sem hið fyrra á dagskrá þessarar d., heimildarlög. Meginatriði þessa máls eru í fyrsta lagi, að enn fleiri skjölum verði komið til geymslu utan kaupstaðanna og einkum Reykjavíkur en nú er gert, og í öðru lagi að tryggja öruggari geymslu bóka, handrita og skjala. Rök þau er lúta til þessarar breyt. eru:

1. Þjóðskjalasafninu berst nú orðið svo mikið frá embættis- og starfsmönnum ríkisins og nefndum, sem skipaðar eru af ríkisstj., að vandkvæði eru nú á að varðveita það allt saman þannig, að það verði aðgengilegt fyrir þá, sem óska að nota þessi skjöl. Það virðist því ekki ástæða til að draga að þjóðskjalasafninu enn þá fleiri flokka skjala og bóka, ef kostur er á góðri geymslu annars staðar.

2. Á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur eru nú þegar bókhlöður, sem hæfar eru til skjalageymslu. Loks er óvarlegt af öryggisástæðum að safna

öllum skjölum og heimildum á einn stað, ef eldsvoða eða önnur stór óhöpp ber að höndum, enda mun það ekki gert í nágrannalöndum okkar. Hugsum okkur, ef það kæmi fyrir, að ein hinna stóru, útlendu flugvéla, sem sveima daglega yfir Reykjavík, hrapaði á Safnahúsið. Margt mundi þá farast og landið rúið að gömlum menningarverðmætum. Í stríðinu þótti ekki tryggt að geyma slík skjöl hér í Reykjavík. Það er hvergi tíðkað að flytja öll skjöl og bækur á einn stað. Erlendis eru sérstök borgarskjalasöfn og héraðsskjalasöfn. Þetta, að flytja öll skjöl á einn stað, var eðlileg ráðstöfun á sínum tíma. Ég tel, að nú eigi bæði kaupstaðir og héruð að hafa fullan rétt til að fá skjöl og bækur nefnda, sem skilað hefur verið, ef þeir geta sjálfir geymt þau örugglega. Forstöðumenn héraðsstjórnanna hafa líka betri kunnugleika á málum héraða sinna en mennirnir á þjóðskjalasafninu. Miklar líkur væru þá til þess, að miklu væri þá bjargað, sem annars færi forgörðum.

Í frv. er lagt til, að skipting bóka og skjala milli þjóðskjalasafnsins og héraðsskjalasafna verði á þá leið, að þjóðskjalasafnið taki til vörzlu skjöl og embættisbækur allra starfsmanna ríkisins annarra en hreppstjóra, en afrit af flestum skýrslum þeirra eru í skjalasöfnum sýslumanna, hagstofunnar og ríkisskattanefndar, og þykir því ekki ástæða til að taka skjöl og bækur þeirra með. Enn fremur taki þjóðskjalasafnið við bókum og skjölum opinberra nefnda, ef starfssvið þeirra tekur til margra héraða eða alls landsins. Það er lögð áherzla á, að bækur héraðsnefnda verði geymdar í héruðunum sjálfum, en þó sé þjóðskjalaverði heimilt að grípa hér inn í, ef honum finnst af gildum ástæðum varðveizla skjala í héraði ónóg sökum lélegra húsakynna eða annars.

Ég ætla að ljúka máli mínu með því að segja þetta. Þetta mál er í mínum augum mikið metnaðarmál, að héruðin láti ekki gjörrýja sig að öllum heimildum um sögu sína. Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 46, n. 135).

Frsm. (Barði Guðmundsson): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. þd. hefur athugað frv., sem er prentað á þskj. 46. N. hefur orðið sammála um að mæla með frv., þó með ofurlitlum breyt. á 1. og 3. gr. frv.

Breyt. á 1. gr. er því fólgin, að orðin „í kaupstöðum utan Reykjavíkur" falli niður. N. lítur svo á, að Reykjavík skuli ekki hafa neina sérstöðu hér um.

Við 3. gr. frv. er breyt. í því fólgin, að með undirskattanefnd komi yfirskattanefnd. Hv. flm. hefur tjáð, að hann samþykki þessar breyt. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um einstakar gr. frv., þar sem mjög ýtarleg grg. fylgir því.

ATKVGR.
Brtt. 135,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 135,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 156).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., 3. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 156, n. 310).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd., eins og menn muna, og var einróma mælt með því af menntmn. þeirrar d. Einn af nm. er Barði Guðmundsson og var hann frsm. þessa máls, og eins og menn sjá af efni þess, heyrir framkvæmd þess undir þjóðskjalavörð, sem einmitt er Barði Guðmundsson. Eins og kunnugt er, þá er þetta frv. upphaflega flutt í Nd. af hv. 2. þm. Skagf. Hirði ég ekki um að rekja efni þess hér, en get látið nægja að vísa í þá grg., sem flm. lét fylgja frv. á þskj. 46.

Samkv. frv. er bæjarstjórnum og sýslunefndum heimilað að koma á fót í sýslum og kaupstöðum svonefndum héraðsskjalasöfnum, þar sem skjöl og handrit og aðrar ritaðar heimildir, er sérstaklega snerta hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélag, séu tryggilega geymd.

Í 4. gr. frv. er svo ráð fyrir gert, að héraðsskjalasöfnin njóti árlegs styrks úr ríkissjóði samkv. ákvæðum fjárlaga.

Í 3. gr. er ákveðið, hvaða skjöl skuli geymd þar, og eru það:
1. Skjalasöfn hreppstjóra.
2. — sýslunefnda og bæjarstjórna.
3. — hreppsnefnda.
4. — undirskattanefnda og yfirskattanefnda.
5. — sáttanefnda.

Enn fremur er ráð fyrir gert, að söfnunum verði afhent skjöl annarra nefnda, sem ekki ná út fyrir hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélög. Meginástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er fram komið, eru, eins og áður er sagt, teknar fram í grg. frv.

Mér virðist, að aðalatriðin í þessu frv. séu tvö.

Í fyrsta lagi, að skriffinnska í landinu er orðin það mikil, að árlega hlaðast upp heil firn af skjölum, sem koma verður til geymslu á þjóðskjalasafninu, og er nú þegar farið að bera á húsnæðis-

skorti þar, svo að ekki er annað sýnna en að brátt verði að ráða bót á því. Flm. telur full vandkvæði á að flytja öll þessi skjöl á landsskjalasafnið og því ekki vanþörf á að koma þeim til geymslu einhvers staðar annars staðar.

Hin meginástæðan virðist mér vera sú, að með því að hafa héraðsskjalasöfn víða um landið er almenningi tryggður aðgangur að þessum skjölum, sem oft geta komið að hinum mestu notum. Það liggur í augum uppi, að það er erfitt að þurfa að sækja til Reykjavíkur til þess að fá aðgang að mörgum þessara skjala.

Hv. flm. benti einnig á, að það væri allt annað en hyggilegt að safna öllum merkum skjölum í landinu saman á einn stað, þ. e. a. s. Reykjavík. Einkum var þetta ótryggt á meðan á stríðinu stóð. Ekki alls fyrir löngu lét kunnur herfræðingur þau orð falla, að líkur væru fyrir því að Reykjavík væri einn þeirra staða, sem einna fyrst yrði ráðizt á í næstu styrjöld, sökum þess, hve landið hefur mikla hernaðarlega þýðingu. Nú hvílir sú skylda á ríkinu að láta byggja hús eða útvega húsnæði ýmsum skólastjórum og starfsmönnum héraðsskólanna. Sums staðar er búið að þessu, en þessi hús hafa verið reist án þess, að gert sé ráð fyrir öðrum skjölum eða bókasöfnum en þeim, sem skólana varða. Ég hygg, að hér mætti vel samrýma héraðsskjalasöfn, og ætti það að vera eilítið ódýrara með því móti að byggja það í sambandi við skólana, þar sem því verður við komið. Ég ætla þá ekki að fjölyrða þetta meira. Menntmn. þessarar d. hefur athugað málið og þær ástæður, sem fyrir því liggja, og verið sammála um, að það skyldi samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 339).

---

35. Byggðasöfn o. fl.

Á 17. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn (þmfrv., A. 106).

Á 18. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það er hart á því, að maður geti fengið sig til þess að reifa mál, þegar fullkomið upplausnarástand ríkir í hv. d. og menn eru á harðahlaupum um d., svo að varla er nokkur hv. þm. í sæti af þeim fáu, sem eru viðstaddir. En ég vil verða við áskorun hæstv. forseta og gera svolitla grein fyrir þessu máli.

Það er álit mitt og margra annarra, að verndun fornminja okkar og forngripa hljóti að vera nátengd þjóðarmetnaði okkar og þjóðarvitund, enda þótt sambandið milli þessa hafi ekki jafnan verið eins ljóst sem skyldi, því að þegar þjóðin vaknaði af margra alda svefni og kyrrstöðu, varð hún þess vör, að hún var margar aldir á eftir öðrum þjóðum í þessum efnum. Og loks þegar hún vaknaði, fannst henni, að allt, sem hún hefði gert og búið við á undanförnum öldum, væri svo lítils virði, að full ástæða væri til þess að kasta því og taka upp það nýja, sem aðrar þjóðir, sem lengra voru komnar, höfðu tileinkað sér. Það var í þessum svefnrofum, sem allt var rifið úr dómkirkjunni á Hólum, dýrmætum kirkjugripum var fargað til útlanda og margs konar munum, gerðum af miklum hagleik, var kastað og haft skipti á og útlendum varningi, sem tekinn var í staðinn. En sem betur fer, er þjóðin að komast yfir þetta gelgjuskeið eða svefnrofaskeið. Dómkirkjan á Hólum hefur aftur verið færð í sinn upphaflega búning. Það var 1921 eða 1922, sem fyrst var veitt fé til þessa, og þeim, sem eldri eru, blandast ekki hugur um, að hún sé nú eitt hið virðulegasta hús þessa lands. Það er búið að breyta henni úr því nýtízku húsi, sem hún var, eftir að rifið var innan úr henni, og hún er komin í sinn upphaflega búning og það með svo mikilli prýði, að allir, sem ég hef heyrt á það minnast, ljúka á þau verk lofsorði.

Það er margt fleira en kirkjugripir, sem koma til greina og prýða mætti íslenzk heimili, ef reynt væri að velja það bezta úr því gamla, sem forfeður okkar áttu, og slíkar fyrirmyndir gætu mjög mikið prýtt heimili okkar, ef við færðum það til samræmis við húsbúnað okkar nú og kröfur tímanna. En þessi viðleitni verður þá líka að koma fram frá Alþ. Það hefur verið leitazt við og Alþ. hefur á undanförnum árum lagt fé til þess að varðveita gamlar byggingar frá fyrri tímum, en þessar byggingar eru þó yfirleitt ekki svo gamlar, að þær geti talizt til fornleifa, og falla ekki undir þau ákvæði l., sem ræða um fornleifar, og gefa heldur ekki fornminjaverði rétt yfir viðkomandi stöðum eða að hafa þau afskipti af þessum byggingum, sem nauðsynlegt er, enda þótt hann hafi ásamt öðrum áhugamönnum hoft forgöngu um, að ýmsar gamlar byggingar yrðu varðveittar, svo sem skálinn á Keldum á Rangárvöllum, Víðimýrarkirkja, bæirnir á Burstarfelli, Grenjaðarstað og Glaumbæ, svo að ég nefni nokkur dæmi, og hv. Alþ. hefur heimilað fé til viðgerðar á þessum stöðum. Það eru til ýmsar byggingar, sumar gamlar, sem ekki hefur verið fullkomlega frá gengið, svo sem bæjardyrnar á Stóru-Ökrum, sem Skúli Magnússon byggði úr dugguvið hollenzkum, og standa þær enn í dag.

Það hafa nú breytzt svo mjög búnaðarhættir hjá okkur á síðari tímum, að það má heita, að um gerbyltingu sé að ræða. Vinnubrögð, sem áður tíðkuðust, eru mörg horfin. Þar af leiðandi eru þau verkfæri, sem þá voru notuð, ekki lengur notuð og verða sjaldséðari með hverju ári, sem líður.

Þess vegna getur ekki liðið á löngu, að þau verði fáséð, og svo er um mörg verkfæri, sem forfeður okkar notuðu og það fyrir ekki lengri tíma en 50 til 60 árum, að þau þekkjast nú varla, og svo verður þetta framvegis. Hins vegar hafa nokkur héruð í landinu komið af stað hreyfingu um að varðveita þetta fyrir komandi kynslóðir. Eftir því sem ég bezt veit, eru það Vestfirðingar, Skagfirðingar og Austfirðingar, sem hafizt hafa handa um slíka hluti. Þetta er algerlega sjálfboðavinna, menn hafa unnið að þessu og lagt í það mikla vinnu og töluvert fé.

Við, sem flytjum þetta frv., lítum svo á, að þetta hvort tveggja, varðveizla byggða og söfnun muna og geymsla þeirra, sé svo merkilegt mál, að full ástæða sé til þess, að það opinbera og Alþ. taki það fullkomlega til athugunar og veiti því nægilegan stuðning. Það eru höfuðatriði þessa frv. í fyrsta lagi, eins og við hugsum okkur það, að setja í núgildandi l. ákvæði um það, hvernig skuli fara með fornminjar okkar, sem ekki teljast fornleifar, en þykja þess virði, að þær séu varðveittar, og bjarga þannig frá eyðileggingu fornum byggðum og munum, sem eftirsjón væri að. Í öðru lagi að varðveita forna búslóð, þ. e. innanstokksmuni og áhöld, sem notuð hafa verið bæði til sjávar og sveita og sýna að ýmsu lifnaðarhætti þess fólks, sem þá var uppi. Og loks teljum við flm. frv., að sú skipan, sem hér er ráðgerð, sé líklegust til að bjarga frá eyðileggingu fornum byggingum og munum, sem við teljum, að eftirsjón væri að.

Þetta mál er að vísu ekkert stórmál. En ef frv. þetta verður að l. og þar með væru tryggðar þær framkvæmdir, sem frv. ræðir um, þá kæmi mér ekki á óvart, að niðjar okkar eftir t. d. 200 ár mundu minnast þeirra manna með þakklæti, sem stuðlað hefðu að því, að menn þá hefðu beinlínis tækifæri til þess að kynnast og sjá með eigin augum húsakynni og lifnaðarhætti forfeðra sinna. Við, sem nú lifum, mundum vissulega telja okkur standa í mikilli þakkarskuld við þá menn, sem hefðu komið því til leiðar, að það hefði verið varðveitt, þótt ekki hefði verið nema ein bygging, t. d. hús á einu höfuðbóli okkar frá því um 1600 eða á 16. öld. Við mundum vera þakklátir þeim mönnum, sem stuðlað hefðu að varðveizlu húsa og muna frá þeim tíma, sem hefðu gefið okkur hugmynd um lifnaðarháttu og störf þeirra manna, sem þá lifðu og störfuðu. Gæti það einnig orðið svo í framtíðinni, að mönnum seinni tíma þætti mikill fengur í því að kynnast á þann veg lífi og starfi forfeðra sinna. Og ég tel, að við eigum ekki að meta svo lítils þann arf í þessum efnum, sem við höfum tekið við og margir okkar þessara eldri höfum búið við, að við eigum að fleygja því eins og einhverju fánýti og gera ekkert til að varðveita það.

Ég vænti svo, að málinu verði vel tekið og því að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Nd., 18. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 106, n. 157).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv. og sent þjóðminjaverði til umsagnar, og barst n. skrifl. umsögn hans, og leggur hann til, að frv. verði samþ., og taldi nauðsynlegt, að reglur þær, sem í frv. felast, verði lögfestar. Aðalatriðið er, að stefnt er að því, að þeim fornleifum, sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að varðveita, skuli haldið við á kostnað ríkisins. Enn fremur er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi nokkurn styrk til að reisa byggðasöfn. Menntmn. var sammála um að mæla með, að þetta frv. verði samþ. Við 7. gr. flutti n. brtt., og er lagt til, að fellt sé niður ákvæði um viðurlög. Taldi hún ekki ástæðu að hafa refsiákvæði í þessu frv. og væri það óeðlilegt og færi betur, að það væri fellt niður. Ekki er ástæða að reifa þetta meir. Málið er flutt glögglega af 1. flm. og liggur því ljóst fyrir. Ég vil svo leyfa mér að óska fyrir hönd menntmn., að málinu verði vísað til 3. umr.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. menntmn. fyrir fljóta afgreiðslu þessa máls, og hef ég ekkert að athuga við brtt. hennar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Nd., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 157 (ný 7. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 185).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 9. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 185, n. 313).

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem nú er til umr., er búið að ná samþykki Nd. Það má segja, að það sé viðbót við l. um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

Það er kunnugt, hversu nauðsynlegt og gagnlegt það er að vernda þær minjar, sem til eru frá

eldri tímum, en við Íslendingar höfum gert minna að því en skyldi, og getur það m. a. stafað af því, hversu byggð landsins er tiltölulega ung. Það var fyrst árið 1907, sem fyrsta sporið var stigið í áttina til verndunar fornra mannvirkja og minja með þeim lögum sem þá voru sett og áður eru nefnd. Frv. þetta fer lengra en þessi lög í nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi þykir ástæða til að varðveita hús eða önnur mannvirki vegna menningarsögulegs gildis þeirra eða af öðrum ástæðum, þótt þau hafi ekki náð þeim aldri, að þau verði talin til fornleifa samkv. fyrirmælum l. um verndun fornminja frá 1907, og er þjóðminjaverði þá heimilt, að fengnu leyfi menntmrh., að taka byggingar þessar eða mannvirki á fornleifaskrá, enda fer þá um viðhald þeirra samkv. 1. gr. frv.

Í öðru lagi skulu byggingar í eigu ríkisins, sem varðveittar eru sem fornminjar, t. d. gamlir bæir, notaðir til geymslu ýmissa gamalla muna, og verði þeir þá nokkurs konar byggðasöfn samkv. samþykki þjóðminjavarðar. Það virðist á allan hátt eðlilegt, að þessar gömlu byggingar verði notaðar til slíks, þar sem hægt er að koma því við. Gert er ráð fyrir, að söfn þessi skuli vera deildir úr þjóðminjasafninu, en samt sem áður skuli þau talin eign viðkomandi héraða, enda skuldbindi eigendur sig til að annast viðhald safnsins og umsjón með því, svo að í góðu lagi sé. Þar sem ekki eru fyrir hendi byggingar, sem nothæfar eru fyrir áðurnefnd söfn, þar skal ríkissjóður láta byggja ný hús, en þó ekki án þess, að þjóðminjavörður samþykki uppdráttinn að byggingunni. Í þriðja lagi skuli söfn þessi njóta styrks úr ríkissjóði, og beri honum að greiða ⅔ hluta kostnaðar við umsjón og viðhald þeirra, en ⅓ hluti greiðist af þeim, sem að byggðasafninu standa.

Hvað viðvíkur viðhaldi gamalla húsa, þá hefur nauðsyn þess verið viðurkennd af fjárveitingavaldinu, t. d. með því að veita fé til viðhalds gömlu bæjanna á Bustarfelli, Glaumbæ og Grenjaðarstað. Hafa í því skyni verið veittar um 20 þús. kr. á fjárlögum síðustu ára. Enn fremur hefur fé verið veitt til varðveizlu bæjarrústanna á Stöng, sem hafa mikið menningarsögulegt gildi. En höfuðtilgangur þessa frv. er að gera l. um verndun fornminja fullkomnari og að tryggja það, að sá vísir til verndunar þjóðlegra verðmæta, sem til hefur verið, skuli þróast áfram og njóta til þess styrks hins opinbera. Leggur því n. til, eftir að hafa athugað málið, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 60. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 340).

---

36. Innflutningur og gjaldeyrismeðferð (frv. fjhn. Ed.).

Á 56. fundi í Ed., 27. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð (þmfrv., A. 323).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er samkvæmt beiðni hæstv. fjmrh., að frv. þetta er fram komið, og sést af meðfylgjandi grg. hvers vegna. Ég gat ekki komið því við að koma á fundi í fjhn., en átti tal við nokkra nm., og kom þeim öllum saman um, að málið yrði lagt fram til umr. Hver og einn nm. hefur þó rétt til þess að koma með brtt. og aðhyllast þær. Ástæðan fyrir framkomu þessa máls er svo augljós, að óþarft er að gera frekari grein fyrir því.

Það skal játað, að það er heldur óformlega frá þessu gengið og að sjálfsögðu rétt, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Forseti (ÞÞ): Það er að vísu ekki venja að vísa máli til þeirrar n., sem ber málið fram, en að sjálfsögðu fær n. tíma til athugunar á málinu.

Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Fjhn. hefur athugað þetta mál, sem í raun og veru er ekki annað en framlenging þess, sem nú þegar er í gildi, en mundi falla úr gildi um næstu mánaðamót, ef þessi framlenging fengist ekki. Hins vegar er gert ráð fyrir endurskoðun þessara laga, en henni var ekki hægt að koma við fyrir næstu mánaðamót. N. leggur til einróma, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
60. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Ég hafði búizt við, að framsaga yrði flutt um málið, en svo virðist ekki vera. Málið er flutt af fjhn. Ed. Það lá svipað frv. fyrir þinginu fyrir jólin frá fjhn. Nd. Það kom fram í svipuðu formi og þetta frv., þannig að lagt var til, að 2. málsgr. 9. gr. yrði felld niður. Ef ég man rétt, var þessu breytt í n. Við álítum rétt, að sett væri í það ákveðið tímatakmark, en ágreiningur var um, við hvaða tíma skyldi miða. Varð ofan á að takmarka við 1. febr. Nú sé ég, að frv. liggur fyrir í sínu upphaflega formi. Ég álít, að rétt sé, að frv. fái svipaða afgreiðslu og áður, þannig að inn í það verði sett tímatakmark. Það er ekki ástæða til þess að framlengja l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð ótakmarkað. Það hafa allir viðurkennt, að þessi l. væru mjög gölluð, og því þyrftu þau að endurskoðast eða jafnvel afnemast. Ég held það sé engan veginn óheilbrigt, að Alþ. setji sjálft tímatakmark um þetta. Við vitum, að það rekur einmitt á eftir því, að l. verði breytt og þau löguð, ef ákveðið tímatakmark er í þeim. Þess vegna er ég á móti því, að 2. málsgr. 9. gr. sé felld niður. Áður en málið fer til n., mun ég ekki ræða meira um þetta, en mun í fjhn. leggja til, að ákveðið tímatakmark verði sett í frv.

Ég legg til, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 323, n. 335 og 342, 345).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 345. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Það var í nóvemberlok, sem samþ. voru l. um framlengingu l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð, og hafði komið fram beiðni um það frá hæstv. fjmrh. Til samkomulags voru l. þá aðeins framlengd til 1. febr. Við vorum allir svo bjartsýnir að halda, að þá yrði komin stjórn og að henni hefði þá unnizt tími til að setja ný l. um þetta efni fyrir 1. febr. Vonir þessar brugðust, og því er þetta frv. fram komið til framlengingar á lögunum.

Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að tímabinda l., og verð ég að segja það sama og í nóvember, að ekki er nauðsynlegt fyrir Alþ. að vera að setja sjálfu sér takmörk, enda er það og vitað, að þessi mál eru ein af þeim fyrstu, sem bíða afgreiðslu komandi stjórnar.

Fjhn. barst í gær erindi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna ásamt frv., sem gerbreytir skipun þessara mála. Ég hygg, að mönnum sé það ljóst, að slíkt er ekki hægt að taka fyrir nú, þar sem ekki er nema einn dagur til stefnu, þar eð l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð falla úr gildi 1. febr. Ég geri ráð fyrir, að þeir og aðrir misskilji það, að hér sé um endanlega afgreiðslu þessara mála að ræða, en því fer fjarri. Hér er aðeins um framlengingu að ræða, en um endanlega endurskoðun l. er ekki að ræða, því að til þess er tíminn allt of naumur. Í bréfi því, sem ég gat um í upphafi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna segir, með leyfi hæstv. forseta: „Vér gerum ráð fyrir því, að ýmislegt megi að undirbúningi þessa máls frá vorri hendi finna, þar sem tími hefur orðið naumari en við var búizt til afgreiðslu málsins vegna þess, hve bráðan bar að, að Alþ. tók til meðferðar nú framlengingu l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð, nr. 91 30. nóv. 1945."

En eins og ég hef gert grein fyrir, er hér aðeins um framlengingu til skamms tíma að ræða, en ekki endanlega afgreiðslu. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég er ósammála meiri hl. n. um afgreiðslu þessa máls. Það er rétt hjá hv. þm. V-Ísf., að sams konar frv. lá fyrir Alþ. seint á síðasta ári. Það kom upphaflega, án þess að ákvæði væri í því til að tímabinda það, en fjhn. setti þá ákveðið tímatakmark inn í það. Það þótti rétt, að þingið setti sér þannig aðhald, og ég sé ekki, að hin slæma reynsla á þessum málum undanfarið réttlæti ekki fullkomlega, að svo sé enn þá og að slíkt aðhald sé fullkomlega nauðsynlegt. Og frá sjónarmiði þeirra, sem eru óánægðir með skipun þessara mála, er þetta eðlileg krafa, því að þetta er eina tryggingin fyrir breytingum, því að ef l. eru tímabundin, hljóta þau að koma til meðferðar aftur, þó að eigi tækist að mynda stjórn eða það endaði með þingrofi. Þessar kröfur eru því alls ekki óeðlilegar, þar sem hér er um að ræða eitt veigamesta mál þjóðarbúskaparins.

Núverandi skipun þessara mála er þannig, að flestir eru óánægðir með hana, enda fullnægir hún alls ekki kröfum nútímans. Hún er ekki miðuð við það að fullnægja þörfum þjóðarinnar, heldur sérstakrar stéttar, þeirra manna, sem mestan hafa haft gróðann og innflutninginn hafa haft með höndum. Þeir hafa þar sérréttindi í krafti þess valds, sem þeir hafa nú. Það er því eðlilegt, að það sé óánægja með þjóðinni yfir skipun þessara mála, sérstaklega hjá þeim, sem framleiða gjaldeyri. Hagsmunir verzlunarstéttarinnar eru að græða sem mest, og því hugsa þeir meira um að flytja inn dýrar vörur en hvað kemur þjóðinni bezt.

Það eru því flestir sammála um, að ástandið sé afleitt, því að það er ekki einu sinni frjáls verzlun, heldur einokun einstaklinga. Til þess að tryggja réttindi þjóðarinnar höfum við sósíalistar haldið því fram, að eðlilegasta lausn þessara mála væri sú, að ríkið tæki innflutninginn í sínar hendur. Það er eðlilegt, þegar allt er seljanlegt og oft aðalatriðið, að þær vörur séu til, sem á þarf að halda. Það er líka betra fyrir eina stofnun að tryggja það en einstaklinga. Ástandið er sem sé þannig, að verzlun er rekin með stórgróða — á sama tíma og margar greinar framleiðslunnar eru reknar með taprekstri. Þetta er vitanlega andstætt hagsmunum þjóðarinnar. Eigi að fá fjármagnið í atvinnuvegina í venjulegu kapítalísku þjóðfélagi, verður þar að vera hagnaðarvon. Þess vegna hefur fjármagnið streymt til verzlunarinnar. Þar hefur ágóðavonin verið. En til þess að fá fjármagnið í atvinnuvegina verður að sjá til þess, að verzlunarágóðanum sé útrýmt. En það verður ekki gert nema með því að þjóðnýta verzlunina, því að það er ekki hagkvæmt að þjappa svo að verzluninni, að þar sé engin hagnaðarvon. Frá sjónarmiði at-

vinnuveganna er þetta nauðsynjamál, en ég býst við, að ekki þýði að koma með slíkar till. nú.

Nú hafa komið fram kröfur af hálfu útvegsmanna og fleiri ítrekaðar kröfur um, að þeirra sjónarmið verði meir tekin til greina en verið hefur. Þeir komu á fund í fjhn., eins og hv. þm. V-Ísf. skýrði frá. Lögðu þeir fram bréf og frv., og höfum við hv. 2. þm. S-M. tekið upp aðalatriðin úr því frv. í brtt. þær, sem við flytjum, og mun hann gera grein fyrir þeim hér á eftir. En því fara þessar brtt. ekki lengra en þær gera, að við töldum ekki til neins að bera þær till. fram, sem við hefðum helzt kosið. Svo framarlega sem þessar brtt. falla, þá mun ég freista við 3. umr. að bera fram brtt. um að tímabinda l., svo að það sé tryggt, að Alþ. setji sér takmörk, hve lengi þessi l. geti gilt, án þess að til umr. og meðferðar Alþ. kæmi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Það er vegna þess, að ég álít nú eins og áður, að l. þessi eigi að gilda aðeins takmarkaðan tíma. Eins og hv. þm. V-Ísf. tók fram, hefur ekki enn unnizt tími til að taka þessi l. til endurskoðunar, sem þó er þörf að gera og ég tel, að ekki verði hjá komizt, en hins vegar nauðsyn að framlengja l. nú.

Það er rétt hjá hv. þm. V-Ísf., að Alþ. getur, hvenær sem er, breytt l., en ég tel rétt, að tímatakmark sé í þeim, því að í því felst yfirlýsing um, að l. þurfi að taka sem fyrst til endurskoðunar. Ég leyfi mér því að leggja fram brtt. varðandi þetta atriði. En brtt. er svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta: „2. málsgr. 9. gr. laganna orðist svo: Lög þessi falla úr gildi 1. apríl 1947".

Þar sem brtt. er skrifleg og of seint fram komin, leyfi ég mér að afhenda forseta hana með ósk um, að hann leiti nauðsynlegra afbrigða, til þess að hún geti komið til atkvæða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 348) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef flutt brtt. við þetta frv. ásamt hv. 2. þm. Reykv. Þessar brtt. eru á þskj. 345.

Ég hefði viljað flytja till. um frekari breyt. á þessum l., en taldi þó eigi tök á því á þeim stutta tíma, sem um er að ræða til afgreiðslu málsins, en það þarf að afgreiða fyrir mánaðamót. En það er alveg ljóst, að því er mér virðist, að l. þarfnast miklu róttækari breytinga en þeirra, sem eru á þskj. 345.

Alþingi hefur nú a. m. k. tvívegis sett tímatakmark við þessi l. með það í huga, að þau yrðu endurskoðuð. En þrátt fyrir það að tvisvar áður hafi tímatakmark verið sett, hefur þessi athugun ekki enn farið fram. Önnur þessi framlenging var á þessu þingi, og viðkvæðið er alltaf það sama, að ekki hafi unnizt tími til að athuga þessi l.

Ef skipuð hefði verið n. til að athuga þessi mál og sú n. hefði beðið um frest til að athuga málin, hefði ég skilið þetta. En það er greinilegt, að það er ákveðin andstaða gegn því að láta slíka athugun fara fram. Ég býst við, að sagt verði, að þessi dráttur stafi af því, að ekki hefur enn tekizt að mynda stjórn og hún muni taka þessi mál til meðferðar, hver sem hún verður. En þetta skiptir raunar litlu máli. Þessi athugun verður að fara fram í n., og sú n. gæti nú verið búin að ljúka störfum. Ég álít þessi l. mjög gölluð og álít það ekki koma til mála að láta þau standa áfram, án þess að í þeim sé tímatakmark og halda þannig öllum gáttum opnum um ófyrirsjáanlegan tíma. Tímatakmark er líka nauðsynlegt, til þess að Alþingi geti ekki skotið sér undan afstöðu til málsins.

Það er ekki um það að villast, að almenn óánægja ríkir með fyrirkomulag viðskiptamálanna og störf viðskiptaráðs. Framkvæmdir þess hafa margir gagnrýnt og hefur m. a. komið fram eindregin ósk frá sjávarútvegsmönnum, að breyting verði á gerð. Réttur útvegsmanna hefur verið fyrir borð borinn. Þeir skapa að langmestum hluta þann gjaldeyri, sem við höfum til umráða, en ráða engu um notkun hans, en þar hefur verzlunarstéttin fyrst og fremst ráðið, og viðskiptaráðið hefur verið spegilmynd vilja heildsalanna, og hafa þeir ráðið mestu. Hins vegar er það sanngirniskrafa, að útvegsmenn eigi fulltrúa í viðskiptaráði og ráðstafi þeim gjaldeyri, sem þeir skapa.

Það hefur verið skýrt hér frá, að n. frá fiskframleiðendum kom á fund fjhn., og er í nál. meiri hl. fjhn. greint frá því, að sú n. óski þess, að ákveðnar breyt. séu gerðar á l. og lagt fram frv. um skipun þessara mála. Í þeim till. felast þrjú meginatriði, skýr og sanngjörn, sem vel má afgreiða, og þessar þrjár till. eru þær, sem við hv. 2. þm. Reykv. höfum flutt og eru prentaðar á þskj. 345. Þessar till. eru um það, að í stað þess, að viðskiptaráð sé skipað fimm fulltrúum, verði það skipað 7 fulltrúum, þannig að Landssamband íslenzkra útvegsmanna hafi þar tvo fulltrúa, Verzlunarráð Íslands einn, Samband íslenzkra samvinnufélaga einn, Alþýðusamband Íslands einn, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands einn og einn af hálfu ríkisstj., er sé form. n. Nú er þessu svo háttað, að af 5 mönnum í viðskiptaráði eru tveir beinir fulltrúar stærstu innflytjendanna, heildsalanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Útvegsmenn eiga þar engan fulltrúa og ekki heldur sjómenn eða verkamenn. Ég álít, þótt skipa mætti ráðið betur, að þá sé rétt að breyta hér, eins og n. útvegsmannanna lagði til, að þessi aðili fái þar fulltrúa, og það er alveg óþarfi að bera því við, að ekki sé nægur tími til þess.

Önnur till. í brtt. okkar er orðrétt frá útvegsmönnum, að sölu- og innkaupafélög framleiðenda skuli að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til gjaldeyris vegna kaupa á vörum þeim eða tækjum, sem nauðsynleg eru vegna framleiðslunnar. Þetta, að öðru jöfnu, er tiltölulega einfalt ákvæðisatriði, og álít ég eðlilegt, að þessi krafa útvegsmanna komi fram.

Þá er þriðja till. útvegsmanna, og hafa útvegsmenn lagt áherzlu á hana. Nú er ákveðið í l., að Landsbankinn og Útvegsbankinn hafi einir rétt til kaupa á gjaldeyri, og er hér lagt til að skylda bankana til að kaupa allan gjaldeyrinn, sem útvegurinn hefur völ á, en það hefur komið í ljós, að bankarnir hafa færzt undan eða neitað að kaupa gjaldeyri frá ákveðnum löndum.

Þetta eru meginbreyt., sem útvegsmenn leggja til, og ákvæðin, er felast í þeim, miða til bóta, og ég legg áherzlu á, að d. samþykki þessar breyt. Þó álít ég, að l. þurfi frekari breyt. við, en ekki

vinnst tími til frekari meðferðar fyrir mánaðamótin. Ég hef gert hér grein fyrir brtt. okkar hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 345, og ég vil að endingu segja þetta, að þótt þessi l. framlengist á morgun, þá ætti að takast að afgreiða ekki flóknari till. en þær, sem ég hef lýst, þótt endurskoðun þessara l. færi fram, áður en langt um líður.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. S-M. sagði, að því hefði jafnan verið borið við, að ekki hafi unnizt tími til að breyta þessum l., en það kom svo seinna, að það var ekki tímaleysi að kenna, heldur stjórnarleysi. Það má öllum vera ljóst, að því athuguðu, að nú hafa stjórnarsamningar staðið yfir í fjóra mánuði, að ekki er hægt að afgreiða þessa megintill. á einum degi. Við höfum fengið ákveðnar till. frá útvegsmönnum, sem eru um algera skipulagningu þessara mála, en þrjár till. minni hl. eru ekki höfuðtill. útvegsmanna, heldur sameining innflutnings og útflutnings. Frv. útvegsmanna er um það, að verkefni viðskiptaráðs skuli vera að hafa yfirstjórn með öllum út- og innflutningi undir yfirstjórn viðskmrh., gera till. um, til hvaða landa selt er, ráðstafa farmrými í skipum, setja verðlagsákvæði og hafa verðlagseftirlit. Efnistill. minni hl. eru ekki veigameiri en það, sem ég hef upp talið. Það má ræða þetta lengi. Það hefur komið til mála að leyfa útgerðarmönnum að ráðstafa gjaldeyri sínum, og er vandalaust að ákveða um þetta í samræmi við innflutning og útflutning. Þessar till. koma lítið við höfuðatriðinu, en það er að sameina inn- og útflutning, en í þessum brtt. er ekki minnzt á það. Útvegsmennirnir segja í grg. sinni, að frv. geri „ráð fyrir því, að skipun viðskiptaráðs verði breytt í samræmi við þau auknu verkefni, sem því eru falin, til þess að tryggja það, að það hafi yfir að ráða þeirri sérþekkingu, sem nauðsynleg er til þess, að starfið beri þann árangur, sem til er ætlazt". Ekkert er um þetta í þeirra brtt., en skipun ráðsins er breytt án verksviðsbreytinga. Till. þeirra um breyt. á skipun viðskiptaráðs á því ekki rétt á sér.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að það væri auðvelt mál að breyta skipun ráðsins. Það hefur nú þekkzt áður, að fulltrúar ýmissa samtaka hafi tekið hér til máls um svipað efni, en samkvæmt núgildandi l. á ríkisstj. að skipa alla menninа í viðskiptaráð, en hér á stjórnin engu að ráða, en afsala þessum rétti í hendur félaga, og þykir nú sýnt, að þessar till. eiga engan rétt á sér. Ég fer ekki út í almennar umr. um kaupmannagróða eða því um líkt á þessu stigi málsins, og ég þykist nú vita, að ný ríkisstjórn muni koma svo snemma, að till. hv. þm. V-Húnv. sé óþörf, en það má þingheimi ljóst vera, að verðlagsskipun, útflutningsskipan og innflutningsskipan verður aðeins leyst af ábyrgum þingmeirihluta.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta frv. er bráðabirgðabreyt. á gildandi l., og mun vera ætlazt til, að l. standi ekki lengi óbreytt, og ef brtt. hv. þm. V-Húnv. verður samþ., þá er ekki um að ræða nema tveggja mánaða gildi þessara l. Þess vegna finnst mér ekki tímabært að gera breyt. á skipun viðskiptaráðs stuttan tíma, en samþykki b-lið till. á þskj. 345, því að það er mikilvægt atriði, sem margir útvegsmenn leggja áherzlu á, og þetta ákvæði er sanngjarnt og raskar ekki skipun laganna. Ég vil nú skjóta því að, hvort samkomulag gæti ekki náðst um annan lið á þskj. 345, en hinar till. teknar aftur, og æskilegt er, að fjhn. athugi málið nánar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. hefur mælt í mót till. mínum og hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 345 með þeim rökum, að þær næðu til lítils hluta úr till. útvegsmanna og væru till. okkar því úr samhengi við megintilgang útvegsmanna. Í þessu sambandi fórust hv. frsm. hins vegar þannig orð um þessi mál, að það var ekki um að villast, að honum var og er alls ekki ljóst, hvað felst í l. um viðskiptaráð og gjaldeyrismeðferð, sem hér eru til umr. Það, sem hann sagði hér um það efni, er algerlega á misskilningi byggt. Það er að vísu rétt, að í till. útvegsmanna er gert ráð fyrir því, að viðskiptaráð hafi eftirleiðis yfirstjórn bæði yfir innflutnings- og útflutningsmálum. Að öðru leyti eru ekki gerðar neinar till. um breyt. á verksviði viðskiptaráðs. Það er langt frá því, að útvegsmenn séu að stinga upp á nokkru nýmæli að hafa rétt til að ráðstafa farmrými í skipum og á þann hátt rétt á því að ráða bæði inn- og útflutningi til landsins með tilliti til markaðsmöguleika. Þetta er allt ákveðið með l. um viðskiptaráð, og útvegsmenn taka þetta orðrétt upp og gera enga breyt. þar á, því að í l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð segir meðal annars, að nýbyggingarráð og viðskiptaráð skuli sameiginlega útbúa fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti, svo og um, til hvaða landa útflutningurinn fari og frá hvaða löndum innflutningurinn komi. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna. Þetta er nú þegar eitt af verkefnum viðskiptaráðs, og um þetta eru ekki gerðar neinar brtt. Og þetta er nákvæmlega í samræmi við það, sem nú er um farmrými og vörusendingar til landsins. Þær breyt., sem lagt er til að gerðar verði, eru í fyrsta lagi að breyta skipun ráðsins, í öðru lagi um forgangsrétt til handa innkaupa- og sölufélögum útvegsmanna, eins og 2. brtt. okkar fer fram á, í þriðja lagi að skylda bankana til þess að kaupa allan gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir og í fjórða lagi að þetta ráð skuli jafnframt hafa yfirstjórn útflutningsmálanna. Því er bætt við, en það var það, sem ég sá ekki ástæðu til þess að taka upp. Við vitum, að nú hefur sérstök n. með þessi mál að gera, sem er samningan. utanríkisviðskipta, og það getur leikið nokkur vafi á því, hvort rétt er, að þetta ráð fari sömuleiðis með sölumál framleiðslunnar, og því þótti mér ekki rétt að svo komnu máli að taka upp þessa breyt. Það er sú eina af brtt., sem bárust frá útvegsmönnum, sem ekki er tekin upp hér. Það er að vísu hægt að segja sem svo, að í þeirri till. útvegsmanna, um það að viðskiptaráð verði skipað 7 mönnum í stað 5, eins og nú er, og þeir verði valdir af þeim aðilum, sem nefndir eru í brtt., að sú breyt. sé þannig hugsuð af hálfu útvegsmanna, að þeir hafi viljað fá hana vegna þess, að þeir ætluðu þessu ráði að hafa með fjárveitingar útvegsins að gera. En ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að óskir þeirra eru ekki sprottnar af þessu, og skal ég færa því nokkuð til sönnunar.

Útvegsmenn hafa undanfarið hvað eftir annað farið fram á það við viðskmrh., að hann veitti þeim fulltrúa í ráðinu, sem starfað hefur undanfarið samkv. l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð eins og þau l. eru nú. Og í blaði, sem frystihúsaeigendur gefa út, var tilkynnt fyrir rúmum mánuði síðan, að ráðh. hefði fallizt á þetta. Reyndar var kvartað undan því síðar, að þetta hefði ekki verið framkvæmt. Þeir hafa sí og æ óskað eftir að fá mann í viðskiptaráð, og þeir eru ekki litlir aðilar, sem hafa þar beinna hagsmuna að gæta. Þess vegna er það á misskilningi byggt að halda því fram, að með þessari breyt. á skipun ráðsins, eins og hv. form. fjhn. sagði hér, þá kasti ríkisstj. frá sér öllu valdi yfir þessum þýðingarmiklu málum, í stað þess, að hún hefði áður haft þessi völd. Áður hefur þetta verið þannig, að viðskiptaráð hefur verið skipað 5 mönnum, en nú er ætlazt til þess, að það sé skipað 7 mönnum, að vísu eftir tilnefningu stjórna fjölmennra samtaka. En viðskmrh. mundi hafa vald yfir starfsemi ráðsins og geta sett því reglur. Því má líka segja, að eins og fyrirkomulag málanna er nú, að ríkisstj. hafi kastað frá sér valdi í þessum efnum í hendur þeirra 5 manna, sem nú eru í viðskiptaráði. En ég hygg, að þeim mönnum þyki þeir ekki hafa haft öll völd þar. Og ef hér hefðu verið sett óeðlilega mikil völd í hendur þeirra manna, þá álít ég, að það væri eðlilegra, að það ráð væri skipað eftir tilnefningu þeirra aðila, sem um ræðir í brtt., heldur en það væri skipað mönnum, sem einn einstakur ráðh. tilnefndi í slíkt ráð eftir eigin geðþótta.

En það er svo, eins og ég gat um áðan, þegar ég talaði um till. í upphafi, að þessar brtt., sem hér eru fluttar, eru tiltölulega mjög einfaldar og ættu ekki að þurfa að tefja afgreiðslu málsins mikið. Og þær aths., sem fram hafa komið gegn þeim, finnst mér vera þess eðlis, að þær standist ekki, þegar þær eru athugaðar betur. Það er sanngirniskrafa, að þessar brtt. verði að l., því að reynslan er sú, að þrátt fyrir það að lofað hafi verið að taka þessi l. til athugunar og á þessum l. skuli gerðar breyt., og einmitt að nokkru leyti þær breyt., sem hér er farið fram á, hefur það allt saman brugðizt. Þess vegna óttast ég, að enn geti svo farið og framlenging á þessum l., eins og þau eru, geti orðið til þess, að það dragist nokkuð lengi, að þau verði tekin til athugunar, og þess vegna fannst mér sjálfsagt að bera þessar brtt. fram nú. Ef svo fer, eins og hér hefur verið haldið fram, að þessi l. verði tekin til endurskoðunar og lagfæringar innan tveggja mánaða, þá sakar ekki, að þessar breyt. verði gerðar til þess tíma, þangað til breyt. á þessum l. kemur. Hér er um að ræða, hvort menn geta fallizt á, að þeir aðilar fái að hafa áhrif á störf viðskiptaráðs, sem hér er lagt til, þ. e. hvort framleiðendur eigi að fá rétt til þess að hafa forgang að innflutningi þeirra vara, sem þeir þurfa að nota sjálfir, eða hvort úthlutunin verður látin vera í sama horfi og nú er, og eins um það, hvort þær stofnanir og einstaklingar, sem nú hafa forgangsrétt til þess að kaupa gjaldeyri, verði skyldir til að kaupa allan þann gjaldeyri, sem fæst fyrir þær útfluttar afurðir sem útflutningsyfirvöldin hafa leyft útflutning á.

Ég skal svo ekki tefja þessa umr. frekar. Ég held, að þetta liggi ljóst fyrir og sé ekki þörf á því að þræta um þetta mál meira en gert hefur verið.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að bæta nokkrum orðum við án þess að endurtaka nokkuð af því, sem hv. 2. þm. S-M. sagði.

Hv. frsm. meiri hl. n. talaði um það sem eins konar „kínalífselexír", að það komi ábyrg ríkisstj. í landinu. Það hefur verið ábyrg ríkisstj. í landinu í tvö ár, sem hv. þm. V-Ísf. og ég höfum stutt rækilega. Eitt af þeim málum, sem hafa legið fyrir henni, er þetta mál, sem hér liggur fyrir. Þegar sú stjórn tók við völdum, voru gefin út l. 1. des. 1944, ef ég man rétt, sem voru framlenging á l. um viðskiptaráð, og voru þau framlengd til eins árs. Þá var og ákveðið að endurskoða skyldi þessi l., af því að flestir voru sammála um það, að þessi skipun málanna væri ófær. Svo var skipuð n. með mönnum frá nokkrum stofnunum ríkisns, sem átti að leggja fram rökst. till. Ýmsir menn komu með till. frá þeirri stofnun, sem þeir voru fulltrúar fyrir. Þessu lauk þannig, að sá ráðh., sem hafði með þessi mál að gera, vildi lítið fallast á þessar till., og það náðist ekki samkomulag um þetta innan hinnar ábyrgu stjórnar. Við þetta sat, og ráðh., sem hafði með þessi mál að gera, vildi ekki þoka neitt til, og öflin, sem voru á bak við hann, héldu fast í spottann.

Ég kom með brtt., sem fengu náð fyrir augum hæstv. ráðh., að nýbyggingarráð og viðskiptaráð skyldu vinna í sameiningu, og var það eina raunverulega breyt., sem gerð var. Þessar till. hafa aldrei fengizt framkvæmdar. Svo var þetta viðskiptaráð framlengt frá 1. des. 1945, um eitt ár. Þessar breytingar reyndust ófullnægjandi, og þrátt fyrir það að fyrrv. stjórn væri stórvirk í ýmsum málum, var ekki hægt að fá neinar nýjar breyt. á þessu. Í nóv. 1946 eru þessi l. enn framlengd til 1. febr. 1947.

Ég veit ekki, hvort það muni ganga nokkuð betur fyrir þeirri ríkisstj., sem tekur við, að fá fram þær breyt., sem þarf að gera. Ég skal ekki segja um það, hvort það er ekki alveg eins heppilegt fyrir Alþ. að gera þessa breyt. nú, á meðan allt er svona í deiglunni á þessum sviðum. En ef hin nýja ríkisstj. sér ástæðu til þess að breyta þessu, þá gerir hún það. Því hefur verið haldið fram, að bezt sé að bíða eftir því, að þessi l. verði endurskoðuð, og breyta engu fyrr. En ég sé enga tryggingu fyrir því enn sem komið er, að það geti ekki dregizt svo og svo lengi. Ég held, að framleiðendum finnist þeir eiga að hafa þar einhver ítök. Nú, og ef þau þættu of mikil, þá held ég, að það væri þá hægt að breyta þessu aftur. Ég held, að það sé ekki til neins að varpa öllum okkar áhyggjum í þessu efni yfir á þá ríkisstj., sem kemur.

Þetta litla spor, sem stigið var, var þó í raun og veru aðeins á pappírnum. Það miðaði ofurlítið til lagfæringar, en það hefur ekki fengizt framkvæmt, m. a. af því, hvernig viðskiptaráð er skipað, og vegna þess, að framleiðendur hafa aldrei átt fulltrúa þar. Og þrátt fyrir ákvæði í l. hefur það aldrei fengizt, að framkvæmdirnar væru við það miðaðar, vegna þess að viðskmrh. hefur aldrei haft samvinnu um slíkar ráðstafanir. Ég held, að það væri þess vegna mjög heppilegt að breyta þessu nú, Þó að brtt. okkar hv. 2. þm. S-M. séu ekki stórvægilegar, þá álít ég rétt að samþykkja þær nú. Sýni það sig, að brtt. nái ekki fylgi meiri hl. þingm., álít ég rétt, að b-liðurinn sé borinn

upp sér. Þar er um að ræða rétt sölu- og innkaupafélaga framleiðenda, og hygg ég alveg eins gott að tryggja þeim þann rétt nú eins og að kasta því upp á aðra síðar.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður. Hv. 2. þm. N-M. taldi, að mér væri ekki vel ljóst, hvað væri í núgildandi l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð. Mér er það nú sæmilega ljóst, þó að ég læsi upp aðalatriðið í 2. gr. þessa frv., sem útvegsmannasambandið hefur sent okkur. Ég tók það skýrt fram, að þær till., sem í því felast, væru óframkvæmanlegar. Það væri ekki hægt að fela þessu ráði útflutning og innflutning og margs konar ráðstafanir í sambandi við hann, sem viðskiptaráð hefur ekki áður haft. En það er það, sem er meiningin, eins og líka nál. minni hl. ber með sér, þar sem segir í 4. gr. frv. útvegsmanna, með leyfi hæstv. forseta: „Nýbyggingarráð og viðskiptaráð skulu sameiginlega útbúa fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs magn og verðmæti, svo og um, til hvaða landa útflutningurinn fari og frá hvaða löndum innflutningurinn komi. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna.“ Það var lítið annað, sem ég sagði í minni ræðu, þó að það væri kannske lengra mál. Ég geri líka mikinn mun á því, hvort þetta ráð, sem á að hafa öll þessi völd, er skipað af ríkisstj., eða menn-irnir séu tilnefndir af óskyldum og kannske ósamtaka félögum. Á þessu geri ég mikinn mun, og ekki sízt, ef þessu ráði skyldu verða falin fleiri verkefni en gert er ráð fyrir í frv. útvegsmanna, eins og kemur fram í grg. þeirra, að þeir muni helzt vilja óska. Það hjálpar ekki að benda á viðskmrh. einan. Það eru fleiri ráðh., sem kemur þetta við, og kannske öll ríkisstj. í heild.

Það má segja, að það hafi verið gefin loforð um breyt., og það eru líka eilíf loforð um ríkisstj., og það verður fátt um störf á þessu þingi, fyrr en fullnægt er þeirri grundvallarskyldu.

Mér skilst á hv. 2. þm. Reykv., að hann hafi slæma reynslu af ríkisstj., sem hann þó hefur stutt, og helzt væri þó von um úrbót, þegar engin stjórn væri. Ég man eftir, að ég heyrði sagt á Austfjörðum, að þegar kóngurinn væri dauður, mætti margt gera, og einn maður gifti sig í fjórða sinn, eftir að kóngurinn var dauður og annar ekki tekinn við. Og ég heyri nú, að hv. 2. þm. Reykv. hefur tröllatrú á þessu.

Ég játa það, að ég álít, að til þurfi að vera ábyrgur þingmeirihluti og að ríkisstj. sé studd af honum. Fyrr er ekki að vænta árangurs í þessu efni. Við vitum, hvað við höfum gert hér á hv. Alþ. í þessa fjóra mánuði.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V-Ísf. sagði, að það væri ekki samræmi í því að breyta þessu, eins og verkefni viðskiptaráðs væri ætlað að vera, þá virðist mér hann gleyma því, hvernig verkefni viðskiptaráðs eru á pappírnum, eftir að l. var breytt 1945. Þar er ætlazt til að samræma útflutning og innflutning og undirbúa í sameiningu áætlun um inn- og útflutning og til hvaða landa útflutningurinn færi og frá hvaða löndum innflutningurinn kæmi. Og til þess að hagnýta sem bezt markaðsmöguleikana og fullnægja sem bezt innflutningsþörf landsmanna, var gert ráð fyrir, að þetta yrði endurskoðað mánaðarlega. Það var gerð tilraun til þess að framfylgja þessum fyrirmælum l., en það tókst ekki, m. a. vegna þess, hvernig viðskiptaráð er skipað.

Það var búið að víkka starfssvið viðskiptaráðs. Það var búið að fela því innkaup til landsins í samræmi við þörf útflutningsins, og það var gengið út frá því, að hægt væri að bæta viðskiptin á ákveðnum vörutegundum við ýmis lönd. En þeir menn, sem eiga að hugsa um að tryggja markaðsmöguleikana fyrir Íslendinga, hafa ekki verið svo hyggnir sem skyldi. Það er ekki nema eðlilegt, að bæði innflutningur og útflutningur sé samræmdur. Við leggjum hér til, að það sé gert nú, og er það í fullu samræmi við þær breyt., sem hafa verið gerðar. Ég hygg, að það sé ekki rökrétt hjá hv. þm. V-Húnv. að leggja eins mikið og hann gerir upp úr því, að þarna sé samræmi á milli, nema því aðeins að nauðsynleg valdbeiting fáist til þess að framkvæma það. Ekki vildi hv. þm. V-Ísf. mótmæla því, sem ég sagði viðkomandi ábyrgri ríkisstj. í sambandi við þetta mál, og ekki býst ég við því, að hv. þm. V-Ísf. neiti því, að sú stjórn, sem nú hefur setið undanfarið, hafi verið sú stórvirkasta stjórn, sem hér á landi hefur verið, svo að þegar hún hefur ekki unnið á meira í þessu efni, sem hér er til umr., þá er ekki að vita, hverju aðrar ríkisstj. geta áorkað í þessum efnum. Ég held þess vegna, að þótt að flestu leyti eigi það við í þjóðfélaginu, að bezt sé að hafa ríkisstj., sem styðst við þingmeirihluta, þá væri ef til vill ofur lítill möguleiki nú til þess að hagnýta það millibilsástand, sem nú á sér stað viðkomandi stuðningi við ríkisstj. og stjórnarmyndun, til þess að reyna að fá þetta í gegn, sem ekki hefur fengizt, meðan fráfarandi hæstv. ríkisstj. hefur verið við völd. Og ef það svo sýnir sig síðar, að þingmeirihluti verður fyrir hendi til þess að breyta eitthvað til frá því, sem hér yrði samþ. í þessu efni samkv. því, sem ég held fram, að eigi að gera, þá getur hver sterk ríkisstj. gert breyt. á því skipulagi, sem hún álítur vera til bóta, ef þingvilji er þá fyrir hendi til þess, þannig að ef næsta ábyrg ríkisstj. getur fundið betri aðferð í þessum efnum, þá getur hún breytt löggjöfinni aftur. — Ég sé því ekki, að það sé neitt óréttlátt að nota nú tækifærið til þess að knýja fram þessa breyt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég get búizt við, að það sé svo um fleiri hér í þessari hv. þd. en mig, að þeim þyki átakanlegt að hlusta á þær harmatölur, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur verið að flytja hér í ræðum sínum yfir því ástandi, sem hér hefur verið í landi síðustu tvö árin og hans flokkur hefur átt sinn þátt í og stutt. Ég get mjög vel fundið til með þessum hv. þm. í þessu efni, af því að ég finn það svo mæta vel, að stjórn hans hefur staðið sig ákaflega illa í viðskiptamálum og mörgum fleiri málum.

Nú, jæja — það var þó einn geisli í þessu um stund hjá hv. 2. þm. Reykv. Honum hafði einu sinni tekizt að fá ofurlitla breyt. á þeim l., sem hér er um að ræða, nefnilega koma inn ákvæði um, að það ætti að gera heildaráætlun fyrir eitt ár í senn um innflutning til landsins af nýbygg-

ingarráði, og þetta var gott og blessað. En þeir bara sneru á hann aftur, þessir samstarfsmenn hans, sem réðu þessum málum. Þeir létu aldrei framkvæma það ágæta ákvæði í löggjöfinni, og m. a. þess vegna hefur um framkvæmd þessara mála farið verr en skyldi. — En þrátt fyrir það að hv. 2. þm. Reykv. lýsti því alveg réttilega, hvað ríkisstj. hafði staðið sig illa í þessum efnum, talaði sá hv. þm. um hana sem ágæta ríkisstj. í þessari sömu ræðu, svo að hv. þm. virðist ekki leggja svo ákaflega mikið upp úr þessu máli út af fyrir sig. En við skulum nú vona, að það komi sem fyrst ríkisstj., sem verði færari um að framkvæma þessa hluti en sú stjórn, sem verið hefur. Og við skulum vona, að það takist bráðlega að koma fram nauðsynlegum breyt. á l. og bæta þá framkvæmdina einnig, því að það er ekki nóg að hafa lagabókstafinn út af fyrir sig, heldur verður framkvæmd l. einnig að vera í lagi. Um þetta mál hefur hv. 2. þm. Reykv. ásamt öðrum þm. flutt nokkrar till. En ég tel, að þær þurfi, sumar a. m. k., mikillar athugunar við, áður en frá þeim er gengið, og meiri en hægt er að koma fram á þessu kvöldi. En síðasti dagurinn er á morgun, sem þessi l. eru í gildi.

Eitt atriði er þarna í brtt. á þskj. 345 frá hv. 2. þm. Reykv., sem ég tel rétt. Það er till. í b-lið, um, að sölu- og innkaupafélög framleiðenda skuli að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til gjaldeyris vegna kaupa á vörum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru vegna framleiðslunnar. En þennan lið, eins og hann er þarna orðaður, hygg ég, að megi skilja á fleiri en einn veg um það, hvernig þessu skuli haga. En annað er sjálfsagt, sem er það, að það verður að setja í l. hliðstætt ákvæði um það, að félagssamtök neytenda og samvinnufélög njóti betri kjara í þessum efnum en verið hefur að undanförnu. Það er jafnsjálfsagt og nauðsynlegt. Og ég fyrir mitt leyti hefði talið nauðsynlegt, að þetta hvort tveggja hefði verið látið fylgjast að í endurskoðun löggjafarinnar og margt fleira. En vegna þess að ég tel ekki fært að bera fram brtt. við þetta frv. á þeim skamma tíma, sem fyrir hendi er til afgreiðslu þessa máls, þó að ég hefði annars viljað gera það, ef öðruvísi hefði staðið á, þá álít ég æskilegast, að hv. flm. þessara till. hefðu viljað taka þær aftur nú. En svo vildi ég gjarnan strax eftir helgina ræða við hv. 2. þm. Reykv. um frv. um nýja löggjöf um þessi efni, þar sem m. a. væri tekið til athugunar þetta atriði um að gera rétt framleiðenda meiri í þessum atriðum, sem hér hafa rædd verið, og veita félögum neytenda, svo sem kaupfélögum og samvinnufélögum meiri rétt en hefur verið, eftir því sem löggjöfin hefur verið framkvæmd undanfarið. Ég vildi gjarnan hafa samvinnu um þetta við hv. 2. þm. Reykv. og aðra, sem vildu vinna að þessum nauðsynlegu breyt. á l. Þetta hefði ég talið æskilegast, en ekki að vera að gera breyt. á frv. því, sem hér liggur fyrir, heldur aðeins framlengja gildi l. þessara um þennan stutta tíma, og hef ég áður lýst till. minni um að tímabinda gildi l.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi mæð nokkrum orðum taka þátt í þeim umr., sem hér hafa farið fram, og minnast þá m. a. á það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði í sinni ræðu þegar í upphafi og hv. 2. þm. S-M. endurtók að mestu. Það leit þannig út hjá honum, hv. 2. þm. Reykv., að það væri elginlega ein stétt hér í þessu landi, sem öllu réði og allir þyrftu sérstaklega að gæta sín fyrir, og það væru heildsalarnir. Ég veit það nú, að mönnum er það ljóst, að það er réttara að nefna þetta, sem hv. þm. á við með þessu, heildsöluverzlanirnar. Og einhver stærsta heildsöluverzlun landsins er Samband ísl. samvinnufélaga, og mér heyrðist nú hv. þm. V-Húnv. vilja eitthvað endurbæta réttindi og völd þess félagsskapar eða félaga innan þess, svo sem innkaupafélaga, frá þeim réttindum, sem þau hafa í dag. Og finnst mér hv. þm. V-Húnv. vera á góðri leið með að fá liðstyrk hjá hv. 2. þm. Reykv. til þess. — En það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði viðkomandi heildsölunum, er náttúrlega sú gamla plata, sem hv. 2. þm. Reykv. og hans flokksmenn hafa spilað eða látið heyra hér í hv. þd. og sömuleiðis í blaði sínu, svo að það er ekki neitt að kippa sér upp við það. Og það finnst mér geta legið alveg fyrir utan það, sem hér er um að ræða, sem sé það, hvort eigi að framlengja þau l., sem eru hér á dagskrá, eins og lagt er til með frv. á þskj. 323, sem var flutt af meiri hl. fjhn.

Ég get fallizt á það með þeim, sem hafa minnzt á þetta mál, að það eru líklega allir aðilar, sem gjarnan vilja fá breyt. á viðskiptaráði. Hitt er náttúrlega nokkuð hvatskeytlega yfirvegað af hálfu Landssambands ísl. útvegsmanna, sem kemur fram sem vilji þeirra í brtt. á þskj. nr. 345. Það er ekki nema rúm vika síðan ég hafði fund með fulltrúum þess og átti tal einmitt við framkvæmdanefnd L. Í. Ú., og þá var skiptingin með allt öðrum hætti viðkomandi skipun á mönnum í viðskiptaráð á milli aðila og samtaka en kemur fram í brtt. á þskj. 345. Þetta atriði bara út af fyrir sig er nægilegt til að sanna, að það þurfi að vanda undirbúning þess máls dálítið betur, ef breyta á reglum um skipun ráðsins.

En ég vil ræða um það, sem kom fram í ræðum hv. flm. þessarar brtt. nú — fyrir utan þau margendurteknu ummæli um heildsalana —, nefnilega að útgerðarmenn fengju ekki þann gjaldeyri, sem þeir þyrftu til innkaupa á nauðsynjum til framleiðslustarfa sinna, og að útflytjendur hafi engan fulltrúa í viðskiptaráði. Ég held, að við höfum verið sammála um það á þingi 1945, hv. 2. þm. Reykv. og ég, að útflutningsverzlunin hafi verið vanrækt einmitt á þann hátt, að henni hafi verið um of kippt úr tengslum við innflutningsverzlunina. Ég álít nefnilega, að hver sá, sem fæst við innflutningsverzlun, hafi mikla möguleika gegnum verzlunarsambönd sín víða um lönd til þess einmitt að fá gott verð fyrir útflutningsvörur. Og það er gefinn hlutur, að það má ná með því móti sama vöruverði og ætlað var að tryggja, þegar útflutningsverzlunin var færð í svo þröngan ramma hér heima sem gert var. Ástæðan til þess, að svo var gert, var sú, að álitið var, að ekki mætti selja útflutningsvörurnar við lægra verði en framleiðslan í landinu þyldi. — Ég er því sammála, að þarna á að vera fullkomið samræmi á milli, en þannig að það eigi að gefa öllum innflytjendum sem frjálsasta möguleika til þess að leita markaða, en binda svo lágmarksverðið við það, sem fært þykir að flytja vörur út úr landinu fyrir. Og ég hygg, að við hv. 2. þm. Reykv. og ég séum þarna sammála. En að útflytjendur hafa engan fulltrúa

í viðskiptaráði, er af því, að útflutningurinn er bundinn við sérstakar opinberar stofnanir.

Það eru tvö atriði, sem mig langar sérstaklega til að leggja áherzlu á, fyrst, að innflytjendur, a. m. k. heildsalarnir, telja alveg sjálfsagt, að útflutningsverzlunin hafi þann gjaldeyri, sem hún þarf, — fyllilega — til þess að geta keypt inn vörur, sem tryggja framleiðsluna í landinu. Um þetta hefur aldrei orðið nokkur ágreiningur milli þessara aðila. Og þegar umr. urðu um þetta atriði hér í Alþ. og orð féllu frá hæstv. atvmrh. í þá átt, að stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna hefði farið fram á það að fá landsverzlun komið á, þá kom mér það ákaflega kynlega fyrir, og mitt fyrsta verk á eftir var að fá úr því skorið, einmitt frá stjórn L. Í. Ú. Skrifaði þá verzlunarráðið fyrirspurn um það, sem ég, með leyfi hæstv. forseta, vil lesa hér, og fékk svar sem sýnir bezt, að samvinna milli sjávarútvegsins og verzlunarstéttarinnar í heild hefur verið með fullum skilningi.

Verzlunarráðið skrifaði stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, þann 26. marz 1946, á þessa leið: „Að gefnu tilefni leyfir stjórn Verzlunarráðs Íslands sér hér með að leggja þá spurningu fyrir stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, hvort Landssamband ísl. útvegsmanna sé því meðmælt, að komið verði á landsverzlun.“ — Fyrirspurnin var ekki önnur. Og svarið, sem við fengum, þá örfáum dögum seinna, var þannig: „Sem svar við bréfi yðar, dags. 26. þ. m., hefur stjórnarfundur vor í gær samþykkt eftirfarandi ályktun: „Út af fyrirspurn frá verzlunarráðinu um það, hvort stjórn L. Í. Ú. sé með eða móti landsverzlun, var eftirfarandi till. samþykkt:

„Stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna er alveg mótfallin því, að landsverzlun verði sett á stofn, og getur þess-jafnframt, að ósk um slíkt hafi aldrei komið fram á stjórnarfundum Landssambandsins.“ “

Þessi bréfaskipti voru út af alveg sömu ummælum þá eins og eiga sér stað nú, sem áttu þá og eiga nú að sýna, hvað innflutningsverzlunin í raun og veru gengi á hlut útflutningsverzlunarinnar, en slíkt er fjarri sanni. En það er alllangt mál að skýra það til hlítar í einstökum atriðum. Innflutningsverzlunin hefur reynt að skera úr um möguleika með útflutningsverzlun og um ákvæði um hana, og vil ég ekki hvað sízt í því sambandi nefna, að fulltrúar innflutningsverzlunarinnar bentu á, þegar til mála kom um sölu til Ítalíu, að vinningurinn við þá sölu væri svo óljós, að það þyrfti að ganga miklu nánar frá ákvæðum um það fyrirkomulag, sem ætlazt var til, að gengið væri þar að. Mun viðskiptaráði hafa verið fullkunnugt um, að full þörf væri á að tryggja þar örugga leið. En ég vildi mótmæla sérstaklega því, að hér hefði ekki alltaf verið fullkominn skilningur milli útflytjenda og innflytjenda um gjaldeyrisþörf útflytjenda, og þó að útflytjendur í mörgum tilfellum fái sín leyfi, þá hefur það sýnt sig, að þeir hafa fengið hagkvæmust tilboð frá okkur, sem höfum fengizt við innflutningsverzlunina.

Ég vil nú ekki vera að orðlengja þetta eða vera að karpa um einstök atriði í þessu. Þó vildi ég segja það og endurtaka, að ég álít, að hver sú ríkisstj., sem tekur við völdum, hljóti að álíta, að það liggi alveg beint við, að öll þessi mál þurfi að taka mjög gaumgæfilega upp, og m. a. athuga vel, hvert hagræði það væri að sameina inn- og útflutningsverzlunina, þannig að sömu mennirnir hefðu aðstöðu til að starfa að hvoru tveggja. Hér hafa komið fram í þessum umr. margar ásakanir í garð viðskiptaráðs. En ég þekki ekkert „ráð“ hér, sem ekki fær sínar aths. á einn eða annan hátt, og það er ekki létt verk fyrir viðskiptaráð í mörgum tilfellum að framkvæma það, sem ætlazt er til af því og er innan þess verkahrings. En þó hefur því í mörgum tilfellum tekizt að gera glöggar till. í nauðsynlegum atriðum.

Við vitum, að í hverju landi er verzlunarstéttin stétt, sem er þjónustustétt. Og það var það fyrsta á stríðsárunum, að áskoranir komu fram um, og það í öllum löndum, að þessi stétt ætti að duga sem bezt. Átti verzlunarstéttin hér einnig að inna það hlutverk af hendi að draga vörur að, flytja þær inn í landið. Það var ekki hægt að fá nema takmarkað vörumagn frá fyrstu hendi, og urðum við þá að kaupa dýrari vörur frá öðrum stöðum í staðinn. Úr þessum og þvílíkum vanda, álít ég, að verzlunarstéttin hafi leyst með mikilli prýði, nefnilega að ná inn vörum á þessu tímabili — einnig S. Í. S., sem er stærsti heildsali landsins. En verzlunarstéttin er sú stétt, sem er umsetin af mörgum n., verðlagsnefnd og viðskiptaráði, þegar aðrar stéttir hafa getað tekið sínar ákvarðanir um verðlag eftir sínum geðþótta. Þó að þessi stétt hafi fengið aðkast, þá hafa fleiri orðið fyrir því. Hv. 2. þm. Reykv., sem hefur átt sæti í nýbyggingarráði, hefur vafalaust ekki heldur sloppið við að heyra ýmis orð falla í garð nýbyggingarráðs.

Ég er ekki í vafa um, að það þurfti að ýmsu leyti að breyta viðskiptaráði. Og hvaða breyt., sem gerðar kunna að verða í þessum efnum, þá verða þær að vera réttlátar gagnvart öllum stéttum í landinu, þannig að þar sé vel yfirvegað, hvaða úrlausnir eru beztar gagnvart neytendum, því að ég er fyllilega þeirrar skoðunar, að það er skylda og vilji verzlunarstéttarinnar í heild að fá sem beztar og ódýrastar vörur til landsins. (**EOl**: Er það alveg öruggt, að hún vilji fá þær sem ódýrastar?) Þetta er hægt að segja, ef maður vill aðeins sjá málefnin frá annarri hliðinni. En ég mótmæli því, að verzlunarstéttin hafi nokkurn tíma leitað annars en þess að ná sem allra hagkvæmustum og ódýrustum innkaupum á vörum til landsins. (**EOl**: Fyrir hverja?) Bæði fyrir hönd okkar heildsalanna og annarra. Við, sem t. d. höfum haft með innflutning á kornvöru að gera frá því fyrir stríð, höfum getað leyst það þannig af hendi, að við höfum tryggt landinu nægan kornforða með hagkvæmasta verði, þegar aðrar þjóðir fengu ekki nema skammtað. En hér á landi hefur aldrei á þessu tímabili orðið skortur á kornvörum.

Ég vildi þá aðeins minnast á þau ummæli hv. þm. V-Húnv., að hann vildi gjarnan fallast á b-lið hér í brtt. En núverandi skipan málanna — eins og ég tók fram áðan, — hefur aldrei staðið í vegi fyrir því, að framleiðendur hafi getað fengið vörur til framleiðslu sinnar. Ég veit ekki annað en að bæði S. Í. S., bankarnir, viðskiptaráð og verzlunarstéttin í heild telji þetta alveg sjálfsagðan hlut. Og ég veit, að enginn útgerðarmaður vill neita þessari staðhæfingu minni. Þess vegna þykir mér óþarft að taka þetta úr, og sérstaklega þegar við vitum, að þessi framlenging er ekki nema til

bráðabirgða og getur ekki verið nema til bráðabirgða, vegna þess að allir eru sammála um það, að það þurfi að gera almennar breyt. á þessum l. síðar.

Ég vonast því til, að hv. þd. geti fallizt á það að samþykkja frv., eins og það var afgr. frá hv. Ed., alveg án breyt., þar sem ekki er eftir nema einn dagur, sem þessi l. eru í gildi. Ég er fylgjandi frjálsri verzlun. Hins vegar ímynda ég mér, úr því sem komið er, að þar sem þessi höft og kerfi um verzlunina hafa verið höfð, þá sé það nokkuð hvatskeytislega gert að láta l. falla alveg niður, og mæli ég ekki með því fyrir mitt leyti.

ATKVGR.
Brtt. 345,a felld með 17:6 atkv.
— 345,b felld með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, ÁkJ, EOl, StSt, HermG, JPálm, KTh, LJós.
nei: ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GTh, GÞG, HÁ, HB, JS, JörB, BG.
7 þm. (SG, SK, GSv, HelgJ, IngJ, JóhH, JJ) fjarstaddir.
Við nafnakallið gerðu eftirgreindir þm. svo grein fyrir atkv. sínum:

Forsrh. (Ólafur Thors): Með því að mér er kunnugt um, að bæði í þeim tilraunum, sem ég gerði til myndunar ríkisstj., sem og í þeim tilraunum, sem nú standa yfir til myndunar ríkisstj. undir forsæti form. Alþfl., er verið að semja um nýja skipan á þessum málum, en hins vegar er hér um að ræða bráðabirgðaframlengingu á þeim l., sem lengi hafa um þetta gilt, þá segi ég, án hliðsjónar af efnishlið málsins, nei.

Pétur Ottesen: Með skírskotun til grg. hæstv. forsrh. segi ég nei.

Skúli Guðmundsson: Ég hef áður í umr. um þetta mál lýst því, að ég væri því samþykkur, að félög fengju rétt til þess að flytja inn vörur, sem þau þurfa til framleiðslu sinnar. En með því að ég tel orðalag á 2. málsgr. í þessari brtt. ekki svo skýrt sem það ætti að vera og gæti valdið misskilningi um framkvæmdina og með því að ég tel einnig, að það væri eðlilegt, að samhliða væru sett í l. ákvæði um, að önnur samvinnufélög fengju rýmri rétt til innflutnings heldur en verið hefur, og ég vænti þess, að þessi ákvæði verði tekin upp í ný l., segi ég nei.

Stefán Jóh. Stefánsson: Nei, með skírskotun til grg. hæstv. forsrh.

Gunnar Thoroddsen: Með skírskotun til grg. hæstv. forsrh. segi ég nei.

Gylfi Þ. Gíslason: Með skírskotun til grg. hæstv. forsrh. og jafnframt til þess, að ég hef aflað mér upplýsinga um, að félögum framleiðenda hefur yfirleitt alls ekki verið meinaður innflutningur á sínum nauðsynjum, og engin ástæða er til að halda, að þeim verði fremur meinað það á næstunni, segi ég nei.

Halldór Ásgrímsson: Með skírskotun til grg. hv. þm. V-Húnv. segi ég nei.

Brtt. 345,c felld með 17:6 atkv.
1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 348 felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, HermG, JPálm, JörB, KTh, LJós, PÞ, SigfS, SkG, StgrSt, ÁkJ, EOl.
nei: GÞG, HB, JS, ÓTh, PO, SB, SEH, StJSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, StSt, GTh, BG.
7 þm. (HelgJ, IngJ, JóhH, JJ, SG, SK, GSv) fjarstaddir.
Við nafnakallið gerði grein fyrir atkv.:

Eysteinn Jónsson: Ég hefði vel getað fellt mig við þetta ákvæði. En þetta mál stendur mjög tæpt um afgreiðslu, hvað tíma snertir, og mér sýnist ekki ástæða til að hrekja það á milli deilda út af þessu. Ég segi því nei við þessu ákvæði, þó að ég hefði fylgt þessu, ef öðruvísi hefði staðið á.

2.—3. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 349).

---

37. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1947.

Á 27. fundi í Sþ., 10. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1947 (þmfrv., A. 383).

Á 69. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er flutt af allshn., er borið fram eftir tilmælum hæstv. forsrh., og gengur það út á það að ákveða, að reglulegt Alþ. komi saman 1. okt. n. k. í stað þess dags, sem stjskr. gerir ráð fyrir, 15. febr. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir í frv., að ákveða megi annan dag fyrr á árinu, ef þörf krefur sérstaklega. Eins og kunnugt er, liggja fyrir þessu Alþ. mörg verkefni óleyst, þ. á m. afgreiðsla fjárl., og því augljóst, að ekki er hægt að ljúka störfum þessa þings fyrir tilskildan tíma. Af þessum sökum vill allshn. mæla með því, að frv. verði samþ., en ég skal þó taka fram, að einn nm., hv. 11. landsk., mun fylgja þessu frv. með fyrirvara, sem hann væntanlega mun gera grein fyrir.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég hef raunverulega engu að bæta við það, sem hv.

frsm. allshn. sagði út af þessu frv. Eins og hann skýrði frá, er augljóst mál, að reglulegt Alþ. 1947 getur ekki komið saman á þeim tíma, sem stjskr. gerir ráð fyrir, eða um miðjan þennan mánuð.

Ég skal geta þess í sambandi við þetta frv., að ef ríkisstj. — a. m. k. þeirri, sem nú situr, ef hún á sæti þá — þætti ástæða til þess, mundi hún kalla saman þing fyrr en 1. október. En ég tel ekki rétt að miða við fyrri samkomudag Alþ., nema sérstakt tilefni væri til þess.

Ég vil biðja hæstv. forseta að hraða þessu máli gegnum d., þannig að það gæti sem fyrst gengið í gegnum þingið, því að 1. verða að hljóta staðfestingu forseta fyrir 15. þ. m.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann frestaði þessari umr. til morguns, svo að við fáum tækifæri til að taka þetta fyrir í þingflokki okkar og athuga það betur. Mundi það ekki verða til þess að tefja málið.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég hef ekkert við það að athuga, þó að þessu máli yrði frestað, til þess að Sósfl. eigi þess kost að taka afstöðu til þess, en vildi óska, að það yrði á þann veg, að tryggt væri, að málið gæti náð fram að ganga, ef meiri hl. Alþ. er fyrir því, á fundi, ekki seinna en á morgun. Ég vildi því vænta þess, að það yrði tryggt, að þá lægi fyrir frá hv. 2. þm. Reykv. nægileg yfirlýsing um það, að málið gæti fengið afgreiðslu hér í d. strax á morgun.

Forseti (BG): Óskar hv. þm. að taka til máls? (**EOl:** Ég var búinn að láta þá ósk uppi.)

Umr. frestað.
Á 72. fundi í Nd., 12. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Sósfl. mun ekki flytja brtt. við þetta frv., heldur samþykkja það eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég sakna þess, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera til staðar hér og ekki skuli hafa heyrzt neitt frá hæstv. ríkisstj., enda þótt það sé vitað, að okkur þm. er málið kunnugt og við viljum gjarnan greiða fyrir því.

Nú er svo háttað, að komið er fram í febr. og ný ríkisstj. hefur verið mynduð, en enn þá hefur ekkert heyrzt um afgreiðslu fjárlaga. Ég sé ekki ástæðu til þess að breyta þessu frv. neitt, en vil nota tækifærið til að lýsa því yfir, að ég álít það hinn mesta ósið, sem um nokkur ár hefur tíðkazt, að láta þing fyrra árs dragast fram á það næsta. Um leið og ég greiði þessu frv. atkv., þá vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún sæi sér ekki fært að gera tilraunir til þess, að þingið 1947 yrði búið á því ári, hvort hún gæti ekki kallað þingið saman fyrir 1. okt., en til þess hefur hún fullt leyfi. Þetta er mjög slæmt ástand og næsta óþægilegt. Ef til vill finna þm. þeir, sem búsettir eru hér, ekki eins mikið fyrir óþægindum, sem af þessu leiða, en fyrir þm. búsetta úti á landi er þetta mjög óþægilegt og slæmt að standa í vafasömum ferðalögum að vetri til, auk þess sem hið svokallaða jólaleyfi er stuttur tími til þess að vinna ýmis störf, sem aðkallandi eru um áramótin, svo sem reikningsuppgjör og annað slíkt.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Því miður gat ég ekki verið við hér í d., þegar frv. var borið fram, vegna starfa í Nd., en ég hugði, að mál þetta skýrði sig sjálft, enda svo kunnugt þm. Það er auðsætt, að ekki var hægt að ljúka þinginu 1946 fyrir 15. febr., og vita þm. ástæðurnar fyrir því. Hins vegar tek ég undir þau orð hv. 1. þm. Eyf., að það sé óviðunandi, að láta afgreiðslu fjárlaga dragast fram á það ár, sem þau elga að gilda fyrir. Það er nú því miður svo nú, að allt útlit er fyrir, að fresta þurfi afgreiðslu fjárlaga, ekki aðeins til 1. marz, heldur til 1. apríl. En nú liggja fyrir afar mikilvægar ástæður fyrir þessu, eins og menn vita, þar eð ríkisstj. sagði af sér störfum í byrjun október s. l. og sú stjórnarkreppa, sem ríkt hefur síðan allt fram á þann tíma, að ný stjórn var mynduð, hlaut að hafa í för með sér áhrif á afgreiðslu fjárlaga og annarra mála. Ég vil lýsa því yfir af hálfu ríkisstj., að hún telur æskilegt að hraða afgreiðslu fjárlaga, svo mjög sem unnt er, og mun hún gera allt, sem í hennar valdi stendur til þess að stuðla að því. Það var réttilega fram tekið hjá hv. 1. þm. Eyf., að það er mjög óþægilegt fyrir þm., sem búa á Norður- og Austurlandi, að fá aðeins stutt jólafrí og þurfa að koma til þings þegar eftir áramót.

Tvö dæmi man ég þess, að fjárlög hafi verið afgr. fyrir nýár, enda þótt þing kæmi ekki saman fyrr en í október, en það var árið 1934 og svo s. l.

ár. Það er vitanlega teflt á tæpasta vaðið, ef þing kemur ekki saman fyrr en í byrjun október, en þó má takast að afgreiða fjárlög fyrir áramót, þótt þing byrji ekki fyrr. Hitt er svo auðvitað athugandi, eins og hv. 1. þm. Eyf. benti á, að ríkisstj. kalli þing saman fyrr en bein lagafyrirmæli ákveða, ef sérstakar ástæður eru til. Þó að ég geti ekki lofað neinu, sem skuldbindandi sé fyrir ríkisstj., um, að afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1948 verði lokið á þessu ári, þó lofa ég því, að ríkisstj. mun gera allt, sem í hennar valdi stendur til þess, og vænti, að svo megi verða. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., því að öllum mun ljós nauðsyn þess. Spurningin er aðeins, hvort þingið komi saman fyrir 1. okt., en það mun ríkisstj. taka til athugunar, ef henni þykir ástæða til, m. a. vegna afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. forsrh. fyrir undirtektir hans og treysti því, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að fjárlög fyrir 1948 verði afgreidd á þessu ári og að næsta þingi verði lokið fyrir áramót. Ég treysti ríkisstj. til að gera það, sem hún getur, og þakka undirtektir hæstv. ráðherra.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi aðeins benda hæstv. forsrh. á, að þó að það sé rétt, að fjárlög hafi tvisvar verið afgr. fyrir áramót, þó að þing hæfist ekki fyrr en í byrjun október, þá var það í bæði skiptin með dálítið sérstökum hætti og með þeim blæ, sem ég vænti, að hæstv. forsrh. óski ekki eftir, að endurtaki sig. 1934 var unnið milli jóla og nýárs (**BSt:** Nei, því var lokið fyrir jól þá.) Það getur verið, að mig misminni þetta, en í fyrra voru fjárlögin afgr. þannig, að útgjöld, svo að milljónum skipti, voru utan við fjárlögin. Með þessu móti heppnaðist að afgreiða fjárlögin fyrir nýár, en vitanlega gefur þetta alranga hugmynd um útgjöld og afkomu ríkissjóðs. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. forsrh. vilji ekki, að þetta endurtaki sig, og láti því þingið koma svo snemma saman, að tryggt sé, að fjárlögin verði afgr. fyrir árslok með sæmilegum hætti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 395).

---

38. Beitumál.

Á 61. fundi í Nd., 29. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 7. maí 1946, um beitumál (þmfrv., A. 329).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Sjútvn. flytur þetta frv. að beiðni atvmrh. N. hefur leitað umsagnar L. Í. Ú., og hefur það lýst yfir fylgi sínu við breyt. er frv. gerir ráð fyrir. Beitunefnd telur nauðsyn að fá heimild til að setja reglur um hámarksnotkun beitu í hvern róður. Álit sjútvn. er því, eftir að hafa talað við L. Í. Ú., að rétt sé að veita þessa heimild og mæla með, að frv. verði samþ. Það hefur viljað við brenna, að beitueyðslan hafi verið óstjórnlega mikil, og hefur það jafnvel orðið til tjóns bæði fyrir útgerðarmenn og sjómenn, og hafa útgerðarmenn þess vegna fallizt á að takmarka beitunotkunina. Það mun reynast erfitt að minnka beitunotkunina, nema allir bátar, sem sækja sömu mið, geri það samtímis. Ef beituskortur verður, þá þarf að spara, og hefur þess vegna verið óskað eftir þessari heimild til að takmarka beitunotkun. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en vísa til grg. Sjútvn. mælir með, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, PO, SigfS, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, EOl, GSv, HÁ, HB, IngJ, JPálm, JS, JörB, KTh, BG.
17 þm. (ÓTh, SG, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, StSt, GTh, GÞG, HelgJ, HermG, JóhH, JJ, LJós) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 329, n. 386).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Tilgangur þessa frv. er sá að hamla á móti óhóflegri eyðslu á beitu á vetrarvertíð, sérstaklega hér við Faxaflóa. Talið er, að í kapphlaupinu, sem verður um veiðina, sé gengið óhæfilega langt í að skera beituna of stórt, en við það ganga síldarbirgðirnar mjög til þurrðar. Beitunefnd talaði við útgerðarmenn og sjómenn, og töldu þeir rétt að setja reglur um beituskurð til þess að koma í veg fyrir óhóflega eyðslu. Beitunefnd sneri sér til atvmrh. og óskaði eftir lagaheimild um þetta, og flutti sjútvn. Nd. að hans beiðni þetta frv., er hér liggur fyrir. Sjútvn. Nd. leitaði álits L. Í. Ú. og tjáði það sig samþykkt efni frv. og reglum þeim, sem þar er gert ráð fyrir, að settar verði. Sjútvn. Ed. telur rétt að verða við óskum þeirra aðila, er ég hef áður getið, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það er á þskj. 329. Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Þetta er einfalt mál og auðvelt fyrir þm. að átta sig á efni þess. Legg ég því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 403).

---

39. Bráðabirgðafjárgreiðslur 1947 (fyrra frv. fjhn. Nd.).

Á 69. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947 (þmfrv., A. 388).

Á 72. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er veikur og getur því ekki gert grein fyrir þessu máli. Eins og hv. dm. er kunnugt, er svo áliðið þessa mánaðar, að litlar eða engar líkur eru til þess, að hægt verði að afgreiða fjárl. fyrir lok mánaðarins. Er því nauðsynlegt, að í gildi séu l., er heimili ríkisstj. greiðslur, eftir því sem frv. þetta tilgreinir. Vildi ég mega vænta þess, að greitt verði fyrir þessu máli og að það næði fljótt fram að ganga hér í hv. d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd.,13. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 74. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 388, n. 415).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 424).

---

40. Tilraunastöð háskólans í meinafræði.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um tilraunastöð háskólans í meinafræði (þmfrv., A. 209).

Á 39. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Nd., 18. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem menntmn. flytur, er flutt að beiðni háskólans, og sem grg. fyrir því, sem hér fylgir með, er bréf háskólarektors, dags. 13. nóv. 1946, þar sem gerð er grein fyrir þeim breyt., sem háskólinn óskar, að gerðar verði á þeirri löggjöf, sem Alþ. samþykkti þann 10. okt. s. l. um Rannsóknarstofnun háskólans í búfjármeinafræði.

Einstakir nm. í menntmn. áskildu sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. og eins að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir þeim höfuðbreyt. á nefndum l., sem í frv. felast. Með frv. þessu er lagt til, að breytt verði nafni þessarar stofnunar, þannig að hún nefnist Tilraunastöð háskólans í meinafræði, í stað þess, að nú heitir hún Rannsóknarstofnun háskólans í búfjármeinafræði. Háskólinn gerir þá grein fyrir þessari till. til breyt. á nafni stofnunarinnar, að það sé ekki óhugsandi, að þessi stofnun hafi með fleira að gera en rannsóknir búfjársjúkdóma eingöngu. Það er gert ráð fyrir, að verksvið þessarar stofnunar geti a. m. k. orðið meira en það. Háskólinn telur því eðlilegra, að þetta nafn sé á þessari stofnun, en það, sem henni var valið, þegar l. frá 10. okt. voru samþ. Þær breyt., sem hér er lagt til, að gerðar verði með 1. og 2. gr. frv., eru aðeins þær, sem leiðir af breyt. á heiti stofnunarinnar.

Í 3. gr. frv. er ákveðin tala þeirra sérfræðinga, sem við stofnun þessa skulu vinna. Samkv. gildandi l. heimilast menntmrh., að fengnum till. læknadeildar, forstöðumanns stofnunarinnar og yfirdýralæknis, að ráða til stofnunarinnar dýralækna og sérfræðinga, „eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni". Sú breyt., sem í þessari 3. gr. frv. felst, er fyrst og fremst sú, að ákveðin er tala sérfræðinga, sem lagt er til, að þarna verði ráðnir, og þeir eru 3 auk forstöðumanns. Það er sama tala og upphaflega var gert ráð fyrir í þeirri áætlun, er ríkisstj. Íslands sendi stjórn Rockefellersjóðsins í nóvember 1944 og sjóðurinn lagði til grundvallar ákvörðun sinni um gjöfina til stofnunarinnar. Háskólarektor bendir á, að óheppilegt sé og geti orðið til þess, að mjög erfitt verði að fá hæfa starfsmenn til þessarar stofnunar, ef fjárveiting til að greiða þessum starfsmönnum stofnunarinnar er háð veitingu fjár á fjárl. frá ári til árs. Og það mun mega til sanns vegar færa, að menn mundu verða tregir til að ráða sig í stöður, sem ekki væri betur að búið en svo, að laun fyrir störf í þeim væru háð afgreiðslu fjárlaga frá ári til árs. Ég hygg, að þegar þessi breyt. var sett í l. í hv. Ed., þá hafi það ekki verið hugsun þeirrar hv. d. að þeir menn, sem störfuðu við þessa stofnun, gætu átt það á hættu að verða vikið úr störfum sínum vegna þess, að fjárveiting væri ekki á fjárl. fyrir greiðslu á launum til þeirra. Hitt mun hafa vakað fyrir þeirri hv. þd. að hafa nokkurn hemil á því, hversu margir menn yrðu ráðnir við þessa stofnun, vegna þess að í l. var menntmrh. heimilað, að fengnum till., að ráða ótakmarkaða tölu sérfræðinga við þessa deild háskólans. Ég held, að fyrir hv. Ed. hafi frekar vakað að skapa þarna aðhald nokkurt heldur en hitt að hafa áhrif á það frá ári til árs, hversu margir menn störfuðu þarna.

Í 4. gr. þessa frv. er lagt til, að sú breyt. verði gerð á gildandi l., að 1. aðstoðarmaður taki laun eftir 5. flokki launal., en ekki eftir 6. launaflokki. Þessi till. til breyt. er þannig til komin, að maður sá, sem ráðgert er, að taki við stöðu þessari, er búinn að vinna við slíkar rannsóknir og hefur nú laun af almannafé, sem samsvara launum í 5. flokki launalaga. Og það er í samræmi við till. væntanlegs forstöðumanns stofnunarinnar, að lagt er til, að þessi maður, 1. aðstoðarmaður, verði settur í sama launaflokk og sjálfur forstöðumaðurinn. Þetta virðist vera mjög sanngjörn breyt. á l. Þessi maður, sem gert er ráð fyrir að verði 1. aðstoðarmaður, er mjög hæfur og nýtur maður, sem um langt árabil er búinn að fást við þessi störf.

5. gr. þessa frv. er samhljóða að efni 5. gr. l. nr. 86 10. okt. 1946, sem hér er lagt til að breyta í öðrum atriðum.

En í 6. gr. þessa frv. er tekið upp ákvæði um, að um lagningu vegar að tilraunastöðinni á Keldum frá þjóðveginum um Mosfellssveit gildi ákvæði IV. kafla vegalaga nr. 101 frá 1933. Þetta ákvæði var í bráðabirgðal., sem hæstv. ríkisstj. gaf út á síðasta sumri. En það var fellt niður í meðferð þingsins, er bráðabirgðal. voru samþ., af því að þingið taldi ekki æskilegt að blanda vegalagaákvæðum inn í löggjöf sem þessa. En þessi niðurfelling hefur valdið nokkru óhagræði, þannig að vegagerðin að þessum stað, sem talið er nauðsynlegt að framkvæma fljótt, mun hafa stöðvazt. Háskólinn leggur þess vegna til, að þetta ákvæði verði tekið á ný inn í l. þessi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. Ég endurtek það, að einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja við frv. brtt. eða fylgja brtt., sem fram við það kunna að koma. — Ég segi sem mína persónulegu skoðun, að ég hygg, að þær breyt., sem háskólinn leggur hér til, að gerðar verði á löggjöf þeirri, sem hér er um að ræða, horfi heldur til bóta. Í fyrsta lagi virðist mér nafn stofnunarinnar heppilegra eins og háskólinn leggur hér til, og að það nái betur að gefa til kynna meiningu eða efni þessarar löggjafar, ef frv. verður samþ. Í öðru lagi er viðkunnanlegra, að Alþ. viti, hversu margir starfsmenn koma til með að vinna við þessa stofnun og þar með nokkru nánar um þau útgjöld, sem ríkissjóður muni af henni hafa.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Nd., 8. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Ed., 13. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 209, n. 370).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta mál er nú gamall kunningi hér, því að það er sama málið og var hér fyrir aukaþinginu í haust, um tilraunastöð að Keldum, og er hér borið fram í Nd. samkvæmt ósk Háskóla Íslands og er komið hingað. Það eru ýmsar breyt., sem þetta frv. gerir á l., sem nú gilda, en aðallega eru breyt. þó tvær, sem fyrir liggja, þ. e. í fyrsta lagi við fyrirsögn frv., því að það er ætlazt til, að það heiti frv. til l. um tilraunastöð háskólans í meinafræði, en áður var það í búfjármeinafræði. M. ö. o., þessi breyt. og svo viðeigandi ákvæði í frv. sjálfu, þau gefa til kynna, að stofnunin eigi að hafa fleiri verkefni en upprunalega var ákveðið eða heldur en l. frá því í haust gera ráð fyrir, og er það nánar tilgreint í grg.

Þá er önnur breyt., sem frv. gerir á gildandi l., að ákveðin er tala þeirra sérfræðinga, sem eiga að starfa við þessa stofnun, en í gildandi l. er ákveðið, að sérfræðingar skuli starfa við stofnunina, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárl. Nokkur ágreiningur var um þetta á aukaþinginu. Þótti ýmsum óvarlegt um hnútana búið í frv., þar sem ráðh. mætti ráða sérfræðinga, eftir því sem hann teldi þörf á. Svo var þetta sett inn, að sérfræðingar skyldu ráðnir, „eftir því sem fé er veitt til á fjárl." En hér í þessu frv. er ákveðin tala þeirra og einnig laun. Eins og sést á nál. menntmn. á þskj. 370, þá hefur n. leitazt við að athuga þetta mál, m. a. tók hún sér ferð á hendur upp að Keldum, og er hún samþykk meginefni frv. En tvær breyt. leggur n. til, að gerðar verði á frv. Önnur er sú, að í frv. er gert ráð fyrir, að einn af þremur aðstoðarmönnum forstöðumanns hafi sömu laun og hann og taki laun eftir 5. flokki launal., en hinir eftir 6. fl. N. finnst þetta koma í bága við gildandi reglur launal. og annarra ákvæða, því að venjulega er það svo, að yfirmaður hverrar stofnunar hefur hærri laun en aðstoðarmenn hans. N. leggur því til, að það sé fastákveðið, að forstöðumaður taki laun eftir 5. fl., en aðrir sérfræðingar samkv. 6. fl. Ástæðan til þess, að svo var ákveðið, að einn af sérfræðingunum skyldi hafa sömu laun og forstöðumaður, var talin sú, að hann hefði nú sömu laun við starf í þjónustu ríkisins og forstöðumanninum eru ætluð. En þó að nauðsynlegt kunni að vera að taka tillit til þessa, þegar maðurinn er ráðinn, þá álítur n. réttara að fara aðra leið í því efni en að ákveða það í l. Það mætti t. d. hugsa sér þá leið að veita honum persónulega launauppbót í fjárl., en það er nokkur munur á því, hvort þessum eina manni er veitt persónuleg launauppbót í fjárl. eða hvort það er ákveðið í l., að fyrsti aðstoðarmaður skuli taka sömu laun og forstöðumaður, hver sem maðurinn er.

Þá er í frv. ákvæði, sem n. telur að vísu ekki skaðlegt, en kann þó ekki við, að standi í þessu frv., en það er 6. gr. frv., um það, að umlagning vegar að tilraunastöðinni á Keldum frá þjóðveginum um Mosfellssveit gildi ákvæði IV. kafla vegal. nr. 101 1933. Það hefur aldrei verið fyrr, að ákvæði um vegi væru sett inn í l. um vísindalegar stofnanir eða skóla eða neitt þess háttar ákvæði um vegi eigi að vera í vegal. Nú er það að vísu svo, að þessi vegur er innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, og kynni því að valda einhverjum mótmælum, að hann væri tekinn upp í þjóðvegatölu, en mér finnst, að það standi þarna svo sérstaklega á, að það sé sjálfsagt að taka þennan veg upp í þjóðvegatölu, og jafnvel þó að svo væri ekki gert, þá væri sjálfsagt að ætla fé úr ríkissjóði til þess að halda sæmilegum vegi við og leggja hann heim til þessarar stofnunar. Þetta er aðeins formsatriði, en n. leit svo á, að þessi gr. ætti ekki þarna heima. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þessum tveim breyt. á þskj. 370.

Gísli Jónsson: Mér þætti rétt, að umr. væri frestað, þar sem einn nm. skrifar undir nál. með fyrirvara. Væri fróðlegt að heyra, hver sá fyrirvari er.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég held ég viti, hver sá fyrirvari er, sem hv. 2. þm. Árn. hefur um þetta. Hann var ekki á fundinum, þegar n. athugaði þetta mál, en ég sýndi honum nál., og hann sagði, að þar sem hann hefði ekki verið viðstaddur, þá vildi hann ekki binda sig um einstök atriði og skrifaði því undir með fyrirvara. Hvaða skoðun hann kynni að hafa á einstökum atriðum, get ég ekki sagt um, en ég veit ekki, hvort þetta hefur meira gildi í raun og veru, þó að hann skrifi undir með fyrirvara, heldur en með ýmsa aðra, sem eru fjarstaddir, því að það væri sjálfsagt sjaldan haldinn fundur í þessari d., ef allir

ættu að vera viðstaddir. En náttúrlega geri ég þetta ekki að neinu kappsmáli, en vildi aðeins upplýsa það, að þetta sagði hv. þm. við mig.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, StgrA, ÁS, BSt, BK, HV, HermJ, ÞÞ.
nei: GJ.
SÁÓ greiddi ekki atkv.
7 þm. (JJós, LJóh, PM, BBen, BrB, EE, GÍG) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Með því að það er augljóst mál, að ekki yrði mögulegt að fá sérfræðinga til að starfa í þessari stofnun, ef störfin ættu að vera háð geðþótta fjárveitingavaldsins, þá segi ég já.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þegar þetta mál var hér síðast til umr., þá var, ef ég man rétt, gert ráð fyrir færri mönnum en nú er gert í frv. Þar eð n. hefur ekki upplýst, hver þörf er fyrir þessa þrjá sérfræðinga (en það er hægt fyrir 3. umr.), þá greiði ég ekki atkv. á meðan þær upplýsingar eru ekki fyrir hendi.

Gísli Jónsson: Með því að upplýst var við umr., er mál þetta var samþ. á síðasta aukaþingi, að ekki þyrfti eins marga menn og nú er ákveðið í þessari grein, þá sé ég enga ástæðu til að fjölga þeim og segi því nei.

Brtt. 370,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. svo breytt samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 370,2 (6. gr. falli niður) samþ. með 10 shlj. atkv.
7.—8. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 401).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Hv. Ed. hefur gert tvær breyt. á þessu frv. frá því, sem þessi hv. d. afgreiddi það. Í fyrsta lagi hefur hún lagt til, að einungis forstöðumaður stofnunarinnar taki laun eftir 5. fl. launal., en ekki 1. aðstoðarmaður, en það ákvæði var í frv. upphaflega, af því að þessi starfsmaður hefur nú laun samkv. 5. launafl., og var þess vegna gert ráð fyrir því, að hann yrði í sama launafl. og forstöðumaður. Hin breyt., sem hv. Ed. leggur til, að gerð verði á frv., er sú, að 6. gr. falli niður, en þar er lagt til, að vegurinn, sem liggur að stofnuninni, verði tekinn í þjóðvegatölu. Þessu er sennilega þannig varið, að í vegalagafrv., sem liggur fyrir hv. d., er gert ráð fyrir því, að þessi vegur verði tekinn upp í þjóðvegatölu, og ætti það þess vegna ekki að koma að sök, þótt þetta ákvæði frv. verði fellt niður.
Menntmn. þessarar hv. d. hefur ekki haft tækifæri til að halda fund um þessar breyt., en þær hafa verið ræddar við einstaka nm., sem eru þeirrar skoðunar, að ekki sé ástæða til að fara á ný að gera brtt. varðandi þessi tvö atriði.
Menntmn. mælir þess vegna með því, að frv. verði samþ. eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 425).

---

41. Fólksflutningar með bifreiðum.

Á 16. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum (þmfrv., A. 192).

Á 36. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Samgmn. hefur fallizt á að flytja þetta frv. Samgmn. óskar þess enn fremur, að þetta mál verði tekið nánar til yfirvegunar milli umr. Ég leyfi mér því að mælast til, að þetta mál verði afgr. til 2. umr. án frekari framsögu, en við 2. umr. verður nánari grein gerð fyrir málinu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Ég hafði það orð við 1. umr. þessa máls, að samgmn. mundi athuga frv. milli umr. N. hefur ekki enn birt neina aths., en óskar þó að fá að segja frekar álit sitt og telur það nægilegt við 3. umr. Það er því farið fram á, að málinu verði vísað á þessu stigi til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Ég hafði getið þess við fyrri umr. þessa máls, að samgmn. þessarar hv. d. hefði flutt þetta mál og ætlaði að taka það til frekari athugunar síðar eða áður en það væri afgr. frá þessari hv. d. — N. hefur nú haldið fund um málið, og eftir atvikum er hún ásátt um að mæla með framgangi þess.

Í þessu máli liggur þannig, eins og reyndar grg. frv. ber með sér, að eftir fram komnum óskum og við rannsókn á öllum aðstæðum hefur þótt rétt að leggja til, að varamenn skyldu vera fimm, jafnmargir aðalmönnum, í þeirri n., sem samkv. l. frá 30. jan. 1945, 2. gr., skal kjósa til þess að annast um undirbúning að veitingu sérleyfa á fólksflutningum með bifreiðum. Það hefur þótt vera til baga, að ekki hafa verið varamenn í þessari n. Aðalatriði frv. er þó það, að lagt er til með því, að sérleyfin skuli gilda í 5 ár í stað þess, að í gildandi l. er sérleyfistímabilið ákveðið 3 ár. Það hefur komið í ljós, að þessi tími er of skammur, vegna þess m. a., að komið hefur í ljós upp á síðkastið, að mjög er erfitt að afla stórra bifreiða, nema með ærnum kostnaði, og halda þeim við og endurnýja þær, svo sem þarf, þó að ekkert slys beri til. Sérleyfishafar hafa því eðlilega farið fram á það við ráðuneytið, að það sæi um, að sérleyfistíminn yrði ekki svo skammur sem ákvarðað var, og hafa sætt sig við, að fimm ára tími væri nægilegur til þess, að þeir gætu lagt í nauðsynlegan kostnað við rekstur fólksflutninganna án þess að eiga á hættu að verða sviptir réttinum, sem sérleyfin veita, of fljótt. — Og í sambandi við þetta þykir einnig rétt, og er hér lagt til, að n., sem hafa skal á hendi skipulagningu fólksflutninga, verði kosin til fimm almanaksára, en ekki þriggja, eins og á að gera eftir gildandi lögum.

Loks er í frv. gerð till. um, að við 7. gr. l. bætist ný málsgr., um það, að n. sú, sem skipuð er samkv. 2. gr., og sú stofnun, sem fer með stjórn þessara mála í umboði ráðh. — sem varð að samkomulagi, að væri póststjórnin eða önnur stofnun —, skuli hafa sem nánasta samvinnu. Hefur samgmn. þessarar hv. d. látið þetta ákvæði haldast í frv., þó að hér sé að vísu aðeins um góða ósk að ræða, sem mætti vera til hvatningar þess, að nokkuð ákveðin samvinna, sem hentar öllum aðilum, gæti átt sér stað á milli þessara stofnana, sem hvor tveggja er nauðsynleg til aðalumráða málsins í framkvæmdinni.

Af þessum ástæðum þykir samgmn. rétt að mæla með því, að frv. nái fram að ganga, og er það komið á síðasta stig í þessari hv. þd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 192, n. 435).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Eins og þetta frv. ber með sér, er það flutt að tilmælum hæstv. samgmn. í Nd., og hefur það farið í gegnum allar umr. þar, án þess að gerðar væru við það nokkrar breyt. Og er þetta frv. nú komið þetta áleiðis hér í hv. d.

Það er ekki hægt að segja, að hér sé um stórvægilegt mál að ræða, heldur sé hér miklu fremur smávægileg lagfæring á þeirri löggjöf, sem þar er til grundvallar, og að sumu leyti til samræmingar.

Eins og frv. ber með sér, þá er það mergur þessa máls að samræma það tímabil, sem sérleyfin gilda og n. sú situr, sem l. gera ráð fyrir, að höfð verði til ráðuneytis um áætlanir bifreiða, þannig að það skuli vera 5 ára tímabil í staðinn fyrir 3 ár, eins og verið hefur. Einnig er gert ráð fyrir, að auk þeirra 5 aðalmanna, sem eigi sæti í n., skuli einnig vera, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr., 5 menn til vara. Það er að vísu ekki tekið fram hér, hvernig þessir 5 menn séu kjörnir eða skipaðir, en ég geri ráð fyrir, að það sé sjálfsagt — og þarf því ekki sérstaklega að taka það fram —, að þeir skuli vera skipaðir á sama hátt og aðalmennirnir 5, sem fyrir eru samkv. l.

Eins og ég drap á, þá er gert ráð fyrir því, að n., sem hefur þessi sérleyfismál til meðferðar, skuli sitja 5 ár. Þessi till. um tímabilsbreytingu mun vera fram komin frá samgmrn., og mun það vera meiningin, að það verði til eins konar öryggis, að með þessu skapist líkur fyrir meiri festu í þessum málum. Það munu og þykja líkur fyrir því, að sérleyfishafar finni meira öryggi í þessu og muni fúsari til þess en ella að leggja í þann kostnað, sem þarf til þess að fá góðar og hentugar bifreiðar og fleiru í því sambandi.

Þá er í 2. gr. frv. drepið á póstflutninga, sem sérleyfishafarnir skulu hafa, og er það ákvæði sett til þess að hafa hönd í bagga með þeim málum nokkru meir en verið hefur, fyrst og fremst að það sé alveg á hreinu, til hvers sérleyfishafarnir séu skyldir í þessum efnum og á hvern hátt, sem virðist geta verið dálítið vafasamt eftir eldri reglum, þar sem þeir eiga að flytja eitthvert magn — væntanlega aðalmagn — pósts án endurgjalds. En hér eru þeir skyldaðir til þess að flytja yfirleitt allan meginhluta pósts, og verði þeim greitt fyrir það samkv. gjaldskrá, sem sett verður af ráðuneytinu. Eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv., er það allt miklu hreinna og tekið fastari tökum en gert er í l. nú. Hér er um aukna skyldu að ræða, sem sérleyfishöfunum er lögð á herðar með því að flytja yfirleitt allan póst, en fyrir ákveðna borgun.

Þá er í 3. gr. frv. gert ráð fyrir því, að n., sem gert er ráð fyrir að skipa samkv. 2. gr., og sú stofnun, sem fer með þessi mál, skuli hafa nána samvinnu. Sýnist það reyndar sjálfsagður hlutur. En hins vegar er það að gefnu tilefni, þó að ég kunni ekki um það að segja, að ástæða þykir til

þess að gefa bendingu um það í lagasetningu, að þarna skuli vera samstarf, en ekki geti hver farið eftir eigin geðþótta.

Frv. var til umr. í samgmn. d., og voru allir nm., sem viðstaddir voru, sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. var fjarstaddur, eins og nál. ber með sér, enda hefur hann skrifað undir nál. með fyrirvara og hefur að því leyti öðlazt lausamennskubréf um afstöðu sína til málsins.

Að svo mæltu vil ég samkvæmt því, sem ég hef tekið fram, leggja til, að frv. nái samþykki hv. deildar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 450).

---

42. Menntun kennara.

Á 9. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um menntun kennara (þmfrv., A. 94).

Á 16. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Á síðasta fjárlagaþingi flutti menntmn. þessarar hv. d. frv. um æfinga- og tilraunaskóla. Það var 99. mál þingsins á þskj. 173. Þetta frv. var samið af mþn. í skólamálum og flutt að beiðni hæstv. menntmrh. Örlög þess urðu þau á þinginu, að þessi hv. d. afgreiddi það breytingalaust, en það dagaði síðan uppi í hv. Ed. Menntmn. flutti einnig á sama þingi frv. um menntun kennara, sem var 100. mál þingsins á þskj. 174. Þetta mál var á sama hátt undirbúið, sem sé samið af mþn. í skólamálum og flutt að beiðni menntmrh. Menntmn. þessarar hv. d. tók það mál til mjög rækilegrar athugunar. Hélt n. um það marga fundi og ræddi það við ýmsa aðila, þar á meðal og fyrst og fremst við aðila frá Háskóla Íslands, en frv. tók nokkuð til starfa hans. Niðurstaðan varð sú, að ekki gat orðið fullt samkomulag við þá aðila frá háskólanum, sem um málið ræddu við n., í þeim búningi, sem það þá lá fyrir í. Menntmn. þótti þá rétt, að mjög vel athuguðu máli, að afgreiða ekki málið á því þingi, en freista þess að fá um það samkomulag milli aðila háskólans og annarra, sem um málið höfðu fjallað. Málið dagaði því uppi í þessari hv. d., þó að menntmn. hefði haft það til mjög rækilegrar meðferðar og komið sér saman um nokkrar breyt. á því. Síðan hefur mþn. í skólamálum haft þessi frv. bæði til endurskoðunar. Sú varð niðurstaðan af því, að þeim var steypt saman í eitt frv. Háskólinn hefur rætt um þann kafla þessa frv., sem hann varðar, og varð í haust fullt samkomulag milli mþn. í skólamálum og háskólaráðs og heimspekideildar háskólans um það, í hvaða formi málið skuli lagt fyrir Alþ. Málið er því komið hér á ný að beiðni hæstv. menntmrh. og flutt af menntmn., og þá í því formi, sem samkomulag varð um milli þeirra aðila, sem ég áður hef getið um.

Að sjálfsögðu væri hægt að stytta framsögu fyrir málinu mjög og vísa til þess, að á síðasta þingi var höfð allýtarleg framsaga hér í þessari hv. d. fyrir því og að þá fylgdi því næsta nákvæm grg. En mér þykir þó rétt að geta nokkurra höfuðatriða varðandi þetta frv., sem nú liggur hér fyrir, sem er 66. mál á þskj. 94. Tilgangurinn með þesssu frv. er sá að skipa í eina heild öllum lagaákvæðum, sem varða kennaramenntun og sérstaklega uppeldisfræðslu með þjóð vorri, og að búa þeim skólum, sem um þessi mál fjalla, stað í því nýja skólakerfi, sem lögfest var á síðasta þingi.

I. kafli frv. fjallar um Kennaraskóla Íslands. Sá kafli má heita með öllu óbreyttur frá því, sem hann var lagður fyrir á síðasta fjárlagaþingi. Og breyt. frá núgildandi l. um Kennaraskóla Íslands eru ekki ýkja stórvægilegar. En þær helztu af þeim eru, að kennaraskólanum er skipað sæti í hinu nýja skólakerfi með þeim hætti, að miðskólapróf bóknámsdeildar er gert að inntökuskilyrði í skólann. M. ö. o., þar eru sett sömu inntökuskilyrði og í menntaskólum landsins. Þetta er ekki svo stór breyt. sem margir ætla, því að á undanförnum árum hafa verið inntökupróf í skólann með álíka kröfum og tveggja ára gagnfræðaskólapróf samkv. eldri l., og próflaust hafa nemendur mátt ganga í kennaraskólann, ef þeir hafa haft þetta próf. En hér er lagt til, að sömu reglur um inntökuskilyrði verði í kennaraskólanum og í menntaskólunum og að kennaraskólinn verði 4 ára skóli, m. ö. o., að þar sé um nákvæmlega sama námstíma að ræða og hjá menntaskólunum.

Þá er það nýlunda í þessu frv., að lagt er til, að kennarapróf fái að nokkru leyti sama gildi og stúdentspróf. Það er gert ráð fyrir, að í reglugerð megi ákveða, að próf í þeim námsgreinum, sem lokið hefur verið prófi í við kennaraskólann, skuli hafa stúdentsprófsgildi. Það þýðir, að tilgreina má í reglugerð, í hvaða námsgreinum kennarapróf hafi slíkt gildi, þannig að ef nemandi síðar óskar að ná stúdentsprófi, þurfi hann ekki að taka próf í þeim námsgreinum, heldur verði einkunnir hans við kennarapróf færðar inn á stúdentsprófskírteinið. Lagt er hér til, að um menntaskólana gildi gagnkvæmt þessu við kennaraskólapróf. Það er lagt hér til, að heimilt sé að ákveða í reglugerð, að stúdentspróf í vissum greinum skuli á sama hátt hafa gildi við kennarapróf, þannig að stúdentar, sem óska að taka fullgilt kennarapróf, þurfi ekki til þess að þreyta próf í þeim greinum, sem þeir hafa stúdentspróf í, heldur verði einkunnir frá stúdentsprófi í þeim greinum færðar inn á kennaraprófskírteini þeirra.

Þá er það nýlunda í þessu frv., að kennaraskólanemendur, sem prófi ljúka, og stúdentar öðl-

ast rétt til þess að stunda nám í sérstakri deild, sem lagt er til, að stofnuð verði við Háskóla Íslands, og ætla ég þá, að upp séu taldar þær breyt., sem lagt er til í þessu frv., að gerðar verði á högum kennaraskólans.

II. kafli frv. hljóðar um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Það er sá kafli, sem ekki tókst að ná um samkomulagi við fulltrúa háskólans á síðasta ári, sem varð til þess, að málið tafðist. Í þeirri mynd, sem þessi kafli liggur hér fyrir nú, er ætlazt til þess, að við heimspekideild háskólans verði komið á fót kennslustofnun í uppeldisvísindum, og að að þeirri stofnun eigi aðgang til þess að stunda nám þeir, sem lokið hafa kennaraprófi og stúdentsprófi. Þessi stofnun á aðeins að fjalla um uppeldisvísindi og önnur þau fræði, sem hagnýt eru þeim, sem við kennslu fást og uppeldisstörf. En eins og frv. var lagt fyrir á síðasta þingi, var starf þessarar stofnunar áætlað nokkru víðtækara. Þá var gert ráð fyrir, að hún veitti einnig nemendum ýmsa fræðslu í þeim sérgreinum, sem þeir ætluðu að verða kennarar í, og undirbyggju þá þannig bæði til þess að takast á hendur kennslu við skóla gagnfræðastigsins og aðra skóla innan fræðslukerfisins. Háskólinn vildi ekki taka upp þetta fyrirkomulag. Hann vildi skorða þessa deild við uppeldisvísindi, en að aðrir skólar veittu kennaraefnum fræðslu í sérgreinum, sem þeir ætluðu að gera að starfi sínu að kenna. Áður hefur verið á það bent af háskólans hálfu, að hvað íslenzku og íslenzk fræði snerti væri auðvelt að koma þessu við í sambandi við norrænudeild háskólans, hvað tungumál snerti væri kennt við háskólann í svo kallaðri A-deild, og mundu kennarar, sem ætluðu að kenna tungumál, geta stundað sérnám sitt þar, og loks var bent á það, að till. hefðu legið fyrir um að koma upp kennslu í náttúruvísindum í sambandi við Atvinnudeild háskólans. Mþn. í skólamálum hefur fallizt á þetta sjónarmið háskólans. Menntmn. þessarar hv. d. hefur að vísu ekki rætt þetta atriði málsins til neinnar hlítar. En ég hygg þó, að menntmn. muni fallast á þessar till. eins og þær liggja nú fyrir.

III. kafli frv. fjallar um æfinga- og tilraunaskólann, og er hér um að ræða það frv., sem lá fyrir síðasta þingi, óbreytt að kalla, eða raunverulega má segja alveg óbreytt. En í þessu sambandi vil ég minna á, að það frv. var á sínum tíma fram borið til þess að fullnægja ákvæðum í l. um Kennaraskóla Íslands, sem eru l. nr. 50 frá 14. apríl 1943. En þar segir í 9. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Stofna skal, svo fljótt sem því verður við komið, æfingaskóla í sambandi við Kennaraskólann með öllum ársdeildum venjulegra barnaskóla.“ Með þessum kafla frv. erum við að leggja drög að því, að þetta ákvæði hinna gömlu kennaraskólal. verði uppfyllt, og ætla ég, að engar deilur standi um það, að ríka nauðsyn beri til þess, að kennaraskólinn eignist slíka stofnun, þar sem kennaraefni geti stundað verklegar æfingar í námsgreinum sínum. Ætla ég ekki, að deilur standi um það, að nauðsynlegt sé fyrir uppeldisvísindi í landinu að hafa slíkan skóla til þess að reyna nýjar kennsluaðferðir og gera vísindalegar tilraunir um árangur þeirra.

Þessir tveir kaflar, II. og III. kafli, eru þau einu nýmæli, sem nokkru skipta, sem felast í þessu frv., og þykir mér ekki ósennilegt, að hv. þm. muni spyrja, hvort þau muni ekki hafa mikinn nýjan kostnað í för með sér. Því er ekki að leyna, að kaflinn um kennslustofnun í uppeldisvísindum við háskólann hlýtur að hafa nokkuð verulegan aukinn kostnað í för með sér. Það er gert ráð fyrir því, að þar verði nýr maður kvaddur til starfa, og verður hann að sjálfsögðu á dósentslaunum. Og einnig er rétt að gera ráð fyrir því, að kaupa verði nokkra aukakennslu, en reynslan ein getur úr því skorið, hve miklu það muni nema. En hitt ætla ég sjálfsagt, að ef við eigum að fá okkar kennslu- og skólamál í æskilegt horf, þá hljóti þessi deild að stækka með tíð og tíma og þeim mönnum að fjölga, sem leita sér þangað fræðslu til þess að undirbúa sig fyrir æfistarf sitt sem kennarar.

Um æfinga- og tilraunaskólann er það að segja, að ég tel ekki sennilegt, að hann hafi í för með sér mikið aukin útgjöld. Nokkrir af þeim kennslukröftum, sem nú starfa við kennaraskólann, mundu færast yfir á þennan skóla. Þó hygg ég vafalaust, að það þyrfti að bæta nokkrum kennslukröftum þar við. En þó mundu þau börn, sem stunda nám við þennan skóla, ekki þurfa að stunda nám í öðrum skólum, og mundi við það sparast húsnæði við aðra barnaskóla þessa bæjar. M. ö. o., þessum börnum mundi með þessum skóla vera séð fyrir lögboðinni fræðslu. Og sá kostnaður, sem mundi verða meiri við þennan skóla en aðra skóla fyrir börn, mundi ekki verða meiri en sem svaraði launum þeirra manna, sem mundu flytjast frá kennaraskólanum yfir til þessa skóla.

IV. kafli frv. er um Íþróttakennaraskóla Íslands. Sú stofnun starfar nú á Laugavatni, og eru hér í raun og veru ekki gerðar neinar verulegar breyt. á hennar högum, aðrar en þær, að krafizt er kennaraprófs til inngöngu í skólann fyrir þá nemendur hans, sem ætla sér að öðlast rétt til að vera íþróttakennarar. Það þótti sjálfsagt að gera ekki minni kröfur til þeirra manna um almenna menntun, sem verða sérkennarar í íþróttum, heldur en til annarra kennara. En ég tek skýrt fram, að að sjálfsögðu er mönnum heimilt að stunda nám við Íþróttakennaraskólann, þó að þeir ekki hafi lokið kennaraprófi. En þeir öðlast þá ekki rétt til þess að vera kennarar við íþróttaskóla landsins. Hins vegar geta þeir haft með höndum leiðbeiningarstarfsemi hjá íþróttafélögum og verið leiðbeinendur á ýmsan hátt í íþróttamálum.

V. kafli frv. er um Handíðakennaraskóla Íslands. Sú stofnun er enn ekki til, en handíðaskóli er starfandi hér í Rvík, og hefur hann m. a. haft það hlutverk með höndum að veita kennaraefnum, sem stundað hafa nám í kennaraskólanum, kennslu í ýmsum handíðum, ef þeir hafa haft í hyggju að gerast sérkennarar síðar í þeim greinum við barnaskóla. Það skal tekið fram, að handíðaskólinn hefur notið styrks frá ríkinu sem svarar þeim kostnaði, sem hann hefur haft af þessari kennslu fyrir kennaraefnin. Hér er lagt til, að sett verði lagaákvæði um þetta, og gert ráð fyrir, að stofnaður verði handíðaskóli, sem verði ríkisskóli og starfi sem liður í því kerfi, sem hér er verið að byggja upp utan um kennaramenntunina. En meðan ekki verður að því ráði horfið að stofna þennan skóla sem ríkisskóla, þykir rétt að heimila að halda þeim hætti, sem nú er, að fela handíðaskólanum, sem er hér í Rvík, þetta starf og greiða úr ríkissjóði

þann kostnað, sem verður af kennaradeild við þann skóla.

Hér eru gerð sömu inntökuskilyrði eins og í íþróttaskólann, sem sé þau, að nemandi hafi lokið kennaraprófi, því að ekki þykir hlýða að gera minni almennar kröfur til þeirra, sem ætla að kenna verklegar greinar, en annarra kennara. Að sjálfsögðu gildir svo sama regla og við íþróttakennaraskólann, að mönnum sé heimill aðgangur að honum, þó að þeir hafi ekki kennarapróf, en fái þá ekki rétt til að vera kennarar við slíka skóla.

VI. kaflinn er um húsmæðrakennaraskóla. Hann er nú til starfandi samkv. l. Er líkt um hann að segja og íþróttakennaraskólann, að hér er fyrst og fremst sú breyt. gerð á, að krafizt er kennaraprófs til inntöku í skólann fyrir þá nemendur, sem ætla að verða sérkennarar í þeim fræðum, sem skólinn fjallar um.

Síðast er VII. kafli frv. Hann fjallar um réttindi og skyldur kennara, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þann kafla. Ákvæði hans eru almenns eðlis og hliðstæð því, sem komið er inn í þau l., sem samþ. voru á síðasta þingi um fræðslumál þjóðarinnar yfirleitt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta mál í þessari framsögu, en vísa aftur til þeirrar ýtarlegu framsögu, sem fylgdi þessu frv. á síðasta þingi. Ég býst ekki við, að menntmn. telji sig þurfa að fjalla mjög mikið um þetta mál fram yfir það, sem orðið er, svo ýtarlega meðferð sem það hlaut af n. á síðasta þingi. Að sjálfsögðu er þó n. ljúft og skylt að taka til athugunar aths. og brtt., sem fram kunna að koma hjá hv. þm., hvort sem er við þessa umr. málsins eða aðrar umr.

Ég vil svo óska, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 18. og 19. fundi í Nd., 15. og 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
16.—22. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
23.—30. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
31.—36. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
37.—47. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
48.—55. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 94, 140, 147).

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Menntmn. hefur tekið frv. þetta til athugunar á tveimur fundum milli umr. Borizt hafa aths. frá fleiri en einum aðila, sem n. þótti rétt að taka til athugunar. Bent var meðal annars á, að milli 8. og 9. gr. frv. væri ekki fullt samræmi. Tekið er fram í 8. gr., að með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, megi ákveða, að stúdentspróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, erlendum tungumálum, náttúrufræði, landafræði og sögu, hafi kennaraprófsgildi. En í 9. gr. segir, að með reglugerð frá fræðslumálastjórn megi ákveða, að kennarapróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku, íslenzkum fræðum, ensku, Norðurlandamálum, kristnum fræðum og sögu, hafi stúdentsprófsgildi. Nú vildi kennaraskólinn, að samræmi væri milli þessara námsgreina, sem taldar eru upp í 8. og 9. gr., og hefur n. fallizt á þessa breyt. til samræmingar. Mér þykir rétt að benda á, að hér er aðeins um heimild að ræða fyrir fræðslumálastjórn. N. þótti rétt að hafa hér samræmi á milli, og að þessu stefnir fyrsta brtt. hennar.

Önnur brtt. n. varðar 10. gr. frv., þar sem um er að ræða kennsluskyldu og lagt til, að skyldustundir verði 27 á viku, ef miðað er við 45 mínútna kennslustund. Í frv. til l. fyrir menntaskóla er horfið að því, að skyldustundir verði 24—27 á viku, og telur fræðslumálastjórn, að það yrði þannig framkvæmt, að skyldan lækki um eina stund á 5 ára fresti, þannig að eftir 5 ár verði hún 26 stundir á viku og eftir 15 ár 24 stundir. Nú er gert ráð fyrir því, að menntaskólarnir og kennaraskólinn verði hliðstæðar stofnanir, og þótti því n. hlýða að breyta þessu atriði til samræmis við það, sem lagt er til í frv. til l. um menntaskóla.

Þriðja brtt. n. er viðvíkjandi 14. gr., en af henni, eins og hún er nú, mætti ráða, að heimspekideild háskólans gæti ráðið aukakennara til starfa við kennslustofnun í uppeldisvísindum, án þess að leita samþykkis veitingavaldsins, og um leið er gert ráð fyrir því, að laun þessara aukakennara yrðu greidd úr ríkissjóði. Taldi n. þetta of víðtæka heimild og leggur því til, að aftan við síðari málsgr. 144. gr. komi: eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum.

Rétt þykir mér að geta þess, að n. barst bréf frá skólanefnd íþróttaskólans á Laugarvatni, þar sem farið er fram á breytingar. Vildi skólanefndin, að numið yrði úr 23. gr. ákvæðið um, að íþróttakennaraskólinn gæti starfað annars staðar en á Laugarvatni, og gera aðrar breyt., er leiddi af brottfellingu þess ákvæðis. N. í heild gat ekki fallizt á þetta, en hv. þm. A-Sk. (PÞ) hefur flutt brtt. sama efnis á þskj. 140. Tel ég þetta atriði litlu máli skipta. Frv. í þeirri mynd, sem það er nú, er þannig af því, að mþn. í skólamálum varð þess áskynja, að menn voru ekki á einu máli um, að skólinn skyldi starfa á Laugarvatni, en ég geri hvorki að mæla með eða móti till. hv. þm. A-Sk. um þetta atriði. Rétt þykir mér og að geta þess, að sama skólanefnd fór einnig fram á þá breyt., að við skólann yrðu tveir fastir kennarar auk skólastjóra í stað eins áður, en menntmn. vildi ekki heldur fallast á þetta atriði.

Páll Þorsteinsson: Hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) hefur nú gert skýra grein fyrir afstöðu n. í heild. Ég hafði að sumu leyti sérstöðu í n., og hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 140, sem ég vildi nú gera nokkra grein fyrir.

Eins og menn vita, hefur Íþróttakennaraskólinn verið fyrir þá, sem ætluðu að verða kennarar eða hafa á hendi leiðbeiningar um íþróttamál. Þar sem skólinn hefur starfað á Laugarvatni og það með góðum árangri og er kominn þar á fastan grundvöll, legg ég á móti því, að því sé haldið opnu að flytja skólann til annars staðar. Þar sem raddir hafa heyrzt um að flytja skólann til Rvíkur, vil ég taka það fram, að ég get ekki fallizt á það og vil ekki, að óákveðið sé, hvar skólinn starfi. Ég vil enn fremur geta þess í framhaldi af ræðu hv. frsm., að skólanefnd Íþróttaskólans leitaði álits íþróttafulltrúa, og í bréfi frá honum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reynslan hefur sýnt, að skólinn er vel settur á Laugarvatni. Til þess að slík stofnun geti sem bezt sinnt öllum starfsþáttum sínum, er hún bezt staðsett utan bæja. Þessi reynsla er í samræmi við reynslu nágrannaþjóðanna. Danir eru ekki ánægðir með staðsetningu á íþróttakennaraskóla sínum í Kaupmannahöfn. Vilja flytja hann út fyrir bæinn. Sama er að segja um Norðmenn. Íþróttasamband Svía og fimleikasamband Svía reistu íþróttaskóla sína utan Stokkhólms, því að reynslan hafði sýnt þeim, að íþróttakennaraskóli Svía var illa settur í Stokkhólmi. Sama er að segja um Finna. Svisslendingar eru að ráðgera að reisa íþróttaskóla og eru þeir ákveðnir að reisa hann utan borganna og eru nú að gera upp á milli þriggja staða í sveit. Meðan skólinn er að komast í fast form, gæti slíkt ákvæði (um að flytja megi skólann) í lögum verið skólanum til trafala."

Þetta segir íþróttafulltrúi fyrir hönd skólanefndar Íþróttakennaraskólans. Mér finnst sjálfsagt að taka þetta til greina, og mun ekki frekar orðlengja þetta, en vænti þess, að hv. d. taki þetta til athugunar.

Jónas Jónsson: Ég sé ekki ástæðu til að tala um þetta mál í heild, þar sem það er komið á þetta stig, en ég vildi víkja nokkrum orðum að því, sem hv. þm. A-Sk. sagði.

Það mun hafa verið árið 1932, að íþróttakennsla var hafin á Laugarvatni. Áður áttu menn ekki kost á slíkri kennslu innanlands og lærðu menn þá í ýmsum löndum og eftir ólíkum kerfum og olli þetta glundroða og þótti mjög óþægilegt. En síðan 1932 hefur Björn Jakobsson haldið uppi íþróttakennslu á Laugarvatni, með miklum dugnaði og ósérplægni. Þegar Íslendingar hugsuðu sér að keppa í íþróttum á erlendum vettvangi, sáu menn, að nauðsynlegt var fyrir íþróttafólk, að einhver miðstöð væri til íþróttakennslu og iðkana, og þegar ákveðið var á Alþingi 1932 að stofna til slíkrar kennslu, töldu menn, að skólinn væri bezt settur í sveit og þá helzt á Laugarvatni, og studdu þetta m. a. íþróttafrömuðirnir Benedikt Waage, Jón Þorsteinsson og Erlingur Pálsson og töldu, að skólinn yrði ekki rekinn með eins góðum árangri hér í bænum eins og á Laugarvatni. Síðan hefur verið lagt í kostnað á Laugarvatni og skilyrði bætt, en bærinn stækkað að mun. Að Laugarvatni þyrfti að reisa heimavistarhús fyrir 20—25 fasta námsmenn, sem tækju svo sem eins eða tveggja ára kúrsus, en fyrir þá, sem kæmu aðeins á stutt námskeið, þyrfti ekki eins vandað húsnæði. Mætti t. d. notast við sameiginlegt svefnloft.

Ég vil undirstrika það, sem stendur í bréfi íþróttafulltrúa, að óeðlilegt sé að hafa ákvæði í l. um, að flytja megi skólann, og vildi ég spyrja í því sambandi, hver ætti að flytja skólann. Þetta ákvæði er engri löggjöf samboðið, og tel ég því tvímælalaust, að samþykkja beri till. hv. þm. A-Sk.

Síðastliðið sumar lögðu íþróttamenn okkar á sig miklar ferðir til þess að keppa á erlendum vettvangi og urðu þá landinu til mikils sóma. En það er ekkert vit að halda uppi keppni við erlenda íþróttamenn, ef ekki er til í landinu góður íþróttakennaraskóli. Það er því mikil vanhyggja af hv. menntmn. að vilja ekki hafa fleiri en 2 fasta kennara við skólann. Greinar íþrótta eru margar og fjölbreyttar og því ekki hægt að ætlast til, að tveir menn geti verið spesíalistar í þeim öllum. Úti í Ameríku eru nú tveir Íslendingar, piltur og stúlka, að stunda íþróttanám, og hafa þau til þess styrk. Það minnsta, sem hægt væri að gera, væri að fá þau bæði, að loknu námi, að Íþróttakennaraskólanum, og þyrfti þó fleiri kennara, ef vel ætti að vera. Enginn vafi er á því, að skólinn er bezt kominn í sveit, enda höfum við þar fordæmi allra Norðurlandaþjóðanna og enn fremur Svisslendinga, er stefna að því að koma öllum íþróttacentrum sínum upp utan borganna. Erlingur Pálsson, sem manna mest hefur þjálfað lögregluna hér, hefur sagt, að hann hafi náð margföldum árangri þegar hann hafði lögregluþjónana í heimavist uppi á Laugarvatni. Menn geta gert sér í hugarlund, hvernig aðstæðurnar eru til æfinga, þegar sumir nemendurnir búa í Skerjafirði, aðrir í Kleppsholti o. s. frv. Úr þessu verður ekkert samhengi.

ATKVGR.

Brtt. 147,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 147,2 samþ. með 15:4 atkv.
— 147,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 140,1 samþ. með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, PÞ, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, EmJ, GÞ, GSv, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JJ.

nei: KTh, SigfS, SG, SEH, EOl, HB.

HermG greiddi ekki atkv.

11 þm. (LJós, ÓTh, PO, SB, SK, ÁkJ, BÁ, EystJ, FJ, GTh, BG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., 2. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 152).

Á 27. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 152, n. 326).

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Á síðasta fjárlagaþingi voru flutt hér tvö frv., ann-

að um æfinga- og tilraunaskóla, en hitt um menntun kennara. Fyrra frv. náði samþykki Nd. og fór gegnum 1. umr. í þessari d. og til n., en fékk þar ekki afgreiðslu, en frv. um menntun kennara fór gegnum eina umr. í Nd. og svo til menntmn. þeirrar d., en ekki lengra. Og ástæðan til þess, að bæði strönduðu, var m. a. sú, að það þótti við athugun réttara að steypa þessi tvö frv. saman í eina heild, sem nú hefur verið gert, og koma till. úr báðum frv. fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir.

Það má segja, að þær till., sem hér liggja fyrir, séu aðeins eðlileg lausn á því viðfangsefni, sem hér er um að ræða, og aðeins þáttur í þeirri löggjöf í skólamálum, sem samþ. var á síðasta þingi, þáttur, sem verður að koma, ef hitt á ekki að verða að meira eða minna leyti hégómi. En af því að þetta mál fór umræðulaust til menntmn. þessarar d. við 1. umr., vil ég leyfa mér að gera nokkra grein fyrir því, hvaða breyt. hér er um að ræða frá eldri l., og eins ný ákvæði, sem ekki hafa verið í l. áður.

I. kafli fjallar um Kennaraskóla Íslands. Það er ekki hægt að segja, að veruleg breyt. sé gerð á l. um hann. Síðast voru samþ. l. um hann 1943, og breyt. þær, sem hér er um að ræða, eru nokkrar, en ekki stórvægilegar.

Í fyrsta lagi er sú breyt. gerð, að kennslutíminn verður 8 mánuðir í stað 7 mánaða í eldri l.

Í öðru lagi er sú breyt. gerð, að aldurstakmarkið til að fá inntöku í skólann er 16 ár, en ekki 17 eins og verið hefur. Er þetta gert í samræmi við annað ákvæði um undirbúningsmenntunina, en þar er það ákvæði, að í undirbúningsmenntun undir skólann þurfi nemendur að hafa tekið miðskólapróf við bóknámsdeild gagnfræðaskóla í staðinn fyrir, að áður þurfti 2 vetra gagnfræðanám til þess að fá inntöku. Nú er þannig gert ráð fyrir í l. um gagnfræðaskóla, að miðskólaprófi skuli vera lokið við 16 ára aldur. Það þótti ekki rétt að hafa bil á milli, heldur væri réttast að heimila nemendum, sem hefðu lokið miðskólaprófi, að ganga inn í kennaraskólann, þegar því væri lokið.

Þá eru hér í 8. og 9. gr. ákvæði, sem ekki hafa verið í l. áður. Þau eru þannig, að það skuli gilda gagnkvæm réttindi um kennaraskólann og menntaskólana, þannig að nemendur úr hvorum fyrir sig geti gengið inn í hinn án þess að taka sérstök próf í þeim fræðum, sem kennd eru sameiginlega í báðum skólunum. Það hefur að vísu áður verið praktiserað og mun hafa staðið í reglugerð hvað við kemur stúdentum, að þeir hafa farið í kennaraskólann, tekið þar uppeldisfræði, tekið próf í þeim fræðum og síðan öðlazt full kennararéttindi, en hér er svo ákveðið, að þetta er sett í l. um stúdenta og ákveðið, að með reglugerð megi heimila, að kennaraskólapróf í almennum námsgreinum skuli gilda sem stúdentspróf í þeim greinum og að menn útskrifaðir úr kennaraskólanum þurfi ekki að taka próf í þeim námsgreinum, ef þeir ganga undir stúdentspróf.

Ég hef þá gert grein fyrir öllum aðalbreyt. á tilhögun kennaraskólans.

Þá er II. kafli í frv., sem fjallar um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Í 37. gr. l. um gagnfræðanám er svo ákveðið, að til þess að verða kennari við skóla gagnfræðastigs skuli í fyrsta lagi verða að uppfylla skilyrði um almenna menntun kennara og til viðbótar hafa stundað 1—2 ára nám við háskóla í þeirri fræðigrein, sem ætlazt er til, að verði aðalkennslugrein hlutaðeigandi manns við viðkomandi skóla. Hins vegar er það af flestum talið mjög æskilegt, að kennarar við barnaskóla geti einnig átt kost á að stunda meira framhaldsnám en hægt mun verða að veita við kennaraskólann, þó að hann verði 4 ára skóli, sambærilegur við menntaskólana, en til þess að fullnægja þessu skilyrði, sem er hér komið í l., þá er gert ráð fyrir að stofna kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, svo fljótt sem aðstaða er fengin til að hafa tilraunakennslu í sambandi við kennaraskólann. Hlutverk þessarar stofnunar á að vera að mennta kennara betur í uppeldisvísindum en tök yrðu á í kennaraskólanum, þá sem æskja eftir því framhaldsnámi. Enn fremur eru hér ákvæði um kennsluna í þessari deild, að hún skuli veita barna- og unglingakennurum framhaldsmenntun og búa þá, sem lokið hafa kennaraprófi, undir kennslu við miðskóla og gagnfræðaskóla.

Þá er eitt atriði. Í frv. því, sem var til meðferðar í fyrra vetur, var gert ráð fyrir því, að þessi kennaradeild við háskólann skyldi ekki eingöngu veita stutta framhaldsmenntun í uppeldisvísindum, heldur einnig í öðrum námsgreinum, sem kynni að þurfa að leggja stund á til að fá rétt til að kenna við gagnfræðaskóla. Ein ástæðan til þess, að þetta frv. dagaði uppi, var sú, að háskólinn vildi ekki fallast á þetta, vildi hins vegar binda þetta alveg við uppeldisvísindin, en aðrar deildir háskólans skyldu kenna aðrar þær fræðigreinar, sem menn þyrftu að leggja stund á. Í samræmi við þessar óskir háskólans er gert ráð fyrir í þessum kafla, að heimspekideild Háskóla Íslands annist kennsluna í uppeldisvísindum, en aukakennurum, er heimspekideild ræður, skuli falin önnur kennsla. Enn fremur er hægt, að vísu ekki nema fyrir stúdenta, að taka hin svo kölluðu AB-próf í tungumálum, sem hafa verið ákveðin ekki fyrir löngu. En ég vil benda á, að þetta er samkvæmt till. háskólans sjálfs, að þessu hefur verið breytt frá því, sem var í frv. á síðasta fjárhagsþingi.

Þá er III. kafli frv., sem fjallar um æfinga- og tilraunaskóla. Hér er um að ræða að nokkru leyti nýmæli, en þó ekki að öllu leyti, vegna þess að 9. gr. núverandi l. um kennaraskólann ákveður svo, að stofna skuli æfingaskóla við kennaraskólann. Þeir, sem eru kunnugir því, hvernig möguleikar hafa verið á að viðhafa æfingakennslu við kennaraskólann, hafa viðurkennt fyrir löngu, að full þörf sé á umbótum á því sviði, því að aðbúnaður sé þar mjög slæmur vegna húsnæðisleysis. Æfingadeildinni hefur verið ætluð ein léleg stofa í kjallara. Hún hefur að vísu fengið nokkurt viðbótar húsnæði undanfarin ár í húsi, sem þó er alls ekki byggt sem slíkt, Grænuborg. Þetta hefur gert mun erfiðara en skyldi að hafa æfingakennsluna í eins góðu lagi og þurft hefði. Þetta var líka Alþingi ljóst 1943, þegar það gekk frá hinum nýju l. um kennaraskólann, þar sem svo var ákveðið, að svo fljótt sem við yrði komið skyldi stofnaður æfingaskóli með öllum ársdeildum barnaskóla, þar sem hægt væri að hafa æfingakennsluna í fullkomnu lagi. Í frv. er þessi stefna tekin upp og henni sniðnar fastari skorður og sett um stofnunina þau ákvæðnu ákvæði, sem um er að ræða hér. Auk þess er gert ráð fyrir því, að þessi stofn-

un skuli ekki eingöngu hafa það hlutverk með höndum að veita kennaraefnum æfingu, heldur einnig rannsóknir og tilraunir í þágu uppeldismálanna, svo að þar geti fengizt niðurstöður, sem gagn megi að verða.

IV. kafli frv. fjallar síðan um Íþróttakennaraskóla Íslands. Það er stofnun, sem hefur verið starfrækt nokkur ár á Laugarvatni. Ekki eru stórvægilegar breyt. gerðar á ákvæðunum um hann, heldur eru l. um hann fyrst og fremst felld inn í þetta kerfi, en þó eru í 28. gr. ákvæði, sem hljóða þannig, að til þess að öðlast íþróttakennararéttindi samkv. 1. tölulið 24. gr., skuli menn hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands og almennu kennaraprófi. Þetta er aðalbreyt., sem um er að ræða á skólanum, þ. e. a. s. að nemendur, sem vilja taka íþróttakennarapróf, verða ekki einungis að ljúka prófi frá íþróttakennaraskólanum, heldur einnig almennu kennaraprófi.

Þegar menn athuga þetta mál, þá er ekki hægt að mæla móti því, að ýmislegt mælir með því, að svo skuli vera. Í fyrsta lagi er það, að þessir menn fá þarna aukin réttindi og meiri en almennir kennarar, því að þeir fá réttindi til að kenna almennar námsgreinar og íþróttir að auki. Auk þess verður því tæplega neitað, að almenn kennaramenntun er nauðsynleg þeim, sem við íþróttakennslu fást, og þessir menn hafa betri aðstöðu um stöðuval en aðrir kennarar. Í þriðja lagi hagar svo til, að það er ekki nema við stærri skóla í kaupstöðum, sem íþróttakennslustarf er svo mikið, að nægileg þörf sé fyrir einn mann. Í flestum skólum er mjög æskilegt, að íþróttakennari geti kennt fleira, og er það ein ástæðan til þess, að þetta ákvæði er komið inn í frv. Þetta er aðalbreyt., sem gerð er um skyldur og réttindi þeirra, sem ljúka námi frá íþróttakennaraskólanum.

Auk þess vil ég geta þess, að hér er um að ræða brtt. frá n. við 30. gr., þar sem hún er orðuð um. Efnislega er þar engin breyt., heldur aðeins fært til betra og eðlilegra máls.

V. kafli frv. fjallar um Handíðakennaraskóla Íslands. Þar er raunverulega um nýja stofnun að ræða. Að vísu hefur starfað hér í Rvík frá 1939 handíðaskóli, sem hefur veitt kennaraefnum nokkra kennslu í handavinnu. Hann var einkaskóli til 1942, en varð þá sjálfseignarstofnun. Hins vegar hafa ekki verið þar ástæður til að hafa kennslu fyrir kennaraefni svo mikla og góða sem æskilegt væri, sem er ekki heldur von. Með l. um gagnfræðaskóla, sem samþ. voru í fyrra, skapaðist enn þá meiri nauðsyn á að efla þessa kennslu, vegna þess að í þeim er gert ráð fyrir, að þeir skuli skiptast í bóknámsdeild og verknámsdeild, en til þess að hægt sé að halda verknámi uppi, svo að gagni sé, verður ekki komizt hjá að sérmennta kennara til að taka við þeim störfum, og þá er það vitanlega eitt aðalhlutverk þessarar stofnunar að sérmennta kennara til þess, jafnframt því sem hún veitir barnakennurum þá kunnáttu, sem þeir þurfa á að halda til starfs síns við barnaskólana. Sömuleiðis eru ákvæði um það í þessum kafla, að þeir, sem ætla sér að fá fullkomin kennararéttindi, skuli auk þess að taka próf frá handíðaskólanum hafa lokið almennu kennaraprófi.

Þá er VI. kafli frv., um húsmæðrakennaraskóla. Þessi stofnun hefur verið starfrækt hér í Rvík undanfarin ár og starfar samkvæmt reglugerð frá 11. maí 1942, en um hana eru engin l. Í raun og veru munu ekki verða miklar breyt. á starfsháttum þessa skóla, þó að þessi kafli verði að l. Hann er felldur hér inn í skólakerfið, þar sem eðlilegt er, að hann verði í þeim lagabálki, sem sameinar öll lagaákvæði um kennaramenntun við alla þessa hliðstæðu skóla, en annars er gert ráð fyrir sams konar kennslu og þar hefur farið fram, en þar er sett inn þetta sama ákvæði og í kaflanum um íþróttakennaraskólann og handíðaskólann, að þeir, sem búa sig undir kennslu í þessum sérgreinum, skuli verða að ljúka almennu kennaraprófi ásamt prófi í sinni sérgrein.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það.

VII. kafli frv. fjallar um réttindi kennara, og er þar ekki nein stórbreyt. á því, sem nú er í l. Í 50. gr. er gert ráð fyrir sams konar orlofi og ákveðið var í l. um barnafræðslu, sem samþ. var á síðasta fjárlagaþingi, og ýmis önnur ákvæði, sem eru að flestu leyti tekin upp úr eldri l. Í sambandi við þetta vil ég enn fremur geta þess, að ég hef lýst áður einni brtt. við 30. gr. frv., sem n. flytur, en hún flytur einnig brtt. við 16. gr. frv., þar sem lagt er til, að upphaf gr. orðist svo: „Í kennslustofnun í uppeldisvísindum skal kenna eftirtaldar greinar“, — í staðinn fyrir, að í gr. stendur nú: „Barnakennurum, sem stunda nám í uppeldisvísindum í háskólanum, er skylt að leggja stund á eftirtaldar greinar.“ Eins og þetta er nú í frv., mætti halda, að þeir stúdentar, sem ætluðu sér að fara inn í þessa deild, þyrftu ekki að stunda þessar greinar. Þetta mun stafa af athugaleysi mþn. og n., sem fjallaði um þetta mál í Nd., því að það er augsýnilega gert ráð fyrir, að allir, sem í þessa deild fara, skuli leggja stund á þessar námsgreinar, hvort sem þeir hafa stúdentspróf eða kennarapróf.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. N. er sammála um að mæla með því, að það verði samþ. með þeim tveimur breyt., sem ég hef lýst.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sakna þess mjög, að hv. menntmn. hefur ekki gert ýtarlegra nál. um þetta mál en fram kemur á þskj. 326. Hér eru m. a. tekin upp í I. kafla frv. l. um Kennaraskóla Íslands, sem samkv. 56. gr. eru þá um leið numin úr gildi. Einnig væri fróðlegt að fá að vita, hvaða breyt. yrðu gerðar á þessu frá núgildandi l. og hvort um er að ræða breytingu á sjálfum fræðslulögunum. Sömuleiðis, hvað gert er ráð fyrir, að byggt verði fyrir mikið fé. — Hv. frsm. hefði gjarnan getað getið um í fyrsta lagi, hvaða breyt. eigi að vera á 1. gr. — Viðkomandi verksviði prófessorsins, sem um getur í 15. gr., langar mig til þess að spyrja, hvað honum sé eiginlega ætlað að gera til þess að starfskraftar hans komi að fullum notum.

Um þriðja kaflann væri fróðlegt að fá að vita, hvað gert er ráð fyrir, að þessi kafli kosti í rekstri, ef svo mætti að orði kveða, undir þeim kringumstæðum, sem nú ríkja í landinu.

Varðandi fjórða kaflann, þá vildi ég spyrja að því, hvort ætlazt er til, að sá kafli verði felldur inn í fræðslulögin, og einnig, hvað þau nýmæli kosta, sem þar eru ákveðin, og hvort þar mundi þurfa að auka húsnæði. Einnig væri fróðlegt að

heyra, hvort ætlazt er til, að við þann skóla starfi sérstök skólanefnd.

Einnig vildi ég fá upplýsingar varðandi 5. kafla, hversu mikið gert er ráð fyrir, að stofnunin kosti. Mér skilst, að þetta sé nýr skóli, eða a. m. k. ný deild, og þá væri æskilegt að fá að vita, hvað álitið er, að þurfi að auka húsakynni hans mikið.

Um 6. kafla er það að segja, að ég vildi sérstaklega benda á 37. gr., sem hljóðar m. a. svo: „Hann skal hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur er vegna námsins.“ Nú vildi ég fá að vita, hvort hér er átt við, að koma þurfi upp í sambandi við skólann mjólkurbúi eða einhverju skepnubúi eða hvort hér er aðeins átt við rekstur heimavistar. Ef á að hafa skepnubú, þá þarf að kaupa land og kostar það vitaskuld mikið fé, auk þess sem það er illfáanlegt. Gert er ráð fyrir, að við skólann verði heimavist, og væri fróðlegt að vita, hve stór hún á að vera, e. t. v. 20—30 nemendur, og vitanlega þarfnast hún í öllu falli einhvers húsnæðis. Hv. flm. gat þess réttilega, að skólinn starfar nú eftir reglugerð. Þegar ákvæði eru sett um einhverjar stofnanir, þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hvaða kostnað það hefur í för með sér. Í kaflanum er einnig gert ráð fyrir þriggja manna skólanefnd, og skal aðeins einn þeirra skipaður af fræðslumálastjórn. Mér skilst, að allir þessir skólar eigi að vera reknir af ríkinu, og því finnst mér eðlilegast, að ríkisstj. beri ábyrgð á öllum starfsmönnum þeirra og skipi þá, enda er það svo bæði við menntaskólana, stýrimannaskólann og aðra ríkisskóla.

Ég lýsi yfir því, að ég er mótfallinn 11. gr., að efni hennar eigi heima í reglugerð fyrir alla skóla, en mun bera fram till. um, að hún verði felld burtu úr þessu frv. — Hvað við kemur 50. gr., þá tel ég rétt að fella hana niður úr frv., tel hana ekki eiga þar heima, þótt ég sé í sjálfu sér ekki að öllu leyti andvígur henni.

Ég skal svo ekki ræða þetta frekar að sinni, en vildi gjarnan fá áður greindar upplýsingar, sérstaklega sökum afgreiðslu fjárl., sem gert er ráð fyrir, að ýmis ákvæði frv. hafi áhrif á.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. kom með miklar og margar spurningar varðandi þetta frv. og þá sérstaklega um kostnaðarhliðina. Það er að vísu hægt að skýra frv. nánar, en þar sem búið var að lýsa þessu öllu í grg., þá áleit n. óþarft að taka það allt fram aftur.

Helztu breyt. eru þær, að lágmarksaldur þeirra, sem í fyrsta bekk setjast, skuli nú vera 16 ára í stað 17 ára, og inntökuskilyrði skuli nú miðskólapróf í stað gagnfræðaprófs áður og þeir, sem lokið hafi kennaraprófi, þurfi ekki við stúdentspróf að þreyta próf í þeim greinum, sem þeir hafa áður lokið kennaraprófi í. Sama máli gegnir um stúdenta, sem taka vilja kennarapróf, þ. e. a. s. þeir þurfi ekki við kennarapróf að þreyta próf í þeim greinum, sem þeir hafa teklð próf í við stúdentspróf. Þetta eru nú aðalbreytingarnar, að undantekinni 11. gr., en hún hefur þegar áður verið samþ. Hins vegar vissi ég sérstöðu hv. þm. Barð. til þeirrar gr. En eins og nú stendur á, þá er ekkert á móti því, að hún standi hér.

Í sambandi við II. kaflann minntist hann á það, hvort ekki væri rétt að láta Björn Magnússon taka að sér kennslu við þá kennslustofnun, sem II. kafli fjallar um. Ég vil leyfa mér að benda honum á, að Björn Magnússon kennir við sérstaka deild háskólans, og menntmn. þessarar d. getur ekki komið fram með sérstakar till. varðandi starf hans.

Þá vildi hann fá að vita ákveðið, hvað 3. kaflinn kostaði ríkissjóð. Um það er alls ekki hægt að segja að svo stöddu. Það þarf að byggja þá kostnaðaráætlun á ýmsum þeim gögnum, sem enn ekki liggja fyrir. Ég hygg og, að fjárútlát ríkissjóðs til þessa verði hverfandi lítil til þess að gera. Mikið af því, sem nefnt er í frv., er áður til og fellt hér inn í, og þannig eru margar breyt., að þær mundu í framkvæmd ekki kosta mjög mikil fjárframlög.

Þá talaði hann um það, að ég gerði litla grein fyrir þeim breytingum á íþróttaskólanum, sem um getur. Eftir frv. eru aðalbreyt. þær, að meiri kröfur eru gerðar til þeirra, sem ætla sér að verða íþróttakennarar, sem sagt, að þeir verða að hafa lokið kennaraprófi, en það ákvæði var áður ekki til í lögum. Í sambandi við íþróttaskólann taldi hann ekki ástæðu til þess að hafa skólanefnd við hann, frekar en við húsmæðrakennaraskólann. En nú er það svo, að það er alls ekkert nýmæli, að við íþróttaskólann sé skólanefnd, því að við hann hefur verið skólanefnd allt frá stofnun. Hitt skal ég játa, að menn greinir á um, hvort skólanefndir eigi yfirleitt að vera við ríkisskóla, en n. fannst ekki rétt að fella þetta skólanefndarákvæði niður hvað snertir íþróttaskólann, þó að það sé sumra állt, að íþróttafulltrúi eigi að hafa með það að gera, hvernig þessi stofnun er starfrækt.

Þá minntist hv. þm. Barð. einnig á 5. kaflann, sem fjallar um handíðakennaraskólann, og spurði hann, hvað gert væri ráð fyrir, að sú stofnun kosti. Ég get tekið fram, að það hafa alls ekki legið fyrir neinar áætlanir um það efni, og þess vegna liggja þær ekki heldur fyrir hér í þessari hv. þd. Ég vildi benda á, að hliðstæð dæmi er að finna um aðra skóla, þar sem farið er að leggja fé til byggingaframkvæmda við búnaðarskóla og menntaskóla, þótt ekki sé enn vitað, hvað þær muni kosta. — Hann minntist einnig á búrekstur í sambandi við húsmæðrakennaraskólann. Ég sný ekki til baka með það, að í sambandi við hann þyrfti að vera smávegisbúrekstur, til þess að starfsemi hans geti verið í fullu lagi.

Þá minntist hann og á 50. gr., og vildi hann láta fella hana niður úr frv. Svipuð ákvæði og um getur í henni voru samþ. hér í fyrra, og þess vegna fannst n. ekki frekar ástæða til að fella hana héðan úr þessu frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessa ræðu hv. 8. landsk. Það er augljóst mál, að svo kynni að vera, að menn hefðu gert sér grein fyrir ýmsu því, er í frv. um getur, ef einhverjar upplýsingar hefðu legið þar fyrir. Ég er ekki að syrgja það, að það kynni að hafa í för með sér svo geysimikil fjárútlát fyrir ríkið, heldur finnst mér ekki nema eðlilegt, að þm. geri sér grein fyrir hvað framkvæmdin mundi kosta, áður en frv. er samþ. Ég hef athugað grg., sem vísað er til um ákvæði frv. í þessu efni, þ. e. a. s. kostnaðinn, en tel lítið upp úr henni leggjandi. Ég tel, að það væri nauðsynlegt þingi og stj. að gera sér grein fyrir, hvað búið við húsmæðrakennaraskólann komi til með að kosta. Í sambandi við það vil

ég minna á það, að í fyrra hafði ríkið forkaupsrétt að Reykjahlíðarlandi fyrir 1 milljón kr. Það er öllum ljóst, hversu dýrt er að kaupa land, auk þess sem erfitt er að fá það.

Ég er á móti því, að 11. gr. sé annað en reglugerðarákvæði, og álít, að um þau atriði, sem hún fjallar um, sé eðlilegt að setja ákvæði eftir aðstæðum á hverjum tíma.

Hvað viðkemur 50. gr., þá er ég á móti henni. Ég tel enga meiningu í því að gefa einni stétt manna frí með fullum launum 10. hvert ár, — stétt, sem hefur frí 3 mánuði á ári hverju. Ef þetta yrði samþ., gæti það leitt til þess, að gefa yrði starfsmönnum annarra stétta hliðstæð frí með fullu kaupi. — Skólanefndir við umræddа skóla komu til á þeim tíma, þegar aðrir ráku þá en ríkið, sumpart á sína ábyrgð og kostnað, en sumpart á ábyrgð og kostnað ríkisins, en nú er þetta breytt á þann hátt, að ríkið rekur þá upp á eigin spýtur.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tel ekki nema eðlilegt, að þm. langi til þess að vita, hversu mikið slík lagasetning sem þessi komi til með að kosta ríkið. Hv. form. menntmn. gat þess réttilega, að erfitt væri að gera áætlun um þetta á þessu stigi málsins, þar eð hvorki er vitað um nemendafjölda, kennarafjölda eða byggingarkostnaðinn við skólana. Þegar búið er að koma einhverju sniði á umræddа skóla, ætti að vera hægt að gera áætlanir, sem byggjandi væri á, um kostnað og annað. Þetta, sem frv. um getur, virðist smátt byrjað, svo að varla virðist hætta á, að of stórt verði byggt, því að reynslan sýnir, að oftast hefur verið byggt of smátt, þegar byggt hefur verið fyrir framtíðina, og orðið að stækka húsnæðið eftir á. Áætlun á þessu stigi málsins álít ég, að hefði ekki komið að miklu gagni, hvorki hv. þm. Barð. né neinum öðrum, því að hún hlyti að hafa orðið út í bláinn.

Um hinar einstöku gr. frv., sem hv. þm. Barð. gat um, ætla ég ekki að fjölyrða. Það er álit hans, að vinnutími kennara sé of stuttur, og við það er ekkert að athuga, þótt hann hafi sína skoðun á því. Það getur verið álitamál, hvort íslenzka ríkið hafi efni á því að veita kennarastétt sinni árs frí með fullum launum tíunda hvert ár. Það er ekki rétt, að kennurum sé heitið ársfríi tíunda hvert ár, heldur er ætlazt til þess, að kennari fái eins árs frí, er hann hefur kennt í 10 ár, en ekki oftar en einu sinni. Getur kennaraævin hæglega orðið 40—50 ár, ef kennarinn byrjar 21 árs og kennir fram að 70 ára aldri.

Nm. fóru mjög vandlega gegnum þennan lagabálk og höfðu viðtal við fræðslumálastjóra og köstuðu enganveginn höndunum til þessa starfs. Ég get því ekki fallizt á það, sem hv. þm. Barð. sagði, að n. hafi athugað málið slælega. Ég held því fram, að n. hafi athugað þetta mál eins vandlega og hægt var, en það voru að vísu atriði, sem ekki var hægt að rannsaka að svo komnu, svo sem hvað þetta mundi kosta í framkvæmdinni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni frá 3. landsk. lýsa yfir því, að það er misskilningur að ég hafi sneitt að hv. menntmn. En þessi hv. þm. á það til að leggja sinn sérstaka skilning í ýmislegt, að minnsta kosti þegar ég tala. Ég sagði, að æskilegt hefði verið, að nál. hefði fylgt ýtarlegt yfirlit, en væni n. ekki um slælegt starf. Að vísu hefur mþn. setið í þessum málum, en það hefur upplýst, að hún hefur spekúlerað í allt öðru. — En í sambandi við það, að ekki hefði verið hægt að gera kostnaðaráætlun, skal ég geta þess, að á þinginu í fyrra var gengið frá mun stærri lagabálki, sem var tryggingalögin, og var þó mjög erfitt að gera grein fyrir kostnaðinum þeirra vegna.

Ég skal ekki ræða mikið um 50. gr., en ég er þar ekki á sama máli og hv. 3. landsk. Það eru margir aðrir embættismenn, sem þurfa að afla sér frekari þekkingar, enda hefur komið fram þáltill. um, að ríkið veiti fé til þess, að ýmsir embættismenn fái tíma til að fullkomna sig. Það er ekkert á móti því að veita fé til þess, en ég er alveg á móti því, að slík fríðindi séu veitt í lögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 326,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
17.—29. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 326,2 (ný 30. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
31.—56. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 346).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég lýsti hér við 2. umr., að ég mundi bera fram brtt. við þetta frv., sem átti sérstaklega við VI. kaflann, um húsmæðrakennaraskóla. En mér hefur þótt rétt að bíða, þar til ég hef rætt þetta mál við væntanlegan hæstv. menntmrh. Vildi ég því gjarnan óska, að málið verði nú tekið af dagskrá, þangað til ég hef talað við hæstv. menntmrh., sem nú mun loks ákveðið, hver muni verða.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hæstv. kennslumrh. óskar þess, að honum gefist tækifæri á að athuga þetta frv. nánar áður en það er afgr. endanlega út úr d. Þess vegna mælist ég til þess, að frv. verði að þessu sinni tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór og á 77. fundi, 20. febr.

Á 82. fundi í Ed., 28. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 346, 369, 430).

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Síðan þetta mál var hér til 3. umr. í hv. d., hefur menntmn. haldið fund til þess að athuga þær brtt., sem lágu fyrir á þskj. 369. N. hefur tekið afstöðu til þeirra, og yfirleitt mælir hún móti þeim, og skal ég gera nokkra grein fyrir því.

Fyrsta brtt. á þessu þskj. er við 11. gr. frv. og kveður svo á, að gr. skuli falla niður. Þessi gr. er um kennsluskyldu kennara, sem er hliðstætt ákvæði við það, sem er í l. um aðra skóla hér á landi, og nákvæmlega sams konar og samþ. voru viðkomandi menntaskólunum. N. er því á móti því að fella þessa gr. niður. Hún telur mikið ósamræmi í því að hafa ekki slíkt ákvæði í l. um þennan skóla eins og er í gildandi l. um aðra hliðstæða skóla.

Þá er 2. brtt. við 15. gr. frv., og er hún um það að breyta frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, kennslukröftum við kennslustofnun í uppeldisvísindum við háskólann, og breytist gr. þannig, að 1. og 2. málsl. falli niður og orðin „enn fremur" í 3. málsl. falli niður. Ég vil benda á, að það, sem hér er farið fram á með brtt., er það að svipta þessa kennslustofnun alveg eðlilegri forstöðu. Að vísu kann það að vera hugmynd hv. flm. brtt., að prófessorinn í forspjallsvísindum eigi að hafa þessa forstöðu, en á það vil ég í þessu sambandi benda, að þessi kennari er aðalkennari við aðra deild háskólans, og eru þess vegna engar líkur til þess, að hann mundi geta tekið að sér að sinna sem vera ber forstöðu þeirrar stofnunar, sem hér er um að ræða, þó að hins vegar mætti gera ráð fyrir því, að hann gæti kennt þar eitthvað af þeim fræðum, svo sem almenna sálarfræði. Og enn fremur má benda á það, að þó að þessi prófessor verði sérfræðingur í almennri sálarfræði, eru ekki líkur til þess, að hann sé svo menntaður í uppeldisfræðum eins og prófessor í uppeldisfræðum á að vera. Og með því að samþykkja þessa brtt. má segja, að búið sé að svipta þessa stofnun þeim kennslukröftum, sem eru svo nauðsynlegir, að hún mundi ekki geta komið að fullu gagni. Þess vegna mælir n. á móti því, að þessi brtt. verði samþ.

Þá eru 3., 4. og 5. brtt. um það, að skólaráð æfinga- og tilraunaskóla og starf þess falli niður. Það eru brtt. um, að 20. gr., 1. málsl. 21. gr. og 1. málsl. 22. gr. falli niður. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að þessi skóli, æfinga- og tilraunaskóli, er í fyrsta lagi barnaskóli, sem kemur til með að hafa um 200 nemendur, miðað við, að þar verði jafnmargir bekkir og aldursflokkar skólabarna eru Nú hefur aldrei verið deilt um það, að við barnaskóla eigi að vera skólan., og þetta skólaráð á einmitt að vera skólan. þessa æfinga- og tilraunaskóla. En þessi skóli kemur til með að hafa meira hlutverk með höndum en venjulegir barnaskólar, og erfiðara hlutverk, þar sem hann á að hafa á hendi æfinga- og tilraunakennslu við tilraunaskólann og að einhverju leyti í uppeldisvísindum við háskólann. Þess vegna hefur þótt sérstök nauðsyn, að einmitt skólaráð þessa skóla væri vel skipað, og er þess vegna gert ráð fyrir því hér í 20. gr., að skólaráð þessa skóla skuli vera skipað í fyrsta lagi skólastjóra Kennaraskóla Íslands, enn fremur prófessor í uppeldisvísindum við háskólann og sérfræðingi í uppeldis- og fræðslumálum, sem kennslumálarh. skipar til fjögurra ára í senn, og sé hann formaður.

Það hefur þótt sérstök ástæða til þess að vanda til þessa skóla, og þess vegna væri það óneitanlega einkennilegt að fara að fella þessa gr. burt og fela stjórn þessa skóla algerlega einum manni, sem sé skólastjóra. Ég vil enn fremur benda á, að það þarf að vera svo mikið samstarf á milli kennaraskólans og uppeldisdeildar háskólans, að út frá því einu sjónarmiði virðist alveg nauðsynlegt að hafa þetta skólaráð, sem tengi þetta saman.

Þá eru 6. og 7. brtt. um það, að 30. gr. falli niður og orðin „og skólanefndar" í 31. gr. falli niður. Þessar gr. fjalla einmitt um skólan. íþróttaskólans, og ég hef áður á það bent, að hér er alls ekki um nein nýmæli að ræða, heldur hefur skólan. starfað við íþróttaskólann á Laugarvatni, sem er skipuð eins og hér er gert ráð fyrir, og hefur það þótt nauðsyn vegna þess, að sú fræðslumálastjórn, sem fer með þessi mál á hverjum tíma, hefði ekki þá sérþekkingu, sem þyrfti, ef ekki væri að ræða um neinn ráðgjafa í þeim efnum, og þess vegna er ætlazt til, að íþróttafulltrúi sé form. þessarar skólanefndar.

Þá er 8. brtt. við 38. gr. frv. um það, að Húsmæðrakennaraskóli Íslands skuli starfa í Rvík frá 15. sept. til 15. maí ár hvert, en annan tíma árs í sveitum, þar sem skilyrði eru fyrir húsmæðrakennslu og bú rekið í sambandi við húsmæðraskóla. Hv. flm. þessarar brtt. kom inn á það við 2. umr. þessa máls, hvort ekki væri stofnað til óþarflegs kostnaðar með því að hafa orðalagið þar eins og það er í frv. Og mér skilst, að meining hans með þessari brtt. sé að koma í veg fyrir það. Ég vil þá gefa þær upplýsingar, að eins og þetta er starfrækt nú, þá er það mjög svipað því, sem hv. þm. Barð. leggur hér til í sinni brtt., að öðru leyti en því, að þessi sumarkennsla fer ekki fram nema annað hvert ár (kennslutímabilið er tveir vetur og eitt sumar). Þess vegna er það, að þótt þessi brtt. yrði samþ., þá getur hún ekki staðizt eins og hún er, vegna þess að það er ekki þörf á þessari kennslu nema annað hvert sumar. Og enn fremur get ég upplýst það, að það er alls ekki meiningin, að farið verði að setja upp neitt stórbú eða kaupa stórar jarðir hér í námunda við Rvík til þess að hafa þessa starfsemi fyrir skólann yfir sumartímann, heldur er meiningin að halda áfram eins og verið hefur, þannig að hafa þessa sumarkennslu við einhvern skóla úti á landi. Hún hefur hingað til ekki verið við unglingaskólann á Laugarvatni, heldur við gagnfræðaskólann þar. Það gæti vel verið, að hentugast þætti að hafa þessa kennslu við einhvern bændaskólann, t. d. þegar hinn nýi bændaskóli í Skálholti tekur til starfa. N. leggur til, að þessi brtt. verði ekki samþ., því að eins og ég hef bent á, þá er hún ekki í samræmi við þá þörf, sem hér er um að ræða.

Þá er hér 9. brtt. við 39. gr. frv. um það, að gr. falli niður. Það er það ákvæði, að heimavist skuli vera fyrir þá nemendur, sem búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla. Á meðan svo er háttað sem nú er, að Húsmæðrakennaraskóli Íslands hefur mjög takmarkað húsnæði í háskólanum, þá er ekki hægt að koma við heimavist fyrir þá nemendur. Hins vegar leit n. svo á, að þegar til þess kæmi, að hægt væri að hafa heimavist fyrir þessa nemendur, — og mér er kunnugt, að forstöðukona skólans telur það nauðsynlegt, til þess að þeir nemendur fái æfingu í að stjórna skóla, sem þeir fá bezta með því að vera í heimavist sjálfir, — en auk þess hefur n. litið svo á, að húsnæðisleysið í Rvík væri nóg til þess, að keppa bæri að því, að heimavist verði við þennan skóla í framtíðinni.

Hins vegar flytur n. brtt. við þessa gr. á þskj. 430, þar sem gert er ráð fyrir því, að þegar hús verði reist fyrir skólann, þá skuli þar verða heima-

vist fyrir þá nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla, svo og aðra nemendur, er heimili eiga utan Rvíkur. Það ber að því að stefna, vegna þess húsnæðisleysis, sem nemendur utan af landi eiga við að stríða, að við þá skóla, sem staðsettir eru hér í Rvík, en eiga hins vegar samkvæmt eðli sínu að vera fyrir allt landið, — að sköpuð sé aðstaða fyrir nemendur utan af landi til þess að búa í heimavist þann tíma. Og má í þessu sambandi minna á, hvernig þetta vandamál nemenda háskólans hefur verið leyst, þar sem þeir hafa nú hinar ágætu heimavistir í stúdentagörðunum, sem allir munu vera sammála um, að var mikil nauðsyn. N. vill því eindregið mæla með því, að þessi brtt. verði samþ.

Þá er 10. og 11. brtt. við 46. og 47. gr. frv. 10. brtt. er um það, að 46. gr. falli niður, og 11. brtt. um það, að orðið „skólanefnd" falli niður. Þar er átt við, að þar sem gert er ráð fyrir skólan. húsmæðrakennaraskólans, falli niður, og er 47. gr. því viðkomandi. En um þessar brtt. var meiri hl. n. ekki sammála, og einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur við atkvgr. um þær. Meiri hl. n. mælir samt á móti þeim.

Þá er hér 12. brtt. við 50. gr. frv., um það, að sú gr. skuli falla niður. Eins og hv. þm. er kunnugt, er sú gr. um orlof kennara. Það er sams konar og sett var á síðasta þingi inn í l. um bæði gagnfræðaskóla og menntaskóla, og það sýnist því vera mjög mikið ósamræmi í því að ákveða kennurum við þá skóla orlof tíunda hvert ár til þess að mennta sig erlendis, en kennurum við kennaraskólann skuli ekki þá líka vera ákveðið slíkt orlof. N. mælir því með, að þetta verði samrímt og þessi brtt. verði felld, en leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt að öðru leyti en því, að samþ. verði brtt. n. á þskj. 430, við 39. gr. En eins og ég sagði áðan, þá hafa einstakir nm. óbundnar hendur um atkvgr. við 10. og 11. brtt. hv. þm. Barð.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um, að hæstv. menntmrh. er hér viðstaddur þessar umr., enda hefur þessu máli, að mér skilst, verið frestað til þess að hann gæti sett sig inn í efni frv., sem hér er um að ræða, sem er rétt, ef þetta frv., sem gert er ráð fyrir, að verði að l., á að verða eitthvað meira en pappírsgagn.

Ég skal þá gera grein fyrir brtt. mínum. Um flestar brtt. er það að segja, að þær eru í samræmi við það, sem ég hef haldið fram um fræðslul. yfirleitt. Ég álít, að þessi ákvæði eigi að standa í reglugerð, en ekki í l., þ. e. ákvæðið um kennslustundir kennara, og þarf ég ekki að ræða frekar um það. Það er kunnugt, hver afstaða mín hefur verið gagnvart því máli.

Í 15. gr. frv. er sagt, að stofnuninni skuli veita forstöðu sérstakur maður, sem skipaður sé sem prófessor. Ég tel ekki ástæðu til þess að skipa málinu á þennan hátt. Ef brtt. mín verður samþ., þá er gert ráð fyrir, að prófessor í forspjallsvísindum og almennum vísindum annist þar kennslu eftir því, sem samrýmist starfi hans. Að öðru leyti skal kennslan falin aukakennurum, er heimspekideildin ræður, og greiðist kostnaður úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í fjárl. Það er þá gert fullkomlega ráð fyrir, að þessi stofnun fái þá kennslukrafta, sem hún þarf, þegar hún er komin á fót, en að öðru leyti verði hún undir stjórn háskólans.

Ég skil mjög vel þá menn, sem sjá ekkert athugavert við það, þó að hrúgað sé upp prófessorum við háskólann, eins og gert hefur verið undanfarið, en ég sé ekki, að beri nein nauðsyn til þess að bæta einum prófessor þarna við. Þess vegna vænti ég, að mín brtt. verði samþ.

Um 3. brtt. mína við 20. gr. er það að segja, að ég er yfirleitt á móti því, að verið sé að setja sérstakar skólanefndir. Þetta er einn af æðri skólum, og þeir heyra flestir undir ráðh. og fræðslumálastjóra. Ég álít, að skólan. hafa þarna í raun og veru mjög litla þýðingu, og veit mörg dæmi til þess, að slíkt samstarf hefur ekki gengið sem greiðlegast, og mætti nefna í því sambandi mörg dæmi, og má þá minna á ósamkomulagið, sem verið hefur t. d. við skólann á Akranesi og fleiri skóla í landinu. Ég vonast því eftir, að till. mín verði samþ.

Um brtt. við 21. gr. er það að segja, að hún er afleiðing af því, sem ég hef borið fram, og sama máli gegnir um 22. gr., og brtt. við 30. gr. er um íþróttaskólann, hún er líka afleiðing af hinum og í samræmi við þær. Ég sé ekki, hvers vegna á að vera sérstök n. yfir íþróttaskólanum, frekar en yfir öðrum skólum í landinu, og byggist á því sama. 31. gr. þarf ekki að ræða um.

Þá er brtt. við 38. gr., og er hún í sambandi við Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Ég veit ekki, hvort hv. n. hefur átt tal um þetta mál við forstöðukonu skólans. Ég hef rætt um þetta við hana, og hún hefur verið mér fullkomlega sammála um, að þessi brtt., sem ég hef borið fram hér, væri ekki aðeins eðlileg, heldur líka mjög æskileg. Annaðhvort hefur skólastjórinn sagt mér ekki satt eða sagt n. allt annað eða þá, að n. hefur gengið þvert á móti vilja skólastjórans í málinu. Skólastjórinn hefur tjáð mér, að í fyrsta lagi telji hann enga þörf á að hafa 38. gr. frv., og í öðru lagi séu engar líkur til þess, að það ákvæði verði framkvæmt, eins og reyndar hv. frsm. tók fram, að það væri sjálfsagt að hafa þetta, þó að það yrði ekki framkvæmt. Skólastjóri hefur tjáð mér enn fremur, að það fyrirkomulag, sem verið hefur með sumarkennsluna, hafi verið heppilegt, og sé ekki ástæða til þess að breyta neitt þar um, og þess vegna þarf þessi gr. ekki að standa í frv. Forstöðukonan hefur einnig tjáð mér, að í framtíðinni sé hér ekki um að ræða nema fámennan hóp, 10—12 stúlkur, og ekki verði nemendur útskrifaðir frá skólanum nema annað hvert ár. Þá sér hver maður, hvaða vit er í því að fara í því sambandi að setja upp stórbú, — hvort sem það væri nú á Korpúlfsstöðum eða annars staðar í nágrenni Rvíkur, — sem kostaði tugi millj. kr. að koma upp. Forstöðukonan hefur tjáð mér, að ekki væri nauðsynlegt, að byggingin rúmaði heimavist, en skólanum sé á öðru meiri þörf en heimavist fyrir nemendur. Og ef fara á inn á þá braut að skaffa heimavist fyrir alla nemendur, sem stunda nám hér í Rvík, en eiga ekki hér heima, þá verður að afla einhverra tekna til þess. Það þýðir ekkert í þessu sambandi að benda á Stúdentagarðinn. Hann er byggður með frjálsum samskotum og fyrir fé, sem háskólinn hefur að einhverju leyti yfir að ráða. — Ég álít því, að brtt. mín við 39. gr. frv. eigi tvímælalaust að samþykkjast.

Þá ber ég fram brtt. við 46. gr., um, að gr. falli

niður, þ. e. gr. um skólanefnd. Skólastjórinn sjálfur er á móti því, að slík skólanefnd sé sett upp, en telur betra að hafa samband við fræðslumálastjóra um stjórn skólans, og því eigi þessar tvær málsgr. í 46. gr. frv. að falla niður.

11. brtt. er við 47. gr. frv., um að orðið „skólanefnd" falli niður úr þeirri gr., sem er sjálfsögð brtt., ef brtt. við 46. gr. verður samþ.

Þá kemur 50. gr. frv., um þessi sérréttindi, sem eftir þeirri gr. kennarar eiga að fá að njóta. Hef ég lagt til, að sú gr. félli með öllu niður úr frv., og er það alveg í beinu áframhaldi af því, sem ég hef haldið fram hér áður um það atriði. Ég tel, að ákvæði 50. gr. frv. eigi ekki að vera í l. Hv. þm. sagði, að það væri ranglátt að fella þetta ákvæði burt úr þessu frv. Ég tel það líka ósamræmi við önnur l., sem samþ. hafa verið, að fella það niður. En ég tel það að fella þetta ákvæði niður úr þessu frv. spor í þá átt að byrja að lagfæra ólag, sem komizt hefur inn í löggjöf okkar í sambandi við aðra skóla, þannig að þetta væri byrjun á því að nema slík ákvæði burt úr öllum l. um kennara, sem svona ákvæði hafa komizt inn í, því að það álít ég, að ætti að gera. Ég tel, að slíkt ákvæði sem þetta hefði aldrei átt að setja í nein fræðslul., og ætti þá ekki fremur að vera í þessum l. heldur en öðrum.

Ég vænti, að brtt. mínar verði samþ.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að segja mikið um þetta mál. Hv. frsm. n. mun hafa gert grein fyrir skoðun n. um málið, þannig að ekki mun þörf að bæta þar um. — Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vil minnast hér á, sem ræða hv. þm. Barð. gaf mér tilefni til, sérstaklega sökum þess, að ég er nú form. þeirrar n., sem hér á hlut að máli. Hv. þm. Barð. dró t. d. í efa, að n. hefði rætt við skólastjóra húsmæðrakennaraskólans. En ég vil þá upplýsa það, að n. hefur rætt við þann skólastjóra, ekki einu sinni, heldur oftar en einu sinni. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að skólastjóri þessa skóla var ákveðið á móti ákvæðinu um heimavist, eins og það var í frv. En ég veit ekki betur en hún sé alveg samþykk þeirri breyt., sem n. ber fram, að það sé ætluð heimavist við skólann, þegar hann fær sitt sérstaka húsnæði, og þá ekki sízt með tilliti til þess, að henni hefur verið sýnt fram á það af n., að þörf væri á, að stúlkur utan af landi gætu sótt skólann. Ég hygg, að í raun og veru sé ekkert ósamræmi milli þess, sem skólastjóri talaði við hv. þm. Barð. annars vegar og n. hins vegar. Annars vegar er um ákvæði frv. að ræða, en hins vegar er um brtt. n. að ræða.

Ég hygg, að ég megi einnig fullyrða það, bæði af viðtali við skólastjóra þessa skóla og af viðtali við fræðslumálastjóra, að það sé alls ekki tilætlunin viðvíkjandi húsmæðrakennaraskólanum að setja upp stórbú hér í grennd við Rvík, sem rekið væri af skólanum, heldur muni vera miðað í frv. við það fyrirkomulag, sem nú er, að skólinn hafi aðgang að búrekstri á sumrin, eins og nú er, og hygg ég, að skólastjórinn sé mjög ánægður með þetta fyrirkomulag.

Það mætti náttúrlega deila um það og getur verið álitamál, hvort skólanefnd eigi að vera við einn slíkan skóla eða annan. Þó held ég, að ekki verði deilt um það, að skólanefnd er náttúrlega alveg sjálfsögð við þann æfingaskóla, sem ráðgert er að stofna samkv. þessu frv. Sá skóli er barnaskóli, og það er skólanefnd við alla barnaskóla landsins. Og hvers vegna ætti ekki að vera skólanefnd við þennan skóla eins og aðra barnaskóla?

Íþróttakennaraskólinn hefur nú talsvert mikla sérstöðu, þar sem hann er í sambandi við annan skóla. Og það mun þykja eðlilegt og hagkvæmt, að t. d. skólastjórinn við Laugarvatnsskólann geti haft aðgang að því að geta haft eitthvað um íþróttakennaraskólann að segja. Hið sama má segja að því er snertir íþróttafulltrúa ríkisins. Þess vegna er næsta eðlilegt, að skólanefnd sé við þennan skóla, eins og gert er ráð fyrir í frv. — Hitt skal ég svo játa, að mér sýnist það orka mjög tvímælis, hvort nauðsynlegt er að hafa skólanefnd við húsmæðrakennaraskólann, sem er hér í Rvík rétt undir handarjaðri á fræðslumálastjórninni. Þar sé ég fyrir mitt leyti ekki beina þörf á skólan.

Svo er þessi brtt. hv. þm. Barð. við 50. gr. frv., um að hún falli niður. Það hefur nú verið deilumál á þinginu áður tilsvarandi ákvæði í l. Það kom ekki fram nú hjá hv. þm. Barð., en hann hefur áður í umr. um skólamál æ ofan í æ talað um „frí fyrir kennara tíunda hvert ár". Í fyrsta lagi er það nú að segja, — þó að ekki þurfi beinlínis að leiðrétta það út af ræðu hans nú, — að hér er ekki um tíunda hvert ár að ræða, heldur er beinlínis tekið fram, að engum kennara megi veita þetta frí nema einu sinni á æfinni. Og þetta er enn fremur aðeins heimild, en ekki neinn réttur, sem kennarar geti heimtað. Auk þess er þetta ekki neitt „frí" í eiginlegum skilningi. Þetta orlof á ekki að veita til þess, að kennari hvíli sig. Það á að veita það til þess að hann starfi. Og hann verður að gera grein fyrir því starfi að því loknu og missa fríðindin, ef hann ekki getur gert fullnægjandi grein fyrir því. — Því hefur náttúrlega verið haldið fram, bæði af hv. þm. Barð. og fleirum, að það væru fleiri embættismenn, sem kynnu að koma í kjölfarið og heimta sams konar fríðindi sem þessi. En ég er nú ekki viss um, að nokkur starfsmannastétt landsins hafi eins mikla þörf á því eins og einmitt kennarastéttin að geta einu sinni á æfinni losað sig við starf eitt ár, til þess að fullkomna sig í sínu starfi, t. d. í útlöndum. Það mundi þá helzt vera læknastéttin. En ég hygg, að þegar fyrir löngu sé nokkurn veginn séð fyrir því, að efnalitlir læknar fái frí frá störfum til þess að sigla til útlanda og stunda þar framhaldsnám. Mörg dæmi hef ég vitað um það, þó ég muni ekki beinlínis eftir, að svo hafi verið ákveðið í l. — Það er svo langt frá því, að ég sé sammála hv. þm. Barð. um þetta atriði, að ég held, að ákvæði 50. gr. frv. sé eitthvað þarfasta ákvæði, sem sett hefur verið inn í hin nýju l. um skólakerfi landsins. Þetta er mín skoðun. Það er nú búið að breyta skólakerfinu á síðasta þingi, þannig að það verður mörgum millj. kr. dýrara en áður var. Og það var gert fyrir forgöngu hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem hv. þm. Barð. studdi. Það hefur sjálfsagt verið margt gott í þeim breyt., sem þá voru gerðar á skólalöggjöfinni, en þó því aðeins kemur það að gagni, að séð sé um það, að nægilega hæfir menn starfi að kennslunni og eftirlitsmálum við fræðslustarfið. Og mér finnst, að það sé einhver sú mesta heimska, sem hægt sé að gera, að eyða tugum milljóna kr.

við rekstur skóla, en hafa svo ekki tryggingu fyrir því, að við þessa skóla starfi hæfir kennarar. Náttúrlega skal ég játa, að ekki er full trygging fyrir því, að þessir menn, sem verða þess aðnjótandi að fá lausn frá starfi einhvern tíma á ævinni í eitt ár til þess að fullkomna sig í starfinu, verði svo ágætir, að ekki geti betra orðið. En þegar þess er gætt, að fræðslumálastjórnin á að velja þessa menn, — það liggur ekkert fyrir um það, að aðrir kennarar verði þess aðnjótandi, — þá má gera ráð fyrir, að hún velji þá, sem hæfastir eru. Og það er ég viss um, að yfirleitt verða þessir menn hæfari eftir en áður, — með kannske örfáum undantekningum, sem alltaf má gera ráð fyrir, — en höfuðreglan mun verða, að þessir menn verði hæfari sem kennarar eftir þetta orlof en áður. — Nú, og svo er það, eins og hv. frsm. tók fram, að þegar þetta er komið inn í l. um aðra kennara og aðra skóla, þá mætti undarlegt heita að fella þetta niður að því er snertir þá kennarana, sem eiga að mennta aðra kennara. Það mætti mjög undarlegt heita, og er ekkert víst, þó að t. d. hv. þm. Barð. tækist að fella þessa gr. úr þessu frv., að hann gæti komið tilsvarandi formi — „lagfæringu", sem hann kallar — á hina almennu fræðslulöggjöf í landinu og l. um gagnfræðaskóla og l. um menntaskóla. Það er ekkert víst. Og þá gæti farið svo, að það væru einmitt aðeins kennaraskólakennarar, sem ekki hefðu rétt til þessara fríðinda, en allir aðrir kennarar hefðu hann. — Ég vona, að jafnvel hann sjálfur, hv. þm. Barð., sjái, að þessi till. hans til breyt. á frv. að því er 50. gr. snertir er alls ekki frambærileg eins og sakir standa. Ef þessi fríðindi ættu ekki að gilda til handa kennaraskólakennurum, þá ætti að byrja á því að nema tilsvarandi ákvæði úr hinum öðrum l., sem það hefur verið sett inn í, en ekki lofa því aðeins að gera það á eftir, eftir að búið væri að koma þessu ákvæði í þessu frv. fyrir kattarnef.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Afgreiðsla þessa frv. hefur nú nokkuð beðið, eftir minni ósk, sem var vegna þess, að ég var málinu mjög lítið kunnugur áður en ég tók við starfi sem menntmrh., og langaði mig til að kynna mér það áður en frv. væri afgr. og sérstaklega brtt., sem fyrir lægju.

Ég hef reynt að kynna mér þetta mál eftir ástæðum og hafði tal af ýmsum, sem starfað hafa að undirbúningi málsins og eiga hlut að máli. Ég þarf ekki að vera langorður um afstöðu mína í málinu. Hún er, í sem stytztu máli, í samræmi við afstöðu hv. menntmn. — Viðvíkjandi einstökum atriðum skal ég taka fram mína skoðun. Það eru eitthvað 4 eða 5 atriði, sem meiningamunur er um í hv. þd. Fyrst, hvort ákveða skuli kennslustundafjölda í þessum l. Get ég um það vísað til þess, sem hv. frsm. menntmn. og hv. 1. þm. Eyf. sagði. Ég er því sammála. Og sama gildir um það ákvæði, sem er í 50. gr. frv. og lýtur að möguleikum kennara til að fá frí. Mér sýnist eðlilegt, að þessi ákvæði hvor tveggja séu í samræmi við það, sem er í þeim fræðslul., sem nýlega hafa verið sett. Og ef breyta ætti stefnu í þessu viðkomandi þessu frv., þá álít ég, að það ætti að gera með því að breyta þá um leið tilsvarandi ákvæðum fræðslul.

Þá hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa athugað þetta mál nokkuð, að ekki muni vera fært að gera ráð fyrir því, að prófessor í forspjallsvísindum annist kennslu, sem ráðgerð er í II. kafla frv., heldur verði að gera ráð fyrir því, að sérstakur prófessor hafi það starf með höndum.

Þá er eftir að minnast á skólanefndirnar. Það má auðvitað nokkuð mikið um það ræða, fram og aftur, við hvaða skóla skynsamlegt sé að hafa skólanefndir og við hvaða skóla ekki. En ég geri ráð fyrir, að flestum finnist sjálfsagt að hafa skólanefnd við æfinga- og tilraunaskólann. Og þá er spurningin um íþróttakennaraskólann og húsmæðrakennaraskólann, og að athuguðu máli vil ég mæla með því, að ákvæði frv. um skólanefnd við þá skóla verði ekki felld niður. Það er vegna þess, að þessir skólar hafa nokkra sérstöðu, eins og komið hefur fram hjá hv. frsm. menntmn., og virðist ekki óeðlilegt, að skólanefndir starfi við þessa skóla. Ég veit, að sumir álíta ekki meiri þörf á að hafa skólanefndir við þessa skóla en ýmsa aðra skóla, t. d. kennaraskólann og ýmsa aðra skóla sjálfstæða. En þess ber að gæta, að gera má ráð fyrir, að fræðslumálastjórnin hafi heldur minni þekkingu um þau efni, sem þessir tveir skólar eiga að fjalla um, heldur en þau, sem aðrir skólar hafa með höndum, og því hygg ég, að ekki sé óskynsamlegt að gera ráð fyrir, að við þessa skóla séu einmitt skólanefndir. Ég skal ekki fara langt út í að ræða það fram og aftur, en aðeins láta í ljós þessa skoðun.

Um heimavistina, sem hér hefur verið um rætt nú, er það að segja, að ég hygg, að skynsamlegt sé að gera ráð fyrir því ákvæði, sem hv. menntmn. leggur til, að sett verði í frv. þar um, og að það sé sjálfsagt að stefna að því, að í framtíðinni geti orðið heimavist við þennan skóla, þannig að stúlkur utan af landi, sem þennan skóla vilja sækja, geti átt þar fullkomið athvarf.

Viðvíkjandi 38. gr. frv. og brtt. við hana, þá lít ég svo á, að ákvæði 38. gr. geri beinlínis ráð fyrir því, að þessu verði fyrir komið framvegis þannig, að skólinn starfi í Rvík að öðru leytinu og að hinu leytinu á Laugarvatni, við ekki ólíka aðstöðu til búrekstrar og hann hefur haft þar, og skilst mér, að það sé talið allvel viðunandi og við eigandi af þeim, sem bezt þekkja til. Ég hygg, að það sé réttast að ákveða það ekki nánar í l., hvaða mánuði þessi skóli skuli starfa í Rvík og hvaða mánuði annars staðar, heldur en gert er í frv., af því að ég hygg, að það sé betra að hafa það opið eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja, en endurtek það, að ég vil mæla með því, að frv. verði afgr. á þá lund, sem hv. menntmn. hefur gert að sinni till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það hefur komið fram, að n. er ekki eiginlega sammála um afgreiðslu málsins. Því að hv. 1. þm. Eyf. lýsti yfir, að hann gæti fellt sig við ýmislegt í mínum brtt. (**BSt:** Bara eitt atriði). Enda kom það berlega fram, sem ég hélt fram, að skólastjóri húsmæðrakennaraskólans er ekki sammála n. í þessu máli.

Það, sem hv. 1. þm. Eyf. lagði sérstaka áherzlu á í ræðu sinni, var, að skólalöggjöfinni hefði verið breytt af stjórn, sem ég hefði stutt. Ég vil leyfa mér að benda á, að ég hef alltaf haft ákveðna

skoðun í þessum skólamálum, hvaða ríkisstj. sem setið hefur, og greitt atkv. út frá því sjónarmiði. En það kom fram, að það hefur ekki verið tilfellið með hv. 1. þm. Eyf., því að hann hefur skoðanir til skiptanna, og notar eftir því, hverjir eru við stjórn á þjóðarskútunni. Hann hefur verið á móti fræðslulöggjöfinni, þar til annar ráðh. var kominn í menntmrh.-stólinn en var, þegar fræðslul. voru sett. Nú þykir honum allt gott í þessum efnum, sem kemur frá allt öðrum ráðh. en þeim, sem nú situr í menntmrh.-stólnum, af því að það er maður af öðrum flokki, sem nú fer með menntamálin heldur en þegar fræðslul. voru sett.

Í sambandi við ummæli hv. 1. þm. Eyf. um 50. gr. frv., þá get ég ekki séð, að nein afgerandi rök hafi komið frá hans hendi í þessu atriði málsins. Það má að vísu kalla rök út af fyrir sig, að ósamræmi væri í því að fella þetta ákvæði úr þessu frv., ef ekki væri hægt að fella sams konar ákvæði úr öðrum l. En ef þingfylgi er fyrir því að fella þetta ákvæði úr þessu frv., þá ætti það líka að vera fyrir hendi til þess að fella hliðstætt ákvæði úr öðrum l. Ég sé ekki, að ástæða sé til þess, að ríkið kosti þannig í orlofi einu sinni á hverjum tíu árum mann, sem hefur þriggja mánaða frí á hverju ári á fullum launum. En það er það, sem þessir menn vilja, sem vilja samþ. 50. gr. frv. Sumir kennarar hafa meira að segja meira frí. Ég hygg, að þessir menn, kennararnir, hafi undirbúið sig þannig undir sitt lífsstarf, að þeir þurfi ekki að fá þessi fríðindi til þess að bæta þar um. En ef þess þyrfti samt sem áður með, væru þessir menn ekki of góðir til þess að nota til þess þennan þriggja mánaða frítíma sinn, sem þeir hafa á hverju ári á fullum launum. Auk þess ber þess að gæta, að nú er stefnt að því að láta þessa menn læra innan lands, og ættu þeir því ekki að þurfa að fara til annarra landa til þess að læra betur. Þeim er enn fremur leyft að sækja ýmis mót, til þess að aðrir menn geti talað við þá og kennt þeim með samræðum. Ég sé ekki ástæðu til að samþ. þessi fríðindi, sem 50. gr. inniheldur fyrir kennara. Hins vegar eru þetta fríðindi, sem kennarastéttin hefur sótt allmikið eftir, undir stjórn fyrrv. hæstv. menntmrh. Er ekki hægt að segja það til áfellis á þann mann, sem þá skipaði sæti menntmrh. Hann hefur verið tryggur sinni stétt. Það er allt og sumt.

Í sambandi við yfirlýsingu hæstv. ráðh. mun þetta verða tekið til athugunar í fjvn., hvaða stefnu hann lýsir. Hann hefur, að mér skilst, talið sig bundinn í báða skó af annarra manna vilja um að veita fé til skólabygginga. Hann hefur haldið því fram, að hann yrði að halda sig við till., sem gerðar eru af öðrum. Og með því finnst mér hann leggjast á þá sveif að binda hér bagga, sem ekki sé þörf á að binda á þessu stigi málsins, þegar hann leggur til, að 38. gr. frv. verði samþ. Og hvað sem sagt er um, að þetta og þetta skuli skilið svo eða svo, þá heimilar 38. gr. frv. a. m. k. að setja upp búrekstur hér í nágrenni Rvíkur fyrir þennan skóla, og tel ég þá miklu varlegra að fella gr. alveg niður og hafa það fyrirkomulag á þessu, sem nú er í sambandi við þennan skóla. Um þetta atriði verður náttúrlega annað hvort samþ. 38. gr. eða mín brtt. Ég sé ekki, hvers vegna þykir nauðsynlegt, að þetta ákvæði standi í l. þessum, til þess að gefa kost, ekki þessum hæstv. ráðh., heldur eftirmanni hans á því að veita svo og svo margar þús. kr. til þess að uppfylla þetta ákvæði l.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Það er aðeins aths. út af hv. þm. Barð. Í fyrsta lagi vill hann, að samþ. sé brtt. um 15. gr. til sparnaðar, og vildi ég bera hana upp þannig breytta, með leyfi hæstv. forseta, og er hún þá þannig: „Prófessorinn í forspjallsvísindum og almennri heimspeki annast þar kennslu, eftir því sem samrýmist störfum hans. Að öðru leyti skal kennsla falin aukakennurum, er heimspekideild ræður, og greiðist kostnaður úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.“ Svona vill hv. þm., að búið sé að þessari stofnun. Það er sem sagt kennari við aðra deild, sem á að hafa kennsluna með höndum, og nær slíkt vitanlega engri átt.

Þá vill hv. þm. Barð. fella niður gr. um orlofsár kennara, og hafi ég tekið rétt eftir, sagði hann, að þetta væri komið í önnur lög, en það er eingöngu útúrsnúningur. Í sambandi við það, að hv. þm. sagði, að ekki væri ástæða til að kosta kennara tíunda hvert ár, þá benda þessi orð hans á, að hann hefur ekki lesið gr., því að í gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir, og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof ásamt grg. um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá grg. fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum árs orlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof oftar en einu sinni.“ O. s. frv. Um þetta var rætt á fundi fyrir nokkrum dögum, en samt fullyrðir hv. þm. Barð., að þetta sé rangt og ekki forsvaranlegt.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. Barð., að samkv. 38. gr. eigi að vera fullkominn búrekstur í sambandi við húsmæðrakennaraskólann, en gert er ráð fyrir, að fyrirkomulagið verði svipað og verið hefur í því efni. Enn fremur þarf hv. þm. ekki að vera kvíðinn, að ég komi með kröfur á fjvn. í sambandi við skólahús, en ég vona, að hann sýni skilning í sambandi við fjárveitingar til menntamála yfirleitt, eins og hann hefur reyndar sýnt áður, og breytist það að sjálfsögðu ekki, þótt ný stjórn sé setzt að völdum, þar sem hann er stuðningsmaður hennar eins og hinnar fyrrv. stjórnar.

Þá vildi ég aðeins segja það viðvíkjandi skólanefndunum, að mér er kunnugt um, að skólastjórar vildu engar skólanefndir hafa, og þykir mér það leitt í sambandi við þetta frv. Þessir skólastjórar hafa góða hæfileika, en allmikil stoð ætti þó að verða í skólanefndunum. Ég vona því, þó að frv. verði samþ., að góð samvinna verði á milli skólastjóra og skólanefnda og að það verði skólunum til góðs.

Ég vil svo biðja hv. d. afsökunar á því, að ég þarf að fara á fund, en það ætti að vera saklaust, því að aðalatriði þessa máls hafa þegar komið fram.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, að þegar hv. þm. Barð. ræddi síðustu brtt. sína, þá sagði hann, að hann

hefði haft sömu skoðun á þessum málum, þótt stjórnarskipti hafi orðið, en hins vegar hefði ég snúizt. Ég vil því skjóta því til hæstv. fyrrv. menntmrh., hvort ég hafi snúizt á hæli í skólamálunum. Og ég vil taka það fram, að ég hef ekki verið á móti fyrrv. ríkisstj. hvað þau mál snertir, því að þótt hún hafi farið afkeipa að ýmsu leyti, þá á það sízt við um skólamálin. Það er því alveg út í hött, að ég hafi sýnt þessu fjandskap.

Þá hefur hv. þm. haldið því fram, að skv. frv. eigi að veita kennurum orlof tíunda hvert ár, og býst ég við, að hann geri það enn, en slíkt er auðvitað alger fjarstæða og bendir til, að hv. þm. Barð. hafi ekki athugað frv. gaumgæfilega. En e. t. v. finnst hv. þm., að það þurfi þá ekki að vera svo nákvæmt, eins og haft er eftir einum góðum stjórnmálamanni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja málið og mun ég ekki verða langorður. Ég vildi aðeins segja örfá orð um 46. gr., um skólanefnd við húsmæðrakennaraskólann. Skólanefndin á að vera skipuð þannig, að Félag húsmæðrakennara tilnefni einn, Kvenfélagasamband Íslands annan, en fræðslumálastjórn þann þriðja, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Það er efalaust styrkur fyrir skólann að hafa skólanefnd sem millilið milli skólastjóra og fræðslumálastjórnar, og einnig er það styrkur fyrir skólastjórann að láta skólanefnd bera mál skólans fyrir fræðslumálastjórn. Hv. þm. Barð. sagði, að stjórn húsmæðrakennaraskólans væri andvíg þessu, og það er rétt, en engu að síður er það nauðsynlegt, að skólanefnd sé skipuð við skóla þar, sem fáir fastakennarar starfa, og á það fremur við en þar, sem margir kennarar starfa að skóla. En ég skil hv. þm. Barð. vel, að hann fellir sig illa við, að 12 brtt. hans hverfi allar með tölu, og er það eðlilegt. En sem betur fer er hann lífsreyndur maður og vanur að horfa á eftir brtt. sínum fara í fjöldagröf, og vil ég votta honum samhryggð mína.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 3. landsk. vil ég taka það fram, að ég ber ekki fram mál til hrossakaupa og til að tryggja mér frið, heldur þegar þau eru þess virði, að þau séu borin fram. Ég vil því heldur sjá þau falla í eina gröf en að kaupa mér fylgi með hrossakaupum.

ATKVGR.
Brtt. 369,1 felld með 9:2 atkv.
— 369,2 felld með 9:1 atkv.
— 369,3 felld með 9:1 atkv.
— 369,4 felld með 9:1 atkv.
— 369,5 felld með 9:1 atkv.
— 369,6 felld með 9:1 atkv.
— 369,7 tekin aftur.
— 369,8 felld með 10:2 atkv.
— 369,9 felld með 9:1 atkv.
— 430 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 369,10 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, GJ, PZ, ÞÞ.
nei: BK, BrB, HV, HermJ, LJóh, SÁÓ, StgrA, ÁS.
PM greiddi ekki atkv.
4 þm. (BBen, EE, GÍG, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 369,11 tekin aftur.
— 369,12 felld með 9:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 84. fundi í Nd., 3. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 473).
Á 86. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Hv. Ed. hefur gert þrjár breyt. á þessu frv. frá því að það fór héðan úr d. síðast. Menntmn. hefur athugað þessar breyt. og fallizt á þær. N. leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það nú kom frá Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 488).

---

43. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Á 55. fundi í Nd., 17. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna (þmfrv., A. 289).

Á 56. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Helgi Jónasson): Ég þarf ekki að láta mörg orð fylgja frv. þessu, sem flutt er af heilbr.- og félmn. samkv. beiðni hæstv. félmrh., en læt mér nægja að vísa til grg. þess og óska, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 27. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., 29. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 61. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 289, n. 466).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Með þessu frv. er farið fram á, að sú breyt. verði gerð á l. nr. 103 frá 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, að launagreiðendum sé gert að skyldu að halda eftir iðgjaldshluta sjóðfélaga af launum hans og standa lífeyrissjóðnum skil á báðum iðgjaldshlutunum.

Það hefur komið í ljós, að það er nauðsyn á, að þessi skylda sé lögleidd. Reynslan hefur sýnt það, þar sem í nokkrum tilfellum hefur komið fyrir, að launagreiðendur hafa ekki haldið eftir iðgjöldum af launum og ekki heldur staðið í skilum með sinn hluta til sjóðsins.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. — Svo held ég, að málið sé svo einfalt, að ekki þurfi að hafa um það fleiri orð. Vænti ég þess, að hv. þd. vilji fallast á að samþ. þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 492).

---

44. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Á 20. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, og á l. nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (þmfrv., A. 116).

Á 22. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Eins og grg. ber með sér, er þetta frv. flutt að beiðni hæstv. samgmrh. Það lá einnig fyrir hér í hv. d. á síðasta þingi, naut þá óskipts stuðnings hv. d. og var afgr. frá henni til hv. Ed., en dagaði þar uppi. Ég fylgdi þá frv. úr hlaði með nokkrum orðum og sé ekki ástæðu til að endurtaka þær orsakir, sem liggja til þess, að frv. þetta er fram komið. — Á sínum tíma árið 1940 var gerð bráðabirgðabreyt. nokkurra laga, m. a. um að fresta framkvæmd Ferðaskrifstofu ríkisins, sem stofnuð var með l. árið 1936. Þótti á stríðsárunum minni ástæða til að viðhalda þessari stofnun, en þó var það ekki vilji hv. Alþ., að stofnunin hyrfi úr sögunni, heldur hvíldi sig um skeið. Strax þegar stríðinu lauk, kom í ljós, að ferðalög mundu aukast innan lands bæði af hálfu innlendra manna og útlendra. Þótti þá vel viðeigandi, að ferðaskrifstofan yrði endurreist. Efni þessa frv. er því það að endurreisa ferðaskrifstofuna, en þó með viðauka við það, sem var áður í l. um Ferðaskrifstofu ríkisins 1936, sem sé þeim, að hún skuli greiða fyrir orlofsferðum innanlands, en eðlilegt er, að þetta var ekki í l. frá 1936, því að þá var sú löggjöf ekki búin að taka gildi, sem síðar var samþ. um orlof. Þrátt fyrir það að frv. dagaði uppi á síðasta þingi í hv. Ed., þótti hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. samgmrh. ástæða til þess, að ferðaskrifstofan starfaði á frjálsan hátt með því móti að greiða fyrir orlofsferðum innanlands og sömuleiðis að greiða fyrir þeim útlendingum, sem til hennar leituðu. S. l. sumar starfaði skrifstofan á þennan veg. Hún undirbjó og skipulagði æði margar orlofsferðir, og hygg ég það mál manna, sem tóku þátt í þessum ferðum, að skrifstofan hafi rækt það starf vel. — Ég vildi því vænta þess, að hv. d. sé nú sama sinnis og komið hefur í ljós áður, en sé ekki ástæðu til að endurtaka þau önnur rök, sem ég á síðasta þingi flutti fyrir því, að hér væri um nytjamál að ræða. Vil ég því fyrir hönd allshn. mæla með þessu máli, um leið og ég vil taka það fram, að einstakir nm. hafa óbundnar hendur um breyt. á frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 22. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er samhljóða frv., er flutt var á síðasta þingi um sama efni, en það frv. náði þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Það var afgr. í annarri d. þingsins, en náði ekki að komast í gegnum hina og dagaði uppi. Það fer fram á, að l. um Ferðaskrifstofu ríkisins frá 1936 verði aftur látin koma til framkvæmda, en þeim var frestað með bráðabirgðabreyt. nokkurra l. 1940. Það er nú flutt í alveg sama formi og á síðasta reglulegu Alþ., þótt ef til vill hefði átt að gera á því nokkrar breyt. Nokkrar brtt. hafa borizt til ráðuneytisins, og mun það láta þær í té þeirri n., sem fær málið til meðferðar.

Frv. er, eins og ég hef áður sagt, um það, að l. komi á ný til framkvæmda, og er það ekki sízt nauðsynlegt vegna orlofsl., er sett voru í millitíðinni, sbr. 1. gr. frv., en þar segir: „Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækja fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélög launþega, til þess að orlofslöggjöfin geti komið að sem beztum notum. Hið sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins."

Þegar stríðið skall á, lokaðist fyrir ferðamannastrauminn og verkefni ferðaskrifstofunnar féll að mestu niður, og l. var því frestað eða þau „suspenderuð". En nú gera orlofsl. og ferðamannastraumurinn þessa starfsemi óumflýjanlega að nýju. Í sumar voru uppi háværar raddir um það, að þessi starfsemi yrði tekin upp að nýju. En þar eð l. höfðu ekki fengið fullnaðarafgreiðslu hér í þinginu, varð það að ráði, að Skipaútgerð ríkisins setti á fót ferðaskrifstofu til bráðabirgða, og hygg ég rétt að skýra frá þeim árangri, er náðist í sumar hjá þessum vísi að ferðaskrifstofu, sem stofnað var til í samráði við Skipaútgerð ríkisins.

Þegar l. um Ferðaskrifstofu ríkisins voru sett 1936, bar til þess brýna þörf, enda var strax mikið leitað til hennar, bæði af útlendingum og innlendu fólki. Hún var stofnuð í því skyni að veita ókeypis upplýsingar um allt, er laut að ferðalögum innanlands og greiða yfirleitt fyrir ferðamannastraumnum, eftir því sem unnt var, enn fremur að sjá um hópferðir um landið og annast fyrirgreiðslu í því efni, því að það eru ekki aðeins útlendingar, heldur einnig Íslendingar, sem eiga erfitt með að ferðast um landið og átta sig á því, hvernig heppilegast sé að ferðast og hversu kostnaðarsamt. Þetta telur ferðaskrifstofan skýrt hafa komið í ljós í sumar. Fjölmargir útlendir og innlendir menn sóttu ráð til hennar í þessu efni og hlutu fyrirgreiðslu. Sérhver útlendingur, sem ferðast hér um og er óánægður með ferðalag sitt, ber landinu illa söguna, en sá, er ferðast og er ánægður með ferðalagið, ber því vel söguna. Þegar skrifstofan hóf starfsemi sína í sumar, sendi hún bækling til ýmissa fyrirtækja og hótela, enn fremur fékkst hann á skrifstofunni, en í bæklingi þessum var greint frá áætluðum ferðum. Eins og þessi áætlun ber með sér voru ráðgerðar 27 ferðir, þær voru auglýstar og mönnum ætlað að tilkynna þátttöku sína til skrifstofunnar. Sumar þessar ferðir voru að vísu aldrei farnar, aðrar voru aftur á móti farnar oft, og ferðirnar urðu alls helmingi fleiri en áætlað var í upphafi, eða 55. Þátttakendur voru alls um 2000, af þeim voru 300 útlendingar. Eftir upplýsingum að dæma, er ég hef fengið, tel ég, að fólk hafi verið ánægt með þessa starfsemi. Fyrirgreiðsla var greiðlega látin í té mönnum að kostnaðarlausu. Megináherzla var lögð á ódýrar ferðir og að afla gistingar og annarra þæginda og nauðsynja á ferðalögum fyrir eins sanngjarna greiðslu og unnt var. Sem dæmi um það, hve langt er hægt að komast í þessu efni, vil ég geta þess, að útlendingur nokkur ferðaðist 3000 km vegalengd á vegum skrifstofunnar fyrir 588 krónur. Hann fór frá Reykjavík að Gullfossi og Geysi, austur í Þjórsárdal og Skálholt, um Norðurland, Austurland, Vestfirði, Borgarfjörð og um Kaldadal. Þetta sýnir aðeins, hve langt er hægt að komast með skipulögðum hópferðum. Þetta ferðalag um marga helztu sögustaði og alla landsfjórðunga kostaði aðeins 588 krónur.

Þá lagði ferðaskrifstofan mikla áherzlu á að útvega góða fararstjóra, kennara, náttúrufræðinga, blaðamenn, góða málamenn og fornfræðinga. Talið er, að val þeirra hafi vel tekizt, og stjórnuðu 12 fararstjórar ferðum á vegum skrifstofunnar í sumar.

Ég veit ekki, hvort hv. dm. kæra sig um að heyra meira um starfsemi ferðaskrifstofunnar á s. l. sumri, en það hefur sannazt, að hennar er full þörf, og sú þörf er sífellt að aukast. Tekjur af ferðalögum skrifstofunnar urðu í sumar kr. 131845.45, en gjöld kr. 116051.25, og tekjuafgangur því kr. 15794.20. Skrifstofukostnaðurinn varð kr. 21730.95, og bein útgjöld, er ríkið þurfti að greiða, urðu því aðeins kr. 5936.75, og er það eftir atvikum vel sloppið, enda var allt kapp lagt á að spara og fara vel með. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég er að sjálfsögðu fús til að veita þeirri n., er fær mál þetta til meðferðar og væntanlega verður hv. allshn., allar frekari upplýsingar, er ég get, um þetta mál, og þær eru allmiklar í fórum mínum um ferðamannahreyfinguna, bæði ferðalög innlendra manna og útlendra. Þetta mál er svo aðkallandi, að aðgerðir þola enga bið. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. þessu verði vísað til hv. allshn., og vænti þess, að það verði afgr. út úr hv. Ed. eins og það hefur fengið afgreiðslu í hv. Nd.

Gísli Jónsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir greinagóða skýrslu um þetta mál og skal ekki ræða um frv. sjálft sökum þeirra ýtarlegu upplýsinga, sem gefnar hafa verið. Ég vil aðeins bera fram fyrirspurn til hæstv. ráðh. um það, hvað líði löggjöf um hótel eða gistihús hér á landi, sem er í undirbúningi. Ég hygg, að frv. um þetta liggi hjá vegamálastjóra, og hafi jafnvel legið þar í mörg ár. Ég veit að áhugi ríkir fyrir því, að lagabálkur þessi komi fram og þá eðlilega í sambandi við þær ferðir, sem hér á að skipuleggja. Ég mælist til þess, að hæstv. ráðh. upplýsi þetta góðfúslega.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Í sambandi við það frv., sem hér er til umr., er það mál, sem hv. þm. Barð. var nú að nefna, og raunar fleiri, sem eru í nánum tengslum. Í fyrsta lagi er þetta frv. um Ferðaskrifstofu ríkisins. Í öðru lagi er hótelbyggingin í Rvík, en það mál var afgr. frá síðasta þingi. Í þriðja lagi er frv. til laga um gistihúsabyggingar úti um land, sem er til athugunar í ráðuneytinu og hjá vegamálastjóra og póst- og símamálastjóra og

bráðlega mun koma fram. Í fjórða lagi er umferðamiðstöð í Rvík og breyt. á sérleyfislögunum. Undirbúningi þess máls er nú að verða lokið, og ég vonast til að geta bráðum lagt það fyrir þingið. Mikil vandamál hafa skapazt í sambandi við sérleyfismálin, en ég vænti, að lausn fáist á þeim. Öll þessi mál, sem ég hef nú minnzt á, eru tengd ferðamannastraumnum, og ég vænti að geta komið þeim öllum áleiðis.

Gísli Jónsson: Ég vil aftur þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingar hans og vænti, að hann ýti á eftir því, að frv. það komi fram, er ég minntist á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 116, n. 479).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það er meginefni þessa frv., að lagt er til, að numið sé úr l. það ákvæði l. nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., að l. um Ferðaskrifstofu ríkisins komi ekki til framkvæmda um sinn.

Ef þetta frv. verður samþ. og þetta bráðabirgðaákvæði niður fellt, þá verður afleiðingin sú, að Ferðaskrifstofa ríkisins tekur til starfa á ný. Önnur breyt., sem í þessu frv. felst, er sú, að verksvið ferðaskrifstofunnar verður aukið frá því, sem var, meðan hún starfaði. Er í frv. gert ráð fyrir því, að ferðaskrifstofan skuli annast, skipuleggja og beita sér fyrir orlofsferðum og orlofsdvölum innanlands. Þá er loks í þessu frv. lagt til, að kostnaður af Ferðaskrifstofu ríkisins verði greiddur með nokkuð öðrum hætti en gert er ráð fyrir í ferðaskrifstoful. frá 1936. Í þeim l. var svo ákveðið, að ferðaskrifstofukostnaðurinn skyldi greiddur sem sérstakt stimpilgjald, sem leggja átti á farseðla með áætlunarbifreiðum. En í þessum l. er þetta stimpilgjald afnumið, en ríkisstj. heimilað að nota sérleyfisgjald bifreiða, sem lagt hefur verið á samkv. l. nr. 22 30. jan. 1945, til þess að standa undir rekstri ferðaskrifstofunnar. Þessi þrenn ákvæði eru meginatriði frv.

Allshn. hefur haft þetta frv. til athugunar og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir. Ferðaskrifstofa ríkisins var stofnuð með l. nr. 33 1. febr. 1936. Meginefni þeirra l. var það, að þessari ferðaskrifstofu var falið að annast um landkynningu út á við og annast um og leiðbeina ferðamönnum, erlendum og innlendum, sem ferðast vildu um landið og óskuðu eftir upplýsingum. Þá skyldi ferðaskrifstofan einnig annast eftirlit með gistihúsum og hafa sérstakt eftirlit með veitingahúsum og fargjöldum með fólksbifreiðum. Þá var einnig ákveðið í ferðaskrifstoful., að þessi ferðaskrifstofa skyldi hafa einkarétt til að sjá um og reka skrifstofu, er sæi um ferðir fyrir erlenda menn, sem hér vildu ferðast. Þó var á því sú takmörkun, að þær ferðaskrifstofur, sem fyrir voru og störfuðu í landinu, þegar ferðaskrifstoful. gengu í gildi, áttu kost á að sækja um löggildingu til ríkisstj. til þess að geta starfað áfram, og skyldi löggildingin veitt til fimm ára í senn. Framkvæmdin á því mun hafa orðið sú, að allar ferðaskrifstofur, sem fyrir voru, fengu þessa löggildingu, þegar þær sóttu um hana. Þegar þetta frv. um Ferðaskrifstofu ríkisins var á ferðinni hér á Alþ. 1935, þá voru menn yfirleitt á einu máli um það, að það væri nauðsynlegt og eðlilegt, að ríkið beitti sér fyrir því, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að koma upp sérstakri stofnun, er annaðist landkynningu út á við og inn á við, auk þess sem það væri eðlilegt, að þessi skrifstofa hefði það starf með höndum að leiðbeina ferðamönnum og hafa eftirlit með því, að ekki væri okrað á mönnum, sem hér vildu ferðast.

Um þessi ákvæði í ferðaskrifstoful. mun yfirleitt ekki hafa verið ágreiningur, þegar málið var hér á ferðinni í þinginu, en hins vegar voru tvö ákvæði í þessu frv. sérstaklega, sem urðu þess valdandi, að um frv. urðu miklar deilur í þinginu á sínum tíma. Þegar frv. kom fyrst fram, þá var ferðaskrifstofunni veittur fortakslaus einkaréttur til að annast og reka skrifstofu, er sæi um ferðir erlendra manna, sem hér færu um. Samkv. frv., eins og það lá fyrir upphaflega, átti að loka þeim erlendu ferðaskrifstofum, sem hér höfðu útibú, og þær áttu ekki að hafa rétt til að starfa áfram. Þá var einnig í frv. upphaflega heimild ferðaskrifstofunnar til að láta erlenda ferðamenn, sem hér dveldust, ganga fyrir innlendum mönnum. Þessi tvö atriði í frv. komu af stað miklum ágreiningi, sem að lokum var jafnaður með því, að ferðaskrifstofur, sem fyrir voru, gátu fengið undanþágu til að starfa áfram, og var þannig dregið úr einkaleyfisheimild ferðaskrifstofunnar og ákvæðið um forréttindi erlendra manna fellt niður. Þegar málið var komið í það horf, fór það hljóðalítið gegnum þingið, og hygg ég, að menn hafi yfirleitt viljað fella sig við frv., úr því sem komið var.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir því, að nein breyt. verði á þessum ákvæðum, sem ágreiningnum ollu í upphafi. Það er gert ráð fyrir því að láta haldast alveg óbreytt, að þær ferðaskrifstofur, sem fyrir eru, geti fengið leyfi til að starfa áfram, ef þær sækja um það til ríkisstj., og þau leyfi yrðu þá veitt til 5 ára í senn. Mér þykir rétt að vekja sérstaka athygli á þessu, vegna þess að það var einmitt þetta ákvæði í frv., sem óánægjuna vakti á sínum tíma, og skapaði hér deilur.

Eftir að ferðaskrifstoful. voru samþ. 1935, tók ferðaskrifstofan til starfa og starfaði í 3 ár að því að vinna að þeim málum, sem henni voru falin, eftir því sem geta og efni stóðu til. Hygg ég, að menn hafi verið á einu máli um það, að nokkurt gagn hafi verið að henni og vel hafi til tekizt. Árið 1939 varð hér mikil breyt. á flestum sviðum, sem leiddi af styrjaldarástandinu, sem þá skapaðist, auk þess sem hér voru þá komnir miklir fjárhagsörðugleikar nokkru áður en styrjöldin skall á, sem leiddu til þess, að Alþ. gerði ýmsar ráðstafanir til þess að draga saman seglin og sýna meiri sparnað á fé ríkissjóðs en áður. Eitt af því, sem þá varð fyrir þeim ráðstöfunum, var ferðaskrifstofan, og þótti rétt að láta niður falla framkvæmd ferðaskrifstoful. um sinn og loka skrifstofunni. Það má segja, að þetta hafi a. m. k. síðar reynzt alveg sjálfsögð og sjálfgerð ráðstöfun,

vegna þess að heimsstyrjaldarástandið tók fyrir allan ferðamannastraum til landsins og útilokaði jafnframt alla möguleika á landkynningu og útbreiðslustarfi, a. m. k. í því formi, sem ferðaskrifstofan hafði haft og hefði haft möguleika á að reka þá starfsemi sína.

En nú, þegar styrjöldinni er lokið og fjárhagur landsmanna og ríkisins batnaður mjög frá því, sem áður var, þá hefur þótt rétt að taka aftur upp athugun á því að endurreisa ferðaskrifstofuna, og má segja, að eins og ástandið er nú, þá sé enn meiri þörf fyrir þessa skrifstofu en var fyrir styrjöldina. Það ástand, sem var hér 1936, þegar ferðaskrifstofan var stofnuð, að við höfðum þörf á því að kynna landið og vekja athygli erlendra manna á því — það ástand er einnig fyrir hendi nú, en við það hefur einnig bætzt sú staðreynd, að landsmenn sjálfir eru farnir að ferðast miklu meira en nokkru sinni áður og því nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að koma skipulagi á þær ferðir. Það er öllum kunnugt, að talsverðir erfiðleikar eru á því hjá verkamönnum og þeim öðrum, sem orlofs njóta samkv. orlofsl., að geta komizt í hentugar og ódýrar ferðir. Með orlofsl. voru öllu vinnandi fólki í landinu skapaðir möguleikar til þess að taka sér hvíld frá störfum að sumrinu og lyfta sér eitthvað upp. Mikill áhugi er hjá mönnum að nota þennan tíma til þess að ferðast um landið og skoða það og einnig til þess að njóta hvíldar. En erfiðleikar eru á að koma þessu við, og veldur þar mestu, að af hálfu þess opinbera hafa ekki verið gerðar ráðstafanir, sem ekki er von, til þess að sjá því fólki, sem þess óskar, fyrir möguleikum á því að ferðast um landið og dveljast úti um landið. Einnig hefur það komið til, einna mest í ár, að bændur landsins hafa tekið sig saman og ferðazt um landið til þess að kynnast starfsbræðrum sínum annars staðar á landinu og búnaðarháttum þeirra og einnig til þess að skoða land sitt. Á þessum ferðum eru einnig erfiðleikar hjá bændum vegna skorts á skipulagi og möguleikum á því að komast ferða sinna, eins og æskilegt hefði verið. Með frv., sem hér liggur fyrir, eru því ekki aðeins gerðar ráðstafanir til þess að taka upp landkynningu og nánari úrgreiðslu fyrir erlenda ferðamenn, heldur eru einnig gerðar ráðstafanir til þess að landsmenn sjálfir geti notið þess orlofs, sem þeir fá samkv. landslögum og sérstökum samningum. Er ætlazt til þess, að inn í ferðaskrifstoful. verði tekin ný gr., sem verði 4. gr. l., þar sem fyrirmæli eru um það, að ferðaskrifstofan eigi að skipuleggja ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og geri ráðstafanir til þess, að þeir, sem tækifæri hafa til þess að fara í slíkar ferðir og dvalir, geti notið þeirra og það á sem ódýrastan hátt. Þegar orlofsl. voru á ferðinni á sínum tíma, þá var alveg sérstaklega vikið að þeirri nauðsyn, sem á því væri, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess að sem mest gagn yrði að þeim hlunnindum, sem í l. felast. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er leitazt við að efna það heit, sem þeir, sem stóðu að þeirri lagasetningu á sínum tíma, gáfu í sambandi við framkvæmd l.

Ég held, að þá sé aðeins eftir að vekja athygli á því í þessu frv., að gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður þurfi ekki að bera neinn sérstakan kostnað af framkvæmd ferðaskrifstoful., ef til kemur. 5% stimpilgjaldið af farseðlum er að vísu fellt niður, en þess í stað er ferðaskrifstofunni fenglð sérleyfisgjaldið — 7% gjald, sem sérleyfishafar verða að greiða og ferðaskrifstofan fær til ráðstöfunar. Talið er, að það muni nokkurn veginn nægja fyrir rekstri ferðaskrifstofunnar. Það er mjög eðlilegt að þetta gjald sé látið ganga til að bera uppi ferðaskrifstofuna og rekstrarkostnað af henni. Þetta gjald er komið frá þeim, sem um landið ferðast, og það eru þá fyrst og fremst þeir sjálfir, sem bera þetta.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að taka fram, en vil ítreka till. n. um það, að frv. verði samþ. og afgr. eins og það liggur fyrir.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er aðeins út af því, sem hv. frsm. n. kom að síðast, kostnaðarhliðinni við framkvæmd þessara l. Það stendur hér, eins og hann benti á, í 3. gr. frv., að heimilt sé að greiða kostnað við rekstur ferðaskrifstofunnar af sérleyfisgjaldi bifreiða, og mér skildist á því, hvernig orð féllu hjá hv. frsm., að það væri gert ráð fyrir því, að það mundi láta nærri, að þetta sérleyfisgjald, 7% af fargjöldum með sérleyfisbifreiðum, mundi mæta útgjöldum við rekstur ferðaskrifstofunnar. Mér skilst á þessu, að n. hafi ekki athugað það, sem kannske er ekki von, að hér í d. er á ferðinni annað frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að miklum hluta af þessum sérleyfisgjöldum verði varið til annars en til rekstrar ferðaskrifstofunnar, þ. e. frv. um afgreiðslustöðvar fyrir sérleyfisbifreiðar, þar sem gert er ráð fyrir, að komið verði upp hér í Reykjavík — og á fleiri stöðum — sérstakri afgreiðslustöð fyrir allar sérleyfisbifreiðar, sem hingað koma og héðan fara, og ⅘ af sérleyfisgjaldinu varið til þess að reisa slíkar afgreiðslustöðvar fyrir sérleyfisbifreiðar. Það má segja, að þetta frv. er ekki orðið að l., og lítur út fyrir, að afgreiðsla þess verði á eftir afgreiðslu þessa frv. hér, svo að það kæmi fyrst til athugunar, þegar að þeirri afgreiðslu kæmi, að ákveða þá tekjur til þeirrar starfsemi, ef nú á að ráðstafa sérleyfisgjöldunum til þessarar starfsemi, sem nú er verið að ræða hér um. Það væri ef til vill rétt, að n. tæki þetta atriði til yfirvegunar og fengi upplýsingar um það, hversu mikil upphæð gera má ráð fyrir, að þessi sérleyfisgjöld verði, og hvort möguleikar séu á því, að þessar tekjur nægi bæði til rekstrar ferðaskrifstofunnar og til þess að reisa afgreiðslustöðvar fyrir sérleyfisbifreiðar. Mér er nær að halda, að svo muni ekki vera, og kemur þá til að meta það, hvort eigi að gera, að taka fé til ferðaskrifstofunnar, eins og ráðgert er í þessu frv., eða geyma það til þess að koma upp afgreiðslustöðvum fyrir áætlunarbifreiðar.

Gísli Jónsson: Ég vil mjög taka undir það mál, sem hv. 6. landsk. hefur flutt í sambandi við niðurfelling 7. gr. laga. Mér er vel ljóst, að 7% gjaldið hefur frá upphafi verið ætlað til þess að standa undir því, sem hann minntist á, auk þess sem nokkru af þessu gjaldi hefur verið varið til þess að styrkja gistiskála og gistihús úti á landi, sem nauðsynlegt er að styrkja, ef það eiga að verða nokkrir möguleikar á því að halda uppi hópferðum um landið, eins og ætlazt er til með ferðaskrifstofunni. Það eru að rísa upp hingað og þangað úti um landið gistiskálar til þess að létta því af sveitabæjunum að þurfa að taka á móti ferðafólki.

Ég veit, að sumir af þessum gistiskálum eiga í mjög mikilli fjárþröng, og þegar hér er kippt burtu 5% gjaldinu af farseðlum og allur kostnaður er settur á sjóðinn, sem kemur inn fyrir 7% gjaldið, þá finnst mér vera rýrðir möguleikar til þess að standa undir þessum útgjöldum, nema það komi þá styrkur beint frá ríkissjóði. Auk þess vildi ég heyra það frá hv. frsm., hvort meint er hér með 1. gr. frv., þar sem talað er um að skipuleggja ódýrar ferðir, að það eigi að gerast á kostnað þessa gjalds, hvort það er meint með l., að hér eigi að skipuleggja svo ódýrar ferðir, að ferðaskrifstofan hafi ef til vill stórkostleg útgjöld af þeim ferðum. Ef svo er, þarf að sjá fyrir nægilegum tekjum, og því síður getur þá 7% gjaldið staðið undir því, sem því er ætlað. Mér er kunnugt um, að póst- og símamálastjóri ætlaði að láta byggja hér póstafgreiðslustöð fyrir þetta gjald, en fyrir það er tekið, ef gjaldið á að renna allt til ferðaskrifstofunnar. Þetta vil ég biðja n. að athuga. Ég sé enga þörf á að taka af 5% gjaldið, því að það er full þörf fyrir það í sambandi við allar þessar ferðir að byggja skála og afgreiðslustöðvar.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það hefur verið bent á það hér, að fyrir þessu þingi liggi einnig frv. um afgreiðslustöðvar fyrir sérleyfisbifreiðar og samkvæmt því skuli árlega verja fjórum fimmtu hlutum sérleyfisgjaldsins, eða 7% gjaldsins, til að byggja þessar stöðvar, og þá hefur verið spurt í því sambandi, hvort afgangur þess gjalds mundi nægja handa ferðaskrifstofunni. Ég veit nú ekki, hve miklu þetta gjald nemur í heild á ári hverju, og get því ekki upplýst það í þetta sinn. Ef til vill getur hv. samgmrh. gert það, a. m. k. skal ég afla mér upplýsinga um þetta fyrir 3. umr.

Eins og frá 3. gr. þessa frv. er nú gengið, er þar aðeins heimildarákvæði. Ríkisstj. er heimilt að nota þessar tekjur. Hún ræður því sjálf. En gera má ráð fyrir og raunar telja víst, að sú heimild verði notuð, ef Alþ. ráðstafar þessum tekjum ekki á annan hátt.

Þá spurði hv. þm. Barð., hvort meiningin væri, samkv. 1. gr., að ferðaskrifstofan skipulegði svo ódýrar orlofsferðir og orlofsdvalir, að ekki yrði um rekstrarhalla að ræða. Ég skil 1. gr. svo. Hún á að semja við hið opinbera og eigendur farartækja um afslátt án þess að greiða nokkuð úr sínum sjóði. Samkv. 1. gr. er það hlutverk hennar að skipuleggja ferðirnar með sem hagkvæmustu móti og semja jafnframt um sem ódýrastan farkost, án þess að um bein fjárframlög hennar sé að ræða í því sambandi. Þannig skil ég ákvæði greinarinnar, og ég held, að ekki orki tvímælis um það, að meiningin sé sú.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Af því að beint hefur verið til mín ákveðnu atriði, ætla ég að segja hér fáein orð. Við 1. umr. þessa máls gerði ég allýtarlega grein fyrir starfsemi ferðaskrifstofunnar árið sem leið og sýndi fram á, að þótt hún útvegaði ódýran farkost og þægilega flutninga hér innanlands, hefði starfsemin að miklu leyti staðið undir sér. Ég man nú ekki þær tölur, er ég las þá hér upp, en hallinn var hverfandi lítið brot af umsetningunni. Tekjur og gjöld skrifstofunnar voru eitthvað á annað hundrað þúsund krónur, en reksturshalli innan við 10 þúsund krónur, að mig minnir. Hv. þm. Barð. man þetta eflaust, því að hann var hér viðstaddur við þá umr. og talaði þá eitthvað man ég. Þannig dreg ég það af fenginni reynslu, að vonir standi til þess a. m. k., að ferðaskrifstofan verði ekki þungur baggi á hinu opinbera, ef hún er skynsamlega rekin. Þó fer það mikið eftir því, hve miklu er varið til auglýsingastarfsemi utanlands, sem er dýr, en út í það var ekki farið s. l. ár. Þá var ekki talið út af nauðsynlegt að færa út kvíarnar til útlanda.

Nú er það svo, að sérleyfisgjaldið var upphaflega lagt á í því augnamiði, að ferðaskrifstofan fengi það, og það rann óskert til hennar, á meðan hún starfaði. En síðar var það notað til ýmislegs annars, til að styrkja hótelbyggingar í smáum stíl t. d., og í þriðja lagi hefur verið hugsað, að umferðamiðstöð yrði styrkt af því gjaldi. Sú umferðamiðstöð og ferðaskrifstofan koma til með að hafa náið samstarf, og hefur komið til orða, að skrifstofan yrði til húsa í umferðamiðstöðinni, því að starf þeirra verður nátengt, þótt það sé ekki hið sama. Ég get nú ekki að þessu sinni, fremur en frsm. hv. allshn., upplýst, hve miklu þetta 7% sérleyfisgjald nemur árlega, en mér kæmi ekki á óvart, þótt með því væri unnt að standa undir hvort tveggja, ferðaskrifstofunni og umferðamiðstöðinni, ef ekki væri farið út í stórfenglegar athafnir, sem kæmu þá til athugunar og samþykktar hér á Alþ. Þótt þetta gjald verði notað til umferðamiðstöðvarinnar, á ferðaskrifstofan forgangsrétt á því samkv. því, sem ég hef bent á, en ég tel líklegt, að það ætti að nægja báðum þessum fyrirtækjum, ef skynsamlega væri á haldið og ekki ráðizt í stórfenglegar athafnir, eins og ég sagði áðan. Ég veit að vísu, að í frv. um umferðamiðstöðina er gert ráð fyrir, að ⅘ hlutum gjaldsins verði varið árlega til byggingar hennar, en ég tel raunar ekki rétt að „fixera" þetta þannig, heldur láta óbundið, hve mikill hluti gjaldsins rennur til hvors fyrirtækis um sig, ef ætlunin er að það nægi báðum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingar hans. Ekki hef ég neina andúð á þessu máli og ég minnist vel orða hæstv. ráðh. frá 1. umr., að lítill eða enginn rekstrarhalli hafi orðið á ferðaskrifstofu ríkisins s. l. ár. En ég vil benda á 2. gr. frv., um stimpilgjaldið. Er ekki ráðlegra að halda því gjaldi? Það er mikil þörf á að styðja gistiskála. Nú óskar vegamálastjóri t. d. eftir 300 þús. krónum til að bæta húsakynnin í Fornahvammi, sem er að vísu í eigu ríkisins, en þessi kostnaður er vegna ferðamannastraumsins, vegna hans telur vegamálastjóri óhjákvæmilegt að bæta húsakynnin í Fornahvammi. Mér er kunnugt um, að lögð var sú þunga skylda á systurnar á Kinnarstöðum að taka á móti gestum, allt þar til Barðstrendingafélagið tók við, og nú sækir það mjög fast að fá styrk til skála síns. Hæstv. samgmrh. leyfði, að varið væri 25 þús. krónum til þessarar byggingar. Reksturinn ber sig sæmilega, en byggingarkostnaður var mikill. Þá verður annar skáli að koma á Brjánslæk, ef samgöngur opnast þangað. Á Hólsfjöllum hvílir allur ferðamannastraumurinn á bóndanum, sama er að segja um Egilsstaði og fleiri staði. En það er aðkallandi mál að létta þessum kvöðum af heimilum og reisa sjálfstæða gistiskála fyrir ferðafólk.

Ég tel því æskilegt, að 5% gjaldinu verði haldið enn í nokkurn tíma og því varið m. a. til slíkra skála, því að með því móti er því varið til að bæta skilyrði ferðafólks í landinu. Hins vegar er ég alveg sammála þessu frv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við tilmælum hv. þm. Barð. og taka til athugunar að halda stimpilgjaldinu. Ekki skal dregið í efa, að þeir sem eiga gistihús eða stór heimili í ferðamannaleið þarfnist styrks frá ríkinu, En ég vil vekja athygli á því, að stimpilgjaldið er einnig greitt af farseðlum þeirra farþega, sem ferðast með áætlunarbifreiðum, alveg á sama hátt og sérleyfisgjaldið, og það er því nokkuð langt gengið að leggja bæði þessi gjöld á það fólk eingöngu, sem ferðast með áætlunarbifreiðum. Og eigi þess utan að leggja fram styrk frá hinu opinbera til byggingar gistihúsa, þá nýtur þetta fólk að vísu gistihúsanna að miklu leyti, en þau verða einnig mikið notuð af fólki, sem ferðast um í einkafólksbifreiðum, og með tilliti til þess er það vafasöm sanngirni að láta eingöngu það fólk, sem ferðast með áætlunarbifreiðum, greiða gjaldið, sem rennur til byggingar þessara gistihúsa. Þetta vildi ég aðeins taka fram og lofa, að málið verði athugað nánar í allshn. fyrir 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. frsm. allshn., að óréttlátt væri að láta þetta gjald eingöngu hvíla á þeim, sem ferðast með áætlunarbifreiðum, en láta alla aðra, sem ferðast með bifreiðum, vera undanþegna því. En því ekki að taka upp skatt á allar bifreiðar, svona hálfa milljón á ári, og láta það renna í sérstakan sjóð. Einkabifreiðar eru orðnar mjög margar. Þær gætu alveg eins lagt fram sinn skerf, og ég sæi ekki eftir því, þótt hver þeirra legði fram þúsundkall á ári til að koma gistihúsunum upp.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var til 2. umr. hér í hv. d., var af tveim hv. þm. óskað eftir upplýsingum um málið, sem ekki lágu fyrir frá n., en n. hefur ekki enn unnizt tími til að ná. En ef hv. þm. halda fast við óskir sínar, vil ég mælast til, að hæstv. forseti fresti afgreiðslu málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal falla frá því, að þessi breyt. sé gerð, sem ég talaði um. Ég hef átt tal um þetta við hæstv. samgmrh. og fell frá því í trausti þess, að það fé, sem afgangs verður og ekki þarf að nota til rekstrar skrifstofunnar, verði látið ganga til þess að aðstoða m. a. þá veitingastaði úti á landi, sem hefur verið hin mesta nauðsyn fyrir í sambandi við þessar ferðir. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða það frekar.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Mér þykir rétt í sambandi við þetta mál að beina alveg sérstaklega til hv. form. fjvn. smáuppástungu, sem komið hefur fram í sambandi við setningu þessara laga. Samkvæmt reglugerð er heimilt að greiða 40 króna skoðunargjald fyrir hverja bifreið á ári, enda sé hún ekki notuð allt árið. En fengist skoðunargjaldinu í þessari reglugerð breytt þannig, að gjaldið yrði fastákveðið og þá 100—200 kr. fyrir hvert ár, fengist nægilegt fé til þess að mæta þeim óhjákvæmilegu kröfum, sem eru gerðar viðvíkjandi styrk til byggingar slíkra gistihúsa, og þyrfti þá ekki að vera neitt að breyta sérleyfisgjaldinu eða fara aðrar leiðir til þess að afla þeirra tekna. Vildi ég sérstaklega beina þessu til hv. form. fjvn. til athugunar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrir ábendingu hv. 7. landsk. Það er náttúrlega ekki á valdi fjvn. að breyta þeirri reglugerð. Mun ég sem form. þeirrar n. setja mig í samband við ráðh., sem hefur með þessi mál að gera, og ræða þessa nýju hugmynd við hann í sambandi við þessi mál.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 495).

---

45. Einkasala á tóbaki.

Á 35. fundi í Sþ., 11. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. sept. 1943, um breyt. á l. nr. 58. 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki (þmfrv., A. 510).

Á 90. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Fjhn. fékk þetta frv. sent í dag frá hæstv. fjmrh. Við höfum haldið fund um málið, og var þar ákveðið, að meiri hl. n. skyldi taka að sér flutning málsins, en í meiri hl. eru 4 af fimm nm. — Að svo mæltu vil ég gefa framsögu í málinu í hendur hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að bera fram breytingar á tollal., sumar til þess að afla ríkissjóði frekari tekna en nú standa l. til. En á meðan það er í undirbúningi, þá ber það að, að mjög aðkallandi er að láta þá hækkun, sem höfð er í huga, ná til tóbakseinkasölunnar. Og þar stendur svo sérstaklega á, að hér liggja nú fyrir töluvert miklar birgðir af tóbaki, sem ekki hafa verið teknar til sölu, en hefur verið sótzt eftir, þ. e. a. s. vissum tegundum, en ég hef haldið til baka að væru settar í umferð, þar til verðlagi væri breytt á tóbakinu. Er þarna aðallega um sígarettur að ræða. Þess vegna var hnigið að því ráði að leita heimildar Alþ. til þess að hækka álagningu á þessari vöru frá því, sem má eftir l., eins og gert er ráð fyrir í frv. á þskj. 510.

Það er um heimild að ræða, en ráðuneytið verður að meta, hversu langt sé hægt að fara í þeim efnum. En ég tel nauðsynlegt, að þessi heimild sé til. Álagning er nú hjá tóbakseinkasölunni upp í löglegt söluhámark.

Ég þarf ekki að fjölyrða um það, hversu mikil knýjandi þörf er fyrir meiri tekjur ríkissjóðs. Ég mun hafa tækifæri til þess að víkja að því við meðferð annarra mála.

Ég vænti þess, að þetta heimildarfrv. sæti engri mótspyrnu hjá hv. Alþ., og við höfum gert ráðstafanir til þess að draga úr sölu á tóbaki, á meðan þetta frv. er á ferðinni gegnum þingið, og það er það, sem aðallega rekur á eftir nú, að mjög verður vart við, að keyptar séu óþarflega miklar birgðir af þessari vöru, sem kann að vera, að stafi aðallega af því, að menn búist við, að hún hækki í verði.

Ég vil svo vænta þess, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja þessa heimild. Og enda þótt ráðuneytið noti sér ekki þessa heimild til hins ýtrasta, tel ég nauðsynlegt að hafa hana svona rúma í þessu efni. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. Alþ. geti fallizt á, að þessi heimild geti fengið afgreiðslu í báðum d. í dag, og vil að óreyndu vona, að svo verði, enda er, eins og allir sjá, nauðsynlegt, að slíkt mál fái fljóta afgreiðslu, ef ekki á að horfa upp á það, að menn viði að sér óþarflega miklum birgðum með hækkunarvitundina fyrir augum, og er þá ekki nema sá kostur fyrir hendi að hætta sölu, á meðan slíkar ráðagerðir eru á döfinni. Er því nauðsynlegt, að hv. Alþ. taki skjótar ákvarðanir og málið gangi í gegn, án þess að það þurfi að fara aftur til fjhn., og þó að það sé ekki nema meiri hl. n., sem flytur málið, geri ég ráð fyrir, að allir sjái, að hér er um nauðsynlega tekjuöflun að ræða.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég sá mér ekki fært að verða samferða nm. mínum í fjhn. um að flytja þetta frv., á meðan stefna ríkisstj. er yfirleitt ekki skýrari en nú er. Og á meðan ekki er séð, hverjar eða hvaða framkvæmdir ríkisstj. hefur í huga, sjáum við okkur ekki fært að vera með tekjuöflunarleið hennar. Hins vegar mun ég ekki stofna til stórumr. til þess að draga þetta mál. Ég skil vel, að hæstv. fjmrh. vill fá þetta mál fljótt í gegnum þingið. Við munum þess vegna greiða atkv. á móti þessari hækkun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:4 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það virðist vera nauðsyn, einkum og sér í lagi vegna fjárhagsþarfa ríkissjóðs, að gera ráðstafanir meðal annars til þess að fá meira fé í ríkissjóð fyrir sölu á tóbaki en hingað til hefur átt sér stað. Í l. frá 1943 er heimild til þess að leggja á 150% tóbakstoll. Hefur þessi heimild verið notuð að fullu leyti. En ef hafa á meira fé á þennan hátt, er ekkert ráð fyrir hendi annað en að leita eftir heimild frá hv. Alþ. um það að hækka þessa álagningu. Hér er farið fram á, að heimilt sé að hækka álagninguna úr 150% upp í 250%. Þar með er ekki sagt, að sú heimild verði notuð að fullu, heldur eins og hæfilegt þykir. Tóbakssala hefur aldrei verið eins mikil og á síðasta ári. Mér er sagt, að það hafi verið selt fyrir 30 millj. kr. á s. l. ári. En þá verður maður að gæta þess, að það er ekkert smáræði af tóbaki, sem flutt hefur verið út úr landinu á því tímabili, bæði löglega og ólöglega. Það hafa verið fyrir hendi ákaflega margar leiðir til að koma þessari vöru út, t. d. með útlendingum, fiskiskipum, sem gengið hafa á milli, og á annan hátt. Þetta ástand er mjög breytt frá því í fyrra, svo að gera má ráð fyrir lægri söluupphæð nú í ár, þótt ekki sé tekið tillit til nema þessarar staðreyndar. Ég ætla ekki, að það þurfi að hafa hér um fleiri orð. Þetta mál hefur þegar gengið í gegnum hv. Nd. Ég vil mælast til við þessa hv. d., að málið fái afgreiðslu nú, einkum vegna þess, að þörf er á að koma nokkrum tóbakstegundum á markaðinn, sem liggja hér í geymslu, en er að verða vöntun á í landinu. En forstjóri tóbakseinkasölunnar segir, að örðugt sé að standa á móti því í marga daga að láta vöru koma á markaðinn, sem vöntun er á, úr því hún sé komin til landsins. Við þetta bætist svo það, að borið hefur á því, að menn leggi meira kapp á en áður að afla sér þessarar vöru. Það styður að því, að ef Alþ. fellst á annað borð á að fara þessa leið, sem ég tel réttmæta, þá viðhafi það fljótar aðgerðir við breytingu verðlagsins. Ég vildi svo geta þess, að málið er flutt af hv. fjhn. Nd. Mér finnst óþarft, að það fari í n. hér, því að annaðhvort leyfir Alþ. þessa breytingu á l. eða ekki. Vænti ég því þess, að málið geti haldið viðstöðulaust frá umr. til umr. í dag, þar til yfir lýkur.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég hygg þetta frv. hafi ekki verið borið fram af hv. fjhn. Nd. sem heild, heldur af meiri hl. hennar. Mér finnst, að það væri ekki óeðlilegt, að skotið yrði á nefndarfundi til þess að ræða frv. Þetta kemur flestum hv. dm. á óvart. Fyrir mitt leyti vil ég segja um þessa gífurlegu hækkun á almennri neyzluvöru, að ég get ekki fallizt á hana, meðan allt er á huldu um stefnu þá, sem tekin verður varðandi fjármál ríkisins. Auk þess er þess að gæta, að þetta hefur nokkur áhrif á vísitöluna, ég veit ekki hvað mikið, en það verður svo aftur að greiða

niður með fé úr ríkissjóði. Svo að þessu leyti tel ég þetta vera eltingaleik við skuggann sinn. Ég legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn., svo að hún geti skotið á fundi, áður en málið kemur til 2. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég sé enga ástæðu til þess, að málið fari í n., því að n. gerir ekki annað en vera annaðhvort með hækkuninni eða á móti. Og það geta hv. nm. gert nú við þessa atkvgr.

En hvað það snertir, hver stefna verði í fjármálum ríkisins, þá verð ég að segja það, að það ætti ekki að vera og er ekkert vafaatriði, að ríkiskassann vantar stórkostlega auknar tekjur. Og mér þykir það gegna furðu, að sá hv. þm., sem hér talaði, skuli leggjast á móti því, að hækkuð sé í verði munaðarvara, þegar það er vitað, að hans eigin flokksmenn hafa lagt svo mjög gegn öllum niðurskurði á útgjöldum í fjvn. Það er ekki ástæða nú til að ræða þá stefnu, sem taka á upp í þessu efni. En hitt liggur í augum uppi, að sú stefna getur ekki staðizt að standa á móti öllum niðurskurði á gjöldum ríkisins og einnig á móti öllum tekjuöflunarleiðum ríkissjóði til handa. Að öðru leyti skal ég ekki orðlengja þetta mál nú. Ég legg á móti því, að málið fari til n. Hér á eftir verður áríðandi fundur í hv. utanrmn., og af tekniskum ástæðum tel ég þetta frv. þurfa að fá afgreiðslu strax í dag. Það er ekki hægt að stöðva sölu á tóbaki nema stuttan tíma, en meðan þetta er á döfinni, dugar ekki að hafa tóbakseinkasöluna opna.

Brynjólfur Bjarnason: Hæstv. fjmrh. hefur nú staðfest, að það er allt á huldu, hvaða stefna verði tekin upp, enda vitum við það allir. Hitt getum við verið sammála um, að ríkissjóð vanti fé. En hins vegar getur verið ágreiningur um það, hvernig skuli fara að því að afla þess fjár, engu síður en um það, hvernig því skuli varið. Og ég álít það séu til ýmsar aðrar leiðir, sem ef til vill liggi nær að grípa til en þessarar. Ég hef bent á þá annmarka, sem á þessu eru, og þótt hér sé um að ræða svo kallaða munaðarvöru, þá er þetta munaðarvara, sem er almenn neyzluvara og hefur áhrif á vísitöluna. Og það hefur ekki verið upplýst hér, hvað þau áhrif verða mikil. Það þarf annars ekki að hafa um þetta fleiri orð. Úr því verður skorið við atkvgr., hvort málinu verði vísað til n. eða ekki.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.
Till. um að vísa því til fjhn. felld með 9:3 atkv.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 515).

---

46. Háskóli Íslands.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936 (þmfrv., A. 201).

Á 36. og 37. fundi í Nd., 12. og 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á síðasta vori ritaði háskólaráð hæstv. menntmrh. og fór fram á, að gerð væri breyt. á einu ákvæði háskólalaganna. Hæstv. menntmrh. ritaði þá menntmn. um að flytja málið á Alþ., en henni vannst ekki tími til þess þá. En nú er málið hér flutt. — Um frv. þetta hef ég ekki fleiri orð, en vísa til grg., sem því fylgir.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 39. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 21. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 46. fundi í Ed., 8. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 201, n. 368).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Þetta frv. er flutt að ósk heimspekideildar Háskóla Íslands, samið af háskólarektor og hefur hlotið samþykki háskólaráðs. Breyt. er sú, að 28. gr. háskólal. verði breytt á þann hátt, að nemendur í íslenzkum fræðum geti, áður en námi er lokið, valið um, hvort þeir gangi undir kandídatspróf eða meistarapróf.

Með reglugerð háskólans 9. okt. 1912 var stofnað meistarapróf í íslenzkum fræðum. Var þar ekki aðeins miðað við, að nemandinn sýndi góða þekkingu á þessum fræðum, heldur og vísindalega hæfni. Þessu fyrirkomulagi var breytt 1934, þegar stofnað var kennarapróf í íslenzkum fræðum. Með þeirri breyt. var hinum vísindalega þætti meistaraprófsins sleppt, en almennum kröfum um þekkingu á íslenzkum fræðum lítið eða ekki breytt eða úr þeim dregið, svo að heitið gæti. Það þótti ekki rétt að heimta af þeim, sem ætluðu að stunda kennslu í íslenzkum fræðum, langt vísindalegt sérnám, en svo var til ætlazt, að þeir, sem tekið hefðu kandídatspróf, gætu síðar gengið undir meistarapróf, en reynslan hefur orðið sú, að enginn kandídat með kennaraprófi hefur gengið undir meistarapróf, en hins vegar hafa 5 menn gengið undir meistarapróf, en þeir höfðu hafið nám, áður en þessi breyt. var gerð.

Þessi reynsla þykir benda til þess, að heppilegt sé að greina þessi tvö próf í sundur, eins og gert er víðast í nágrannalöndunum, svo að menn geti valið einhvern tíma á námstíma sínum, hvort þeir ganga undir kennarapróf eða meistarapróf. Menntmn. hefur kynnt sér málið eftir föngum og telur breyt. líklega til að beina námsmönnum í íslenzkum fræðum inn á báðar þessar brautir og bæta úr þeim formgalla, sem verið hefur á háskólal. síðan 1934. Einn nm., hv. þm. Seyðf., var farinn til útlanda, þegar málið var afgr., en allir aðrir nm. hafa skrifað undir nál. og leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég ætlaði eingöngu að spyrja n., hvernig stendur á því, að þau próf, sem eiga að vera hin mestu lærdómspróf hér á landi, eiga að vera með þeim hætti, að þar eiga engir prófdómarar að vera. Ég hefði haldið, að það væri þeim mun meiri nauðsyn á prófdómurum, eftir því sem lærdómsframinn er meiri, en hér eiga þeir að vera tveir við hið minni háttar próf, að því er manni skilst, en við það, sem veitir hinn mesta lærdómsframa, eiga kennararnir einir að úrskurða. Ég hefði álitið, að þetta ætti að vera öfugt. Það er haft svo mikið við doktorsprófin, að það eru tilkallaðir sérstakir sérfræðingar, að vísu stundum úr deildinni sjálfri, en það horfir allt öðruvísi við, þar er kennarinn ekki að dæma um eigin kennslu, heldur er þar um sjálfstæð vísindaafrek að ræða, en þarna eiga kennararnir að dæma um sína eigin nemendur.

Ég vil biðja hv. n. að taka það til athugunar og umr. á ný, hvort hér er venjulega frá gengið.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Ég skal játa, að n. hefur ekki gert aths. við þetta ákvæði í 1. gr., og er það þá fyrst og fremst sökum þess, að frv. hefur meðmæli allra aðila, sem um það hafa fjallað á fyrra stigi þess, sem sé bæði heimspekideildar Háskólans og háskólarektors, og einnig hefur það verið samþ. af háskólaráði. Má ef til vill vera, að þessir aðilar hafi ekki lagt sem skyldi áherzlu á þetta atriði, eftirlit með prófum og hvernig ætti að dæma þau, og þarna þurfi að reisa rammari skorður við.

Ég skal játa það, að það er nokkuð með einkennilegum hætti, að prófdómarar skuli eiga að vera við kennarapróf í íslenzkum fræðum, en ekki við það próf, sem telst gráðu ofar, þar sem við bætast kröfur um vísindalega þekkingu nemenda — þar skuli engir prófdómarar eiga að vera aðrir en kennarar í íslenzkum fræðum við háskólann. Vafalaust hljóta þó að vera til menn í landinu, sem hafi slíkan lærdóm í íslenzkum fræðum, utan þeirra, sem við háskólann starfa í þessari fræðigrein, að hægt væri að fá prófdómara utan stofnunarinnar við þetta próf. Ég held, að það sé ekki nein andstaða gegn því í menntmn., að málið gangi þangað aftur til athugunar út af þessu atriði.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 25. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þegar málið var hér síðast til umr., kom fram fyrirspurn frá dómsmrh. um það, hvers vegna ráð væri fyrir því gert, að kennarar í íslenzkum fræðum skyldu einir dæma um prófverkefni við meistarapróf í íslenzkum fræðum, en ekki dómnefnd eins og við önnur próf innan háskólans. Ég hef rætt þetta mál við rektor háskólans og forseta heimspekideildarinnar, prófessor Einar Ól. Sveinsson. Hann upplýsti mig um það, að þetta væri sama fyrirkomulag og við Hafnarháskóla, fyrirkomulagið í Svíþjóð hefði einnig verið athugað, en ekki þótt eins heppilegt, því þar er á valdi eins manns að dæma úrlausnarefnið. Prófessor Einar Ól. Sveinsson benti á, að kennarapróf í íslenzkum fræðum veitti atvinnuréttindi í þjóðfélaginu og væri mælikvarði á þá kunnáttu, sem nemendur hefðu öðlazt í deildinni undir handleiðslu kennaranna, og væri því eðlilegt, að dómnefnd dæmdi þar um úrlausnir, en meistaraprófið væri vísindalegur stimpill, sem unnið væri til, án íhlutunar kennara, og ef kennurum í íslenzkum fræðum væri ekki trúað til að dæma um slíkar vísindalegar ritgerðir, þá væri þeim vart treystandi til þess að kenna í deildinni. Annars kvaðst Einar Ól. Sveinsson ekki vera á móti dómnefnd, ef það væri vilji Alþ., en óskaði, ef breyt. yrðu gerðar á frv., þá yrðu þær áður sendar heimspekideildinni til umsagnar.

Ég hef borið þetta undir þá meðnm. mína, sem

ég hef náð til, og höfum við orðið sammála um, að naumast sé ástæða til lagabreyt., en ef d. sýnist svo, óska ég eftir, að það verði borið undir heimspekideildina.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það er alger misskilningur, að hér sé um ný l. frá Alþ. að ræða, heldur er hér um beiðni að ræða frá umræddri deild um breyt. á núgildandi l. Ég er algjörlega andvígur því, að kennarar í deildinni dæmi einir um úrlausnir í þessum meistaraprófum, enda þótt slíkt sé gert í Danmörku. Það er aðeins í heimspekiprófi, sem hér er tekið eftir eins árs nám og er tiltölulega mjög lítils virði, að slíkur háttur er á hafður. Þótt í þessum meistaraprófum sé um sérstaka vísindaritgerð að ræða, þá verður ekki um það deilt, að sú ritgerð verður til óbeint undir handleiðslu þessara sömu kennara. Og í samanburði við aðrar deildir háskólans, t. d. lagadeildina, þá er það og hefur þótt sjálfsagt, að dómnefnd dæmdi þar um úrlausnir, sömuleiðis er með læknadeildina, enda tel ég það bæði eðlilegt og rétt, að hlutlausir prófdómendur dæmi um slíkt.

Ef einhverjir telja það óviðeigandi, að hlutlausir menn séu kvaddir til að dæma um meistarapróf, sem jafnframt eru viðurkenndir í sínu fagi, þá er þar um embættishroka að ræða, því að það setur á engan hátt blett á viðkomandi kennara. Ég vil því eindregið mælast til þess við n., að hún taki málið aftur til athugunar og fái því til vegar komið, að sömu reglu verði fylgt í þessu efni og við önnur próf innan háskólans, þ. e. að hafðir verði hlutlausir prófdómendur.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Ég veit ekki, af hverju hæstv. dómsmrh. hefur ráðið það af orðum mínum, að kennarar háskólans í íslenzkum fræðum væru haldnir embættishroka. Það var síður en svo, að það kæmi fram hjá próf. Einari Ól., þegar ég ræddi við hann um þetta mál. Það, sem hann fór fram á, var aðeins það, að ef Alþ. óskaði eftir að breyta þessu frv. eitthvað, t. d. að sérstök dómnefnd dæmdi um úrlausnir við meistarapróf, sem hann fyrir sitt leyti kvaðst vel geta sætt sig við, þá fengi heimspekideildin að athuga það nánar, áður en slíkar breyt. væru lögfestar. Úr því að hæstv. dómsmrh. telur þessa breyt. æskilega og er að sjálfsögðu mjög kunnugur þessu máli, og sennilega miklu kunnugri því en n., þá er til þess opin leið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það er einmitt vegna míns kunnugleika á þessu máli, að ég óska eftir breyt. á þessu frv., þar sem ég hef verið kennari við þessa stofnun í fjölda mörg ár. Ég tel, að það muni alveg nýtt og eigi ekki að líðast, að það sé komið undir geðþótta eins eða tveggja kennara að dæma og veita meistarapróf. Það voru orð 3. landsk. sjálfs, sem gáfu beinlínis tilefni til þess, er ég sagði um embættishroka.

Til þess að hægt sé að verða við beiðni heimspekideildarinnar um, að hún fái málið til nánari yfirvegunar, áður en á því eru gerðar breyt., óska ég eftir því, að n. taki málið á ný og athugi þetta atriði, sem ég hef bent á, og verði hún við þeirri ósk minni, mun ég ekki flytja brtt. á þessu stigi málsins.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Ég vil algerlega mótmæla því, að orð mín hafi gefið tilefni til þess að álíta, að próf. Einar Ólafur Sveinsson eða hans samkennarar væru haldnir embættishroka. Ég mun hins vegar verða við beiðni hæstv. ráðh. og skrifa heimspekideild um þetta atriði, ef hæstv. forseti vill nú fresta þessari umr. — **(Dómsmrh.:** Ég er ásáttur með þá lausn á málinu.)

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Ed., 18. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Út af aths. dómsmrh. við 3. umr. var afgreiðslu málsins frestað, svo að n. gæti sent það heimspekideild háskólans til umsagnar með þeim aths., sem dómsmrh. gerði. Nú hefur n. borizt eftirfarandi bréf, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Út af bréfi hv. menntmn. Ed. 26. f. m. tilkynnist yður, að heimspekideildin hefur tekið málið til athugunar og samþykkt um það svo fellda umsögn:

Heimspekideildin er þeirrar skoðunar, að óþarft sé að skipa prófdómendur til að dæma úrlausnir við meistarapróf í íslenzkum fræðum, og getur eigi fallizt á, að „óviðurkvæmilegt“ sé að halda hinu gamla fyrirkomulagi. Má benda á, að við Kaupmannahafnarháskóla er sami háttur á hafður um meistarapróf, og við sænska háskóla eru engir prófdómendur við tentamen. Hins vegar lætur deildin það afskiptalaust, þótt þessu yrði breytt (smbr. 26. gr. háskólalaganna), en telur sér skylt að benda á, að dómstörf við þetta próf hljóta að verða óvenjulega kostnaðarsöm.

Virðingarfyllst.

Einar Ól. Sveinsson,
forseti heimspekideildar.“

Þessar upplýsingar, sem hér koma fram skriflega, lágu áður fyrir d. munnlega, og tel ég því eðlilegt, að gengið verði nú þegar til atkv. um frv.

Gísli Jónsson: Ég vil vekja athygli á því, að dómsmrh., sem gagnrýndi frv., þegar það var hér síðast til umr., er ekki viðstaddur nú, og vil ég því beina því til forseta, hvort ekki sé rétt að fresta umr.

Forseti (ÞÞ): Þessu frv. hefur verið frestað og frestað hér í d., og nú hefur ráðh. átt kost á að sjá, að frv. er á dagskrá, og ætti því að vera viðstaddur, ef hann hefði áhuga á að ræða málið. En þó get ég til eftirlætis þm. Barð. tekið 2. málið á dagskránni til umr. og frestað umr. um þetta í bili.

Umr. um málið frestað um hríð, en er þeim skyldi fram haldið síðar á fundinum, kvaddi enginn sér hljóðs, og var gengið til atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HermJ, PZ, StgrA, ÁS, BSt, ÞÞ.

nei: GJ, JJós.

SÁÓ greiddi ekki atkv.

7 þm. (BrB, EE, GÍG, LJóh, PM, BBen, BK) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 540).

47. Þingsköp Alþingis (frv. StJSt).

Á 10. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis (þmfrv., A. 97).

Á 16. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt var liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Stefán Jóhann Stefánsson): Herra forseti. Í 54. gr. núverandi stjskr. er kveðið svo að orði, að alþm. sé heimilt að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þd., sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra. Í samræmi við þessa gr. stjskr. er svo ákveðið í 31. gr. þingskapa, að ef menn vilji gera slíkar fyrirspurnir, þá sé skylt að prenta þær og útbýta þeim og því næst bera undir hlutaðeigandi þd., hvort þær skuli leyfðar. Þegar þd. er búin að leyfa fsp., á að senda hana til hlutaðeigandi ráðh., og þegar hann er tilbúinn að svara, skal málið tekið á dagskrá.

Ég vil fyrst og fremst benda á það, að þetta atriði er eins og fleiri atriði í okkar stjórnarskrá að verulegu leyti þýðing á grundvallarlögum Dana, en eins og menn vita, þá er danska þingið þannig, að þótt það sé í tveimur d., þá er þar ekki sameinað þing. Mörg ákvæði í okkar stjórnarskrá eru vegna tilkomu sinnar miðuð við það, að þingið sé aðeins í tveimur d., en ekki Sþ. Þessu er nú að því leyti breytt, að sameinað Alþingi fékk mál að fjalla um, þegar svo var ákveðið 1933, að fjárl. skyldu rædd í Sþ.

Eftir heimild 54. gr. stjskr. er þar svo ákveðið og eins í 31. gr. þingskapa, að fsp. með þeim hætti, sem þar er ákveðið, skyldi bera fram í d. á þann hátt, sem ég hef lýst. Reynslan á þessu fyrirkomulagi var heldur slæm, og það hefur sýnt sig, að hér er þörf verulegra umbóta. Menn bera fram fsp. sínar í samræmi við stjskr. og þingsköp. Þær eru prentaðar, þeim er útbýtt, lagt undir samþykki d., hvort þær skuli leyfa, það er samþ. undantekningarlaust, og síðan eru þær sendar ráðh. Svo kunna að líða vikur, mánuðir og jafnvel þingtíminn út, að aldrei berist svar við fsp. Vegna þessa þunglamalega fyrirkomulags hafa þm. gripið til þess ráðs að kveðja sér hljóðs utan dagskrár í þd. eða Sþ. og bera fram þar fsp. til ráðh. Aftur gæta þm. þess ekki, sem slíkar fsp. bera fram, að óska eftir því við viðkomandi ráðh., að hann væri viðstaddur í þd. eða Sþ. til að hlusta á mál þm. þar og svara fsp. Af því leiðir það, að stundum er beint fsp. til ráðh., sem ekki er viðstaddur, og jafnvel þó að hann sé viðstaddur, þá á hann þess ekki kost að gefa þá svo skýr og ákveðin svör sem fyrirspyrjandi ætlast til, þar sem hann veit ekki um fsp., fyrr en hún kemur fram. Til þess að bæta úr þessu og til þess að fullnægja þeim vilja, sem greinilega er fyrir hendi hjá alþm., að geta borið fram fsp. til ráðh., og þeir eigi þess kost að fá við þeim hið bráðasta skýr svör, þá leyfi ég mér að bera fram frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 97. Þar er gert ráð fyrir, að hver og einn þm. geti borið fram slíkar fsp. og afhent þær forseta, forseti komi þeim til skrifstofu Alþingis og innan viku frá því, að fyrsta fsp. kom fram, skuli prenta fsplista um eina eða fleiri spurningar, sem borizt hafa forseta frá því, að fyrsta fsp. kom fram, og þeim lista sé síðan útbýtt meðal alþm. Viku eftir útbýtingu listans á að taka málið á dagskrá í Sþ. sem sérstakan dagskrárlið, og gefist þá hlutaðeigandi ráðh. kostur á að svara fsp. og gefa skýrslu þá, sem beiðzt er, í sem styztu máli, og eftir mínum till. er gert ráð fyrir því, að þm. geti tekið til máls um fsp., þó ekki lengur en 5 mínútur í senn og ekki oftar en tvisvar sinnum aðrir en ráðh.

Ég skal fyrst og fremst geta þess, að ég álít eðlilegt, að fsp. séu bornar fram í Sþ. Þar eru allir þm. saman komnir, og þar geta ráðh. setið án tillits til, hvar þeir eiga sess sem þm. Þar er allur þingheimur saman kominn og allir ráðh. Það er því eðlilegast, að fsp. séu ræddar í Sþ. Það er að vísu ekki gert ráð fyrir því í stjskr., að fsp. séu bornar fram í Sþ., en þar er ekki heldur gert ráð fyrir því, að þáltill. séu bornar fram í Sþ., en í stjskr. er heimilað samkv. 58. gr., að það séu settar nánari reglur um þingstörfin með þingsköpum. Og það hefur verið gert með þingsköpum að heimila þáltill. í Sþ., þó að stjskr. tali ekki um það, og það er margra ára venja um þetta atriði, og mér skilst, að það hljóti að vera heimilt á sama hátt, þegar um hliðstætt tilfelli er að ræða, að ákveða með þingsköpum, að fsp. geti verið bornar fram í Sþ. Ég tel því, að í stjskr. sé ekkert það, sem meini það, að þessar fsp. séu bornar fram með þeim hætti, sem ég legg til, að það sé ákveðið, að þær séu bornar fram í Sþ., en að sjálfsögðu er ekki hægt með þingsköpum að breyta ákvæðum stjskr. Þar af leiðandi er talað um það í niðurlagi frv., að rétt sé þm. einnig að nota sér heimild 54. gr. stjskr. að beiðast skýrslu ráðh. í þd., en um ákvæði þeirrar gr. gat ég í upphafi máls míns. Ég ætla þó, að þessi heimild, sem ég vil hér lögfesta, yrði aðallega notuð, en ekki heimild 54. gr. stjskr.

Ég hef drepið á það í grg., að þessi háttur eða líkur þeim, sem ráðgerður er í frv. mínu, hafi lengi verið við hafður í móðurlandi þingræðisins, Stóra-Bretlandi. Allir, sem hafa átt kost á að hlusta á brezka parlamentið eða lesa um það, vita, hvað þetta er stórmerkilegur þáttur í starfi brezka þingsins. Ég hlustaði einu sinni á brezka þingið í fyrirspurnatíma. Þá voru um 60 fsp. afgr. þar á rúmum klukkutíma. Ráðh. leitaðist við að svara þeim í sem styztu máli, stundum með einni eða tveimur setningum. Þm., sem kvöddu sér hljóðs, töluðu aðeins stutta stund. Og eftirtektarvert var, hvað mikið bar á því, sem er svo áberandi þáttur hjá Bretum, að menn tækju þessar umr. með kímnilegum ummælum. Þessi háttur hefur reynzt ágæta vel, og aðrar þjóðir hafa um það rætt og sumar einnig látið verða af því að taka upp líka háttu.

Mér sýnist auðsætt, að íslenzkir alþm. hafi fullan vilja á því að nota sér þann rétt, sem finnst í stjskr. og þingsköpum, til að bera fram fsp. á Alþ. En ef á að fylgja fyrirmælum 31. gr. þingskapanna, þá verður reyndin sú, eins og ég hef áður sagt, að málsmeðferðin verður silaleg og nær ekki því marki, sem til er ætlazt. En ef þessi háttur, sem ég legg til, er tekinn upp, að koma þannig með

skrifl. fsp., þá gæti það orðið til þess, að mörg mál og stjórnarathafnir yrðu upplýst betur en ella. Ráðh. mundu svara fsp. í sem styztu máli, og þm. gætu lagt eitthvað orð í belg til frekari fsp. eða til að lýsa áliti sínu á því, sem fram kom í svari ráðh. Ég tel, að þetta geti orðið til að greiða fyrir góðum störfum þingsins. Ég tel því eðlilegt, að þessi tilraun sé a. m. k. gerð.

Ég tel að athuguðu máli, að það sé engum vafa bundið, að það sé heimilt samkv. stjskr. að ákveða um þetta atriði á þennan veg, að sjálfsögðu með því að skerða í engu þann rétt, sem þm. eiga eftir 54. gr. stjskr. til þess að bera fram fsp. á sama hátt og tíðkazt hefur í d. En það er trú mín og skoðun, að sá þáttur þingstarfanna mundi breytast og menn hverfa að því að bera fsp. fram í Sþ., og ef þetta er vel framkvæmt, þá álít ég, að það gæti orðið til þess, að þingstörfin að þessu leyti gengju betur og þm. fengju meiri og betri upplýsingar og greiðari en þeir hafa áður fengið.

Ég hef þessi orð svo ekki fleiri, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 223).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir því frv., sem hér liggur fyrir frá allshn. Allshn. hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga.

Ég mun ekki þreyta hv. þd. með því að endurtaka nein af þeim rökum eða ástæðum, sem ég færði fram við 1. umr. þessa máls, þegar frv. var fylgt úr hlaði. Vil ég þó aðeins segja það, að mér finnst það koma skýrar og skýrar í ljós við meðferð fsp. hér á hæstv. Alþ., að nauðsyn beri til að taka þar um breytta háttu. Ég vildi mega vænta þess, að hv. þd. gæti fallizt á þá hugmynd að breyta nú svo til, sem frv. gerir ráð fyrir, og að framkvæmd þeirra spurningatíma gæti orðið til þess að koma á betri afgreiðslu varðandi spurningar, sem einstakir þm. vilja bera fram við ráðh., sem oft vill verða og æskilegt er jafnvel, að geti orðið sem oftast, þegar þm. telja sig skorta upplýsingar um þau mál, sem þeim er skylt að fylgjast með og fjalla um.

Ég vildi aðeins skjóta því fram í sambandi við þetta mál, að í raun og veru hefði verið mjög æskilegt, ef þess hefði verið kostur, eftir að þetta skipulag væri komið á, að reynt væri að taka upp prentun samstundis á þessum þætti þingtíðindanna. Ég ætla, að þetta yrði ekki neinn sérstaklega stór eða fyrirferðarmikill þáttur í þingtíðindunum. En ég ætla þó, að einmitt þessir spurningatímar væru um málefni, sem fólkið í landinu gjarnan vildi fá tækifæri til að fylgjast sem allra bezt með, um hvað ráðh. svara fsp. og hvað þm. hafa fram að bera í því sambandi og hvaða aths. að gera. En þetta eru allt atriði, sem mætti taka til athugunar síðar meir. En ég vildi skjóta þessari hugmynd fram fyrir hv. þd. til nánari umhugsunar.

Að svo mæltu vil ég fyrir hönd allshn. mæla með því, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 21. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Ed., 8. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 478).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í frv. þessu er lagt til, að gerðar verði breyt. á ákvæðum þingskapa. Allshn. hefur athugað frv., og leggur hún einróma til, að það verði samþ. með lítils háttar breyt.

Eins og kunnugt er, eru gildandi fyrirmæli um fsp. að finna í 31. gr. þingskapa. Þau ákvæði eru dálítið stirð og þung í framkvæmd, og má segja, að þau hafi reynzt þannig, að fsp. hafi ekki komið að slíkum notum sem tök hefðu verið á, ef fyrirmælin hefðu verið meira sniðin við hæfi. — Í þessu frv. er lagt til, að ef alþm. telja sig þurfa að fá upplýsingar hjá ríkisstj. um eitt eða annað, geti þeir borið fram um það fsp., en þeim eigi ekki að fylgja nein grg. Skrifstofa Alþingis á að safna þessum fsp. saman og láta prenta þær, og viku eftir að fyrirspurnarlistanum hefur verið útbýtt, á að taka þær fyrir. Er gert ráð fyrir, að ráðh. geti þá gefizt tækifæri til að svara þeim, eftir því sem þeir sjá ástæðu til. N. lítur svo á, að óheppilegt sé að láta ráðh. hér í sjálfsvald sett, hvort hann svarar eða ekki, og leggur því til þá breyt., að ráðh. sé lögð sú skylda á herðar að svara fsp. Má og vera, að sumar fsp. séu með þeim hætti, að erfitt sé að svara þeim og jafnvel, að hann geti það ekki af ýmsum ástæðum eða megi ekki gefa fullnægjandi upplýsingar um það, sem um er spurt, þegar fsp. er á dagskrá. En það yrðu að teljast fullnægjandi svör við fsp., ef ráðh. gæfi upplýsingar, sem leiddu slíkt í ljós.

Það er álit n., að það sé til mikilla bóta að gera þessa breyt. á þingsköpum. Fyrirspurnarformið er oft sú einasta leið, sem þm. hafa til þess að fá upplýsingar um mál, sem þeir telja sig verða að fá

upplýsingar um. Þeir eiga oft ekki annan aðgang að þeirri stjórnardeild, sem með viðkomandi mál fer, og er þá líka rétt, að slík mál séu rædd í þinginu og gefnar um þau opinberar upplýsingar.

Þetta form, sem lagt er til, að tekið verði upp, er tekið eftir enskri fyrirmynd, sem hefur yfirleitt gefizt vel.

Það kom fram ábending um það, þegar þetta mál var til athugunar í allshn., að svo bezt kæmi þessi breyt. á l. að gagni fyrir þá, sem vildu bera fram fsp. til ráðh. utan dagskrár, að þær yrðu prentaðar og birtar ásamt umr., sem fram færu um þær, hið allra fyrsta, þannig að menn þyrftu ekki að bíða jafnlengi eftir þeirri birtingu og menn þurfa nú að bíða eftir birtingu Alþingistíðinda. Var það athugað í n., hvort ástæða væri til að taka upp ákvæði um þetta í sjálfa breytinguna, en eftir að hafa borið mig saman við skrifstofustjóra Alþingis um þetta mál, komst ég að raun um, að forsetar Alþ. hefðu það í hendi sinni að gefa út sérstaka deild Alþingistíðinda, þ. e. E-deild þeirra, þar sem birtar væru fsp. og umr. um þær. Gætu forsetarnir, ef þeir vildu, hraðað þeirri prentun meir en prentun annarra deilda Alþingistíðinda, og veit ég, að ég mæli þar fyrir munn flestra eða allra hv. þm., þegar ég beini þeim tilmælum til hæstv. forseta — og að hann komi þeim tilmælum til hinna forsetanna —, að ef þessi lagabreyt. verður samþ., vinni þeir að því, þegar til framkvæmdanna kæmi, að fsp. og umr. um þær verði prentaðar sem allra fyrst og útbýtt sem þskj. meðal þm., meðan þing stendur yfir.

Að lokum vil ég leyfa mér að ítreka þá ósk allshn., að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. frsm. allshn., að það kemur sennilega ekki að fullu gagni að setja ákvæði í l. um þetta fyrirkomulag fsp., sem hér er til umr., nema hraðað verði prentun þeirra og umr. um þær. Hins vegar vil ég í þessu sambandi vekja athygli á því, að hið sama má segja um prentun Alþingistíðinda í heild, að ef menn telja, að á annað borð eigi að prenta þau, verður að játa það, að gagnsemi þeirra hlýtur að verða mjög hverfandi, ef prentunin gengur eins seint og verið hefur undanfarið. Það var til dæmis borið heim til mín nú eftir áramótin eitt hefti af Alþingistíðindum frá árinu 1942, þ. e. a. s. 5 árum eftir að umr. fóru fram. Hljóta allir að sjá, að slík prentun er að mestu leyti gagnslaus. Hún er ekki öðrum til gagns en ef til vill einum eða tveimur mönnum, sem af fræðilegum ástæðum kunna að hafa ástæðu til þess að rekast í þessum málum, og fæ ég ekki séð, að það sé hyggilegt að verja fé ríkisins til slíkra ráðstafana. Það er hins vegar sjálfsagt að mínu viti að prenta Alþingistíðindin, ef þau gætu komizt út til almennings og þm. innan hæfilegs tíma, eftir að umr. hafa farið fram. — Ég vildi því beina því til hæstv. forseta þessarar d., að hann beitti valdi sínu til þess að ýta á eftir prentun Alþingistíðinda, og ef það er ekki hægt innan hæfilegs tíma, að hann tæki það þá til rækilegrar íhugunar, hvort ekki væri réttara að fella niður prentunina í núverandi formi og gefa út stuttan útdrátt jafnóðum úr umr. Í öðrum löndum, a. m. k. í Englandi, er þessum málum þannig farið, að þingumr. eru gefnar út og sendar út um allt land, örfáum dögum eftir að þær hafa farið fram, og má fá þær keyptar í bókabúðum, sem ríkisstj. vísar á í því skyni. Þannig getur þetta orðið að verulegu gagni og til fróðleiks fyrir almenning og stuðnings fyrir þm. í störfum þeirra, en með því fyrirkomulagi, sem hér ríkir í þessum málum, verður þetta einungis til kostnaðar fyrir hið opinbera.

Þá vildi ég vekja athygli á því út af því frv., sem hér liggur fyrir, að því verður ekki á móti mælt, að frv. heggur allnærri 54. gr. stjskr., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þd., sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.“

Þessi gr. var upphaflega skilin þannig og þingsköp síðan sett í samræmi við hana á þann veg, að fsp. mætti eingöngu bera upp í d., en ekki í Sþ. Nú er að vísu hægt að benda á mörg fyrirmæli þingskapa, sem ganga í svipaða átt, og vil ég þar aðeins benda á 38. gr. stjskr.: „Hvor deild hefur rétt til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frv. til l. og annarra samþykkta.“ Er enginn vafi á því, að þarna er átt við þál., en venjan hefur síðan leitt til þess, að langflestar þeirra eru nú orðið bornar fram í Sþ. — Með hliðsjón af þessum gr. og fleirum hygg ég, að sú venja hafi skapazt vegna mjög breyttra staðhátta, frá því að Alþ. var fyrst skipt í deildir árið 1874, að það verði ekki talið varlegt að hleypa þessu frv. fram án gaumgæfilegrar athugunar. Ég mundi því óska eftir úrskurði hæstv. forseta um það, hvort hann teldi, að frv. samrýmdist stjskr. Ég vil enn á ný benda honum á það, að þetta snertir svo mjög 54. gr. stjskr., að ég hygg nauðsynlegt, að hann geri sér og þd. grein fyrir því, hvort þetta mál, er hér um ræðir, fái staðizt með öllu. — Í þessu sambandi vil ég og benda á 39. gr. stjskr., en þar segir svo: „Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða.“ Hefur þessi gr. verið skilin á þann veg, að slíkar n. mætti ekki skipa í Sþ., og er til forsetaúrskurður um þetta. Teldi ég þann úrskurð ekki geta staðizt frá því sjónarmiði, sem ég drap á áðan, um almenn störf þingsins og breytingar, sem á þeim hafa orðið. Þessi úrskurður hefur þó verið felldur samkv. 39. gr., en ef menn vilja skilja 54. gr. á sama veg eins og úrskurð forseta, sem ég minntist á, þá fær þetta frv. ekki staðizt, og verður forseti að vísa því frá. Ég vil svo vekja athygli hæstv. forseta á því, að hér er um að ræða atriði, sem heyrir undir hans valdsvið að segja til um, og treysti ég honum fullkomlega til að fella þar um réttan úrskurð. Hitt vildi ég enn fremur benda á, að þótt það að vísu fái staðizt samkvæmt venju, að fsp. megi flytja þannig í Sþ., þá er það þó hæpið, að það fái staðizt eftir stjskr., að lögð sé bein skylda á ráðh. að svara fsp. Það er enginn vafi á því, að 54. gr. stjskr. er það ákvæðið, sem fjallar um fsp., og þingsköpum er raunverulega óheimilt að leggja þyngri skyldur á stjórnaryfirvöldin umfram það, sem segir í stjskr., að ég nú ekki tali um, ef það kæmi í bága við hana. Það er ekki nokkur vafi á því, að 54. gr. stjskr. er aðalákvæðið um fyrirspurnarréttinn. Þetta álít ég vera markalínuna, og þess vegna verða fyrirmæli þingskapanna varðandi fsp. að laga sig eftir þessu ákvæði. Það er óheimilt að setja sjálfstæð ákvæði

um fsp. í þingsköp án þess að taka tillit til 54. gr., meðan það ákvæði helzt um fyrirspurnarréttinn, sem þar greinir. Hins vegar tel ég, að þrátt fyrir það að orðalag 54. gr. gefi til kynna, að fsp. megi aðeins bera upp í d., þá fái það staðizt að flytja fsp. inn í Sþ. vegna þeirrar venju, sem komin er á. Hitt er svo annað mál, hvort það fái staðizt að skylda ráðh. til að svara fsp., sem þm. beina til hans, og er spurning um það, hvort í 54. gr. felist bein skylda ráðh. til að svara, eins og n. tekur fram. Mér þykir það að vísu sennilegt, vegna þess að réttur þm. til að spyrja er í raun og veru gagnslaus, nema því fylgdi einhver skylda fyrir ráðh. til að svara, svo að ég geri ráð fyrir því, að réttur skilningur á þessu ákvæði mundi leiða til, að það væri heimilt að setja það ákvæði inn í frv., sem n. leggur til og gerir að sinni brtt., þótt það hafi ekki áður verið í l.

Ég vil taka það fram, að ég er að efni til samþ. frv. því, sem hér liggur fyrir, og einnig till. n. og álít, að hún fái staðizt, þótt á takmörkum sé. Formlega skilst mér, að forseti verði a. m. k. að hafa á þessu vakandi auga og gera hv. d. grein fyrir því, hvort hann telur þessi ákvæði heimil eða ekki. Hitt vil ég taka fram varðandi efnishlið málsins, að þótt það sé tekið fram, að ráðh. sé skyldur til að svara fsp., þá mundi oft og tíðum vera opin leið fyrir hann út úr þessu með því að segja: Að efni til get ég ekki svarað fsp. að þessu sinni. Það getur ekki legið í þessu frv. eða ákvæði því, sem nú er ráðgert að setja þarna inn, skylda til handa ráðh. um að upplýsa mál frekar en ráðh. eða ríkisstj. telur heimilt að gera samkv. hagsmunum ríkisins á hverjum tíma. Vil ég leyfa mér að beina þeirri spurningu til hv. frsm. allshn., hvort hann hafi ekki sama skilning á þessu ákvæði eins og ég hef nú lýst, því að ekki er hægt að samþykkja ákvæðið svo fyrirvaralaust, eins og það er orðað í brtt. n., ef það felur í sér skilyrðislausa skyldu ráðh. að svara fsp.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Út af þeirri fsp. hæstv. dómsmrh., sem hann beindi til mín varðandi skyldu ráðh. til að svara fsp., vil ég taka það fram, að ég er sömu skoðunar og hann um þetta atriði. Ég tók það fram í framsöguræðu minni, að það gæti hæglega staðið stundum þannig á um einhver mál, að það væri með öllu útilokað fyrir ráðh. að gefa fullnægjandi efnissvar um málið. Það gæti t. d. verið á ferðinni þýðingarmikið eða viðkvæmt utanríkismál, og gæti það staðið gegn hagsmunum ríkisins að ræða það á Alþ. fyrir opnum dyrum. Teldi ég, þegar þannig stæði á, að ráðh. hefði fullkomlega orðið við þeirri skyldu, sem á honum hvíldi samkv. þingsköpum, ef hann lýsti því yfir, að þetta mál væri þannig vaxið, að um það væri ekki hægt að gefa fullnægjandi efnisupplýsingar, eins og sakir stæðu. — Hvað það atriði snertir, að ákvæði þessa frv. mundu ef til vill ganga nokkuð nálægt einstökum ákvæðum stjskr., finnst mér rétt, að hæstv. forseti kveði upp um það formlegan úrskurð, áður en atkvgr. fer fram um málið. Það er að sjálfsögðu það eina formlega rétta og öruggast að ganga þannig frá þessu í upphafi, til þess að ekki þurfi að koma upp deilur um það á eftir, að ákvæði stjskr. hafi verið brotin. Ég fyrir mitt leyti lít eins á þetta og hæstv. dómsmrh., að þau ákvæði, sem í frv. þessu felast, séu á engan hátt þannig vaxin, að hægt sé að segja, að þau brjóti á nokkurn hátt ákvæði stjskr. Sú venja, sem myndazt hefur um aðferðir og afgreiðslu þessara mála og afstöðu Sþ. til deilda, að því er varðar stjskr., hefur skapað þann réttargrundvöll og réttaröryggi, sem ætti að vera fyrir því, að heimilt væri að flytja þetta fyrirspurnarform inn í Sþ. Mér virðist einnig, að skilja megi ákvæði 54. gr. stjskr. og þau önnur ákvæði, sem leggja einhverjar skyldur á hendur ráðherra í þessum efnum, að þau séu alls ekki tæmandi. Alþ. getur, ef það sér ástæðu til, gengið lengra og lagt þeim á herðar frekari skyldu en ákvæði stjskr. mæla fyrir um, og þó að í 54. gr. kunni ekki að felast skylda fyrir ráðh. til að svara þeim fsp., sem fyrir hann kunna að vera bornar, þá virðist mér ekkert því til fyrirstöðu, að hinn almenni löggjafi geti beinlínis lagt þessa skyldu á herðar ráðh.

Forseti (ÞÞ): Ég vil geta þess út af þeim óskum, sem fram hafa komið í hv. d. um, að ég hefjist handa ásamt öðrum forsetum Alþ. um athugun á að hraða prentun á ræðupörtum Alþingistíðinda meir en gert hefur verið, að ég mun reyna að verða við þeirri ósk. Gera má ráð fyrir því, að þetta hafi meiri kostnað í för með sér en verið hefur, og kemur þá til kasta hæstv. ríkisstj. um fjárframlög í þessu skyni. Einnig kæmi það til athugunar, hvort aðrar aðferðir megi koma til um þessi mál. — Þá óskaði hæstv. utanrrh. úrskurðar míns um það, hvort frv. það, sem hér er til umr., væri í samræmi við ákvæði gildandi stjskr. Hér er um atriði að ræða, sem verður að athugast af nákvæmni, og mun ég taka mér frest, áður en ég felli minn úrskurð þar um. — Ég mun því fresta umr. um málið og tek það af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Ed., 17. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 97, n. 478, 530).

Forseti (ÞÞ): Því hefur verið skotið undir úrskurð minn, hvort frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á þingsköpum Alþ., brjóti ekki í bág við 54. gr. stjskr.

Það hefur verið og er þingvenja, að þm. beri fram í Sþ. utan dagskrár munnlegar fsp. til ráðh., og sú rýmkun á fyrirspurnarrétti þm. hefur ekki sætt mótmælum. Frv. það, sem hér liggur fyrir, lögfestir þessa rýmkun, þó þannig, að fsp. séu skriflegar og prentaðar og vika liðin frá því, að þeim er útbýtt, þar til umr. fer fram. 54. gr. stjskr. gerir það að skilyrði fyrir, að ræða megi slíka fsp. til ráðh. í deildum, að d. leyfi hana, en nú liggur fyrir hér í d. brtt. við frv., um að leita skuli leyfis Sþ., áður en ræða megi þar slíkar fsp. Verði brtt. þessi samþ., virðist ekki ástæða til að hefta framgang frv. vegna árekstrar við 54. gr. stjskr., og verður því frv. til umr.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Síðan umr. um þetta mál var frestað, hefur efni þessa frv. verið tekið til nánari athugunar. Sú athugun hefur leitt til þess, að rétt hefur þótt, að það væri skýrt tekið fram í frv., að leyfi Sþ.

þyrfti fyrir því, að hver fsp. yrði borin upp og rædd. Það hefur þótt rétt, að þetta væri skýrt tekið fram í gr. vegna ákvæða í stjskr. og til samræmis við þingsköp Alþ. Með hliðsjón af þessu hefur verið samin ný brtt. við frv., og liggur hún nú fyrir á þskj. 530. Um leið og ég f. h. n. leyfi mér að leggja til, að þessi brtt. verði samþ., lýsi ég því yfir, að fyrri brtt. n. á þskj. 478 er tekin aftur.

ATKVGR.
Brtt. 478 tekin aftur.
— 530 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 535).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 99. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 101. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 568).

---

48. Ljósmæðralög.

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (þmfrv., A. 133).

Á 20. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, var frv. um þetta efni flutt af heilbr.- og félmn. Nd. á síðasta reglulegu þingi. Var það flutt fyrir beiðni stjórnar Ljósmæðrafélags Íslands. Frv. gekk þá gegnum Nd. Að vísu voru gerðar á því ofur litlar breyt. í meðferð d. Nú hefur heilbr.- og félmn. þessarar d. verið beðin að flytja frv., eins og það var orðið eftir 3. umr. í Nd. á síðasta reglulegu þingi. N. hefur orðið við þessari ósk að flytja frv. inn í þingið. Hins vegar hafa einstakir nm. ekki enn tekið afstöðu til frv. efnislega. Ég geri því ráð fyrir, að það verði að lokinni umr. að vísa því til n., annaðhvort heilbr.- og félmn. eða ef til vill fjhn., vegna þess að frv. felur m. a. í sér breyt. á launum ljósmæðra.

Helztu breyt., sem þetta frv. felur í sér, eru þær, að í ljósmæðral., eins og þau eru nú, eru ákveðin föst laun öllum ljósmæðrum, hvort sem er í kaupstöðum eða sveitaumdæmum, en fyrsta breyt., sem þetta frv. felur í sér, er sú, að ætlazt er til, að laun ljósmæðra í kaupstöðum verði ekki ákveðin með l., heldur verði laun þeirra ákveðin af viðkomandi bæjarstjórn, þannig að ljósmæður í kaupstöðum fái aðstöðu til að semja við viðkomandi bæjarstjórn um upphæð launa sinna og að þá verði tillit tekið til launa annarra starfsmanna viðkomandi bæjar við þær ákvarðanir.

Í öðru lagi er það ákvæði í frv., að laun annarra ljósmæðra séu ákveðin í l. áfram, en nokkur breyt. gerð til hækkunar. Er lagt til, að í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skuli árslaun vera 500 kr., en í núverandi l. er það 300 kr., svo að þar er 200 kr. hækkun yfir árið, en í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skuli árslaunin vera 500 kr., að viðbættum 16 kr. fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem eru fram yfir 300. Í núverandi l. er grunnupphæðin 300 kr., eins og í fyrri liðnum, en viðbótin er 10 kr., svo að þar er breyt. sú, að í staðinn fyrir 300 komi 500 og í staðinn fyrir 10 kr. viðbót komi 16 kr.

Þá er samkv. 3. lið gert ráð fyrir, að í umdæmum, þar sem fleiri en ein ljósmóðir eru skipaðar, skuli deila íbúatölunni jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó ekki yfir 1600 kr. í byrjunarlaun. Þá er einnig lagt til, að launin skuli hækka eftir 5 ár um 85 kr. og eftir önnur 5 ár um 85 kr., en í núverandi l. er það 50 kr.

Þetta eru þá þær breyt., sem gerðar eru til hækkunar á launum ljósmæðra í frv. frá núverandi l., annars vegar að ljósmæðrum í kaupstöðum sé gefið tækifæri til að semja við viðkomandi aðila um laun sín og í öðrum umdæmum séu þau hækkuð, eins og ég hef gert grein fyrir.

Eins og ég sagði, þá hefur n. í heild ekki tekið afstöðu til frv. efnislega og þar á meðal ekki til launahækkunarinnar, sem þar er um að ræða, en mér þykir sennilegt, þar sem laun ljósmæðra eru svo lág sem raun ber vitni, að ekki verði andstaða gegn því, að frv. nái fram að ganga. Hér á þingi hefur verið til meðferðar breyt. á launum hreppstjóra, þar sem gert er ráð fyrir hækkun á launum þeirra. Þessar tvær stéttir eru að vísu ekki sambærilegar að öðru leyti en því, að þær eru báðar lágt launaðar, og mér þykir sennilegt, að það verði ekki andstaða gegn því, að þessar launabætur nái fram að ganga.

Þá er lagt til, að á eftir 1.—3. lið komi ný málsgr. um það, ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi, hvernig þá skuli haga launagreiðslum. Þetta er tekið orðrétt upp úr breyt., sem gerð var á ljósmóðurl. 1944, en það þótti hentugra, þegar á ný var gerð breyt. á þessum l., að taka þetta ákvæði inn í frv. og fella l. þannig í eitt.

Þá er lagt til, að 8. gr. ljósmæðral. verði felld niður. Í 8. gr., eins og hún er nú, er kveðið á um gjald fyrir aukastörf ljósmæðra. Þetta gjald er mjög lágt, það er frá gömlum tímum, en eftir því sem landlæknir hefur upplýst í umsögn sinni um frv. frá síðasta þingi, hefur borið á því, að sums staðar hafi verið tilhneiging til þess að binda ljósmæður við þessi l. og úrelt gjöld fyrir aukastörf sín, þó að það hafi ekki verið gert á öðrum stöð-

um. Það þykir þess vegna ástæða til að fella þessa gr. niður, og er gert ráð fyrir í 3. gr. frv., að upp í 9. gr. l. verði tekin ákvæði, að laun fyrir aukastörf ljósmæðra verði ákveðin með reglugerð, sem landlæknir setur í samráði við aðalkennara ljósmæðraskólans og viðkomandi ráðh. verður síðan að staðfesta.

Ég held, að þetta séu þær helztu breyt., sem þetta frv. felur í sér. Eins og ég hef áður tekið fram, hefur n. ekki efnislega tekið afstöðu til málsins, og tel ég því rétt, að þótt það sé flutt af n., þá verði málinu að umr. lokinni vísað til n., hvort sem það verður fjhn. eða heilbr.- og félmn., sem líka gæti komið til greina.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál með langri ræðu. Ég geri ekki ágreining út af launahækkuninni út af fyrir sig, en vil benda á, að þar sem þessi breyt. er eingöngu um laun, þá tel ég rétt, að frv. fari til fjhn., og mun gera till. um það.

Ég vil í sambandi við breyt. á 8. og 9. gr. leyfa mér að taka fram, að eftir því sem ákveðið er í 3. gr. frv., þá er gert ráð fyrir, að 2. málsgr. 8. gr. falli niður, sem sé síðan tekin upp í 9. gr. Í sambandi við það vil ég mega benda á, að það væri rétt að bera þetta saman við tryggingalöggjöfina. Þar er ákveðið, að þegar heilsugæzlan verður lögtekin, þá skuli einmitt alveg sérstaklega láta í té hjúkrun í sambandi við þessi mál, og ætlazt til, að starf yfirsetukvenna verði enn víðtækara en gert er ráð fyrir í þessum l. Það var mjög rætt um þetta, þegar almannatryggingarnar voru í þessari sömu n., og einnig gert ráð fyrir, að þær fái sérstakan styrk, sem ekki var fyrir hendi, þegar þessi gr. hefur verið samin, 1933. Það er gert ráð fyrir, að þær fái sérstakan fæðingarstyrk og kostnaðurinn sé að nokkru leyti borinn af tryggingunum.

Að öðru leyti skal ég ekki gera frv. sjálft að neinu umræðuefni, en legg til, að því verði vísað til fjhn., og kemur þá að sjálfsögðu til greina hjá n. að athuga, hvort fyrri málsgr. 9. gr. heyri ekki til væntanlegri löggjöf um skyldur og réttindi embættismanna, sem hefur verið lofað, að lögð yrði fyrir þingið fyrir löngu síðan, en er ekki komin enn, en kann vel að vera, að sé svo vel undirbúin, að hægt sé að sjá hjá þeirri n., sem með það hefur að gera, hvort þetta er tekið upp í þann lagabálk.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 197).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., og hún er efni þess samþykk, en meginefni þess er það að bæta nokkuð kjör ljósmæðra. Það má nú sjálfsagt deila um það, hvort kjör ljósmæðra séu góð, slæm eða hæfileg, og í raun og veru hefur n. ekki lagt neinn dóm á það. Álit um þetta fer að sjálfsögðu eftir því, við hvað er miðað. Ef miðað er við það, að ljósmóðurstarfið eigi að vera aðalstarf þeirrar konu, sem gegnir því, þá er það auðvitað mál, að það starf er ákaflega lágt launað í fámennari héruðum, en aftur er á hitt að líta, að ljósmóðurstarfið í fámennari héruðum er ekkert ævistarf. Þar er það víða, sem ljósmóðirin er gift kona, sem býr sínu búi og tefst ákaflega lítið við það frá heimilisstörfum. Ég þekki dæmi þess, að ljósmóðirin hefur 2 til 3 fæðingar á ári, og frá því sjónarmiði séð, hygg ég, að ljósmóðurstarfið sé nú þegar án lagabreyt. mjög vel borgað, samanborið við þann tíma, sem í það fer. En þetta var í raun og veru ekki sjónarmið n., heldur hitt, að það er, hvað sem þessu líður, miklum erfiðleikum bundið að fá konur til þess að gegna þessu starfi, og n. hafði þann tilgang að bæta launakjör ljósmæðra, til þess að þetta starf yrði eftirsóknarverðara og þar af leiðandi hægara að fá konur til að gegna því. — Þótt n. sé meginefni frv. samþykk, þá álítur hún þó rétt að gera tvær breyt. á frv. Fyrri breyt. er við 1. gr. frv. og eru það reyndar tvær breyt., sem n. leggur til að gerðar verði við þá gr. Sú fyrri er aðeins orðabreyting, sem sé að fyrir orðið „dýrtíðaruppbót“ í 5. mgr. komi: verðlagsuppbót. Þetta er aðeins til samræmingar við önnur l., því að þessi uppbót heitir nú verðlagsuppbót, en ekki dýrtíðaruppbót. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því, að þessi a-liður fyrri brtt. n. hefur verið tekinn upp tvisvar, en á auðvitað ekki að vera nema einu sinni. (**Forseti:** Það hefur verið athugað.) Í öðru lagi er b-liður fyrri brtt. um það, að orðið „hálf“ í 6. málsgr. falli burt, en svo er ákveðið í þessari 6. málsgr. 1. gr., að skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, beri að greiða fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis. Samkv. brtt. n. verður þetta þá þannig, að ljósmóður, sem sett er til þess að gegna nágrannaumdæmi um stundarsakir, ber að greiða full byrjunarlaun þess umdæmis, en ekki hálf. Er þetta aðeins í samræmi við 4. málsgr. í þessari sömu gr., sem gerir ráð fyrir, að ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi, fyrir það að sýnt þykir, að umdæmin fáist ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðh. heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma. N. lítur svo á, að sett ljósmóðir eigi ekki að vera réttlægri en skipuð, og byggist þessi till. n. raunar á því sama og yfirleitt meðmæli n. með frv., að það hefur oft gengið illa að fá ljósmæður til að gegna nágrannaumdæmum, og mundi það væntanlega ganga betur, ef þetta ákvæði verður samþ., sem n. leggur til. Síðari brtt. n. er efnisbreyting við 2. málsgr. 3. gr., en hún er þannig nú, að ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimtingu á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk. Fjhn. þykir hins vegar réttara, að þarna sé tekið tillit til tryggingarl., sem ætla sængurkonum ákveðinn styrk við hverja barnsfæðingu og leggur því til, að málsgr. sé umorðuð þannig, að „ef sængurkona er svo fátæk, að hún, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. l. um almannatryggingar frá 7. maí 1946, getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimtingu á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk,“ með öðrum orðum að fyrst komi greiðsla tryggingarinnar til greina, áður en farið er að gera sveitarsjóði að greiða fyrir sængur-

konu. Virðist n. þetta í alla staði eðlilegra, þótt deila megi um það, hvort nauðsynlegt sé að taka þetta fram, því að það kann ef til vill að hafa legið í orðalagi frv., eins og það lá fyrir, en á þetta mun hafa verið bent við 1. umr. málsins, og þótti n. því rétt að taka af öll tvímæli í þessum efnum. Þess skal að lokum látið getið, að einn nm., hv. 7. landsk. þm. (GÍG), var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi þetta mál, og ber hann því enga ábyrgð á afgreiðslu þess.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef engar verulegar aths. að gera við þetta mál. Hins vegar segir svo í 3. málsgr. 1. gr. frv., að launin skuli hækka eftir 5 ár um 85 kr. og eftir önnur 5 ár um 85 kr. Mig minnir, að lengsti launahækkunartími launal. sé 6 ár, og finnst mér því óviðkunnanlegt, þegar um lágt launaða starfsmenn er að ræða eins og ljósmæður, að hækka laun þeirra á lengri tíma en annarra embættismanna. Tel ég því rétt að gera þarna þá breyt., að í staðinn fyrir 5 ár komi ekki hærra en 3 ár, og fengju ljósmæður þá tvisvar 85 kr. launahækkun á ekki lengri tíma en 6 árum, í staðinn fyrir á 10 árum, eins og nú er gert ráð fyrir í frv.

ATKVGR.
Brtt. 197,1.a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 197,1.b samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 197,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 207, 208).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Á þskj. 208 eru tvær brtt., sem ég stend að með öðrum þm. Fyrri brtt. er við 1. gr., tölul. 3. Í staðinn fyrir „5 ár" á tveim stöðum komi: 3 ár. Það er með öðrum orðum ætlazt til, að sú hækkun, sem ljósmæðrum er ætluð eftir aldursþjónustu, verði fyrr en frv. gerir ráð fyrir. Þessi hækkun er lítilfjörleg, 85 kr. á 5 árum, og sýnist ekki ástæða til að láta þær bíða eftir þessari hækkun lengur en 3 ár, eins og við leggjum til, þannig að þær fái fulla hækkun á samtals 6 árum í stað þess, að þær fái hana á 10 árum, eins og ráð er fyrir gert í frv. Þetta er líka í meira samræmi við launal., sem ákveða ýmsum hækkanir á 2 eða 3 ára fresti, en engum á 5 ára fresti, eins og farið er fram á, að gert verði í þessu frv.

Hin brtt. er við síðustu gr., þar sem við leggjum til, að aftan við 5. gr. bætist: og skulu ljósmæðrum í fyrsta sinn greidd laun eftir þeim á manntalsþingum 1947. Það mun vera álitamál, hvort ljósmæðrum á næstu manntalsþingum beri að fá laun eftir þessum l. eða eftir eldri l., og til þess að ekki gæti verið um að villast, þótti okkur rétt að taka það beint fram í síðustu gr., að ljósmæðrum skuli í fyrsta sinn greidd laun eftir þessum l. á manntalsþingum 1947. Þetta orkar þá ekki tvímælis og er þá líka í samræmi við önnur l., sem við höfum haft hér með að gera, þ. e. l. um breyt. á l. um laun hreppstjóra. — Vænti ég svo þess, að hv. n. og þd. geti fallizt á þessar brtt. og að þær verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 208,a samþ. með 9:2 atkv.
— 208,b samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., 17. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 227).

Á 40. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 227, n. 549).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Frv. það, sem liggur fyrir, er gamall kunningi, því að það var flutt á síðasta þingi af heilbr.- og félmn. þessarar d. og komst í gegnum 3 umr. En það dagaði uppi í Ed. Nú er það flutt af heilbr.- og félmn. Ed. Það hefur verið afgr. með litlum breyt. frá því, sem það var flutt á síðasta þingi. Aðalbreytingin með þessu frv. er sú, að launakjör ljósmæðra skuli ekki ákveðin af ríkinu. Þær ljósmæður, sem starfa í kaupstöðum, fara fram á, að launakjör sín verði tekin út úr ljósmæðral., en þær eigi það undir viðkomandi bæjarstjórnum, hvaða laun þeim verði greidd. N. lítur svo á, að rétt sé, að ljósmæður sæti sömu kjörum og aðrir starfsmenn viðkomandi bæjarfélags í þessu efni. Varðandi launakjör ljósmæðra utan kaupstaða, þá greiðast þau samkv. þessu frv. eins og áður að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Önnur breyt. er sú, að ljósmæður óska eftir því, að þær, eins og aðrir svipaðir starfsmenn, fái aukalaun sín greidd eftir ákveðnum taxta, sem heilbrigðisyfirvöldin hafa samþ. Það er líka eðlilegt, að ákveðinn taxti gildi í þessum efnum. En ákvæði ljósmæðral. eru mjög óljós og ófullnægjandi, hvað þetta snertir. Þetta eru aðalbreyt. og hefur n. fallizt á að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 575).

49. Barnavernd og ungmenna.

Á 30. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um vernd barna og ungmenna (þmfrv., A. 162).

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 6. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til l. um verndun barna og ungmenna er flutt af heilbr.- og félmn. samkv. tilmælum menntmrh. Hvað viðvíkur stuðningi einstakra nm., þá hefur hver þeirra um sig áskilið sér frjálsar hendur við afgreiðslu. Frv. fylgir ýtarleg grg. og er það nú flutt hér í fjórða sinn. Tvisvar hefur það verið samþ. hér áður. Á s. l. hausti var það sent barnaverndarnefnd til athugunar, og gerði n. við það nokkrar brtt., sem hafa verið teknar til greina. Annars er í grg. nánar getið breyt. og munu hv. þm. þær kunnar, þar sem frv. er gamalkunnugt. Í frv. felast margar umbætur, sem nauðsynlegar eru, og er mér persónulega kunnugt um, að svo er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
4.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
13.—47. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
48.—54. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
55.—56. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 162, n. 474, 475).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um vernd barna og ungmenna var fyrst flutt hér í ársbyrjun 1943. Hafði þáverandi ríkisstj. fengið þá Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómara, Vilmund Jónsson landlækni og dr. Símon Jóh. Ágústsson uppeldisfræðing til að semja slíkt frv., og nú er það flutt hér í fjórða sinn. Síðan hafa margir aðilar um það fjallað, og frv. hefur við þá athugun tekið ýmsum breyt. Ein stórfelldasta breyt. er sú, að heill frumvarpskafli, um ungmennadóm, hefur alveg verið felldur niður. Þá hafa ýmis ný ákvæði komið inn í frv., síðan það var fyrst flutt, eða öðrum atriðum hefur verið breytt, t. d. ákvæði 36. gr., þar sem ríkinu er gert að skyldu að stofna og starfrækja athugunarstöð barna og ungmenna, sem eru andlega miður sín. Áður var ákvæði um það í frv., að Reykjavíkurbæ væri skylt á sinn kostnað að sjá barnaverndarnefnd fyrir slíkri stöð, og um það atriði voru hér miklar deilur. Hér er því um verulega breyt. að ræða. Þá er nú í 36. gr. sett ákvæði um, að ríkið sé skyldugt til að stofna a. m. k. tvö hæli (annað fyrir pilta og hitt fyrir stúlkur) fyrir börn og ungmenni, sem framið hafa afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum, en áður var aðeins heimild um þetta í frv. Samkv. þessari grein er ríkisstj. skylt að setja á stofn og starfrækja slík hæli, þar sem börn og ungmenni eru vistuð til langframa. Ég held nú, að þetta séu helztu breyt., sem orðið hafa á frv., síðan það var hér til meðferðar.

Frá árinu 1932 hafa verið hér í gildi l. um barnavernd. Fram að þeim tíma var ekki til nein heildarlöggjöf um þessi mál, en á víð og dreif í l. voru ýmis ákvæði, sem vörðuðu forráð yfir börnum og meðferð þeirra, sbr. t. d. tilskipun um húsagann á Íslandi frá 1746, l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna frá 1921 og lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna frá sama ári, l. um stofnun og slit hjúskapar, sem einnig voru frá 1921. Enn fremur mætti nefna l. um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og ungmenna, fátækralög, l. um iðnaðarnám, hjúalög, sjómannalög, l. um verzlunarnám o. fl.

Það verður ekki deilt um aukna nauðsyn slíkrar löggjafar, sem hér um ræðir, þegar litið er til þjóðfélagsþróunarinnar hér á seinni tímum, hinna miklu flutninga fólksins úr strjálbýlinu í þéttbýlið og hins mikla vanda í uppeldinu, sem af þeirri þróun stafar. Með þetta í huga hefur þetta frv. verið samið og á því síðan gerðar breyt.

Störf barnaverndarnefnda nú í hálfan annan áratug hafa verið mjög víðtæk, eða hefðu þurft að vera það a. m. k., því að eflaust hefur sums staðar skort á, að þau störf væru innt af hendi eins og þurft hefði, þó að víða hafi verið vel unnið. Störf barnaverndarnefndarinnar í Reykjavík hafa að sjálfsögðu verið langumsvifamest. Sú n. hefur nú opna skrifstofu. Hún hefur ráðið hjúkrunarkonu og sérfróðan mann til að rannsaka börn og leiðbeina foreldrum um uppeldi og fulltrúa til að annast dagleg störf í sínu umboði. Þeir aðilar, sem hafa haft þessi mál til meðferðar síðan 1932, störfuðu hvergi nærri nógu ýtarlega, eins og áður er drepið á, og af fleiri sökum var orðin full ástæða til að samhæfa þessi mál, er frv. þetta var samið.

Það er leitazt við að gera í þessum lagabálki, og er vaxandi þörf á barnaverndarstörfum fyrsta og aðalástæðan til þessa frv. Í frv. þessu eru mörg ný ákvæði, sem ekki hafa verið í eldri l., í öðru lagi er þar stuðzt við reynslu af barnaverndarstörfum undanfarinna ára og í þriðja lagi hefur verið stuðzt við erlend l. um sama efni, eftir því sem n. hefur fengið upplýsingar um. — Ég er þeirrar skoðunar, og ég hygg, að aðrir hv. nm. séu einnig sannfærðir um það, að þetta sé mikils verð lagasetning, ef viðunandi framkvæmd fæst á löggjöfinni. En þar sem frv. hlýtur að vera hv. þm. flestum gagnkunnugt af ástæðum, sem ég áður hef nefnt, þykir mér varla ástæða til að rekja efni þess grein fyrir grein, heldur aðeins geta um efni þess í stórum dráttum.

Frv. er í sex köflum, og er aðalinnihald þeirra, sem hér segir:

II. kafli er um barnaverndarnefndir. Barnaverndarnefndir eiga að vera í hverjum kaupstað landsins, en utan kaupstaðanna eiga skólanefndir að vinna störf barnaverndarnefnda. Þeir menn, sem skipaðir verða eða kosnir í barnaverndarnefndir, eiga að njóta réttinda opinberra starfsmanna og njóta þá þeirrar verndar, sem þeim mönnum er tryggð. Þeir, sem í þessum n. eru, eru bundnir þagnarskyldu um allt, sem þeir verða áskynja í sambandi við starfið, og er lögð sú skylda þeim á herðar að líta á allt, sem snertir einkamál manna og heimilisháttu, sem algert leyndarmál. Barnaverndarnefndir eiga að hafa eftirlit með uppeldi og aðbúnaði barna og ungmenna allt til 16 ára aldurs og í einstökum tilfellum upp að 18 ára aldri.

III. kafli frv. fjallar um barnaverndarráð. Ráðh. á að skipa barnaverndarráð til fjögurra ára í senn. Það á að vera skipað þremur mönnum, sem eiga heima í Reykjavík. Skal einn þeirra manna vera skipaður samkv. tillögu Prestafélags Íslands, annar samkv. tillögu Sambands íslenzkra barnakennara, en hinn þriðja skipar ráðh. án tilnefningar, og skal sá vera form. ráðsins. Á sama hátt skulu skipaðir jafnmargir varamenn í þetta ráð. Barnaverndarráð hefur allt landið sem sitt starfssvið.

IV. kafli frv. er um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda, og er það langsamlega lengsti kafli frv. og mjög miklu ýtarlegri en gildandi l. um barnaverndarnefndir.

V. kafli er svo um störf og starfsháttu barnaverndarráðs, sömuleiðis allýtarlegur. Í þessum kafla og IV. kafla er allt meginefni frv.

N. hefur athugað þetta frv. allgaumgæfilega. Við þá athugun veitti hún því m. a. athygli sérstaklega, að við einstakar gr. IV. kaflans, um störf og starfsháttu barnaverndarnefndar, eru sérstök og tilgreind refsiákvæði við nokkrar einstakar gr. Við nm. bárum þessi refsiákvæði saman við ákvæði hegningarl. og vildu þessi tvenn ákvæði ekki alltaf vera nákvæmlega samhljóða. Út af þessu og ýmsu öðru álitum við réttast að kalla á fund n. Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómara, einn af höfundum frv. upphaflega, til þess að fræðast af honum einmitt um viðhorf hans til ýmissa lögfræðilegra atriða málsins. Gissur Bergsteinsson mætti svo hjá n., og n. ræddi við hann um þessi atriði, og tók hann fram m. a. um þessi vandkvæði, sem í frv. eru, að ástæðan til þess, að það væru ekki alls staðar nákvæmlega sömu refsiákvæði í þessu frv. eins og í hegningarl. fyrir sama brot, væri sú, að í gr. þessa frv. væru eitthvað öðruvísi tilvik en um getur í hegningarl. En hann sagði, að þar sem um væri að ræða sams konar brot, þá yrðu þau ákvæðin í þessum tvennum l. látin ráða, sem ákvæðu þyngri refsingu. — Eftir viðræðurnar við Gissur Bergsteinsson fannst n. ekki ástæða til að hrófla við þessum ákvæðum frv. og gerir n. heldur ekki neinar till. um það. Öll n. var því sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir. Þó gat einn nm., hv. þm. Barð., þess, að hann áskildi sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv. eða fylgja brtt. við það, sem fram kynnu að koma, og er þess getið í nál. Hefur nú hv. þm. Barð. borið fram þessar brtt. á þskj. nr. 475. Ég tel, að þær séu flestar um smávægileg atriði og a. m. k. þess eðlis, að þær raski að engu leyti megintilgangi eða formi þessara l.

Ég teldi það mjög miður farið — og mæli það fyrir hönd n. í heild —, ef þingið viki þessu máli frá sér alveg í fjórða sinn. Ég teldi það ósæmilegt, því að það er fullkomin þörf fyrir þessa löggjöf, og um það verður ekki deilt, að efni það, sem hún fjallar um, er mikils virði fyrir þjóðfélagið, og nauðsynlegt er, að til sé lagasetning um það, sem mjög væri vandað til. Það virðist einnig svo, að þetta frv. sé búið að ganga í gegnum svo margfaldan hreinsunareld, að ætla megi, að til þess sé nú vel vandað, þó að reynslan skeri úr því betur síðar.

Fyrir hönd n. legg ég því til, að þetta frv. verði samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. hefur lýst, hefur n. orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. En ég skrifaði hins vegar undir nál. með fyrirvara og hef nú borið fram nokkrar brtt. við frv., sem eru á þskj. nr. 475. Þó að ég sé ósammála meðnm. mínum um mörg atriði í frv., þótti mér ekki rétt að skila sérstöku áliti, vegna þess að ég vil ekki á nokkurn hátt, að afstaða mín sé skilin þannig, að ég vilji setja fót fyrir þetta frv. Ég mun því fylgja þessu frv., sem hér liggur fyrir, eins og það er, þó að mínar brtt. nái ekki fram að ganga. En ég hef með brtt. mínum gert tilraun til umbóta á frv. og tel, að þær séu margar til stórkostlegra bóta. En áður en ég mæli fyrir þessum brtt. mínum, vil ég fara nokkrum orðum almennt um frv.

Það er ekki vafi á því, að fyrir þeim mönnum, sem samið hafa þetta frv., hefur vakað tvennt, í fyrsta lagi að samræma gildandi l. um vernd barna og unglinga, og hins vegar að tryggja sem bezt unglingana og vernd þeirra. En ég efast stórkostlega um, að síðara atriðinu verði náð með þeim ákvæðum, sem eru nú í þessu frv., sérstaklega ef þau eru samþ. óbreytt, enda kom það fram einmitt hjá Gissuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara, þegar farið var að ræða við hann um kjarna þessa máls, að hann beint lýsti því yfir í n., að hér væri sjálfsagt að láta standa í frv. sumt það, sem væri hreint pappírsgagn. Það væri hrein yfirlýsing um góðan vilja, sem ef til vill væri aldrei hægt að gera að raunveruleika. Hann viðurkenndi einnig, að sumum þessum ákvæðum mætti beita á þann veg, sem væri ekki æskilegt að gera, en hins vegar mundi þeim ekki verða beitt þannig. — M. ö. o., mér skilst, að hér hafi verið saminn rammi, sem

ætlazt sé til, að standi utan um þetta mál, án þess að verulega verði farið eftir ákvæðum l. í einstökum atriðum. Ég vil í þessu sambandi benda á nokkur atriði, eins og 21. gr. frv., þar sem ætlazt er til þess eftir orðanna hljóðan, að barnaverndarnefnd skuli „kosta kapps um að fylgjast sem bezt með framferði, uppeldi og aðbúð barna og ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.“ Ef þetta ákvæði á að vera nokkuð annað en pappírsgagn, þá er útilokað, að fimm eða sjö menn geti komizt yfir slíkt starf í Reykjavík. Til þess að framkvæma þetta þar þyrfti mörg hundruð manna, ef þetta ætti að vera nokkuð annað en viljayfirlýsing. Sama máli er að gegna um 26. gr. frv. Ég tel vafasamt, að hægt sé að fylgja þeirri gr. út í æsar, til að ná þeim tilgangi, sem um er talað í þeirri gr., að víkja sjúklingi eða annmarkamanni brott af heimili. Ef þetta t. d. er óreglumaður, getur hæglega borið svo til, að þar sé þó um að ræða fyrirvinnuna á heimilinu. — Þá vil ég benda á 28. gr. frv. Það þyrfti víst ekki lítinn hóp manna til þess starfa, ef ákvæði þeirrar gr. ættu að verða annað en pappírsgagn, ef t. d. ætti að sjá um, að börn vanræki ekki nám hér í Reykjavík eða slæpist og þess háttar, svo að ég aðeins minnist hér á nokkur atriði. — 30. gr., tel ég, að sé óþörf í þessu frv., þó að ég hafi ekki lagt til, að hún verði felld niður, en ég tel, að í fræðslul. sé þetta tryggt, enda viðurkenndi hæstaréttardómarinn það. En hann taldi, að það gerði ekki til, þó að þetta ákvæði væri viðar en í einum l., og það sakaði ekki neitt. Ég er sammála honum um það. — Sama máli er að gegna um 31. gr. Þar stendur, að barnaverndarnefndir skuli reyna að bæta hegðun og framferði unglinga með leiðbeiningum og áminningum, viðræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv. Það má geta nærri, hvort þessi gr. hefur nokkra þýðingu, ef hér á að vera aðeins fimm eða sjö manna nefnd, t. d. í Reykjavík, til að taka að sér þetta starf.

Þá er IV. kafli frv. þannig, að mér finnst fyrirsögn hans gefa alveg ranga hugmynd um kaflann sjálfan, því að að langmestu leyti er þessi kafli ný hegningarlög, ný ákvæði um hegningar, ný viðurlög, sum þyngri en í hegningarl., og við ræddum þennan kafla sérstaklega við dómarann. Hann sagði, að það væri enginn skaði að hafa þennan kafla með. Það yrði dæmt eftir þessum l., þegar það þætti henta, en hegningarl., þegar það þætti henta. — Þannig er nú undirbúningur málsins. Þess vegna þarf ekki að ásaka hv. þd., þó að hún hafi vísað málinu frá, af því að skort hefur á nægilegan undirbúning í þessu stóra og viðkvæma máli áður á þingum, þegar því hefur verið vísað frá. 44. og 45. gr. frv. eru ekki annað en endurtekning á hegningarl. í öðru formi. — Skal ég láta þetta nægja sem almennar aths. við þetta mál, sem ég hygg nægilegt til þess að sýna fram á, að það sé ekki undarlegt, þó að þetta mál hafi ekki verið samþ. á undanförnum þingum. Og væri í sjálfu sér ekki heldur undarlegt, þó að það væri fellt hér nú. En það, sem sennilega verður til þess, að það verður samþ. nú, er, að bæði ég og aðrir hv. þdm. álíta, að það gæti hjálpað einhverjum unglingum þrátt fyrir ágalla þess.

Þá skal ég koma að mínum brtt. Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ráðh. ákveði þóknun úr ríkissjóði til barnaverndarráðsmanna. Ég hef lagt til í brtt., að það sé borgaraleg skylda að gegna störfum í barnaverndarráði. Mér er ljóst, að ef nokkur árangur næst af þessu starfi, þá þarf það að vera miklu meira fórnarstarf en bitlingur. Mér er ljóst af starfi mínu í fjvn., að starf barnaverndarráðs hefur ekki verið eins mikið fórnarstarf eins og bitlingur. (HV: Þetta getur verið bitlingur, þó að það sé borgaraleg skylda.) Það á að vera skylda án greiðslu. Þess vegna hef ég fellt niður í minni brtt. ákvæðið um þóknun fyrir þetta starf. Um aldir hefur eftirlit með uppeldinu hvílt á prestunum. Það er svo síðar kennarastéttin, sem tók að sér þessi störf, eftir setningu fræðslul. Það getur vel verið, að þetta hafi farið henni enn betur úr hendi. En störfum þessum hefur verið létt alveg af prestastéttinni, og ég tel ekki, að það hafi verið til hins betra. Og ég tel, að það væri stórt spor í áttina til þess að bæta úr þessu, ef prestastéttinni væri falið þetta, einkum þegar þetta eiga að vera siðferðisprédikanir til þess að reyna að hafa áhrif á fólkið. Þess vegna væri það langbezt, að þetta væri skylda, sem hvíldi á prestastéttinni, og þess vegna hef ég borið fram um þetta efni brtt. mína og vænti þess, að hún verði samþ.

Ég hef borið fram aðra brtt. við 16. gr. frv., þannig, að á eftir orðunum „er heimilt“ í 1. málsl. komi: „ef tilefni gefst til að dómi barnaverndarráðs“. Hér er barnaverndarnefnd með 16. gr. gefin heimild til þess svo að segja að ganga inn á hvert heimili í umdæmi sínu. Ég viðurkenni ekki, að rétt sé að lögbjóða, að jafnvel barnaverndarnefnd hafi rétt til þess að vaða inn á hvert heimili að nauðsynjalausu. Samkv. enskum l. er ekki einu sinni kóngínum leyfilegt að rjúfa heimilisfriðinn, en hér á barnaverndarnefnd að hafa leyfi til þess að fara inn á hvert heimili, þó að ekkert tilefni sé til. Það má segja, að þessir menn geri það ekki, nema tilefni sé til þess, en þá er sjálfsagt að setja inn í þessa gr. frv., að þeir hafi ekki heimild til þess, nema tilefni gefist til að dómi barnaverndarráðsins sjálfs. Þetta mál er viðkvæmt mörgum börnum og unglingum, og það er viðkvæmt fyrir heimilisfeður og foreldra yfirleitt. Ég tel, að sjálfsagt sé að taka tillit til tilfinninga þeirra, og ég tel ekki, að tilgangi þessara l. sé náð, nema reynt sé að særa sem minnst tilfinningar allra viðkomandi aðila.

Ég hef hér við 23. gr. frv. borið fram brtt. Þar er í frv. gert ráð fyrir, að óheimilt sé að vista börn, sem um ræðir í gr., á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, samþykkir, þ. e. a. s. munaðarlaus börn. Þar vil ég bæta við: „og nánustu ættingjar“, þ. e. að þar standi: sem barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, og nánustu ættingjar samþykkja.“ Ég tel, að nánustu ættingjar, t. d. systkini, afar eða ömmur, hafi siðferðislega eins mikinn rétt og meiri til þess að ákveða, hvar barn skuli vistað, eins og barnaverndarnefnd. Ef þessir aðilar eru ekki í því ástandi, að það þurfi að taka frá þeim börnin og vista þau, þá álít ég, að þeir hafi meiri rétt til þess að segja til um þetta en barnaverndarnefnd. Þess vegna álít ég rétt að setja þetta inn í l., sem ég gat um í minni brtt.

Ég hef borið fram brtt. við 24. gr. frv., um, að þessi kostnaður, sem í gr. er talað um, greiðist, eins og sagt er í gr., úr bæjar- (sveitar-) sjóði,

en að þar við bætist: „að svo miklu leyti sem almannatryggingunum ber ekki að greiða hann.“ Þetta frv. er samið í upphafi áður en l. um almannatryggingar voru samin, og l. um almannatryggingar gera einmitt ráð fyrir því, að það sé greitt svo mikið til munaðarlausra barna sérstaklega, að uppeldi þeirra á að vera tryggt efnalega samkv. þeim lagaákvæðum. Þess vegna tel ég rétt og eðlilegt að setja þetta ákvæði inn, sem sjálfsagt hefði verið sett, ef frv. þetta hefði ekki verið samið áður en þau l. voru samin.

Við 33. gr. frv. geri ég brtt. um, að úr henni falli nokkur orð.

Við 35. gr. ber ég fram brtt. sama eðlis og þá næstu á undan, um breyt. á 2. málsgr. 35. gr. En hér stendur í 2. málsgr., að barnaverndarnefnd skuli jafnan fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin eru af barnahælum, sem um getur í gr., og samþykkja þá staði, sem þau fara til „ef kki er um að ræða heimili beggja foreldra.“ M. ö. o., eftir þessu orðalagi má faðir eða móðir engu um þetta ráða, ef barnið t. d. hefur misst annað foreldrið, og þá kemur þessi réttur eftir þessu alveg í hendur barnaverndarnefndar að samþykkja stað fyrir barnið. Ég viðurkenni ekki þennan rétt, sem þarna á að gefa barnaverndarnefnd. Ég hef því lagt til, að fellt sé niður úr þessari tilfærðu setningu orðið „beggja“, þannig að ef ekki er um að ræða heimili foreldra beggja, en sé t. d. annað foreldri lifandi, þá ráði það þessu, en ekki barnaverndarnefnd. Ég tel, að hér sé í frv. gengið svo nærri rétti föður, að það fari alveg í öfuga átt við það, sem annars er hugsað í frv.

Ég hef lagt til að 36. gr. verði breytt þannig, að á eftir orðunum: „Ríkisstj. skal í þessu skyni“ í upphafi 2. málsgr. komi: „eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum,“ setja á stofn o. s. frv. Hér er gert ráð fyrir því í þessari gr., að ríkisstj. hafi rétt til að setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum till. barnaverndarráðs. Ég álít þetta sjálfsagða skyldu. En ég álít rétt líka að setja þarna inn: „eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.“

Sama legg ég til viðkomandi 37. gr., að þar verði þetta sett inn í: „eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.“ En í þessari gr. er tekið fram, að ráðh. sé skylt að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skuli börn og ungmenni, sem framið hafi lögbrot, o. s. frv. Það gildir nú í l. um sjúkrahús, sóttvarnahús og annað þessu líkt, að fjárveitingarvaldið til þess að reisa þessar byggingar er hjá Alþ., sem á hverjum tíma á að meta, hvað af þessu eigi að ganga fyrir og hvað eigi að sitja á hakanum. Ef þessi gr. er orðuð þannig, að ríkisstj. sé skylt að koma á þessum stofnunum, þegar fé er veitt til þess í fjárl., verður fjárveitingarvaldið á hverjum tíma að taka ákvörðun um það, hve mikið fé skuli veitt til þess að koma þessu upp eða til þess að koma öðru upp af sama tagi. Ég vænti, að þessi skilyrði verði samþ., sem ég hef nú getið, um fjárveitingu til þessara stofnana, því að það er eðlilegt og sjálfsagt, að þetta standi í l., þegar vitað er, að ríkið getur ekki uppfyllt allar skyldur sínar á einu og sama árinu.

Ég hef borið fram brtt. við 38. gr., um, að á eftir orðunum: „sbr. þó“ komi: „24. og“, þar standi sem sé: „sbr. þó 24. og 37. gr. þessara laga.“ En 24. gr. ákveður, hvernig kostnaður skuli greiddur. Þetta legg ég til til samræmingar, miðað við það, sem áður er sagt, ef 24. gr. verður breytt samkv. brtt. mínum.

Við 46. gr. hef ég lagt til, að síðari málsl. 2. mgr. falli niður. Mér finnst dálítið einkennilegt, að þeir menn, sem hafa barizt fyrir því að vernda unglingana, skuli vilja halda þessu ákvæði. Þessi málsl. er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Refsimál skal því aðeins höfða, að barnaverndarnefnd sú, er hlut á að máli, eða barnaverndarráð krefjist þess.“ Mér finnst, að það eigi ekki að vera á valdi þessara aðila, ef um refsivert athæfi er að ræða, hvort mál skuli höfðað eða ekki, heldur sé sjálfsagður hlutur að höfða refsimál, hver sem krefst þess, m. a. aðstandendur barnsins. En eftir ákvæðum frv. eins og þau eru, er ekki hægt að höfða refsimál, nema barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð krefjist þess. Barnaverndarnefnd og barnaverndarráði er gefið þetta stórkostlega vald jafnvel til að hylma yfir brot í þessum málum. Ég er undrandi yfir því, að menn þeir, sem um þetta hafa fjallað í mþn., skuli ekki hafa viljað láta þennan málslið falla niður.

Svo er að síðustu brtt. við 52. gr. frv., þar sem ég legg til, að fyrri málsl. gr. orðist svo: „Barnaverndarráð heimtir skýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en einu sinni á ári.“ En hér í frv. er gert ráð fyrir því, að þetta sé gert annað hvert ár. Ég tel réttara, úr því að skýrslur á að gefa út um þetta, að það sé gert árlega, heldur en að það sé gert annað hvert ár, og ég veit, að ég er ekki einn um þá skoðun af nm. M. a. mun hv. þm. Str. telja rétt, að þessi breyt. verði gerð á frv.

Ég skal svo ekki lengja umr. um þetta mál. Ég mun fylgja frv., og eins, þó að till. mínar verði felldar, því að ég vil ekki verða til þess að setja fótinn fyrir þetta mál, en tel, að mörgu þurfi að breyta og lagfæra, og gefst þá tækifæri til þess síðar, annaðhvort í Nd. eða á næsta þingi, því að slíkur lagabálkur liggur alltaf undir endurbótum og breytingum eftir því, sem lífið kennir mönnum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 475,1 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, JJós, PM, BBen.

nei: HV, LJóh, PZ, StgrA, ÁS, BSt, BK, ÞÞ.

4 þm. (HermJ, SÁÓ, BrB, EE) fjarstaddir.

12.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 475,2 samþ. með 10:2 atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

17.—22. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 475,3 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, JJós, LJóh, PZ, PM, BBen.

nei: HV, StgrA, ÁS, BSt, BK, ÞÞ.

4 þm. (HermJ, SÁÓ, BrB, EE) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 475,4 samþ. með 8:2 atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

25.—32. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 475,5 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, GJ, GÍG, JJós, LJóh, PM.

nei: ÁS, BSt, BK, HV, PZ, StgrA, ÞÞ.
4 þm. (BrB, EE, HermJ, SÁÓ) fjarstaddir.
33.—34. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 475,6 samþ. með 7:2 atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 475,7 samþ. með 9:2 atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 475,8 samþ. með 9:3 atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 475,9 samþ. án atkvgr.
38. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
39.—45. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 475,10 samþ. með 7:5 atkv.
46. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
47.—51. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 475,11 felld með 7:5 atkv.
52.—56. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 487).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef athugað þetta frv. eftir þær breyt., sem gerðar voru á því, og ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á það, að ég hygg, að nú þurfi að taka til athugunar 33. gr. Till. mín nr. 5 á þskj. 475, sem var nokkur breyting á 33. gr., var felld með 7:6 atkv. Vegna þess að atkvgr. fór þannig, vildi ég leyfa mér að benda hv. þm. á, að ef frv. fer svona í gegn óbreytt, þá verður það þannig, að hvert barn, sem hefur misst annað foreldrið, kemur til með að verða spjaldskráð hjá barnaverndarnefnd. Það stendur hér í 33. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Skylt er n. að hafa eftirlit með slíkum börnum, svo og þeim börnum, sem ekki njóta umsjónar nema annars foreldris eða hvorugs, og má hún setja slíkum börnum eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar.“ Með slíku ákvæði er n. skylt að halda spjaldskrá yfir þessi börn og heimilt að setja eftirlitsmann yfir þau, ef þau hafa misst annað foreldrið. Ég álít, að með þessu sé gengið nokkuð nærri persónufrelsi manna almennt, og vildi ég leggja til, að þessum síðari málsl. yrði breytt þannig: „Skylt er n. að hafa eftirlit með slíkum börnum, og má hún setja þeim eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar.“ Á það þá eingöngu við börn, sem um getur í 1. málsl., og vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. mína.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 493) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er eins með þessa gr. og ýmsar aðrar, sem hv. þm. Barð. gerði brtt. við og fékk sumar samþ., að ég tel þær langflestar tiltölulega þarflitlar.

Það, sem hv. þm. setur fyrir sig, er, að barnaverndarn. sé heimilt að setja þeim börnum eftirlitsmann, er misst hafa annað foreldrið eða bæði. Það er alveg gefinn hlutur, þó að barnaverndarn. hafi spjaldskrá yfir þessi börn, að hún mun ekki fara að setja slíkum börnum eftirlitsmann, ef þau njóta umönnunar annars foreldrisins, ef það rækir skyldu sína gagnvart barninu. En þau tilfelli gætu hins vegar komið fyrir, enda þótt annað foreldrið sé á lífi, að ekkert væri á móti því, að barnaverndarn. hefði heimild til slíks.

Ég tel því ekki ástæðu til að fresta nú afgreiðslu þessa máls, þó að þessi till. kæmi fram, og get sætt mig við það, að atkv. skeri úr um það, hvort þessi skrifl. brtt. verður samþ. eða ekki. En ég sé ekki ástæðu til þess að greiða henni atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. frsm. n. fyrir það að sjá ekki ástæðu til þess að taka málið til sérstakrar athugunar vegna þessarar brtt. En ég vil leyfa mér að minna á það, að ég tel það ekki svo lítils virði fyrir málið í heild, að í þessu frv. séu ekki ákvæði, sem beinlínis skapa óvild gagnvart frv., heldur samúð, og þessi gr. er að mínu áliti óþörf og ekki ástæða til fyrir barnaverndarn. að halda spjaldskrá yfir börn, þó að þau hafi misst annað foreldri sitt, því ef eitthvað athugavert upplýsist, þá hefur n. rétt til þess að grípa þar inn í samkv. öðrum ákvæðum. Þess vegna tel ég rétt að samþykkja mína skrifl. brtt.

ATKVGR.
Brtt. 493 samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, PZ, PM, SÁÓ, BBen, EE, GJ, ÞÞ.
nei: HV, LJóh, StgrA, ÁS.
BSt, BK greiddu ekki atkv.
3 þm. (HermJ, JJós, BrB) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 89. fundi í Nd., 10. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 494).

Á 93. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 494, 547).

Frsm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flytur brtt. við þetta frv. á þskj. 547, en frv. er nú hingað komið aftur eftir afgreiðslu í hv. Ed., en þar var því vikið nokkuð við, og því tók n. það aftur til athugunar og flytur við það þrjár brtt., sem allar miða að því að færa það nær því formi, sem Nd. afgr. það í. Hv. Ed. hefur jafnan verið frv. þessu ósköp erfið. Það hefur ýmist dagað þar uppi eða verið fellt, en þegar það nú loksins nær samþykki þeirrar d., er það með ýmsum breytingum, innskotum og úrfellingum, sem ekki eru góðar að dómi heilbr.- og félmn. Nd. Skylt er að geta þess, að sumar breyt. hv. Ed. eru réttmætar, t. d. niðurfelling óþarfa orðs í 35. gr., sem var til mállýta, og áréttingu við 24. og 38. gr. á því, að sveitarstjórnir greiði aðeins þann kostnað af framfærslu barna, sem almannatryggingunum ber ekki að inna af hendi, og hefur n. ekki nema gott eitt um það að segja. Þá fellst n. á niðurfellinguna úr 46. gr. og telur það til bóta, að síðari liður annarrar málsgr. þeirrar gr. er felldur niður, um það, að refsimál skuli því aðeins höfða, að barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð krefjist þess. N. telur ekki eðlilegt né ákjósanlegt að fá þeim aðilum það vald, þar eð allar líkur eru til, að álits og umsagnar þeirrar verði leitað í slíkum tilfellum.

Þá hefur hv. Ed. skotið inn þeirri takmörkun á ákvæðum 36. og 37. gr., um að ríkisstj. sé skylt að stofna og starfrækja athugunarstöð og hæli fyrir börn, sem eru andlega eða líkamlega miður sín, að um þetta skuli fara eftir því, sem fé sé veitt til á fjárlögum. Enda þótt n. sé ljóst, að mikið er undir því komið, að þessi stofnun verði sem fyrst reist, telur hún ekki vænlegt, eins og nú standa sakir, að flytja brtt. um að fella þetta innskot hv. Ed. niður. Hins vegar hefur n. orðið ásátt um að bera fram þáltill., er miði að því að fela ríkisstj. að undirbúa þetta mál og ætla til þess fé á næstu fjárl., svo að framkvæmdir þurfi ekki að dragast lengur en fram á næsta ár.

En því miður hefur hv. Ed. ekki látið sér nægja þær breyt., sem ég hef nú rakið, heldur hefur hún gert þrjár varhugaverðar breyt. á 16., 23. og 33. gr., sem heilbr.- og félmn. hefur orðið sammála um að leggja til, að allar verði burtu felldar. 16. gr. fjallar um, að barnaverndarnefnd eða fulltrúum hennar sé heimilt að fara á heimili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, en hv. Ed. bindur þessa heimild því skilyrði, að tilefni verði að gefast til slíkrar rannsóknar að dómi barnaverndarráðs. Þetta ákvæði lýsir miklum misskilningi og vanmati á getu og hæfni þeirra manna, sem í þeim n. eru, og það lýsir litlum skilningi á því, hvaða sjónarmið eru lögð til grundvallar, þegar menn eru valdir í barnaverndarnefndir. N. telur þetta óréttmætt og til hindrunar framkvæmd l. og raunar óframkvæmanlegt í verki. Hún leggur því til, að þetta ákvæði verði fellt burt. Barnaverndarnefnd og barnaverndarráð í Rvík hafa sent n. andmæli gegn þessari breyt., en ég sé ekki ástæðu til að lesa þau andmæli hér upp að sinni.

Þá er næst að geta breytingar hv. Ed. við niðurlagsorð 23. gr. frv., sem verður þá á þá leið, að barnaverndarnefndum sé ekki heimilt að ráðstafa munaðarlausum börnum á heimili né hæli nema með samþykki nánustu ættingja þeirra. N. telur þetta ófært skilyrði og er sammála mótmælum barnaverndarnefndar Reykjavíkur gegn þessari breyt., en þau hljóða svo með leyfi hæstv. forseta:

„Við 23. gr. var gerð sú breyting, að í stað orðsins „samþykkir" komi: og nánustu ættingjar samþykkja. Hér er enn takmarkað framkvæmdavald barnaverndarnefndar. Þótt n. hafi gott heimili fyrir munaðarlaust barn, getur hún ekki komið því þar fyrir nema með samþykki „nánustu ættingja", sem ef til vill hafa aldrei skipt sér af barninu nema til óþurftar. Einkennilegt virðist að takmarka þarna vald n., sem í öðrum tilfellum getur tekið börn af heimilum foreldra, og það á móti vilja þeirra."

Ég er það kunnug starfsháttum barnaverndarnefndar Reykjavíkur, að ég get fullvissað hv. dm. um, að hún er alltaf vön að taka tillit til ættingja barnanna í þessum efnum, þegar það kemur ekki í bága við hag barnanna sjálfra. N. leggur til, að þetta ákvæði verði einnig fellt burt.

Þriðja brtt. n. á þskj. 547 er á þá leið, að aftur verði fellt inn í 33. gr. það, sem hv. Ed. felldi úr henni. Þessi gr. fjallar um það, að barnaverndarnefnd sé rétt og skylt að fylgjast með högum umkomulausra barna, svo og þeirra barna, sem ekki njóta umsjónar nema annars foreldris eða hvorugs, en það ákvæði hefur Ed. fellt burt. Mér er ljóst, að sumir hv. þm. hafa hnotið um þessa setningu og talið þetta óþarfa afskiptasemi af hálfu barnaverndarnefndar. En þetta er misskilningur. Hér er aðeins um það að ræða, að barnaverndarnefnd gangi meira eða minna munaðarlausum börnum að nokkru leyti í foreldrastað. Til þess er veitt heimild samkv. 1. málsgr. þessarar gr., en n. lítur svo á, að hagur þessara barna sé betur tryggður, ef barnaverndarnefndir eru skyldaðar til slíks eftirlits, sem þær mundu fela trúnaðarmanni sínum eða umboðsmanni barnsins, og trúnaðarmaðurinn léti síðan n. vita, ef einhverra aðgerða væri þörf. Það vita allir, að betra er að koma í veg fyrir uppeldisgalla í tíma en bæta úr þeim eftir á, þegar þeir eru orðnir að vana, og hafa barnaverndarnefndir fengið dýra reynslu af því. En með þessu eiga trúnaðarmennirnir að fylgjast. Tökum t. d. það los, sem stafar af tíðum bústaðaskiptum og flækingi barna. Ef n. væri gert aðvart um slíkt, gætu þær í ýmsum tilfellum ýmist aðstoðað foreldra við að útvega þeim fastan samastað eða komið barninu fyrir, unz úr rætist. Í ýmsum nágrannalöndum okkar er sá háttur á hafður, t. d. í Danmörku, og hefur gefizt vel. N. lítur því svo á, að hagur barnanna verði betur tryggður, ef þetta ákvæði er aftur sett inn. Ég vænti þess svo, að hv. dm. séu sammála öllum brtt. heilbr.- og félmn. á þskj. 547 og samþykki þær.

Arnfinnur Jónsson: Herra forseti. Þetta er nú þriðja þingið, sem tekur þetta frv. til meðferðar, og í öll þrjú skiptin hefur það fengið greiða og góða meðferð hér í hv. Nd., en tvisvar hefur það verið stöðvað í hv. Ed., en nú í þriðja sinn er það komst í gegnum þá d., er þannig frá því gengið, að það er í raun og veru ónýtt, því að það er ekki einasta, að þetta frv. hafi verið ónýtt með þeim breyt., sem gerðar voru á því í Ed., heldur hafa eldri l. um þetta efni, sem þetta nýja frv. átti að bæta mjög úr, einnig verið ónýtt, þ. e. a. s. ástandið verður verra en það hefur verið samkv. núgildandi l., því að með breyt. Ed. hafa fulltrúar í barnaverndarnefndum verið gerðir óstarfhæfir með innskotinu í 16. gr., þar sem barnaverndarnefndum er bannað að rannsaka eða grennslast eftir högum barna á heimilum, nema leyfi barnaverndarráðs komi fyrst til. Ég þykist vita, að þessu ákvæði hafi ráðið ókunnugleiki hv. þm. í Ed., og ég vildi óska, að þeir vildu kynna sér, hvernig störfum barnaverndarnefndar í Rvík er háttað, en störf hennar eru að sjálfsögðu margþættari en störf annarra barnaverndarnefnda. Barnaverndarnefndin hér hefur sitt fasta starfslið, t. d. hjúkrunarkonu og fulltrúa, sem annast hin daglegu störf. Þau verða oftast að gera sínar ráðstafanir fyrirvaralaust upp á væntanlegt samþykki barnaverndarnefndar, og menn sjá, hvernig það mundi verða í framkvæmdinni, ef barnaverndarnefnd þyrfti í hverju tilfelli fyrst að leita samþykkis barnaverndarráðs og síðan gefa starfsfólki sínu fyrirskipanir. Það kemur oft fyrir, að menn eru kallaðir út seint að kvöldinu vegna óreglu á heimilum, veikinda o. s. frv., og þá er ekkert svigrúm til að kalla saman fund. Þá verður að bregða við um leið og gera það, sem sá álítur réttast, sem til er kvaddur. Ég hef nú átt sæti í barnaverndarnefnd Rvíkur á fimmta ár og ætti því að vera kunnugur starfsháttum hennar, og aldrei hefur það komið fyrir allan þennan tíma, að n. hafi lagzt á móti þeim ráðstöfunum starfsmanna sinna, sem þeir hafa orðið að gera upp

á eigið eindæmi, og ekki man ég til, að slíkar ráðstafanir nefndarformanns hafi nokkru sinni verið ónýttar. En ef svipta ætti barnaverndarnefnd og starfsfólk hennar rétti til ráðstöfunar, þá væri það fólk þar með gert óstarfhæft, því að í langflestum tilfellum eru þessi mál mjög aðkallandi, og velferð barnanna er í voða, ef ekki er að gert þegar í stað. Á þetta er greinilega bent í umsögn barnaverndarnefndar og barnaverndarráðs í Rvík, sem hv. frsm. drap á áðan. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða mikið meira um þetta mál hér. Hv. Nd. hefur ætíð tekið á þessu máli með vinsemd og skilningi, og ég óska og vona, að hv. Ed. taki breyt. sínar til nánari yfirvegunar, og þá er ég sannfærður um, að sú hv. d. mundi ganga úr skugga um það, að þessi ákvæði hennar mega ekki vera í þessum væntanlegu l., ef þau eiga að verða að gagni.

Um innskot Ed. í 23. gr. er það að segja, að þegar talað er um munaðarlaus börn, er naumast í sömu andránni unnt að tala um „nánustu ættingja", og er barnaverndarnefnd því sjálfkjörin til ráðstöfunar barninu. Væru slíkir ættingjar til, mundi í flestum tilfellum ekki hafa þurft að leita til barnaverndarnefndar, en einmitt vegna þess er leitað til n., að barnið er munaðarlaust. Og reynslan hefur orðið sú, að afskipti fjarskyldra ættingja af börnum hafa orðið börnunum til óþurftar. Ættingjarnir hafa ekki alltaf hugsað um hag barnsins sem skyldi. Stundum reyna þeir að ná sér niðri á öðrum ættingjum í slíkum tilfellum, og eru börnin oft notuð í slíkum leik. En n. ber einmitt að vernda börnin fyrir slíku, að þau séu notuð þannig af þeim, sem þykjast hafa tilkall til þeirra.

Í barnaverndarnefnd Rvíkur er kosið pólitískt, eins og kunnugt er, en aldrei hefur þar orðið ágreiningur um neitt mál vegna pólitísks skoðanamunar, þar hefur ríkt fullt samkomulag um öll mál. Ef einhver nm. hefur verið í vafa um eitthvað, hefur hann fengið nægan tíma til umhugsunar og til að afla sér allra fáanlegra upplýsinga í málinu, og reynslan hefur orðið sú, að allar ályktanir n. hafa orðið einróma. Þar hefur enginn reynt að vera öðrum vitrari til þess eins að sýnast vitrari, heldur hafa allir reynt að gera það, sem þeir álitu réttast og börnunum fyrir bestu. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Ég endurtek það, að ég vona, að hv. Ed. athugi þetta mál gaumgæfilega.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það liggja hér fyrir þrjár brtt. á þskj. 547 frá heilbr.- og félmn., og hefur þegar verið nokkuð um þær rætt. Það kann vel að vera, að það hafi við nokkur rök að styðjast, að breyta þurfi 16. gr., eins og n. leggur til. En ég vil benda á, að samkv. þeirri breyt. yrði barnaverndarnefnd og starfsmönnum hennar heimilt að fara inn á heimili, án þess að tiltekið tilefni gæfist til slíkrar rannsóknar. Um tilefni yrði þá ekkert afmarkað í gr. Það má vera, að nauðsynlegt sé að hafa þetta svona, en ég vildi þó vekja athygli á þessu. Um brtt. við 23. gr., um afskipti ættingja af vistum barna, er það að segja, að mér hefði ekki fundizt óeðlilegt, þegar um það er að ræða, að þau væru vistuð hjá nánustu ættingjum, ef þeir óskuðu eftir að taka þau. Þetta kann að vera þannig í framkvæmdinni í mörgum tilfellum, en enga skyldu ber til þess, ef þessi brtt. er samþykkt.

En varðandi brtt. við 33. gr. get ég ekki betur séð en að hún sé með öllu óþörf. N. vill skjóta inn ákvæði um það, að henni sé skylt að hafa eftirlit með börnum, sem ekki njóta umsjónar nema annars foreldris eða hvorugs, en slíkt eftirlit er skyldugt samkv. 5. gr., þar sem segir, að barnaverndarnefnd hafi eftirlit með uppeldi og hegðun barna og ungmenna til 16 ára aldurs, og samkvæmt 23. gr., þar sem ekki er heimilt að vista börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd samþykkir.

Ég tel ekki rétt að beita sér fyrir óþarfa breyt., því að það er meiri von, að frv. gangi endanlega í gegnum báðar d., ef breyt. eru litlar eða fáar frá því, sem Ed. hefur nú skilað því.

Frsm. (Katrín Thoroddsen): Ég vil þakka þm. V-Húnv. fyrir vinsamlegar bendingar. N. getur ekki fallizt á þá úrfellingu í 33. gr., sem Ed. hefur gert, því að hún telur, að fullkomin þörf sé að hafa eftirlit með þeim börnum, sem ekki njóta umsjónar foreldra.

Þá getur n. ekki fallizt á, að barnaverndarráð þurfi að fjalla nokkuð um það, ef tilefni gefst til að fara inn á heimili eða hæli til þess að rannsaka hagi barns eða ungmennis. Ég skil það ekki, hvers vegna barnaverndarnefndinni er ekki fullkomlega trúandi til að gera slíkt eftir eigin dómi á þörfum til þess. Það getur oft komið fyrir, að slíkt þurfi að framkvæma fljótt, ef veikindi, lausung eða limlestingar eiga sér stað, en með því ákvæði, sem Ed. setti inn í frv., mundi allt slíkt eftirlit verða stirðara. Ég sé heldur enga ástæðu til þess að vantreysta barnaverndarnefnd. Hún er kosin af bæjarstj. og skipa hana færustu menn, meðal annars bæði læknar, skólastjóri og kennari. Þá er það líka aðhald fyrir n., að sá, sem telur sig órétti beittan af hennar hálfu, getur vísað máli sínu til barnaverndarráðs.

Varðandi 23. gr. tel ég viðbót Ed. ekki til bóta, en hún er um það, að nánustu ættingjar skulu samþykkja verustað barns, sem komið er fyrir. Það er venja að leita til þeirra ættingja, sem láta sér hag barnsins varða, og ráðstafa þeir þá barninu í samráði við n., ef þeir hafa tök á því. En hins vegar getur svo farið, ef um brekabörn er að ræða og venjulegur barnalífeyrir nægir ekki til meðgjafar með barninu, að ættingarnir vildu velja þann stað, sem ódýrastur væri, en samþykktu ekki góðan stað, sem n. hefði völ á, vegna þess að hann væri allmiklu dýrari. Slíkt má að sjálfsögðu ekki vera til fyrirstöðu. Það sjá allir.

ATKVGR.
Brtt. 547,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 547,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 547,3 samþ. með 17:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 37. fundi í Sþ., 21. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 555).

Á 101. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 555, 580).

Of skammt var liðið frá útbýtingu 580. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til umr. síðast hér í hv. þd., voru gerðar breyt. m. a. á 16. gr., 23. gr. og 33. gr. frv. og þær færðar í það form, sem þær eru nú í á þskj. 580. Þegar það svo kemur til Nd., er þetta fellt úr aftur og að því leyti fært í það sama form og áður var. Viðvíkjandi þessum þremur gr., 16., 23. og 33. gr., vildi ég segja nokkur orð. Um 16. gr. er það að segja að ég tel, að í henni sé gengið svo nálægt heimilisréttinum, að ekki sé við það búandi. Í því sambandi vil ég benda á það, að í Bretlandi hefur ekki sjálfur konungurinn rétt til að vaða inn á heimili manna á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í frv. (**GÍG:** Hefur forseti Íslands það?) Ég veit það ekki, en menn, sem valdaminni eru en hann. Ég tel það í mesta máta varhugavert að lögfesta þessa gr., og vona ég, að hv. n. haldi fast við þessar brtt. (**HV:** Það gerði n. ekki.) Hv. þd. hefur þó gert það. Hvað viðvíkur 23. gr., þá er þar ætlazt til, ef brtt. mín verður ekki samþ., að barnaverndarnefnd hafi rétt til að ráðstafa börnum, sem hafa misst annað foreldri sitt, í fóstur án samþykkis ættingja þeirra. Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á því, að Alþ. samþykki þetta, og þetta skapar tæplega þá samúð með l., sem nauðsynlega þarf að vera fyrir hendi, til þess að þau komi að gagni. Það má segja, að þessu verði ekki misbeitt, en ef því verður aldrei beitt, þá er ástæðulaust að hafa það í l. 23. gr. frv., eins og gengið er frá henni í Nd., hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: Ef barn verður munaðarlaust, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, er láta sig hag þess varða, eða hreppsnefnd eða framfærslunefnd við að koma því í fóstur á gott heimili, enda er óheimilt að vista slík börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd, sú er í hlut á, samþykkir.

Ég verð að segja það, að mér þykir hart, að móðursystkini eða jafnvel systkini hafi ekki eins mikið vald til þess að ráðstafa börnum og barnaverndarnefnd og þurfi á leyfi hennar að halda til þess að ráðstafa barninu. Breyt. sú, er ég vil láta á þessu gera, er ekki önnur en að inn í greinina bætist á eftir orðunum „barnaverndarn. sú, er í hlut á“ orðin „og nánustu ættingjar, samþykkja“. (**LJóh:** En ef þeir eru nú ósammála?) Þá geta þeir fengið samþykki n. En ef systkini og barnaverndarn. eru ósammála, á þá n. að ráða? Ég tel mjög misráðið að samþykkja gr. eins og hún er óbreytt.

Hvað viðvíkur 33. gr. frv., þá hljóðar sá hluti hennar, sem deilt er um, þannig í frv.: „Skylt er n. að hafa eftirlit með slíkum börnum, svo og þeim börnum, sem ekki njóta umsjónar nema annars foreldris eða hvorugs, og má hún setja slíkum börnum eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar.“ Hún má með öðrum orðum hafa eftirlit með börnum, sem eiga annað foreldri á lífi, og grípa þar inn í að ástæðulausu. Ég vildi láta breyta þessu, sem hér segir: „Skylt er n. að hafa eftirlit með slíkum börnum, og má hún setja þeim eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar,“ þ. e. a. s. að það verði ekki einungis börn, sem misst hafa foreldra sína, sem komi undir þetta ákvæði um eftirlit, heldur komi þar undir börn, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með. Barnaverndarnefnd hefur ekki leyfi til þess að setja börn á spjaldskrá, ef þau falla ekki undir þann hluta gr., sem þegar er í l., þ. e. a. s. 1. málsgr.

Ég skil ekkert í því kappi, sem fram kemur hjá meiri hl. n. í báðum d., að vilja setja þarna inn í ákvæði sem tvímælalaust koma til með að valda óánægju í framkvæmd l. Ég vænti þess, að hv. d. samþykki þessar brtt. mínar og haldi fast við það, sem áður hefur verið gert í málinu í þessari hv. d.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi taka það fram, að meiri hl. heilbr.- og félmn. þessarar d. hefur ekki fallizt á þessar brtt. hv. þm. Barð., svo að þær eru frá honum einum. Nú höfðu þessar brtt. verið settar í frv., áður en það var afgr. frá þessari d., en verið felldar úr af Nd., vegna þess að barnaverndarráð hefur ákveðið mótmælt þeim og talið alveg óviðunandi, að málið væri þannig afgr. frá þingi. Sérstaklega vill það leggja áherzlu á, að brtt. hv. þm. Barð. við 16. gr. verði ekki samþ., heldur verði gr. í sínu upprunalega formi. — Mér virðist ekki þörf á að ræða þetta miklu nánar.

Það sjónarmið, sem aðallega kemur fram hjá hv. þm. Barð., virðist vera það, að hann tortryggi mjög barnaverndarn. um það, að hún muni koma fram á þann veg, sem ekki sé börnum eða forráðamönnum þeirra holl afskipti, m. ö. o., að hún hafi sérstaka tilhneigingu til þess að hafa afskipti af börnum og forráðamönnum þeirra að ástæðulausu. Mér er óskiljanleg þessi tortryggni hans gagnvart barnaverndarn., vegna þess að ég hef ekki orðið var við rökstuddar kvartanir um starfsemi n., og meðan svo er, virðist mér vera með öllu ástæðulaust að samþykkja þessa brtt. hv. þm. Barð. Mér virðist barnaverndarráð hafa nógum störfum að sinna, þó að það fari ekki að skipta sér af öðru en brýna nauðsyn ber til. Það mun frekar öfugt, að um það hefur verið kvartað, að barnaverndarráð hafi ekki haft aðstöðu til, eins og nauðsyn hefur krafizt, að skipta sér af málefnum þeirra barna, sem þurft hafa sérstakrar umhyggju af hálfu hins opinbera.

Það er í raun og veru auðskilið, að n. þyki nokkuð viðurhlutamikið, að 16. gr. sé í því formi, sem hv. þm. Barð. vill, vegna þess að ef leita þarf samþykkis barnaverndarráðs í hvert skipti, sem barni er ráðstafað í fóstur, þá verður það allt of þungt í vöfum, og getur það gert barnaverndarnefndum úti á landi nærri ómögulegt að starfa, a. m. k. torveldað svo starf þeirra, að mikil óþægindi hlytust af því. Þetta samþykki barnaverndarráðs virðist mér vera aðalatriðið í brtt. hv. þm. Barð. við 16. gr., en mér skilst, að barnaverndarráð leggi mest kapp á, að sú gr. verði í sínu upprunalega formi. Hvað viðvíkur 23. gr. frv., þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana, eins og hún er í frv.: „Ef barn verður munaðarlaust, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, sem láta sig hag þess varða, eða hreppsnefnd eða framfærslunefnd, við að koma því í fóstur á gott heimili, enda er óheimilt að vista slík börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, samþykkir.“ Þetta mundi framkvæmt þannig, þótt frv. verði ekki breytt, í öllum tilfellum, þar sem ekki er um að ræða, að nánustu ættingjar óskuðu eftir að vista barn á heimili, sem að dómi barnaverndarnefndar er ekki fært um að ala upp barn. Það er engin ástæða til að ætla það, að barnaverndarnefnd vilji vista barn á heimili, sem ætt-

ingjar vilja ekki, nema brýna nauðsyn beri til, en sé um að ræða ágreining um þetta, hlýtur hann að stafa af því, að heimili það, sem ættingjar barnsins vilja vista það á, er ekki fært um að sjá því fyrir viðunanlegu uppeldi. Og ef ágreiningur er á milli þessara aðila, ættingja og barnaverndarn., þá verður einhver að skera úr, og það er augljóst mál, að ekki kemur til mála, að annar geri það en barnaverndarn. Af þessum ástæðum vil ég einnig leggja á móti þessari brtt. hv. þm. Barð. Sami andinn er í brtt. við 33. gr., þar sem hún fellir í burtu þau ákvæði, að barnaverndarn. megi hafa eftirlit með þeim börnum, sem misst hafa annað foreldri eða bæði. Með öðrum orðum, hv. þm. Barð. gerir ráð fyrir því, að þar sem ekki er neinn eftirlitsmaður og börn hjá góðum fósturforeldrum, þá fari n. að hafa óþarfa afskipti af þeim. Það er engin ástæða til þessa gruns. Hins vegar virðist mér nauðsynlegt, að þegar um umkomulaus börn er að ræða, þá sé barnaverndarn. skylt að hafa eftirlit með þeim, eftir því sem nauðsyn krefur.

Það er í fjórða sinn, sem þetta mál er fram borið hér á Alþ., og nú virðist það þó komið í það horf, að útlit er fyrir, að það verði afgr. Verði þessar brtt. hv. þm. Barð. aftur á móti samþ. og fari málið til sameinaðs þings, þá skilst mér, að málinu sé enn í fjórða skipti stofnað í nokkurra hættu, og vildi ég þess vegna, af því að nokkuð er nú áliðið þings, ákveðið mælast til þess, að þessar brtt. verði ekki samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka fram út af ummælum hv. 4. landsk., að það er ekki rétt, að n. megi ekki hafa eftirlit með börnum, þótt þau hafi ekki misst foreldra sína. Samkv. núgildandi l. hefur barnaverndarnefnd rétt til þess, ef ástæða er til, en nú er n. gefinn réttur til að hafa sérstök afskipti af börnum, ef þau hafa misst annað eða bæði foreldra sinna, og eru þau þá spjaldmerkt hjá barnaverndarnefnd vegna þeirrar sorglegu ógæfu. Hvað snertir vald n. til að vaða inn á heimili manna, þá finnst mér hv. 4. landsk. ekki leggja mikið upp úr samúð við framkvæmd þessara l., sem Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómari samdi, og leggur hann mikið upp úr, að fullkomin samúð sé við höfð um framkvæmd þeirra. Ég hef engar sannanir fyrir því, að ekki gæti komizt þeir menn í n., sem notuðu aðgang sinn til að troðast inn á heimili manna í allt öðrum erindagjörðum en til er ætlazt. Hv. 4. landsk. talaði um, að það væri í fjórða skipti, sem þetta frv. væri hér. Það er vegna þess, að alltaf hafa verið svo miklir ágallar á frv., að menn hafa heldur viljað fella það en samþykkja það, svo gallað sem það væri, og er vafasamt, hvort ekki sé betra að búa við núgildandi l. í þessu efni. Ég er þeirrar skoðunar, að fella beri frv. heldur en samþykkja það með þeim göllum, sem á því eru, og vænti ég því, að þessar till. verði samþ., og er þá málinu borgið.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hv. þm. sagði, að frv. hefði strandað svo oft vegna svo mikilla galla, en það eru tylliástæður einar, því að frv. var vel undirbúið, og harmaði Gissur Bergsteinsson, að frv. var orðið lakara í meðferð þingsins. Annars virðist sjónarmið hv. þm., að hann leggur afskipti n. af börnum við afskipti lögreglunnar, þegar gerð er þjófaleit. Einnig sagði hv. þm., að n. gæti framið spellvirki á heimilum. Þetta er allt annað sjónarmið en þeir hafa, sem sömdu frv., og sé ég ekki, hvaða rök hann færir fyrir þessum skoðunum. Ef reynsla sýnir, að barnaverndarnefnd velur menn, sem þarf að varast, þá er nógur tími til að gera ráðstafanir gegn því. Út af 33. gr. þá er hér ekki um annað að ræða en að n. er gert að skyldu að líta eftir munaðarlausum börnum, og get ég ekki annað séð en að það sé til bóta, og er því engin ástæða til að breyta því, nema síður sé.

ATKVGR.
Brtt. 580,1 felld með 9:2 atkv.
— 580,2 felld með 9:2 atkv.
— 580,3 felld með 9:3 atkv.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 584).

50. *Dýrtíðarvísitala o. fl.*

Á 100. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna (þmfrv., A. 553).

Á 101. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta frv. er samhljóða l. frá 1946. Efni þess er að heimila stjórninni að greiða niður dýrtíðarvísitölu með sama hætti og áður. Þá er einnig heimilað í 2. gr., að verð á dilkum, sem slátrað er að sumrinu, og verð á kartöflum, sem teknar eru upp mjög snemma, komi ekki inn í vísitöluna.

Í fyrri l. var tímatakmark, en það féll niður þann 15. september s. l. Það mun hafa verið af vangá, að heimild þessi féll úr gildi, en l. hafa verið framkv., og ef þetta frv. verður samþ., er það samþykki á því. Frv. er flutt af fjhn., en einstakir nm. hafa óbundnar hendur í sambandi við afgreiðslu þess.

Ég óska svo, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er stórmál, sem hér liggur fyrir, um niðurgreiðslu vísitölunnar með fjárgreiðslum úr ríkissjóði. Á fjárl. skiptir það tugum millj. kr., sem verja á til þessa. Og það fer varla hjá því, að það fari mikið eftir því, hvernig hver ríkisstj., sem við völd er, beitir valdi sínu, hvernig þetta fer úr hendi. Og líka fer mikið eftir

því, hvernig ríkisstj. fær þær tekjur, sem hún ver til þessara niðurgreiðslna. — Það er hægt að nota niðurgreiðsluna á vísitölunni til þess beinlínis að falsa vísitöluna stórlega. Við vitum, að það er svo mikil hending, hvernig vísitalan er fundin eða samin, og að upprunalega, þegar hún var samin, 1939, voru kröfur manna til lífsins allmjög aðrar en þær eru nú, þannig að það er hægt að greiða niður mikið af vörum, sem fátækt fólk notaði 1939, þannig að það þýðir launalækkun fyrir alla launþega.

Það væri því æskilegt, þegar svona samþykktir eru gerðar, að hæstv. ríkisstj. gæfi nokkrar upplýsingar um það, hvernig hún hefði hugsað sér að beita þessum heimildum. Að vísu liggur það nú nokkuð fyrir, hvað hún hefur gert í því efni. En hér er verið að gefa heimildir, sem eru almennar og sem viðbúið er, að verði notaðar meira en búið er að gera.

Í öðru lagi hlýtur það að vera þýðingarmikið í þessu efni, hvernig peningarnir eru teknir, sem í þessar niðurgreiðslur er varið. Það er vitað, að ef t. d. tekjuskattur á lágar tekjur er mjög þýðingarmikill þáttur í þessari tekjuöflun, þá vitum við, að tekjuskatturinn kemur þannig niður í vísitölunni, að t. d. hækkaður tekjuskattur á tiltölulega lágar tekjur þýðir beinlínis minnkun á þeim launum, sem launþeginn hefur til þess að borga af. Og ef þetta fé er notað til þess að greiða niður vísitöluna á þann veg, sem ég minntist á áðan, þá er með þessu móti án skaðabóta tekið úr vasa launþegans fé, sem tekið er til þess að kaupa enn frekar niður hans laun.

Þetta eru sjónarmið, sem hefði verið æskilegt að fá nokkuð að vita um fyrir fram, áður en gengið er til atkv. um þetta mál, sem fyrir liggur.

Hins vegar er það gefið, að vísitöluna þarf sem stendur auðvitað að kaupa niður að þó nokkru leyti. En það varðar miklu, hvernig þetta er notað og hvernig þessa fjár er aflað, sem nota á til þess að greiða niður vísitöluna. Enn hefur hæstv. ríkisstj. ekki lagt fyrir þingið ýtarlegar till. um tekjuöflunina í þessu skyni og ekki nema að nokkru leyti. Meðan ekki koma nánari upplýsingar um þetta — og þær komu ekki fram við 1. umr. og komu ekki fyrir fjhn. —, mun ég greiða atkv. á móti þessari heimild til ríkisstj. Sú afstaða þýðir ekki endilega það, að ég sé á móti því að veita svona heimildir. Það er gefið, að það er mjög erfitt hjá því að komast, eins og háttar til nú. Hitt er svo spursmál, hvernig maður treystir þeim á hverjum tíma, sem með völd fara, til þess að fara með þessi ákvæði, og líka hvernig tekna til þeirra verður aflað.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég sé, að hæstv. fjmrh. er hér ekki staddur í d., og þarf ég þess vegna með nokkrum orðum að svara þeim aths., sem hér komu fram hjá hv. 2. þm. Reykv. Ég býst reyndar ekki við því, að það muni auka neitt það traust, sem hann hefur til þessarar núverandi ríkisstj. En af því að hans aths. voru þannig fram settar, að þær voru að verulegu leyti í fyrirspurnarformi, tel ég sjálfsagt og rétt að upplýsa, eftir því sem ég get hér, a. m. k. um þau atriði, sem að mér snúa.

Aths. hv. þm. voru raunar aðallega tvær. Önnur sú, að mjög ylti á því, hvernig þessar niðurgreiðslur væru framkvæmdar. Og svo var það annað, hvernig tekna til þeirra yrði aflað. Um þriðja atriðið virtist mér þessi hv. þm. vera sammála ríkisstj., að það gæti verið nauðsynlegt, eins og nú standa sakir, og til bráðabirgða a. m. k., að einhver niðurgreiðsla fari fram. Og það er mála sannast, að meðan ekki er fundin önnur leið til þess að draga úr framleiðslukostnaði, skulum við segja fyrst og fremst, og þá vísitöluhæðinni, þá er, eins og nú standa sakir a. m. k., ekki önnur leið til þess fær að halda dýrtíðinni í skefjum en niðurgreiðsluaðferðin, þar til aðrar varanlegri og traustari leiðir eru fundnar.

Um það, hvernig vísitalan verði greidd niður, liggja fyrir opinberar upplýsingar. Það hafa verið greiddar niður tvær vörutegundir, kjöt- og mjólkurvörur. Og þær niðurgreiðslur hafa nú farið fram um æði langan tíma og mótast fyrst og fremst af því að halda niðri vísitölunni og hins vegar af því að halda þessum vörum niðri á því verðlagsstigi, samanborið við erlendan varning, að þetta gætu orðið neyzluvörur fyrir þjóðina sem hollar og góðar fæðutegundir. Til viðbótar þessu var svo ríkisstj. gefin heimild til þess að halda vísitölunni niðri, svo að hún færi ekki yfir 309 stig. Það er því ekki út af hollustu þessara fæðutegunda eingöngu, að þessi niðurgreiðsla hefur farið fram til þessa, heldur til þess að atvinnuvegirnir, sem urðu hraðast úti vegna dýrtíðar, gætu selt afurðir sínar. En út frá þessum forsendum hefur kjötið verið greitt frekar niður en áður var, þ. e. um 1 kr. á kg, og einnig nokkru meira en áður var kartöflurnar, sem að vísu voru greiddar niður, en niðurgreiðslan á þeim var hækkuð. Aðrar og meiri niðurgreiðslur hafa ekki farið fram.

Nú liggur fyrir um þessi mánaðamót að mæta hækkun á vísitölunni, sem hefur orðið í þessum mánuði, sem mun vera þrjú vísitölustig, en stafar að verulegu leyti af þeirri hækkun, sem orðið hefur á tóbaki. Það er nú svo, að tóbaksnotkun er að vísu ekki talin til þeirra allra nauðsynlegustu lífsþæginda. En hún gengur þó svo inn í vísitöluna, að ef hún hækkar hana um tvö stig, þá kemur fram annað stig í viðbót, þannig að þarna verður um þriggja stiga hækkun á vísitölunni að ræða, sem takast verður einhvern veginn að greiða niður. Ég fyrir mitt leyti mun, eftir því sem fært verður, halda mig innan þess ramma, að niður verði greiddar helztu nauðsynjar almennings, svo að þeir, sem mest þurfa á þeim að halda, njóti niðurgreiðslnanna. Og skilst mér, að á þann hátt séu þeir nokkuð tryggðir, sem mest hætta væri á, að yrðu illa úti vegna hækkunar á þeim vörum, þannig að þeir verði ekki þar illa úti eða sem minnst. Þar koma þá til greina, sem verður tekið til athugunar, ýmsar innlendar neyzluvörur, sem kæmi til greina að greiða niður vegna tekniskra vandkvæða, svo sem að greiða mjólkurverðið meira niður en orðið er. Þetta verður athugað nánar en enn hefur verið gert.

Ég held, að ég geti ekki gefið hv. 2. þm. Reykv. meiri upplýsingar en þetta á þessu stigi, að það verður reynt að haga niðurgreiðslunum þannig fyrst og fremst, að þær komi á nauðsynlegustu neyzluvörur almennings.

Um tekjuöflun til þessara framkvæmda get ég ekki sagt á þessu stigi. Það mun hæstv. fjmrh. sennilega upplýsa mjög bráðlega, umfram það, sem

fram er komið um hækkun á tóbaki og áfengi. En hjá því verður reynt að synda, býst ég við, í lengstu lög, að þær álögur verði teknar af þeirri vörunotkun almennings, sem mest þörfin er fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 103. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 101. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 102. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 595).

---

51. Bráðabirgðafjárgreiðslur 1947 (síðara frv. fjhn. Nd.).

Á 104. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947 (þmfrv., A. 587).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það var nú lengi tilætlunin að reyna að fá fjárl. afgr., áður en þessi heimild rynni út, sem verður um næstu mánaðamót. En hv. þdm. er kunnugt um, að það er allstutt síðan gengið var frá afgreiðslu fjárl. til 3. umr. Og þau eru nú með rekstrarhalla, sem er um 30 millj. kr., og þar að auki er 42 millj. kr. óhagstæður greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti. Það er því sýnt, að þótt ekki sé gert ráð fyrir miklum hækkunum á gjaldahlið fjárl. við 3. umr., er tekjuöflun til að mæta útgjöldunum nauðsynleg, og því miður getur þar ekki orðið um smáar upphæðir að ræða. M. a. vegna þess, að það krefst rannsóknar, hvar hægt er að bera niður í því efni, og af ýmsum öðrum ástæðum þótti ekki fært að knýja fram 3. umr. fjárl. fyrir hátíðir (páska). Af þessum ástæðum er því auðsætt, að fara verður fram á það við hæstv. Alþ., að l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á yfirstandandi ári verði framlengd, eins og farið er fram á í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Og er þar sett markið til loka apríl. En vitaskuld verður sennilega löngu fyrir þann tíma búið að ganga endanlega frá fjárl.
Ég vildi því mega vænta þess, að hv. þd. féllist á samþykkt þessa frv. og að hæstv. forseti og hv. þdm. í sameiningu vildu greiða fyrir málinu, þannig að frv. gæti gengið í gegnum allar þrjár umr. í d. nú í dag.
Frv. er borið fram af hv. fjhn., og virðist því ekki vera ástæða til þess að vísa því til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 105. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur séð sig til knúða að leggja mál þetta fyrir hæstv. Alþ., þar sem sýnilegt er, að afgreiðsla fjárl. getur ekki orðið fyrir þann tíma, sem núverandi heilmild um fjárgreiðslur úr ríkissjóði rennur út. Að vísu var ekki til þess ætlazt, að það þyrfti

að framlengja þessa heimild, en eins og hv. þm. er kunnugt, er skammt síðan fjárlagafrv. var afgr. til 3. umr. með margra tuga millj. kr. rekstrarhalla, og þótt ekki verði frekari halla við bætt, þá er mikil þörf fyrir miklar tekjur. Það er nú sýnt, að þetta tekjuöflunarspursmál og ýmis önnur mál, sem í sambandi við það standa, verða ekki leyst, svo að vel sé, fyrir hátíðina. Það var því horfið að því ráði að fara fram á það við hv. Alþ., að það framlengdi núverandi greiðsluheimild til loka næsta mánaðar, en vitanlega verður langt fyrir þann tíma búið að afgreiða fjárl. frá þinginu. Ég vænti þess, að hv. d. hraði afgreiðslu þessa máls, svo að það geti fengið afgreiðslu á þessum degi, og tel ég óþarft, að því sé vísað til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 596).

---

52. Manneldisgildi hveitis.

Á 33. fundi í Sþ., 28. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um að tryggja manneldisgildi hveitis (þmfrv., A. 458).

Á 84. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur við 1. umr. þessa máls, en átti hins vegar að hafa í því framsögu af hálfu heilbr.- og félmn. Ég vona því, að forseti misvirði það ekki við mig, þó að ég fari um það nokkrum orðum nú við 2. umr. Þetta frv. fer fram á að heimila ráðherra að tryggja manneldisgildi hveitis, sem selt er á íslenzkum markaði. Nú vita allir, að það er ekki nóg, að fæðan innihaldi eggjahvítu, kolvetni og fitu, það þurfa líka að vera til staðar ýmis bætiefni. Það er einkum B-vítamínið, sem á skortir í fæðu okkar, en á meðan við lifðum mest á rúgi, var þetta þó ekki eins tilfinnanlegt. Nú þegar hveitinotkunin er að aukast svo mjög sem raun ber vitni, þá er nauðsynlegt að tryggja manneldisgildi þess, og þá einkum, ef unnt er að láta það innihalda B-vítamín, sem vitað er, að mjög mikið er af í hveitinu ósálduðu. Það er því hér um tvær leiðir að ræða, önnur er sú að sálda hveitið minna, en hin að bæta B-vítamíni í hveitimjölið. Þessar aðgerðir mundu auka mjög næringargildi hveitis, en sá er tilgangurinn með þessu frv. Ég vænti því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 88. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 458, n. 586).

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkvæmt beiðni hæstv. heilbrmrh., og mun vera samið og lagt fram í samráði við manneldisráð. — Hér er um að ræða mikið nauðsynjamál, þar sem er trygging þess, að flutt sé inn eingöngu hveiti, sem hefur nægilegt manneldisgildi. Þetta er ráðstöfun, sem nágrannaþjóðir okkar hafa þegar gert. Og n. hefur enga ástæðu til að vefengja það, að rétt muni vera, að sú aðferð, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., muni vera sú hagkvæmasta, sem völ er á fyrir okkur. N. er því sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 606).

---

53. Dýralæknar.

Á 57. fundi í Nd., 21. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna (þmfrv., A. 300).

Á 58. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er tekið til meðferðar, er flutt af okkur nokkrum þm. og er flutt samkvæmt áskorun frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga, Snæfellinga og Dalamanna. Samkv. þessu frv. á að færa fjölda dýralækna úr 6 í 8, og sú fjölgun verði á þann veg, að vesturhluti Norðurlands, Skagafjörður, Húnavatnssýsla, Snæfellsnes og byggðir við Breiðafjörð verði sérstök dýralæknisumdæmi.

Tilefni til þessarar áskorunar er mjög mikil þörf bænda fyrir aðstoð dýralæknis, sem að allmiklu leyti stendur í sambandi við stóraukna mjólkurframleiðslu og mjólkurvinnslu, sem er að koma upp, t. d. í Skagafjarðarsýslu, og er nú verið að undirbúa í Austur-Húnavatnssýslu. Sömuleiðis er það svo, að eftir því sem verðlag hækkar á búpeningi, eftir því finna menn meira til þess, þegar menn missa skepnur fyrir þær sakir einar, að ekki er hægt að fá hæfa menn til að liðsinna þeim. Nú er hátt verð á mörgum búpeningi, og er því illt fyrir bændur, ef þeir geta ekki fengið aðstoð dýralæknis, svo að gagn sé að, ef þörf krefur.

Á það hefur líka verið bent sem rök fyrir þessari nauðsyn bænda, að í Skagafirði hefur sýslufélagið talið þetta svo mikla nauðsyn fyrir héraðið, að enda þótt sýslan hafi vitanlega og búnaðarsambandið hafi í mörg horn að líta, að því er fjárgreiðslur snertir, þá hefur það lagt á sig allmikil útgjöld á sinn mælikvarða til að launa mann, þó að hann sé ekki lærður, til að sinna þessu starfi.

Það getur ekki farið hjá því, þegar þessi héruð bera fram óskir sínar, að þau beri sig saman við nágrannahéruðin, t. d. Eyjafjörð, sem hefur sams konar þörf í þessum efnum og hefur fulllærðan mann án þess að kosta til nokkrum eyri. Þetta finnst þeim héruðum, sem hafa jafnmikla þörf fyrir aðstoð dýralæknis, misrétti, sem þau geti ekki unað.

Ég skal taka fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að því miður er svo ástatt, eftir því sem yfirdýralæknir hefur tjáð mér, að nú er ekki kostur a. m. k. á innlendum dýralæknum til þess að fylla þessi embætti, en það er líka sleginn sá varnagli, að ef héruðin óska þess og kostur er á manni, sem yfirdýralæknir telur, að þessum héruðum gæti orðið að verulegu gagni, þá sé heimilt að fela honum störf dýralæknis um stundarsakir fyrir einhverja þóknun, sem samkomulag yrði um. Þetta er a. m. k. spor í rétta átt, og menn mundu eftir atvikum geta sætt sig við þessa skipun, þar til úr rætist og við getum fengið innlenda menn með fullkomna læknismenntun til að sinna þessum störfum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Ég tel, að fyrir þessu liggi þau sömu rök og þegar dýralæknisembætti voru stofnuð hér á landi. Ég tel líka, að Alþ. geti ekki skotið sér undan að sinna þessum eðlilegu og sjálfsögðu kröfum, sem eru hér fram bornar í þessu frv.

Ég vænti þess, að d. taki þessu frv. vel, og legg til, að því verði vísað til landbn. Mig minnir, að slík mál hafi verið fyrir landbn. áður.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Út af þessu frv. á þskj. 300 vil ég segja nokkur orð.

Þetta frv. felur í sér tvö nýmæli. Það fyrra er að fjölga dýralæknum úr 6 í 8. Ég álít þetta spor í rétta átt. Ég tel, að rétt hefði verið að fjölga þeim í 10, en sætti mig við, þó að ekki sé gengið lengra en þetta nú.

Reynslan sýnir, að það er mikil tregða í mönnum að stunda þetta nám, og er það vegna þess, að nú er algerð óvissa um, hvort nokkurt embætti verður handa þeim fyrir hendi. Þau eru ekki vel launuð, og það má ekki minna vera en þeir, sem eru svo bíræfnir að leggja út í þetta nám, hafi einhverja vissu fyrir að fá eitthvað að gera, því að ómögulegt er fyrir þá að praktísera, og enginn maður á Íslandi getur stundað þetta starf án launa.

Um það, hvort þessi tilhögun sé rétt, að dýralæknar séu tveir í Sunnlendingafjórðungi, þrír í Vestfirðingafjórðungi og tveir í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi, má deila, en þetta er spor í rétta átt. Ég held, að ekki sé hægt að komast undan því að hafa tvo lækna í Austfirðingafjórðungi, því að hann er engu betri yfirferðar en Vestfirðingafjórðungur.

Það er kunnugt öllum búfjáreigendum, að það er nauðsynlegra, að stutt sé til dýralæknis en mannalæknis, því að menn fara ekki að sækja dýralækni langa leið fyrir eina rollu. Það kom fyrir, að ég væri sóttur til Skagafjarðar eða Þingeyjarsýslu þegar ég var á Akureyri, en það var undantekning.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 387).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir því. Síðan hefur landbn. athugað frv. og rætt við hv. þm. Ak., Sigurð E. Hlíðar yfirdýralækni, og leitað álits hans. Það hefur fallið á þá lund, að hann telur ekkert við frv. að athuga, en að það bæti úr aðkallandi þörf sumra héraða. Því hefur verið kastað fram, að með frv. væri verið að lögfesta

skottulækningar. Ef þetta væri satt þá ætti það að hafa verið gert fyrir löngu, því að Alþ. hefur fjárveitingu til að halda uppi slíkum lækningum, þar sem ekki er kostur á öðrum dýralæknum. N. lítur svo á, að þetta sé atriði, sem ekki sé ástæða til að taka alvarlega, og mælir eindregið með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 99. og 100. fundi í Ed., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 101. fundi í Ed., 27. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 300, n. 554 og 557, 558).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil fara hér örfáum orðum um þetta frv. og sérstaklega vegna þess, að landbn. gat ekki alveg orðið sammála um afgreiðslu þess. Fjórir nm. héldu saman í þessu máli, að vísu skrifaði hv. 8. landsk. undir með fyrirvara, en hinir þrír fyrirvaralaust. Þetta frv. er um að fjölga dýralæknum um tvo, og hafi annar aðsetur í Skagafirði eða Húnavatnssýslu, en hinn í sveit við Breiðafjörð. Frv. er flutt af hv. þm. Skagf., þm. A-Húnv. og þm. Snæf. N. hefur athugað þetta mál og kallað til yfirdýralækni, og lýsti hann sig samþykkan frv. Við teljum þetta frv. mjög til bóta, en gerum ráð fyrir, að allsherjar lög verði sett bráðlega um þetta atriði, sem þá geta breytt þessu, einkum varðandi fyrirkomulag um dýralækna. Hins vegar gat hv. þm. N-M. ekki orðið okkur sammála, og gerðist hann allbraugsmikill. Hann skipaði þar öllum umdæmum læknanna, og gerði það meira af kappi en forsjá. Ég heyrði áðan undir væng, að vafasamt væri, hvort það örnefni er til, sem á að skipta Breiðafjarðarhéraði og Ísafjarðarhéraði, en það á að vera svo nefnd Skorarheiði. Ég verð að segja fyrir mig, að ekki veit ég, hvar þessi Skorarheiði er, og munu víst fáir vita það. Svo fer hv. þm. í hinn endann á þessu og segir, að Dalasýsluumdæmi eigi að ná að Trékyllisheiði. Ég hygg, að Trékyllisheiði liggi upp af Steingrímsfirði, milli hans og Trékyllisvíkur, og er þetta alleinkennileg skipan hjá hv. þm. Ef ekki væri annað, þá læt ég það vera. Hann vill einnig bæta við einu dýralæknisumdæmi. En ég get ekki séð ástæðu til að fjölga umdæmunum umfram óskir almennings. Svo var eitt, sem ég vildi minnast á, þar sem hann birtir svo margar tölur. Í fyrradag var lýst reikningslist hans hér af hæstv. samgmrh., og í morgun var henni lýst á búnaðarþingi. Nú vil ég spyrja hv. þm. N-M. Ég lagði saman sauðfjárdálkinn hjá honum, og hygg ég, að hann eigi við allt landið, og þar fæ ég 408 þús. sauðfjár. En eftir búnaðarskýrslum er sauðfé talið vera 538 þús. árið 1944. Hvernig getur staðið á þessum mismun? Þetta getur verið misskilningur, og langar mig til að fá þetta útskýrt. En sem sagt, ég geri ráð fyrir, ef hv. d. vill hjálpa þessu máli áfram og aðstoða þær sveitir, sem skortir dýralækna, þá muni hún samþykkja þetta frv., en láta till. hv. þm. N-M. sigla sinn sjó, því að þær eru ekki til bóta, en geta skemmt frv. Ég veit, að hann hefur reynt að ginna hv. þm. til stuðnings við sitt mál, og til þess að ég skyldi ginnast, þá stofnaði hann Dalaumdæmi. Það var falleg fluga til að gína yfir, en engu að síður mun ég láta hana fara fram hjá mér.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal koma hér að nokkrum atriðum, áður en ég svara hv. þm. Dal. Í fyrsta lagi er ég á móti því að vera að káka við lög með því að breyta þeim. Það eru nú til tvenn lög um dýralækna. Gera önnur ráð fyrir 4, en hin fyrir 6 dýralæknum, og svo er enn gert ráð fyrir 8 með þessu frv. Í stað þess að gera breytingu á breytingu ofan, vil ég taka lögin í heild og breyta þeim og hafa ein lög aðeins um málið.

Það er erfitt að finna, hvað eru lög í landinu. Varðandi dýralækna munu þau vera tvenn, og er það vissulega ekki til fyrirmyndar. Dýralæknarnir hafa svo stór umdæmi, að þeir komast ekki yfir að vinna þau verk, sem stjórnin skipar þeim að gera. Til staðfestingar þessu skal ég nefna það, að til mun vera reglugerð, sem mælir svo fyrir, að ekki megi selja mjólk í Reykjavík, nema kýrnar séu skoðaðar sinu sinni á ári af dýralækni. Þessu er ekki hægt að framfylgja, því að dýralæknarnir komast ekki yfir það. Þó að Selfossdýralæknirinn ynni nótt og dag, kæmist hann ekki yfir það, ef hann ætti að geta sofið 8 tíma á sólarhring. Hann mundi kannske komast yfir það, ef hann ynni allan sólarhringinn. Því vil ég láta skipta umdæmi hans í tvö, svo að hægt sé að framfylgja þessari reglugerð. En ég vildi beina því til ríkisstj., hvað hún gerði, ef ég settist niður og skrifaði kæru og krefðist þess, að hætt yrði að selja mjólk til Reykjavíkur frá allt að helmingi þeirra staða, sem nú er selt frá. Mundi hún láta bæinn vera mjólkurlausan, eða afnema þessi ákvæði reglugerðarinnar? En ekki er nægilegt að fjölga dýralæknunum. Eins og nú er, vita dýralæknarnir ekki, hver umdæmi þeirra eru. Eftir lögum eiga 2 læknar að vera í Sunnlendingafjórðungi, en ekkert um það, hvaða umdæmi hver þeirra hefur. Nú getið þið spurt Sigurð Hlíðar eða Ásgeir Ólafsson í Borgarnesi, undir hvorn heyri svæðið milli Skarðsheiðar og Hvalfjarðar. Þeir segja báðir, að þeir viti það ekki. Meðan Hannes Jónsson var dýralæknir hér í Reykjavík, mun hann hafa haft það, en nú mun Ásgeir oftast starfa þar, en engin lög eru til um það, held-

ur eru dýralæknarnir bara skipaðir á þessa staði, og á þessu vil ég ráða bót.

Hv. þm. Dal. var að fetta fingur út í staðanöfn hjá mér og sagði, að Skorarheiði væri ekki til (ÞÞ: Hún er milli Furufjarðar og Hrafnsfjarðar.) Já, en þessi er nú kölluð Sandsheiði, en Skorarheiði er hún kölluð í Ferðabók Eggerts Ólafssonar, en ég vil biðja hæstv. forseta að leiðrétta nafnið í brtt. Trékyllisheiði liggur milli Bjarnarfjarðar og Reykjarfjarðar, og held ég, að hv. þm. Dal. ætti að kynna sér málin betur, áður en hann dæmir um þau. Hitt er svo annað mál, hvort rétt er að haga skiptingunni öðruvísi, en þessi skipting er gerð í samráði við formann og ritara Dýralæknafélags Íslands, en það má vel vera, að hún eigi að vera önnur, en því vil ég slá föstu, að það eigi að vera ákveðin svæði, sem hverju embætti tilheyra, svo að menn geti ekki skotið sér undan skyldu sinni, af því að þeir viti ekki, hvað undir þá heyrir. En ástæðan til þess, að ég vil bæta við Rangárvallahéraði, er sú, að læknirinn kemst ekki einu sinni yfir það, sem hið opinbera skipar honum að gera, burtséð frá því að bændur þurfa hans aðstoð og vænta sér hennar.

Þá var ræðumaður, hv. þm. Dal., að tala um mína talnafræði. Ef hann hefði nú lesið sauðfjárdálkinn hefði hann séð, að á Austfjörðum eru talin 12 þús. í stað 120 þús. fjár. Það hefur fallið úr einn stafur við prentun. Hefði hann lesið dálkinn, hefði hann séð, að það umdæmi er gert fjárfæst, sem er fjárflest, og hefði hann þá getað litið í búnaðarskýrslurnar og séð, hvernig í öllu liggur, og sá hv. þm., sem var með mér að taka upp þessar tölur, man vafalaust einnig, að það eiga að vera 120 þús. Þetta sýnir nú ekki nema eitt, því að sá, sem var að fetta fingur út í þessar tölur, hefur þó ekki betri þekkingu á landinu en svo, að hann heldur, að fjárflesta héraðið á landinu sé það fjárfæsta. Um orðaskipti mín og hæstv. viðskmrh. ætla ég ekki að ræða að sinni, en hv. þm. Dal. getur lagt honum lið, þegar málið kemur aftur fyrir. Ekki ætla ég heldur að ræða um tölur þær, sem ég fór með á búnaðarþingi, en það, sem þar var um að ræða, var tekið beint upp úr reikningum ríkisins, og þó að sumum kunni að koma þær óþægilega, þá standa tölurnar þar, sem þær eru, þó að einhverjir vilji hafa þær einhvers staðar annars staðar.

Nú er það svo, að þetta frv., sem hér er flutt, fer ekki fram á annað en að heimila ríkisstj. að löggilda sem dýralækna menn, sem ekki hafa próf, og borga þeim laun úr ríkissjóði og svo hefur það búið til 2 dýralæknisembætti, en eitt er nú laust. Stjórninni er svo heimilt að skipa í þessi embætti ólærða menn, og er þetta gert í því skyni aleinu, að hingað og þangað á landinu eru menn, sem fengið hafa nokkurn styrk fyrir að starfa sem hjálparmenn við búfjársjúkdóma. Af þessum styrk greiddi ríkið áður helming, en nú ⅔. Þetta er lítil upphæð, 5, 6 eða 7 þúsund á ári. Til þess að losa sýslurnar við að greiða á móti á að koma þessum mönnum alveg á ríkið. Einn af þessum mönnum hefur frá Skagafjarðarsýslu 12 eða 15 hundruð kr., en honum á nú að létta af sýslunni með því að láta ríkið borga allt. Annar er í Ísafjarðarsýslu, þriðji í Dalasýslu. Einn þeirra er nú orðinn það gamall, að hann er lítt fær til að fara neitt út af heimilinu. Ég læt ósagt, hvort á að löggilda hann, en maður af því svæði er nú að læra í Svíþjóð, og á að vera búið að koma embættinu á stofn, þegar hann er búinn að læra.

Ég er á móti því, að stjórnin eða Alþ. löggildi ólærða menn sem dýralækna. Aldrei hefur það komið til orða að fá sæmilega mælskan mann til að þjóna prestsembætti, ef prest vantar. Nýlega var auglýst, að 10 eða 11 læknisembætti væru laus. Því ekki að reyna að leysa úr þessu með því að leyfa landlækni að skipa menn, sem eru nærfærnir eða hafa fengizt við hómopatí eða bundið um beinbrot, því ekki löggilda þá sem lækna? Það er það sama og hér er lagt til um dýralæknana. Þetta er þó ekki alveg nýtt. Sýslumenn mega t. d. sitja á Alþ. og setja ólöglærða menn í staðinn fyrir sig. Þeir setja þá, sem þeir fá fyrir minnsta borgun. Það er ekki spurt, hvað hver hafi lært, heldur hvort yfirdýralæknir vilji viðurkenna þá, og þá eru þeir þegar skipaðir dýralæknar. Ég get gengið inn á að veita styrk til afskekktra héraða, sem viðkomandi sveitarstjórn taki við og ráðstafi, og að hún fái þá menn til, sem hún treystir. Á það get ég fallizt, en ekki, að hið opinbera geri þá að dýralæknum. Ég vil styrkja menn til að leita sér aðstoðar, og ég vil hækka styrkinn upp í ⅘, en um leið vil ég, að hið opinbera viðurkenni ekki ólærða menn sem dýralækna, en láti héruðin um að ráðstafa fénu, unz lærður dýralæknir fæst. Dýralæknisnámið er nú orðið 12 ára nám, 6 ár í menntaskóla og 6 ár í háskóla, og ekki getur hver sem er nærfærinn við skepnur orðið dýralæknir, og ef þessu verður svona fram haldið, dettur engum í hug að læra dýralækningar, ef menn verða það, að dómi Alþingis og yfirdýralæknis, við það eitt að taka hildir frá kú. Þetta er ein ástæðan til þess, að ég er á móti þessu frv. Enn fremur er það svo, að það er venja, þegar embætti losnar, að nágrannaembættismanninum eru veitt hálf laun embættisins til viðbótar við sín til þess að þjóna því. Ég veit ekki, hvernig það er í framkvæmdinni, en ég vil slá undir þann varnagla, að menn geti heimtað hálf laun, ef dýralæknislaust er í nágrannahéraði, og hljóðar 4. gr. um það, því að ég tel, að ekki komi til greina, þó að t. d. Selfosshéraði yrði skipt í tvennt, að dýralæknirinn á Selfossi fengi hálf önnur laun, ef ekki fengist strax maður í hitt héraðið. Það er engu breytt, þó að þyrfti að bíða eftir manninum nokkuð, sem yrði þó ekki lengi, því að aukatekjur eru það miklar, að jafnvel yrði hægt að fá erlendan dýralækni, ef á þyrfti að halda. Í því héraði eru svo margir nautgripir, og í sambandi við það legg ég til, að ráðh. ákveði með erindisbréfi taxta fyrir aukaverk dýralækna, en hann er nú enginn til. En dýralæknar þurfa alveg eins að hafa slíkan taxta eins og mannalæknar. Þessi taxti sé settur í samráði við yfirdýralækni og stéttarsamband bænda. Þetta er það, sem ég legg til að breytt verði í frv., frá því sem nú er.

Ég viðurkenni, að það er rétt hjá hv. þm. Dal., að það er fjarri því, að brtt. mínar séu fullnægjandi. Þær þurfa lagfæringar við, sérstaklega að því er snertir sóttvarnir, en um það er ekkert til í ísl. löggjöf, en ég sá mér ekki fært að taka bálk um það inn í frv. Það er alveg rétt, að lögin um dýralækna þurfa endurnýjunar til að koma þeim í viðunandi horf. N. hefði getað gert þetta, ef hún hefði kært sig um. Brtt. mínar eru þó spor í rétta átt, sérstaklega í C-lið (5. gr.), þar sem svo segir,

með leyfi hæstv. forseta: „Atvmrh. setur dýralæknum erindisbréf og ákveður í því verksvið þeirra, þar á meðal um eftirlit með verzlun með landbúnaðarvörur og heilbrigði og hollustu þeirra."

Það þarf vitaskuld að ákveða verksvið dýralækna eins og gert er annars staðar, en nú hafa þeir engin erindisbréf. Um þetta þyrfti frekari ákvæði. En ég hef sýnt fram á, að hér er ófyllt skarð, sem yrði fyllt, um leið og dýralæknir yrði skipaður og fengi erindisbréf. Ég viðurkenni, að þetta er ófullnægjandi til frambúðar og að það þarf að taka þetta til gaumgæfilegrar athugunar. En ég viðurkenni ekki þá ómyndarbót, sem þetta frv. er, að létta smágjaldi af nokkrum sýslum og bæjarfélögum og færa það yfir á ríkið og láta það verða sér til skammar með því að skipa ólærða menn dýralækna. Ég veit, að mínar brtt. ná ekki nema yfir lítið, en þær eru þó mikil bót frá þessari ómynd, og ég vona, að menn sjái það, að þær forða þó ríkinu frá því að verða sér til skammar með því að skipa ólærða dýralækna.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er eiginlega mjög skýrt, sem kemur fram hjá hv. 1. þm. N-M., og nú koma úlfshárin í ljós undan sauðargærunni. Í upphafi sagðist hann mundi vera með frv., en í lok máls síns sagðist hann vera í móti frv., þar sem það væri alls ekki fullnægjandi, og hefur hér svo þrámælgi til þess að reyna að koma í veg fyrir, að málið nái samþykki.

Hv. þm. gat um það, að ef þetta frv. væri flutt í samráði við dýralækna, þá kæmu umsagnir þeirra ekki fram skriflegar. Hann gat þess, að í landbn. hefði yfirdýralæknirinn verið á sínu máli, en það er bókað, að yfirdýralæknirinn er sammála frv. meiri hl. Sama er upp á teningnum, er hann fer í sauðfjárdálkana, þá hleypur hann í prentvillurnar og forðast að segja frá því, frá hvaða ári sauðfjártalan var.

Um það atriði, að hægt sé að fá menn til að gegna dýralæknisumdæmum, þótt þeir séu ekki með próf, þá get ég upplýst, að t. d. á Vestfjörðum hefur Ásgeir frá Æðey gegnt dýralæknisstarfi og annar maður úr Önundarfirði, og hafa þeir báðir verið stimplaðir af ríkinu, og í Skagafirði hefur einnig einn maður fengið styrk til þess að gegna dýralæknisstarfi er ekki næst til dýralæknis. Og út frá þessu hleypur þm. í það, hvort sýslumenn megi sitja á Alþ. og fela öðrum starf sitt um stundarsakir, en ég veit nú ekki betur en að ráðunautar Búnaðarfélags Íslands fái að sitja á þingi, og verður jafnvel að fá aðra menn í þeirra stað til að fara út um land til þess að sinna störfum þeirra, en við getum nú mætzt annars staðar með þetta. Ég skal ekki karpa frekar um þetta við hv. þm., því að hann getur alltaf bætt gráu ofan á svart, en þetta frv., sem þm. ber fram, er flausturlegt og mundi verða til baga, en hitt frv. er til bóta. — Ég mun svo ekki anza hv. þm. frekar, nema sérstakt tilefni komi til.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Þótt þetta séu nú þegar nægar umr., sem hér hafa fram farið í þessu máli, þá finnst mér vera rétt, að ég láti uppi ástæðuna fyrir því, að ég hef skrifað undir nál. frv. þessa, en það er af því, að ég tel frv. vera réttarbót, en ég er þó hins vegar óánægður með þessa nýju lagasetningu til frambúðar. Ég álít þetta skyndilagfæringu til bráðabirgða og að endurskoða þurfi þessi lög, áður en langt líður, og árétta sumt í þeim, sbr. brtt. hv. 1. þm. N-M.

Þótt fjölgað verði dýralæknisumdæmum, þá er alls ekki tryggt, að fáist nógu margir menn, og það yrði því aðeins pappírslækning. Til þess þarf að tryggja undirstöðuna, og menn verða að athuga, að dýralæknisnám er torsótt námsgrein við háskóla og þarf mjög strangan undirbúning, og þarf því að tryggja þeim mönnum, er leggja vilja út í þetta erfiða nám, eitthvað til sæmilegrar afkomu að námi loknu. Auk þess þarf að endurskoða laun dýralækna og jafnframt þarf að ákveða verksvið þeirra, því að þetta getur verið svo fjölbreytt, að álitamál kann að vera, hvort allt eigi heima þar. Á ég hér við það, eins og hv. þm. N-M. tók fram, að dýralæknar komast varla yfir það að hafa eftirlit með þrifnaði og framkvæma kjötskoðun, svo að í lagi sé, ásamt dýralæknisstarfi í stóru héraði. Þetta er svo viðtækt mál og þarf ákveðna endurskoðun.

Ástæðan fyrir því, að ég skrifaði undir nál., er sú, að mörg héruð í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu hafa engan dýralækni, en fela hefur orðið hómópötum slíkar lækningar þar, en að gera slíkt, án þess að þeir fái a. m. k. fyrirskipanir lærðs dýralæknis, er fjarri mér að mæla með, en jafnfjarri er það mér, að þeir, sem stundað hafa þessi störf án lærdóms í skóla, að standa móti því, að þeir fái viðurkenningu fyrir störf sín, en það fyrirkomulag getur ekki gengið til frambúðar, og mér fyndist nú, að það mætti athuga það, hvort ekki mætti halda námskeið fyrir þá menn, sem stunda dýralækningar án dýralæknisprófs, og gæti hér verið um hæfilegt verkefni að ræða fyrir dýralæknana eða bændaskólana til þess að undirbúa þessa menn til starfs.

Laun dýralækna og starfsvið þarf að ákveða nánar, og rétt er að hefja dýralæknanám hér heima, og er það sagt með fullri virðingu fyrir þeim mönnum, sem líknað hafa og hjálpað veikum skepnum, þótt þeir hafi ekki lært dýralækningar. Ég vil orða þetta frv. sem réttarbót, en tel hins vegar, að það sé mjög aðkallandi að taka þetta allt til ýtarlegrar endurskoðunar hið bráðasta.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Undir nál. meiri hl. landbn. hef ég skrifað með fyrirvara, eins og sést á þskj. 554. Ég held, að betur þurfi að að búa, sérstaklega ef skipta á landinu í ákveðin dýralæknisembætti, en það væri æskilegt í samræmi við búnaðarsambönd landsins, en það vannst ekki tími til þess. En þrátt fyrir þetta, þá tel ég brtt. hv. þm. N-M. til bóta. Sömuleiðis er ég sammála þm. N-M. varðandi 3. brtt. á þskj. 558 b-lið, um að styrkja sýslu- og bæjarfélög í umdæmi til þess að kaupa sér dýralæknisþjónustu, heldur en það fyrirkomulag, sem lagt er til í frv. á þskj. 300. Hins vegar er ég ekki viss um, hvort skylda á dýralækna til þess að þjóna lausum héruðum, eins og lagt er til í fyrra tölulið 3. gr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta nú.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að svara hv. þm. Dal. miklu, því að hann reyndi alls ekki að hrekja brtt. mínar við

frv. Hann færði engin rök varðandi það að hafa megintakmörk á milli umdæma dýralækna. Nei, ekki nokkur. Hann bar það ekki við. Og heldur færði hann ekki nein rök fyrir því, að ríkið stimplaði menn lækna, sem ekki væru lærðir dýralæknar. Hann fann hér engin rök. Hið eina, sem hann sagði, var, að það væri ekki að marka, hvað ég segði, og að hann vildi ekkert við mig tala, en öðru máli gegndi hér um hv. 2. þm. Árn., er taldi það nauðsyn að athuga þetta mál vel. Hv. 2. þm. Árn. og ég sátum báðir á Alþ., er launalögin voru á ferðinni, og þá voru laun dýralækna ákveðin 2 þús. kr. lægri en laun tollvarða eða lögreglumanna, sem ganga inn í sín störf án litils lærdóms. Ég reyndi að lagfæra þetta, en hvað gerði 2. þm. Árn.? Mér hefði nú þótt gott, ef hv. þm. hefði staðið með mér að ákveða dýralæknunum sómasamleg laun þá, en þá var hann alls ekki til viðtals um það, og kemur mér nú hálfeinkennilega fyrir sjónir hugarfarsbreyting hans til þessara mála. En það er nú ekki nema gott um það að segja, að hv. þm. hefur breytt um skoðun. — Þetta var nú með launalögin.

Nú segir hv. þm., að setja þurfi í lög ákvæði um störf dýralækna, og hann taldi, að hægt mundi vera að fá menn til þess að vinna hluta af starfi dýralækna, svo sem skoðun á keti og kúm og fjósum. Það getur nú verið, en í engu landi er því svo háttað, að þessi störf fylgi ekki starfi dýralækna, og ef slíkt kæmist á, sem þm. lagði til, þá yrðum við eina landið, sem hefði þá skipan þessara mála, og það er rétt að minna á, að hálft annað ár af dýralæknisnáminu fer í nám um þennan þátt dýralæknisstarfsins, og er ég ekki með þeirri breyt. að taka þetta frá dýralæknunum, því að þetta er einn veigamesti þátturinn í dýralæknisstarfinu.

Þá talaði þm. um námstíma dýralækna og námskeið fyrir dýralæknisefni. Námskeið hafa þegar verið haldin fyrir dýralækna, og var námskeið síðast haldið hér í haust, og tíu menn voru sendir hingað suður, sem svo skyldu aðstoða Jón Pálsson dýralækni. Það var í haust haldið námskeið einmitt í þessum efnum, og voru menn á því 7—14 daga, og kenndi þar Ásgeir Einarsson dýralæknir. Og fyrir 4—5 árum síðan var það sama gert hér á Suðurlandi og eins á Akureyri. Þetta er því ekkert nýtt, en þetta er ekki til þess að búa til dýralækna, sem geta komið í staðinn fyrir hina dýralæknana, heldur er þetta gert til þess að þessir menn geti aðstoðað dýralækninn í umdæminu. ((EE: En þar sem engir dýralæknar eru?) Það er enginn staður á öllu landinu, sem ekki er talið, að heyri undir einhvern dýralækni, en þar sem langt er til dýralækna, reyna þeir að hjálpa mönnum eins og þeir geta, en þeir gera það ekki á ábyrgð ríkisins.

Þessi námskeið eru svo gamalkunnug, að ég hélt, að þm. ættu að muna eftir þeim. Þau fyrstu voru í tíð Magnúsar Einarssonar og alltaf öðru hvoru síðan. Það er ekkert nýtt, sem hv. þm. var að stinga upp á. Þessir menn hafa verið til og hafa oft hjálpað og haft betri aðstöðu til þess einmitt fyrir það, að þeir fóru á þessi námskeið, og má þar nefna mörg dæmi, t. d. eins og Brand í Götu í Mýrdalnum, svo að ég nefni eitt dæmi, sem farið hefur á tvö slík námskeið, og hefur það oft komið sér vel, t. d. þegar ekki næst í dýralækni á Selfossi, þá hefur hann talað í síma til læknisins, og hann getur oft sagt, hvað eigi að gera, og slíkar ráðleggingar koma að miklu meira gagni fyrir það, að þessi maður hefur farið á þessi námskeið. Ég gæti nefnt fleiri slík dæmi um það, að þetta er ekkert nýtt og kemur oft að gagni, þó að þessir menn séu ekki stimplaðir dýralæknar.

Ég held, að það beri ekki að hverfa frá því ráði að hafa eftirlit í öllu landinu með heilbrigði búpenings og meðferð afurða, en það er ekki hægt að hugsa sér, að þessir menn geti haft það á hendi á nokkurn hátt, sem hafa verið á þessum námskeiðum, enda liggur það ekki fyrir nú, og það verður ekki það, sem þarf að taka fram, þegar l. verða endurskoðuð, að taka þetta frá dýralæknum, heldur er það ýmislegt í sambandi við starf þeirra, sem þarf að athuga, sem ég sá mér ekki fært að gera till. um nú.

Það er misskilningur, að ég hafi ekki borið till. mínar undir yfirdýralækni, heldur sagði ég, að ég hefði ekki borið till. mínar um skiptingu héraðanna undir hann. En eitt var það í brtt. mínum, sem dýralæknarnir voru ekki samþykkir og hv. 8. landsk. minntist á. Það er undir 3. gr. b-lið, 1. á þskj. 558, um að skipa nágrannadýralækni að þjóna embætti án sérstakra aukalauna vegna þeirrar þjónustu. Yfirdýralæknir og dýralæknir á Akureyri eru á móti þessu. Ég álít hins vegar, að það sé fullkomin sanngirni að hafa þetta þannig og það sé ekki hægt að ætlast til þess, að dýralæknunum á Akureyri, þó að hans sé vitjað út fyrir héraðið, séu greidd slík laun. Þetta er mér vitanlega það eina, sem okkur ber á milli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 558,1 felld með 9:5 atkv.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 558,2 felld með 9:3 atkv.
— 558,3 felld með 9:5 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Á 112. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 113. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég átti hér brtt. við þetta mál, sem allar voru drepnar. Síðan kom á daginn, að stjórn Dýralæknafélags Íslands mótmælti þessu frv. og hefur lýst fylgi sínu við mínar brtt., en taldi hins vegar, að þær gengju ekki nógu langt. Ég vil því leyfa mér að bera fram rökst. dagskrá, svo hljóðandi:

Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða l. nr. 24 12. júní 1939 og lög um breyt. á þeim frá 27. jan. 1943, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt rökst. dagskrá frá hv. 1. þm. N-M. á þessa leið:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða l. nr. 24. 12. júní 1939 og lög um breyt. á þeim frá 27. jan. 1943, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Liggur þessi dagskrártill. þá einnig fyrir til umr.

Umr. frestað um hríð, en var fram haldið síðar á fundinum.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég hef látið mig þetta frv. litlu skipta, þótt ég sé hins vegar ekki fyllilega ánægður með það, en það var komið langleiðis hér í gegnum d., áður en ég varð ráðh. En nú hefur komið til mín nefnd frá dýralæknum og borið fram rökstuddar aðfinnslur gegn þessu frv. eða skipun dýralækna, eins og hún yrði, ef það væri samþ. Ég óska nú ekki eftir sérstökum afskiptum af frv., þegar það er komið á síðustu þröm afgreiðslu, en hinu vil ég lýsa yfir, eins og ég sagði við dýralæknana, að hvort sem það verður samþ. eða því vísað frá samkv. till. hv. 1. þm. N-M., þá mun ég á milli þinga skipa sérstaka menn til að endurskoða dýralæknalöggjöfina og skipan þeirra mála og til að gera till. um þær breyt., sem nauðsynlegastar og eðlilegastar eru að beztu manna yfirsýn, eins og þessum málum er nú komið.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það var talað um það við 2. umr. þessa máls, að ekki væri ástæða til að teygja lopann miklu lengur. En ég vil taka það fram, að nú er viðhorfið orðið nokkuð breytt, því að líkindi eru til, að lærður dýralæknir fáist í annað læknisumdæmið, sem stofna á samkvæmt þessu frv., og jafnvel er hægt að festa mann í hinu nú þegar, ef hann á víst að fá það að námi loknu. Þess vegna leggja flm. þessa frv., þm. Skagfirðinga, Húnvetninga og Snæfellinga, mikið kapp á, að það verði samþ., enda er það satt að segja dálítið einkennileg málsmeðferð að hleypa málum hér í gegnum þingið alveg að lokamarkinu, en drepa þau svo þar. Ég greiði því afdráttarlaust atkv. móti hinni rökst. dagskrá hv. 1. þm. N-M.

Ég efast ekki um góðan vilja landbrh. til að láta endurskoða og gera till. um skipan dýralæknamálanna í heild. En það verður ekki séð fyrir, hvenær því starfi muni ljúka til fulls. Slík mál eru oft tafsöm, og þó að slík endurskoðun sé fyrirhuguð, er síður en svo ástæða til að hætta við þetta frv. Það á að halda áfram, þó að ekki felist í því öll framtíðarlausnin. En hitt er fyllilega réttmætt að setja n. í málið í heild, er síðan getur lagt allt hið bezta til, og á hinn bóginn er það fjarri mér að fylgja þeirri aðferð að hleypa málum gegnum margar umr. hér, en reyna síðan að stúta þeim.

Umr. voru orðnar nógu langar um þetta mál við 2. umr. Ég vildi aðeins lýsa hér afstöðu minni, og ég geri ráð fyrir, að segja megi afstöðu okkar fjögurra nm. í meiri hl., sem skrifuðum undir sameiginlegt álit.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Út af þeim rökum, sem hv. þm. Dal. færði fyrir því, að fella bæri hina rökst. dagskrá, er ég ber fram, vil ég segja þetta: Það er einn maður að leggja stund á dýralæknisnám, og hann á eftir á annað ár af námstímanum. Þetta er eini Íslendingurinn, sem er að læra til dýralæknis. Þó að hann kæmi, áður en sú endurskoðun dýralæknalaganna er um garð gengin, sem hæstv. landbrh. var hér að boða, þá er embætti laust eftir sem áður og maðurinn ekki á neinum hrakhólum, þó að sú endurskoðun drægist, sem allar líkur eru til. Þótt nú væru stofnuð dýralæknisumdæmi Dala- og Snæfellsnessýslu og Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu, þá eru þau umdæmi ekkert betur sett nú en þótt stofnun þeirra væri slegið á frest. Það er bezt að segja það hreint út og draga ekki fjöður yfir neitt, að ef þetta frv. verður samþ., þá viðurkennir ríkið tvo menn, sem eru ólærðir. Undanfarin ár hafa Skagafjarðar- og Ísafjarðarsýsla búið við þær ástæður í þessum efnum, að þær hafa orðið að borga ólærðum mönnum, sem fengizt hafa við dýralækningar. Ef þetta frv. verður samþ., breytir það raunverulega ekki öðru en því, að ríkið gengur út á þá braut að viðurkenna þessa ólærðu menn og taka það ómak af sýslunum að borga þeim hluta af kaupi þeirra. Þetta er sannleikurinn, er máli skiptir, en ekki hitt, hvort Sverrir kemur í þetta eða hitt héraðið, því að endurskoðun þessara laga verður ekki lokið, áður en hann er búinn með sitt nám.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þessi ræða hv. 1. þm. N-M. var nú heldur laus í böndunum. Mér er vel kunnugt um sannleikann í þessu máli, og hann er sá, að ef þessum dýralæknanema er tryggð staða strax, á meðan hann er úti, þá festir hann sig síður annars staðar. Þetta veit hv. þm. Og hann veit enn fremur, að Skagfirðingar telja sér nauðsynlegt að fá lærðan dýralækni, jafnvel þó að hann væri útlendur. Þeir leggja hið mesta kapp á þetta og telja það mjög nauðsynlegt, einkum með tilliti til mjólkurmálanna, að fá athugaðar kýr og mjólkurbú, sem hv. 1. þm. N-M. lagði einmitt mesta áherzlu á í ræðu sinni um daginn.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. N-M. felld með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, BBen.

nei: BK, EE, GJ, GÍG, HermJ, JJós, SÁÓ, ÁS, BSt, ÞÞ.

5 þm. (BrB, HV, LJóh, PM, StgrA) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 629).

---

54. Hafnargerðir og lendingarbætur (frv. BK).

Á 83. fundi í Ed., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur (þmfrv., A. 465).

Á 84. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Ég hafði ekki tekið eftir því á dagskránni — þó skömm sé frá að segja —, að þetta mál er á dagskrá nú. Ég hef þess vegna ekki búið mig undir að halda

hér neina framsöguræðu, enda held ég, að það sé óþarfi. Það var af hreinni gleymsku og athugunarleysi, að þessi höfn komst ekki inn í hafnarl., þegar þau voru hér til meðferðar á þinginu í fyrra. Ég geri ekki ráð fyrir, að það þurfi að tala fyrir þessu máli. Þessi höfn stendur svo miklu nær því að komast upp í þessi l. en fjöldamargar hafnir, sem teknar voru í hafnarl. í fyrra, að ég vona, að það verði enginn ágreiningur um þetta mál. Ég vísa um réttmæti þessa máls til grg., sem fylgir frv. Hún er að vísu stutt, en það er ekki heldur þörf á að hafa miklar málalengingar um þetta mál. Ég ætla að leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 465, n. 508).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. sjá af þskj. 508, hefur sjútvn. Ed. tekið fyrir þetta frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ. Ég held, að það sé óþarfi að halda nokkra ræðu um þetta mál, því að mér finnst það vera svo sjálfsagt. Ég gæti flutt ýmis rök til viðbótar hinni stuttu grg., sem frv. fylgir, sem mæla með því, að þetta frv. verði samþ., en ég tel það alveg óþarft. Ég gæti líka nefnt margar hafnir, sem voru teknar upp í þennan flokk hafnarmála á þinginu 1946 og ættu þar síður heima en þessi höfn, sem um langt árabil hefur verið notuð sem smábátahöfn. Þar var t. d. gerður út allstór mótorbátur í nokkur ár og hafði hann öruggt lægi allt árið, og mörg síldarskip hafa oft leitað þangað inn undan óveðrum um síldveiðitímann. Ég ætla svo ekki að þreyta hv. dm. með ræðu um þetta. Ég vonast til, að þetta nái samþykki hv. d., og mun ekki að svo stöddu, nema tilefni gefist til, flytja lengri ræðu um þetta mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 98. fundi í Nd., 18. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 99. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 465, n. 572).

Frsm. (Finnur Jónsson): Sjútvn. hefur athugað frv. þetta varðandi það, að Leirhöfn á Melrakkasléttu komi í flokk þeirra hafna, sem heyra undir l. um hafnar- og lendingarbætur. Og leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 644).

---

55. Vegalög (frv. samgmn. Nd.).

Á 61. fundi í Nd., 29. jan., var útbýtt:
Frv. til vegalaga (þmfrv., A. 330).

Á 64. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Frv. til breyt. á vegalögunum voru flutt hér í báðum deildum Alþ. á öndverðu þessu þingi. Í Ed. var frv. um þetta flutt af hv. þm. Barð., en frv. í Nd. flutti ég sjálfur. Samgmn. hefur haft þessi frv. til athugunar og sendi þau ásamt mörgum brtt. til umsagnar vegamálastjóra, er á fyrra þingi hafði verið falin endurskoðun vegalaganna í heild. Hann hefur síðan í samráði við samgmn. beggja deilda samið nýtt frv., sem prentað er á þskj. 330, og það hefur orðið að samkomulagi milli beggja flm. hinna fyrri frv. og samgmn. beggja þd., að þau frv. yrðu látin víkja fyrir þessu nýja frv., er n. stæðu að ásamt vegamálastjóra. Enn fremur hefur orðið samkomulag um það, að þetta frv. yrði fyrst tekið til meðferðar í hv. Nd., en nýtt frv. til brúalaga kæmi fyrst fram í hv. Ed., en áður höfðu einnig verið flutt frv. til l. um breyt. á þeim l.

Með þessu frv. á þskj. 330 hafa vegalögin verið tekin til endurskoðunar samkv. rökst. dagskrá, er samþ. var hér 2. apríl s. l. Þá var vegamálastjóra falið að láta fara fram heildarendurskoðun. Núgildandi vegalög eru frá 1933, og hafa ekki verið gerðar verulegar breyt. á þeim, en síðan hafa miklar breytingar orðið á vegakerfi landsins, það hefur stóraukizt og aðstæður allar breytzt. Slík heildarendurskoðun laganna, sem í þessu frv. felst, verður því að teljast mjög nauðsynleg.

Á þessu stigi málsins vil ég aðeins fara nokkrum almennum orðum um þær breyt. frá ákvæðum gildandi l., sem þetta frv. felur í sér. Upp í 2. gr. frv. eru teknir allmargir nýir þjóðvegir, eða rúmlega 40 vegakaflar, samtals 530 km að lengd, og er

það samkvæmt tillögum vegamálastjóra. Samkvæmt frv. þeim til breyt. á vegalögunum, sem upphaflega voru lögð hér fram í báðum þd., var þessi viðbót helmingi meiri, eða um 1100 km samtals. Þannig hefur vegamálastjóri fallizt á, að vægur helmingur þessara vega yrðu teknir inn sem nýir þjóðvegir. Hann bendir á, að ekki sé skynsamlegt að fara of fljótt í það að bæta við nýjum þjóðvegaköflum, meðan nauðsyn þykir að dreifa nýbyggingarfénu svo mjög sem gert er í fjárlögum, og það sé ekki rétt meðferð á ríkisfé. Samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra eru nú þjóðvegir á landinu samtals 5600 km langir. Þetta var nú um þá fyrstu meginbreytingu, sem frv. leggur til að gerð verði á gildandi vegalögum, og það er skoðun n., að hv. þm., sem margir hafa hér með fengið margar till. sínar teknar til greina, láti sem mest þar við sitja. Við höfum lagt niður fyrir okkur, hve langt sé hægt að ganga í þessu efni, og þótt ýmsir hv. þm., m. a. ég sjálfur, séu ekki fyllilega ánægðir með þær breyt., sem hér er lagt til, að gerðar verði, er það von okkar, að þeir taki hér tillit til álits og tillagna vegamálastjórans.

Önnur meginbreyting frá gildandi l., sem felst í þessu frv., er sú, og hún er allmikilvæg, að sýsluvegagjaldið, sem verið hefur tvær til fimm krónur fyrir hvern verkfæran karlmann, verði hækkað upp í andvirði eins dagsverks í samræmi við breytt peningagildi, þar sem talið er, að gjaldið sé orðið alltof lágt og nái ekki tilgangi sínum. Lagt er til, að þessi hækkun verði heimiluð. Önnur breyting í sambandi við sýsluvegi er sú, að lagt er til að framlag ríkisins til sýsluvega sé hækkað verulega í þeim sýslum, sem ekki hafa sýsluvegasjóði. Ríkið greiðir nú helming kostnaðar nýrra akvega, en engan viðhaldskostnað, en samkvæmt þessu frv. er lagt til að hækka framlög ríkissjóðs til akfærra sýsluvega þannig, að ríkið greiði allt að 3/5 hlutum kostnaðar nýrra akvega og helming viðhaldskostnaðar, og er það alger nýjung. En það er ekki gert ráð fyrir því í frv., að þetta hækkaða framlag verði beint lögboðið, heldur háð vilja fjárveitingavaldsins hverju sinni. Þetta er þýðingarmikil breyting, og vegamálastjóri bendir á, að þetta sé skynsamlegra en fara of geyst í að þenja út þjóðvegakerfið og dreifa nýbyggingarfé til þjóðvega meira en nú er.

Þá er það breyt. á hreppsvegagjaldinu. Í núgildandi l. er það ákveðið tvær til fimm krónur á hvern verkfæran karlmann, en samkvæmt þessu frv. verður það tuttugu krónur, og jafnframt er heimilað að hækka það upp í andvirði eins dagsverks í vegavinnu. Þessi hækkun sprettur fyrst og fremst af því, að þetta gjald er nú engan veginn orðið í samræmi við peningagildið.

Þá greinir vegamálastjóri frá því, að nauðsyn beri til, að þeim sýslum, sem hafa sýsluvegasjóði, verði gert auðveldara um framkvæmdir í samræmi við þá hækkun, sem lagt er til að gerð verði á framlagi ríkissjóðs til sýsluvega í sýslum, sem ekki hafa sýsluvegasjóði. Eins og hv. þm. er kunnugt, var á síðasta þingi hækkaður sá skattur, sem ríkið greiðir í sýsluvegasjóði, úr 6 upp í 10‰. Vegamálastjóri leggur til, að skatturinn verði enn hækkaður upp í 12‰, og hefði hann þá hækkað um helming frá í fyrra. Við þetta hækkuðu framlög sýslnanna, og hefur vegamálastjóri frv. um þetta í undirbúningi. Mér þykir rétt að skýra frá þessu, ella gæti virzt sem sýslum, sem ekki hafa sýsluvegasjóði, væri mismunað á kostnað þeirra, sem eiga sýsluvegasjóði.

Ég hef þá gert grein fyrir helztu nýmælunum í þessu frv., og gefst mér vonandi tækifæri til að ræða þau nánar síðar og hin einstöku ákvæði frv. Ég sé því ekki ástæðu til að hafa framsöguræðu mína lengri, en legg áherzlu á að skora á þá þm., sem brtt. hafa flutt hér við vegalögin, að fella sig, eftir því sem frekast er unnt, við þær till., sem hér hefur orðið samkomulag um. Það er stundum erfitt að ná fullu samkomulagi um þessi mál, og sjónarmiðin eru mörg hjá þm., sem þekkja líka vel þarfirnar fyrir nýja vegi heima fyrir. En samt sem áður er það þannig, að það ber nauðsyn til þess, að hæstv. Alþ. hafi nokkurt hóf á í þessum málum. Og þó að þetta mál hafi nú verið undirbúið og reynt að samræma óskir manna og nauðsynina á framkvæmdum, þá vitum við, að hér er ekki um að ræða neitt, sem sé eilífðarlausn. Þess má þó vænta, að þessar till. geti orðið grundvöllur undir lausn, sem a. m. k. um nokkur ár gæti enzt í þessum efnum. Að sjálfsögðu breytast tímarnir, þannig að ný viðhorf skapast við það, að akvegakerfið þenst út og nær til fleiri og fleiri byggðarlaga. Og ýmis önnur atvik geta valdið því, að nauðsynlegt verði seinna að gera breyt., ekki aðeins á því, hverjir vegir skuli vera þjóðvegir, heldur einnig öðrum ákvæðum vegalaganna.

Fyrir hönd samgmn. óska ég þess, að þetta mál geti fengið þá afgreiðslu, sem sé í sem beztu samræmi við það, sem hér liggja fyrir till. um, og að ekki þurfi að gera mjög miklar byltingar á þeim till., sem hér liggja fyrir, sem samgmn. beggja d. hafa haft samráð um við vegamálastjóra. Leyfi ég mér því að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Það er ekki svo, að ég telji, að neinu sé við að bæta þá ýtarlegu framsögu hv. frsm. samgmn., þm. N-Ísf., því að að efni til tel ég að ekki þurfi meira um þetta mál að ræða á þessu stigi þess af hálfu n. Enda er nú svo, að hv. þm., hverjum um sig, sem hér eiga hlut að máli, eru þessir hnútar næsta kunnir.

En það eru nokkur formsatriði, sem ég að gefnu tilefni vil segja fáein orð um. Má segja, að sumt af því skipti ekki miklu máli. — Á bls. 26 í þessu þskj., á fskj. frá vegamálastjóra, hefur fallið úr ein sýsla, Austur-Skaftafellssýsla, þannig að þar er ekki þess vegar getið, sem sú sýsla hefur fengið upp tekinn, sem er Hofsvegur. En þetta tilheyrir skjalapartinum og verður leiðrétt. Eftir bendingum frá einum hv. þm., sem ég tel réttmætar, hygg ég betur við eigandi, að 2. gr. byrji ekki svo snubbótt sem hér er fram sett, heldur álít ég rétt, að bætt verði þarna framan við orðunum: Þjóðvegir eru þessir: — og komi síðan upptalningin, sem er í 2. gr. frv. Það var svo í öndverðu um vegal., að þessi formúla var við byrjun þessarar upptalningar, og er rétt, að hún haldist, þó að hún hafi fallið niður um hríð. Einnig hefur komið fram aths. um annað atriði, sem er mjög athugandi, að óskað hefur verið eftir, að reynt verði að sjá svo um, að öll staðanöfn verði prentuð sem réttust í vegal., að kostur er, í þessu frv. í 2. gr. viðkomandi heiti veganna og þeirra staðanafna, sem þar koma til. Það hefur orðið vart lítilsháttar

villu í þessu efni, þannig að ekki er nákvæmlega rétt greint staðarheiti í 2. gr. frv., og má vera, að fleiri slíkar villur séu þar, því að nm. í samgmn., enda þótt þeir séu héðan og þaðan af landinu, og þó að vegamálastjóri sé allra manna kunnugastur vegastæðum úti um landið, geta vel haft í einhverju ranga stafsetningu ýmissa heita í þessu sambandi. Hver þm. er eðlilega kunnugastur heima hjá sér, og vil ég þess vegna mælast til þess fyrir hönd samgmn., að hv. þm. hver fyrir sig vildu sýna n. þá tilhliðrunarsemi að koma með leiðréttingar, ef þeir sjá, að ekki séu stafsett rétt staðanöfn í frv., því að það ætti að vera sjálfsagt um alla löggjöf, sem sett er, að reynt sé að hafa öll staðanöfn, sem þar koma fyrir, þau réttustu, sem til eru á hverju svæði, þótt reyndar geti sum heiti verið vafasöm og hafi tvenns konar stafsetningu, forna og nýja, og er þá erfitt að gera upp á milli. En þessar athuganir, sem hv. þm. mundu vilja gera, þyrftu þá að vera komnar til vitundar n. fyrir 2. umr. málsins, því að þá verður að koma fram með þær leiðréttingar, sem við eiga í þessu efni.

Hins vegar vil ég taka undir það með hv. frsm. samgmn., sem var og skoðun samvinnun. samgöngumála í heild, að samvinnun. samgöngumála hefur óskað þess, að hv. þm. tækju sig nú saman og sættu sig að þessu sinni við þá miklu endurbót, sem þessi l. færa, og við þann velvilja, sem ég tel, að samgmn. deildanna hafi sýnt um jöfnuð í þessu efni, og ekki þá sízt vegamálastjóri. Ég vil taka undir það með hv. frsm., að þeirri ósk er eindregið beint til hv. þm., að þeir beri fram sem minnstar brtt. um þetta, þótt hins vegar fyllilega sé viðurkennt, að þeir gætu í ýmsum tilfellum haft ástæðu til þess, því að það hafa allir fulltrúar, og það hefur enginn hv. þm. fengið allt það tekið upp í þetta frv., sem hann mest hefur óskað, að tekið yrði upp í það. Mun svo verða lengi enn, að ekki verði unnt að uppfylla allar óskir í þessum efnum í einu.

Pétur Ottesen: Ég skildi hv. frsm. samgmn. þannig, að þeir, sem flutt hafa frv. í báðum hv. þd. á þessu þingi um breyt. á vegal., sem ýmsir hafa svo aftur borið fram brtt. við, hefðu í samráði við samgmn. eða samgmn. beggja d. tekið aftur frv. sín um breyt. á vegal., þannig að þeir, sem borið hafa fram brtt. við þau frv., verða þá, ef þeir vilja halda sig við þær brtt., að bera þær fram við það frv., sem hér liggur nú fyrir, ef þeir eru ekki ánægðir með þá niðurstöðu, sem fengin er í þessu frv.

Ég álít, að þessu máli hafi verið beint inn á rétta leið, sem í raun og veru hafði verið vísað til hér áður með samþykkt þáltill., að vegamálastjóri undirbúi þetta mál, eins og hann líka hefur nú gert. Og að því er snertir till. í þessu frv. um nýja þjóðvegi, þá skilst mér meira að segja, að samgmn. þingsins hafi selt vegamálastjóra algert sjálfdæmi í þessu, þannig að það séu eingöngu hans till., sem teknar eru upp í þetta frv., sem vitað er um, að ganga allmiklu skemmra en till. einstakra þm., sem fyrir liggja um þessi mál. Ég tek mjög undir það, að það hafi verið alveg rétt, að vegamálastjóra væri falið að undirbúa þetta mál, líka að því leyti að gera till. um upptöku vega í þjóðvegatölu. En það ber hins vegar ekki að líta svo á, að vegamálastjóri, sem að vísu er kunnugur staðháttum á landinu yfirleitt, hafi óvefengjanlega hitt svo naglann á höfuðið í þessu efni, að þar geti engar sanngjarnar breyt. komið til greina, því að það er vitanlega margt, sem kemur til greina og athugunar í sambandi við fyrirgreiðslu á aukningu á akvegakerfinu viðs vegar um landið. Þar koma ýmis sjónarmið til greina, sem vert er að líta á og sem vitað er um, að menn líta nokkuð misjöfnum augum á. Það er t. d. kunnugt, að það er uppi sú stefna hjá ýmsum, að það beri mjög að draga saman byggðina í landinu og láta byggð alveg niður falla á ýmsum svæðum. Aftur eru aðrir, sem líta svo á, að á þessum sömu svæðum séu sums staðar svo mikil og margvísleg gæði og möguleikar til búreksturs og til að hefja þar þjóðnýta starfsemi, að það beri alveg sérstaklega að beina til þess því fjármagni, sem ríkið hefur yfir að ráða, til þess að slík byggð geti haldizt við og gangi ekki allt of mikið saman, vegna þess að fremur sé æskilegt, að sú byggð gæti nokkuð færzt út frá því, sem nú er. Ég skal ekkert segja um afstöðu vegamálastjóra til þessara tvenns konar sjónarmiða út af fyrir sig. En ég sé þó, viðkomandi sumum till., sem hér liggja fyrir — og hef ég þar t. d. í huga eina till. um vegarlagningu viðkomandi mínu kjördæmi —, að í þessu frv. gætir mjög þeirrar skoðunar, að ekki beri sérstaklega að leggja áherzlu á að greiða fyrir því, að byggð haldist við á slíkum svæðum, sem ég nefndi, er hafa ekki nógu góðar samgöngur við aðra landshluta, en hafa marga landkosti og atvinnumöguleika í sér fólgna, þar sem bútaðar eru í sundur algerlega þær vegatill., sem bornar voru fram um þetta efni, og lagt er hér til í frv. að taka upp í þjóðvegatölu hluta viss vegar, þann hlutann, sem liggur miðsvæðis í héraði, en klippa af þann hlutann, sem, ef gerður væri að góðum vegi, felur í sér þá þýðingu, að byggð á stóru svæði geti haldizt við, sem annars er hætt við, að mundi leggjast í eyði. Ég er ekki nógu kunnugur til að geta dæmt um, hvort þetta sjónarmið, sem þarna kemur fram, markar í heild till. vegamálastjóra. En ég nefni þetta til dæmis til að sýna, að það getur kannske átt nokkurn rétt á sér, að hæstv. Alþ. bindi sig ekki um of við till. vegamálastjóra eingöngu. En þó að ég nefni þetta, rýrir það alls ekki réttmæti þess, að það sé eðlilegt, að vegamálastjóri leggi fram till. í þessu máli. Hann hefur lagt fram margar skynsamlegar till. um breyt. á vegal. í ýmsum atriðum.

Hv. frsm. þessa máls gat þess, að eins frv. væri enn von frá vegamálastjóra, um breyt. á l. um sýsluvegasjóði, og sagði hv. frsm., að vegamálastjóri mundi leggja þar til sérstaklega eina breyt. á þeim l., sem er í því fólgin að hækka úr 10‰ upp í 12‰ það, sem framlag í héruðum er miðað við. Mér skilst, að þó að þetta sé gert, þá muni hallast nokkuð á um þær rýmkanir, sem vegamálastjóri hefur gert till. um og mikils verðar eru fyrir þær sýslur, sem ekki hafa tekið enn upp sýsluvegasjóðsfyrirkomulagið. Eru till. vegamálastjóra gagnvart þessum sýslum í því fólgnar, að framlag ríkissjóðs til akfærra vega skuli vera helmingur kostnaðar af viðhaldi sýsluvega, en allt að ⅗ hlutum kostnaðar nýbygginga þessara vega. Þetta gildir um sýslur, sem ekki hafa sýsluvegasjóði hjá sér. En gagnvart þeim sýslum, sem hafa sýsluvegasjóði hjá sér, leggur vegamálastjóri ekki neitt til í þessu

frv. En viðkomandi því frv., sem boðað hefur nú verið um breyt. á l. um sýsluvegasjóði, vildi ég benda hv. samgmn. á, að ef samræmi ætti að vera í ákvæðum þeirra l. um sýsluvegasjóði og þess hins vegar, sem vegamálastjóri leggur hér til, þá ætti á hæstu stigunum, sem framlag sýslnanna næmi — frá 8‰ upp í 12‰ — framlagið úr ríkissjóði að vera ⅗ kostnaðar við nýbyggingar og viðhald sýsluvega í stað ⅘ kostnaðar, eins og nú er.

Vil ég skjóta því til hv. samgmn., að hún athugi þetta, áður en hún flytur þetta frv. um breyt. á l. um sýsluvegasjóði hér á hæstv. Alþ., til þess að nokkurt samræmi verði á milli þeirra fyrirgreiðslna, sem þau sýslufélög fá, sem ekki hafa sýsluvegi hjá sér, og hinna, sem hafa komið á þessum sjóðum hjá sér. Þetta er aðeins bending til hv. n. um, að hún vildi taka þetta til athugunar, áður en hún flytur frv. um þetta efni. En það er nauðsynlegt, að samhliða því, sem breyt. á vegal. og brúal. eru afgr. hér á hæstv. Alþ., að þá sé einnig gerð breyt. á l. um sýsluvegasjóði.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Þetta frv. kemur til athugunar við síðari umræður þessa máls, og má þá athuga það að fá fram leiðréttingar á því, sem hv. þm. óska og telja sanngjarnt í sambandi við þær upprunalegu till., sem þeir hafa borið fram um málið.

Út af því, sem fram kom hjá hv. form. samvinnun. samgöngumála, vil ég gera og skal koma á framfæri við n. aths. um einn lið í 2. gr. frv., sem er 7. tölul. undir B-lið, sem þarf að orða dálítið skýrar en hér er gert. Þar þarf að gera aðeins orðabreyt. til frekari skýringar á því, sem þar er um að ræða.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, greina frá því, að sjálfsagt hefur vegamálastjóri haft fyrir sér allar till. hv. þm. sem þeir hafa flutt hér á þingi nú, þegar hann gerði till. sínar, sem liggja nú fyrir í þessu frv. Og ég hygg, að það verði varla sagt, enda þótt samgmn. sé alltaf reiðubúin til að taka mjög mikið tillit til þess, sem vegamálastjóri leggur til, að sú n. hafi í þetta skipti selt honum algert sjálfdæmi um það, hve miklu af vegum skyldi bætt í þjóðvegatölu. En ég vil geta þess, sem ég tók fram í frumræðu minni, að að sjálfsögðu mun samgmn. ræða við hv. þingmenn um þær brtt., sem þeir kunna að vilja koma fram með við þetta frv. En það eru eindregin tilmæli n. til einstakra hv. þm., að þeir láti sem mest sitja við það, sem í þessu frv. greinir. Það er mjög örðug afgreiðsla þessara mála, ef hún á að vera svo öllum líki, sérstaklega ef uppfylla á það, að allir hv. þm. fái í eitt skipti allt, sem þeim finnst þá og þeirra byggðarlög vanta í þessum efnum. Það er því alveg nauðsynlegt í þessum málum, að hv. þm. hafi allir nokkurt hóf á í þessum efnum. Því að hv. þm. mega ekki reikna með því, að hér sé verið að ganga frá einhverju svo varanlega, að óbreytt standi um aldur og ævi og hv. þm. hafi ekki tækifæri til að hafa áhrif á síðar.

Þá er hitt atriðið, sem hv. þm. Borgf. hélt fram í sambandi við þetta frv., sem fyrir liggur, og það menn að athuga í sambandi við væntanlegt frv. um sýsluvegasjóði, að hér í þessu frv. væri hallað á þær sýslur, sem hafa sýsluvegasjóði. Það má vel vera, að þær verði að einhverju leyti ekki eins vel úti og þær sýslur, sem nú njóta þess mjög hækkaða framlags, sem till. eru um í frv., sem hér liggur fyrir. En að sjálfsögðu mun samgmn. hafa samband við vegamálastjóra um þetta atriði, áður en það frv. verður flutt, sem hv. þm. Borgf. minntist á, um sýsluvegasjóði. Ég geri ráð fyrir, að það frv. komi til samgmn. og að það komi til kasta hennar að flytja það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, eins og boðað hefur og verið, að fram kæmu brtt. við þetta frv. En nú stendur svo á, að 2. umr. hefur verið ákvörðuð, en brtt. ekki borizt n. til athugunar. Nú vildi ég koma með þá till., enda er hún að öllu leyti formleg, að þeir, sem ætluðu sér að bera fram brtt., biðu með það og sættu sig við að geyma það til 3. umr. málsins. Það hefur ekki unnizt tími til þess að tala við ýmsa viðkomandi menn varðandi það, hvort ýmis nöfn og staðanöfn væru rétt skráð.

Það hafa ekki komið fram neinar aths. við frv., og verður beðið eftir því, hvort hv. þm. hafa nokkuð við þetta að athuga. Ég vænti þess sem sagt, að þeir, sem hafa komið fram með brtt., sætti sig við að bíða með að ræða þær, þangað til við 3. umr.

Pétur Ottesen: Eins og ég gat um við 1. umr., þá ætlaði ég að bera fram brtt. við frv., en ég get vel fallizt á að bíða með að ræða þær, þangað til 3. umr. fer fram, og get því fallizt á till. hv. form. samgmn. Ég vildi leyfa mér að fara fram á það við hann, að hann athugi brtt. mínar, og það væri mjög æskilegt, ef n. féllist á ýmsar af þeim breyt., sem ég vildi gera láta við frv.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég hafði hugsað að bera fram brtt. við þetta frv., en vildi fyrst eiga viðtal við hv. samgmn. Ég get því fallizt á að geyma að ræða brtt., þangað til 3. umr. fer fram.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi segja eitthvað á sömu leið og hv. 1. þm. Rang. Mér kom að vísu dálítið einkennilega fyrir sjónir, að þetta skyldi koma þannig fram á þskj., en ég get hins vegar fallizt á að ræða þetta við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
10.—23. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
24.—29. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
30.—41. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
42.—45. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
46.—48. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
49. —53. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
54.—55. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 330, n. 437, 353, 354, 358, 362, 366, 392, 393, 413, 438).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Síðan frv. þetta, sem prentað er á þskj. 330, var flutt, hafa allmargar brtt. komið fram við það. Þess vegna hefur það orðið að ráði, þó n. þætti það helzt til langt gengið, að brtt. hv. þdm. yrðu teknar til athugunar að nýju og endurskoðaðar. N. hefur og rætt þessar brtt. við vegamálastjórann og fengið álit vegamálastjórnarinnar, og er það álit prentað með nál. sem fskj., en álit n. er á sérstöku fskj. Samkvæmt þessu er hér um 187 km viðbótartillögur að ræða, að við bættum 5,5 km, sem féllu úr við prentun. Ekki er ástæða til að fara mörgum orðum um þessa viðbót. Áður hafði n. nýjar till. um 534 km, og mun því nú vera um að ræða 727,5 km nýrra vega, sem lagt er til í frv., að gerðir verði. Ég vil leggja áherzlu á að nema nú staðar hér og að d. afgreiði málið með þeim breyt., sem hér liggja fyrir. N. hefur gert það, sem hægt var, til þess að uppfylla kröfur hv. þm. með tilliti til óska þeirra, en erfitt hefur verið að uppfylla kröfur einstakra þm. að fullu, en það skal þeim á bent, að ekki er hér verið að ganga frá l. að fullu fyrir alla framtíð og að l. þessi verða endurskoðuð á ný og reynslan mun skera hér úr, hvað heppilegast er, en ég legg áherzlu á, að ekki verði lengra haldið í breyt. og að þm. sætti sig við þessa afgreiðslu málsins. Ég óska, að lokið verði afgreiðslu þessa máls sem fyrst og að hv. Ed. vænti ekki of mikilla breyt. á því. Ekki er fleira að taka fram varðandi þetta, en persónulega segi ég hv. þm. frá því, að ég tel ekki fyllstu sanngirniskröfum héraðs míns nægilega sinnt, en vænti þess að njóta frekari sanngirni á næstu árum, er l. verða endurskoðuð, og ég legg megináherzlu á, að lokið verði við þá vegi, sem þegar eru íhugaðir.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég er einn af þeim þm., sem á brtt. við frv., en þar sem hv. n. hefur gengið inn á það, sem hún felur í sér, að nokkru leyti, sætti ég mig við afgreiðslu málsins og tek till. aftur, og ég spyr, að ef líkt skyldi ástatt um fleiri, hvort þeir vildu ekki gera hið sama.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. N. hefur talað við alla flm. till., og var yfirleitt samkomulag um, að þær brtt., sem ekki yrðu teknar til greina, yrðu teknar aftur, og vona ég, að svo verði um allar, en n. hefur reynt að fullnægja óskum þm. sem frekast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 3. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Forseti (BG): Ég vil biðja þá, sem taka ætla brtt. sínar aftur, að gera svo vel og tilkynna það.

Gísli Sveinsson: Mér hefur skilizt, að allar brtt. nema brtt. á þskj. 438 séu teknar aftur. Nú er því æskilegt, að forseti spyrji þm., um leið og hann les upp till., hvort þær séu aftur teknar.

Forseti (BG): Það verður víst að bera upp brtt. á þskj. 358, frá þm. Rang., þar sem þeir eru hvorugur viðstaddur.

Gísli Sveinsson: Þar sem þm. Rang. hafa lýst því yfir við mig sem form. samgmn., að þeir tækju brtt. sínar aftur, óska ég, að það verði gert á mína ábyrgð, ef ekki vill betur.

Forseti (BG): Brtt. á eftirtöldum þskj. eru þá teknar aftur: þskj. 354, 362, 353, 413, 392, 393, 366, 358.

ATKVGR.

Brtt. 438 samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., 5. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 480).

Á 86. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 480, n. 550).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Það verður ekki annað sagt en að þetta frv. sé sæmilega undirbúið. Það hefur, eins og skýrslan og grg., sem því fylgir, bera með sér, verið rækilega athugað. Það er samið af samgmn. beggja deilda og vegamálastjóra með heildaryfirlit fyrir augum.

Eftir því sem mér er bezt kunnugt, hefur einnig verið reynt að samræma í þessu frv. sem mest skoðanir einstakra hv. þm., sem flutt hafa frv. og brtt., sem lúta að nýjum þjóðvegamálum, og hygg ég óhætt sé að segja, að vel hafi orðið ágengt um að samræma þetta frv. við vilja þeirra aðila í ákvæðum frv., eins og það liggur fyrir nú.

Vegna þessa, sem ég hef nú tekið fram, ætti að vera hægt að vona að þetta frv. fái vinsamlega meðferð í hv. d., sem nú er komið hingað til 2. umr.

Það voru samgmn. beggja d., sem höfðu þetta mál til meðferðar, þ. e. samvinnun. samgöngumála, sem hefur haft þetta frv. með höndum, og það hefur orðið til þess, að betra yfirlit hefur fengizt, og eru því góðar horfur til samkomulags um alla meðferð málsins. Ég skal taka það fram strax, að af hálfu samgmn. þessarar d., sem hefur skrifað hér örstutt nál., af því að hún taldi ekki frekara álits þurfa við, af því að greinilegar skýringar eru prentaðar með frv., og frv. liggur nú fyrir óbreytt frá því sem hv. Nd. gekk frá því og sendi hingað.

Ég vænti þess vegna, að engu verði bætt við þetta frv. hér í hv. d., því að ef steinn færi að falla úr skriðunni, mundi það leiða til þess, að fleiri færu á stað, sem yrði helzt til ógagns.

Það eru hér tvö meginatriði, sem ég tel að horfi mjög verulega til réttarbóta og öryggis í vegamálum landsins og eru nýmæli í þessu frv. Annað

er það, að mörg héruð fá óskir sínar uppfyllitar í því efni að koma nýjum vegaköflum í þjóðvegatölu, og hefur verið nokkuð langt gengið í þeim efnum, þó að auðvitað sé, að þar hefur ekki öllu verið fullnægt, sem óskir hafa komið fram um. Vegamálastjóri hefur beitt sér fyrir þessu, og má segja, að stórt spor sé þarna stigið, því að eins og frv. ber með sér, þá eru það allmargir vegir, sem bætt er inn í þjóðvegakerfið með þessu frv.

Það er ætlunin, að þetta frv. skoðist sem heildarendurskoðun á vegalöggjöfinni og að þær breyt., sem settar eru í þetta frv., verði vegal., ef það verður samþ., í staðinn fyrir hina eldri löggjöf. Þskj., sem liggja fyrir, eru tvö, þskj. 330, og svo nokkrar brtt. á 2. gr. l., sem prentaðar eru á þskj. 480, en þær komu fram við síðustu umr. í hv. Nd., og er þar um nýja vegi að ræða, sem á að stefna að með frv. Að öðru leyti er frv. óbreytt, eins og það er á þskj. 330 og er því eins og gengið var frá því. Það er aðeins upptalning 2. gr., sem breytist og prentuð er á sérstöku þskj., sem kemur í staðinn fyrir 2. gr. upphaflega frv.

Að vera að telja upp þessa nýju þjóðvegi væri nú aðeins til þess að tefja tímann, en það er óþarft. Það er hver sínum hnútum kunnugastur, og skjöl þau og grg., sem liggja fyrir, segja til vegar. En þarna er um mikla aukningu þjóðvega að ræða.

Þá er það hitt atriðið, sem ég tel skipta allmiklu máli, það er hvað frv. rýmkar myndarlega til um aðstöðu til handa þjóðvegum, getur maður sagt. Því að það er öllum kunnugt, að vegabótaþörf, sem sýslurnar hafa átt að standa straum af, hefur verið harla mikil og tekjuliðirnir fátæklegir heima fyrir til þess að leggja slíkar fjárhæðir fram. Það er víst að vegamálastjórn og vegamálastjóri hafa skilið þetta til hlítar. Og þó að fyrir nokkru hafi verið rýmkað um þetta með fjárframlögum úr ríkissjóði, þar sem sýsluvegasjóðirnir eru komnir, þá er einmitt séð fyrir þessari þörf í þessu frv. Og er þess að geta, sem er aðalatriðið, að þar sem hámark framlags úr ríkissjóði var helmingur kostnaðar, þá er það nú til nýrra vega 3/5, og til viðhalds þeirra er gert ráð fyrir hálfu framlagi gegn hálfu annars staðar frá.

Það sézt hér glöggt, að hér er um ríflega aðstoð að ræða og framrétta hönd ríkisvaldsins, sem stjórnað er af skilningi fyrir þörf héraðanna, og ef þetta mál verður að l., sem ég efa ekki, verður þetta þakksamlega þegið.

Svo eru hér ýmsar smáar breyt., sem enn fremur koma til greina hér og í raun og veru er óþarft að vera að telja upp. Ég vil aðeins minnast á það, að þar sem fjárveitingar ríkisvaldsins eru nú þetta miklar, þá er vegamálastjóra veitt heimild til þess að leggja samþ. sitt á um upptöku nýrra þjóðvega. Þetta virðist ekki nema eðlilegt og sjálfsagt í raun og veru til þess að tryggja, að samræmis sé gætt og vel að öllu farið, og þetta á að vera til tryggingar, en ekki til þess að veikja þessa góðu aðstöðu til framgangs þeirra mála. Og það er líka í fleiri atriðum, sem slíkt samþykki kemur til greina, og ég þykist vita, að það sé samkomulagsatriði milli vegamálastjórnar og vegamálastjóra, þó að ég hafi ekki vissu fyrir því, en mér þykir líklegt, að það þyki hentugra að hafa þetta svo.

Þá er líka að geta þess, að það, sem veitt er til sýsluvega til frambúðar, þá verður þar að vísa til þess, sem veitt er af fjárl. hverju sinni, og er það ekki nema réttlátt, að svo sé og gefur það aðhald og betra yfirlit en ef svo væri ekki. Þá er líka þess að geta, að sveitirnar og sýslufélögin grípa inn í þetta sama og framlag þeirra til þess að standa straum af sínum bróðurparti um fjárframlög til veganna. Þá hefur persónugjaldið verið svo hlægilega lágt, ef það er miðað við gildi peninga nú, og hefur þetta verið hækkað þannig, að til sýsluvega er gert ráð fyrir, að það verði sem svarar einu dagsverki, sem kæmi á hvern karlmann frá 20—60 ára. Þá hefur einnig verið gert ráð fyrir, að karlmenn 20—60 ára greiði í hreppsvegasjóð 20 kr., en þó er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að fengnu samþykki sýslunefndar, að það skuli vera allt að einu dagsverki fyrir hvern. Það sýnist ekki nema smávægilegt og sjálfsagt að hjálpa héruðunum á þennan hátt, að þeir, sem starfhæfir eru, geri eitthvað til þess að létta undir með þessum þýðingarmiklu framkvæmdum.

Þá er hér einnig um það að ræða í þessu frv., sem ekki er nema sjálfsagt, að fyrir jarðrask og annað þar sem um vegagerð er að ræða, þá skal ríkissjóður greiða fyrir þær bætur eftir nánari reglum, sem settar verða þar um.

Það mætti náttúrlega gera grein fyrir ýmsu fleiru, sem til bóta horfir, en ég hef hér ekki stiklað nema á því stærsta, sem ég tel, að mestu máli skipti.

Af hálfu vegamálastjórnarinnar hefur með þessu frv. verið sýndur áhugi og skilningur á þeirri knýjandi þörf, sem er fyrir bættar samgöngur hér á landi. Og frá mínu sjónarmiði og ég veit margra annarra er það svo, að ef sveitir landsins eiga ekki að falla í auðn, þá er það eitt fyrsta atriðið, sem þarf að tryggja, að vegakerfi og samgöngur landsins sé sem fullkomnast. Við vitum, hvað samgönguleysið hér á landi hefur oft reynzt okkur erfitt og þungt í skauti, og það eru vegirnir, sem fyrst og fremst geta dregið úr þeirri einangrun, sem við þekkjum, Íslendingar. En til þess að íslenzkt sveitalíf megi blómgast og Íslendingar elgi ekki allir að verða borgarbúar, þá þurfa allir að skilja það, að vegakerfi landsins þarf að komast í sem fullkomnast horf.

Ég skal þá ljúka máli mínu með þeirri ósk, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, nái samþykki hv. d. og verði vísað síðan til 3. umr.

Ég treysti því, að nefndarstörfum megi verða lokið, þ. e. a. s. að það komi ekki eftir þetta neitt nýtt fram, í það minnsta ekki neitt verulegt, sem gæfi ástæðu til frekari umr., og allra sízt, að það gæti valdið deilu.

Forseti (ÞÞ): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 567. Mun ég nú leita afbrigða hennar vegna, svo að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef verið að líta í þetta frv., og ég er dálítið hissa á ýmsum ákvæðum þess. Alveg sérstaklega er ég hissa á því, að það lítur út fyrir, að ekki hafi verið hugsað um það af þeim, sem undirbjuggu frv., að láta nöfn veganna halda sér hin sömu í öllu frv. Hér og þar er vitnað í vegi, sem ekki eru til. Þar sem talað er um vegi á Vesturlandi, er talað um Borg-

arfjarðarbraut. Hún heitir það og liggur frá Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítá hjá Kláffossi, um Reykholtsdal og Hálsasveit að Lambá. Þá er Bæjarsveitarvegur, af Vesturlandsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, um Reykjadalsárbrú hjá Kleppsjárnsreykjum að Reykholtsdalsvegi. Reykholtsdalsvegur er ekki til. Bæjarsveitarvegur liggur á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal. Svona er þetta víða í frv. Vegirnir eru látnir heita allt öðru nafni en l. standa til og eru skírðir upp eftir þeim sveitum, sem þeir liggja um í það og það skiptið. Þetta er sjálfsagt að leiðrétta. Það þarf aðeins ofurlitla vinnu að leggja í það, og ég geri ráð fyrir, að það verði gert. Ég vildi benda n. á að athuga þetta milli 2. og 3. umr. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að þetta skiljist, en mér finnst óviðkunnanlegt, úr því að veginum er gefið eitt sameiginlegt nafn, að vera þá að búa til ný nöfn á parta og parta af veginum án þess að taka það fram, hvaða partar það eru.

Það, sem aðallega gaf mér tilefni til þess að standa upp, er hinn svokallaði Hvalfjarðarferjuvegur. Þennan veg álít ég alrangt að taka upp í frv. Vegamálastjóri hefur alltaf verið á móti honum. Hann kostar tæpar 2 milljónir kr. fyrir utan ferjurnar, og það, sem vinnst með honum, er aðeins það, að það styttir veginn fyrir bíla, sem fara frá Reykjavík annaðhvort vestur eða norður á land.

Ég tel, að þetta sé ákaflega misráðið. Ég skal ekki fara út í það, hvernig þessi vegur er til kominn, en ég tel, að það sé ófyrirgefanlegt af ríkisstj. að ráðast í fyrirtæki, sem kostar 2 millj. kr., utan við fjárl. og án þess að bera það undir Alþ.

Þetta mætti þó réttlæta með því, að það væri verið að vinna á öðrum þjóðvegi, sem sé Akrafjallsvegi. Þó að þessi vegur sé að vísu orðinn dýrari en ella hefði orðið vegna þess, hve breiður hann er, og uppfyllingin meiri en ef hann hefði verið gerður fyrir minni umferð.

Nú vil ég láta skera úr um það hér í hv. d., hvort hv. þm. vilja láta ráðast í þetta fyrirtæki, að byggja veg og bryggjur, sem kosta fullar 2 millj. kr. Í upphafi skal endirinn skoða. Ég er ekki með því, að það verði ráðizt í þetta fyrirtæki. Ég lít svo á, að þegar sú aðstaða er komin á Akranesi, að skip geta lagzt við bryggju þar í sömu veðrum og þau geta þar, sem hugsað er að hafa ferjuna, þá sé það miklu réttara að fá skip t. d. eins og ferjurnar, sem fara yfir Stórabelti eða milli Kaupmannahafnar og Málmeyjar, til þess að fara hér á milli. Það mundi kosta um 2 millj. kr., eða líkt og vegagerðin er áætluð, og mun hún þó ekki fullnægja samgönguþörfinni og lítið verða notuð.

Ég mun ekki við þessa umr. koma með brtt. á þessu, en ég geri það við 3. umr. Ég kem ekki með brtt. núna, af því að ég vil, að menn átti sig alveg á því, hvort þeir vilja byrja þarna á vegagerð, bryggjum og ferjum, sem kosta á 2. millj. kr., eða hugsa sér aðrar leiðir í málinu, áður en þetta er samþ. Ef þetta er samþ., verð ég að líta svo á, að þeir séu ákveðnir í að halda áfram með þetta verk og koma veginum þarna yfir og áfram.

Annað vil ég benda á hér, sem ég mun bera fram brtt. um fyrir 3. umr. Það er viðkomandi kafla C, 17. tölul. Þar er Hegranesvegur látinn enda á Ríp, sem ég tel ástæðulaust. Ég vil láta hann enda hjá Eyhildarholti, þar sem þar eru tvær lögferjur, bæði austur yfir og vestur yfir. Þá er hann kominn í samband við þjóðveginn, bæði til austurs og vesturs. Ég mun þess vegna koma með brtt. um, að í staðinn fyrir „að Ríp“ komi: um Ríp að Eyhildarholti. Ég skal ekki fullyrða, hvort ég kem með fleiri brtt. Ég ætla að tína saman brtt. um nöfn. En við nánari yfirlestur gæti ég kannske fundið fleiri staði, sem ég vildi gera brtt. um. En það, sem gerði það sérstaklega að verkum, að ég stóð upp, var Hvalfjarðarferjuvegur, sem ég tel óverjandi að taka í vegalög nú.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. þdm. hafa séð á nál. á þskj. 550, þá hef ég verið einn af þeim nm., sem hef skrifað undir nál. athugasemdalaust. Það kann þess vegna að þykja skrýtið og jafnvel óviðfelldið, að ég sé að bera fram brtt. við þetta frv., af því að ég hef lagt til, að það verði samþ. óbreytt. En ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt. á þskj. nr. 567, er sú, að hæstv. menntmrh., 1. þm. S-M., mæltist til þess í gær, að ég flytti þessa brtt., ekki eiginlega sem brtt., heldur miklu frekar sem leiðréttingu við veg, sem hér er tekinn upp í frv. Brtt. er um 20. tölul. í D-kafla frv., sem er um Austurland. Þar stendur í frv. „Mjóafjarðarvegur: Af Fagradalsbraut sunnan við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjadal og Mjóafjarðarheiði að Firði í Mjóafirði.“ En ég legg til, að í stað orðanna: „að Firði í Mjóafirði“ komi: að Brekku í Mjóafirði. Ég er að vísu ekki kunnugur í Mjóafirði. En ég hygg, að sú lenging, sem leiða mundi af samþykkt þessarar brtt., sé ákaflega óveruleg. Ég hygg, að það sé stutt leið frá Firði í Mjóafirði að Brekku, og þess vegna sé hér ekki um nema smáræði að ræða. En hitt veit ég, að meðan útgerð var í Mjóafirði, mun hún aðallega hafa haft bækistöð sína á Brekku, og þess vegna hygg ég, að brýn ástæða sé til að ákveða endamark þessa vegar frekar hjá Brekku en hjá Firði. — Ég hafði sjálfur hér í þessari hv. d. flutt tvær brtt. við vegal., eftir að aðrir höfðu riðið á vaðið og flutt brtt. hér, og önnur þessara brtt. hefur verið tekin upp í hv. Nd. og er komin inn í þetta frv., eins og það liggur hér fyrir nú. Ég hefði gjarnan óskað þess, að báðar þessar brtt. mínar hefðu verið teknar til greina, og það var vitanlega auðvelt að flytja brtt. hér. En ég er hv. frsm. sammála um það, að það sé ekki rétt að gera margar brtt. hér, þar sem búið er að samþykkja nokkuð af brtt. í hv. Nd. og það gæti verið hættulegt afgr. frv., ef brtt. væru samþ. verulegar hér í hv. d. nú. En ég mælist til þess, að þessi smávægilega brtt., sem ég hef hér flutt samkv. tilmælum hæstv. núverandi menntmrh., 1. þm. S-M., verði tekin til greina og samþ.

Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði um Hvalfjarðarferjuveginn. Mig vantar algerlega kunnugleika til þess. En ég get verið honum sammála um það, að ef svo er, sem ég hef ekki heyrt fyrr en nú, að þessari nýju Hvalfjarðarferju og veginum í sambandi við hana fylgir svo feikna mikill kostnaður sem hann sagði, þá geti verið full ástæða til að athuga það mál betur, áður en lögfest eru ákvæði um það mál. En þetta er mér ókunnugt mál. Og hvað, sem vera kann, hefði ég ekki trúað því, að þessi kostnaður gæti verið svona mikill, því að þeir, sem hafa athugað veginn um Hvalfjörð, vita, að vegurinn

að ferjustaðnum báðum megin er ákaflega stuttur, svo að mér þykir þetta vera merkilegar upplýsingar, ef vegurinn kostar svona mikið.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég skal taka fram viðvíkjandi brtt. þeirri, sem hv. þm. N-Þ. flytur hér, að það virðast vera smávægilegir hlutir, sem þar er um að ræða, sem vel má vera, að færðir séu til betri vegar með breyt. Mér þykir þetta vera svo, að óathuguðu máli. En þegar málið er búið að sæta meðferð í hv. Nd. og er komið til samþykktar hv. Ed., og þó að ekki sé nema um smábreyt. að ræða á frv., þá á að gera sér grein fyrir því, hvað á að leggja sig í líma um að gera smábreyt. á frv. og tefja þar með fyrir frv. með því að endursenda það hv. Nd. með þeim afleiðingum, sem slíkt kann að hafa. Ég segi þess vegna um þessa brtt., sem ég er á þessu stigi málsins hvorki með eða á móti, að ég vil stuðla að því, að hún, ásamt öðrum brtt., sem fram kunna að koma, verði tekin til athugunar í samgmn. og það sé gert þar að álitamáli, hvort ástæða sé til að samþykkja þessa brtt. og endursenda frv. til Nd.

Ég vil að öðru leyti segja það við hv. 1. þm. N-M. og um hans málefni, sem hann hreyfði hér, sem sumt var stórbrotnara en brtt. hv. þm. N-Þ., að ég vil leggja til, að það verði gert að álitamáli í samgmn. á sama hátt og brtt. hv. þm. N-Þ. Hv. 1. þm. N-M. ræddi sérstaklega um Hvalfjarðarferjuna, og það er nú svo, að þær aðgerðir virtust fá nokkurn stuðning í aðgerðum hæstv. Alþ. í gær. Það er hins vegar alls ekki sönnun fyrir því, að hér sé ráðizt í hyggilega hluti. Og mér þykir ekkert undarlegt, þó að einhverjir hv. þm. verði til þess að gera þetta að álitamáli. En bæði um þetta atriði og eins um hina ýmsu þjóðvegi, sem gæti vel verið, að eitthvað betur mættu fara lagaákvæði um hér en fram er komið — og á ýmsum stöðum getur verið álitamál, hvað eigi að skíra vegina (**PZ:** Það er búið að skíra þá.) —, um allar þessar till. getur verið álitamál, eins og um það t. d., hvað kalla skuli vegina. Viðvíkjandi þessum brtt. og væntanlegum brtt., sem búið er að boða, þá vil ég segja það, að nauðsynlegt er að athuga þessar brtt. allar fyrir 3. umr. Vil ég með tilliti til þess skjóta því til hv. þm. N-M., að hann láti prenta sínar brtt. sem allra fyrst.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem hér hafa farið fram í sambandi við Hvalfjarðarferjuveginn, þykir mér rétt að gefa nokkrar upplýsingar hér til samgmn., sem eru komnar frá vegamálastjóra og samgmrn., um þetta mál. Kann það að skýra málið nokkuð fyrir hv. samgmn., ef hún hefur ekki verið kunnug málinu í heild, sem mér skildist á hv. þm. N-Þ., að hann væri ekki. — Málið liggur þannig fyrir, að áður en aðalþingi sleit í fyrra, var borin fram þáltill. frá hv. þm. Borgf. um heimild til þess að verja ákveðnu fé til þess að gera þessar framkvæmdir. Þessi þáltill. var ekki afgr., vegna þess að komið var að þingslitum, þegar hún kom fram. Þess vegna hafði hv. þm. Borgf. fengið undirskriftir allra hv. þm. í fjvn. að undanskildum form. n. til meðmæla því, að þetta yrði gert, þó að þetta væri ekki samþ. á Alþ. Málið hafði ekki verið tekið fyrir í fjvn. sem slíkri. En ég taldi ekki rétt að vera á þessari braut, að skrifa þannig undir slík tilmæli. Ég áleit það ekki rétta stefnu, enda var málið óupplýst í n. En þetta hefur orðið til þess, að byrjað hefur verið á framkvæmd verks í sambandi við þessa ferju, m. a. gert við veginn að norðanverðu, og einnig verið unnið að hafnarmannvirkjum, sem þó voru hugsuð þannig, samkv. bréfi frá fyrrv. hæstv. fjmrh., að hann hefur leyft að verja þessu fé í þessar framkvæmdir með því skilyrði, að Akraneskaupstaður tæki sinn þátt í þessum hafnarmannvirkjum, eins og það væru hafnarbætur eftir venjulegum reglum, þ. e. að hafnarsjóður Akraness greiddi 40‰ af kostnaði, sem stjórn hafnarsjóðs Akraness hefur svo ekki fallizt á. En þó skilst mér, að búið sé að vinna fyrir nokkur hundruð þús. kr. að umbótum á vegum að ferjustöðunum. Nú hefur þessi staður ekki verið hugsaður sem lendingarstaður fyrir Akranes sérstaklega, heldur væri þessi Hvalfjarðarferja gerð til þjóðarafnota. Eru lendingarbætur víðar unnar fyrir vegafé, eins og bryggjan á Arngerðareyri. Gert er ráð fyrir, að lendingarbæturnar einar muni kosta um 2 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir, að vegurinn kosti um hálfa millj. kr., svo að þetta er áætlað einhvers staðar á þriðju milljóninni, allur þessi kostnaður.

Hér liggur fyrir bréf frá vegamálastjóra í sambandi við þetta mál, sem hv. þm. geta fengið að lesa hjá mér, ef óskað er. Þar segir: „Þegar nánar var athugað, kom í ljós, að óhjákvæmilegt var að gera allmiklu meiri vegabætur, ef þarna ætti að verða vegur fullfær bifreiðum alla tíma árs. Síðari hluta ágúst fór fram ýtarlegri rannsókn á vegarstæðinu norðan fjarðarins og mæling. Er því talið nauðsynlegt að leggja nýjan veg að miklu leyti frá Akranesveginum rétt utan við brúna á Urriðaá að ferjustaðnum hjá Katanesi. Er vegarlengd þessi 5.6 km, og er hér af nú þjóðvegur 3,4 km.“ — Ég vil ekki, að því sé blandað saman, að sú fjárveiting, sem samþ. var í gær við afgreiðslu fjárl., er veitt til þess að gera við þennan kafla, sem er nú þegar þjóðvegur, og er þess vegna ekki játning á því, sem hér liggur fyrir um Hvalfjarðarferjuna. Svo segir í bréfinu í áframhaldi af því, sem ég áðan las: „en 2,2 km er nýr vegur frá ferjustaðnum út á þjóðveginn hjá Klafastöðum,“ — það er alltsvo nýr vegur — „sbr. viðfestan uppdrátt. Eru nauðsynlegar vegabætur á þjóðveginum áætlaðar að kosta um 265 þús. kr.“ — og það voru, að mig minnir, samþ. 235 þús. kr. einmitt til þessa vegarkafla, en ekki neitt ákveðið til ferjuvegarins, eins og ég tók sérstaklega fram við atkvgr., þegar nafnakallið fór fram — „en á ferjuveginum 135 þús. kr., eða samtals um 400 þús. kr.“ Þetta eru vegabæturnar að norðanverðu eingöngu. Og þegar búið er að gera þennan veg, er ætlazt til þess, að verði þjóðvegur vestan við Akrafjall út í kaupstaðinn, en sunnan Akrafjalls sé innansveitarvegur um Innri-Akraneshrepp, og er ætlazt til, að hægt verði að fara hringferð í kringum Akrafjall, sem er ekki óeðlilegt. Vegurinn frá Klafastöðum að Katanesi er raunverulega vegurinn, sem kemur þjóðveginum í samband við sjálfa ferjuna, og hann mundi koma hvort sem væri. Ef á að breyta þessu, þá þarf að breyta fleiru en hv. 1. þm. N-M. gat um. Þá er syðri Hvalfjarðarvegurinn hjá Eyri í Kjós lítill spotti, sem gengur frá þjóðveginum niður að Eyri, sem er gert ráð fyrir, að mig minnir, að muni kosta um 30 þús. kr., í till. vegamálastjóra.

— Ég skal svo aðeins benda á, hvað vegamálastjóri segir um þetta. Hann segir hér, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnframt vil ég taka fram, að ég hef jafnan talið hæpið, sérstaklega vegna stofnkostnaðar og ekki síður rekstrarkostnaðar ferjanna, að leggja í framkvæmdir þessar. Krókurinn inn fyrir Hvalfjörð, sem sparast, er um 47 km á landi, og tekur aksturinn nú um 1½ klst. Með ferjunni má vænta, að sparist um ½—¾ klst., meðan vegurinn er ekki betri en nú. Komi menn að ferju, þegar hún er nýfarin, hverfur þessi tímasparnaður og jafnvel enn meir. Hins vegar fylgir nokkur sparnaður í aksturskostnaði þá 47 km, sem landleiðin styttist um. Tefjist bifreiðar vegna biðar, minnkar tímasparnaður að sama skapi. Í þessu sambandi má og hafa í huga, að áður en langt um líður, verður vegurinn um Svínadal og Dragháls bættur svo, að margir munu kjósa frekar að leggja leið sína þar um, í stað þess að fara út fyrir Hafnarfjall, og styttist leiðin fyrir Hvalfjörð þá um 20 km. Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur teljandi upphæð sparist í viðhaldi Hvalfjarðarvegarins, ...“ Þetta eru orð vegamálastjóra. Hins vegar hefur hæstv. samgmrh. lagt mjög mikla áherzlu á, að þetta yrði framkvæmt, og talið, að þetta yrði til stórbóta á samgöngukerfinu milli Suðurlands og Norðurlands og Vesturlands, og að þetta sé ekki mál Akraneshrepps að neinu leyti, heldur sé þetta fyrir þessa tvo landshluta, Norðurland og Vesturland. Og hann hefur því lagt mjög mikla áherzlu á, að þessar framkvæmdir verði gerðar. Hann mun væntanlega skýra það frá sínu sjónarmiði, svo að það sé til athugunar fyrir hv. samgmn. En mér þótti rétt að láta þetta koma fram fyrir n. til athugunar, og þessi gögn, sem ég hef hér frá vegamálastjóra, getur samgmn. fengið að athuga.

Þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um kostnað við lendingarbætur þarna, geta hvergi nærri staðizt að mínu áliti, heldur álít ég, að þurfi miklu meira fé til þess að koma þeim upp en gert var ráð fyrir í fyrstu. Um rekstrarkostnaðinn ætla ég ekki að ræða. Hv. n. getur séð áætlun um það efni í þessari grg. og reynt að gera sér grein fyrir, hvort menn geta notað ferjurnar með þeim kostnaði, sem við þær verður, svo að þær geti borið sig. Það er nefndarinnar að rannsaka þetta. Skal ég ekki um það atriði deila. — Ég hefði haldið, að þegar því er nú marglýst yfir hér í sameinuðu þingi, að hér sé allt að fara norður og niður í fjármálunum, þó að það sé stórkostlegur ábyrgðarhluti að halda uppi hér þeim ræðuhöldum, þá máli menn ekki alla hluti jafnsvart, því að sumir hv. þm. vilja nú leggja tvær millj. í fyrirtæki, sem sé Hvalfjarðarferjuna, sem vegamálastjóri leggur á móti og mér er ekki kunnugt um, að neinn hv. þm. sé verulega fylgjandi, nema hæstv. samgmrh., sem að sjálfsögðu hefur sett sig mjög inn í þetta atriði, og svo hv. þm. Borgf. Ég hygg, að það séu ekki aðrir menn í þinginu, sem hafa virkilega sterkan áhuga fyrir þessu máli, en þessir tveir hv. þm. En þeir hafa vitanlega sett sig betur inn í málið en aðrir þm. Þó hefði ég haldið, að það mætti eitthvað taka tillit til þess, sem vegamálastjóri hefur sagt í sambandi við þetta mál. En það vill brenna við hér á hæstv. Alþ., að hv. þm. vilja nota hans meðmæli til framdráttar málum, ef þeir sjálfir hafa áhuga fyrir framgangi þeirra, en telja svo, t. d. stundum um skiptingu brúafjár, að það sé ekkert að marka till. vegamálastjóra, ef þeir sömu hv. þm. hafa ekki fengið óskir sínar uppfylltar viðkomandi samgöngubótum, sem vegamálastjóri hefur ekki tekið með í till. sínar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leiðrétta það, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, þegar hann vildi benda á það, að atkvgr. í gær um fjárl. og fjárveitinguna, sem þar er talin til Hvalfjarðarferju, sýndi, hvað þingið vildi í þessu efni.

Því var haldið þar fram af hv. þm. Barð., að þessi fjárveiting væri alls ekki ætluð til ferjunnar, heldur til Akranesvegar, og margir þm. hafa trúað því, að það, sem á að vinna í sumar fyrir þessa fjárveitingu, sé á Akrafjallsveginum. Það er hins vegar ekki rétt, að það þurfi að breyta öðrum leiðum, þó að þessi liður félli niður, því að 10. liður B. hljóðar svo: „Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafastöðum og Innra-Hólmi á þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.“ Það mætti þess vegna segja, að fjárveitingin, sem veitt var í gær, eigi að vera í Hvalfjarðarveg, eftir að komið er fram hjá Klofastöðum.

Hins vegar er þetta aukaatriði. Aðalatriðið er það, að menn geri sér ljóst, að með þessu er verið að binda Alþ. um kostnað, sem nemur ca. 2 millj. kr., og slá því föstu, að þarna eigi framtíðarleiðin því að liggja, en það er rangt. Við eigum ekki að slá því föstu. Við eigum að fá skip, sem eru góðar ferjur, og ég segi, að með þeim hafnarskilyrðum, sem nú eru komin á Akranesi, þá sé hægt að lenda þar stærri skipum en Laxfoss er nú, t. d. ferju eins og er á Stórabelti, í því veðri, sem hægt er að ferja yfir Hvalfjörð. Það er alltaf hægt að lenda á Akranesi, þegar fært er yfir Hvalfjörð, og það er framtíðin, en ekki að henda 2 millj. í ferju, sem eftir 2—3 ár er svo ófullnægjandi. Þess vegna á þessi vegur að falla úr frv., og mun ég koma með brtt. um það við 3. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér hefur verið sagt, að hér hafi farið fram allmiklar umr. um það, sem hér er kallað Hvalfjarðarferjuvegir, og hef ég heyrt nokkuð af þeim síðustu ræðum, sem um þetta hafa verið fluttar. Ég hef einnig heyrt það hér, að menn eru sumir mjög vantrúaðir á gagn og nytsemi þessarar samgöngubótar. Mér þykir leitt, að ég er ekki undir það búinn hér að skýra frá þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í þessu máli, og get þess vegna ekki skýrt það eins og ég hefði viljað og mundi gera síðar, ef þess væri óskað. Mér skilst, að hér sé um 2. umr. að ræða, svo að það mætti sjálfsagt við 3. umr. eða framhald þessarar gera það betur. En ég vil aðeins í stórum dráttum segja frá því, sem fyrir mér vakti við undirbúning málsins, og hvað lá til grundvallar fyrir þeim aðgerðum, sem í því hafa þegar verið gerðar. Hv. þm. Barð. sagði, að það væru tæplega fleiri en tveir menn hér í þinginu, sem áhuga hefðu fyrir þessu máli, nefnilega ég og hv. þm. Borgf. Mér kemur þetta nokkuð spánskt fyrir sjónir, því að upphaf þessa máls er það, að mér berst bréf frá hv. fjvn., undirritað af öllum fjvnm. nema einum, þar sem þeir fara fram á, að hafizt verði handa um framkvæmdir utan fjárl.

á árinu 1946. En eins og þeir menn vita, sem setið hafa í fjvn. þingsins undanfarin ár, hafa ýmis mál verið afgr. til framkvæmda þannig. Má kannske segja, að þetta sé ófyrirgefanlegt, en þetta hefur viðgengizt í ótalmörgum tilfellum. Það má sem sagt slá því föstu, að 8 af 9 mönnum í fjvn. óskuðu eftir því, að málið yrði tekið upp. Samtímis hafði það gerzt, að Akraneskaupstaður hafði keypt tvær ferjur, sem hann hugðist nota til þessara flutninga. Málið stóð þá þannig, að ferjuskipin voru til og mikill meiri hl. fjvn. sendi mér áskorun um það að hefjast handa um framkvæmdir, til þess að hægt væri að nota þessi ferjuskip á þann hátt, sem til var stofnað í upphafi. Samtímis þessu barst mér frá þáverandi bæjarstjóra á Akranesi ýtarleg grg. um það, hvernig þessum rekstri yrði bezt hagað og hvernig líkur væru til, að afkoman gæti orðið. Hann hafði kynnt sér þetta mál mjög ýtarlega og komizt að þeirri niðurstöðu í sínu áliti, að þessi rekstur gæti orðið bæði fjárhagslega arðsamur og um leið mikil samgöngubót. Fyrir mér vakti ekkert annað en það að reyna að athuga, hvort með þessu móti yrði ekki greitt úr og bætt sambandið milli Reykjavíkur og Suðurlandsins annars vegar og Vestur- og Norðurlandsins og Austurlandsins hins vegar. Eftir þeim gögnum, sem fyrir lágu, virtist mér svo sem þessi aðferð, að setja fasta ferju á Hvalfjörð að utanverðu, mætti takast mjög vel, þannig að það ynnist bæði við það tími og peningar. Þannig lá málið fyrir mér á öndverðu eða miðju árinu 1946. Ég leitaði þá samráðs við fjmrh. um þetta, og hann setti sig einnig inn í málið og kynnti sér þau gögn, sem lágu fyrir, og það varð sameiginleg niðurstaða okkar, að það skyldi hafizt handa um framkvæmdir. Það lá þá fyrir áætlun frá vegamálaskrifstofunni og vitamálaskrifstofunni um kostnað við þær. Ég man ekki, hvernig tölurnar voru, en það voru hvorki 2 eða 3 millj. kr., eins og hv. 1. þm. N-M. leyfir sér að fullyrða, það var innan við 1 millj., sem áætlað var 1946, að verkið kostaði.

Það lá þá fyrir áætlun frá vegamálaskrifstofunni, og vegamálastjóri mælti ekki á móti því, að þessi vegagerð yrði hafin. Það hefur þá komið til síðan. Það lágu einnig fyrir áætlanir frá vitamálastjóra um nauðsynleg hafnarmannvirki.

Vegagerð þarna getur orðið með nokkuð misjöfnu móti vegna þess, að til og frá lendingarstað að norðanverðu eru akfærir vegir, sem vel má nota til að byrja með, þó að þeir séu ekki fullkomnir. Það er gengið út frá því, að þeir verði notaðir fyrst, en fullkomnari vegir komi síðar.

Að sunnanverðu, við Eyri í Kjós, er vegarlengdin frá þjóðveginum að ferjustaðnum örstutt, nokkur hundruð metrar, og getur það ekki kostað of fjár, og kemur mér því á óvænt, þegar nefndar eru 3 millj. í þessu sambandi. En ég hefði viljað mælast til þess á þessu stigi málsins að mega kynna mér betur en ég hef haft tækifæri til þær nýju upplýsingar, sem virðist hafa komið fram í þessu máli, og vildi vænta þess, að þetta mál yrði ekki tekið til afgreiðslu á þann hátt, að vegurinn yrði tekinn úr vegalögum, því að það held ég, að væri nokkuð fljótræðislegt. Á Alþ. 1945 kom fram, eins og hv. þm. muna, þáltill., sem er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að verja úr ríkissjóði allt að 800 þús. kr. til lendingarbóta og vegagerðar í sambandi við væntanlega ferju í Hvalfirði.“ Og í framhaldi af þessari þál. mun það hafa verið, sem mér barst þetta bréf frá fjvn. En á því stigi, sem málið var lagt fyrir mig 1946 um vorið, þá lá fyrir grg. með upplýsingum frá bæjarstjóranum á Akranesi, eins og áður er sagt, sem er mjög ýtarleg, um ferðalög og ferðafjölda á þessari leið ásamt kostnaðaráætlun og ýmsu öðru í sambandi við þetta mál að öðru leyti. Sömuleiðis lá fyrir bréf frá félagi sérleyfishafa, sem undirritað er af form. þess, þar sem saman eru dregnir kostirnir við þessa samgöngubót, og eru þeir taldir þannig í þessu bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

1. Styttir allar áætlunarleiðir um Vestur- og Norðurland um 1½ klukkustund og gerir það mögulegt að láta Akureyri og væntanlega leiðirnar einnig til Siglufjarðar og Ísafjarðardjúps fara í einum áfanga til Reykjavíkur.

2. Stórkostlegur sparnaður á sliti á bifreiðum, gúmmíum, olíu, benzíni og erlendum gjaldeyri.

3. Sparnaður á viðhaldi á hinum erfiða og hættulega vegi fyrir Hvalfjörð.

4. Meira öryggi fyrir farþega.

5. Öruggari ferðir með tilliti til snjóa og ófærðar á Hvalfjarðarleiðinni.

Þessir kostir, sem formaður félags sérleyfishafa talar um í þessu bréfi, sem hann sendi sem fskj. með þáltill. 1945, voru í mínum augum og augum þáverandi fjmrh. það veigamiklir, að við töldum ekki forsvaranlegt að láta málið afskiptalaust. Og þó að ekki lægi fyrir til framkvæmda önnur leið en þessi, sem hv. 1. þm. N-M. taldi nú óafsakanlega og ófyrirgefanlega í alla staði, þá var hún farin, því að önnur leið var ekki fær til að hefja framkvæmdir, og við töldum víst, að meiri hl. Alþ. stæði á bak við fjvnm., sem undir bréfið skrifuðu.

Ég tel nú, að ég hafi með þessu lýst nokkuð aðdraganda málsins, hvernig stóð á því, að til þessara framkvæmda var stofnað, og það er síður en svo, að ég hafi sannfærzt um, að það hafi ekki verið rétt. Ég tel, að með þessum hafnarmannvirkjum hafi verið yfirunninn stór þröskuldur á samgönguleiðinni til Norðurlandsins og að þessar framkvæmdir muni auðvelda mjög frá því, sem nú er, þessar ferðir. Hitt er svo annað mál, að ef hv. 1. þm. N-M. vill fá sér eina Stórabeltisferju til þess að fara beint frá Reykjavík til Akraness, þá má athuga það mál. En á því, hygg ég, að séu ýmiss konar erfiðleikar og miklu meiri og verr yfirstíganlegir en lausn málsins á þessum grundvelli. En á þessu stigi málsins tel ég óráðlegt, að þessi vegur yrði tekinn út. Það eru þegar hafnar framkvæmdir á þeim grundvelli, sem lagður var í fyrra af vegamálastj. og vitamálastj., og ég vona þess vegna, að þetta mál geti fengið að halda áfram óátalið, þangað til þetta samband er komið á, svo að það geti þá fengið að sýna sig.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi vænta þess, að hæstv. ráðh. setji sig inn í málið fyrir 3. umr. Þá vil ég einnig biðja hann að athuga áætlun, sem liggur fyrir, frá vegamálastjóra um það, að bryggjurnar kosti 1.600 þús. kr., og einnig athuga áætlun vegamálastjóra um það, að vegurinn fyrir norðan fjörðinn kosti 680 þús. kr. Svo er ekkert annað en leggja saman tölurnar. Að öðru leyti mun ég svara honum við

3. umr., en vænti þá, að hann verði við og hafi sett sig inn í málið.

Gísli Jónsson: Út af ræðu hæstv. ráðh. vil ég leyfa mér að gefa nokkrar skýringar. Hann hefur haldið því fram, að það hafi komið bréf frá fjvn., undirritað af 8 nm. Ég skal ekki deila um það, hvort nokkur munur er á því, að fjvnm. fyrir utan fjvn.fund koma sér saman um að senda út bréf í nafni fjvn. En það er hægt að sjá það í bókun fjvn., að þetta mál hefur ekki verið afgr. frá n., og ég minnist þess ekki, að þetta mál hafi verið til athugunar í n. vegna þess, að þáltill. kemur svo seint fram í n., að hún hafði ekki tækifæri til að rannsaka málið og gera um það ályktun. Hins vegar er mér kunnugt um það, að hv. þm. Borgf. tjáði sig fylgjandi þessu máli, en ég tel það nokkuð annað en að meiri hl. Alþ. hafi verið með þessu máli, og eins og menn muna þá hafa komið fram gögn í þinginu um það að óska eftir, að þetta mál verði rannsakað og lagt fyrir að nýju. Það má benda á það, að sex þm. eru á till., en till. hefur samt sem áður ekki fengið þinglega meðferð. Þessari till. var útbýtt á Alþ. 17. apríl í fyrra, og er óhætt að fullyrða, að frá 17. apríl og þar til fundum var slitið, kemur þetta mál ekki til meðferðar í fjvn. Ég skal hins vegar í sambandi við málið benda á upplýsingar, sem hér eru gefnar og undirritaðar af bæjarstjóranum á Akranesi, og geri ég ráð fyrir, að hann fari þar með rétt mál. Þetta er kostnaður við Hvalfjarðarferju, lendingarbætur og vegi. Geri ég ráð fyrir, að hann hafi þetta frá vegamálastjóra og vitamálastjóra. Hér segir hann, að þessi mannvirki kosti samanlagt 620 þús. kr. Þá liggur málið þannig fyrir fjvn., eða þeim mönnum, sem tóku á sig þá ábyrgð að taka málið upp, að kostnaður allur er áætlaður 620 þús. kr., það er meginatriðið. Og þegar þeir undirskrifa þessa beiðni, þá ganga þeir út frá því, að kostnaðurinn verði ekki annar en þessar 620 þús. kr. En það er allt annað upp á teningnum nú, því að í bréfi frá vegamálastjóra til fjvn. 11. nóv. 1946 óskar hann eftir 815 þús. kr. í lendingarbæturnar einar, og hann segir í þessu bréfi, að þetta sé rúmlega 200 þús. kr. hærra en hann hafi gefið samgmn. upp á sínum tíma, því að þá hafi verið áætlað, að þetta mundi kosta 615 þús. kr., eða 620 þús. kr. eins og hér er tekið fram á þskj. 860 frá 64. löggjafarþingi. En þá vantar vegagerðina, því að hér er talað um sameiginlegan kostnað, og nú fær vegamálastjóri upplýsingar um vegagerðarkostnað upp á 500 þús. kr., og er þetta þá í allt komið upp í 1500—1600 þús. kr. Hann segir hins vegar, að vegurinn kringum Akrafjall komi hvort sem er og þess vegna sé engin ástæða til að lengja þetta mannvirki út af fyrir sig, en í þeim vegi liggi mesti kostnaðurinn. Kostnaður við vegagerð í sambandi við ferjurnar er áætlaður 30 þús. kr. að sunnanverðu, en 160 þús. kr. að norðanverðu. Ég geri því ráð fyrir því, að þó að aldrei verði hugsað um að setja þessar ferjur, þá verði þessi vegagerð til þess að koma á frekara vegasambandi að innanverðu í sveitinni, og hef ég fulla samúð með þeirri vegagerð. Hins vegar hef ég ekki fengið nægileg gögn enn í þessu ferjumáli til þess að geta greitt atkv. um það, hvernig eigi að verja þessu fé, og ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi heldur ekki fengið slík gögn í hendur. Það liggja ekki fyrir þau gögn í málinu, að það sé verjandi að fara nú að setja hundruð þúsunda kr. í þetta mál. Það liggur ekkert annað fyrir en þessar áætlanir. Það liggur ekkert fyrir um það, hvernig þessi rekstur komi til með að bera sig. En ef strax byrjar með það, að stofnkostnaður sé ekki nema ⅓ af útgjöldunum, þá má vænta þess, að eitthvað verði athugavert við rekstrarkostnaðinn. En ég þykist hafa fært sönnur á, að stofnkostnaður hafi breytzt frá því í fyrra úr 620 þús. kr., sem sagt er, að sé sameiginlegur kostnaður, upp í 1400—1500 þús. kr. En í sambandi við þetta vil ég spyrja hæstv. ráðh. Hvað hefur verið gert til að uppfylla það skilyrði, sem fjmrh. setti í sambandi við þetta mál? Mér er tjáð, að hann hafi sett það skilyrði, að Akranesbær legði fram 40% kostnaðar í þessar lendingarbætur og ríkissjóður þyrfti ekki annað en ábyrgjast 60%, en mér er tjáð, að Akranesbær hafi ekki uppfyllt þetta skilyrði. En ef það er rétt, að þetta skilyrði hafi ekki verið uppfyllt, þá vantar mig að fá að vita, hvernig hæstv. samgmrh. hefur getað látið framkvæma þetta, nema aðrir samningar hafi verið gerðir. Ég vil í sambandi við það, sem hæstv. samgmrh. sagði, segja það, að jafnvel þó að fjvn. öll hefði verið sammála um þetta, þá voru t. d. á síðasta Alþ. fjöldamargar till. felldar fyrir fjvn., svo að það er ekki neinn mælikvarði á vilja þingsins, þó að fjvn. leggi eitthvað til.

Ég held því fast fram, að aldrei hafi verið gengið út frá því hér á Alþ., hvort ríkið taki á sig kostnað vegna ferju á Hvalfirði. Ég mun ekki greiða atkv. gegn því, að fé verði veitt til vega þeirra í sýslunni, er um ræðir, en hitt er aðalatriðið, hversu miklu fé eigi að verja til ferjunnar. Það mál er engan veginn nægilega rannsakað. Rekstur ferjunnar mun geta orðið allt að 200 þús. kr. á ári, og spursmál, hvort ekki þarf að fá aðra ferju. En það er þó engan veginn útreiknað, hve mikið rekstur þessara ferja getur kostað, enda er málið í heild, eins og ég hef áður sagt, alls ekki nægilega rannsakað.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það má náttúrlega alltaf deila um, hvenær mál sé fullkomlega rannsakað. En þegar ég fekk þetta mál til meðferðar, þá mæltu sterk rök með því, að hefja mætti framkvæmd þessa máls. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Barð., að þó að 8 menn úr fjvn. sendi ráðh. álit sitt, þá er það ekki þar með sagt, að meiri hluti alls þingsins sé á sama máli. Enn fremur er munur á, hvort þeir gera það sem meðlimir fjvn. eða sem venjulegir þingmenn, en ég hygg, að í bréfinu hafi staðið „fjárveitingarnefndarmenn", og bendir það á nokkur tengsl við fjvn. fremur en þeir hafi sent álitið sem venjulegir, almennir þingmenn. En ég hef haft það á tilfinningunni — það er rétt að segja ekki meira —, að málið hefði fylgi í þinginu og atkvgr. í gær sýndi, að fyrir því var mikill meiri hluti. Hv. þm. Barð. minntist á skilyrði, sem sett hefðu verið bæjarstjórn Akraness. Þau voru einmitt sett vegna þess, að okkur fjmrh. kom saman um, að grundvöllur þingvilja fyrir málinu væri ekki nógu traustur. Var því bæjarstjórn Akraness tilkynnt það skilyrði, að ef Alþ. ákvæði annað, þá yrði Akranes að vera við því búið að leggja fram ⅗ kostnaðarins og eiga síðan mannvirkin, og gekk bæjarstjórnin inn á það. Ef Alþ. hafnar að veita

fé til hafnarmannvirkjanna, þá er það úr ábyrgð Alþ. og ríkisstj. Hér hefur mjög verið talað um, að kostnaðurinn hafi farið fram úr áætlun og áætlunin hafi ekki verið nógu traust. Það er nú engin nýlunda, að áætlanir standist ekki nákvæmlega á þessum breytingatímum, og ekki auðvelt að segja með litlum fyrirvara nákvæmlega um það, hvað svona mannvirki muni kosta. Ég tel þó ekki þær upplýsingar, sem ég hef fengið um vega- og hafnargerðarkostnaðinn, sem er 800—900 þús. kr., stangast mikið við það, sem áætlað er á þskj. 860 frá 1945, en þar er gert ráð fyrir að verja 800 þús. kr. til hafnar- og vegagerðar samanlagt. Síðan var svo gerð grein fyrir vegagerðarkostnaðinum. Nú hefur því verið haldið hér fram af hv. 1. þm. N-M., sem bað mig að reyna að setja mig inn í þessi mál, bara ögn, að kostnaðurinn yrði 2—3 milljónir kr. Hvernig fær hann þessar tölur? Það er upplýst af hv. þm. Barð., að endurskoðuð áætlun vitamálastjóra gerir ráð fyrir um 800—900 þús. kr. kostnaði við hafnarmannvirki. En til vegagerðar hins vegar telur vegamálastjóri þurfa 450 þús. kr., en þar af fara 250 þús. kr. í veg, sem þarf að leggja, þótt engin ferja kæmi, þannig að framlag til vega vegna ferjunnar er aðeins 200 þús. kr. Hv. 1. þm. N-M. virðist fara mjög einkennilega með tölur og ég vildi spyrja þennan hv. þm., hvernig hann leggur saman 200 þús. og 815 þús. og fær út 3 millj. (**PZ**: Tölurnar verða athugaðar fyrir 3. umr.)

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
10.—23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
24.—29. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
30.—41. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
42.—45. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
46.—48. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
49.—53. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
54.—55. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 480, 567, 570).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Brtt. á tveim þskj., sem hér liggja fyrir, á frv. þessu hafa verið athugaðar af samgmn., og hefur hún komizt að þeirri niðurstöðu, að réttast sé að ganga frá frv. óbreyttu þrátt fyrir hugsanlegt réttmæti ýmissa atriða í þessum brtt. Það skal tekið fram, að hvað snertir brtt. á þskj. 567 frá hv. þm. N-Þ., þá hefur hann áskilið sér rétt til að standa með henni, og vildi ég lýsa því hér til að forðast misskilning. Um brtt. á þskj. 570 frá hv. þm. N-M., sem eru 16 að tölu, má segja, að þær hafi ekki allar verið lesnar svo mjög niður í kjölinn, þar sem sú skoðun varð ofan á að hleypa ekki málinu til Nd. Hitt er vitað, að margar brtt. hv. þm. N-M. eru aðeins smávægilegar nafnabreytingar og tilfærsla, sem ekki er mikils virði í sjálfu sér, enda skiptar skoðanir um réttmæti þeirra meðal þeirra, sem kunnugir eru þessum málum. Í þessu frv. er ein stór brtt., sem ágreiningi gæti valdið, en hún fjallar um vegagerð að Hvalfjarðarferju. Frá mínu sjónarmiði er þetta varasamt fyrirtæki og mun reynslan sýna það, en að hleypa málinu milli deilda yrði aðeins þingtöf, en árangur lítill. Um brtt. hv. þm. N-Þ. vil ég ítreka, að hún hefði vafalaust náð samþykki, ef málinu hefði verið hætt til Nd. Hvað snertir hv. þm. N-M., þá er þetta sextánliðaður sérgæðingur og er aðeins kannske eitt atr. í till. hans, sem hægt væri að samþykkja, en fullrúar úr sveitum mundu fussa og sveia, er þeir sæju þessar smávægilegu nafnabreytingar, enda eru till. hans ekki nema til að skapa deilur og leiðindi. Það í vegalagafrv. að öðru leyti, sem verður til réttarbóta, er, að það eru vegir úr sýsluvegatölu gerðir að þjóðvegum. Margir þessir vegir eru nauðsynlegir, engu síður en margir vegir, sem voru í þjóðvegatölu áður. Afstaða þessara nýju vega getur orðið mjög vafasöm, þar sem ekkert fé er ætlað til þeirra á fjárlögum nema eins þeirra og sýslusjóður þarf ekki að leggja neitt fé til þeirra. Nú er talað um, hvernig vegaféð eigi að koma að sem fyllstum notum. Till. lá fyrir um 300 þús. kr. veitingu til skiptingar milli þessara nýju vega, en ég held, að hv. fjvn. hafi ekki sinnt því, og ef það er ekki rétt, þá vona ég, að það verði leiðrétt. En óneitanlega er það hart, að ekkert skuli ætlað til vega, sem sviptir hafa verið aðstoð sýslnanna, og það því harðara sem mikil tilhneiging er hjá hv. fjvn. til sparnaðar, en samt hef ég heyrt, að n. hafi hækkað till. frá vegamálastjóra um allt að 85 þús. kr. Það sýnist því, að hér sé ærið misklipið við neglur. Þetta er ekki sagt til lofs eða lasts, en þetta verður að lesast niður í kjölinn og réttmætti þess látið ásannast. Ég mun svo ekki fjölyrða um þetta, en vildi aðeins minna á þetta, og ef ég fer með rangt mál, er ég fús að taka leiðréttingum.

Ég endurtek það, að samkomulag varð í samgmn. um það að mæla með samþykkt frv.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Hv. frsm. samgmn. sagði tvisvar eða þrisvar, að brtt. á þskj. 567 væri sanngjörn, og ég held, að það sé rétt. Ef menn líta á kortið, þá sést, að vegurinn frá Fljótsdalshéraðsvegi að Mjóafirði hlýtur að komast í þjóðvegatölu, en lengd hans er 20—30 km, en af vangá var endi vegarins ákveðinn í Firði í Mjóafirði. Áður fyrr var verstöð í Mjóafirði og hvalveiðar voru stundaðar þaðan. Þessi staður er ekki innst í firðinum, heldur er það Brekka í Mjóafirði. Hún er aðalútgerðarstöð á þessum slóðum, og af vangá var það, að í Nd. var endi vegarins ákveðinn í Firði í stað Brekku. Þetta er sanngjörn breyting að lagfæra þetta, og samt lagði frsm. n. til, að þessi breyt. yrði felld, því ef hún yrði samþykkt, þá kæmi nýtt tillögumoð frá Nd. Ég get sagt það, að það kann að vera eitthvað til í þessu hjá hv. þm., en svona lítil breyt., sem er nánar sagt leiðrétting, mundi ekki valda misskilningi í Nd. Ég vil því leyfa mér að mælast til þess, að hv. þdm. sýni hér sanngirni og samþykki þessa brtt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af framsöguræðu form. samgmn. Hann sagði, að brtt. á þskj. 570, en það eru brtt. hv. þm. N-M., væru mont í 16 liðum. Hv. 1. þm. N-M. sagðist hafa fengið það knúið fram, að brtt. hans

voru teknar til athugunar, en að þær hefðu alls ekki verið lesnar ofan í kjölinn. Ég skal játa, að athuganir mínar á till. eru óýtarlegar, og það hefur nú vakað fyrir þm. að opna ekki frv. fyrir brtt., því að það er nú senn komið að vertíðarlokum og væri því mjög óhyggilegt að koma nýju flóði brtt. af stað.

Varðandi brtt. á þskj. 570, þá bar hv. frsm. n. þær undir einstaka þm., en það er ofmælt hjá hv. frsm. n., að nm. hafi fussað að þeim. Ég leyfi mér að taka hér dæmi um 8. brtt. á þskj. 570. Sú brtt. er aðeins sjálfsögð leiðréttíng, að í stað orðanna „að Gemlufalli við Dýrafjörð" komi: að ferjustað við Dýrafjörð undan Gemlufalli. Þetta er ekki til að fussa að, þetta ber að leiðrétta. Líkt er háttað um 7. brtt. á þskj. 570. Þar er um að ræða leiðréttingu til réttara máls. Hér er um langa bæjarleið að ræða, og er því enginn hégómi að leiðrétta þetta. Að kalla þetta mont í 16 liðum er alls ekki sæmandi, en ég álít, að hægt sé að samþykkja þessar sjálfsögðu leiðréttingar, án þess að fordæmi verði til nýs flóðs brtt.

Varðandi till. um Hvalfjarðarveginn þá er það mikið mál, og sumir telja rétt að hverfa frá því að koma ferju yfir Hvalfjörð. Ég veit, að ef ferja kæmi á Hvalfjörð, þá mundi losna mikill krókur á leiðinni frá Reykjavík til Vestfjarða, en gæti nú ekki fullkomið ferjuskip, sem gengi frá Reykjavík til Akraness, gert eins mikið gagn eða meira gagn. Ég held því, að þetta mál geti valdið deilum, og er vafalaust tilgangslítið að hefja þær nú í lok þingtímans, og ég fellst á, að meta skuli meir að koma frá sér vegalagafrv. sem fyrst, en í brtt. hv. þm. N-M. felst ekki annað en smávægileg leiðréttíng, sem ber að leiðrétta. Varðandi brtt. á þskj. 567, brtt. hv. þm. N-Þ., þá felst í henni sanngjörn leiðréttíng, en ef það er annars vilji hv. þm. að opna ekki frv., þá er sjálfsagt að greiða ekki atkv. með brtt., eða á hinn bóginn, að opna frv. að nýju fyrir brtt. Annað vildi ég nú ekki segja á þessu stigi málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér út af brtt. á þskj. 570 við lið 9 að taka það fram, að ég bar brtt. fram um þetta efni á öndverðu þingi, við 1. gr. frv., c-liðinn, en er ég ræddi við oddvitann í Tálknafirði um þetta, þá gaf hann í skyn, að það mundi duga að komast að Sveinseyri, og því lagði hann áherzlu á, að veginum yrði lokið að Sveinseyri, og er brtt. þessi ekki eftir minni ósk eða sveitarfélags Tálknafjarðar, en ég þakka hv. þm. N-M. góða hjálp.

Um brtt. þm. N-Þ. er það að segja, að mér er nú ekki kunnugt um, að mikil iðjuver eða mikil útgerð sé í Mjóafirði, og er ég nú hræddur um, að ýmsum stöðum lægi meira á að komast í vegasamband, og væri t. d. meiri ástæða til þess að tengja Raufarhöfn í akvegasamband. Hv. þm. sagði, að þetta væri aðeins leiðréttíng. Þetta er ekki rétt. Hér er lagt til að taka inn stóran vegarkafla. Þá vil ég svara hv. 2. þm. Árn. að nokkru. Hann sagðist hafa lagt til, að veittar yrðu 250 þús. kr. til Hvalfjarðarvegar og 60 þús. kr. til Akranesvegar. Þetta er allt sett undir Akrafjallsveg, og er hér því ekki um neina sundurliðun að ræða. Hins vegar leggur þm. til, að veittar séu 300 þús. kr. til vegar, sem þegar er búið að veita til á síðasta ári 500 þúsund kr. Þetta er vegurinn um kjördæmi hv. þm. Fyrst er beðið um vegi fyrir tveggja tonna flutning, þá 6 og svo fyrir 15 tonna, og um þetta er beðið á sama tíma og ekki er hægt að aka hjólbörum á milli bæja í öðrum héruðum. Íbúar Sunnlendingafjórðungs eiga ekki alltaf að hafa forgang fyrir vegum. Það eru önnur héruð, sem liggur meira á, þar sem svo er ástatt, að íbúarnir hungra vegna þess, að ekki er fær vegur til þess að flytja mjólkina á. Mér þykir rétt, að það komi fram, að það séu fleiri en Sunnlendingar, sem þurfa á samgöngum að halda. Ég legg svo til, að ekki verði gerðar breyt. á frv., þar sem nú er mjög liðið á þingtímann.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er einstök aðferð, sem hér er við höfð. Frsm. byrjar að ræða mínar till., áður en ég fæ að mæla fyrir þeim, og þó kvaddi ég mér hljóðs þegar í fundarbyrjun. Þetta brýtur í bága við allar venjur og siði í þinginu. (**Forseti (ÞÞ):** Flm. hafði ekki beðið um orðið. Forseta var a. m. k. ekki tilkynnt um það. Og ef hv. þm. heldur sér ekki við efnið, verður tekið af honum orðið.) Ég sný ekki til baka með það, að þetta er einstakt fyrirbrigði hér að gefa ekki orðið af forseta í þeirri röð, sem menn biðja um það. Og svo lýsir hér yfir maður, sem er form. n., að hann sé á móti öllum brtt. af ótta við, að málið verði fellt í Nd. En ég veit, að hann eða aðrir, sem hafa lýst sig á móti till., hafa ekki lesið þær yfir og ekki spurt vegamálastjóra um þær. Það sést bezt á því, að hv. þm. N-Þ. talaði um, að brtt., sem hann er með, sé leiðréttíng, því hafi verið gleymt í Nd. að láta veginn enda á Brekku. En þessi vegur var tekinn í vegal. fyrir 2 áratugum eða meir og síðan hefur ekki verið hróflað við honum. Hér var ekki um neina gleymsku að ræða af Nd. En ef það er leiðréttíng að lengja þjóðveg, sem fyrir er, um 18 km, þá er flest orðið leiðréttíng. (**BK:** Um 18 km. Hvaða andskotans vitleysa.) Nú skal ég gera grein fyrir mínum brtt. Þegar ég er búinn að því, þá bið ég hv. form. n. að tala um þær og segja mér, hvað sé að þeim. 1. brtt. mín er við A. 32. Í stað orðanna „að Hábæ í Þykkvabæ" komi: um Miðkot að Unuhóli í Þykkvabæ. Hér er um að ræða að lengja þjóðveginn, sem fyrir er, og láta hann enda í Unuhóli í Þykkvabæ. Það mun vera í kringum 1300 m, sem hér þarf að lengja veginn, og með því að lengja hann um þetta, þá kemst hann í samband við 14 nýja bæi. Vill nokkur segja mér, hvar á landinu er hægt að lengja þjóðveg um ekki lengri spotta en góðan kílómetra og komi þó eins mörgum mönnum að gagni og þarna. Þetta er ekki leiðréttíng, heldur lenging á veg, sem fyrir er. 2. brtt. skal ég tala um síðar. 3. er leiðréttíng. Ég legg til, að í stað nafnsins „Reykholtsdalsvegi" komi: á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal. Þótt ég leiti í öllum lagafrv., þá finn ég hvergi Reykholtsdalsveg, því að hann er bara partur af Borgarfjarðarbrautinni. Það er engin mynd á því að vera að festa í l. nöfn á vegum, sem alls ekki er þeirra rétta heiti, og þetta nafn er hvergi til í l. Í l. á að gefa hverju og einu sitt rétta heiti. Það er með þetta eins og mannslíkamann. Hann stendur saman af mörgum líkamspörtum, sem svo er gefið sérstakt nafn, og þegar maður vitnar til hans á að nota hans aðalnafn og rétta nafn, en ekki nafn einhvers partsins. 4. brtt. er við B. 21. Liðurinn orðist svo: Hvítársíðuvegur: Af

Kleifavegi inn Hvítársíðu að Fljótstungu. 5. brtt. er nýr liður aftan við 4. brtt. Liðurinn orðist svo: Hálsasveitarvegur: Frá Hvítársíðuvegi nálægt Bjarnastöðum yfir Hvítá og á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti. Ég lengi þá þennan veg um 14—16 km og set alla bæina í Hvítársíðunni í samband við hann. Þeir þurfa allir að flytja mjólk í kaupstað daglega og þurfa á vegarsambandi að halda. Þá er það 6. brtt. Það er ekki annað en leiðréttíng. Liðinn skal orða svo: Kaldrananesvegur: Af Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði að Kaldrananesi. Það er ekki rétt að skíra þennan veg eftir héraðinu, sem hann liggur um, heldur er réttnefni hans Reykjarfjarðarvegur, en Kaldrananesvegur liggur af honum í Bjarnarfirði og að Kaldrananesi. 7. brtt. er aftur á móti viðbót við veg, sem fyrir er. Í stað orðanna: „að Árnesi" komi: um Árnes að Eyri í Ingólfsfirði. Reykjarfjarðarvegur er látinn enda í Árnesi. En 4—5 km frá Árnesi er Eyri í Ingólfsfirði. Þar er nú að rísa upp þorp og síldarverksmiðja, svo að þörf er að lengja veginn þangað. 8. brtt. er um, að í stað orðanna „að Gemlufalli við Dýrafjörð" komi: að ferjustað við Dýrafjörð undan Gemlufalli. Ég hef farið þessa leið, sem hér er um að ræða, og er hún um kortersgangur. Það er frá bænum niður að sjónum. Það er ætlunin að ferja komi þarna yfir Dýrafjörð, og mun tekin fjárveiting til hennar í fjárlögin, svo að það nær ekki nokkurri átt að láta veginn enda heima á bænum í stað þess að leggja hann alveg niður að sjónum. Þetta er eiginlega leiðréttíng, en þó líka viðbót við þjóðveg. Þegar ég sagði vegamálastjóra frá þessu, sagði hann: Við látum hann fara niður að sjónum. En hvers vegna á þá ekki að setja það inn í l., að það skuli leggja þennan spotta? Mér finnst það bara sjálfsagður hlutur. 9. brtt. er um, að vegurinn komi um Sveinseyri að Stóra-Laugardal. Þetta er lenging til þess gerð, að vegurinn komist lengra inn í sveitina. Mér finnst þessi brtt. eigi rétt á sér. 10. brtt. er ef til vill lenging og ef til vill ekki lenging. Nú stendur í l., að vegurinn skuli liggja yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá. Brúarstæðið er óákveðið. Það hefur ekki verið mælt fyrir því enn þá. Ég legg til, að vegurinn liggi um Ásbrekku og yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá. Ásbrekka er endastöð allra rútubíla, og þangað koma allir. Ég vil slá því föstu, að vegurinn komi þangað. Nú má vel vera, að brúin verði byggð fyrir innan Ásbrekku, en ég vil samt láta taka þetta fram í l., að vegurinn skuli lagður þangað, svo að hann verði þar, þótt svo fari, að brúin verði byggð utar. Í 11. brtt. legg ég til, að vegurinn verði lagður „um Goðadali" í stað: Tungusveit og yfir brú á Héraðsvötnum. Ég vil taka það fram, að hann skuli liggja fram í Goðdali. Goðdalir eru nokkurs konar miðstöð fyrir dalina fram frá, og þangað vil ég láta veginn ná. Það kann auðvitað vel að vera, að hann nái þangað, því að enginn veit enn, hvar brúin verður byggð yfir Héraðsvötn. En í l. stendur nú: um Tungusveit og yfir brú á Héraðsvötnum. Hér er því, eins og í till. næstu á undan, alls ekki víst, að um nokkra lengingu á veginum sé að ræða. 12. brtt. er lenging. Ég legg til, að í stað „að Ríp" komi: um Ríp að Eyhildarholti. Þetta er viðbót um 6 km. Í Eyhildarholti, sem er fremsti bær í Hegranesi, eru lögferjur bæði vestur og austur yfir vötnin. Og ég vil láta veginn ná að ferjunum, en ekki slíta hann þarna í sundur. Ég vil ekki láta veginn enda við Ríp. 13. brtt. er leiðréttíng. Ég legg til að í stað „Ólafsfjarðar" komi: Ólafsfjarðarkaupstaðar. Mér finnst ekki ástæða til að láta veginn enda í firðinum, en þannig mætti skilja það nú, heldur liggja út í kaupstaðinn. Þá er 14. brtt. Í stað orðanna „að Sandvík í Bárðardal" komi: um Sandvík að Bjarnarstöðum. Ég vil láta veginn ná að Bjarnarstöðum. Þetta er lenging um 12—17 km. 15. brtt. er um að kalla Lagarfoss sínu rétta nafni. Hann hefur verið skírður Lagarfoss, en ekki Foss, eins og þarna stendur. 16. brtt. er einnig leiðréttíng. Í stað orðanna „og Fagradalsbraut í Reyðarfirði" komi: á Fagradalsbraut innan við Búðareyri.

Það er þá ljóst, að þessar brtt. mínar eru yfirleitt ekkert annað en leiðréttingar og smærri lengingar, t. d. eins og vegurinn frá Gemlufalli og niður að sjónum. En þá kem ég líka að stærstu brtt. eða 2. brtt. Ég skal fyrst benda á, að fram kom páltill. um þetta mál á þinginu, sem var fyrir árið 1945. Hún kom fram 17. apríl 1946 á þskj. 860. Till. lá nú ekki meira en það á, að þótt fyrsti flm. hennar væri maður, sem ýtir á eftir hlutunum, hv. þm. Borgf., þegar honum sýnist svo, að hún kom ekki á dagskrá fyrr en 27. apríl og dagaði svo uppi, þótt fundir væru eftir það haldnir í Sþ. Hefði hún því getað komizt lengra, ef menn hefðu kært sig um. Þinginu var slitið eftir 2 daga, 29 apríl, svo að till. komst ekki í gegnum þingið. Í grg., sem þá fylgdi till., var sagt, að áætlað væri, að lendingarbætur kostuðu 620 þús. og vegurinn fyrir norðan fjörðinn 140 þús. og fyrir sunnan fjörðinn 160 þús., eða samt. 920 þús. kr. Sagt var í grg., að áætlunin væri mjög lausleg og gæti breytzt við nánari athugun. Á þessum forsendum hafði fjvn. ekki treyst sér til að gera neitt í málinu, enda þingi slitið 2 dögum eftir, að till. kom til hennar. Það kann að hafa verið með vilja gert að láta málið koma svona seint fram, til þess að það yrði sem minnst rannsakað, því að þegar farið var að rannsaka málið nánar, þá komst upp, að lendingarbæturnar mundu kosta um 1300 þús. Og nú er komið upp í 1 millj. og 450 þús. Hins vegar er þessi áætlun reiknuð með vísitölunni 290. Það má gera ráð fyrir, að vinna í þessu sé alltaf 1100 þús. kr., og er hún reiknuð með vísitölu 290, en hún er nú orðin 310. Vitamálastjóri segir í bréfi, er hann skrifaði í haust, að hann hafi gert áætlun um lendingarbætur fyrir norðan fjörðinn upp á kr. 400 þús. Síðan hefur grunnkaup hækkað á Akranesi, svo að þetta hlýtur að verða dýrara en þarna er áætlað. En ekki er hægt að segja, hvað það muni nema miklu. Fyrir norðan fjörðinn er nú búið að vinna fyrir 130 þús. kr. Það er búið að gera þarna allmikið verk. Vegamálastjóri, sem séð hefur um þetta, segir, að búið muni að vinna ⅙ hluta af öllu verkinu, en menn, sem hafa unnið þar, telja, að lokið sé við ⅓. En hvor talan sem væri nú rétt, þá er það víst, að verkið allt kostar miklu meira en 400 þús., þar sem það, sem búið er, hefur kostað 130 þús. Ef ⅙ hluti er rétt, þá mun verkið fara upp undir 1 millj., en sé það ⅓, þá væri það ekki nema um 700 þús. Á þessu má dálítið átta sig á, hvað þetta muni kosta, en það verður aldrei undir 2 millj. kr. Vilji maður halda sig við gömlu vísitöluna, þá kemst maður upp í 1800—1900 þús. kr. Hvernig sem málið er skoðað, þá er það víst,

að kostnaðurinn mun fara upp undir 2 millj. kr. eða meira, og það kæmi mér ekki á óvart, þótt hann færi langt upp fyrir það. Þetta er nú sú brtt., sem er langveigamest og langhættast við, að um yrði deilt í Nd., ef hún yrði samþ. hér. Flestar þessar brtt. eru gersamlega saklausar, og það þarf ekki nokkur að óttast, að Nd. fari að deila um það t. d., hvort vegurinn sé látinn enda við Gemlufall, í stað þess að lengja hann að sjónum og ferjustaðnum, eða hvort skuli kalla vegi sínum réttu nöfnum eða ekki. Það er engin ástæða til að ætla annað en Nd. telji og viðurkenni, að slíkt er réttmætt. En þar að auki er það í þessu máli, að það er eiginlega skammarlegt gagnvart sjálfum sér að þora ekki að gera það, sem rétt er, vegna ótta við það, að önnur d. líti öðruvísi á málið og það geti tafið fyrir framgangi þess. Það er enginn hlutur, sem fær mig til að gera annað en það, sem rétt er. Það verður að hafa það, hvað Nd. gerir. Ég lít á mig sem minni mann, ef ég geri annað en það, sem ég álít satt og rétt í hverju máli. Ég tel því það sjónarmið fjarri öllu lagi að þora ekki að breyta frv. af ótta við það, sem Nd. mundi gera. Ég hef nú lýst þessum brtt., eins og vani er, þegar brtt. koma fram. Svo er það venja, að aðrir finni að þeim og þeim rökum, sem fram hafa verið borin. En nú hefur það skeð, að aðrir hafa gagnrýnt brtt., áður en ég fékk að hafa framsögu fyrir þeim. Það er alveg ný venja. Það má vel vera, að það sé eins gott, en ég sé bara ekki búinn að venja mig við það. En ég kann ekki við þá aðferð enn, sem komið er. Hins vegar kunna forseti og frsm. að álíta það vera til bóta að láta ræða brtt. og gagnrýna, áður en talað er fyrir þeim. En eins og ég hef sagt, eru flestar þessar brtt. svo sjálfsagðar, að óskiljanlegt er, að nokkur maður skuli láta sér til hugar koma að fella þær. T. d. er það furðulegt, að nokkur skuli heldur vilja kalla veginn um Reykholtsdal Reykholtsdalsveg í staðinn fyrir Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal, en það er hans rétta og eina nafn. Þetta væri það sama og ég væri að tala t. d. við Hannibal og kallaði hann bara Bala eða eitthvað annað, sem mér dytti í hug. Hver vissi við hvern ég ætti? Það gæti kannske einhver látið sér það til hugar koma, sem hefði þekkt hann, þegar hann var strákur. En hann hefur aldrei verið skírður þessu nafni og heitir það ekki. Mér er það alveg óskiljanlegt, hvað kemur mönnum til að vilja kalla hlutina öðrum nöfnum en þeir heita. Hitt er svo aftur á móti skiljanlegt, ef menn eru mótfallnir því að lengja vegina. Í sumum af brtt. mínum er lagt til að lengja vegi og koma mörgum bæjum í vegasamband, og ég er ekkert hissa, þó að menn séu því mótfallnir, en hitt er mér alveg ráðgáta, þegar menn berjast á móti því að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Svo hélt hv. 2. þm. Árn. því fram, að ég væri að koma fram með nafnbreytingar. Það er hreinasta fjarstæða. Það er nefndin, sem er með nafnbreytingar. Ég er bara að færa nöfnin á vegunum í það horf sem verið hefur, kalla vegina þeim nöfnum, sem þeir hafa verið skírðir í lögunum sjálfum. Ég man tvívegis eftir því, að svipaðar vegalagabreytingar og nú, um að veita fé til nýrra þjóðvega, hafa verið bornar fram. Í bæði skiptin voru þær till. stráðrepnar og aldrei veitt fé til nýrra þjóðvega sama ár og þeir voru teknir í þjóðvegatölu. Mér skildist á hv. 2. þm. Árn., að hér ætti að taka upp nýja þingvenju og veita fé í slíka vegi. Ég skal ekki dæma um réttmæti þeirrar venju að veita ekki framlög til nýrra þjóðvega sama ár og þeir koma í vegalög, og það má að vissu leyti segja, að venjan hafi verið brotin með fjárveitingu til Akravegar, en um það má þó deila, hvort þar hafi verið veitt til nýs vegar, því að þar skeði ekki annað en að vegurinn var gerður miklu breiðari og fullkomnari en venjulegt er. Annars hefði ég helzt kosið að halda mig við venjuna og veita ekki fé til nýrra þjóðvega, hvort sem þeir hafa áður verið hreppa- eða sýsluvegir. Inn í þessa umr. hafa blandazt framlög ríkisins til vegamála. Þar tek ég undir það, sem hv. form. fjvn. sagði, og ég tel alveg fjarstætt að hugsa sér, að veitt sé jafnt í hverja sýslu ár frá ári og jafnmikið í allar sýslur. Nú eru t. d. tvær sýslur, sem hafa langfullkomnast vegakerfi. Í annarri er aðeins lítill spotti, sem ekki er akfær, en í hinni eru allir vegir akfærir. Að láta sig svo dreyma um, að þessar sýslur fái jafnmikið framlag og þær sýslur, sem hafa fleiri km óvegalagða, það er hrein fjarstæða. Ég held því, að hv. þm. veitti ekki af að kynna sér ástandið í vegamálunum, og ég held, að ríkisstj. ætti að láta gera klissju af því línuriti, sem vegamálastjóri hefur, yfir þjóðvegi og sýsluvegi, svo að hv. þm. tali ekki af eins mikilli vanþekkingu um þessi mál og komið hefur í ljós. Það gæti opnað augu manna fyrir því, að ekki er verjandi að ætla að veita jafnmikið fé í sýslur, sem hafa nær alla eða alla vegi akfæra, og í þær, sem hafa marga km óakfæra. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Brtt. mínar eru sumpart til lengingar á vegum. Aðeins ein er stórvægileg og gæti valdið deilum í hv. Nd., aðrar ekki.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið inn í þessar umr. Það eru aðeins tveir vegir, sem ég vildi minnast á og mér er kunnugt um að þurfa breytinga við, ef í lagi eiga að vera. Í frv. til vegalaga, 2. gr. a-lið 2, er talað um Reykjanesbraut frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis. Nú er aðalbyggðin í Miðneshverfinu í Sandgerði, og þaðan er útgerðin stunduð, en suður á Stafnesi eru jarðir og stundaður landbúnaður. Frá Sandgerði og út á Stafnesið eru 20 býli, og öll þessi býli þurfa gott vegasamband við Sandgerði til að koma þangað afurðum sínum og flytja kaupstaðarvarning sinn þaðan. Nú nær þjóðvegurinn aðeins til Sandgerðis, en sýsluvegur er frá Sandgerði út að Stafnesvita. Þessi vegur er nokkur baggi á sýslusjóði, því að sýslan er stór og strjálbýl og í mörg horn að líta um framlög til vegamála. Það er nú almennur áhugi manna þarna suður frá, að vegurinn út á Stafnesið sé tekinn í þjóðvegatölu. Það finnst mér að öllu athuguðu mjög sanngjarnt og miklu sjálfsagðara en að taka upp suma þá vegi, sem þegar eru þjóðvegir. Því leyfi ég mér ásamt hv. 1. þm. Reykv. að bera fram svohljóðandi skrifl. brtt. við 2. gr. A. 2.: „Í stað“ til Sandgerðis“ komi: um Sandgerði og að Stafnesvita.“

Þá er það Grindavíkurvegur, sem gert er ráð fyrir, að liggi af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvita. Í Grindavík er byggðin, sem kunnugt er, í tveimur hverfum, Járngerðarstaðahverfi og Þórkötlustaðahverfi. Aðalbyggðin hefur verið í Þórkötlustaðahverfinu, og þangað

liggur vegurinn. Nú hafa orðið breytingar á þessu, t. d. hafa hafnarbætur verið gerðar í Hópinu, og hefur Járngerðarstaðahverfið vaxið mjög. Útgerðin hefur aukizt og bæjunum fjölgað við hin bættu atvinnuskilyrði. En hin bættu atvinnuskilyrði hafa í för með sér þörf fyrir aukna vegi, en sá vegur, sem nú er til, er hreppsvegur, og hreppurinn er þess ekki megnugur að sjá nægilega myndarlega um hann. Þá er eitt mjög þýðingarmikið atriði, sem gerir þörfina fyrir góðan veg þarna enn þá brýnni. Skipströnd eru mjög tíð í Grindavík, og Grindvíkingar hafa gengið mjög vasklega fram í björgunarstarfsemi og keypt góðan björgunarbát. En skipin stranda víðsvegar á nesinu, og þarf þá að flytja bátinn til á landi, svo að hægt sé að koma honum við við björgunarstarfið. Hann hefur hingað til verið fluttur eftir þessum lélega vegarspotta, sem til er, en í vetur munaði minnstu, að ómögulegt væri að koma bátnum á milli, og hafði það næstum kostað mörg mannslíf. Það er því sómi þjóðarinnar, að þessi vegur sé í góðu ástandi. Menn sjá, hve alvarlegt það er, ef björgunarbát verður ekki við komið vegna slæmra akvegasambanda. En hreppurinn hefur ekki tök á að bæta úr þessu, og sýslan hefur í mörg horn að líta. Því er ekki annað fyrir hendi en ríkissjóður hlaupi undir bagga, og ef borið er saman við aðra vegi, sem ríkisstyrks njóta, þá held ég, hvað þörfina snertir, að þessir vegir standi í alfremstu röð. Ég sé svo ekki ástæðu til að fylgja þessu frekar eftir, en legg fram ásamt hv. 1. þm. Reykv. svohljóðandi skrifl. brtt. við 2. gr. A. 3.: Aftan við greinina komi: og frá Járngerðarstaðahverfi um Þórkötlustaðahverfi að Hrauni. Vænti ég þess, að þessar till. mæti hér í hv. deild þeim skilningi, sem þær eiga skilið.

Umr. frestað.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt hér skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. og hv. 7. landsk., og er hún svohljóðandi:

„1. Við A. 2. Í stað „til Sandgerðis" komi: um Sandgerði og að Stafnesvita.
2. Við A. 3. Aftan við greinina komi: og frá Járngerðarstaðarhverfi um Þórkötlustaðahverfi að Hrauni."

Þessi till. er bæði skrifleg og of seint fram komin, og þarf því að leita tvöfaldra afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 636) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég hef nú eiginlega ekki ástæðu til að segja mikið um þetta frv. umfram það, sem ég hef áður sagt, því að ég tel, að umræður og andmæli hafi ekki gefið tilefni til þess. Sumt af því, sem hér hefur verið rætt um, er hreint hégómamál eða óviðkomandi frv. Hv. 3. landsk. tók hér til máls — ég sé, að hann er nú ekki við —, en það var alveg óþarft fyrir hann að taka upp þykkju fyrir hv. 1. þm. N-M., sem er þess vel umkominn sjálfur að svara fyrir sig, ef hann telur ástæðu til. Hv. 3. landsk. sagði, að ég teldi till. bera vott um sérgæðingshátt og mont í 16 liðum. Maður segir nú svo margt að gamni sínu, en ég gat ekki gert að því, að mér fannst þetta nokkuð drýgindalegt. En hv. 1. þm. N-M. er nú svo svamvanur á bringu og baki, að engin þörf er fyrir aðra þm. að taka upp þykkju fyrir hann. Hitt skiptir máli, að þm. sagði, að ég hefði sagt, að allar till. hv. 1. þm. N-M. væru einskis virði, og allir, sem ég hefði talað við úr héraði, hefðu fullyrt það. Þetta er alrangt. Ég sagðist aðeins hafa talað við ýmsa heiman úr héraði — ég hafði t. d. ekki talað við þennan hv. þm., og það er bezt, að hann hermi rétt frá —, og sumir þeirra hefðu talið þessar brtt. óþarfar. Annars viðvíkjandi því, að ég mæli á móti þessum till. af ótta við hv. Nd., þá verð ég að segja það, að ég ber ekki í brjósti neina minnimáttarkennd gagnvart henni. Ég hef aðeins minnzt á þetta, eins og það liggur fyrir, að þegar þetta frv. er svo langt komið áleiðis og nálægt afgreiðslu, þá er viðurhlutamikið að vera að senda það á milli deilda, og þó sérstaklega, þegar miklir ágreiningspóstar eru með, eins og t. d. Hvalfjarðarferjan. Ef losaður er steinn, þá er laus skriðan, það sannast alltaf. Þetta sést bezt hér í sambandi við till. hv. 1. þm. N-M. Ef þær væru samþykktar, mundi rigna hér niður fleiri nýjum og nýjum till., og er skemmst að minnast hinnar skriflegu brtt. þeirra hv. 1. þm. Reykv. og hv. 7. landsk., og ekki sá ég betur en að einn þm. hér væri áðan að skrifa upp till., sem hann mun hafa hug á að bera fram, og af öllu sést, yfir hverju þm. búa, ef losað er um stein og einhverjar brtt. samþykktar.

Ég vil ekkert þurfa að endurtaka, en viðvíkjandi þeim skriflegu brtt., sem nú er búið að lýsa, þá er hið sama um þær að segja og hugsanlegar brtt., sem ég hef ástæðu til að ætla, að bornar verði fram, og það er það, að mál þetta er nú svo langt komið, að ég sé ekki ástæðu til að leita umsagnar nm. í samgmn. um þessa eða þessar tillögur. Þeir hafa þegar sagt skoðun sína á brtt. í heild. Ég get vel játað, að sumar brtt. eru réttmætar, eins og t. d. brtt. hv. þm. N-Þ. og sumar brtt. hv. 1. þm. N-M., þó að flestar séu þær smásmugulegar nema till. um Hvalfjarðarferju. En þrátt fyrir þetta eru þessar brtt. ekki þess verðar að fara nú að senda málið á milli deilda. Og það er sízt hvetjandi til samþykktar, er einn þm. tekur sig til í seinni d. og gerir stærri og smærri brtt. um ýmis atriði, er snerta vegagerðir víða um land, eftir að vegamálastjóri og fyrri deildin, og að nokkru leyti þessi d. eða samgmn. hennar, hafa komið sér saman um annað. Nei, mér finnst það ekki hvetjandi til samþykktar, er einn þm. tekur sig til svona seint og ber fram allar þessar brtt., og þyrfti þá að bera brýna ástæðu til.

Varðandi hina skriflegu brtt., er ég minntist á áðan, þá veit ég ekki um afstöðu meðnm. minna til hennar sérstaklega. Ég get út af fyrir sig fallizt á, að hún sé á sanngirni byggð. Þó tel ég ekki svo nauðsynlegt að samþykkja hana, að rétt sé að opna með því lögin til endursendingar, enda er það ekki hentug venja að nauðsynjalitlu. Aðrir nm. hafa ekkert um hana sagt, en um skoðun þeirra ályktа ég út frá því, sem þeir hafa sagt almennt um brtt. í nefndinni sjálfri.

Hv. þm. Barð. þurfti ekki að vera að fara hér út í aðra sálma og héraðapólitík, hvort þetta eða hitt héraðið hefði fengið mikið eða lítið eða orðið afskipt um vegi. Það er gömul ræða, sem hv. þm. Barð. hefur flutt hér. Þeir vitna báðir, hann og

hv. 1. þm. N-M., til hinna ágætu línurita, sem sýna vegalengdir og þjóðvegi í ýmsum héruðum landsins. Það er ekki nema ágætt að fá þessar upplýsingar. En að eiga að draga ályktun út frá því, hvað þær línur eru langar, það er annað mál, sem liggur ekki eins opið fyrir. Ég hélt, að það ætti að haga vegaframkvæmdum í þessu landi einkum út frá þeirri þekkingu, sem við höfum á nauðsyninni á vegum í landinu, miðað við það stríð, sem stendur um það að varðveita íslenzkar sveitabyggðir og koma í veg fyrir, að allir Íslendingar verði kaupstaðabúar. Það hélt ég og að þá kæmi í fyrsta flokki, að vegir væru fyrst og fremst gerðir þar, sem náttúran hefur lagt í hendur okkar bezt skilyrði til þess að rækta landið, svo að fólkið vildi vera í sveitinni. Þetta er frá mínu sjónarmiði grundvallaratriðið, og ég veit, að því viðsýnni sem forráðamenn málefna þjóðarinnar á Alþ. verða, því frekar hlýtur þetta sjónarmið að verða tekið til greina. Auðvitað vill maður ekki segja, að hin afskekktari héruð og óbyggilegri þurfi ekki vegi. Maður getur ekki fengið af sér að segja það, og ég tel það enda ekki réttmætt. En þessi sterki, sífelldi tónn, að héruðin séu afskekkt og eigi því að fá vegi án þess að taka með í reikninginn meginsjónarmiðið, sem ég hef talað um hér, það er dálítið óviðkunnanlegt að heyra hann sí og æ. Þó að eitt eða tvö eða þrjú afskekkt byggðarlög á landinu eigi duglega þm., sem koma auga á það, að þar þarf miklu meira af vegum og það hafi langt um meira verið lagt til vega annars staðar — og það er rétt —, þá verða þau sjónarmið að vera tekin til greina, að það er ólíku saman að jafna, blómlegum héruðum og þéttbýlum annars vegar, og hins vegar afskekktum byggðarlögum, sem svo er komið um, að þau rétt hanga í byggð, illu heilli. Og þar koma til greina sérstök sjónarmið um byggð nærri höfuðstað landsins, sem verður að gera sér grein fyrir. Nú vita allir, að rætt er um þetta og það gert að álitamáli, hvernig eigi að haga framtíðarræktun á þessu landi, hvort á að leggja aðaláherzluna á að hlúa að byggð, þar sem bezt skilyrði eru fyrir hendi á alla lund til atvinnu við jarðrækt, eða hvort eigi að jafna þannig í pokanum að láta nú mest af vegafé til afskekktari staða. Ég legg ekki út í að dæma um þetta. En þetta hlýtur að verða mjög gagngert tekið til umr. á nálægum tíma. Ég vil ekki láta bera mér á brýn, að ég fyrir mitt leyti vilji ekki unna afskekktum og samgöngulitlum útkjálkum samgöngubóta. En að bera þetta saman á þennan hátt, eins og hv. þm. Barð. gerir, það álít ég fjarstætt, þótt hann geti með þessu móti með miklu harðfylgi fengið nokkru framgengt í þessu efni, en það verður aldrei staðgott til lengdar. Ég hefði aldrei farið inn á þetta, ef hv. þm. Barð. hefði ekki gefið tilefni til þess, og ég hef skýrt mína afstöðu til brtt., sem fram hafa komið, til viðbótar því, sem búið var áður að samþ. Ég álít ekki ástæðu til þess að raska frv. frá því, sem er, þótt brtt. séu fram komnar við það, enda þótt sitt hvað mætti segja því til réttlætingar, að ákvæði þeirra hefðu átt að vera komin inn í frv., eða, þó fyrr hefði verið, inn í vegal. En ekki sé ég ástæðu til að hreyfa nú við frv. þeirra vegna, eins og á stendur.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. upplýsti hér í hv. d. í dag, að þessi vegur í Mjóafirði væri kominn inn í vegal. fyrir alllöngu síðan. Þetta er alveg rétt, og mér þykir fyrir, að mér skyldi hafa orðið á sú villa að halda hinu gagnstæða fram. En þetta breytir engu að því leyti, að ég tel þessa brtt. leiðréttingu á því, sem ég tel, að hafi orðið af vangá í vegal., þegar vegurinn var samþ., því að mér finnst það liggja í augum uppi, að þegar búið er að taka veg í þjóðvegatölu, þó að svo sé um alllanga leið þarna, þá hefði það haft tiltölulega litla þýðingu, ef sá vegur hefði ekki verið látinn enda þar, sem rekin var á fyrri tíð töluvert blómleg útgerð, að Brekku. Ég álít, að það breyti engu að þessu leyti, þótt vegurinn hafi verið kominn í þjóðvegatölu. Hv. 1. þm. N-M. mótmælti því, sem ég sagði um vegarlengd þarna austur frá. Ég held, að ég hafi nefnt 5 km, eins og hv. þdm. muna, og gat ég þess, þegar ég flutti þessa brtt. upphaflega, að ég flytti hana samkv. ósk hv. 1. þm. S-M., núverandi hæstv. menntmrh., því að það hefur einhvern veginn farið fram hjá honum að flytja hana í Nd. Allar upplýsingar, sem ég hafði, eru frá honum. Ég hef aldrei á þessar stöðvar komið, og ég tók svo eftir af honum, að þessi vegur mundi vera 5 km. En nú hefur hv. 1. N-M. mótmælt þessu og talið veginn 18 km. Fór ég því til hv. 1. þm. S-M. og spurði hann um þetta, og hann sagðist hafa nefnt 15 km. Þetta hefur því misheyrzt hjá mér. Þegar svo hv. 1. þm. N-M. heldur því fram, að vegurinn sé upp undir 18 km, en hv. 1. þm. S-M., að hann sé 15 km, (**GJ:** Þá er bezt að fara millileið.) þá liggur mér við að trúa betur hv. þm. kjördæmisins, 1. þm. S-M., svo að ég held, að úr því að hv. 1. þm. N-M. fór að leiðrétta þetta hjá mér, hefði hann heldur átt að fara nær því rétta en að auka það.

Ég hef heyrt, að hv. þm. Barð. hafi eitthvað mælt á móti þessari brtt. minni og talið Mjóafjörð dauðan stað, hvað útgerð snertir. Þetta mun rétt, eins og nú stendur. En við höfum ótal dæmi þess um ýmsa staði, þar sem útgerð hefur verið, að þeir hafa á fáum árum breytzt, þannig að þar hefur risið upp blómleg útgerð. Þess mætti nefna mörg dæmi. Mjóifjörður er ein af beztu og öruggustu höfnum landsins, og það er ekkert líklegra en að þar eigi eftir að rísa upp útgerðarstöð, kannske mjög stór. Þetta finnst mér því ekki rétt mótbára hjá hv. þm., enda eru þarna líka blómleg sveitabýli, einkum kringum Brekku, sem þurfa á vegi að halda, eins og aðrir staðir á þessu landi.

Að því er aðrar brtt. snertir, þá vil ég alls ekki mótmæla því, að hv. flm. þeirra geta haft mikið til síns máls. En ég mun fylgja því, sem samkomulag varð um í samgmn., og mun því þrátt fyrir það greiða atkv. á móti þessum brtt. nema þessari einu till., sem ég sjálfur flyt, af því að ég tel hana leiðréttingu, sem ekki þurfi að skoða sem neina breyt. á vegal. Annars mun ég greiða atkv. á móti öllum till., sem gætu orðið til þess, að þetta frv. dagaði uppi eða jafnvel félli.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef hlustað á þessar umr. og heyrt, hvernig hv. þdm. hefur þótt það vera dálítið í brotum, hvernig hlutuð hafa verið niður þessi þráðu gæði, vegirnir, sem ákveðnir eru, að skuli vera þjóðvegir í sýslum landsins. Það hefur líka komið fram á mér, að mér hefur þótt vera smátt skammtað skyrið til mín. Ég mun hafa fengið nú í þessu áhlaupi hinnar

ágætu samgmn. um 14 km veg, meðan aðrir teygja sig upp undir 100 km í einstökum kjördæmum. Þrátt fyrir þetta og þó að ég sé óánægður með það, get ég ekki tekið undir það með hv. þm. Barð. að saka mjög vegamálastjóra fyrir það. Hv. þm. Barð. hefur áður kallað hann sérstakan heiðursmann og ágætismann í allar áttir. En mér fannst vera svolítið annað hljóð nú í þeim strokk. En það er svo með vegamálastjóra sem aðra menn, að enginn gerir svo öllum líki. Ég efast um, að guð í himnaríki hafi skammtað svo hv. þm. Barð., að hann sé fullkomlega ánægður með það, og það getum við kannske fleiri sagt. En ég ætlaði, satt að segja, gagnvart vegamálunum og afgr. þeirra hér á þingi að bíða með þann skarða hlut, sem ég hef hlotið, og þreyja nú um sinn. En þar sem ég sé, að menn hafa gert uppsteyt í þessu máli og nú eru komnar brtt. úr ýmsum áttum við þetta vegalagafrv., þá finnst mér, að ég geti ekki setið alveg þegjandi hjá, og hef ég þess vegna leyft mér að koma fram með smábrtt., sem er auðvitað ekki nema orðabreyt. á einum stað. Ég skal lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún er við kafla B, tölul. 34, um, að í stað „Leikskála" komi: Kross. Það er ekki mjög langt þarna á milli. Og ég man eftir, að hv. þm. Barð., þegar hann einu sinni var að útbýta til mín og þá hv. 2. þm. S-M., þá voru þeir komnir svona eitthvað áleiðis upp í Haukadal, en þótti nokkuð langt að fara þangað, sem mín brtt. nú nær, og sneru við, og ég fékk þá engan veg þarna. Nú hef ég fengið ofurlítinn spotta þarna samþ., og þetta mun vera 2 eða 3 km viðbót, sem ég kem nú með brtt. um. Þetta er afskekktur dalur, sem erfitt á með flutninga á verzlunarvörum, og horfir þar til auðnar, ef ekki verða gerðar þarna umbætur á vegum. — Nú er ég ekki að biðja um neina sérstaka miskunn fyrir þessa brtt. En ef ég sé, að meiri hl. hv. þm. hér í d. ætlar að breyta þessu frv., finnst mér rétt, að ég fái að fljóta með og koma minni brtt. fram. En reynist svo — og það mun verða reynt áður en að þessari brtt. kemur —, að það verði bitið í skjaldarrendurnar og skorið niður hvað sem fyrir kemur yfirleitt af brtt. við þetta frv., mun ég ekki sækja fast, að þessi brtt. verði samþ., og mun þá sennilega taka hana aftur. En þó að ég sé mjög óánægður með þetta frv., eins og það er, þá býst ég við, að ef farið verður að hrekja það á milli d., þá kannske verði það verra en það hefur verið og muni bera feðrum sínum lítið lof og langtum minna en það gerir eins og það nú er. — Leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. mína.

Forseti (GÍG): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Dal., sem hv. þdm. hafa heyrt, um, að í staðinn fyrir „Leikskála" í B-kafla frv., tölul. 34, komi: Kross. — Þessi brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifl. Fyrir henni þarf tvenns konar afbrigði, sem ég vil leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði fyrir skrifl. brtt. (sjá þskj. 637) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það hryggir mig, að mér finnst, að okkar ágæti aðalforseti sé farinn að gamlast. Það getur verið, að það sé af því, að hann sitji of nálægt hv. 1. landsk. þm. (SÁÓ) og að sá félagsskapur geri þetta að verkum. Ég fæ ekki skilið, hvernig hv. þm. Dal. fær það út úr minni ræðu, að ég hafi verið með neinar ásakanir í garð vegamálastjóra. Ég held, að enginn þm. í þessari hv. d. hafi tekið betur að sér að verja vegamálastjóra en ég. Ég minntist ekki á þann hátt á vegamálastjóra, hvað snertir þetta frv., að það gæti skilizt á þann veg, að nokkuð annað hljóð væri í mér en að hann stæði vel í stöðu sinni. Hins vegar minntist ég á það í sambandi við fjárveitingar til vega, að það væri leitt, að hann tæki fé utan við fjárlög til vega. Ef það er ásökun, þá á ég ekki sök á henni. Ég get lagt fram skjöl um það, að þetta hefur skeð.

Svo varð ég alveg steinhissa á því, þegar hv. þm. Dal. talar um það hér, hvernig hafi verið farið með sig hér viðkomandi vegamálum, þegar seinast voru opnuð vegal. Er þessi hv. þm. búinn að gleyma því, að hann fékk þá kost á vegi fram í Haukadal? Hann átti þá um tvær leiðir að velja um vegalagningu þarna, aðra styttri, en hina lengri. Hann valdi þá að fá þá styttri. Ég skýri ekki frá því hér, hvers vegna hann óskaði þess. En þessu er ekki hægt að snúa með neinni sanngirni upp í ásökun á mig. Og í héraði þessa hv. þm. eru komnir 70—80 km af vegum nú í viðbót við það, sem áður var í þjóðvegatölu. Ég er ekki að harma það.

Ef hv. þm. N-Þ. hefur verið borið það, að ég hafi verið að andmæla efnislega brtt. hans viðkomandi Mjóafirði, þá er það alrangt með farið. Ég sagði aðeins, að ég teldi ekki rétt að breyta neinu hér í þessu frv. nú, hvorki í þessu efni né öðru. En ég er ekkert á móti því, að allir vegir á landinu verði teknir í þjóðvegatölu, teknir þannig upp í vegakerfið, og ég vildi, að þannig væri tekið meira upp af útkjálkavegum en gert hefur verið. En ég vil benda hv. samgmn. á það, hvernig þessum vinnubrögðum var hagað síðast, þegar þessi mál lágu hér fyrir þessari hv. d. til afgreiðslu, og ég hélt, að það ætti að hafa nokkurn veginn sama hátt á hér nú til þess að tryggja framgang málsins, nefnilega, að þegar fullkomin samvinna var hjá samgmn. þessarar hv. d. við samgmn. hv. Nd. um það, að ekki kæmu fram neinar breyt. á frv. í síðari d., nema í fullu samræmi við samkomulag beggja samgmn. þingsins, samvinnun. samgöngumála, — þegar þessi samvinna hafði skapað samkomulag um frv., þá ætti alls ekki að breyta því neitt frá því, sem samkomulagið var gert um. Ef samkomulag er um þessar brtt. við samvinnun. samgöngumála, þá hef ég ekkert á móti því, að þær fari í gegn. (EE: Það er búið að segja síðasta orðið um það.) Þá er ég á móti öllum breyt. á frv. En það er ein brtt., sem mér þykir mjög leitt, að ekki skuli vera hægt að taka efnislega með í frv. Það er Hvalfjarðarferjuvegurinn. Það hefði sannarlega þurft að koma fram atkvgr. um efnishlið þeirrar till. En ég mun þó ekki hika við að greiða atkv. á móti brtt. á þskj. 570, vegna þess að ég vil ekki láta frv. þetta fara á milli d. nú.

Ég vil að síðustu ræða dálítið við hv. 2. þm. Árn. út af því, að hann talaði um mál, sem hann sagði, að kæmi ekki þessu máli við. Hann leiddi umr. sjálfur inn á þessa braut. Ég hefði getað búizt við því af hv. 2. þm. Árn., en ekki af manni, sem situr sem stendur í sæti form. samgmn., að hann

væri svo starblindur á þessi mál, að hann kynni sér ekki málin betur en kom fram hjá honum, að hann þekkti til málanna, því að hann leyfði sér að segja, að „illu heilli“ hængi í byggð afskekkt hérað á þessu landi, og skildist vel, hvaða byggðarlag hann átti við. Nú skal ég skýra hv. form. samgmn. frá því alveg reiðilaust, að þetta hérað, sem hann var að tala um, er annað hérað í röðinni ofan frá af héruðum utan kaupstaðanna um að veita ríkissjóði tekjur. Að áliti hv. 2. þm. Árn. er „illu heilli“ þetta hérað í byggð, sem er nr. 2 ofan frá í að veita ríkissjóði tekjur, sem m. a. geta staðið undir Skálholtsskóla og að einhverju leyti undir Austurvegi og Ölfusárbrúnni betur en Árnessýsla, af því að Árnessýsla er lægri í gjöldum til ríkissjóðs. Þetta hérað er eitt af ósýktustu héruðunum á landinu viðkomandi sauðfjárrækt og er allra stærsta og bezta uppeldisstöð í þeirri grein í landinu, til þess að hægt sé að halda í byggð öðrum héruðum landsins. „Illu heilli“ er þetta hérað í byggð að áliti hv. 2. þm. Árn. Og af sveitakjördæmum landsins hefur þetta hérað greitt langhæstan stríðsgróðaskatt til ríkissjóðs á undanförnum árum. Að áliti hv. 2. þm. Árn. er það „illu heilli“, að þetta hérað „hangir í byggð“. Það er ekki furða, þó að lagzt sé á móti veitingu vegafjár í slíkt hérað! Nú vil ég einnig benda hv. form. samgmn. á það, að í þessu héraði liggur þorp, þar sem gerðir eru út tveir togarar jafnstórir og þeir, sem nú nýlega hafa verið byggðir fyrir ríkisstj. „Illu heilli“ „hangir“ þetta hérað í byggð. Þar er hraðfrystihús, sem mun gefa 2—3 millj. í gjaldeyri árlega, og þar er einnig verið að gera höfn. Og svo er verið að neita þessu þorpi um að komast í samband við nokkuð mjólkurframleiðslusvæði. Hv. 2. þm. Árn., formaður samgmn., hefur ekki meiri skilning á málefnum þessa héraðs en það, að hann leyfir sér að segja, að „illu heilli“ sé þetta hérað í byggð. Rétt skammt frá þessu héraði liggur Rauðisandur, en um þann stað hefur búnaðarmálastjóri fullyrt, að þar mætti hafa allt að því 1000 kýr. Þeim mönnum, sem þar búa, er alveg meinað að fá lífskjör sambærileg við íbúa ýmissa annarra héraða, t. d. Árnessýslu, af því að þeim er neitað um vegi til þess að geta komið frá sér mjólkinni. Nú er ekki svo sem, að maður sé hér að biðja um steinsteypta vegi, eins og t. d. Austurveg, heldur aðeins slarkfæran veg 25 km. Þarna eru stór býli, eins og t. d. Hagi, sem geta mælt sig við hvaða stórbýli sem er í Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Þessu héraði er alveg neitað um alla möguleika til þess að hafa nokkurt samband við kaupstað, hvort sem er á sjó eða landi.

Í Tálknafirði er mjög blómleg byggð, og þar er að rísa upp hraðfrystihús. Um Patreksfjörð gegnir sama máli. Ef Patreksfjörður kæmist í vegasambandið, þá væri tiltölulega stutt að leggja veg til Bíldudals. Hvað eftir annað hefur verið neitað að skaffa fé til vegagerðar á þessum stöðum. Því hefur þó ekki verið neitað að taka á móti millj. kr. í erlendum gjaldeyri til bankanna, sem aflað hefur verið í þessu héraði. En svona er það þakklæti, sem þetta hérað fær. Og svo segir form. samgmn., að „illu heilli“ sé þetta hérað í byggð. Hann ætti heldur að kynna sér þetta betur eða að öðrum kosti segja af sér starfi í samgmn., því að það er ekki sæmilegt, að hann sé í formannssæti í þeirri n., meðan hann leyfir sér að tala svona. Mér þykir vænt um, að þessu máli hefur verið hreyft. Það þarf að stinga á þessu kýli. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar að sinni.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég ætlaði nú ekki að taka aftur til máls, en vegna hinnar básúnandi ræðu hv. þm. Barð., þá get ég — þótt það væru ómagaorð — ekki algerlega þagað við því, sem hann sagði við mig. Hann hefur minnt mig á málsterkan og dugríkan málfærslumann, en hann fer rangt með mál sitt. Annaðhvort er það af skilningsskorti eða af of lítilli sannleiksást, að aftur hefur snúið hjá honum það, sem fram skyldi snúa, af því, sem hann tók upp eftir mér. Hann margendurtók þetta orð, að ég sagði í minni ræðu „illu heilli“, og ég sagði, að það væri „illu heilli“, að svo væri komið, að þetta hérað aðeins hængi í byggð. Ef hv. þm. vill koma fram málum sínum með sams konar málfærslu og hann hefur hér beitt, þá öfunda ég ekki það lið, sem þar að býr. En ég hef ekki ástæðu til þess að ætla það, að hann hafi alltaf um hönd slíka málfærslu. Ég hygg, að honum hafi tekizt óvanalega óheppilega til hér nú með því að rangbeita þessum orðum mínum. Það er rétt, að það er „illu heilli“, að sveitabyggðunum íslenzku skuli þannig komið, að þær rétt hanga í byggð. Það væri góðu heilli, ef þær væru svo blómlegar, að þar væri gott að vera, og ef hv. þm. Barð. hefur þann skilningsskort eða ekki betri vilja til sannsögli en kom fram í ræðu hans, þá hygg ég, að hann ætti sjálfur að taka lífsbetrun. Ég veit, að atfylgi og dugnaður er hér fyrir hendi hjá honum, en það vantar rétta málfærslu. Hann vitnar til þess, hversu Barðastrandarsýsla gefur mikið í ríkissjóð í gjaldeyri vegna útgerðarinnar í þorpunum fyrst og fremst. Þetta er sjálfsagt laukrétt og góðra gjalda vert og þakkar sig sjálft. Þegar hann nefnir útgerðarstaði, sem afla gjaldeyris í landssjóð, þá tökum við Patreksfjörð. Ég held, að hann ætti að vera glaður yfir þessum blómlegu byggðum, og ég veit ekki betur en að hann hafi fengið hjá Alþingi framlög til þessa, en hann vill bara mála á vegginn einhverjar grýlur til þess að grípa til, svo að hann eigi í fórum sínum slagorð til að nota bæði hér og heima fyrir. En slíkar staðhæfingar sem þessar vil ég, að rekist öfugar aftan í hann. Ég veit ekki til þess, að ég hafi notað í ósæmandi merkingu á nokkurn hátt orðin „illu heilli“. Annars vil ég ekki eyða um þetta mörgum orðum. Það er ekki úr einu héraði, sem greiddur er mikill gjaldeyrir. Góðu heilli greiðir Barðastrandarsýsla mikið, en það má segja um fleiri staði, t. d. Siglufjörð, en þar er auðvitað líka þörf á vegasambandi. Ég vona, að hv. þm. Barð. sé svo hygginn um þetta mál sem hann hefur mikinn dugnað, að á komist vegasamband milli Patreksfjarðar, Suðurfjarða, Rauðasands og Barðastrandar. Og þar hefur hann ágæt rök, því að ég þykist hafa komið auga á, að þarna sé um höfuðnauðsyn að ræða og að hv. þm. Barð. hafi hér farið með rétt mál. En að ætla að launa þann skilning, sem þessu héraði hefur verið sýndur, með því að vera með slagorð og rangfærslur og ætla að gera mann að eins konar illviljuðum andstæðingi góðra mála, það eru þrælatök, sem hefna sín á þeim, sem þeim beitir, því þótt hægt sé að hræða menn með einhverjum galanda, þá verður það þó samvizkan heima fyrir, sem bítur,

og verður alltaf mest refsing á slíkt framferði, og af því að hv. þm. Barð. hefur hér talað á móti betri vitund og beitt rangri málfærslu, þá á hann það við sína eigin samvizku, hversu vel hann hefur þar að verki verið. — Ég hef ekki meira að segja.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef enn ekki heyrt rök frá hv. formanni samgmn. fyrir því, af hverju hann er á móti brtt. minum. Því er hann á móti því að kalla Borgarfjarðarbraut réttu nafni, eins og er í lögum? Reykholtsdalsvegur er hvergi til í l. Til þess nú að gera honum hægara um vik þá ætla ég að spyrja hann og biðja hann svo að svara í næstu ræðu. Því er hann á móti því að láta veginn ná að Unuhóli í Þykkvabæ og lengja hann um 14 km og gefa með því nokkrum bæjum tækifæri til þess að koma frá sér mjólkinni? 5. brtt. minni, geri ég ekki ráð fyrir, að hann sé á móti. Því er hann á móti því að kalla Reykjarfjarðarveg í Bjarnarfirði réttu nafni, eins og ég greini í 6. lið brtt. minnar, en ekki að uppnefna hann, eins og gert er í frv.? Því er hann á móti því að láta Reykjarfjarðarveg á Ströndum enda á Eyri í Ingólfsfirði, eins og ég vil, en vill láta hann enda í Árnesi? Því má hann ekki liggja inn í hinn uppvaxandi kaupstað, þar sem komin er síldarverksmiðja og mikill rekstur? Hvers vegna er hann látinn enda 4 km þar frá? Því er hann á móti því að láta veginn liggja að sjó við Dýrafjörð, en vill láta hann enda uppi á Gemlufalli og láta menn þurfa að fara gangandi fjörðung stundar niður að bryggju? Ég skil þetta ekki. Kostnaðurinn við það yrði ekki svo mikill. Því má ekki láta veginn við Sveinseyri liggja út í Stóra-Laugardal? Ég þykist vita, að hann vilji ekki leggja veginn þangað, af því að þar eru nokkrir bæir, sem hann telur, að eigi að leggjast í eyði, og þess vegna vill hann ekki leggja veg þangað. Því er hann á móti því að láta veginn í Vatnsdalnum liggja um Ásbrekku, þar sem geyma má bifreiðar, í staðinn fyrir að láta svo óákveðið, hvar vegurinn eigi að liggja á þessum stað?

Því er hann á móti því að nefna Goðdali sem endastöð í stað Tungusveitar, til þess að það sé hægara fyrir bændur að koma frá sér mjólk? Því er hann á móti því að leggja veginn um Hegranes að Eyhildarholti í staðinn fyrir að Ríp? Því vill hann ekki tengja saman veginn, sem liggur yfir Hegranesið, sem væri hentugra vegna ferjanna, sem ríkissjóður kostar þarna? Hvers vegna vill hann ekki láta veginn í Bárðardal liggja alla leið að Bjarnarstöðum, til þess að hægara sé að flytja mjólkina? Hvað sér hann á móti því? Því vill hann láta veginn enda niður í dal í Ólafsfirði, en ekki í Ólafsfjarðarkauptúni? Því vill hann uppnefna Lagarfoss, sem heitir og hefur alltaf heitið Lagarfoss, og kalla hann einhvern „Foss"? Því vill hann ekki láta veginn liggja á Fagradalsbraut innan við Búðardal? Nú getur hann gert grein fyrir, af hverju hann er á móti þessum till. Ég spyr um hverja einstaka till. Hvers vegna er hann á móti þeim?

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þær umr., sem fram hafa farið á milli mín og hv. 2. þm. Árn., eru að gefnu tilefni frá honum sjálfum. Hann byrjaði að ásaka fjvn. fyrir það — og þá sérstaklega mig sem formann n. — fyrir misskiptingu á vegafé og sneiddi þá sérstaklega að mínu héraði. Ég benti honum á, að Barðastrandarsýsla hefur aðeins fengið 1—2% af vegafénu, svo skal ég leggja skýrslur fyrir hann um það, því að þær eru í undirbúningi. Síðasta ræða hv. form. samgmn. lýsti því, að hann hefur skilið, hve mikil lífsnauðsyn það er fyrir þetta hérað, að gerð sé lagfæring á samgöngumálum þess. En hitt, hvernig hann snýr sínu máli, er vegna þess, að hann vill ekki verða undir í þessari baráttu. Það er aukaatriði. Aðalatriðið er, að hann hefur fengið þennan skilning, og vona ég, að framkoma hans í samgmn. verði eftir því, og þá getum við verið sáttir.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. sagði nú, hef ég engu að svara nema því, að það var á undan þessum þingfundi, sem mér var ljóst, að það þyrfti að gera umbætur á vegunum í Barðastrandarsýslu. Ég drap á það í því sem ég sagði áður, og samgöngubótum fyrir þetta hérað hefur verið fylgt eftir af hv. þm. kjördæmisins, og hann hefur þar ekki borið skarðan hlut frá borði, að svo miklu leyti sem þar þarf aðgerða við. Hann hefur setið nærri pottinum og verið matarþurfi, enda veitt töluvert upp úr honum, og við því er svo sem ekkert að segja.

En viðvíkjandi þessum margendurteknu prédikandi fyrirspurnum hv. 1. þm. N-M., hvers vegna ég sé á móti hinu og þessu í brtt. hans, eins og hann var nú að endurtaka í ræðu sinni, og skoraði á mig að svara hverju einu. Ég var nú búinn að svara því. Ég vil til nokkurrar glöggvunar aftur spyrja: Hví var það, að samgmn. beggja deilda ráðguðust í heild um vegatill., eins og þær lágu fyrir frá vegamálastjóra? Og reynt var í n. að komast að gagnkvæmu samkomulagi um hyggilegustu niðurstöðu þessara málefna. Það getur verið, að einhverjir vissir þm. hafi ekki vitað, hvað gert var að samkomulagi í þessum efnum, en yfirleitt held ég, að hv. þm. hafi átt prýðilegan kost á að fylgjast með þessu, og ég veit ekki betur en að nokkurn veginn almenn niðurstaða hafi orðið meðal þm. um að standa á frv. sem allra líkustu því, sem það var, og það var rætt af fulltrúum víðs vegar af landinu, sem sæti eiga í samvinnunefnd samgöngumála, svo að ekki var rennt alveg blint í sjóinn um þetta. Brtt. voru komnar frá skrifstofu vegamálastjóra, en ég vil nú segja, að þótt betur megi eitthvað fara í frv. en er í brtt., þá vil ég spyrja: Hverjum er betur treystandi til þess að sjá, hvað á að taka til greina í þessum efnum hverju sinni, en einmitt vegamálastjóra? Ég er ekki að halda því fram, að það sé sérstaklega þakkandi, því að gögn til þess að hafa góða yfirsýn í þessum málum og reynsla í þessum efnum er þar fyrir hendi, en ekki eins annars staðar. En öllum getur yfirsézt. Í öðru lagi er búið að ræða þessar till. ýtarlega við vegamálastjóra og samgmn. beggja deilda í sameiningu. Ef þetta er ekki bindingur í málinu til þeirrar niðurstöðu, sem verið er að feta að, þá veit ég ekki hvað.

Svo kemur hv. 1. þm. N-M. og gerir endurskoðun á þessu viðkomandi stöðum víðs vegar um landsbyggðina og spyr hvers vegna eigi að láta Þykkvabæjarveginn enda á þessum stað, en ekki hinum, eins og brtt. er um o. s. frv. Hvers vegna er það, að Rangæingar eiga tvo fulltrúa í Nd., og þeir

hreyfa ekki þessu máli? Þeir voru ásáttir um að lofa málinu að ljúka eins og í frv. greinir. Er þetta ekki líka málsástæða? Svo spyr hv. 1. þm. N-M. um ýmsa aðra liði, sem líkt stendur á um. Sumar hans till. eru nafnabreytingar einar. (PZ: Ég vil ekki láta uppnefna staðina í l.) Sumar eru um að láta endastöð vega vera annars staðar, og ekkert af því er úr hans eigin kjördæmi. (PZ: Ekkert.) Vitanlega hefur hann sem þm. rétt til að flytja brtt. fyrir hvern stað sem er á landinu. En í báðum þingdeildum eru fulltrúar þeirra héraða, sem brtt. hans varða, og þeir hefðu getað sagt til í tíma um þessa hluti, ef þeim hefði verið um það gefið, en ég hygg, að hv. þingmönnum hafi yfirleitt verið ljóst, að það var verið að reyna að hafa allsherjarsamkomulag um vegamálin. Ég álít því sameiginlega svarað með því, sem ég hef sagt, og samgmn. ber skylda til að taka tillit til þessara raka minna, sem ég hef nú rætt, hvað sem hv. þm. N-M. segir sem forsvarsmaður hinna ýmsu héraða, og er ástæðulaust að taka forsjá hans. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil aðeins benda á, að hv. frsm. samgmn. hefur ekki fært nein rök önnur en að hann óttist afskipti Nd. af málinu. Hann segir, að vegamálastjóri sé samþykkur frv. En hvað segir vegamálastjóri um Hvalfjarðarferjuveginn? Hann segir svo: „Ég hef jafnan talið hæpið, sérstaklega vegna stofnkostnaðar og ekki síður rekstrarkostnaðar ferjanna, að leggja í framkvæmdir þessar. Krókurinn inn fyrir Hvalfjörð, sem sparast, er um 47 km á landi, og tekur aksturinn nú um 1½ klst. Með ferjunni, má vænta, að sparist um ½—¾ klst., meðan vegurinn er ekki betri en nú. Komi menn að ferju, þegar hún er nýfarin, hverfur þessi tímasparnaður og jafnvel enn meir. Hins vegar fylgir nokkur sparnaður í aksturskostnaði þá 47 km, sem landleiðin styttist um. Tefjist bifreiðar vegna biðar, minnkar tímasparnaður að sama skapi. Í þessu sambandi má og hafa í huga, að áður en langt um líður, verður vegurinn um Svínadal og Dragháls bættur svo, að margir munu kjósa frekar að leggja leið sína þar um, í stað þess að fara út fyrir Hafnarfjall, og styttist leiðin fyrir Hvalfjörð þá um 20 km." Þetta segir vegamálastjóri um Hvalfjarðarferjuna. Hví bar hv. þm. ekki þetta fyrir sig heldur en að vegamálastj. hefði mælt með frv., eins og það var með þessum brtt.? Hins vegar hefur n. ekki látið svo lítið að bera mínar brtt. fyrir vegamálastjóra.

Ég vil svo skora á n. og hæstv. forseta að fresta umr. og bera till. undir vegamálastjóra og samgmn. Nd., og verði ráðið fram úr þessu í samráði við þá aðila, og það, sem n. koma sér saman um, verði samþ. í báðum deildum. Þessar till. munu ekki koma af stað neinu stríði, og er nógur tími til að ræða frv., því að líkur eru til, að þingið standi fram í maí. Ég vil því fara fram á, að frestur sé veittur í málinu, til að n. geti tekið till. til athugunar og komið sér saman um, hverjar sé rétt að samþykkja. Hins vegar hefur hv. form. ekki getað mælt neitt á móti till., en aðeins verið með snakk um málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 117. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 118. fundi í Ed., 15. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 636,1 felld með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, PZ, PM, SÁÓ.

nei: BBen, BK, EE, GJ, HV, HermJ, LJóh, StgrA, ÁS, BSt, ÞÞ.

2 þm. (BrB, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 636,2 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, HV, PZ, PM, SÁÓ, BBen.

nei: GJ, HermJ, LJóh, StgrA, ÁS, BSt, BK, EE, ÞÞ.

2 þm. (JJós, BrB) fjarstaddir.

Brtt. 570,1 felld með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PM, SÁÓ, GÍG.

nei: HV, HermJ, LJóh, StgrA, ÁS, BSt, BBen, BK, EE, GJ, ÞÞ.

2 þm. (JJós, BrB) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Ég tel margt í þessari brtt. réttmætt og til bóta, en þar sem ég hef tekið afstöðu með því í n. að opna frv. ekki upp á gátt, mun ég greiða atkv. gegn þessum brtt. Ég greiddi atkv. með till., sem var hér næst á undan til atkvgr., þrátt fyrir þá afstöðu, sem ég hafði tekið í n., af því að ég taldi þar um svo mikla nauðsyn að ræða. Hér tel ég hins vegar ekki um eins mikla nauðsyn að ræða og segi því nei.

Hermann Jónasson: Ég greiði atkv. móti þessari brtt. af þeirri ástæðu, að ég tel ekki heppilegt að opna frv. nú og setja það í hættu í hv. Nd., og segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. Str. segi ég nei.

Brtt. 570,2 felld með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ.

nei: LJóh, SÁÓ, StgrA, ÁS, BSt, BBen, BK, EE, GJ, HV, ÞÞ.

PM greiddi ekki atkv.

4 þm. (BrB, GÍG, HermJ, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 570,3 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PM, SÁÓ.

nei: BSt, BBen, BK, EE, GJ, LJóh, StgrA, ÁS, ÞÞ.

HV greiddi ekki atkv.

4 þm. (BrB, GÍG, HermJ, JJós) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Bjarni Benediktsson: Ef það er rétt, að hér sé eingöngu um leiðréttingu að ræða, ber forseta að ákveða um það, en að það er heimtað nafnakall um síðustu till. og ef hún verður samþ., gerir það nauðsynlegt, að frv. fari aftur til hv. Nd. Þar sem það verður að ráða úrslitum, er óhjákvæmilegt að hafa sömu afstöðu til þessarar till. og hinna, og segi ég því nei.

Páll Zóphóníasson: Ég vil benda hæstv. dómsmrh. á það, að þegar mál þetta var til 2. umr. í d., benti ég á, að í l. væru prentvillur, sem þyrfti

að athuga, og óskaði ég eftir, að n. tæki þetta til athugunar. Það gerði n. eða forseti hins vegar ekki. Nú þætti mér gaman að vita, hvort hv. þdm. vilja fella þessa brtt. og halda þannig prentvillunum. Ég segi já.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég sé ekki, að það sé nein hætta á ferðum, þótt frv. fari aftur til Nd. vegna þess, að leiðrétta þarf prentvillur, og segi því já.

Brtt. 570,4—5 felldar með 10:2 atkv.
— 637 felld með 9:3 atkv.
— 570,6—7 felldar með 10:2 atkv.
— 570,8 felld með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, SÁÓ.
nei: LJóh, StgrA, ÁS, BSt, BBen, BK, EE, GJ, ÞÞ. PM, BrB, HV, JJós greiddu ekki atkv.
2 þm. (GÍG, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 570,9 felld með 10:2 atkv.
— 570,10 felld með 10:2 atkv.
— 570,11 felld með 10:2 atkv.
— 570,12—13 felld með 9:2 atkv.
— 570,14 felld með 8:3 atkv.
— 570,15—16 felldar með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, PZ, PM, SÁÓ.
nei: BK, EE, GJ, LJóh, StgrA, BSt, ÞÞ. BrB, HV, ÁS greiddu ekki atkv.
3 þm. (GÍG, HermJ, BBen) fjarstaddir.
Brtt. 567 felld með 10:2 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 652).

56. Sala Stóruborgar í Grímsnesi.

Á 58. fundi í Nd., 24. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóruborg (þmfrv., A. 309).

Á 59. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., því að það er ofur einfalt. Vænti ég, að hv. Alþ. taki málinu vel og leyfi því fram að ganga. — Það er drepið á þau atriði í grg., sem eru þess valdandi, að hreppsn. óskar eftir að fá lagaheimild fyrir því, að hún geti fengið þessa jörð keypta, og hygg ég, þótt ekki séu höfð um það mörg orð í grg., þá skýri það eðli málsins fullkomlega. Vil ég leyfa mér að stinga upp á, að málinu verði vísað til hv. landbn. að þessari umr. lokinni, og vænti, að hv. n. afgreiði það skjótt og vel.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 483).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Landbn. hefur fengið þetta mál til athugunar. Og eftir að hafa athugað frv., leggur n. til, að samþ. verði að veita ríkisstj. heimild til að selja Grímsneshreppi þessa jörð. Það er í samræmi við það, sem tíðkazt hefur, bæði nú á þessu þingi og á undanförnum þingum, að hreppsfélögum hafi verið veitt heimild til þess að kaupa af ríkinu lönd og lóðir, sem hafa haft sérstaka þýðingu fyrir þá, eins og t. d. lóðir í kauptúnum. — Hér er um jörð að ræða, sem er miðdepill sveitarinnar. Þar er þinghús og má gera ráð fyrir, að þarna verði safnað saman fleiru, sem þessari sveit við kemur. Jörðin hefur ekki verið í ábúð, og hreppsfélaginu er hugleikið að fá umráð yfir jörðinni og gera henni eitthvað til góða.
Landbn. hefur því ekki séð ástæðu til annars en að mæla með því, að frv. verði samþ. með þeirri viðbót, að Grímsneshreppi sé óheimilt að selja jörðina öðrum en ríkissjóði, og þá fyrir kostnaðarverð. Þetta er samhljóða þeim skilyrðum, sem sett hafa verið viðkomandi öðrum stöðum á landinu um slíka hluti, og var því sjálfsagt að láta þetta skilyrði fylgja. Og hv. flm. þessa frv. hefur tjáð mér, að hann hafi ekkert við þessa brtt. að athuga.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru mörg mál á hverju þingi hjá okkur um sölu á þjóð- og kirkjujörðum. Og ég verð að segja fyrir mitt leyti, að mér finnst það mjög varhugavert, hvað þetta gengur langt, þó að maður öðru hvoru neyðist til að standa með þessu og helzt með því móti, að sett séu mjög ákveðin skilyrði um, að ekki megi selja jörðina aftur, nema ríkinu, þegar verið er að selja hreppsfélögum. Gegnir um þessar sölur vitanlega nokkuð öðru máli, þegar verið er að selja hreppsfélögum eða bæjarfélögum jarðir og lendur, heldur en þegar þetta er selt einstaklingum. En það er samt nauðsyn á að koma á heildarlöggjöf um þessi mál. Þegar við ræddum í fjhn. fyrir nokkru síðan um sölu á landi — mig minnir, að það væri í sambandi við sölu á jörð hjá Sauðárkróki — þá var okkur tveimur nm. falið að athuga, hvort ekki væri heppilegt að setja löggjöf um það, hvernig fara beri með þessar jarðir eftir á, sem seldar eru úr eigu ríkisins, til þess að hindra það, að þær kæmust úr eigu hreppsfélaganna aftur og enn fremur viðkomandi leigu á þessum jörðum, sem kæmi til með að verða, t. d. þegar þær eru leigðar sem lóðir. Við göngum út frá því um öll þessi landssvæði, sem verið er að selja, að því fyrr og því betur sem þessi svæði byggjast, því meir hækkar rétturinn til þessara landa í verði. Og hækkun á jörðum og lóðum er, bæði fyrir bóndann, sem býr þar, og eins fyrir þá, sem í bæjum búa, viðkomandi lóðunum, orðin ein mesta byrði og er orðin ein af undirrótum dýrtíðarinnar, eins og hún hefur verið hér á landi. — Ég vildi þess vegna aðeins nota tækifærið nú, um leið og þetta mál kemur hér fyrir, til þess að ítreka það, þar sem hér er nú sá hv. þm. úr fjhn., sem með mér var falið að athuga um þetta, að setja þarf ákvæði um það í löggjöf, að í fyrsta lagi megi alls ekki selja lönd, sem ríkið selur, öðrum en ríkinu, ef þau eru seld aftur af

þeim, sem kaupir af ríkinu, og eins ákvæði um það, með hvaða kjörum leigja megi þessi lönd, t. d. sem lóðir. Það hefur sýnt sig, að leiga á jörðum og löndum í kaupstöðum er oft hreinlega alveg það sama og sala, þegar verið er t. d. að leigja til 99 ára, hvað verðið snertir. Þegar t. d. var verið að leigja á Skagaströnd lóðir, þar sem ríkið átti landið, þá sýndi það sig, þegar verið var að kaupa leiguréttinn á þessum eignarlóðum ríkisins, að leiguréttur inn kostaði stundum ¾ af því verði, sem eignarrétturinn á þessum löndum eða lóðum hafði verið seldur. Það er þannig alls ekki nóg, að hindruð sé sala á þessum jörðum, sem ríkið selur, til annarra en ríkisins aftur. Það þarf að hindra það, að leiga á þessu sé fyrir svo langan tíma, að það jafngildi sölu. Um þetta þyrfti að setja löggjöf, því að það er alltaf að bætast við jarðirnar, sem verið er að selja með þessu móti, sem í þessu frv. er farið fram á.

Að því er snertir þessa jörð í Grímsnesinu, býst ég við, að þar sem Suðurlandsundirlendið er að verða með þéttbýlustu sveitum landsins, þá geti svo farið, ef ekki eru sett nein sérstök takmörk fyrir leigunni, að eftir eitt eða tvö ár vildi ríkið, að þessi jörð hefði ekki verið seld, heldur væri í sinni eign. Og ef ríkið þyrfti að kaupa jörðina aftur, gæti hún orðið á ekki hundruð þús. kr., heldur milljónir króna, eftir nokkur ár. Það er ákaflega skammsýn pólitík að mínu áliti, að ríkið selji svona jarðir.

Svo þarf að athuga, hvernig hægt sé að tryggja bændunum sjálfum raunverulegt vald yfir jörðum sínum, sem þeir vinna á, þ. e. möguleika til þess, að þessar jarðir gangi í arf til afkomendanna og hindra, að afkomendurnir þurfi að kaupa þær kynslóð eftir kynslóð og skulda þá fyrir þær allan tímann, sem þeir eiga þær.

Ég hefði verið fýsandi þess, að við hefðum beðið með þessar sölur á kirkjujörðum og þjóðjörðum, þangað til við gætum sett löggjöf um það, hvernig við viljum tryggja þennan rétt. Ef við hugsum okkur þetta land tíu sinnum þéttbýlla en það er nú, þá getum við gert okkur í hugarlund, hvað jarðarverðið gæti orðið með því að halda áfram á þeirri braut í þessum efnum eins og verið hefur. Hér í Rvík hefur lóðaverðið venjulega lafað í því að vera einn þriðji — stundum helmingur — á móts við verð húsanna, sem á þeim eru. — Og eigi eftir að koma þétt byggð á því landssvæði, sem verið er að ráðstafa hér með þessu frv., þá eru það ekki hundruð þús. eða milljónir, heldur mun það fara upp í tugi milljóna króna, sem það land kynni að kosta, þegar svo væri komið. — Ég segi ekki þetta í heild, sem ég hef tekið fram hér, út af sölu á Stóru-Borg í Grímsnesi út af fyrir sig, heldur almennt vegna þróunarinnar í þessum málum hjá okkur, sem ég held, að sé mjög óheillavænleg upp á framtíðina.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ræða hv. síðasta ræðumanns gaf ekki tilefni til andsvara í sambandi við þetta mál, sem fyrir liggur, því að hún var fremur almennar hugleiðingar.

Þó get ég ekki látið hjá líða að minnast örlítið á þetta mál, sem hann veik að. Hann gat um — mér skildist í þessu sambandi —, að þessi jörð, Stóra-Borg, gæti orðið mikils virði síðar meir. Ég skal ekki um það dæma. Það má vel vera. En í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á brtt. n., þar sem það er áskilið, að það er óheimilt að selja jörðina öðrum en ríkissjóði, og þá fyrir kostnaðarverð. Það þýðir, að það á þá, ef til þess kemur, að selja jörðina fyrir það verð, sem jörðin hefur verið keypt fyrir að við bættum þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að hún er keypt af ríkinu. Og þó að þær umbætur yrðu talsverðar og til sölu kæmi á þessari jörð aftur til ríkisins, geri ég ekki ráð fyrir, að söluverðið yrði neitt nálægt þeim upphæðum, sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi hér áðan.

En að því er snertir jarðeignir yfirleitt, þá hygg ég, að þar sé ekki því til að dreifa, að þar vanti löggjöf, til þess að þær jarðir, sem ríkið selur einstaklingum, verði ekki seldar óhæfilega háu verði. Það er svo ákveðið í okkar löggjöf nú, að þeir, sem kaupa jarðir af ríkinu, eru skyldir til þess að gera þær að ættaróðulum. Og um þær jarðir, sem eru ættaróðul, hefur verið sett sérstök og talsvert ströng löggjöf, sem, ef henni er framfylgt, á algerlega að fyrirbyggja þá miklu verðhækkun á jörðum, sem hv. 2. þm. Reykv. einmitt var að tala um og sem ég er alveg sammála honum um og við bændur, að er hættuleg fyrir landbúnaðinn. Sú löggjöf var beinlínis sett til þess að koma í veg fyrir það ástand, að börn þyrftu að kaupa fyrir stórfé af foreldrum sínum ábýlisjarðir sínar með sífhækkandi verði og binda í þessu fjármagn, sem betur væri komið til annarra hluta. Um þetta er ég, og ég býst við margir búandmenn aðrir, hv. 2. þm. Reykv. sammála. En það, sem ég hygg, að vanti, er ekki löggjöf um þetta efni, heldur að löggjöfinni sé stranglega framfylgt. Og það er svo um fleira og ekki aðeins þessa löggjöf, heldur fleiri, að það er ærið nóg af lagaákvæðum til, en það er því miður misbrestur á, að l. sé framfylgt, eins og löggjafinn ætlast til.

En hvað snertir lönd og lóðir í kaupstöðum, þá játa ég, að ég er ekki þeim málum vel kunnugur. Má vel vera, að um þau mál sé úrbóta þörf.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Skagf., sem hann sagði um jarðir einstaklinga. Hér er um að ræða að selja hreppsfélagi jörð. Og mig minnir, að á þessu þingi væri fyrir skömmu heimilað að selja Sauðárkróki jörð og að þar væri þetta sett inn í l., að ekki mætti selja jörðina aftur nema ríkinu og þá fyrir kostnaðarverð. Og við vorum að tala um, að setja þyrfti inn í frv. ákvæði um það, að ekki mætti leigja lóðir af þessu landi nema til ákveðins tíma í einu. — En sannleikurinn er sá, að þó að þetta sé alveg í rétta átt, að sett sé ákvæði í l. um, að ekki megi selja jörð, sem ríkið selur, öðrum en ríkinu og þá fyrir kostnaðarverð, þá getur í þessu tilfelli Grímsneshreppur gert annað í millibilinu, áður en til þess kæmi, að hann seldi ríkinu aftur þessa jörð. Hann gæti leigt lóðir af þessari jörð undir hús, ef þarna kæmu upp hverfi eða sveitaþorp, og þá getur hreppurinn leigt lóðirnar út með erfðafesturétti til langs tíma. Og þar með hefðu menn, sem hefðu þessar lóðir á leigu, öðlazt ákveðin réttindi. Og þessi réttindi, ef þau eru til langs tíma gefin, eru þá orðin eins þýðingarmikil eins og eign, — þannig að ef ríkið ætlaði að kaupa þetta land seinna meir, þá selur jú eigandinn jörðina með kostnaðarverði, en þá verður ríkið líka að kaupa

lóðaréttindin af handhöfum réttindanna. Og þetta stendur í vegi fyrir eðlilegri byggð á ýmsum stöðum, eins og sjálfur eignarrétturinn oft á tíðum, þegar þéttbýli er að rísa upp á sveitajörðum. Þá stendur þessi leiguréttur á lóðunum alveg eins í vegi fyrir því, að menn geti byggt, eins og sjálfur eignarrétturinn á löndunum og lóðunum. Og kunnast er dæmi um þetta frá Siglufirði, þar sem ríkið á jörðina sjálft og verður svo að kaupa lóðaréttindi á sinni eignarjörð fyrir margfalt verð á við kaupverð landsins sjálfs. — Ég álít því þörf á heildarlöggjöf um þetta efni og vissulega þá, að hún verði framkvæmd líka.

ATKVGR.
Brtt. 483 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 496).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 92. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 94. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 117. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 496, n. 610).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Þetta frv. er nú komið hér og hefur gengið hljóðlaust gegnum Nd. Landbn. Ed. hefur haft það til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. Að vísu hefur einn nm. skrifað undir álitið með fyrirvara, sem hann væntanlega gerir grein fyrir, í hverju er fólginn. Það þótti rétt að leita álits viðkomandi ráðuneytis um þetta mál, enda þótt það fylgdi með frv. úr Nd., að dóms- og kirkjumrn. mælti með því.

Í bréfi, sem mér barst sem form. landbn. Ed., og prentað er á þskj. 610 sem fskj., er meðal annars tekið fram, að ráðuneytið mæli með sölunni, þó með þeirri kvöð, að þar sem jörðin sé kirkjustaður, fái kirkjan að standa áfram á jörðinni og að söfnuðurinn hafi rétt til stækkunar á kirkjugarði og rétt til umferðar um land jarðarinnar til og frá kirkju.

Í þessu sambandi er rétt að benda á það, að hér er ríkið að selja jörð, en kaupandinn er hreppsfélagið, og þar af leiðandi getur seljandinn sett þau skilyrði, sem rétt sýnast, fyrir sölunni. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta nú.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. í þessu máli með fyrirvara. Ástæðurnar til þess eru tvær.

Fyrri ástæðan er sú, að ég tel nauðsynlegt að taka fram í sölubréfi, að kaupandanum, eða hér hreppnum, sé gert að skyldu að láta nauðsynlegar lóðir til handa kirkjunni af hendi endurgjaldslaust.

Hitt atriðið er, að þessi jörð liggur miðsveitis í hreppnum og er þarafleiðandi væntanlegur staður fyrir barnaskóla. Það eru til dæmi um það, að land undir skóla hefur verið selt dýru verði, upp í þriðjung kostnaðarverðs, sem hreppnum hefur borið að greiða. Þess vegna vil ég láta taka það fram í sölubréfinu, að jörðin sé seld með þeim skilyrðum, að hreppurinn láti land undir skóla endurgjaldslaust, þegar þar að kemur. Í því trausti, að þetta verði tekið til greina, mun ég samþykkja frv. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 119. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 665).

---

57. Skipulag og hýsing prestssetra.

Á 8. fundi í Ed., 1. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um skipulag og hýsing prestssetra (þmfrv., A. 63).

Á 9. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1.umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og grg. ber með sér, hefur menntmn. flutt þetta frv. að beiðni kirkjumálaráðherra, og geri ég ráð fyrir, að hann skýri nánar frv. Eins og grg. getur um, hafa einstakir nm. óbundnar hendur við afgreiðslu málsins og er það flutt af n. eftir venju um slík mál, en hins vegar liggur það í hlutarins eðli, að n. hefði ekki flutt málið, ef hún hefði ekki álitið það nauðsynlegt og aðkallandi. Verði málinu nú vísað til 2. umr., mun n. að sjálfsögðu óska eftir að taka málið til nánari yfirvegunar, þar sem tími hefur verið mjög naumur til að athuga það.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka menntmn., að hún hefur tekið málið að sér. Það er vitanlega ekki hægt að ætlast til, að hún hafi haft tíma til að athuga málið út í æsar, og því eðlilegt, að einstakir nm. hafi óbundnar hendur um afgreiðslu málsins.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið, er sú, að löggjöfin um þetta efni er úrelt og stang-

ast á við raunveruleikann. T. d. er í 2. gr. þessara gömlu laga ákvæði um, að ekki megi styrkja einn prestsbústað meira en 12 þús. kr. og ekki lána nema 8 þús. Nú er veitt til þessa á fjárl. um ½ millj., en það hrekkur ekki til nema 3—4 bústaða. — Frv. er samið af biskupsskrifstofunni, og valdi ég þann kost að láta það koma óbreytt fyrir þingið, enda þótt ég æski ef til vill einhverra breyt. á því.

Aðalákvæði þessa frv. felast í 16. gr. Þar er bæði ákvæði um styrk til hýsingar og svo um, hvernig endurgreiðslu skuli hagað. Um það skipulag, sem nér er lagt til, kann að vera nokkur ágreiningur. Hins vegar hefur það verið venja, að ríkið greiddi til hýsingar prestssetra, enda sýnist það allmikil nauðsyn, þar sem oft eiga í hlut ungir og eignalausir menn, sem orðið hafa að verja öllum sínum tekjum til náms. Kaflinn um peningshús er svipaður og í gömlu lögunum.

Ég mun ekki ræða þetta frekar við þessa umr., en vænti, að málinu verði hraðað og það nái fram að ganga, því að það hafa nú þegar skapazt örðugleikar í þessu sambandi, sem erfitt er að ráða fram úr nema með breyt. á núgildandi lögum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. fari til menntmn. að lokinni þessari umr., og vildi því strax við þessa 1. umr. benda á nokkur atriði, ef n. vildi taka þau til athugunar, þegar hún fjallar um málið.

Skv. 2. gr. er gert ráð fyrir, að biskup og húsameistari ríkisins fjalli um þessi mál. Ég teldi eðlilegra, að fyrir annahvorn þessara aðila kæmi skipulagsstjóri.

Skv. 5. gr. er gert ráð fyrir að byggja að minnsta kosti 4 prestsseturshús árlega. Eftir núgildandi verðlagi mundu þau kosta að minnsta kosti 14 hundruð þús., ef gert er ráð fyrir sama kostnaði og við læknabústaði, og vildi ég, að n. gerði sér ljóst, hvert slíkt stefnir, enda ber fjárlfrv. þess ljósan vott, að svipaðar till. koma víðar að. En ég vil leiða athygli að því, hversu gífurlega bagga slíkt bindur ríkissjóði.

Hvað snertir 7. gr., tel ég, að viðkomandi prestur ætti að bera allan kostnað af þeim breyt., sem hann óskar eftir, en hins vegar teldi ég hyggilegast, að slíkar breyt. væru ekki heimilar nema undir vissum kringumstæðum, vegna þess að þær geta haft í för með sér erfiðleika, þegar prestaskipti verða á staðnum.

Þá tel ég miður heppilega þá kvöð, sem lögð er á í 9. gr. um, að bæjar- eða sveitarfélag leggi til lóðir. Slíkt getur haft í för með sér svo óhóflegan kostnað fyrir viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag. — Þá er ég á móti 12. gr., sem fjallar um viðhald hússins, og tel heppilegra að láta viðkomandi prest gjalda fulla leigu, en af henni verði svo viðhald hússins greitt. Hitt fyrirkomulagið setur það í hættu, að húsinu verði viðhaldið, sem síðar getur valdið stórtjóni, sem að sjálfsögðu kæmi niður á ríkissjóði.

Í 16. gr. er talað um, að ríkið leggi kvaðalaust fram ⅗ kostnaðar. Þessu er ég algerlega á móti. Ég álít heppilegast, þegar komið er inn á þá braut, að ríkið byggi yfir opinbera starfsmenn, að ríkið eigi að öllu umrædd hús, en í móti komi alveg fullkomin húsaleiga. Það er að mörgu leyti eðlilegt, að ríkið verði að byggja þessi hús, vegna þess að þessir starfsmenn eru oft á tíðum ekki nema stuttan tíma á sama stað og því ekki eðlilegt, að þeir geti lagt í byggingarkostnað, en hins vegar á að vera vorkunnarlaust að láta þessa menn, sem nú eru mjög sómasamlega launaðir, gjalda fulla húsaleigu. Þessi mál horfa nefnilega allt öðruvísi við nú en áður, þegar húsnæðið raunverulega var nokkur hluti launanna. Í 2. kafla 23. gr., um endurgreiðslu samkv. 22. gr., þá skil ég ekki, hvernig það á að bera sig, að ekki sé nema 1% afborgun. Eftir því ættu húsin að endast í 100 ár, en það þykir gott, ef slík hús endast í 20—25 ár, og yrði því hér um beinan styrk úr ríkissjóði að ræða, og ég segi ekki nema það, að það yrði eitthvað sagt, ef bændur almennt færu fram á slíkt.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram nú við 1. umr., ef n. vildi taka það til íhugunar við meðferð málsins. Mér er það ljóst, að víða þarf að byggja, en ég tel enga þörf á, að það verði gert í neinu styrkjaformi ofan á þau háu laun, sem þessir starfsmenn ríkisins hafa nú eftir launalögunum.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég tel sjálfsagt, að þessar aths. frá þm. Barð. verði athugaðar, þó að ég hafi ekki hugsað mér eins víðtækar breyt. á frv. og þessi hv. þm. En eins og ég tók fram, hefur frv. verið flutt óbreytt, og því alls ekki óeðlilegt, að á því þurfi að gera ýmsar breyt.

Hvað því viðvíkur, að 1,4 millj. þurfi til að byggja 4 prestsseturshús á ári, þá leyfi ég mér að efast um það. Ég veit ekki til, að neitt hús, sem byggt hefur verið, hafi kostað þá upphæð, og með þeim fjárveitingum, sem verið hafa undanfarin ár, hefur verið hægt að byggja kringum 3 hús, rúm 3 eða tæp 4, eftir því hvort veitt hefur verið 500—600 þúsund. Verðlagið hefur verið 140—150—180 þús. fyrir þau prestsseturshús, sem lokið hefur verið við og mér er kunnugt um. Ef hins vegar verðlagið hefur hækkað eins og hv. þm. vill vera láta, hrekkur það vitanlega ekki til, heldur yrði að hækka fjárveitinguna í hlutfalli við verðlagið.

Hvað viðvíkur því, sem hann sagði, að það væri hæpið, að presturinn fengi að ráða nokkru um, hvernig húsið væri byggt, þá hefur það verið svo, að ef viðkomandi maður hefur viljað gera einhverjar smábreytingar af persónulegum ástæðum, t. d. vegna barnafjölda eða þess háttar, þá hefur hann fengið að ráða slíkum breytingum.

Þá kom hann að 9. gr. og sagðist alveg vera á móti því, að bæjar- eða sveitarfélagi væri skylt að leggja til ókeypis hentuga lóð. Þetta undrar mig ákaflega. Þegar ríkissjóður leggur fram allt annað, þá sé ég ekkert óeðlilegt við, að krafa komi fram um, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag leggi fram lóð undir húsið. Mörg þeirra geta það sér alveg að meinalausu og hafa þegar gert það og þakkað fyrir að fá að gera það til að fá húsið byggt.

Út af 11. gr. segir hv. þm., að æskilegt væri, að íbúðarhús væru ekki brunatryggð svo hátt, að það opinbera þyrfti ekki að leggja neitt fram tryggingarfénu til viðbótar til að endurbyggja húsið. Það er nú svo. Ég efast um, að þetta sé hægt. Sum þessara húsa eru léleg timburhús. Þegar þau eru endurbyggð, eru þau færð í nútíma horf, gerð miklu betri en áður og gengið miklu betur frá þeim, og er þá eðlilegt, að það kosti miklu meira en þá upphæð, sem gamla húsið hefur verið tryggt fyrir.

Þá er það 12. gr., sem hann hefur steytt fæti við. Hann taldi mjög varhugavert, að presturinn eigi að sjá um viðhald á húsi sínu. Það hefur verið gert ráð fyrir að fara þá leið í frv., að embættismaðurinn annist sjálfur viðhaldið og greiði þeim mun minni leigu. Um það má deila, hvor leiðin sé heppilegri. Ég tel, að í ýmsum tilfellum geti verið hægara fyrir viðkomandi mann að annast viðhaldið, og sérstaklega ætti það að vera hvöt fyrir hann að fara betur með húsið en að það opinbera sjái um viðhaldið og prestur greiði hærri leigu. Enn fremur kann það í ýmsum tilfellum að vera ódýrara með þessu móti. Ég tel því, að þessar tvær leiðir komi fullkomlega jafnt til álita.

Hv. þm. segir, að 14. gr. sé sennilega óþörf, vegna þess að ákveðið sé í öðrum l., að íbúðarhús skuli vátryggð. Það er að vísu rétt, svo langt sem það nær, en það er fleira í þessari gr. Þar er ákvæði um það, hver skuli greiða iðgjaldið, og það er rétt að taka fram, að viðkomandi embættismaður skuli greiða það.

Þá var hann mjög ósammála 16. gr. frv. Hann áleit, að samkvæmt 3. tölul. ætti viðkomandi embættismaður að greiða af upphæðinni þessar ákveðnu prósentur ásamt því vísitöluálagi, sem hann fær greidd á laun sín, og á þann hátt skyldi borga allt með fullu vísitöluálagi í krónum. Þetta þýðir ekkert annað en það, að hann skuli greiða sama vísitöluálag, þ. e. a. s. sama prósentvísálag og hann fær greitt á laun sín. Það má kannske orða þetta skýrar, en þessi er meiningin, og það er ekki hægt að lesa annað út úr gr., eins og hún er þarna orðuð. En þetta er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að hann vill slá föstu, að viðkomandi manni yrði gert að greiða fyrir notkun hússins nákvæmlega í hlutfalli við það, sem húsið kostar, ekki borga neinn styrk frá ríkinu, heldur sé húsið gert upp og viðkomandi maður látinn standa straum af öllum byggingarkostnaðinum. Við skulum athuga, hvernig þetta tekur sig út. Hann talaði um, að 4 hús yrðu byggð fyrir 1,4 millj. kr. Þá skilst mér, að hvert hús kosti 350 þús. kr. Með núverandi lánskjörum má telja, að vextir og afborganir séu 6½%. Það verða 22750 kr. Laun prests eru nú 24 þús. kr. Þá hefur hann eftir til að lifa á 1250 kr. Þannig kemur dæmið út, ef fylgt er þeirri aðferð, sem hann vill hafa, og byggt á þeim tölum, sem hann nefnir í sambandi við byggingarkostnaðinn. Ég er ekki prestvígður maður, en mig mundi ekki langa til að fara í prestsembætti og verða að borga þessa húsaleigu og hafa svo eftir 1250 kr. til að lifa á. En þetta sýnir, hvaða vandamál við höfum með höndum. Þetta sýnir, að ekki er hægt að ganga að þessu eins þráðbeint og hann vill vera láta.

Ég fer svo ekki lengra út í þetta mál. Það er margt, sem ég er ósammála og vil gjarnan, að sé athugað. Ég vil benda á, að eins og málið liggur fyrir, þá er ekki hægt að ganga frá því eins og maður skyldi ætla, að beinast lægi við. Það standa nú auð prestssetur úti um allt land, ég vil ekki segja svo að tugum skiptir, en nokkuð yfir tug, og í mörgum tilfellum er það af því, að ekki er til viðunandi húsnæði fyrir prestana, þótt þar kunni einnig að koma til greina fleiri orsakir. Ef menn vilja halda uppi þessari skipan, sem nú er um þessi mál, þá verður eitthvað að gera til að bæta úr. Ef menn vilja hverfa frá því, þá er það annað mál, og má þá taka málið á öðrum grundvelli. En eins og það horfir við, þá verður ekki hjá því komizt, að málið sé tekið til gagngerðrar endurskoðunar miðað við l. frá 1931 og fært í eitthvað svipað form því, sem hér liggur fyrir.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Ed., 6. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Í þessu máli eru tvö atriði, sem ég vildi benda á, annað til n. og hitt til fjmrh. Það kom fram bæði hjá þm. Barð. og hæstv. kirkjumálarh., að prestsbústaðir væru dýrir, en ekki kom þeim saman um, hvað dýrir þeir væru. Ég get nefnt, að á Austurlandi voru byggð tvö hús, svo jafnstór, að ekki munaði nema nokkrum sentimetrum, hvað annað var lengra en hitt. Annað var prestsbústaður og kostaði 115 þús. kr., en hitt var byggt á Egilsstöðum — dýralæknisbústaður — og kostaði 300 þús. kr. Nú vil ég spyrja fjmrh., í hverju þessi munur geti legið. Ég geri ráð fyrir, að hann láti rannsaka það. Annað húsið er næstum því þrisvar sinnum dýrara en hitt, og eru þó bæði byggð undir eftirliti húsameistara ríkisins. Ég vil láta ríkisstj. athuga þetta, ef hún mætti eitthvað af því læra. Einhverjar ástæður hljóta að liggja til þess, að tvö jafnstór hús séu svo misjafnlega dýr, ekki sízt þegar þau eru bæði byggð á sömu stöðum. Fleiri dæmi mætti vafalaust nefna, sem hnigu í sömu átt. Það verður því að ganga úr skugga um, hvað þessum mismun veldur, og bendi ég fjmrh. á að athuga þetta og læra af því. Umræðurnar, sem áður hafa orðið um þetta mál, gáfu mér tilefni til að benda fjmrh. á þetta. En n. vil ég benda á, að samkv. launalögunum eru prestunum ætlaðar heimatekjur, svo sem leiga jarðar og húsa og ýmis önnur hlunnindi. Ætlazt var til, að hlunnindi þessi yrðu metin á 10 ára fresti, en það hefur gersamlega verið vanrækt að endurnýja þetta mat, og búa prestarnir nú við tekjur samkvæmt mati frá 1920. Síðan koma launalögin og telja þetta til frádráttar í stað tekna áður, sem sé jarðnæðið og húsnæðið. Hinn hluti heimateknanna féll alveg niður og veit enginn, hvernig meta skuli. Og nú koma þessi lög, sem gera ráð fyrir föstu gjaldi fyrir húsnæði, sem dragist frá launum prestsins, en það vantar alveg ákvæði um jarðnæði og aðrar heimatekjur. Úr því að hér er slegið föstu um það, hvernig reikna beri húsnæðið, ætti einnig að koma fram, hvernig meta eigi jarðnæði og aðrar heimatekjur, svo að einhver geti sagt um, hvers virði þetta er. Þetta var áður metið upp í kaup prestsins, en nú hirðir hann þessar aukatekjur, sem enginn getur sagt um, hversu mikils virði eru.

Gísli Jónsson: Ég vildi benda forseta á, að hann hlutaðist til um, að ráðh. yrði hér viðstaddur þessa umr., þar sem hann deildi hart á mig á fundinum í fyrradag, og vildi ég, að hann yrði viðstaddur, er ég svara fyrir mig.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég ætla ekki að blanda mér inn í þessa umr., en vildi aðeins benda þdm. á, að þetta er aðeins 1. umr. og nóg tækifæri til að ræða málið við síðari umræður. **(SÁÓ:** Ég tek undir þetta álit hv. 1. þm. Eyf.)

Gísli Jónsson: Ég get að sjálfsögðu rætt efnishlið málsins nú og vildi einmitt benda á nokkur atriði áður en málið fer til 2. umr. og nefndar. Ráðherra vill nú lögbinda, að fjórir prestsbústaðir séu reistir á ári. En þetta er alveg ógerlegt og tekið í raun og veru fjárveitingarvaldið af Alþingi. Í öðru lagi er hér eitt atriði tekið út úr heilu kerfi, og er það raunar mun meira og stærra atriði. Skylt er nú að byggja, auk prestsbústaðar, læknisbústaði, kennarabústaði, skólastjórabústaði og yfirleitt bústaði flestra opinberra embættismanna. Hér er um að ræða a.m.k. 4 flokka jafnréttháa, og ef byggja á hlutfallslega yfir allar þessar stéttir, þarf árlega að byggja um 20 bústaði, og vil ég, að n. athugi, hvernig hún hugsar sér framkvæmd þessara mála og hvaða fjáröflunarleiðir hún kemur auga á í þessu skyni. Ég skal taka það fram, að persónulega hef ég ekkert á móti því, að byggt sé yfir presta. Ef hér væri um heildaráætlun um byggingar fyrir opinbera starfsmenn að ræða, væri allt öðru máli að gegna. En þegar eitt atriði er tekið út úr, eins og hér er um að ræða, þá tel ég, að það hljóti að leiða til öngþveitis. En ég skal taka það fram, að ég hef ákveðnar till. að bera fram í þessu máli, og vildi ég, að menntmn. tæki þær til athugunar. Till. þessar eru á þá lund, að ríkissjóði sé heimilað að selja allar kirkjujarðir í þeim söknum, þar sem byggja þarf upp prestsbústaði, og komi söluverð jarðanna upp í byggingarkostnaðinn, og mun ég flytja brtt. í samræmi við þetta, ef menntmn. sér sér ekki fært að gera þetta að sínu áliti. Þessu til stuðnings skal ég nefna dæmi. Ákveðið hefur verið að flytja prestssetrið frá Stað á Reykjanesi að Reykhólum. Á Reykhólum er nú enginn prestsbústaður, og vilja menn, að hann sé nú reistur þar. Ríkissjóður á nú allmargar jarðir í Reykhólasveit, og mætti selja þær á ca. 200 þús. kr., enda hafa þessar jarðir aðeins orðið ríkissjóði til fjártjóns og skammar og eru í svo mikilli niðurníðslu, að auðveldlega má þekkja þær úr, þegar riðið er um sveitina. Nú er svo komið, að búast má við, að afnema verði lögin um sölu kirkjujarða, sem sett voru á síðasta þingi, enda voru þau blekking ein, þar sem jarðirnar voru leigðar endurgjaldslaust, þar til sami ættliðurinn vildi ekki lengur búa á þeim. Þegar svo verður, falla þær auðvitað aftur undir ríkissjóð. En sérstaka áherzlu vil ég þó leggja á það, að ekki er hægt að taka þennan eina flokk út úr, þegar engar ráðstafanir eru gerðar til að byggja yfir aðra embættismenn. Ekkert samræmi er heldur í því, að prestar greiði húsaleigu að 2/5, en læknar að 3/5, en ríkissjóður 2/5 með sérstöku tilliti til sjúkraskýla, sem ætlazt er til, að reist verði við læknisbústaðina. Síðan þetta komst á, hafa læknar beitt þannig valdi sínu, að þeir hafa kúgað fátæk sveitarfélög til að lækka húsaleiguna og sveitirnar hafa orðið að leggja hærri gjöld á almenning fyrir húsnæði handa mönnum, sem hafa 28—60 þús. kr. föst árslaun frá ríkinu. Ég sé, að hæstv. kirkjumrh. er mættur, og get ég því snúið máli mínu til hans. Hæstv. ráðh. var eitthvað óskiljanlega viðkvæmur við umr. í fyrradag. Veittist hann að mér og sneri út úr fyrir mér og talaði langt mál um, að þetta heyrði ekki undir skipulagsstjóra, heldur skipulagsnefnd. Ég veit ekki betur en skipulagsstjóri sé forstjóri skipulagsnefndar.

Ég mun ekki endurtaka það, sem ég hef sagt um 5. gr. frv. Það ætti hæstv. ráðh. að vera kunnugt um. En ég leyfi mér að benda þessum hæstv. ráðh. á það, að ef hann heldur fram tölum sínum frá í gær í fullri alvöru, þá er þar um að ræða 20 þús. kr. hækkun til prestanna í landinu. Í núverandi lögum er ákveðið, að þeir greiði 2/5 byggingarkostnaðar. Á þeim árum, er lög þessi voru sett, gilti öðru máli en nú, því að þá sátu prestarnir á sultarlaunum. Hér vill hæstv. ráðh. að farið sé inn á braut, sem hann sjálfur gerir sér ekki ljóst, hverjar afleiðingar hefur í för með sér.

Hæstv. ráðh. hélt því fram hér á Alþ., er launalögin voru á ferðinni, að engin hækkun mundi eiga sér stað hjá pósti og síma. Nú veit Alþ. og hæstv. ráðh., að útgjöld þessara stofnana hafa aukizt svo mjög, að hann hefur bókstaflega gefizt upp við að leysa þann vanda og flækju, sem hann er nú kominn í þar. Og ég bendi hæstv. ráðh. á, hvort sé ekki betra að athuga þetta mál nákvæmlega, og hvort hann sé ekki að stranda í þessu máli eins og hann hefur strandað í launalöggjöfinni, og hvort hann vildi ekki taka við hollráðum.

Samkv. 16. gr. mundi húsaleiga presta nema 1600 kr. á ári, en margir þeirra hafa nú sem stendur eitt og hálft prestakall og margir auk þess ýmis opinber störf, en hins vegar væri sjálfsagt að nota starfskrafta prestanna betur en gert er í mörgum prestaköllum, **með tilliti til þeirra hlunninda í** húsakosti, sem hér um ræðir. Hæstv. ráðh. hefur nýlega veitt presti brauð, þar sem undir hann heyra 11 bæir með 3 til fjóra menn á hverjum bæ. Slíkt finnst mér, að þurfi að athuga. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að prestaköll stæðu auð vegna lélegra húsakynna. Ég veit nú samt um dæmi þar, sem mjög vel hefur verið byggt upp og presturinn setið svo sem eitt ár, en farið svo til útlanda og ekki komið í sína sókn meir.

Ég skal nú ekki deila meir við hæstv. ráðh. að sinni, en ég leyfi mér að biðja þá nm., sem koma til með að athuga þetta mál, að ræða þær till., sem ég hef bent á, og reyna að komast hjá því að baka ríkissjóði meiri fjárhagslega byrði en nauðsynlegt getur talizt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að vera margorður í svari til hv. þm. Barð. Ég heyrði aðeins niðurlag ræðu hans. Hv. þm. sagði, að ég væri eitthvað sérstaklega viðkvæmur í þessu máli og að ég hefði hér í frammi ádeilur og útúrsnúninga. Ég vil nú helzt ekki viðurkenna neitt af þessum ummælum þessa hv. þm., og ég er ekki viðkvæmari fyrir þessu máli en öðrum málum, sem heyra undir mig og ráðuneyti mitt. Mér finnst hart, ef þessi hv. þm. ber það út, sem er og form. fjvn., að á Egilsstöðum hafi verið byggður prestsbústaður fyrir 350 þús. kr., eða aðrar slíkar fjarstæður, sem hann virðist hafa, eftir hans fullyrðingum að dæma. Nú er mér ekki kunnugt um, að neinn prestsbústaður hafi verið byggður að Egilsstöðum, en þar mun aftur á móti hafa verið byggður læknisbústaður, sem hefur sjálfsagt orðið að uppfylla sérstakar kröfur sem slíkur, enda eru læknisbústaðir öðruvísi byggðir en prestsbústaðir og eru þar af leiðandi mun dýrari, en mér er þó kunnugt um, að enginn prestsbústaður hefur farið fram úr 180 þúsund kr. til þessa. Skakkar það því helming verðs miðað við útreikninga hv. þm. Barð. Þess vegna má gera ráð fyrir, að byggja megi

3 bústaði á ári miðað við 500—600 þús. kr. fjárveitingu. Ég tel því orð hv. þm. Barð. ekki réttmæt, né að ég hafi haft hér í frammi neina útúrsnúninga.

Þá minntist hv. þm. á það, að ég hefði verið forsvarsmaður launalaganna og að ég hefði haldið því fram, að þau mundu ekki valda ríkissjóði auknum útgjöldum. Það er rétt hjá þm., að ég var og er samþykkur þeim, en ég hef aldrei sagt, að þau gætu ekki haft einhverja útgjaldahækkun úr ríkissjóði í för með sér. Um hitt, að ég og ráðuneyti mitt væri að gefast upp við að reka ákveðna ríkisstofnun, þá tek ég það fram, að ég hef ekki gefizt upp í því máli, en hef hins vegar gert viðtækar ráðstafanir í því efni. Hv. þm. veit þetta og veit líka, að hér hefur ekki verið um neina uppgjöf að ræða og það hefur aldrei verið meiningin, og þarf ég ekki að fara um það frekari orðum. En ég bæti því við í sambandi við ummæli þessa hv. þm. um launalögin, að það er sannarlega miklu fleira en launalögin og mitt ráðuneyti, sem valdið hafa einhverjum hækkunum fram yfir það, sem áætlað var.

Hv. þm. sagði, að það væri verið að veita prestunum mikil hlunnindi fyrir lítil störf. Ég veit, að það er verið að veita prestunum hlunnindi. Ég færði rök að því í ræðu minni í gær, að þess þyrfti í því formi að fá þá til að starfa í því skipulagi kirkjumála, sem nú ríkir. Hitt er allt annað mál, ef aðskilja ætti ríki og kirkju, og kemur það þessu máli ekkert við. Það verður að fá menn til þess að sinna embættum þjóðkirkjunnar, en það verður ekki framkvæmt með þeim lögum, sem nú eru í gildi. Það er ekki hægt að praktisera lögin frá 1931 um hýsing prestssetra nema með því að þverbrjóta þau.

Ég deili ekki frekar við hv. þm. Barð. Hann sagði, að ég hefði ráðizt að sér, en það er mjög fjarri sanni. Hitt er ekki að lá mér, þótt ég ætlaðist til, að mitt sjónarmið kæmi fram fyrir nefndina.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í tilefni af þeim ummælum hæstv. ráðh., að hér væri verið að veita prestunum launabót fyrir lítil störf, þá vil ég taka það fram, að hann hefur ekki heyrt nema lítinn hluta af ræðu minni og þess vegna misskilið mig. Að svo mæltu vænti ég þess, að hv. n. ræði mínar ákvæðu tillögur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, 187).

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Menntmn. hefur haft fundi um þetta frv. og athugað það vel, þar eð málið er umfangsmikið og allmikið fjárhagsmál. Niðurstaða n. er sú, að hún leggur til, að frv. verði samþ. N. hefur ekki gert neinar stórbreyt. á frv., er snertir efni þess, en hún leitaði upplýsinga hjá biskupsskrifstofu, enda er frv. samið upphaflega að tilhlutan biskups.

Við 1. gr. frv. er ekkert að athuga. Þar er gert ráð fyrir, að rækileg athugun fari fram á öllum prestssetrum landsins á næstu 5 árum. Sú athugun skal leiða í ljós í fyrsta lagi, hver af núverandi prestssetrum séu vel til þess fallin að vera aðsetur prests í framtíðinni. Í öðru lagi, hvar æskilegt sé að færa prestssetur vegna breyttra aðstæðna. Í þriðja lagi, hver prestssetur eru vel fallin til skiptingar í fleiri jarðir og hvernig þeirri skiptingu yrði bezt fyrir komið, og í fjórða lagi að gera skipulagsuppdrætti af tilvonandi prestssetrum. Menntmn. taldi eðlilegt, að þetta heyrði ekki undir skipulagsstjóra, heldur skipulagsnefnd prestssetra, en skv. upplýsingum frá biskupsskrifstofu er starfandi skipulagsnefnd prestssetra frá dögum Björns Þórðarsonar, og starfar hún áfram. Við höfum lagt til, að við 4. tölul. 1. gr. bætist: Skipulagsnefnd prestssetra annist framkvæmd þessa. — Þá er búið að taka fram, hver á að annast þetta og er nauðsynlegt að ákveða það fyrir fram.

Þá er ekki ástæða til að gera breyt. fyrr en við 5. grein, sem er þannig: „Í fjárlögum skal árlega veitt nægilegt fé til byggingar 4 prestsseturshúsa að minnsta kosti, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Áætlar húsameistari ríkisins byggingarkostnaðinn hverju sinni.“ Breytingin er sú, að við höfum sett „allt að“ í stað „að minnsta kosti,“ og er þá heldur dregið úr því, sem upphaflega var ætlazt til. Eins þótti okkur eðlilegt að fá upplýsingar frá biskupsskrifstofu um byggingarþörf prestssetra. Þær voru á þá leið, að nú eru 79 steinhús á prestssetrum landsins. Þar af eru 3 mjög léleg og ýms, sem þurfa mikilla endurbóta. Þessi hús eru léleg: á Bjánslæk, Sauðanesi og Auðkúlu. 34 timburhús eru á prestssetrum, flest gömul og hrörleg, en nokkur eru sæmileg. Talið er, að 24 þessara húsa þurfi að endurbyggja á næstu árum, og til þess að hv. þm. geti betur myndað sér skoðun um þetta, skulu þau nefnd hér. Þau eru þessi: Eydalir, Kálfafell, Hof í Öræfum, Fellsmúli, Kálfholt, Hruni, Arnarbæli, Grindavík, Útskálar, Reynivellir, Borg, Staðarhraun, Breiðabólstaður á Skógarströnd, Staður í Reykhólasveit, Sauðlauksdalur, Patreksfjörður, Rafnseyri, Holt í Önundarfirði, Staður í Súgandafirði, Staður í Aðalvík, Vatnsfjörður, Árnes, Grímsey og Kirkjubær í Hróarstungu. Tvo til þrjá þessara staða sitja ekki prestar og yrði þar þá ekki um neina endurbyggingu að ræða og ekki nema þar, sem talið er, að verði prestssetur framvegis. Skv. 1. gr. frv. eru litlar líkur fyrir, að byggt yrði á Stað í Aðalvík. Tala þessara húsa getur því lækkað. Enn fremur hefur biskupsskrifstofa gefið þær upplýsingar, að gamlar og lélegar byggingar séu á: Odda, Setbergi, Flatey, Stykkishólmi og Völlum. En ekki er mjög aðkallandi að endurbæta þær. Lélegir torfbæir eru á: Hofteigi, Hvammi í Laxárdal og Tjörn á Vatnsnesi og verður ekki komizt hjá endurbótum á þessum stöðum. Upplýsingar um, að vanti prestshús algerlega, sem sé á: Mjóafirði, Djúpavogi, Ásum, Hvoli, Saurbæ, Laugarnesprestakalli og Dómkirkjuprestakalli. Talið er, að að þörf sé á 37—40 húsum á næstu 8—10 árum, sem svarar til, að reisa þurfi 4 hús árlega, ef útrýma ætti þeim verstu. — Þetta taldi ég ástæðu til að taka fram í sambandi við 4. gr., sem er þyngst á ríkissjóði, en þörfin er allbrýn, og þarf að bæta úr þessu á næstu árum.

Þá leggur n. til, að breytt sé orðalagi 7. gr. Þar er ekki efnisbreyt. á ferðinni, heldur að það efni komi skýrar fram, sem um er fjallað. — 9. gr. er

ekki ástæða til að breyta, en við 1. umr. kom fram, að ósanngjarnt væri að skylda kaupstaði að leggja til ókeypis lóð undir prestssetushús, en n. var á öðru máli í því efni. Við 11. gr. var gerð smávægileg orðalagsbreyt., þannig að í stað orðsins „brunabótafé“ komi: tryggingarfé. Við 1. umr. var á það bent, að heppilegt væri að láta prestana borga húsaleigu, en láta þá ekki borga viðhaldið. Hins vegar hélt n., að það kæmi sér betur fyrir ríkið að láta prestana annast viðhaldið sjálfa og hafa húsaleiguna lægri. — Við 12. gr. höfum við ekki gert breyt., þó að við 1. umr. væri talið, að ástæða væri til þess.

16. gr. fjallar um, hvað prestum er ætlað að greiða af prestssetushúsum, og varð niðurstaðan sú að breyta því ekki að verulegu leyti. Það er ekki ætlazt til, að þeir greiði ýkja háa húsaleigu, en greiði opinber gjöld af húsunum og annist viðhald þeirra. Þessi gr. leiðir til þess, að sú upphæð, sem prestar greiða nú, fær verðlagsvísitöluálag. Við 3. tölul. 16. gr. leggur n. til, að hann verði orðaður ljósar, en ekki er þar um efnisbreyt. að ræða.

Ég hef þá gert nokkra grein fyrir efni þessa frv. og þeim breyt., sem n. telur æskilegar. Tveir nm. voru ekki viðstaddir afgreiðslu þessa máls hjá n. Það voru hv. 2. þm. Árn. (EE) og hv. þm. Seyðf. (LJóh), og er mér því ekki kunnugt um afstöðu þeirra til málsins.

Þá skal ég að lokum geta þess, að þegar við endurskoðuðum frv., höfðum við til hliðsjónar till. einstakra þm. og teljum, að ekki verði komizt hjá að setja lög um þetta efni.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það er rétt hjá frsm. menntmn., að ég og hv. þm. Seyðf. (LJóh) tókum ekki þátt í lokaafgreiðslu þessa máls í nefndinni. Það, sem olli því, af minni hálfu, var það, að ég treysti mér ekki til að gera þessar brtt. með n. og ekki heldur að koma sjálfur með brtt. á þessu stigi málsins. En þrátt fyrir það vil ég segja hér nokkur orð um þetta mál.

Það, sem ég tel einkum skorta á þetta frv., er, að það er ekki nógu gagngert. Það er ekki grafið niður á klöpp, og ég viðurkenni, að það er hægara sagt en gert. — Þó að gert sé ráð fyrir því í frv., að gagnger athugun skuli fara fram á öllum prestssetrum í landinu á næstu fimm árum, tel ég, að laust sé á þessu tekið, og hefði mér þótt eðlilegt, að þessari athugun væri lokið áður en lög væru sett um þetta efni. Þessi aths. mín stafar ekki af því, að ég unni ekki íslenzku prestunum þess að hafa gott húsnæði, nema síður sé. Svo er mál með vexti, að verustaðir presta nú eru mjög breytilegir. Þar, sem öldum saman hafa búið prestar, er nú víða þannig komið, að presturinn hvorki getur né vill sitja þennan stað, að minnsta kosti ekki sem bóndi. T. d. í Árnessýslu eru tvö prestssetur, sem þurfa endurnýjunar við, Arnarbæli og Hruni. Arnarbæli hefur verið prestssetur um langan aldur, en nú er svo komið, að presturinn situr þar ekki lengur, heldur dvelur hann í Hveragerði. En ástandið í Hruna er næstum verra, því að presturinn þar hefur fengið sér leigt á næsta bæ, sem betur er hýstur, en gamli Hruni með dansinn og fylliríið er nærri í eyði, og dæmi sem þessi munu víðar finnast. Þetta ástand tel ég þörf á að rannsaka betur áður en lög eru sett. Ég held, að það sé yfirstandandi stór breyt. í þessu efni, og fram hjá henni verði ekki gengið við lagasetningu um hýsingu prestssetra.

Þá vil ég taka það fram hér, þó að það komi ekki beinlínis þessu máli við, að ég tel eðlilegt og rétt, að sveitastjórnirnar yrðu meira í ráðum um að ráðstafa þeim kirkjujörðum, sem ekki eru lengur prestssetur. Það varðar mest viðkomandi sveitarfélög, að þessar jarðir verði vel setnar, og þess vegna er þess að vænta, að með því fáist betri árangur.

Það má um það deila, hvort það sé illa farið, að prestarnir hætti að vera bændur um leið, þó að okkur finnist það sjálfsagt, eftir gamalli venju. Ef það aftur á móti verður til þess, að þeir sinni betur sínu aðalstarfi, þá er öðru máli að gegna, því að ekki veitir af. Þeir, sem áhuga hafa á trúmálum, hljóta að finna til af því, hvernig þeim málum er nú komið, þar sem tíðarandinn hefur tæmt kirkjurnar að mestu. Hverju það er að kenna, get ég ekki sagt um. Það er svo margt, sem kemur til greina, svo margt, sem tekur hugann nú á dögum. Ég álít, að hér sé um stórmál að ræða, sem ekki verði leyst með því að ýta fram byggingum á prestssetrum. Það þarf meira átak. Þetta er ekki árás á prestana, þeim verður ekki um það kennt, þó að rás viðburðanna hafi hagað þessu þannig. Ég viðurkenni, að það er mikill vandi að ráða fram úr þessu máli, en mér finnst ekki tekið á því nógu föstum tökum með þessu frv. Ég ámæli ekki flm. frv. og því síður meðnm. mínum. Ég veit ekki, hvort ég kem með brtt. við 3. umr., en vona, að flm. skilji, að ég hef góðan vilja í þessu máli. Ég skal svo ekki þreyta d. með lengra máli.

Gísli Jónsson: Það ber að virða og þakka þá vinnu, sem meiri hl. menntmn. hefur lagt til þessa máls, þó að ég hefði hins vegar talið heppilegra, að n. hefði ekki hraðað svo mjög störfum sínum, en allir hefðu getað tekið þátt í störfum n., sem þar eiga sæti. Ég sé, að n. hefur ekki séð sér fært að breyta 4. gr. frv. við þessa umr., en nú vildi ég benda á, hvort ekki væri hægt að fá meiri hl. fyrir því að fella hana alveg niður. Eins og kunnugt er, voru þessi ákvæði sett til að tryggja það, að hægt væri að fá presta á afskekkta staði, en alls ekki í því augnamiði að byggja yfir presta, t. d. hér í Rvík.

Þá langar mig að spyrja hv. frsm., hvort þessi n., sem sett hefur verið til að athuga um skipulagningu prestssetra, sé enn starfandi, eða hvort hún sé fastanefnd, sem eigi að starfa að minnsta kosti næstu tíu ár, eins og mér skildist af ræðu þessa hv. þm., og ef svo er, hvaðan hún fái laun sín. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að nú í fjárl. er tekið upp til prestsbústaða í 20. gr. 450 þús. kr., hvar af er ætlazt til, að fari a. m. k. á annað hundrað þús. kr. til útihúsa á prestsbústöðum, og þá er ekki eftir nema 300 þús., og þá er vitanlegt, að þennan lið þarf að stórhækka og setja hann upp í 800—900 þús. kr., og það var það, sem ég benti á við 1. umr., að ég teldi afar varhugavert, að binda fyrir fram til margra ára ákveðið framlag, sem ekki væri vitað, að hægt væri að standa við. Þetta var gert á síðasta aðalþingi. Þá voru bundnar með fræðslul. stórkostlegar fjárfúlgur úr ríkissjóði, svo að nú þarf 14 millj. kr. til að uppfylla lagafyrirmæli um

byggingar skóla, barnaskóla og gagnfræðaskóla, en hvorki fjvn. né fjmrh. hefur getað séð nokkur tök á að uppfylla það, hvað þá að bæta við út í bláinn.

Ég benti á það við síðustu umr. að nota andvirði seldra þjóðjarða til að byggja upp fyrir. Fyrst það má selja þessar jarðir, þá tel ég eðlilegt að nota andvirðið til að byggja prestsbústaði, og þá tel ég, að l. ætti að breyta þannig, að ekki sé skylt að selja jarðirnar með þeim kvöðum, sem þær eru nú seldar með, og meira að segja að selja þær á frjálsum markaði. Mér er kunnugt um, að í Reykhólasókn og Gufudalssókn eru svo margar þjóðjarðir, að ef þær væru seldar á frjálsum markaði, þá mundu þær hér um bil standa undir kostnaðinum við að byggja það, sem þar þarf að byggja, en ég sé, að n. hefur ekki séð sér fært að taka það til athugunar.

Þá gaf hv. frsm. n. upplýsingar um íbúðarhúsin. Ég verð að segja, að annaðhvort skjátlast hv. frsm. eða n. hefur ekki lagt eins mikla vinnu í þetta og mér skildist á ræðu hv. frsm., því að í frv. í fyrra var þetta allt gefið upp, og mér dettur ekki í hug, að n. hafi ekki kynnt sér það. Þar er sagt, að steinhús séu 63, en nú eru þau 79. Það er þá búið að bæta við hvorki meira né minna en 16 steinhúsum. Fyrir hvaða fé hafa þau verið byggð? Ég held, að ef það hefur verið gert fyrir þá sök, að málið var ekki látið ná fram að ganga, þá sé rétt að salta það svolítið lengur. Nei, sannleikurinn er sá, að aðrar hvorar upplýsingarnar eru rangar, og ég er svo gerður, að ef ég fæ rangar upplýsingar, þá trúi ég ekki öðru, sem sagt er um það mál. Enn fremur er sagt, að timburhús hafi verið 36, en séu nú 34, og það getur verið rétt. Það getur verið, að það hafi verið rifin 2 timburhús. (**HV**: Það geta hafa verið byggð steinhús fyrir þau). Já, 2, en ekki 16. Þó að ég sé ekki stærðfræðikennari við gagnfræðaskólann á Ísafirði, þá veit ég, að 2 verða ekki 16. Nú er sagt, að 24 timburhús séu í sæmilegu standi, en í fyrra voru þau 11. Nú er fullyrt, að endurbyggja þurfi að öllu leyti 30—40 prestssetushús á næstu árum, en í fyrra voru þau 29. Engar af þessum tölum passa. Það getur verið, að biskupsskrifstofan hafi þá ekki kynnt sér málið nægilega vel, en betur nú, því að ég hygg, að báðar tölurnar séu frá biskupsskrifstofunni, en þá á að gefa þeim frest til að athuga málið einu sinni enn til að sjá, hvort þeir hafi ekki misreiknað sig við síðari tölurnar.

Ég vil enn fremur leyfa mér að benda á, að ég hygg, að ákveðið hafi verið, að það fé, sem lagt verður til prestssetushúsa 1947, fari til bygginga prestssetushúsa í Reykjavík. En ég er ekki viss um, að þjóðkirkjan eigi nú fyrst og fremst að stuðla að því, að fólkið flytji úr sveitunum. Mér er ljóst, að það er miklu meiri þörf á að byggja prestssetushús á þeim prestssetrum, þar sem ekki er hægt að halda presti í héraðinu vegna húsnæðisleysis og verður þess vegna að vera prestslaust á stórum svæðum, heldur en að byggja í Reykjavík, þar sem allir prestar sækja um að vera. Ég tel því, að sú stefna sé alröng að ofþyngja ríkissjóði við að leggja fram til kirkjubygginga í Reykjavík stærri fjárfúlgur en nokkurra annarra embættismanna, meðan ekki er hægt að byggja upp á jörðum ríkisins til þess að halda þar prest. Ég held, að þegar l. voru samin áður um prestsbústaði, þá hafi mjög ráðið þar um hin afskaplega lélegu laun prestanna þá. Þá var m. a. ákveðið, að prestar skyldu fá nokkurt skrifstofufé, 500—700 kr. á ári. Þetta var beint til að bæta þeirra laun. Hvort tveggja þetta hefur verið gert til að forðast að opna launal. Svona var bætt við fleiri embættismenn. En síðan búið er að ákveða með launal., að prestar skuli hafa sambærileg laun við aðra embættismenn og þar einnig ákveðið, að sá hluti launanna, sem greiddur er ekki í beinum peningum, heldur í fríðu, skuli metinn af ákveðnum aðilum og dragast frá launum þeirra, þá tel ég ekki rétt að setja inn í sérstök l., hvernig skuli reikna þessi fríðindi, eins og gert er í 16. gr. Þar rekur sig eitt á annars horn. Þess vegna vil ég mjög biðja hv. frsm. að athuga um þetta og hvort ekki er hægt að samríma þetta, svo að þessi fríðindi verði reiknuð á sama hátt og annarra embættismanna og dregin frá þeirra launum, eða þá að breyta l., að þetta gildi ekki fyrir þessa sérstöku stétt embættismanna. Skrifstofukostnaðurinn er greiddur enn, og það er síður en svo, að ég hafi á móti því. Fjvn. hefur fengið þetta sundurliðað og mælir með að láta þessa greiðslu haldast, en ég er ekki eins sammála um, að byggingarmálin séu látin verða eins og hér er lagt til.

Ég mun af því, sem ég hef bent hér á, ekki skipta mér af afgreiðslu þessara brtt., heldur sitja hjá við atkvgr., en get fylgt málinu til 3. umr., en mun svo bera fram brtt. til leiðréttingar á þessu máli, ef þess er ekki að vænta, að það komi frá n. sjálfri, því að ég tel málið ekki í því formi, sem það ætti að vera.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að segja margt um þetta mál og þá aðallega um meðferð málsins að gefnu tilefni.

Eins og hv. 3. landsk. tók fram, hefur það þannig verið í n., að aðallega hafa 3 nm. unnið að málinu, og ég hef ekki orðið var við það fyrr en nú, að n. hafi klofnað. N. tók að sér öll að flytja þetta mál fyrir kirkjumráðh., og svo var því ekki vísað sérstaklega til n. aftur, heldur lýsti hún yfir, að hún mundi taka málið til athugunar milli umr., eins og hún hefur gert. Þeir fundir, sem n. hefur haldið, hafa alltaf verið boðaðir öllum nm., en það hafa engar tilkynningar komið um það frá þeim tveimur nm., sem hafa ekki tekið þátt í athugun málsins, að það bæri svo að skilja, að þeir hefðu klofið n. í þessu máli og hefðu aðra aðstöðu um það, og ég man ekki heldur eftir nema einu sinni, að það hafi komið frá þeim nein boð um forföll. Ég man, að hv. 2. þm. Árn. lét þess getið að því er einn fund snerti, að hann gæti ekki á honum verið. Ég verð að segja það, að ég hefði kunnað betur við, að hann sem nm. hefði gert þessar aths. sínar í n. en að koma fyrst fram með þær í deildinni.

Ég ætla nú ekki að ræða það, sem hér hefur fram komið um málið, því að ég álít, að sá maður, hv. 3. landsk., sem við þrír völdum til þess að fylgja þessum brtt. okkar úr hlaði, sé fullfær um að svara þeim aths., sem fram hafa komið viðvíkjandi brtt. og einstökum atriðum frv., og tel ég víst, að hann muni gera það, og skal ég ekki neitt taka af honum ómakið hvað það snertir, en af almennum aths. langar mig aðeins til að minnast á það, sem hv. 2. þm. Árn. sagði.

Hv. þm. talaði hér alllangt mál um að þetta frv.,

sem hér liggur fyrir, væri ekki nógu gagngert, eins og hann orðaði það, og það hefði þurft að liggja fyrir miklu nákvæmari athugun en fyrir liggur, til þess að rétt væri að setja, að mér skildist, slíka löggjöf sem hér stendur til. Það kann vel að vera, að þurft hefði að fara fram meiri athugun á ýmsum hliðum þessa máls, en þó er á það að líta, að með þessu frv. er ekki verið að byrja á neinu nýju, því að á undanförnum árum hefur verið veitt talsvert fé úr ríkissjóði til bygginga prestssetra, og það eru til l. um, að þetta skuli gert, og ég held, að þau séu ekki á neinn hátt ýtarlegri en það frv., sem hér liggur fyrir.

Ég er hv. 2. þm. Árn. sammála um það, að áður en ráðizt er í að byggja ný prestsseturshús, þarf að fara fram athugun á því, hvort það eigi yfirleitt að hafa prestsseturshús á þeim stað, en þetta frv., eins og það liggur fyrir, gerir beinlínis ráð fyrir, að slík athugun fari fram, því að það er beint fyrirskipað samkv. frv. í fyrsta tölul. 1. gr., en það út af fyrir sig, að slík athugun fari fram, álít ég, að sé til mikilla bóta.

Þá vék hann að máli, sem er náttúrlega ákaflega þýðingarmikið atriði, og það er það, sem stundum hefur verið hreyft áður, hvort yfirleitt ætti að stefna að því, að sveitaprestar hefðu jarðir til búskapar ellegar ekki. Það hafa verið uppi raddir um, að prestar væru losaðir við búskap, það væru bara prestsseturshús í sveitunum, en ekki miðað við hin gömlu prestssetur og prestar ættu yfirleitt ekki að búa. Ég tel það nú víst, — eins og hann var að tala um, að orðið hefði að því er Arnarbæli snerti, að presturinn væri kominn í sveitaþorp, sem þar er, — að þar, sem þorp og kauptún eru í prestaköllunum, þá sé nú straumur tímans þannig, að prestssetrin lendi í kauptúnum og þorpum, og að það verði að sjálfsögðu að hafa í huga, þegar sú athugun fer fram, sem frv. gerir ráð fyrir. Nú er ég fyrir mitt leyti reiðubúinn að greiða atkvæði með því, að ef halda á uppi kirkju og kristindómi í landinu, þá þurfi marga presta í sveitunum, og það er mín ákveðna skoðun, að þeir eigi að eiga þess kost að hafa jarðir til umráða og ábúðar eins og verið hefur frá upphafi kristni í landinu. Það er ekki svo erfitt prestsstarfið, að því er talið er, að það sé ekki samrímanlegt því að stunda búskap. Ég álít hreint og beint það draga prestinn niður að vera eins konar húsmennskumaður, jafnvel þó að í sérstöku húsi sé, eða tómthúsmaður, ef hann er í sveit á annað borð, og fást ekki við búskap. Það er alveg rétt, að það eru erfiðleikar við búskapinn og fara vaxandi hin allra síðustu ár, alveg sérstaklega að því er það snertir að geta fengið fólk til að vinna við landbúnað, en mér sýnist nú, einkum eftir að hin nýju launal. voru sett, að prestar standi sízt verr að vígi um það en hver annar bóndi, og ef við hugsum yfirleitt til þess, að landbúnaður geti haldið áfram að þróast í landinu, þá álít ég, að þeir, sem eru prestar uppi í sveit, eigi að reka landbúnað eða a. m. k., að gengið sé út frá því, að þeir geri það og að séð sé um, að þeir geti það, þó að þeir ráðstafi þá sínum jörðum eða byggi þær og verði þá sjálfir í húsmennsku, ef þeim þykir það hentara fyrir sig. Og þrátt fyrir alla erfiðleika, sem að landbúnaðinum steðja nú og bændum, þá er það svo, að það eru allmargir prestar, sem búa myndarlegu búi. Svo er það t. d. í mínu héraði, a. m. k. um tvo presta þar. Það eru ekki orðnir margir prestar í mínu kjördæmi, en tveir þeirra búa stórbúi og búa mjög myndarlega, engu síður en aðrir myndarbændur. Þetta álít ég það langsamlega æskilegasta í sveit.

Það er náttúrlega líka út af fyrir sig rétt, sem hv. þm. Árn. var að tala um, að bættar samgöngur og aðrar breyttar aðstæður yllu því, að það þyrfti að fara fram athugun á prestaköllunum, athugun á því, hvort ekki mætti enn stækka prestaköllin. Ég býst við, að það sé alveg nákvæmlega í samræmi við 1. tölul. 1. gr., að sú athugun fari fram líka. Það er búið þegar að fækka prestum allmikið í landinu, en þar, sem ég þekki til, sé ég ekki, að þeim verði fækkað öllu meira, ef á annað borð á að halda uppi prestsþjónustu.

Hvað kirkjusókn og öðru slíku líður, þá er það misjafnt og hefur lengi verið, síðan það var úr l. tekið eða hætt að framfylgja þeim l. að sekta menn og refsa, ef þeir sóttu ekki kirkju, en ég hygg þó, að það sé algengt, að a. m. k. sumt af fólki meti mikils að geta komið til kirkju og hlustað á sinn prest. Svo er það þar, sem ég þekki til.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, þá vil ég aðeins geta þess, að mér virðist, að embættismenn sumir í bæjum hafi einmitt þau fríðindi í húsnæði, sem prestum eru ætluð samkv. þessu frv., eða svipuð, t. d. skólastjórum. Það er ekki langt síðan hér var mál á ferðinni á Alþ. að sjá rektor menntaskólans fyrir bústað, og það munu vera fleiri embættismenn í kaupstöðum, sem hafa húsnæði með sínu embætti, gjalda að vísu húsaleigu eftir mati. Mér er ekki nákvæmlega kunnugt, hvernig það mat er, en ég hygg þó, að óvíða séu fullir vextir af öllum tilkostnaði við það húsnæði, sem þeir hafa.

Þó að ég búist við, að hv. 3. landsk. svari því, þá vil ég þó geta um það, að það mun hafa fallið niður eitt orð í brtt. við 5. gr. Það var alls ekki meiningin, að orðið „nægilega“ félli niður. Það var meining n., að ef fé er veitt til að byggja prestssetur á annað borð, þá sé það nægilegt fé eftir áætlun. Hins vegar vildi n. rýmka svo um, að ekki væri skylda að veita fé til fjögra prestsseturshúsa á ári, ef fé þætti ekki vera fyrir hendi til þess. Mundi líklega rétt að leiðrétta þetta við 3. umr.

Út af því, sem sagt var við 1. umr. um byggingarkostnaðinn, vil ég segja það, að jafnvel þótt tillit sé tekið til þess mikla byggingarkostnaðar, sem nú er, þá kalla ég illa á haldið, ef prestssetushús þurfa að vera svona dýr, eins og ráð var fyrir gert við 1. umr. þessa máls. Þá var því t. d. haldið fram, að 4 prestssetushús á ári þyddi 1400 þús. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð. Ég veit raunar, að hér í Reykjavík er dýrt að byggja hús, og skal ekki segja, hvað prestssetushús í Reykjavík kynni að kosta. En ég fullyrði, að prestssetushús í sveitum þurfa ekki að kosta nándar nærri sem þessu nemur, hvað sem hægt kann að vera að koma því upp í þegar hið opinbera á í hlut, því að byggingar verða einatt miklu dýrari þegar hið opinbera á að koma þeim upp en ef einstaklingar eiga í hlut. Mér er kunnugt um það t. d., að nú á síðustu árum hafa bændur ýmsir byggt hús, sem væru alveg forsvaranleg prestssetushús í alla staði og hafa ekki kostað nándar nærri eins mikið og hér er gert ráð fyrir. Ég kom í haust í eitt nýbyggt hús norður í Eyjafjarðarsýslu; sem ég hefði talið boðlegt hverjum presti, þar sem hann hefði haft nægilegt

rúm fyrir sig og fjölskyldu sína og nauðsynlegt starfslið. Bóndinn sagði mér, að þó að hann reiknaði allan kostnað, sína vinnu og síns fólks, færi húsið ekki yfir 120—140 þús. kr. En það er kannske öðruvísi unnið við slíkar byggingar í sveitum, þar sem bóndinn sjálfur vinnur með, heldur en gert er hér í Reykjavík.

Það sem sami þm. var að tala um þær upplýsingar, sem biskupsskrifstofan hefur gefið, er náttúrlega ekki þess að vænta, að nm. þessir þrír séu kunnugir um allt land og geti sagt um, hvort þessar upplýsingar eru réttar eða ekki. Þær upplýsingar, sem hv. 3. landsk. gaf hér, eru úr bréfi undirrituðu af biskupi sjálfum, sömdu á hans skrifstofu, og vitanlega verður að taka þær upplýsingar eins og þær liggja fyrir nú, hvað sem sömu aðilar kunna að hafa sagt fyrir nokkru síðan. Og það mun vera þannig, að þótt þetta frv. væri borið fram í fyrra og upplýsingar gefnar í grg. þess þá, þá munu þær upplýsingar ekki hafa verið með öllu nýjar, því að ætlunin var að bera þetta frv. fram fyrr, og held ég, að í því liggi þessi mismunur. Mér finnst því ekki ástæða til að rengja það, sem biskup segir nú um ástand prestsseturshúsa í landinu á þessum tíma, og álít forsvaranlegt að ganga út frá því, að þetta séu réttar upplýsingar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég tók svo eftir hjá hv. frsm. þessa máls, að til muni vera einhver n., sem heiti skipulagsn. prestssetra. Hún mun hafa verið til nokkur undanfarin ár. Ég geri ráð fyrir, eftir því sem hv. flm. fórust orð, að þá sé þessari n. ætlað að afla þeirra upplýsinga, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir að fá, og sennilega þá líka dæma um það, sem um þarf að dæma, eftir að þær upplýsingar eru fengnar, en það er m. a., hver af núverandi prestssetrum séu vel til þess fallin að vera aðsetur prests í framtíðinni, hvert sé æskilegast undir vissum kringumstæðum að færa prestssetur, og gera skipulagsuppdrætti að þeim prestssetrum, sem líkleg eru talin sem prestssetur í framtíðinni. Ég er á móti þessu. Í fyrsta lagi er ekki stafur um það í l., hvernig þessi n. á að vera skipuð, og veit ég ekki, hverjir eru í henni nú eða hvernig hún hefur starfað né eftir hvaða heimild hún er skipuð. Ég man þetta ekki, man ekki eftir, að Alþ. hafi skipað hana eða hún sé skipuð eftir neinni lagaheimild neins staðar frá. Ég tel því, að það fyrsta, sem gera þarf í þessu máli, sé það að ákveða, hvernig brauðasamsteypan verði. Ég álít ekki, að andleg þörf einhverra úti um byggðir landsins sé svo brýn, að hvarvetna séu prestssetushús, en um allt land svo að segja, að Reykjavík einni undantekinni, er lengra að sækja lækni en prest. Það liggur áreiðanlega fyrir í næstu framtíð að fækka prestsembættunum og steypa saman brauðunum, og þá er engin ástæða til að byggja prestssetushús á brauðum, sem rétt strax eiga að leggjast niður. Þetta er það fyrsta, sem ég hef að athuga við frv. í heild.

Annað er það, að í raun og veru eru það þrjár stéttir manna, sem hið opinbera er skyldað til að sjá um húsnæði fyrir. Ég segi þrjár, en þær geta verið fjórar. Ég tel presta, lækna og sýslumenn, en það mætti vel bæta við skólastjórum, því að farið er að byggja yfir þá suma að nokkru leyti. Hvaða ástæða er til þess að láta sína hverja reglu gilda um þessa menn? Hvers vegna ekki að hverfa að því ráði að búa til ein sameiginleg l. um embættismannabústaði alls staðar? Hvers vegna að hafa sérstök l. um presta, önnur um sýslumenn og þau þriðju um lækna? Hvers vegna ekki heldur gera ein sameiginleg fyrir allar þessar stéttir. Það hef ég talið það bezta og væri mér næst skapi að vísa málinu í heild sinni frá til ríkisstj. með rökst. dagskrá í því trausti, að hún undirbúi almenna löggjöf um embættismannabústaði. Ég mun þó ekki gera það á þessu stigi málsins, heldur við 3. umr.

Þá vil ég vekja athygli á því, að ýmsar þær upplýsingar, sem biskupsskrifstofan hefur gefið, eru beinlínis rangar, af hverju sem það stafar. Það er t. d. rangt, þar sem talað er um Hofssókn, að byggja eigi á Hofi, því að þar hefur aldrei verið prestssetur, þó að söknin hafi verið kennd við Hof. Presturinn hefur setið á Sandfelli, en ekki Hofi. Þetta er kannske bezta dæmið. Þá er og mjög villandi í þessari upptalningu þar sem talað er um úr hvaða efni núverandi prestssetushús eru byggð. Má í því sambandi t. d. nefna prestssetushúsið í Hvammi í Laxárdal. Það var byggt úr timbri, en ekki torfi. Mætti nefna fleiri dæmi í þessu sambandi.

Ég mun á þessu stigi ekki skipta mér af frv., en mun við næstu umr. koma með rökst. dagskrá um það, að málinu verði vísað til ríkisstj. og fyrir hana verði lagt að semja frv. um byggingar og opinbera embættismannabústaði. Hvort sem um er að ræða presta, lækna eða sýslumenn, þá er sjálfsagt að láta sömu reglu gilda um alla embættismannabústaði og ekki vit í öðru.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Árn. hélt langa ræðu um það, hvað hann hefði við frv. þetta að athuga, og var það sérstaklega um það, að honum þætti ekki nóg á þessu máli tekið eftir ákvæðum frv. En þó hefur flest af því, sem hann nefndi sem agnúa á því, komið fram í þessu frv. og sæmilega fyrir því séð, sem hann taldi illa um búið. Hann tók sem dæmi færslu prestssetra úr sveitum í þorp. Samkv. 2. málsgr. 1. gr. á að fara fram rækileg athugun á því, hvar æskilegt geti talizt vegna breyttra aðstæðna að færa prestssetur, og þá hvert. Arnarbælisprestssetur hefur verið fært að Hveragerði vegna breyttra aðstæðna, en sá staður liggur bezt við samgöngum fyrir prestinn með tilliti til sóknar hans. Má vera, að enn betur væri um þetta búið, ef bætt væri aftan við þessa gr. skýlausu ákvæði um það, að hvergi skuli byggja samkv. þessum l. frv. fyrr en fram hafi farið þær athuganir, sem um getur í 1.—4. málsl. gr., og ákvarðanir teknar samkv. þeim niðurstöðum. Það hefði vel mátt bæta slíku við gr., og e. t. v. hefði hv. 2. þm. Árn. komið fram með brtt. í þá átt, ef hann hefði tekið frekari þátt í nefndarstörfunum en hann gerði. Hitt getur ekki orkað tvímælis, að ef tryggja á það, að prestar haldist við í sveitum landsins, verður að gera stórfellt átak í þá átt að breyta íbúðarskilyrðum á prestssetrum í dreifbýlinu.

Hv. 2. þm. Árn. gat um þá þróun, að prestarnir væru að hrökkva undan búskapnum. Þetta mun vera rétt að nokkru leyti, en þó veit ég til, að margir prestar leggja áherzlu á, að þeir standi í tengslum við sóknarbörn sín með því að hafa sömu aðstöðu og þau, og teldu sig standa höllum fæti

til áhrifa á sóknarbörn sín, ef þeir byggju við önnur skilyrði en þau, og mér skilst, að það sé mikið rétt í þessu. En í inngangsgr. þessa frv. er gert ráð fyrir að skipta prestssetrum með það fyrir augum að setja bónda á nokkurn hluta prestssetursjarðarinnar, til þess að presturinn geti að verulegu leyti losnað undan búskapnum, ef það þykir æskilegra. Mundi þetta einkum gilda um stórar prestssetursjarðir. Það er ekkert um það sagt, hver eigi að framkvæma þessa rannsókn, sem gert er ráð fyrir, að fari fram áður en byrjað er að byggja eftir þessu frv. En mér þætti ekki ólíklegt, eins og getið hefur verið til af hv. 1. þm. N-M., að það væri skipulagsnefnd prestssetra, sem ætti að gera það. Þessi n. mundi fá aðstöðu til að athuga vel hvert prestssetur, þar sem til byggingarframkvæmda er hugsað, og öll þau atriði, sem þar mundu koma til greina.

Einn hv. þm. hefur komið hér fram með þá skoðun, að leysa beri þetta mál, húsnæðismál prestanna, með einni löggjöf um embættismannabústaði. Má vera, að svo sé, en slík löggjöf liggur enn ekki fyrir þessu þingi. — Þá vildi hv. þm. telja, að þær upplýsingar, sem við höfum fengið á biskupsskrifstofunni, séu rangar. Ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki til að rengja þær tölur, sem við fengum frá skrifstofu biskups, undirritaðar af honum sjálfum. Hv. þm. hélt því fram, að prestsseturshúsið að Hvammi í Laxárdal væri úr timbri, en svo mun þó ekki vera að öllu leyti. Hús þetta var byggt að einhverju leyti úr torfi og einhverju leyti úr timbri og er því vafasamt, undir hvaða flokk húsa það ætti að heyra. Hygg ég, að byggja megi á skýrslu biskups í öllum verulegum atriðum. Það var hv. 1. þm. N-M., sem benti á það, að athuga þyrfti gaumgæfilega, á hvern hátt ætti að steypa saman brauðunum og fækka þannig prestum og prestssetrum. Ég hygg, að þetta falli undir þá rannsókn, sem talið er, að fara verði fram samkv. 1. gr. Má vera, að slík rannsókn eigi ekki að framkvæmast af biskupi eða kirkjunnar mönnum sjálfum. Að öllum líkindum kæmi það til athugunar í skipulagsn. Í þeirri n. er m. a. Gústaf Jónasson skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, og eru það því ekki eingöngu kirkjunnar menn, sem að þessu standa. Ég tók það ekki fram áðan, að ætlazt er til, að rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., fari fram á næstkomandi 5 árum, og tel ég að vart verði hægt að framkvæma hana á miklu skemmri tíma.

Ég veik að því áðan, að ég gæti fellt mig við, að sett væri löggjöf eins og hv. 1. þm. N-M. benti á um embættismannabústaði, en hún er bara enn ekki undirbúin og mælir margt með því, að ekki verði beðið með að setja löggjöf um hýsing prestssetra þangað til slíkt frv. liggi fyrir og því ekki vikið frá þessu frv. En verði sett löggjöf um embættismannabústaði, mundu prestssetur heyra þar undir, svo framarlega sem þau heyra undir það, sem viðkemur bústöðum sýslumanna og lækna og yfirleitt annarra embættismanna. En það horfir dálítið öðruvísi við með prestana, þar eð hjá þeim er um að ræða jarðnæði einnig, og því álít ég, að það beri að gera aðrar ráðstafanir viðvíkjandi þeim en læknum og sýslumönnum, sem ekki þurfa að hafa bústaðaskipti í sveit. Ég er því ekki alveg viss um, að hentugt væri að leysa bústaðamálefni allra embættismanna með einni og sömu löggjöf. — Mér skildist af ræðu hv. þm. Barð., að hann ætlaðist til, að bygging prestssetra í kaupstöðum yrði kostuð af ríkissjóði aðeins að nokkru leyti, t. d. ⅗ hlutum. En þá geri ég ráð fyrir, að hv. þm. ætlist til þess, að hinir ⅖ hlutar kostnaðarins verði greiddir af viðkomandi bæjarfélagi. Er það ekki rétt skilið? (**GJ**: Nei). Eða af embættismönnunum sjálfum? (**GJ**: Vitanlega). Það held ég, að sé ekki hliðstæða við byggingar embættismannabústaða lækna, enda erfitt að koma því við, ef læknaskipti yrðu eftir að húsið yrði byggt. Ég hygg, að ef sjá á fyrir húsnæðismálum presta á líkan hátt og annarra embættismanna, sem byggt er fyrir, þá verði það að gerast, bæði í sveitum og kaupstöðum, á þann hátt, að embættismenn á hvorum tveggja stöðunum njóti um þetta sömu hlunninda. Þrátt fyrir þá ábendingu hv. þm. Barð. um þetta þykist ég ekki hafa fengið rök fyrir því, að sérstök ákvæði eigi að gilda um húsnæðismál presta í kaupstöðum og kauptúnum, önnur en gagnvart prestum í sveitum. En það verður samt annað en húsnæðisaðstaða, sem gerir það að verkum, að bæði prestar og læknar og aðrir embættismenn vilja jafnan heldur vera embættismenn í kaupstað, og ég hygg, að ekki væri hægt að jafna metin í þessu efni með því einu að mismuna þeim í húsnæðisaðstöðu.

Ég tek það aðeins fram að síðustu, að ég tel sæmilega um það búið í upphafi þessa frv., að ekki verði flanað að því að leggja of fjár í byggingarkostnað á þeim prestssetrum, sem augljóst er, að færð verði til eða sameinuð öðrum í náinni framtíð.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki svara ýtarlega þessum aths., sem komið hafa frá hv. 3. landsk. og hv. form. menntmn., því að lítið hefur verið hrakið af því, sem ég sagði. Ég vil gera þá fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að taka málið af dagskrá í dag og fresta umr. til föstudags, svo að við gætum fengið tækifæri til þess að koma með brtt. við frv. við þessa umr. En ef forseti sér sér þetta ekki fært, þá vil ég spyrja hv. menntmn., hvort hún sjái sér ekki fært að taka brtt. sína aftur til 3. umr. Ég hefði heldur kosið, að umr. yrði frestað. Ég hef hugsað mér að koma með brtt. við 4. gr. frv. og e. t. v. fleiri gr., og að ég hef ekki komið með hana enn, er af þeirri ástæðu, að ég vildi fá málið rætt áður til þess að fá upplýsingar um það. Nú hef ég fengið þær upplýsingar, og þess vegna fer ég fram á þetta við hæstv. forseta, til þess að ég geti látið prenta brtt.

Hannibal Valdimarsson: Við tveir í menntmn. erum sammála um það, að við getum vel orðið við þeirri ósk að taka till. okkar aftur við þessa umr. til 3. umr., og verða þá brtt. þær, sem hv. þm. Barð. var að tala um, að vera tilbúnar.

Forseti (ÞÞ): Brtt. á þskj. 187 eru teknar aftur til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
18.—30. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 63, 187, 206).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef borið fram brtt. við þetta frv. á þskj. 206. Í fyrsta lagi hef ég borið upp þá breyt. við 4. gr., að aftan við gr. bætist ný málsgr., þannig orðuð: Kostnað við byggingu prestsbústaða í kaupstöðum greiði ríkissjóður þó aðeins að ⅖ hlutum. — Ég tel, að gera eigi viðtækan greinarmun á þátttöku ríkissjóðs, hvort byggt er á jörðum, sem ríkið á, eða öðrum jörðum. Auk þess tel ég nauðsyn fyrir ríkissjóð að halda embættismönnunum í strjálbýlinu heldur en stuðla að því, að þeir flytji brott þaðan til Reykjavíkur og kaupstaðanna yfirleitt vegna þess, að þeir hafa betri afkomu þar. Enn fremur er ein ástæðan sú, að í kaupstöðum kostar meira að byggja jafnstór hús en úti í sveit. Hæstv. kirkjumrh. upplýsti, að kostnaður við byggingu prestsbústaða í sveit mundi kosta ca. 150—160 þús. kr., og í því sambandi vildi ég leyfa mér að upplýsa, að skv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá húsameistara ríkisins, mun sá prestsbústaður, sem hér á að byggja í Rvík, kosta ca. 350 þús. kr. Ef reiknað er með þessu, þá er ekki fjarri sanni, að 140 þús. kr. komi á hina 4 bústaði. Sé það rétt hjá hæstv. ráðh., að í sveit kosti ca. 150 þús. að reisa prestsbústað, þá er því meiri ástæða fyrir ríkið að styrkja. Ég vil leyfa mér að benda á, að skv. upplýsingum frá húsameistara sé ekki reiknað með lóðaaðgerðum, en kostnaður sá, sem því fylgir, mun nema ca. 70 þús. kr. Einnig vil ég benda á, að aðeins er 450 þús. kr. á fjárl. til prestsbústaða á öllu landinu, og skv. upplýsingum frá fjhn. og biskupi er ætlað, að upphæðinni sé skipt þannig, að 125 þús. renni til fjósbygginga, en afgangurinn í einn bústað í Rvík. Biskup tekur fram, að hann óski, að upphæðin sé hækkuð upp í 750 þús. kr. til þess að hægt sé að byggja þennan bústað hér. Ég tel ekki, að ríkið þurfi að bera frekari umhyggju fyrir prestum en öðrum embættismönnum.

Við 5. gr. hef ég borið fram 3 brtt. Fyrri málsl. orðist þannig: „Ríkissjóður lætur byggja prestsseturshús samkv. fyrirmælum þessara laga, svo fljótt sem verða má og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum.“ Ég tel varhugavert, að Alþ. skipi fjárveitingu og skyldi að veita fé með lögum til þessa, nema í sömu l. sé gert ráð fyrir tekjum á móti þessum útgjöldum. Við höfum fengið reynslu fyrir því, að óhjákvæmilegt er annað tveggja að fresta framkvæmdum þessara laga eða að leggja þungar byrðar á þjóðina, og er ekki rétt að binda henni enn þyngri bagga. Ég vil benda á, viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. tók fram um fjárveitingu til þessara framkvæmda, að rétt var hjá mér, að 140 þús. kr. komu niður á hvern prestsbústað í sveitum með núverandi verðlagi, því að áætlað er, að sá bústaður, sem reistur yrði hér, mundi kosta ca. 350 þús. kr., en eðlilegast er og hagkvæmast að byggja fyrst þá prestsbústaði, sem ódýrastir yrðu. Ég hef sagt í b-lið: „Bygging prestsseturshúsa á jörðum ríkisins skal jafnan ganga fyrir byggingu annarra prestsbústaða.“ — Er það viðbót við 5. gr. Ég tel það sjálfsagt til að halda prestum úti í sveitunum, að húsnæði sé byggt fyrir þá þar, en engin ástæða til að byggja í kaupstöðunum, því að þangað sækja prestarnir hvort sem er. Í sambandi við þetta vil ég taka það fram, að eftir því sem biskup segir, er ætlazt til, að af 450 þús. kr., sem á fjárl. eiga að ganga til þessa, fari 350 þús. kr. í prestsbústað hér í Rvík, enda hefur hann óskað, að fjárveitingin verði hækkuð upp í 750 þús. kr. Sé þetta tilfellið, skilst mér, að byggja eigi yfir prest, sem hefur ríkisíbúð, sem ríkið keypti handa honum fyrir 200 þús. kr., en honum þykir ekki nógu flott, og þarf ríkissjóður þá að leggja fram 350 þús. kr. í viðbót. Mér sýnist því ástæða til að setja ákvæði um það í fjárl., að ekki sé farið þannig með fé og það sett á staði, sem sízt þurfa þess með, og legg ég því til, að b-liður verði samþykktur. C-liður brtt. er þannig, að á eftir 5. gr. kemur ný gr., er orðist svo: „Andvirði seldra þjóðjarða og kirkjujarða skal varið til endurbóta á prestssetushúsum í þeirri sókn, sem jarðirnar eru í.“ Ég tel, að þetta sé sanngjarnt, að andvirði kirkjueigna, sem teknar eru, gangi til endurbygginga á prestsbústöðum og prestsetur ættu að njóta þess fjár, sem fæst fyrir seldar kirkjueignir.

Við 16. gr. er sú breyt., að í stað orðanna „reistu samkvæmt lögum þessum“ í 1. málsgr. komi: reistu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þessara laga. Í b-lið við sömu gr. komi ný gr. til viðbótar 16. gr., sem orðist þannig: „Árgjald prests af prestsbústað, sem ríkið styrkir samkvæmt 2. mgr. 4. gr. þessara laga, skal vera ⅖ af því gjaldi, sem greitt er samkvæmt þessari grein af húsi á sambærilegum stað.“ — Verði mín till. samþ., þá er þessi till. nauðsynleg. — Enn fremur hef ég gert 4. breyt., að lög þessi skuli þegar öðlast gildi.

Áður en ég lýk máli mínu vildi ég benda hæstv. kirkjumrh. á, að hér á Alþ. var samþ. 27. apríl þáltill. um, að koma skyldu til framkvæmda lög um prestssetrið Stað á Reykjanesi að flytja prestsbústaðinn þaðan. Jörðin er bundin til ábúðar vegna þess, að þessi lög eru í gildi. Það skal tekið fram, að mér hefur borizt fundargerð frá sóknninni, þar sem skorað er á Alþ., að þetta komi til framkvæmda.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, nema tilefni gefist til, en vænti, að mínar till. verði samþ. Ég veit, að von er á rökst. dagskrá um að vísa málinu frá.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Við 2. umr. boðaði ég, að ég mundi bera fram rökst. dagskrá við 3. umr. málsins. Vil ég því segja nokkur orð. Ég vildi benda á, að þetta frv. fjallar eingöngu um prestssetushús, en gerði hins vegar ekki ráð fyrir, að prestssetrum væri fækkað. Enn fremur hefur verið talað um n., sem ég veit ekki að til sé, skipulagsnefnd prestssetra. Aftur á móti tel ég, að athuga þurfi, hvað marga presta þarf og hvort prestar eigi að prédika sunnudag eftir sunnudag hafandi kannske 100 sóknarbörn.

Það eru fleiri en prestarnir, sem búa í opinberum embættisbústöðum, en um þá gilda engar reglur, heldur er sitt á hvað. Það er sett á vald skattanefndanna að meta, hvers virði bústaðurinn sé og draga svo þau hlunnindi, sem eru af bústaðnum, frá launum viðkomandi. Á þessu er svo misjafnt mat, að það hefur komizt í að vera fimm sinnum

meira á einum staðnum en öðrum á þó mjög svipuðum bústöðum. Slíkt ástand er alveg óviðunandi og brýn nauðsyn að setja um þetta einhverjar ákveðnar reglur, svo að úr þessu verði bætt. Þetta gildir ekki einungis um prestsbústaði, heldur alla opinbera bústaði, og get ég ekki séð neina ástæðu til að taka prestsbústaðina út úr. Sums staðar eiga embættismennirnir nokkurn hluta húsanna eða hafa fengið lán hjá hinu opinbera til þess að byggja. Einnig um slíkt þarf að setja fastar reglur. Í stuttu máli, ég tel nauðsynlegt að samræma ákvæði um bústaði fyrir alla opinbera starfsmenn, hvort sem þeir eru prestar, sýslumenn, læknar, skólastjórar eða kennarar, og setja um það föst lög eða reglur. Legg ég því fram eftirfarandi dagskrártillögu:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti svo fljótt sem auðið er semja og leggja fyrir Alþingi frv. til l. um embættisbústaði handa þeim starfsmönnum ríkisins, sem því ber skylda til að sjá fyrir húsnæði, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Hæstv. ráðh. er ekki kominn, en ég hafði gert til hans fyrirspurn vegna kostnaðar á tveimur opinberum bústöðum, sem byggðir voru á Héraði. Annar er dýralæknisbústaður á Egilsstöðum, en hinn er prestsseturshúsið á Valþjófsstað. Á þessum bústöðum er ekki nema fárra cm stærðarmunur og mjög álíka vandaðir, en þó reyndist dýralæknisbústaðurinn kosta allt að þrisvar sinnum meira. Hvað aðstöðu við byggingarnar viðvíkur, þá er 65 km lengra að flytja efni að þeim bústað, sem ódýrari varð. Þess má geta, að báðir þessir bústaðir voru teiknaðir af húsameistara ríkisins. Það virðist því vera eitthvað einkennilegt við þetta, og vænti ég að fá upplýsingar hjá ráðh. um þetta mál. Vænti ég, að dagskrártill. mín verði samþ. og afhendi forseta hana hér með.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Að vísu gætu það verið hagkvæm vinnubrögð að athuga strax, hvort d. getur fallizt á þá dagskrártill., sem nú liggur fyrir, en það er víst ekki venja fyrr en umr. er lokið. Þess vegna vil ég mælast til þess f. h. menntmn., að umr. verði frestað. Það liggja nú fyrir margar brtt., sem n. hefur ekki athugað. Að vísu hafði flm. brtt. orðað sum atriði, sem í þeim koma fram, í ræðu, en það lá þá ekki eins ljóst fyrir n. og nú í þessum brtt.

Gísli Jónsson: Ég vil þakka form. menntmn. og mælist til, að dagskrártill. verði ekki borin upp á þessu stigi málsins, og mæli eindregið með því að umr. verði frestað.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Ed., 16. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. N. hefur fjallað um brtt. þær, sem hv. þm. Barð. lagði hér fram, síðast þegar málið var til umræðu. 1. brtt. hv. þm. Barð. var á þá leið, að aftan við 4. gr. bættist ný málsgr., svo hljóðandi: „Kostnað við byggingu prestsbústaða í kaupstöðum greiði ríkissjóður þó aðeins að ⅖ hlutum.“ N. hefur aflað sér upplýsinga um það, að nú þegar er búið að byggja prestsbústaði í ýmsum kaupstöðum landsins á þann veg, að ríkið ber allan kostnaðinn af þeim. Þannig hafa t. d. verið byggðir prestsbústaðir á Siglufirði og Ólafsfirði að öllu leyti á kostnað ríkisins. Ef þessi brtt. yrði samþ., mundi þetta því leiða til misréttis, sem ekki væri rétt að vera valdur að með lagasetningu, þannig að aðeins þeir prestsbústaðir, sem eftir þennan tíma yrðu byggðir, yrðu kostaðir af ríkinu að ⅖ hlutum. N. taldi því ekki fært að leggja til, að þessi brtt. hv. þm. Barð. yrði samþykkt.

Þá var sú önnur brtt. hv. þm. Barð., að fyrri málsl. 5. gr. skyldi orðast svo: „Ríkissjóður lætur byggja prestsseturshús samkv. fyrirmælum þessara laga, svo fljótt sem verða má og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum.“ Nú er í l., að minnst skuli byggja 2 prestsseturshús. Ef till. hv. þm. yrði samþ., yrði meira að segja þetta lágmark fært niður og þá rýrður sá réttur, sem nú er lögbundinn. Það vildi n. ekki. Hins vegar var hún búin að draga úr skyldunni, sem lögð var á herðar ríkissjóði, með þeirri orðalagsbreyt., sem hún hafði áður lagt til, að byggja skyldi allt að 4 prestsbústöðum á ári. Með brtt. hv. þm. Barð. væri hins vegar að því stefnt, að fjvn. léti undir höfuð leggjast að láta nokkurn eyri til þessa liðar. Hins vegar er sannað, að ærin þörf er á að byggja prestssetursbústaði nokkru örar en gert hefur verið hingað til. Við teljum því rétt, að við höldum okkur við þá brtt., sem við höfum lagt til áður, að lagt verði fram fé til að byggja allt að 4 prestssetursbústaði á ári, þannig að gert er ráð fyrir, að byggðir verði 3 bústaðir á ári og hámark 4, þegar það rúmt er orðið fyrir hjá fjárveitingarvaldinu, ef það yfirleitt kæmi fyrir.

Þá er ein brtt. hv. þm. Barð. um það, að bygging prestsseturshúsa á jörðum ríkisins skuli jafnan ganga fyrir byggingu annarra prestsbústaða. Ég býst við, að n. hafi haft tilhneigingu til að samþ. þessa brtt., einmitt til þess að knýja á um það, að hinir lélegu prestsbústaðir úti um sveitir landsins yrðu látnir sitja fyrir. En nú er upplýst, að á undanförnum árum hafa prestar hér í Reykjavík og sumum öðrum kaupstöðum landsins sagt frá ári til árs, að þeir yrðu að sætta sig við það fyrst um sinn, að prestsbústaðir úti um land yrðu látnir ganga fyrir, áður en þeir gætu gert sér vonir um það, að yfir þá yrði byggt, og að í fyrsta lagi gætu þeir vænzt þess, að yfir þá yrði byggt 1947. Og ráðh. hefur gefið út bréf um það, að 1947 skuli byggt yfir 2 presta hér í Reykjavík. N. hefur verið skýrt frá því, að þessir 2 prestar, sem þarna hafi fengið ákveðin loforð fyrir, að byggt verði yfir þá, búi við mjög lélegt húsnæði. Þetta eru prestarnir Garðar Svavarsson og Jón Thorarensen, og er sagt, að þeir búi uppi á loftum, þar sem eru fleiri íbúðir og húsnæði þeirra að öllu leyti lítt eða ekki viðunandi. Okkur í n. skildist þessi till. hv. þm. Barð. miða að því, að 1947 yrði byggt fyrir þá fjárveitingu, sem látin yrði til þessara hluta, úti um byggðir landsins, en ekki fyrir Reykjavík. En það mundi ekki verða hagur, þó að þessi lagasetning kæmi til. Víða er það svo, að kirkjan á lóðir undir prestsseturshús í kaupstöðum landsins, t. d. á Ísafirði. Gamla prestsjörðin á Eyri hefur raunar ekki verið prestssetur, á gömlu jörðinni, en bæjarfélagið hefur viðurkennt skyldu sína til þess að leggja þar til lóð undir prestsbústað á gamla staðnum, og gæti því ákveðið notið forréttinda bygginga í kaupstöðum, sem mér skildist hv. þm.

vilja koma í veg fyrir með till. sinni. Og biskupinn telur, að sveitirnar hafi verið látnar ganga fyrir í mörg ár og kaupstaðirnir látnir sitja á hakanum fram að þessu, a. m. k. að verulegu leyti.

Þá er brtt. frá hv. þm. Barð. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða. N. telur, að það mál, hvort fara eigi inn á þá braut að selja þjóðjarðir, sé mál út af fyrir sig og nái ekki neinni átt að blanda því inn í þetta frv. Þetta mun sérstaklega vera til komið vegna staðhátta í kjördæmi hv. þm., vegna prestssetursins á Stað á Reykjanesi, en það telur n., að væri varla fullnægjandi tilefni til þess að setja l. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða almennt, og leggur því ekki til, að það verði leitt inn í þetta frv.

Þá er brtt. við 16. gr., og eins og hv. þm. sagði, þegar hann lagði þetta fram, kemur þetta því aðeins til samþykktar, að hinar till. hans hljóti samþykki, en í till. við 16. gr. er lagt til m. a., að aftan við gr. komi ný málsgr., er orðist svo: „Árgjald prests af prestsbústað í kaupstöðum, sem ríkið styrkir samkvæmt 2. mgr. 4. gr. þessara laga, skal vera $^2/_5$ af því gjaldi, sem greitt er samkvæmt þessari grein af húsi á sambærilegum stað.“ Verði 1. till. við 4. gr. ekki samþ., sem ég auðvitað held ekki komi til framkvæmda, mundi hæpið að áliti n. að gera upp á milli presta í kaupstöðum og í sveit að þessu leyti. Niðurstaða n. er því sú, að hún getur ekki mælt með neinum þessum till. og leggur til, að þær verði felldar af þeim ástæðum, sem ég hef tilgreint.

Þá hefur hv. 1. þm. N-M. lagt til, að þessu máli verði vísað frá með rökst. dagskrá þess efnis, að þetta frv. verði látið bíða, þangað til að l. hafi verið sett um embættismannabústaði, en þar undir kæmu sjálfsagt bústaðir fyrir lækna, sýslumenn, presta, skólastjóra og kennara og yfirleitt þeir bústaðir, sem skylt þætti, að ríkið byggði fyrir opinbera embættismenn. Hins vegar er það óhrekjanlegt, að prestastéttin hefur ein allra stétta haft ókeypis bústaði frá upphafi kristni hér á landi, og það væri því skerðing á margra alda gömlum rétti, ef þessi stétt væri svipt honum að einhverju leyti. Þá er og þess að gæta, að aðstaðan er að mörgu leyti ólík og mismunandi reglur hafa gilt um hlutdeild ríkisins við byggingu embættismannabústaða, því að eins og kunnugt er, hafa t. d. læknisbústaðir að nokkru leyti verið reistir fyrir opinbert fé og að nokkru leyti fyrir fé úr sveitarsjóðum og þar með eign þeirra, og ákveða þeir svo, hvað læknar greiða fyrir notkun bústaðanna. Ef kæmi til sameiginlegrar lagasetningar fyrir embættismannabústaði, þá er mjög vafasamt, hvort nokkrar reglur séu til, sem hægt væri að fara eftir í þessum efnum. Það er sannfæring mín, að slík lagasetning yrði stórkostleg gjaldabyrði fyrir ríkissjóð frá því, sem nú er, og eru engar líkur fyrir, að það yrði til þess að létta á ríkissjóði að vísa þessu máli frá nú og láta það fá sameiginlega afgreiðslu með lagasetningu um embættismannabústaði. Auk þess má það vera öllum ljóst, að í þessu frv. eru mörg önnur ákvæði en beinlínis um byggingu prestssetra, og fjallar t. d. 1. gr. um athugun á því, hvar byggja skuli prestsbústaði í framtíðinni, hvernig skipta skuli prestsjörðum og flytja til prestsetur eftir breyttum aðstæðum. Það er því mjög margt, sem mælir gegn því, að þessu máli verði skotið á frest, enda þegar búið að skjóta því á frest árlangt, ef ekki árum saman.

Þá hefur n. ráðst að gera brtt. við 30. gr. frv., um gildistöku l., en þegar frv. var lagt fyrir síðast, var gert ráð fyrir, að l. mundu koma til framkvæmda 1. júní 1946, og leggur n. því til, að í stað „1946“ komi: 1947. Leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta brtt. varðandi þetta atriði.

Ég held, að ég hafi minnzt á það helzta, sem n. telur ástæðu til að taka fram í sambandi við brtt. hv. þm. Barð. (GJ) og um málið eins og það liggur fyrir nú. Byggist þessi afstaða n. á þeim upplýsingum, sem hún hefur fengið frá öruggum heimildum um það, hvernig þessu máli víkur við nú, sem brtt. fjalla um.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. menntmn. Ed., sem hljóðar þannig: „Við 30. gr. Í stað „1946“ komi: 1947.“ Þessari till. þarf að fá afbrigði fyrir, og mun ég nú leita þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 228) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég lét þess getið við 2. umr. þessa frv., að þótt ég eigi sæti í menntmn., sem hefur haft frv. þetta til athugunar, þá skoða ég mig óbundinn um alla afstöðu gagnvart því. Læt ég þessa getið að gefnu tilefni, þ. e. út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. (BSt). Ég var því meðmæltur, að n. í heild flytti frv. án tillits til þess, hvort hún væri því samþykk eða ekki, því að hér er aðeins um flutning frv. að ræða að beiðni hæstv. kirkjumrh., því að ég álít það ógreiðasemi af þn. við hlutaðeigandi ráðh., sem biður hana um að flytja frv., að neita slíku án tillits til þess, hvaða afstöðu n. hefði til frv., þegar til umr. kemur. — Ég vil ekki ítreka það hér, sem ég hef áður getið um, hvað ég teldi frv. til foráttu, en vil þó aðeins endurtaka það, að frá mínu sjónarmiði þykir mér alltof lauslega og flausturslega á stóru máli tekið, þar sem þetta frv. er, þ. e. kirkjuskipunarmál, búseta prestanna, launakjör þeirra, málefni kirkjunnar, breyttar kringumstæður og yfirleitt allt, sem lítur að því að hlúa að þessari miklu og merkilegu stofnun, sem heitir íslenzk kirkja. Mér finnst þurfa til þessa stóran og vel undirbúinn lagabálk í staðinn fyrir að taka þetta hér út úr jafneinhliða og hér er gert. Ég er alls ekki að neita því, að ég er því sammála, að það verður að firra þeim vandræðum, að þjónandi embættismenn ríkisins séu í húsnæðishraki og þ. á m. auðvitað prestar. En hvernig á að fullnægja þessu svo að vel sé, tel ég undirbúningslaust mál af því, hvað málefni prestanna, varðandi skipun prestakalla og aðsetur presta, eru öll yfirleitt svo laus í reipunum á yfirstandandi misserum. Prestarnir eru hröðum skrefum að hverfa frá bújörðum sínum, þar sem hafa verið prestssetur um margar aldir, og til annarra bústaða, sem sagt hverfa frá því að geta verið bændur, og kjósa fremur að flytjast þangað, sem kaupstaðir eru að myndast, þótt til séu að vísu undantekningar, því að til eru svo rótföst prestssetur úti um land, þaðan sem prestum dettur ekki í hug að flytja frá, og söfnuðurnir telja sjálfsagt að þar verði prestssetur áfram, og gott og vel, þar sem svo stendur á. Síðan er hins vegar fjöldi annarra prestssetra, þar sem öðruvísi er ástatt um,

þar sem prestarnir eru annaðhvort fluttir í burt eða eru í þann veginn að gera það.

Ég veit ekki hvort segja má það með sanni, en ég hef heyrt það utan að mér, að til séu prestssetur, sem séu alveg að falli komin, en gripahús þar þegar fallin, og ef byggja þarf bæði prestssetur að nýju og gripahús, þá þarf vitanlega til þess mikil fjárráð. En ef þannig er ástatt um einhver prestssetur og prestar þar væru alveg í þann veginn að fara og ekki annað fyrirsjáanlegt en þeir flyttu í burt, þá væri í rauninni mjög vafasamt, hvort verið væri að byggja yfir nokkurn prest eða ekki, og yrði byggingin ef til vill einhverjum öðrum til góðs eða á þann hátt, sem ekki samsvarar tilgangi l. — Ekki er langt síðan deilt var hér um skiptingu prestakalla á Íslandi, og voru bornar fram till. um þessi efni, sem ýmist voru samþ. eða meiri hl. hv. Alþ. snérist gegn, en þetta þyrfti enn að breytast að nokkru leyti, og er það vegna þess, hversu rás viðburðanna er hröð til breytinga, og getur hún hæglega verkað á skiptingu prestakallanna. Gera t. d. breyttar samgöngur og breyting á farartækjum einmitt nýja skipan prestakalla nauðsynlega og eðlilega, þ. e., hvort eigi að stækka þau eða breyta frá því, sem nú er, og getur það hæglega verkað á, hvar embættismannabústaður eigi helzt að vera?

Ég vil ekki þurfa að taka það fram eða endurtaka, að því fer svo fjarri, að það sé af óvild í garð þess frv., sem hér liggur fyrir, að ég hef hikað við að greiða því atkv. mitt, heldur er það einungis af því, að mér finnst vanta heilsteyptan grundvöll, þannig að hægt væri til frambúðar að ganga frá löggjöf, sem lítur að þessum málum. Hins vegar finnst mér, — þar sem ekki er um að villast, hvar prestar eigi að hafa aðsetur, eins og t. d. í stórkaupstöðunum og á einstöku stöðum úti um landsbyggðina, — að meðan verið væri að koma á heildarlagasetningu, sem hagræddi þessu öllu saman í samráði við forustumenn kirkjunnar, herra biskupinn, prestastéttina og söfnuðina til hins ýtrasta, því að þeirra leiðbeininga þarf við, — að hægt væri — til þess að gera kirkjunnar mönnum ekki erfiðara undir höfði en nauðsyn krefur — að tína út úr þá staði, þar sem nauðsynin er brýnust og veita fé til þeirra af fjárl. fyrst um sinn, þótt heildarlagasetning verði látin bíða. Af þessum ástæðum er það, að ég hef hálfhallast að því að greiða rökst. dagskránni atkv. mitt.

Að lokum vil ég segja það, að það er ekki minn hugur, — og ég geri ráð fyrir ekki heldur margra annarra hv. alþm., að samræmd löggjöf um embættismannabústaði verði til þess að rýra hlut prestanna eða eyða þeim fríðindum, sem þeir hafa notið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er nú ljóst af ræðu hv. 2. þm. Árn. (EE), að hv. frsm. hefur farið rangt með, þegar hann skýrði frá því fyrir hv. d., að þetta hefði verið skoðun hv. menntmn., er hann fór orðum um, og furðar mig mjög á því, að hann skuli leyfa sér að skýra frá því, að hv. menntmn. hafi lagt svona og svona til, eftir að einn hv. nm. hefur áður gefið út yfirlýsingu um, að hann sé á móti frv. og hefur nú skýrt frá, að hann muni greiða atkv. með rökst. dagskránni. Þykir mér málfærsla hv. frsm. mjög merkileg.

Mun ég svo fara nokkrum orðum um þau rök, sem hv. frsm. færði fyrir því, að mínar till. ættu ekki að samþykkjast. — Hann sagði um 1. brtt., að nú þegar væri búið að byggja nokkur prestssetur, og mundi efni till. því skapa misræmi. Ég veit ekki, hvort á að skilja þessi ummæli þannig, að hv. n. eða sá hluti hennar, sem hann talar fyrir, væri í raun og veru fylgjandi till., ef þessi aðstaða eða staðreynd væri ekki fyrir hendi, og er það þá vægast sagt ófyrirgefanlegt að drepa till. af þeim ástæðum. — Hann sagði um 2. brtt., að ef hún yrði samþykkt, yrðu þau réttindi, sem nú eru í l., rýrð. Sannleikurinn er hins vegar sá, að þessi réttindi eru ekki að fullu í l., fyrr en búið er að samþykkja, að veita skuli fé til þessara hluta, því að þá verður hér aðeins um loforð að ræða, sem ekki verða uppfyllt, ef fjvn. veitir ekki nægilegt fé til þess að byggja þessa bústaði. Sú eðlilega og þingræðislega leið er að setja skilyrði í l. um, að fé verði veitt til þessara framkvæmda af fjárl. Hv. þm. mun vera kunnugt um það, að það er nú búið að samþykkja önnur l., sem í eru ákvæði um, að svo og svo mikið skuli byggt af skólahúsum, en ég get upplýst hann um það, að til þess að uppfylla þau loforð þarf að taka inn í fjárl. 15 millj. kr. til skólahúsabygginga, og það verður ekki gert, og þannig þarf að halda áfram í næstu 10 ár, og það verður ekki heldur gert. Þegar maður er búinn að reka sig á, að búið er að hlaða á fjárl. alls konar loforðum um framkvæmdir, sem ekki er hægt að uppfylla, þá ættu menn að hafa manndóm í sér til að viðurkenna það. Ef það er ekki gert, tel ég það ábyrgðarleysi og svik við kirkjuna að setja þetta ákvæði inn í l., eins og hv. menntmn. leggur til, að 5. gr. verði, sem vitað er, að ekki verður einu sinni hægt að taka upp á fjárl. næsta árs. Hæstv. ráðh. hefur ekki lagt til að taka upp í fjárlfrv. nema 450 þús. til þessara hluta, þótt herra biskupinn óski eftir að miða upphæðina við 700 þús. Það er því til að blekkja sjálfan sig og því meir til að blekkja þá menn, sem hér ætlast til að tryggja einhverjum mönnum réttindi, auk þess sem það er frámunalega óþingræðislegt, ef till. hv. menntmn. verður samþ. um þetta efni.

Hv. frsm. sagði, að hann gæti raunverulega fallizt á b-lið 2. brtt. minnar, um að bygging prestsseturshúsa á jörðum ríkisins skuli ganga fyrir byggingu annarra prestsbústaða, en bar fram þá afsökun gegn samþykkt hennar, að búið væri að lofa prestum hér í Reykjavík að byggja yfir þá á árinu 1947. Hver hefur lofað þessu? Ekki hv. Alþ. Það getur verið, að hæstv. kirkjumrh. hafi lofað því, en ef svo er, þá hefur hann lofað upp í ermina á sér, því að sannarlega liggur fjárveitingarvaldið ekki hjá honum einum. Til þess að uppfylla það loforð þarf samþykki hv. Alþ. um að veita nægilegt fé til þeirra framkvæmda. Ég er ekki alveg viss um, að næstkomandi fjmrh. eða kirkjumrh. telji sig bundna af þeim loforðum, sem hv. frsm. fullyrti, að hefðu verið gefin, þannig að þessi rök hans eru algerlega einskis virði í sambandi við að samþykkja mína till. um þetta efni. Brtt. mínar eru bornar fram vegna þess, að ekki er hægt að fá presta í þær byggðir, þar sem ekkert er til af húsum, en hins vegar er hægt að fá hvaða prest sem er utan af landi til þess að flytjast til Reykjavíkur, þótt þar hafi ekki verið byggt yfir þá, því að það hafa umsóknir þeirra sannað, er efnt hefur verið til prestskosninga í Reykjavík.

Auk þess hefur það verið viðurkennt hér í hv. d., að hægt er að byggja fyrir miklu minna fé úti í sveitunum en hægt er í kaupstöðunum. Af þessum ástæðum furðar mig mjög á því, að hv. frsm. skuli ekki geta fallizt á þessa till. mína. Ég virði ekki þau loforð, sem sagt er, að hér standi á bak við, vegna þess að ef þau hafa verið gefin, hefur það farið fram á annan hátt en mér er kunnugt um og vissulega ekki með samþykki hv. Alþ.

Í andmælum hv. frsm. gegn c-lið 2. brtt. minnar kom fram hjá honum greinileg hugsunarvilla, því að þetta kemur ekkert öðrum l. við, og skil ég ekki fjandskap hans gegn því, að ekki megi tryggja kirkjunni andvirði þeirra jarða, sem þar um ræðir, þannig að því verði varið til endurbóta á prestssetushúsum í þeirri sókn, sem jarðirnar eru í, en að hann vilji heldur, að það fari í eyðslufé.

Verð ég að láta það álit mitt í ljós, að ef hv. frsm. og hv. menntmn. í heild hefur ekki brotið meir til mergjar brtt. en virtist koma fram í ræðu hans, þá hefði n. eins getað látið vera að halda fund um þær, og mótmæli ég því, að till. sé borin fram af því, að slíkar jarðir séu til í mínu kjördæmi.

Ég skil ekki, hvað mælir á móti því, að andvirði þjóðjarða og kirkjujarða gangi einmitt til þess að halda við bústöðum presta.

Hv. 3. landsk. sagði, að prestar hefðu haft fría bústaði í 1000 ár. Mér er það ókunnugt, en ég held, að það standi í lögum, að þeir skuli greiða leigu eftir sína bústaði, svo að þau rök hv. þm. eru ekki mikils virði, svo að ekki er ástæða til að samþ. ekki rökst. dagskrána fyrir það atriði eitt.

N. hefur lagt til að fela framkvæmdina nefnd, sem hvergi er til. Það sama, sem hér er lagt til, stendur í lögunum um prestsbústaði, nema ákvæði um 2 bústaði að auki, svo að engu er við það tapað, þó að frv. yrði vísað frá, þá standa þau lög eftir sem áður, en falla, ef þetta frv. verður samþ.

Ég vil benda hv. 3. landsk. á það, að hann við fyrri umr. þessa máls hér í þessari hv. d. sagði, að ég sem form. fjvn. hefði rekið rembihnútinn á að fá bústað handa rektor. Þetta er ósatt, en sýnir vel málflutning hv. þm. og hve mikið hann leggur upp úr rökum. Ég lagðist gegn því að taka íbúð á leigu fyrir hann, en var því samþykkur að taka þetta gegn því, að eigandanum væri lánað fé. Ég vil aðeins benda á þetta, því að þetta lýsir vel málaflutningi hv. þm.

Ég vil svo enn benda á það, hvernig allar þær tölur, sem nú eru gefnar upp, rekast á þær, sem upp voru gefnar í fyrra, og svo segir form. n., að bústaður í Reykjavík muni ekki kosta nema 180 þús. kr. Ég hef það beint eftir skrifstofu húsameistara, að það kosti a. m. k. 300 til 350 þús. kr. Hv. þm. getur sagt það öðrum en Reykvíkingum, að það kosti ekki nema 180 þús. að byggja 700 rúmmetra. Fulltrúinn hjá húsameistara hefur sagt mér, að það kosti a. m. k. 70 þús. kr. að gera upp lóðina, en þetta skal upplýst áður en máli þessu er lokið hér í d. og það bréflega, hvernig þessi mál liggja. En ég veit ekki til þess, að hægt sé að byggja 700 kúbikmetra íbúð fyrir 180 þús. kr. Biskup hefur sjálfur sagt, að til þessara tveggja bústaða þurfi a. m. k. 450 þús., svo að þær tölur stemma ekki frekar en aðrar, svo að þær eru bornar fram vísvitandi til að blekkja þm. til að samþykkja frv. í því trausti, að hægt sé að knýja út meira fé, þegar samþykktin er fengin. — Mér var ekki kunnugt um, að byggja ætti yfir nema einn prest hér í Reykjavík, Jakob Jónsson, en hvort á svo að bæta hinum tveimur við, veit ég ekki, en ég vil taka það fram enn einu sinni, að höfuðnauðsyn er á að byggja fyrst yfir presta úti á landi.

Ég mun svo fylgja dagskrártill. minni samkv. því, sem ég áður hef sagt, en ef hún verður ekki samþ., vona ég, að hv. d. samþ. brtt. mína á þskj. 206.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er langt frá því, að ég ætli að fara að hlaupa í skarðið fyrir hv. 3. landsk. Hann er fullkomlega maður til að svara fyrir sig. Ég mun því ekki gera einstakar till. að umtalsefni, en aðeins víkja nokkrum orðum að störfunum í nefndinni. — Það er þá fyrst, að hv. þm. Barð. sagði, að hv. 3. landsk. hefði farið rangt með, þegar hann hefði talað með till. n., því að fram hefði komið önnur skoðun frá hv. 2. þm. Árn., sem á sæti í nefndinni. Ég vil af þessu tilefni taka það fram, að n. á hverjum tíma eru þeir, sem mæta á fundi, a. m. k. ef ekki liggur fyrir yfirlýsing frá fjarverandi nm., að þeir séu forfallaðir eða hafi aðra ástæðu til fjarvistar. Ég minnist þess, að á næstsíðasta reglulegu Alþ. voru lagðar fram frá fjhn. till. í mikilsverðu máli meðan ég var veikur og gat ekki verið við afgreiðslu málsins. Ég gerði aths. um þetta hér í hv. d., en hún var ekki tekin til greina og þskj. ekki leiðrétt. Öðruvísi stendur á hér. Fundir í n. voru boðaðir með nægum fyrirvara, ef þeir voru ekki á venjulegum tíma, og það hafði ekki komið tilkynning frá hv. 2. þm. Árn., að hann væri forfallaður, og ég get ekki annað séð en það sé rétt, að n. hafi litið svo á, þ. e. a. s. þeir, sem á fundi voru. Mér virtist á ræðu hv. 2. þm. Árn., að hann hefði misskilið mig, þar sem ég vék að þessu við 2. umr. málsins. Ég var ekki að láta í ljós neinar ákúrur eða vantraust til hans, þó að hann hefði aðra afstöðu. Þegar málið var tekið til flutnings, var það gert eins og venjulega, án þess að einstakir nm. byndu sig við einstök atriði málsins, og þarf ekki að vera, að allir séu samþykkir málinu. En mér hefði þótt eðlilegra, að hv. 2. þm. Árn. hefði komið með sínar till. í n. Við meðnm. hans fáum ekkert um þær að vita fyrr en hér í deildinni.

Ég vil svo aðeins víkja að einu atriði hjá þessum hv. þm. Hann taldi, að málið væri flaustursleg undirbúið og vafi á, hvort þær byggingar, sem gerðar yrðu samkvæmt því, yrðu eftirleiðis prestsbústaðir. Nú er málinu vafalaust að mörgu ábótavant, og kann vel að vera, að ýmislegt þyrfti að athuga betur. En hitt er vafalaust, að betra er, ef frv. er samþ. en ekki, því að samkv. frv. er einmitt fyrirskipaður ýtarlegur undirbúningur áður en hafizt er handa um byggingu. Þessa undirbúnings hefur ekki verið krafizt. Ég held því eindregið fram, að að þessu sé umbót. Hv. þm. sagði, að ekki væri vert að setja lög um þetta, það mætti setja það í fjárlög (EE: Til bráðabirgða). Já, til bráðabirgða, en er þá ekki einmitt meiri hætta á, að fé verði einmitt notað til að byggja ekki yfir presta. Ég held því fram, að betra sé að samþ. frv. Þar er t. d. mælt svo fyrir í 1. gr. að athuga, hver af núverandi prestssetrum séu bezt fallin til að vera aðsetur prests í framtíðinni og í 2. lið, hvar æskilegt geti talizt, vegna breyttra aðstæðna, að færa prestssetur, og þá hvert, og í 3. lið, hver prestssetur séu bezt fallin til skiptingar í fleiri

jarðir og hvernig þeirri skiptingu yrði bezt fyrir komið. (EE: Hver á að gera þá athugun?). Það er tekið fram í brtt. nefndarinnar. Hv. þm. Barð. sagði, að n. væri ekki til, því að hún hefði aldrei verið sett með lögum. Ég vildi mega benda hv. þm. á, að það eru til margar n., sem aldrei hafa verið settar með lögum. Ýmiss konar löggjöf er og til, sem vísar til stofnana, sem ekki eru til samkvæmt lögum. Eru ekki Alþýðusambandi Íslands og Búnaðarfélagi Íslands falin ýmiss konar störf með lögum? Þau eru þó hvorugt til vegna löggjafar. Nei, sannleikurinn er sá, að þessi n. er til. Mér dettur ekki í hug að halda, að biskupinn hafi sagt það ósatt, að fyrrv. kirkjumálaráðherra, Björn Þórðarson, hafi skipað þessa nefnd. (GJ: Er það ellífðarnefnd?). Það er hún vafalaust ekki, en hún fær þarna verkefni. (HV: Verkefnið á að leysast á 5 árum). En hún er vafalaust takmörkunum háð, eins og önnur mannanna verk.

Það er alveg rétt hjá hv. 3. landsk. þm., að prestar hafa alltaf haft bústaði frá upphafi vega. Að vísu voru það einstakir höfðingjar, sem áttu kirkjurnar, og sáu þá jafnframt prestum fyrir bústöðum. En það kemur ekki málinu við, þó að leigan sé nú tekin af launum, en áður var hún hluti af launum, en það er þess vegna alveg rétt hjá hv. 3. landsk., að prestunum hefur alltaf verið séð fyrir bústað. Það hefur þótt eins sjálfsagt eins og presturinn sjálfur.

Að öðru leyti sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef lagt fram rökst. dagskrá í þessu máli, en ef svo færi, að hún yrði ekki samþ., vildi ég benda á nokkur atriði, sem breytinga þurfa við.

Í fyrsta lagi á þessi n., sem hv. 1. þm. Eyf. talaði um, að vera n., sem kosin er af Alþ. og ákveðin í lögum frá Alþ. Raunverulega vantar því ákvæði um það í frv., hvernig hún skuli kosin, og annað þar að lútandi.

Í öðru lagi er ákveðið, og það í fyrsta skipti, sem ég hef séð það, að húsaleigan skuli ákveðin eftir verðlagsvísitölu. En 16. gr. má misskilja, því að það eru til margar vísitölur. Það er til vísitala kauplagsnefndar, það er til vísitala húsaleigu, og það er til vísitala landbúnaðarafurða. Það mætti búast við, að átt væri við húsaleiguvísitölu, en ekki hægt að sjá það, eins og nú er, en þarfnast skýringar. (HV: Það er tekið fram í till. n.). Nú, ég bið afsökunar, ef það hefur farið fram hjá mér. Já, það er við 3. lið, en ekki við enda gr.

Þá vildi ég benda á það, að ef ég hef heyrt rétt, þá ætti andvirði seldra þjóðjarða að ganga til endurbyggingar prestssetra og svo andvirði seldra kirkjujarða. Það hefur verið svo með kirkjujarðirnar, og þarf því engu að breyta, en ég vildi benda á, að hvað sem líður kirkjujörðunum, þá hefur aldrei verið talað um, að þjóðjarðirnar skuli renna undir kirkjuna, og er það í fyrsta skipti, sem ég heyrði það áðan hjá hv. þm. Barð., en ég hef heyrt það um kirkjujarðirnar.

Það er margt fleira í þessu frv., sem ástæða væri til að ræða um, ef þetta á að verða að lögum. Ég gæti bent á fleiri atriði, sem líkt er um og þau, sem ég hef nefnt, en ég treysti því, að hv. þm. sjái, að ekki er ástæða til að samþykkja þessi lög. Það þarf að sjá um fleiri embættismannabústaði en prestanna, t. d. sýslumannanna og læknanna. Um þetta er allt á reiki og ruglingi og fullkomlega reglulaust. En þetta þarfnast allt lausnar, og er engin ástæða til þess að vera að skilja þetta sundur. Ég vil því mælast til þess, að dagskrártill. mín verði samþ. og ríkisstj. falið að koma með ákveðnar reglur í þessu atriði. Það kemur svo til athugunar, hvar á að reisa þessa bústaði, og ég vil benda á, að húsaleiga er einmitt geysilega misjöfn. Sumir læknar eru látnir hafa afnot af húsnæði fyrir lítið eða ekkert, en sumum er reiknað það með allt að Reykjavíkurverði á húsnæði. Hvernig á að samræma það, og hvernig á að gera það? En það vil ég láta gera, og þess vegna vil ég, að málið fari til ríkisstj. og hún undirbúi það betur en gert hefur verið. En ef ekki á að gera það, þá á málið ekki að fara til einhverrar n., sem ráðh. þóknast að skipa, en maður hefur aldrei heyrt talað um fyrr, heldur á það að fara til n., sem Alþ. kýs.

Umr. frestað.

Á 35. og 37. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 63, 187, 206, 228).

Hannibal Valdimarsson: Það var tilviljun ein, sem réð því, að mér var falin framsaga í þessu máli. Ég hafði við 2. umr. aflað og komið fram með nokkrar upplýsingar varðandi ástandið í húsnæðismálum prestanna. Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði sótt málið meira af kappi en sannleiksást, og taldi, að þær upplýsingar, er ég lagði fram, væru rangar m. a. af því, að tala steinhúsa nú hefði ekki verið sú sama og fyrir 2 árum. En þær upplýsingar eru í stuttu máli þessar: Á prestssetrunum eru nú 79 steinhús, þar af 3 léleg, 34 timburhús, þar af 24 léleg, og 3 torfbæir, allir lélegir. Algerlega vantar byggingar á 7 stöðum. Af þessu er ljóst, að byggja þarf upp á 37 stöðum á næstunni. Þrátt fyrir fullyrðingar hv. þm. Barð. um það, að þessar upplýsingar séu rangar, skal ég endurtaka, að þær eru réttar, enda fengnar frá sjálfri skrifstofu biskups, og gefa þær glögga mynd af ástandinu í húsnæðismálum þessarar gömlu og virðulegu embættismannastéttar. Enn fremur fullyrti hv. þm. Barð., að það stæði til að byggja yfir sr. Jakob Jónsson. Þetta hefur nú verið leiðrétt af biskupi, sem aftur á móti hefur upplýst, að til standi að byggja yfir þá sr. Garðar Svavarsson og sr. Jón Thorarensen. Hv. þm. Barð. sagði, að sr. Jakob Jónsson hefði góða íbúð, og þyrfti ekki að byggja yfir hann. Það stendur ekki heldur til. En verði einhverjar breytingar á húsnæði sr. Jakobs, kemur það ekki þessu máli við og ekki kirkjumrh., heldur fjmrh. Það er ekki nema sanngjarnt að byggja nú yfir þá sr. Garðar og sr. Jón, því að árum saman hefur verið neitað um þær byggingar vegna bygginga yfir sveitapresta, og nú stendur til að byggja þessar íbúðir og hefur fengizt leyfi kirkjumrh. til þess.

Hv. þm. Barð. kom hér með tölur um kostnað við byggingu prestsbústaða, og hafði hann þær frá starfsmanni húsameistara ríkisins. Aftur á móti fékk ég kostnaðartölurnar frá húsameistara sjálfum, og voru þær 180—200 þús. kr., enda þótt hv.

þm. Barð. segði, að ég hefði sagt 160 þús. kr. Ég vil nú ekki fullyrða, hvort réttari séu þær tölur, er ég fékk hjá húsameistara, eða þær, er hv. þm. Barð. fékk hjá starfsmanni hans, en það er alveg óþarfi að vera að ásaka mig fyrir ósannindi, þegar ég hef yfir tölur, sem ég hef fengið hjá húsameistara eða biskupi. En sem sagt, prestsbústaðir hafa undanfarið verið tiltölulega ódýrir, eða frá 140—160 þús. kr. yfirleitt og jafnvel enn ódýrari, eins og t. d. á Valþjófsstað, en byggingin þar kostaði 120 þús. kr., og lét hv. 1. þm. N-M. í ljós undrun sína yfir því, hvað sá bústaður hefði verið ódýr í samanburði við dýralæknisbústaðinn á Egilsstöðum. Sýna þessar tölur, að af trúnaði og myndarskap hefur verið fjallað um byggingarmál prestanna. Í þessu frv., er hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að byggja yfir allt að fjóra presta á ári, og mundu þær byggingar kosta allt að 600 þús. kr. En ef byggja á tvær af þessum byggingum í Reykjavík, yrði kostnaðurinn skv. útreikningi húsameistara allt að 700—800 þús. kr. En hér er ekkert verið að láta Reykjavík sitja fyrir, heldur er verið að bæta upp þá bið, sem hefur undanfarið verið á byggingum prestsbústaða í Reykjavík. Hv. þm. Barð. telur ríkinu ofvaxið að byggja yfir allt að 4 presta á ári. Á síðasta þingi var ákveðið að byggja yfir 1—2 héraðsdómara á ári, og eru þeir þó ekki nema 20, en prestarnir yfir 100, og er þetta því ekki nema sanngjarnt og get ég ekki séð, að það sé ríkinu á neinn hátt ofvaxið. Það er affarasælla að byggja eitthvað á hverju ári en fresta því þangað til seinna í þeirri von, að það verði hagkvæmara þá, því að lengi getur dregizt að gera stóra átakið. Hv. þm. Barð. hélt því fram, að ef frávísunartill. hv. 1. þm. N-M. yrði samþ., þá stæðu lögin um hýsing prestssetra í fullu gildi. Það væri auðvitað bezt fyrir prestana, því að prestar þeir, sem búa í eldra húsnæði en 1939, þurfa ekki að greiða nema 400 kr. í húsaleigu á ári. En ég held, að þetta væri ekki eins gott fyrir hag ríkissjóðs, sem hv. þm. Barð. ber svo mjög fyrir brjósti.

Fyrirskipa skal mat á húsnæði presta. Sum prestssetur eru metin á 6—7 þús. kr. á ári. Fjöldi presta greiðir 400 kr. fyrir húsnæði sitt, en aðrir 6—7 þús. kr. Þetta er mikill ójöfnuður og ósanngirni. Í síðara tilfellinu er þetta brot á fyrri l. um húsnæði presta, sem hafa nær alltaf haft frítt húsnæði frá fyrstu tíð. Með þessu eru ákvæði fyrri l. úr gildi fallin, nema ef vera skyldi 2. gr. l., sem er þó allvafasamt. Vegna þessa verður að setja ný lög. Samkv. lögum verður húsaleigan greidd með vísitöluálagningu, miðað við 400 kr. í grunn, þá mun það skapa ríkissjóði 12—15 þús. kr. tekjuaukningu og þetta nema um 50—60 þús. á ári.

Við síðari umr. gat ég þess, að till. hv. þm. Barð. kæmi ekki í veg fyrir byggingu prestssetra. Og ég skil ekki, ef hv. þm. Barð. vill ganga á móti loforðum í þessu efni, sem hafa verið gefin biskupi af Alþingi. Það, sem nú á að gera, er að byggja á prestssetur í Laugarnessókn og Nessókn fyrir 100—200 þús. kr. hvert. Þriðja prestssetrið er að Ásum. Þess vegna leggur n. til, að fjárveitingin nemi 650—750 þús. kr., sem er samhljóða bréfi biskups til kirkjumálaráðuneytisins, sem var einnig sent hv. fjvn. Þau rök hv. þm. Barð., að bíða þurfi með að byggja yfir prestana þar til byggja verði yfir læknana og að þetta þurfi nánari athugunar við vegna þess, er rökleysa. Ef frv. þetta nær samþykki, verður það ekki til tjóns, síður en svo.

Till. þm. Barð. um sölu kirkjujarða er vitleysa ein og stingur í stúf við gildandi l. Það er engin ástæða til þess. Ef prestssetur er flutt, skal ríkið byggja á hinum nýja stað. Er prestssetrið var flutt frá Hesti til Hvanneyrar, þá skuldbatt ríkið sig til að byggja að Hvanneyri, en Hestur var afhent ríkinu. Það er augljóst mál, að þegar prestssetur er flutt, er sanngjarnt, að ríkið, sem fær hið niðurlagða prestssetur til umráða, kosti byggingu yfir prestinn á hinum nýja stað. Það, sem vinnst með því að samþykkja þetta frv., er einkum þetta: Á næstu árum verði rannsakað, hver af núverandi prestssetrum séu vel til þess fallin að vera aðsetur prests í framtíðinni. Hvar æskilegt sé vegna breyttra aðstæðna að færa prestssetur til og þá hvert. Hvaða prestssetur séu til þess fallin að vera skipt í fleiri jarðir. Gerðir verða skipulagsuppdrættir af öllum prestssetrum og ekki byggt upp á þeim fyrr en slíkt skipulag hefur hlotið staðfestingu kirkjumrh. og biskups. Þessi skipulagning verði framkvæmd af skipulagsnefnd. Í henni eru: Sira Sveinn Víkingur, fulltrúi í kirkjumálaráðuneytinu, og skipulagsstjóri, Hörður Bjarnason. Með samþykkt þessa frv. er því lagður réttur grundvöllur til þess að koma í veg fyrir skipulagsleysi og ringulreið í framkvæmd þessara mála.

Þá er því slegið föstu, að gengið skuli að því verki á næstu 10 árum að útrýma lélegum prestsbústöðum allt að 4 á ári, í stað þess sem nú er skylt að byggja tvo. Upp í byggingarkostnaðinn komi andvirði niðurlagðra bæjarhúsa á prestssetrunum ásamt álagi á þau og innistæða fyrningarsjóðs í Söfnunarsjóði Íslands. En afgang byggingarkostnaðar skal úr ríkissjóði greiða. — Kirkjumrh. ákveður eftir till. biskups, hvar skuli byggt. Bæjar- og sveitarfélög eru skylduð til að leggja til ókeypis lóðir undir prestssetrin, þar sem kirkja eða ríki eiga ekki land fyrir. Þannig verður það eins um land allt.

Ég held því fram, að með samþykkt þessa frv. sé um fjárhagslegan ávinning að ræða. Og ég skil ekki andstöðu hv. þm. Barð. til þessa máls og tel óráð að fresta afgreiðslu þessa máls með tilliti til alhliða embættismanna löggjafa, og ef þetta frv. fylgdi því, mundi heildarlöggjöfin kosta mun meiri fjárútlát en með þessu frv.

Ég fer svo ekki um þetta fleiri orðum. Frv. hefur verið vel undirbúið. Menntmn. hefur gefið þær upplýsingar í málinu, sem unnt hefur verið. Samþykkt frv. þessa mun koma samræmi á þessi mál, því að um 40 prestssetur á landinu geta vart kallast mannabústaðir.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Ed., 10. jan., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 13. jan., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég er víst búinn að tala svo oft í þessu máli, að ég verð að syndga upp á náðina hjá hæstv. forseta, og mun því reyna að vera ekki langorður.

Það eru tvö meginatriði, sem ég þarf að svara

hér, sem fram komu hjá hv. 3. landsk. þm. (HV), er mál þetta var hér síðast til umr. Því hefur alltaf verið haldið fram, frá því að þetta mál kom til umr., bæði af hæstv. ráðh. og frsm., að kostnaður við byggingu prestssetra væri frá 150 til 180 þús. kr., eftir því, hvort byggt væri í sveit eða kaupstað. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að lesa upp bréf frá húsameistara ríkisins, sem hann hefur skrifað til mín varðandi þetta mál, en ég taldi mér skylt að fá upplýsingar vegna fjárveitingarnefndar, hvort ætti að áætla kostnað þessara framkvæmda 150, 180 eða 350 þúsundir, eins og ég hafði haldið fram. Bréf húsameistara er dagsett 16. des. og hljóðar þannig — með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt ósk yðar, hr. form. fjvn. Alþ., skal ég tjá yður, að ég álít núverandi byggingarkostnað prestssetushúsa þeirra, er reist hafa verið í Reykjavík, þennan:

Garðastræti	nr. 42	kr.	249.000.00
Auðarstræti	nr. 19	kr.	246.000.00
Engihlíð	nr. 9	kr.	274.000.00

sem nú stendur til, að reist verði; þetta er með tilliti til stærðar húsanna, en án girðingar og lóðarlögunar.“

Enn fremur get ég upplýst, með tilvísun til upplýsinga frá sömu skrifstofu, að kostnaður við lóðargirðingar er frá 50 að 70 þúsund kr. með núverandi verðlagi, og vitanlega verður ekki hægt að komast hjá að greiða einnig þennan kostnað. Ég hygg því, að hv. 3. landsk. þm. verði að viðurkenna, að ég hafi farið með rétt mál, þegar ég hélt fram, að byggingarkostnaður prestssetushúsa í Reykjavík yrði 350 þús. kr. Ég sé ekki ástæðu til að ræða nánar um þetta atriði, en vildi aðeins láta þetta koma fram til þess að sýna, að ég hafi farið með rétt mál í sambandi við þessar upplýsingar.

Hv. frsm. upplýsti hér eitt athyglisvert atriði við síðustu umr. um þetta mál, þegar hann sagði, að n. hefði haft tilhneigingu til þess að fylgja þeirri tilhögun um byggingu prestssetushúsa, að slíkar framkvæmdir á jörðum hins opinbera yrðu látnar ganga fyrir, ef ekki hefði verið upplýst, að búið væri að tilkynna prestum hér í Reykjavík, að byggt yrði yfir þá á árinu 1947, og að fyrir þessu mundi vera ráðherrabréf. Ég vil upplýsa í sambandi við þetta atriði, að ég hef spurt hæstv. fjmrh. um þetta, og telur hann sig ekki vita um þessar ráðstafanir. Hann telur sig aðeins vita um það, að lofað hafi verið að byggja hér yfir einn prest, séra Jakob Jónsson, en þó með því skilyrði, að upp í þennan kostnað yrði selt hús, sem ríkið á nú, svo að ekki þyrfti að vera mikill munur þarna á milli til þess að koma upp þeim bústað. Nú skildist mér á hv. frsm., að búið væri að gefa út ráðherrabréf um, að byggðir skuli tveir prestsbústaðir hér í Reykjavík á þessu ári og að til þessara framkvæmda eigi að ganga það fé, sem tekið er upp á fjárl. til bygginga prestssetra. Ég tel nauðsynlegt að fá nánari upplýsingar um þetta, því að fjvn. hefur haft allt annan skilning á þessu máli og mun ef til vill leggja til, að því fé, sem tekið er upp á fjárl. í þessu skyni, verði ekki varið til bygginga prestsbústaða í Reykjavík. Ég tel, að hæstv. kirkjumrh. hafi ekki haft leyfi til þess að gefa út slíkt erindisbréf til prestanna til þess að binda Alþ. með þessa fjárveitingu. Þykir mér miður, ef þetta skyldi rétt vera, en tek hv. 3. landsk. þm. ekki of trúanlegan og treysti, að þessi ummæli hans séu á misskilningi byggð.

Í þriðja lagi hef ég haldið fram undir umr., að upplýsingar í sambandi við prestsbústaði almennt hafi ekki verið áreiðanlegar, hvorki hvað snertir tölu prestsbústaða né þann kostnað, sem bygging þeirra hefði í för með sér, og skal í því sambandi benda á atriði. Hv. frsm. hefur haldið því fram, að þær upplýsingar, sem hann gaf fjvn. á sínum tíma við framsögu máls þessa, hafi verið réttar, m. a. það, að nú væri búið að byggja 79 steinhús, en á þskj. 761 frá 64 löggjafarþ. er gefið upp, að það séu 63 steinhús. Ef þessi 16 steinhús, sem þarna ber í milli, hafa verið byggð á árinu sem leið, þá hlýtur að hafa rætzt betur úr þessu máli en við vitum um, og veit ég ekki, hvaðan komið hefur fé til þess að byggja þessi 16 steinhús. Ég hygg því óhætt fyrir hv. frsm. að viðurkenna, að þær upplýsingar, sem hann hefur látið fjvn. í té um þetta mál, séu ekki í samræmi við þær upplýsingar, sem Alþ. hafa verið veittar, og ef hér skakkar 16 bústöðum, þá má líka búast við, að eitthvað hafi ruglazt til um aðrar þær upplýsingar, sem hans herradómur hefur troðið inn á n. Með þessum rökum vil ég vísa á bug öllum hinum þungu ásökunum hv. 3. landsk. í minn garð. Hef ég lagt hér fram skýr gögn til staðfestingar framburði mínum, sem ég vona, að tekin verði gild, og vænti, að hv. 3. landsk. þm. biðjist afsökunar á því fleipri, sem hann hefur haft í frammi í sambandi við þetta mál.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það ætti að fara að verða ástæðulítið að fjölyrða um þetta mál, svo mikið er búið um það að segja. Ég var hér seinast, þegar mál þetta var til umr., með ýmsar upplýsingar viðvíkjandi því, en þá gafst hv. þm. Barð. ekki tími til að vera viðstaddur umr. til enda, og er líka auðheyrt, að þær upplýsingar, sem þá voru gefnar, hafa farið fram hjá honum.

Það hefði ekki þurft að vera neitt á huldu fyrir honum til hvers eigi að verja því fé, sem sett verður á fjárl. þessa árs, því að það upplýstist hér seinast, að beðið væri nú um fé til prestsseturs fyrir Laugarnessókn, Nessókn og enn fremur fyrir prestssetur að Ásum. Þetta endurtek ég nú, til þess að það fari ekki enn á ný fram hjá hv. þm. Barð. Enn fremur var þá upplýst, að eitthvað fé vantaði til prestssetra, sem nú væri verið að byggja, og að fjárbeiðnir lægu fyrir um 650 til 750 þús. kr. Hv. þm. Barð. vitnaði síðan í áætlun um, hvað það kostaði nú að byggja prestssetur hér í Reykjavík, og hefur um það haft ýmsar upplýsingar. Þegar hann kom fyrst með upplýsingar um þetta efni, sagði hann, að kostnaður við þessar framkvæmdir væri áætlaður 360 þús. kr., og að hann hefði þetta frá skrifstofu húsameistara ríkisins. Nú kemur hann enn með nýjar tölur frá sama aðila, en tugþúsundum króna lægri en áður. Menn sjá því, að tölur hans eru alltaf að breytast og heldur á niðurleið, og benda því líkur til, að ef nokkur tími liði enn, kæmust tölur hv. þm. Barð. til nokkurs samræmis við þær, sem herra biskupinn hefur gefið n. upp, en svo mikið er víst, að það er alveg gagnslaust fyrir hv. þm. Barð. að halda því fram, að við höfum hér farið með rangar tölur. Við höfum haft fyrir okkur skrifleg gögn og upplýsingar í þessum efnum, sem við berum meira traust til en um-

sagnar þm. Barð., sem sannast að segja hefur tekið á þessu máli af of mikilli andúð, og munu áætlunartölur hans um byggingarkostnað hafa litla þýðingu fyrir afgreiðslu málsins. Það er miklu nær að spyrja reynsluna, hver kostnaður við byggingu prestssetra úti í sveitum landsins og í kaupstöðunum hafi verið, en hún sýnir, að þessi kostnaður hefur numið frá 120 upp í 180 þús. kr., og er því ekki hægt fyrir form. fjvn., hv. þm. Barð., að vera sífellt að tönnlast á einhverjum áætlunartölum.

Hv. þm. Barð. kom nú með upplýsingar frá hæstv. fjmrh. um, að ef til vill stæði til að gera breytingar á bústað séra Jakobs Jónssonar. Þetta hefur áður verið upplýst hér í hv. d. og er vitanlega utan við þetta frv. og þessi l. Hér var um að ræða ráðstafanir — alveg sér á parti — milli hæstv. fjmrh. og viðkomandi prests, ef til þessarar framkvæmdar eða breytingar kæmi, sem ekki er líklegt, að mundi hafa mikil aukin útgjöld í för með sér, en hv. þm. Barð. er búinn að gefa í skyn, að til stæði að byggja á þessu ári yfir séra Jakob, sem er eintómur misskilningur.

Ég sé ekki mikla ástæðu til að fjölyrða um þetta, því að upplýst er, að ef frv. verður ekki að l., þá sitja fjöldamargir prestar, einmitt vegna ákvæða gildandi l., í mjög lágri húsaleigu, þ. e. frá 320—400 kr. á ári, en sumir verða aftur á móti að hlíta mati á húsaleigu fyrir prestsbústaði, en það mat hefur farið upp í 6—7 þús. kr. Hins vegar er hægt að samræma þetta, ef frv. verður að l., og auk þess mundi ríkissjóður fá 50 til 60 þúsundum króna hærri húsaleigutekjur á ári af hinum eldri prestssetrum, en að sjálfsögðu fylgdu þessu nokkuð aukin fjárútlát vegna byggingar nýrra prestssetra, enda er það gefinn hlutur, að ekki verður hægt að komast hjá því að byggja upp þau prestssetur sem nú mega teljast óviðunandi, og er ekki hægt að færa nein rök móti því. Eins og ástandið er nú í þessum efnum, er því áreiðanlega ekki of langt gengið, ef byggðir verða fjórir prestsbústaðir á ári, en að koma þessu máli í sómasamlegt og gott horf tekur áratugi.

Á síðasta þ. voru hér afgreidd l. um að byggja einn til tvo bústaði handa héraðsdómurum landsins, sem eru innan við 30 að tölu, en hér er farið fram á að byggja allt að fjórum bústöðum fyrir stétt, sem er skipuð rúmlega 100 manns, og er vitað, að húsnæðisástæður þeirrar stéttar eru mun verri en hinnar.

Nauðsyn þess að bæta úr húsnæðismálum prestastéttarinnar orkar ekki tvímælis, og hygg ég, að ég megi segja það fyrir hönd menntmn., að við leggjum áherzlu á, að frv. verði afgr. sem lög frá þessu þ., en að frávísunartill., sem hér liggur fyrir, verði felld.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því, að ég hef ekki fylgzt með umr. um þetta mál, en það eru tvö atriði, sem koma mér til að standa upp.

Ég vil mæla á móti því í fyrsta lagi, sem hv. þm. sagði, að prestssetrum í kaupstöðum og prestssetrum í sveitum væri ekki gert jafnhátt undir höfði. Það getur að vísu komið til álita, hvort yfirleitt eigi að veita prestum þau hlunnindi, sem hér um ræðir, en ef þau eru veitt á annað borð, eiga þau að ná jafnt til kaupstaðanna og til sveitanna. Það er sannast að segja, t. d. varðandi Reykjavík, að ef nýir prestar koma hingað, þá er oft erfitt fyrir þá að fá húsrúm nema með opinberri aðstoð. Má segja, að þetta gildi um marga aðra menn, en úr því að lagafyrirmæli eru sett um presta í þessum efnum, þá er víst, að örðugleikar hér í Reykjavík eru ekki síður en annars staðar, og þori ég að fullyrða, að erfiðleikar prestanna hér í þessum efnum eru meiri en víðast hvar úti um land. Vildi ég þess vegna mæla á móti brtt., sem settu presta hér í Reykjavík út undan í þessu tilliti. — Hins vegar verð ég að segja, að mér virðist frv. þynnt allmikið út, ef brtt. n. við 5. gr. verður samþ., og sé ekki, að efni frv. verði harla mikið, eftir að búið er að samþykkja gr. þannig, en í brtt. segir, að byggja skuli allt að fjögur prestssetrishús á ári. Það eina, sem í þessu felst, er það, að Alþ. ætti að vera óheimilt með fjárl. að veita fé til fleiri prestssetra en fjögurra árlega, svo að þetta er takmörkun frá því valdi, sem Alþ. hefur nú, en ekki aukning á réttindum prestanna. Verð ég að segja það, að slík takmörkun mundi sennilega talin hafa litla þýðingu, ef fjárveitingarvaldið væri svo ríflegt, — sem þarna er gert ráð fyrir, — að það hefði löngun til þess að veita fé til að byggja fleiri en fjögur prestssetur á ári, og geri ég ráð fyrir, að ef fjárveitingarvaldið ætlaði sér slíkt, mundi það verða gert, hvað sem þessu ákvæði líður. Er svo ákveðið í frv., að bústaðirnir, sem reistir eru, megi ekki fara fram úr fjórum. Þetta er óheppilega til orða tekið. — Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vil benda n. á, að ef ætlunin er að bæta hag presta, þá væri heppilegra að breyta hér orðalagi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það mundi gleðja mig, ef vilji væri fyrir því hér í d. að hafa 5. gr. eins og hún var upphaflega í frv. En þessi gr. mætti allhörðum andmælum, og því gerði n. þessa orðalagsbreyt. til sátta og til að tryggja frv. framgang, en það, sem átt er við, er, að veitt verði fé til fjögra prestsbústaða a. m. k. á ári, og er það vissulega framför frá því, sem er í gildandi lögum, þar sem aðeins skal veita styrk til tveggja, en samkv. frv. skal veita fé til 4 a. m. k., en vissulega er það útþynning frá frv. eins og það upphaflega var, og mundi ég fylgja brtt., ef fram kæmi um að færa orðalagið aftur eins og það upphaflega var.

Gísli Jónsson: Ég vil í sambandi við ræðu hv. 10. landsk. þm. taka fram, að brtt. þessi er ekki fram komin vegna andúðar á bæjunum, en í sveitum er byggt á jörðum sem ríkið á, en í kaupstöðum gegnir allt öðru máli, þar sem byggt er á lóðum, sem ríkið á ekki, og er því prestum þar gert hærra undir höfði en prestum í sveitum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Ed., 15. jan., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. N-M. felld með 10:3 atkv.

Brtt. 187,1 samþ. með 12:2 atkv.

— 206,1 felld með 9:2 atkv.

— 206,2.a felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, GJ, ÞÞ.
nei: HermJ, JJós, LJóh, PM, SÁÓ, ÁS, BSt, BBen, BK, GÍG, HV.
StgrA, EE greiddu ekki atkv.
1 þm. (BrB) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiríkur Einarsson: Þótt ég viðurkenni, að lagfæringar þurfi við í þeim efnum, sem frv. fjallar um, þá tel ég hins vegar lauslega um þetta búið og málið ekki komið á þann rekspöl, að um framtíðarskipulag sé að ræða. Þess vegna vil ég ekki samþ. frv. og ekki heldur segja nei, því að úrbóta þarf við í þessu efni.

Brtt. 187,2 samþ. með 11: 1 atkv.
— 206,2.b felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, GJ, HermJ, JJós.
nei: PM, SÁÓ, ÁS, BSt, BBen, BK, GÍG, HV, LJóh, ÞÞ.
StgrA, EE greiddu ekki atkv.
1 þm. (BrB) fjarstaddur.
Brtt. 206,2.c felld með 10:4 atkv.
— 187,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 187,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 187,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 206,3.a—b teknar aftur.
— 187,6 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 206,4 felld með 9:1 atkv.
— 228 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Sþ., 16. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 286).
Á 55. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um skipulag og hýsing prestssetra er samið af biskupsskrifstofunni og flutt af menntmn. Ed. fyrir mín tilmæli og fjallar um, hvernig haga skuli byggingu prestsbústaða og hver gjöld prestar skuli greiða vegna bygginganna. Nú eru í gildi lög frá 1935 um hýsingu prestssetra, en þau eru orðin í svo miklu ósamræmi við allt verðlag, að ógerningur er að fara eftir þeim. Ákvæði eru í þeim lögum um, hvað ríkið megi leggja fram til hvers prestsseturs og hvað hver prestur eigi að leggja fram á móti. Þessi ákvæði eru langt frá að samrímast nútíma verðlagi, og er því nauðsynlegt að endurskoða þau. Ástandið í byggingarmálum prestanna er nú þannig, að á annað hundrað presta þurfa húsnæði. Þegar hafa verið reist á nokkrum prestssetrum myndarleg og góð hús, sem veita prestunum beztu skilyrði. En á öðrum stöðum eru ýmist engin hús eða algerlega óviðunandi. Misræmið milli aðbúnaðar hinna ýmsu aðila innan prestastéttarinnar er því svo mikið, að nauðsynlegt er að bæta þar verulega úr. Það er nú miklum erfiðleikum bundið að fá presta í prestaköllin úti um land, og þarf því að gera eitthvað, sem miðar að því að draga þá þangað. En það verður áreiðanlega ekki hægt, ef byggingar þar eru lélegar eða engar. Ef byggt er með núverandi tilkostnaði, verður ríkið að taka á sig verulegan hluta kostnaðarins, því að ef prestarnir sjálfir ættu að greiða kostnaðinn, yrði æpandi ósamræmi milli kjara þeirra og hinna, er búa í gömlu og góðu húsnæði. Þetta frv. er til að bæta úr þessum vandamálum og skýrir sig að öðru leyti sjálft. Gert er ráð fyrir, að nefnd verði sett til að athuga húsnæðismál presta. Skal hún ákveða bústöðunum staði og gera af þeim skipulagsuppdrætti og sjá um framkvæmd byggginganna. Gert er ráð fyrir enn fremur, að ríkissjóður greiði kostnaðinn við byggingarnar, en sumt af honum verði endurgreitt sbr. 16. gr. Greiðslur ríkissjóðs verða sem sé að nokkru leyti kvaðalaust framlag, en hluti þeirra skal endurgreiðast. Ýmis ákvæði og smærri atriði tel ég ekki nauðsynlegt að ræða á þessu stigi málsins. Annars hefur þetta frv. verið afgr. frá Ed. og vænti ég þess, að þessi hv. d. geti eins sætt sig við það. Menntmn. Ed. hafði málið til meðferðar, og leyfi ég mér því að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 17:1 atkv.

Á 83. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 286, n. 447).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta var fyrst flutt af hv. menntmn. d. og borið fram af kirkjumálastjórninni. Frv. hefur nú gengið í gegnum Ed. og hefur náð þar samþykki með nokkrum breyt. N. leggur þann skilning í 16. gr. frv., að afgjald prestssetra og prestsseturshúsa sé þar ákveðið sem húsaleiga og að skattlagning og mat fari eftir því.
Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta, en ég legg til, að frv. nái samþykki.

ATKVGR.
1. gr, samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, HermG, IngJ, JS, JörB, AJ, PÞ, SB, SkG, StJSt, StgrS, ÁÁ, BÁ, BG.
SK greiddi ekki atkv.
16 þm. (EystJ, FJ, GSv, GTh, JóhH, JPálm, JJ, KTh, ÓTh, PO, SigfS, SG, SEH, ÁkJ, EOl, EmJ) fjarstaddir.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 447 (ný 5. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
6.—17. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
18.—30. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 471).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 83. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Ed., 7. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 471, 491).

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta mál var hér lengi til umr. í d. í haust og var athugað mjög gaumgæfilega í menntmn. og sætti auk þess mikilli athugun í d. Nú er það komið aftur frá hv. Nd., og hefur á því orðið þar ein breyt. Sú breyt. er á 5. gr. frv. Í þeirri gr. var ákvæði um það, að í fjárl. skuli árlega veitt fé til þess að reisa 4 prestssetushús að minnsta kosti, þar til lokið er að byggja upp öll prestssetur landsins. En Nd. breytir þessu ákvæði á þann veg, að reisa skuli prestssetushús svo fljótt sem auðið er, eftir því sem fé er veitt í fjárl. til þess. Þetta kom til tals, þegar málið var til umr. hér í hv. d., og kom þá fram brtt. frá hv. þm. Barð., sem fór í sömu átt, en var felld. En upphaflega var það svo í frv. eins og ríkisstj. lagði það fyrir, að árlega skuli ætla fé á fjárl. til þess að byggja 4 prestssetushús á ári. Úr þessu dró menntmn. og setti „Allt að" í staðinn fyrir að árlega skuli veitt nægilegt fé til byggingar 4 prestssetushúsa. Nú hefur hv. Nd. séð ástæðu til þess að draga enn meira úr þessu, og vill ekki hafa þá ábendingu, að nauðsyn beri til þess að reisa 4 prestssetushús á ári, heldur að tekin sé ákvörðun um þetta á fjárl. hverju sinni út af fyrir sig.

Fyrir Alþ. liggja upplýsingar um það, að húsnæðismál presta séu í því ófremdarástandi, að á mörgum tugum prestssetra séu ekki íbúðarhæf hús og á sumum engin. Og það er víst, að þótt byggð verði 3—4 slík hús á ári hverju næstu 10 ár, þá er ekki enn búið að koma þessum málum í sómasamlegt horf. Og ég get ekki fallizt á, að frá menningarlegu sjónarmiði megi setja markið neðar en svo, að við getum komið bústaðamálum prestanna í sæmilegt horf á næstu 10—12 árum.

Það má minna á, að í fyrra afgreiddi Alþ. lög um embættisbústaði héraðsdómara, og þar er það lögfest, að byggja skuli 1—2 bústaði ár hvert. Héraðsdómarar eru miklu færri en prestarnir og þeir sitja með mun betri launum en prestarnir. Það væri því ekki eins tekið djúpt árinni að því er snertir húsnæðismál prestanna, þó að við lögbyndum það að byggja 4 á ári. — Ég tel líka, að í húsnæðismálum þjóðarinnar almennt verði að setja markið það hátt, að nokkurn veginn verði bætt úr því ófremdarástandi, sem ríkir í húsnæðismálum þjóðarinnar yfirleitt, og að þau verði komin í sæmilegt horf að 10—12 árum liðnum. Ég sé ekki, að íslenzka ríkið geti ætlað sér minna en að dragast ekki aftur úr hvað snertir umbætur, sem hljóta að verða gerðar í húsnæðismálunum.

Menntmn. leggur því til, að gr. verði orðuð eins og hún var, þegar frv. var afgreitt frá Ed., sem sé, að ætlað verði fé á fjárlögum fyrir allt að fjórum bústöðum á ári. Ég sé ekki ástæðu til, að dregið sé úr þessu, en held, að það verði að vera markið hjá okkur að koma þessum málum í sæmilegt horf á næstu 10 árum.

Gísli Jónsson: Ég vildi spyrja hv. frsm. (HV) að því, hvort hann hefur haft samráð við hæstv. fjmrh. um þessa brtt. Mér þætti miður, ef menntmn. hefði sett fram þessa brtt. án þess að gera það í samráði við hann.

Ég vil leyfa mér að benda á, að upplýst hefur verið, að lofað hefur verið að byggja a. m. k. 3 prestsbústaði hér í Rvík á þessu ári. Það hefur verið felld till. frá mér um það að byggja bústaði í sveit til þess að gera jarðirnar verðmeiri, og virðist stefnt meira að því að byggja slíka bústaði í kaupstöðum en sveitum. Það er upplýst, að byggingar í kaupstöðum kosta ⅓ meira en í sveitum. Enn fremur er það upplýst, að hver bústaður hér í Reykjavík kostar a. m. k. 300 þús. kr., svo að ef byggja á 3 slíka bústaði, þarf a. m. k. eina milljón króna. Nú eru aðeins ætlaðar til þessa 450 þús. kr., og vildi ég, að það yrði rætt við fjmrh. hvort hann vill á þessum lið bæta 450 þús. inn á fjárl., sem hann óskar daglega eftir, að séu lækkuð.

Ég skil ekki, hvert n. stefnir, því að ekki getur eitt þing tekið fjárveitingavaldið af næstu þingum. N. segir, að þetta skuli gert. Ekki verður þó byggt upp með tómum brtt. N. segir, að það skuli veitt fé á fjárl. til þessa, en það getur hún ekki gert, nema hún vilji bera fram till. um, að tekið sé lán til þess. Ef n. vildi segja, að taka skyldi lán, þá kemur allt annar blær á málið.

Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann gæfi fjmrh. tækifæri til þess að fylgjast með málinu og að það yrði ekki tekið til atkvgr. nema hann væri við.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. (GJ) spurði, hvort n. hefði haft samráð við fjmrh. um þetta mál. Það hefur n. ekki gert, og hygg ég, að það sé ekki venja nema með fjvn. og fjhn. að ráðgast við fjmrh. En n. hefur ráðgazt við þann ráðh., sem málið heyrir undir, en það er kirkjumrh. Nú hefur hæstv. kirkjumrh. ekki komið á fund n. til þess að fjalla um þetta mál, en hann afhenti n. þó uppkast að till., sem mun hafa verið samið af biskupi landsins og átti að vera millivegur milli þess, sem samþykkt var í þessari d. og í Nd. og gekk í þá átt, sem nú liggur fyrir í till. frá okkur í menntmn. N. sýndist ekki svo mikill munur á þessu uppkasti og till. í gr. eins og hún fór frá þessari hv. d., að ástæða væri til að breyta þar um, og tók þann kostinn að setja frv. í sama horf og það var samþykkt í hér.

Hv. þm. Barð. (GJ) vék að því hvað eftir annað, þegar málið var hér í fyrra sinni til. umr. í d., að gefin hefðu verið loforð til presta hér í Rvík. Ég veit ekki svo gjörla um það, en ef þau loforð eru bindandi fyrir stj. og ríkissjóð, þá er vitanlega ekki annað fyrir hendi en að uppfylla þau, en menntmn. þessarar d. hefur engin slík bindandi loforð gefið.

Hv. þm. (GJ) vék að því, að þing gæti ekki tekið fjárveitingarvaldið af næsta þingi og skyldað það til þess að láta af hendi hinar og aðrar upphæðir. Um þetta má ræða aftur á bak og áfram. Ég held, að hvert þing taki af næsta þingi fjárveitingavaldið með því að samþykkja l., sem kosta útgjöld, er verður að taka upp á fjárl., og þetta hefur ekki hvað sízt verið gert á undanförnum árum. Vil ég í því sambandi minna á launal. og l. um almennar tryggingar. Það eru geysilegar fjárhæðir, sem ríkið verður að sjá fyrir og næstu þ. verða að finna leiðir til þess að fullnægja.

Ég held, að frsm. n. hafi bæði nú og við fyrri umr. þessa máls sýnt fram á nauðsyn þess að byggja upp prestssetur landsins, svo að ég þurfi ekki neinu þar við að bæta. Allir hljóta að viðurkenna, að það er nauðsynjamál. Hitt kann að vera rétt, að fjárhagurinn sé þannig, að erfitt sé að bæta þessu við ofan á allt annað, sem ríkið hefur á sig tekið. En ef svo fer, að ríkið skorti yfirleitt fé til þess að koma nauðsynjamálum áfram með sama hraða og menn hafa hugsað sér, sé ég ekki, að það eigi að ganga út yfir eitt einasta nauðsynjamál, heldur eigi það að ganga út yfir allt og gera hlutfallslegar lækkanir til þeirra framkvæmda og menningarmála, sem menn hafa hugsað sér, og það verði að gera með réttlæti og skipulagi. Ég álít það alveg eins mikið nauðsynjamál — og í raun-inni æruspursmál fyrir íslenzka ríkið — að byggja sómasamlega yfir prestana, elztu embættismannastétt landsins, eins og ýmislegt annað, sem tekið hefur verið í l. á síðustu árum.

Svo vil ég að lokum benda á það, að með þessari till., eins og hún er orðuð, eru engar nýjar kvaðir lagðar á ríkissjóð, sem ekki hafa verið þar áður. Samkv. l., sem hingað til hafa gilt, er skylda til að byggja 1—2 prestssetur á ári. Skv. þessari till. menntmn. er ekki bein skylda til að byggja nema eitt hús á ári, þó að markmiðið sé 4, ef hægt er. Það er ekkert lögbrot, þótt brtt. verði samþ., að veitt verði fé aðeins til eins prestsseturs. Það verður að gera það skv. till., en ef frv. verður samþ. eins og það kom frá hv. Nd., þá hvílir engin skylda á ríkissjóði að leggja neitt fram eða láta byggja nokkurt prestsseturshús. M. ö. o., með þessu er engin ný skylda lögð á ríkissjóðinn, en dregið úr þeirri skyldu, sem ríkissjóður hefur haft um mörg ár, ef frv. er samþ. óbreytt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil taka það fram, að ég tala fyrir mína hönd, en ekki stj., enda heyrir málið ekki undir mig. Ég vil taka það fram í sambandi við þessa till., sem ég benti á, þegar málið var hér í fyrra sinn, að innihald hennar er lítið. Mér finnst hér vera deilt um keisarans skegg, því að það er ekki sagt, að það eigi að byggja 4 prestssetur á ári, heldur að það megi ekki veita fé til að byggja meira en 4 hús á ári, svo að það er ekki hægt að veita fé til meira, nema með lögbroti. Hins vegar efast ég um, að það megi veita til eins, og er þá umræðu- og umhugsunarefni, hvort skylda er til að veita eitthvert fé á fjárl. til byggingar á prestssetrum, en ég mundi telja þeirri skyldu fullnægt með 20—30 þús. kr. á ári, sem hvergi nærri nægir yfir einn prest.

Ég veit ekki, hvað fyrir þeim hefur vakað, sem sömdu þetta, því að ég hef varla séð innihaldsminni gr. með jafnumbúðamiklu orðalagi, því að í gr. er ekki nokkur hlutur. Ég held það sé miklu réttara að samþykkja hana ekki en að stofna málinu í hættu. Ég gæti skilið það, ef verið væri að ráðast á réttindi presta með breyt. þeirri, sem Nd. gerði, en það er ekki gert. Það má segja, að það sé óvissa um, hvað mikið mætti veita. Heimildin er þarna, og eftir henni mætti byggja yfir 10 presta á ári, en hér alls ekki nema yfir 4. Þess vegna held ég, að ef menn vildu prestum vel, ættu þeir að samþykkja frv. orðalaust, en ef þeir vildu samþykkja eitthvað meira, held ég, að þeir ættu að flytja till. um meiri breyt. en hér liggur fyrir.

Eiríkur Einarsson: Ég gat þess við fyrri umr. þessa máls hér í d., að ég hefði sérstöðu í menntmn. um þetta, en að sú sérstaða mín sé ekki byggð á því, að ég hafi ekki fullkomna samúð með og skilning á því, að prestssetur þyrfti að byggja og að ýmsu væri ábótavant í þeim efnum víða um landið. Þetta veit ég, að er rétt, og að málið þarf að mæta fullum skilningi.

En það var annað, sem fyrir mér vakti og ég vildi taka fram, að ég tel umhugsunarvert, að þetta frv. kemur fram á sama tíma og hvað mest lausung er á um prestssetur og skipun prestakalla. En þetta frv. felur það ekki í sér, að það sé neitt álitamál um það, hvar prestar skuli hafa aðsetur. Skoðun mín er sú, að um það, hvar prestar skuli hafa aðsetur, sé allt í óvissu nú. Yfirleitt er það svo, að prestarnir hafa búið á beztu höfuðbólunum, en á síðari árum er það þannig, að ef einhver kaupstaðarhola hefur verið í nágrenninu, þá hafa þeir leitað þangað, eða þá að presturinn er annaðhvort húsmaður eða byggir á jörðinni eða þá að hún er ekki nærri því setin eða nýtt svo sem hægt er. Ég veit dæmi þess, að menn hafa farið frá ágætisjörðum og prestshúsin hafa verið leigð einhverjum bónda. Þetta álít ég, að þyrfti að forðast. Ég álít, að þetta þyrfti að athuga alvarlega, áður en farið er að grafa fyrir grunni prestssetranna, af því hve málið er á hverfanda hveli. Þetta er ekkert smávægilegt atriði. Það er máske ég einn, sem er með þessa skoðun, en málið kemur mér svona fyrir sjónir. Alþingi verður að sjá fyrir því á einhvern hátt, að ekki verði mistök í þessu. Það er of dýrt að byggja yfir prestana til þess, að það megi verða. Við þekkjum, að það er áætlað, að kostnaður verði 80—150 þús., en svo er hann kominn upp í 200 þús. þegar lokið er. Ég er ekki að telja þetta eftir, en ég vil láta gæta að öllum málsatriðum.

Ég vil því leyfa mér að bera fram skriflega brtt. um ákvæði, sem fellt yrði inn í frv. Ég veit, að þessi till. er ekki mikils megnug, en hún er bending um það að taka til athugunar, hvar prestsbústaðirnir skuli vera. Þessi gr. ætti að koma á eftir 5. gr., sem er nú, og vil ég leyfa mér að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta.

„Áður en hafizt er handa til húsagerðar á prestssetrum samkv. lögum þessum, skal leitað rökstuddrar umsagnar sóknarnefnda í prestakallinu um, hvort hið fyrra prestssetur eða annar ákveðinn staður í prestakallinu henti bezt sem frambúðarprestssetur.“

Mér þótti eðlilegast, að þessu væri vísað til sóknarnefndanna, sem ég tel, að muni vera í nánustu sambandi við sóknarprestinn hverju sinni.

Ég álít, að ég þurfi ekki að skýra þetta nánar. Það má kannske spyrja, hvaða ástæða sé til þess að vera að leita umsagnar um þetta, en ég veit, að í mörgum prestaköllum er það álitamál, hvernig fara eigi með prestinn með tilliti til verustaðar hans. Við skulum segja, að ungur og óreyndur prestur komi að einhverju prestssetri. Þá má gera ráð fyrir, að hann sé alveg óvanur búskap. Hann getur verið ágætur prófmaður, þó að hann hafi ekki vit á sveitabúskap.

Ég skal ekki tefja hv. d. með lengri umr. um

þetta. Hvað fyrir mér vakir, skýrir till. Ég afhendi svo hæstv. forseta þessa till. og bið hann að bera hana upp, og munu atkv. þá ráða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 497) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. munu hafa heyrt það á hv. þm. Barð., að honum fannst of mikið innihald í 5. gr. eins og menntmn. vildi hafa hana þegar frv. var afgreitt síðast, vegna þess að hann taldi, að fjárveitingavaldið væri tekið af þingum næstu ára, og vildi hann, að þetta væri í samræmi við till. hans. En svo kemur hæstv. dómsmrh., og talaði hann ekki fyrir hönd stj., heldur fyrir hönd skynseminnar og segir, að ekkert innihald sé í 5. gr. Og menntmn. hélt sig hafa dregið það úr orðalagi gr., að engu fjármálavaldi þyrfti að standa stuggur af henni. Þrátt fyrir það að hæstv. dómsmrh. hafi huggað hv. þm. Barð. með, að ekkert fælist í gr., þá er enn þá uggur í þessum hv. þm. Ég get tekið undir það með hæstv. dómsmrh., að hér sé ekki of djúpt tekið árinni, og enn fremur get ég tekið undir það með hv. 1. þm. Eyf., að þarna er skylt að byggja einn prestsbústað á ári, en bent hefur verið á, að byggja þyrfti fjóra. Fordæmi er frá í fyrra um að byggja 1—2 bústaði á ári yfir héraðsdómara. Það fordæmi skuldbindur Alþ. til að gera þessum tveimur stéttum sömu skil, og þar sem prestar eru nær fjórfalt fleiri en héraðsdómarar, væri prestum ekki betur séð fyrir húsnæði með 4 bústöðum á móti einum handa héraðsdómurum. Ég hafði vonað, eftir afstöðu hæstv. dómsmrh. í haust, að hann jafnvel vildi herða á ákvæðum 5. gr., þannig að á fjárlögum yrði veitt fé til byggingar fjögurra prestsseturshúsa, en nú skilst mér hann gangast inn á meðferð Nd.

Út af brtt. hv. 2. þm. Árn., þá finnst mér, að það efni, sem till. hans fjallar um, felist í 1. gr. frv., um rækilega athugun prestssetra. Þetta er rannsóknarefni, sem þarf að ganga úr skugga um, og það verður ekki gert án þess að leita álits sóknarnefnda, presta og prófasta og síðan að fá samþykki kirkjumrh. áður en byggt er. Um þetta er því ekki betur hægt að búa. Ég verð að segja það, að ég finn ekki, hvað er nýtt í till. hv. 2. þm. Árn., og er ekki betur um hnútana búið með henni, og mun ég því ekki sjá ástæðu til að samþykkja hana.

Að öðru leyti er óþarft að hafa fleiri orð um þetta. En hv. þm. Barð. telur ekki ástæðu að taka undir 5. gr. vegna of mikilla fjárhagslegra kvaða, og vill hann hafa aðferð Nd., og það ætlar hæstv. dómsmrh. að taka undir þvert ofan í fyrri yfirlýsingar.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það sem hv. 3. landsk. vitnaði til í 1. gr. frv., sem nóg ákvæði um athugun á frambúðarprestssetrum, þá vildi ég segja það, að það, sem segir í þeirri gr., sýnir, hvað frv. er laust í reipunum, að á næstu 5 árum skuli fara fram rannsókn á prestssetrum landsins. En hverjir eiga að framkvæma þessa rannsókn? Það er að vísu til ein n., sem er sameiginleg fyrir allt landið, og skal ég hvorki lofa hana né lasta, en hún hlýtur að hafa fremur takmarkaða þekkingu á hverjum stað. Ég álít því, að leitað skuli umsagnar frá prestaköllunum sjálfum og að söfnuðunum sé þarna gert of lágt undir höfði, því að í 1. gr., sem hv. 3. landsk. vitnaði í, er aðeins gert ráð fyrir einni n., sem skuli hafa þessa athugun með höndum, en aftur á móti er ekki gert ráð fyrir neinum umsögnum heiman úr héruðunum. Ég tel því fulla ástæðu til að setja þetta inn í lögin.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér er tjáð, að ekki sé óalgengt, að dómarar líti í Alþingistíðindi áður en þeir kveða upp dóma, ef fyrirmæli laga eru óljós. Nú er því haldið fram af hæstv. dómsmrh., að skilningur hans á 5. gr. sé annar en hann var hjá hv. menntmn. Og ef það á að skiljast svo, að ekki sé skylt að veita nema litla fjárhæð til prestsbústaða skv. 5. gr., þá er gott að vita, að þetta hefur komið fram. Nú hefur form. menntmn. lýst yfir því, að hann telji, að fyrirmæli laganna séu uppfyllt, ef byggður sé einn prestsbústaður á ári. Það er gott fyrir fjvn. að fá þessar upplýsingar, og eftir þennan skilning á frv. get ég betur sætt mig við það, ef málið verður afgreitt þannig. N. er að stofna málinu í voða með þessum breyt., því að þá fer það í Sþ., og er ekki treystandi, að aðrir þm. séu þessu fylgjandi. En hv. frsm. er kannske sama, þó að þetta frv. fari í sömu gröf og frv. um sóknargjöld. Það er einkennilegt, að menntmn. skuli gefa út álit frá sér, sem er aðeins frá meiri hl. n., því að hv. þm. Árn. lýsir yfir því, að hann vilji breyta frá áliti hennar, og er því n. ekki óskipt um málið.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er nú orðinn ágreiningur um, hvort till. menntmn. um orðalag á 5. gr. hefði nokkra þýðingu og legði skyldur á ríkið eða minni en frv. óbreytt, og virtist mér hæstv. dómsmrh. halda því fram. Það er erfitt að deila við mjög lærða lögfræðinga um skilning á lögum, en ég held, að enginn nema lögfræðingur fengi þessa útkomu, og ég er viss um, að hver leikmaður hallast að því, að lögð sé skylda á ríkið með till. n. Nú var fyrir eina tíð, að ákveðin var tala ráðherra, og skyldu þeir vera þrír. Nú vildi ég spyrja hæstv. dómsmrh., ef stjskr. legði svo fyrir, að ráðherrar skuli vera allt að fjórir, þyrfti þá engan? Þetta er hliðstætt. Leikmenn ólærðir álíta, að þegar stefnt er að því að byggja alla þessa fjóra prestsbústaði, þá er það sterkara en að fara aðeins eftir því, hvaða fé sé veitt til þessa á fjárl. Ólöglærðir menn hafa lengi verið í meiri hl. á Alþ., og býst ég við, að skilningur þeirra verði ofan á.

Þá vildi ég segja örfá orð út af ræðu hv. þm. Barð. og hv. 2. þm. Árn. Hv. þm. Barð. vítir það, að fram komi till. frá menntmn. og svo komi hér í ljós, að allir nm. séu ekki sammála. Ég hef áður skýrt það og hygg, að hann „praktiseri" þann skilning, að samhljóða till. þeirra nm., sem á fundi eru, er till. nefndarinnar. Nú stóð svo á, að þegar menntmn. afgreiddi þessa till., var hv. 2. þm. Árn. á fundi í byrjun, en þurfti að fara, en hafði áskilið sér óbundið atkv., en tók ekki afstöðu til málsins. Ég tel því fullkomlega heimilt að telja það till. frá n., þegar það er gert með samhljóða atkvæðum þeirra, sem á fundi eru, og allir geta tekið þátt í störfum. Þessu hefur verið beitt

við mig, þegar ég mótmælti, að till. væri frá fjhn., og hélt ég því fram, að till. væri frá meiri hl. n. En ég var þá veikur, þegar till. var á döfinni, og var meðnm. mínum kunnugt um, að ég var á annarri skoðun. Þessi till. var í sambandi við launalögin. Annars, út af hinni skriflegu till. hv. 2. þm. Árn., þá tek ég þar undir orð hv. 3. landsk., og vildi ég benda hv. 2. þm. Árn. á, að ef till. ætti fram að ganga, þá væri réttara að taka þetta í samræmi við 1. lið 1. gr. en að þetta kæmi sem sérstök grein á eftir 5. gr. Það finnst mér ekki eiga við á þeim stað. Ef hann hefði borið þetta fram í n., þá hefði ég bent honum á þessa leið, sem er formlega réttari. Það yrði of flókið að bera fram skriflega brtt. við skriflega brtt., svo að ég mun ekki gera það, en vildi benda á, að betra væri að taka þessa till. aftur og bera fram aðra, sem félli betur inn í frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta, en mér virðist þetta orðið talsvert hitamál. Hitt var rétt hjá mér um skuldbindingu í brtt. nefndarinnar. Í henni felst ekki annað en það, að eitthvert fé verður að veita til prestsbústaða og má það ekki vera meira en í fjögur hús, en engin heimild er fyrir því, að það nægi fyrir einu húsi. Ég segi það eins og það er, að fyrir mér er þetta ekki neitt hitamál, en þannig mundi þetta skilið af hverjum lögfræðingi. Ef fjárveitingavaldið teldi ekki fé fyrir hendi, þá gæti fjvn. veitt 10 þús. kr. á ári, sem ekkert mundi nægja. Hér er því aðeins um málamyndaskuldbindingu að ræða. Ákvæðið getur ekki falið í sér, að byggja eigi fjögur prestsseturshús, og engin ábending er um það, ef fjögur hús eru byggð, að þá ætti löggjafinn ekki að fara lengra. Ég er á gagnstæðri skoðun við n. og hv. þm. Barð. Efnismunur á till., sem fyrir liggja, er lítill, því að þetta er í hendi fjárveitingavaldsins. Skuldbindingin nægir ekki til að byggja eitt prestsseturshús, en valdið er hjá Alþ. hverju sinni, en n. takmarkar sig við fjögur hús, og felli ég mig betur við orðalag Nd. Ég skal svo ekki segja meira, en hef hér bent á minn skilning á málinu, og metur hver það, sem honum finnst réttast.

Varðandi till. hv. 2. þm. Árn. þá fellst ég á, að efni hennar náist með 1. gr. frv., og er einmitt lögð áherzla á þetta í 3 fyrstu tölul. 1. gr., sem innifelur efni till. hv. þm. Og ekki skil ég í að nokkur ráðh. mundi gera ráðstafanir í þessu efni án þess að hafa fengið till. heiman úr héruðunum, þar sem söknarnefndir eru þessu máli kunnugastar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég get fallizt á það, sem hv. utanrh. sagði, að raunar skipti ekki svo miklu, hvað ofan á yrði í þessu efni. Þó er ég sannfærður um, að fyrir hv. þm. Barð. vakir að reyna að draga úr framlögum ríkisins með orðalagi sínu hér.

Viðvíkjandi brtt. hv. 2. þm. Árn. vil ég endurtaka það, að ef fella á efni hennar inn í frv., á það að koma inn í 1. gr., en ekki eins og af handahófi á eftir 5. gr. Þessi till. hans gengur út á að taka fram, að leita skuli umsagnar söknarnefnda heima í prestaköllunum varðandi staðsetningu prestssetra í framtíðinni, en vitanlegt er, að þessi mál væru aldrei leidd til lykta án þess að leita álits málsmetandi manna heima í héraði. Má í því sambandi benda á ákvæði í 7. gr., um að viðkomandi presti skuli jafnan gefinn kostur á að gera aths. við uppdrátt húsameistara.

Hv. þm. Barð. taldi menntmn. mest hafa skjátlazt í því að spyrja ekki hæstv. fjmrh. að því, hvort hann teldi ekki of þungar byrðar lagðar á ríkið með þessu frv., og óskaði eiginlega eftir því, að forseti leitaði álits fjmrh. um þetta. Hæstv. ráðh. er hér nú ekki viðstaddur, en hins skal ég geta, að fyrrv. kirkjumrh. sagði í gær, að sér þætti mjög miður, ef dregið væri úr ákvæðinu um byggingu prestssetra á ári hverju frá því, sem n. leggur til. Kvaðst hann helzt óska eftir, að byggð yrðu fjögur hús árlega, og taldi á því fulla þörf.

Þá bar hv. þm. Barð. kvíðboga fyrir því, að frv. þessu væri stefnt í voða, ef því væri nú breytt frá því, sem hv. Nd. vill vera láta, og taldi hann, að um það mundi þá fara eins og sóknargjaldamálið. Ég get nú ekki skilið það, nema núv. ríkisstj. sé fylgislítil eða hún leggi ekki kapp á þetta mál. Ég geri þó ráð fyrir, að lið fyrrv. ríkisstj. standi að málinu. Það er því varla í hættu, og ég held, að þessi ótti megi því víkja frá hv. þm. Barð.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég læt það litlu skipta um brtt. mína, hvort hún kemur sem ný frvgr. á eftir 5. gr. eða verður felld á einhvern hátt inn í 1. gr., en hitt vil ég taka fram, að ég gerði það með ráðnum huga að ákveða hana sem nýja gr. á eftir 5. gr., sem fjallar um hið margrædda málefni. Þar áleit ég hana á nokkuð réttmætum stað. Fyrir mér vakir m. a. þetta: Sú rækilega athugun, sem gildir öll prestaköll og getið er um í 1. gr., á bersýnilega að framkvæmast af þeirri heildarnefnd fyrir landsbyggðina, sem þegar mun vera til, og í henni eiga sæti biskup landsins, húsameistari ríkisins og skrifstofustjóri ráðuneytisins. Í 1. gr. er miðað við, að þessi n. geri athugunina. Því fannst mér ekki vera úr vegi, að ákvæði mitt kæmi á sérstökum stað og annars staðar í frv., svo að því væri ekki á neinn hátt blandað saman við aðalnefndina. Annars læt ég mig það engu skipta, þótt fram komi skrifleg brtt. við mína brtt. um, að þetta nýja ákvæði komi inn á öðrum stað í frv. Till. mín á fullvel heima á eftir 5. gr., og mun ég ekki hafa fleiri orð um það. — En viðvíkjandi því, sem hv. 3. landsk. sagði, að samkvæmt 7. gr. væri gert ráð fyrir, að viðkomandi presti skyldi jafnan gefa kost á að gera aths. við uppdrátt húsameistara, þá virðist mér einmitt, að þar sem þetta er tekið út úr, megi álykta af því, að þetta eitt skuli bera undir prest og ekkert undir söknarnefnd, en ef biskup, húsameistari eða ráðherra vildu leita umsagnar heima í héraði, er eins gott, að þar væri á vísan að róa, í stað þess að leita umsagnar hreppstjóra, oddvita eða einhverra óákveðinna manna. Ég geri þetta ekki að kappsmáli, en tel það réttmætt, og hv. d. sker úr í þessu efni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég mundi nú vilja skjóta því til hæstv. forseta, að hann frestaði umræðu, m. a. til athugunar brtt. hv. 2. þm. Árn., hvort hægt væri að koma þeirri till. að, og hvar hún ætti bezt heima. En til viðbótar kem ég hér nú auga á ákvæði í annarri málsgr. 9. gr., sem ég tel mjög varhugavert, en

ég hef ekki athugað þetta fyrr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú verður eigi samkomulag milli trúnaðarmanns kirkjumálaráðherra og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar um stærð og legu slíkrar lóðar, og skal þá ágreiningi skotið til skipulagsnefndar bæja og kauptúna til fullnaðarúrskurðar."

Samkvæmt þessu á skipulagsnefnd bæja og kauptúna að dæma í málum ríkisins og sveitarfélaganna. Mér sýnist nú eðlilegra, að þeim deilum væri skotið til Alþingis. Mér er kunnugt um, að nú er deila milli Reykjavíkurbæjar og kirkjumálastjórnarinnar. Kirkjumálastjórnin óskar eftir tveimur lóðum undir prestssetushús í Hallgrímssókn í stað þess að byggja eitt hús yfir báða prestana þar, eins og gert var ráð fyrir í fyrstu. Bæjarstjórnin hafði því aðeins ætlað eina lóð undir prestssetushús í þeirri sókn, og nú er engin óbyggð lóð lengur til innan takmarka sóknarinnar, nema breyta ætti skipulagi bæjarhlutans. Þau auðu svæði, sem þar eru enn þá, eru ætluð undir opinberar byggingar. Bæjarstjórnin er eðlilegasti aðilinn til að segja um, hvað sé hægt í þessu efni, og í þessu tilfelli hefur hún boðið lóð, sem er að vísu fyrir utan mörk Hallgrímssóknar, þar er aftur á móti nóg af óbyggðum lóðum. En að lægra sett stjórnvald en ráðherra og bæjarstjórn eigi að fara að skera úr ágreiningsmálum þeirra, eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. þessa frv., get ég ekki fellt mig við. Eðlilegra væri, að þeim málum væri þá skotið til Alþingis, og það gæti þá með sérstökum lögum skyldað sveitarfélög til að láta lóðir af hendi. Þar með væri málið rætt og lagt fram opinberlega og þyrfti þá ekki að óttast neinn handahófsúrskurð.

Ég legg því til, að síðari málsgr. 9. gr. verði felld niður, og ég get lagt fram skriflega brtt. um það, ef málinu verður nú ekki frestað.

Forseti (ÞÞ): Ef hv. menntmn. óskar eftir, að málinu verði frestað, þá mun ég verða við þeirri ósk.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil upplýsa hæstv. utanrh. um það, að þessu atriði, sem hann hreyfir nú, var hreyft af mér í umr. hér áður, og hæstv. fyrrv. kirkjumrh. svaraði því til, að bæjarstjórnir mættu þakka fyrir að fá slíkt ákvæði sett inn í lög. Mér fannst þetta ákvæði alltaf vafasamt og ég vildi, að n. felldi það úr frv., en við þessi ummæli ráðh. jókst styrkur n. til að halda þessu mjög svo ranglega ákvæði, að mér finnst, í frv.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt hér skrifleg brtt. frá hæstv. utanrrh., um að 2. málsl. 9. gr. frv. falli niður. Það þarf að leita tvöfaldra afbrigða fyrir þessari till., því að hún er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 498) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég óska eftir því, að þessari umr. verði frestað, bæði vegna þess, að nú standa til önnur fundarhöld, sem þm. þurfa að taka þátt í, og til þess að tóm gefist til að athuga þær brtt., sem nú eru fram komnar.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Ed., 14. marz, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 471, 491, 497, 498).

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Á síðasta fundi, þegar þetta mál var til umr., komu fram tvær brtt. við frv., önnur frá hv. 2. þm. Árn. um að setja inn nýja 5. gr. á þann hátt, að áður en hafizt er handa til húsagerðar á prestssetri, skuli leita umsagnar sóknarnefndar um, hvort byggja skuli upp á sama stað eða öðrum. Hin brtt. er frá hæstv. dómsmrh., um að 2. málsgr. 9. gr., sem hljóðar svo: „Nú verður eigi samkomulag milli trúnaðarmanns kirkjumálaráðherra og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar um stærð og legu slíkrar lóðar, og skal þá ágreiningi skotið til skipulagsnefndar bæja og kauptúna til fullnaðarúrskurðar" falli niður.

Menntmn. leggur gegn því að athuguðu máli, að brtt. hv. 2. þm. Árn. verði samþ. og telur tilganginum fullnægt með 1. gr. eins og hún er nú. Hins vegar getur n. fallizt á, að það sé meinlaust, þó að síðari hluti 9. gr. verði felldur niður. 1. málsgr. þeirrar gr. skiptir mestu máli. Þó hygg ég, að flestir menntmnm. muni heldur kjósa, að gr. verði samþ. í því formi, sem hún er nú. Um 5. gr. er enginn ágreiningur, og vil ég segja f. h. n., að hún leggur áherzlu á, að 5. gr. verði samþ. eins og hún leggur til, svo að hún sé bein ábending um þá stefnu, er hafa skuli í þessu máli. Telur n., að það sé alls ekki of langt gengið í því að skerða fjárveitingarvald síðari þinga með þessari ábendingu. N. þætti því mjög miður, ef hv. d. sæi sér ekki fært að samþykkja þetta orðalag, að byggja skuli allt að 4 húsum á ári. — Fleiri orð læt ég ekki fylgja fyrir n. hönd.

ATKVGR.

Brtt. 491 samþ. með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÁS, BSt, BK, GÍG, HV.

nei: GJ, JJós, PZ, ÞÞ.

PM, StgrA, BrB greiddu ekki atkv.

4 þm. (BBen, EE, HermJ, LJóh) fjarstaddir.

Brtt. 497 felld með 7:3 atkv.

— 498 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, JJós, PM, SÁÓ, ÞÞ.

nei: HV, PZ, StgrA, ÁS, BSt, BK.

5 þm. (EE, HermJ, LJóh, BBen, BrB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv. og endursent Nd.

Á 97. fundi í Nd., 17. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 529).

Á 99. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 529, 563).

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það er vegna þess að hv. þm. Snæf. er ekki viðstaddur, að ég hef kvatt mér hljóðs, en hann átti að hafa

framsögu fyrir hönd meiri hl. menntmn. Það er saga þessa máls, að þegar það var upphaflega lagt fyrir hv. Ed., þá var ákvæði í 5. gr. frv. þannig, að á fjárl. hvers árs skyldi veita upphæð til byggingar 4 prestshúsa. Hv. Ed. mun hafa þótt þetta ákvæði helzt til ákveðið og breytti því í það horf, að á fjárl. skyldi árlega veitt fé til allt að fjögurra prestshúsa. Þegar frv. kom til álita menntmn. þessarar d., þótti henni sem þetta ákvæði væri dálítið óvenjulegt og nokkuð varhugavert. Menntmn. var sammála um, að það væri óeðlilegt að binda þannig í sérstökum l. stóra fjárveitingu, eins og gert er með þessu ákvæði. Hins vegar kom það í ljós, að nokkuð voru skiptar skoðanir um það, hvað þetta orðalag þýddi: „Í fjárl. skal árlega veitt fé til allt að fjögurra prestsseturshúsa ...“ Þykir mér rétt að rekja þær skoðanir að nokkru. Þegar maður gerir grein fyrir, hvað þetta orðalag þýði, þá er rétt að rifja upp fyrir sér, hvaða merkingu það almennt hefur í l. Í fjölmörgum l. stendur þetta orðalag: „Alþ. veitir allt að ½ byggingarkostnaðar barnaskóla og allt að ¾ byggingarkostnaðar heimavistarskóla.“ Í þessu sambandi þýðir þetta í reyndinni, að Alþ. telur skylt að veita þennan hluta kostnaðarins. Ef leggja ætti þessa merkingu í ákvæði 5. gr. þessa frv., eins og það kemur frá hv. Ed., þá býst ég við, að allir séu sammála um, að þetta ákvæði sé óeðlilegt og óheppilegt. Ef veita ætti árlega fé til byggingar 4 prestshúsa, þá mundi það ekki verða minni upphæð en 1 millj. kr. Og ég geri ekki ráð fyrir því, að margir hv. þm. vildu standa að því að binda þannig fjárveitingavaldið langt fram í tímann. En því er hins vegar haldið fram, að skilja megi þetta orðalag á annan hátt, sem sé þannig, að ekki skuli veitt til fleiri prestshúsa en fjögurra, það megi veita fé til eins, tveggja, þriggja og fjögurra prestshúsa, en ekki fleiri. En eigi orðalagið að þýða þetta, þá er það meiningarleysa. Ég hygg, að þeir, sem að þessum málum standa, muni með þessu orðalagi krefjast fjár til byggingar fjögurra prestshúsa og þeir hafa sterk rök fyrir þeirri kröfu. Hins vegar skal ég láta liggja milli hluta að dæma um, hvort er réttara. En ég vil aðeins segja það, að ef veita á til fjögurra prestssetra, er fjárveitingavaldið bundið langt fram í tímann. En sé meiningin sú að veita alls ekki nema til fjögurra húsa, þá er orðalagið meiningarleysa. Með tilliti til þessa varð menntmn. sammála um að leggja til, að frvgr. yrði breytt á þá leið, að reist skyldu prestsseturshús svo fljótt sem auðið væri og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárl. Þetta var samþ. shlj. af þessari hv. d. Hins vegar vildi hv. Ed. ekki láta við svo búið standa og færði frv. til fyrra horfs. Menntmn. þessarar hv. d. tók málið því á ný til umr. og þótti rétt að standa við sína fyrri afstöðu, en gekk þó til móts við hv. Ed. og lagði til, að gr. hljóðaði þannig: „Reisa skal árlega prestsseturshús samkv. fyrirmælum þessara l. svo fljótt sem auðið er og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárl. ...“ Þannig var fjárveitingarvaldinu lögð sú skylda á herðar að veita eitthvað til byggingar prestshúsa, þangað til lokið væri að endurbyggja þau á sómasamlegan hátt. Það er meiri hl. menntmn., sem stendur að þessari brtt. En þó ber ekki að líta svo á, að minni hl. hafi horfið frá sinni fyrri afstöðu, heldur þótti honum ekki taka því að eiga í þráskák við Ed. um þetta atriði, þar sem málið færi til Sþ., ef þessi brtt. yrði samþ. En ég vil taka það fram, að ég sé enga hættu í því, þótt málið fari til Sþ., því að það hefur verið ágreiningslaust í báðum d. að afgreiða málið. Og nægur tími er til að fá það afgr., þótt því sé vísað til Sþ. Mér þykir því rétt, að hv. d. haldi við sína fyrri afstöðu. Það er að öllu leyti eðlilegt að leggja það undir úrskurð fjárveitingavaldsins, hvað háa fjárveitingu það leggur til þessara mála á hverjum tíma.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Hv. 6. þm. Reykv. hefur skýrt frá eðli þessa máls. Þegar það var hér til umr. í þessari hv. d. fyrir nokkru síðan, stóð menntmn. sameiginlega að því, að 5. gr. yrði breytt. En hv. Ed. vill ekki á þá breyt. fallast, eins og hér hefur verið skýrt frá. Þar sem ég tel hér ekki um stórvægilegt efnisatriði að ræða, þá tel ég ekki ástæðu að etja slíkt kapp í þessu máli, að málið komi fyrir Sþ. Ég vil því sættast á að samþykkja málið í því formi, sem það nú liggur fyrir eftir afgreiðslu Ed. Þess vegna stend ég ekki að brtt. á þskj. 563 og mun ekki greiða henni atkv. eins og málið liggur nú fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 563 samþ. með 15:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á deildafundum 26. marz var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 569).

Á 40. fundi í Sþ., 28. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í byrjun þessa þings óskaði fyrrverandi menntmrh. þess, að menntmn. Ed. flytti fyrir hönd ríkisstj. frv. til l. um hýsing og skipulag prestssetra. Menntmn. Ed. gerði á frv. nokkrar smávægilegar breyt. og ein þeirra, sem er við 5. gr., var á þá leið, að í stað þess, að í stjfrv. var ákveðið, að leggja skyldi fram árlega fé til byggingar fjögurra prestssetushúsa, þá dró menntmn. Ed. úr þessu og orðaði 5. gr. þannig, að leggja skyldi árlega fram fé til byggingar allt að fjögurra prestssetushúsa á ári. N. aflaði sér upplýsinga frá skrifstofu biskups um það, að mjög illa væri byggt á nálægt 40 prestssetushúsum á landinu, og væri því ekki leyst úr þessu máli á sómasamlegan hátt á næstu 10 árum með minna framlagi af hendi ríkissjóðs en svo, að hægt yrði að byggja allt að fjórum prestssetushúsum ár hvert næstu 10 ár. Þessu orðalagi, sem menntmn. Ed. hafði breytt á þann veg, að skuldbindingin væri ekki eins rík á hendur ríkissjóðs vegna framkvæmda í þessu máli, hefur svo hv. Nd. séð ástæðu til að breyta í stjfrv. í þá átt, að ekki sé einu sinni ábending um það í 5 gr. l., að leggja skuli fram fé til byggingar allt að fjögurra prestssetushúsa, heldur er aðeins lagt til, að reisa skuli árlega prestsetushús eftir því, sem fé sé veitt til þess á fjárl. Skilst mér, að það gæti þá farið þannig, að ekki væri neitt fé veitt á fjárl. til þessara mála, og teldi löggjafarvaldið sig þá frítt af aðgerðum í því efni. Ég held, eftir því sem upplýst er að ástandið sé í húsnæðismálum þessarar elztu embættismannastéttar þjóðarinnar, að

þá verði ekki hjá því komizt, að ríkið taki á sig verulegar skuldbindingar í þessum efnum, og finnst mér þá, að það megi ekki draga meira úr ákvæðum l. um þetta en svo, að skylt sé að leggja fram fé til endurbyggingar allt að fjögurra prestssetrshúsa á ári, eins og lagt er til í frv. eins og það var síðast afgr. í Ed. Ég átti nýlega tal um þetta við fyrrv. kirkjumálarh. (EmJ), og sagði hann, að honum hefði þótt miður, ef úr þessu hefði verið dregið frekar. Nú virðist mér, að hæstv. núv. menntmrh. sé ekki hér viðstaddur við þessa afgreiðslu, og er þess því sennilega ekki kostur, að hann geti sagt sitt álit á því, hvernig hann óskar, að málið verði afgr. Mér þætti því eðlilegt, að málið yrði ekki afgr. að hæstv. kirkjumrh. fjarverandi. Enn fremur er form. menntmn. Ed. ekki viðstaddur og getur því ekki í raun og veru mælt með málinu fyrir hönd menntmn. Ég tel því að öllu leyti viðeigandi, að afgreiðslu þessa máls verði frestað, þangað til hæstv. menntmrh. gæti verið viðstaddur afgreiðslu þess og lagt sitt lóð á vogarskálina. Annars vil ég taka það fram, að þegar búið er að draga svo úr gr. eins og menntmn. Ed. hafði lagt til, þá getur hvorki mér né öðrum verið kappsmál, hvort málið er afgr. á þann veg eða á þann hátt, sem menntmn. Nd. leggur til. Þá tel ég, að niður falli með orðalaginu eins og það er á þskj. 569 öll skuldbinding af hendi ríkisins til að leggja fram fé, nema þegar svo ber undir, að fjvn. telur ástæðu til að taka fé inn á fjárl. til þessara hluta. En ég tel engan veginn tryggt, að sá stórhugur og sú bjartsýni ráði í till. fjvn. í framtíðinni, sem upplýst er, að ráðið hafi gerðum þeirrar hv. n. í þetta sinn.

Forseti (JPálm): Hæstv. menntmrh. var hér í húsinu og átti þess kost að vera við. En ef þess er óskað, að málinu verði frestað, þá get ég orðið við því, úr því að þetta er ágreiningsmál milli deilda.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Sþ., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Menntmn. Ed. hefur haft nokkuð mikil afskipti af þessu máli, og síðan málið var seinast til umr. í Ed., hefur Nd. gert á því breyt., á 5. gr. Þar sem menntmn. Ed. telur, að ekki séu líkur til þess, að till. n. nái hér ⅔ atkv., þá mun menntmn. Ed. ekki sjá sér annað fært en beita sér fyrir því, að frv. um skipulag og hýsing preststsetra verði afgr. í samræmi við það, sem hv. Ed. hefur lagt til og málið liggur fyrir núna.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 673).

58. Tannlæknakennsla.

Á 75. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans (þmfrv., A. 411).

Á 76. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Þetta frv. er flutt samkvæmt beiðni fyrrv. hæstv. kennslumrh. og eftir beiðni háskólarektors. Gerð er ýtarlega grein fyrir efni frv. í grg., sem því fylgir frá háskólanum, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það nánar, en vil aðeins benda á, að í frv. er miðað að því að stytta nám tannlækna. Samkv. núgildandi l. er það 7 ár, en gert ráð fyrir, að það verði 4—5 ár. N. er sammála um að flytja frv., þó að einstakir nm. taki enga ákveðna afstöðu til þess. N. mun því milli 1. og 2. umr. athuga það nánar og væntanlega fá um það umsögn þeirra, sem fróðastir mega teljast um málið, og að því loknu gefa út nál. um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Það var meining menntmn. að athuga þetta mál nánar, og vildi ég því fara fram á það, að málið yrði ekki tekið á dagskrá, fyrr en n. hefur gefið út álit.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 411, n. 537).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Með þessu frv. fylgdi í upphafi grg. frá háskólaráði, sem prentuð er á fskj. 411, og er þar gerð tæmandi grein fyrir efni og tilgangi frv. N. þótti rétt að senda frv. til umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis. Báðir þessir aðilar hafa sent sitt álit, sem prentuð eru á þskj. 537, og eru bæði jákvæð, hvað frv. snertir. Báðir aðilarnir eru með frv. og telja til bóta, að samþ. verði. Landlæknir hefur þó bent á, að rétt væri, að inn í væntanlega reglugerð um nám tannlækna við háskólann kæmi ákvæði um það, hversu haga skyldi námi lækna og læknastúdenta með það fyrir augum, að slíkir menn, sem snúast að tannlæknanámi, þyrftu ekki að stunda nám í almennri læknisfræði, svo sem tiltekið er. Menntmn. þykir rétt og sjálfsagt að mæla með þessari brtt. landlæknis, og er hún prentuð á þskj. 537. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir málinu. Ég hygg, að öllum sé það ljóst og auðsætt, að ef við eigum að halda uppi tannlæknakennslu við háskólann, þá verðum við að færa hana í svipað horf og er erlendis, þannig að námið taki ekki nema 4—5 ár í stað þess, að nú tekur það allt að 8 árum.

ATKVGR.

Brtt. 537 samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 556).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 99. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 101. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 556, n. 657).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er þetta mál komið í gegnum hv. Nd. og mun hafa farið umræðulaust til menntmn. þessarar hv. d. við 1. umr. N. hefur athugað málið og mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. En af því að það hefur ekki verið gerð grein fyrir frv. hér í hv. d., vil ég aðeins gera grein fyrir efni þess nú.

Í l., sem gilda nú um tannlæknakennslu við háskólann, er svo ákveðið, að stúdentar, sem vilja ljúka þessu námi þar, skuli ljúka miðhlutaprófi við læknadeildina, áður en þeir hefja tannlæknanám. En með því móti verður heildarnám þeirra sjö ár. Nú liggur ljóst fyrir, að til miðhlutaprófs í læknisfræði er krafizt meiri þekkingar í almennum læknisfræðum en nauðsynlegt er fyrir almennar tannlækningar, og mun þetta fyrirkomulag hafa verið ákveðið til þess að spara útgjöld við að kenna tannlæknastúdentum sérstaklega. Aftur á móti mun ekki á öðrum Norðurlöndum vera krafizt svo mikils náms fyrir þá, sem stunda vilja tannlæknanám, heldur mun nám þeirra vera 4—5 ár. Nú er gert ráð fyrir, að ekki verði krafizt meira undirbúningsnáms en við tannlæknaskóla annars staðar og þannig geti tannlæknastúdentar hér lokið námi sínu á jafnlöngum tíma og annars staðar. Það munu vera dæmi þess, að stúdentar, sem hafa ætlað sér að stunda þetta nám, hafa farið utan til þess vegna þess langa námstíma, sem hér hefur verið ákveðinn.

Í grg. er tekið fram, að þeir, sem búnir eru að taka miðhlutaprófið, eigi ekki meira eftir en 2 ár til þess að ljúka fullnaðarprófi og því sé eðlilegt, að þeir kjósi heldur að halda áfram og taka það en bæta við sig aðeins til þess að stunda þessa sérgrein, og þar af leiðandi verði ekki neitt útlit fyrir, að aðsókn verði að tannlæknadeild háskólans.

Ég vil svo leyfa mér fyrir hönd n. að mælast til þess, að frv. verði samþ. óbreytt. En einn nm., hv. 2. þm. Árn., var ekki á fundi, þegar málið var afgr., og hefur hann því óbundnar hendur við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 121. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 696).

---

59. Raforkulög.

Á 74. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á raforkul., nr. 12 2. apríl 1946 (þmfrv., A. 398).

Á 75. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af iðnn. eftir beiðni skrifstofu Alþ., og það stendur þannig á því, að við endurprentun á frv. til raforkul. eftir 2. umr. í síðari d., féll niður 55. gr. þess, en efni 56. gr. var prentað í hennar stað, án þess að eftir því væri tekið við síðari meðferð frv. Þessa var ekki gætt þegar l. voru svo prentuð, því að ekki hafði verið tekið eftir þessari leiðinlegu villu. Þess vegna óskar skrifstofa Alþ. eftir því, að þetta verði leiðrétt, og er þess vegna þetta frv. borið fram.

Ég vil að lokum fyrir hönd n. óska þess, að frv. gangi rétta boðleið í gegnum þessa hv. d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Nd., 28. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 398, 457).

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hér er um veigalitla breyt. að ræða um raforkuráð. N. var kosin í málið 29. apríl til 4 ára, en það þykir rétt að taka það fram í gr., að það sé til almanaksára, en þessi kjörtími er útrunninn 31. desember 1949. Þetta er aðeins eðlileg breyting, og ég fjölyrði ekki um það frekar.

ATKVGR.
Brtt. 457,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 457,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., 3. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 470).
Á 84. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 470, n. 659).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er borið fram í hv. Nd. og hefur fengið þar venjulega meðferð, er komið þetta áleiðis hér, eins og frv. ber með sér.
Það má heita, að frv. sé í aðalatriðum aðeins leiðrétting á skekkju, sem komst inn í l. Með frv., eins og það er nú komið, er þetta fært til betri og réttari vegar í þeim greinum. Og ég held, að l. taki ekki neinum breytingum að öðru leyti, heldur er aðeins þarna að ræða um orðabreytingu á einum stað, þar sem talað er um árabilið, þá skal miða það við almanaksárið.
Ég álít alveg óþarft að vera að fjölyrða um þetta mál og vænti þess, að frv. nái samþykki, eins og iðnn. mælir með að verði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 121. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 697).

---

60. Sala Hringverskots í Ólafsfirði.

Á 8. fundi í Ed., 1. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarkaupstað jörðina Hringverskot í Ólafsfirði (þmfrv., A. 64).

Á 9. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Ólafsfjarðar, og í bréfi bæjarstjóra frá 22. okt., sem prentað er sem fskj., koma fram ástæðurnar til þess, að kaupstaðurinn æskir að eignast þessa jörð. Eins og þar getur, er jörðin í eyði, og ætti því ekki að vera mikil eftirsjón í henni fyrir ríkissjóð. Einkum eru taldar tvær ástæður fyrir því, að kaupstaðurinn eignist þessa jörð. Er sú fyrri, að bærinn þurfi hagagöngu fyrir búpening kaupstaðarbúa, en hin, að skólahús Ólafsfjarðar stendur á þessari jörð. Virðist bæði eðlilegt og hentugt, að eignarréttur bæjarins sé á þeirri jörð, er skólahúsið stendur á. Legg ég svo til, að frv. sé vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 132).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er um að selja Ólafsfjarðarkaupstað Hringverskot í Ólafsfirði. Þetta er lítil jörð og liggur ekki langt frá kaupstaðnum, er þó í 7—8 km fjarlægð. Hún liggur ekki upp að því landi, sem kaupstaðurinn hefur keypt, en hann hefur keypt tvær jarðir, sem þorpið er byggt á, og á nú mest af þeim lóðum, sem þorpið stendur á. Hins vegar fylgir þeim jörðum svo lítið land fyrir þá menn í kaupstaðnum, sem vilja rækta sér land og koma sér upp búi samhliða því starfi, sem þeir hafa í kaupstaðnum, eða kannske eingöngu til að lifa af, að þeir hafa litla möguleika til þess, og þess vegna fer kauptúnið fram á að fá þessa jörð keypta. Þetta er kirkjujörð og hefur verið heldur lélega setin, girðingar því nær engar, hús gömul torfhús, nú að mestu fallin. Þau voru 1940 virt á 800 kr., en landið virt á 1700 kr. Túnið er að mestu leyti þýft, gefur af sér lítið á annað hundrað hesta. Það hefur verið byggður á jörðinni barnaskóli, sem var ætlazt til, að yrði heimavistarskóli fyrir sveitina, sem nú heyrir til Ólafsfjarðarkaupstað, en það horf hefur hann ekki komizt í. Nú er hann starfræktur sem heimangönguskóli fyrir bæina, sem í sveitinni eru. Jörðin er búin að vera í eyði í nokkur ár, og eitthvað voru að nafninu til lánuð afnot af túninu til manna þar í kring á sumrin, en það var víst

lítið meir, og eftir jörðinni hefur ekki verið sótzt til ábúðar.

Við, sem erum í landbn., höfum haft þetta mál til meðferðar og erum sammála um að leggja til, að þessi jörð verði gefin föl fyrir kaupstaðinn. Hins vegar teljum við allir, að það sé eðlilegt, að það fari fram á henni mat og að hún sé ekki seld fyrir fasteignamat. Það var gert árin 1938—1941, og var þá miðað við það, hvað mannvirki og annað kostaði á jörðinni á árinu 1939 og reynt að hafa matið þannig, að það væri 66% af kostnaðarverði mannvirkjanna. Jörðin var metin eftir því, hvaða búi hún gæti risið undir, og var hún metin á 1700 kr. Þetta mun vera of lágt eftir verðgildi peninga nú, þó að fleiri aðstæður kunni að hafa breytzt. Þessir húskofar á jörðinni eru sennilega fallnir og ríkissjóður búinn að taka við sínu álagi á þá.

Við leggjum til, að jörðin sé gefin föl, en að það fari fram á henni nýtt mat, sem ég a. m. k. ætlast til, að sé lagt til grundvallar fyrir sölunni og því frekar, sem þannig er ástatt, að þótt maður vildi fara eftir ákvæðum um sölu þjóð- og kirkjujarða, að miða við afgjald undanfarinna ára, þá er ekki um það hér að ræða, þar sem jörðin hefur ekki verið byggð síðustu ár. Og til þess að fá annan grundvöll en leiguna til að miða við, þá sé ég ekki annað betra en að meta jörðina. Það er fjarri því, að ég hugsi mér uppsprengt verð líkt því, þegar hæstiréttur er að meta land til eignarnáms og þess háttar. Það dettur mér ekki í hug, en þó er mér ljóst, að fasteignamat er of lágur samningsgrundvöllur, og þess vegna þarf að fá annan grundvöll að miða við.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil þakka landbn. fyrir afgreiðslu þessa máls, þar sem hún mælir með því, að frv. verði samþ. Út af því, sem hv. frsm. ræddi um, hvað ætti að leggja til grundvallar fyrir söluverði jarðarinnar, þá skal ég ekki fara langt út í það. Ég er honum mikið til sammála um það, sem hann tók fram um það, og hann mun hafa skýrt rétt frá ástandi jarðarinnar. Ég hygg aðeins, að það þurfi ekki að slá svo mikinn varnagla við eins og n. virðist álíta, að jörðin verði ekki seld fyrir núverandi fasteignamatsverð, því að þegar samningar koma til greina, þá held ég, að það sé alls ekki farið eftir gildandi fasteignamati, heldur fari nýtt mat fram á þeim jörðum, sem seldar eru úr eigu ríkisins. Ég er honum sammála um, að svo verði einnig gert hér, og sjálfsagt að taka þá allar ástæður til greina og þar á meðal, hvaða nytjar ríkið hefur af jörðinni nú og hvaða líkur eru til, að það muni hafa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 3. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 615).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt í Ed. að beiðni bæjarstjórnar Ólafsfjarðar og er í þá átt, að bæjarstjórn Ólafsfjarðar sé heimilt að kaupa Hringverskot. Þetta er eyðijörð, metin á 1700 kr. að nafnverði. Á jörðinni stendur skólahús Ólafsfjarðar. Þar er og nokkurt graslendi og heyfengur, sem bærinn telur sig þurfa, og telur bæjarstjórnin sér hag í að fá jörðina keypta. Allshn. mælir með, að frv. verði samþ. eins og það var í Ed.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 698).

---

61. Sala Böggvisstaða í Svarfaðardal.

Á 55. fundi í Ed., 24. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggvisstaði (þmfrv., A. 319).

Á 56. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkvæmt beiðni hins nýja Dalvíkurhrepps og fer fram á heimild til ríkisstjórnarinnar til að selja jörðina Böggvisstaði í Dalvíkurhreppi. Enn fremur er ákveði um, að býlið Árgerði, sem talið er sérstakt býli og metið sér í jarðamatsbók, en upphaflega byggt úr Böggvisstaðalandi, fylgi með í sölunni með sérstökum skil-

yrðum. Hluti kauptúnsins á Dalvík er byggður úr Böggvisstaðalandi, en hinn hlutinn liggur alveg að því. Nú er Böggvisstaðaland mjög vel til ræktunar fallið, og er kauptúnsbúum nauðsynlegt að fá þar land til ræktunar, sem hreppsnefndin skiptir á milli þeirra. Ég get búizt við, að ekki líði á löngu, þar til farið yrði fram á eignarnámsheimild fyrir jörðina Brimnes, sem meiri hluti kauptúnsins stendur á. En Brimnes er í einstaklings eign, en Böggvisstaðir í ríkiseign, og þar sem þess hefur ekki verið óskað, að ég flytti fram nein ákvæði varðandi Brimnes, sleppi ég því alveg.

2. málsgr. fjallar um býlið Árgerði. Hún er sett eftir samkomulagi, sem varð milli hreppsnefndarinnar og héraðslæknisins á Dalvík. Árgerði er gamalt læknissetur, og bjó Sigurjón Jónsson þar alla sína læknistíð í Eyjafjarðarsýslu. En er læknaskipti urðu, settist næsti læknir að á Dalvík. En núverandi héraðslæknir, Daníel Daníelsson, hefur tekið Árgerði á leigu og byggt þar dýrt íbúðarhús, og er ætlun hans að búa þar, en hafa lækningastofu í kauptúninu, og óskar því eftir Árgerðislandi til erfðaábúðar. Hefur hreppsnefndin ekkert á móti því, og sé ég ekki, að Alþ. ætti að hafa það heldur, því að svo er áskilið, að hann fái ábúðina samkv. l. er Alþingi hefur sjálft sett. Ég hef þó sett í frv., að hann eigi að gjalda sömu leigu fyrir ábúðina og nú er. En ef farið er nákvæmlega eftir l. um erfðaábúð, mundi eftirgjaldið lækka. Árgerði er, að mig minnir, metið á 1800 kr. og yrði þá gjaldið 54 kr. samkv. l., en er nú 85 kr., og sýnist mér ekki ástæða til að lækka það, þótt að öðru leyti sé farið eftir téðum l. Fleiri upplýsingar gæti ég gefið, t. d. þeirri n. er kemur til með að fjalla um málið, og sleppi þeim því að svo stöddu. Mér finnst eðlilegast að vísa málinu til hv. landbn. og geri það að till. minni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 10:1 atkv.

Á 81. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 319, n. 444).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til athugunar og sendi það frá sér kirkjumrn. til athugunar. N. barst umsögn ráðuneytisins í bréfi, dags. 19. febr. þ. á., og hefur bréfið verið birt hér með nál. sem fskj. — Við athugun á þessu frv. kom í ljós, að landbn. og kirkjumrn. geta mælt með því og lagt til, að frv. verði samþ. í meginatriðum, eins og það liggur fyrir. Þó hefur verið talið nauðsynlegt að gera á því þrjár smávægilegar breyt., til þess að í þessum l. væru ákvæði hliðstæð því, sem venja er til að taka upp í önnur áþekk l. Þessar breyt. eru í því fólgnar, að ákveðið sé í l. sjálfum, að jörðin sé seld samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna og að ríkið skuli eiga endurkaupsrétt á jörðinni eða hluta úr henni, ef ríkið þarf á því að halda fyrir ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki, og þá á verði, sem ekki er hærra en matsverðið við söluna, — og loks, að Dalvíkurhreppi sé skylt að kaupa af ábúanda Böggvisstaða, þegar hann fer burt af jörðinni, hús hans og önnur mannvirki á jörðinni, eftir mati úttektarmanna, ef öðruvísi semst ekki. — Þessar breyt. hefur þótt rétt að taka upp í frv. Leggur landbn. því til, að frv. verði samþ. að við bættum þessum þremur breyt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir það, að hún hefur afgr. þetta mál og mælir með því, að frv. verði samþ.

En um brtt. þær, sem n. gerir, er það að segja, að ég get vel á þær fallizt. Ég sé nú ekki beint að vísu, að sú breyt. að taka það fram, að jarðeignin verði seld eftir mati dómkvaddra manna, sé nauðsynleg. Ríkisvaldið hafði þetta í sinni hendi samkv. frv., hvernig salan færi fram. Önnur breyt., sem í brtt. n. felst, um það, að Dalvíkurhreppur sé skyldur til að selja ríkinu aftur jörðina undir mannvirki, sem ríkið léti reisa, er í samræmi við það, sem ákveðið var um svipað mál á Sauðárkróki, og er ekki nema gott um það að segja. Það er eðlilegt og sjálfsagt, og fellst ég ákaflega vel á þetta. Þriðja breyt., sem felst í brtt. frá n., er sú, að Dalvíkurhreppi sé skylt að kaupa af ábúanda Böggvisstaða hús hans á jörðinni við ábúendaskipti eftir mati, ef öðruvísi semst ekki. Við þessu er ekkert að segja annað en það, að það stóð til að gera þetta. Það var aftalað, að húsin á Böggvisstöðum yrðu keypt af ekkjunni, sem þar býr. Það gerir auðvitað ekki til, þó að þetta sé einnig í l., en það breytir sem sagt engu.

Samkv. þessu get ég ákaflega vel sem flm. fellt mig við þessar brtt. hv. landbn. og endurtek þakklæti mitt til hennar fyrir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Brtt. 444 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 460).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 460, n. 616).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. eða nál. frá landbn., sem prentað er á þskj. 616. Frv. kom fyrst fram í Ed. og gerði landbn.

þeirrar d. nokkrar breyt. á því frá því, sem það var í upphafi, og mest eftir bendingum frá dóms- og kirkjumrn., sem lagði til, að viss skilyrði yrðu sett, þannig, að ríkið gæti krafizt þess, að Dalvíkurhreppur seldi ríkinu hluta af jörðinni aftur, ef þörf krefði. En landbn. Nd. var ásátt um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt, eins og það er á þskj. 460. Þessi ákvörðun og skoðun landbn. er í samræmi við skoðun n. áður, að greiða beri fyrir því, að kauptún fái nægilegt landrými, þegar þess er þörf. Ég skal geta þess, að 2. þm. Skagf. var fjarstaddur, þegar málið var tekið fyrir, og hefur málið ekki verið borið undir álit hans, en aðrir nm. landbn. mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt hér í d.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 699).

---

62. Atvinna við siglingar (frv. sjútvn. Nd.).

Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (þmfrv., A. 129).

Á 24. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Frv. þetta á þskj. 129 er flutt samkv. beiðni skólastjóra stýrimannaskólans, og með grg. fyrir frv. er birtur útdráttur úr bréfi skólastjórans og sá rökstuðningur, sem hann flytur fyrir þessari breyt. Breyt. er um skilyrði fyrir því að öðlast stýrimannsskírteini. Á fyrri hluta þessa þings var þessum skilyrðum breytt lítils háttar, eftir beiðni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þannig að mönnum var ekki gert að skyldu að hafa verið 18 mánuði í siglingu á stærri skipum en yfir 60 smálestir, heldur var nú mönnum gert að skyldu að hafa verið á skipum 36 mánuði alls eins og áður, en það var burt numið skilyrðið um 60 smálestir, og miðast allur tíminn við 30 smálesta skip og þar yfir. En þegar þessi breyt. kom í notkun, ef svo mætti að orði komast, við sjómannaskólann, þá kom í ljós, að mjög margir menn, sem vildu stunda nám við skólann, höfðu hlotið allverulegan hluta af sínum siglingatíma á skipum, sem eru 30 smálestir, því að á mörgum útgerðarstöðum hér á landi eru ekki til stærri skip en 30 smálestir. Þetta hefur orðið til þess, að orðið hefur að synja ýmsum mönnum í haust um skólavist, og má gera ráð fyrir, að svo verði lengi, nema menn njóti þeirra siglinga, sem þeir hafa verið í á smærri skipum en 30 smálestir. Frá kunnáttusjónarmiði er heldur ekkert á móti þessu, því að þessi smærri skip eru í öllum þeim siglingum innanlands, sem skip yfir 30 smálestir eru í, sækja á sömu mið í sömu veðrum, og kunnátta manna verður engu minni af æfingu á slíkum skipum en þeim, sem eru yfir 30 smálestir. Þetta mundi líka, ef þessu yrði ekki breytt, verða til þess, að ekki yrði unnt að fá menn á smærri skipin, og það þykir fullerfitt nú þegar, eftir að verulegur fjöldi stærri skipa hefur verið keyptur til landsins. Menn vilja eðlilega heldur vera á stærri skipunum vegna öryggis og þæginda, og hefur það þegar komið í ljós, að erfitt reynist að fá menn á smærri skipin, en þau vandræði mundu aukast um allan helming, ef þeir, sem ætla sér að nema siglingafræði, geta ekki öðlazt réttindi með því að sigla á skipum undir 30 smál.

Sökum þess, að þetta frv. er flutt af n., mun það ekki þurfa að fara til n. aftur, og óska ég, að því verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., 3. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 646).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti. Þetta mál er komið hingað til þessarar hv. d. frá

hv. Nd. og er flutt af sjútvn. þeirrar deildar. Frv. fór fram á breyt. á nokkrum ákvæðum l. um atvinnu við siglingar, sem voru samþ. á hv. Alþ. 23. apríl s. l. ár. Skólastjóri stýrimannaskólans taldi nauðsyn að breyta þeim ákvæðum, sem þá voru gerð, m. a. af þeim ástæðum, að menn, sem sigldu á skipum undir 30 rúml., hafi ekki getað öðlazt þá reynslu við siglingar sem þyrfti til þess að komast inn á stýrimannaskólann. En í reglugerð skólans segir, að þeir megi setjast í skólann, þegar þeir hafa siglt í 24 mánuði af þeim tíma, sem l. um atvinnu við siglingar ákveða. Vegna þessa er þetta frv. flutt. En sjútvn. þessarar d. taldi ekki nógu örugglega frá þessu gengið í hv. Nd., og þess vegna vill hún gera á frv. þá breyt., að til þess að komast inn í skólann og fá þetta skírteini, verði sá maður að hafa verið í 36 mánuði á skipum, sem eru stærri en 12 rúml., og þar af a. m. k. 18 mánuði á skipum stærri en 30 rúml. og af þeim 18 mán. að minnsta kosti í 6 mánuði á stærri skipum en 60 rúml. Við viljum láta miða við skip, sem eru 12 rúml. eða stærri, því að þau er hægt að lögskrá. Hér hefur aðeins verið tekið fram um lágmarkið og að það væru skip, sem skylt er að lögskrá.

N. óskar eindregið eftir, að þessar breyt. verði gerðar á frv. nú og munu hv. dm. vera henni sammála um það, svo að þær ættu ekki að þurfa að tefja málið eða verða til þess að fella það, og vildi ég fyrir hönd n. mælast til þess, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

ATKVGR.
Brtt. 646 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 121. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 682).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 117. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 118. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 727).

---

63. Innlend endurtrygging, stríðsslysatrygging skipshafna o. fl.

Á 7. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. (þmfrv., A. 74).

Á 11. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. var borið fram á síðasta aðalþingi og afgr. og sent Nd., en kom síðan ekki úr sjútvn. Nd. Frv. þetta er nú aftur borið fram, óbreytt að mestu.

Saga þessa máls er á þá leið, að árið 1943 varð breyt. á l. um stríðsslysatryggingu skipshafna. Þessum l. hafði verið breytt áður og þá í þá átt, hvernig skipta bæri ágóða af stríðsslysatryggingunni. Sjóðurinn var þannig stofnaður, að útgerðarmenn einir greiddu stofnféð á sínum tíma. Ríkissjóður hafði 60% þátttöku, en greiddi aldrei neitt fé inn í sjóðinn, en tók á sig ábyrgð að sínu leyti. Brunabótafélag Íslands og Tryggingastofnun ríkisins höfðu 10% hvor og eins Sjóvátryggingafélag Íslands h.f., en greiddu ekkert innlag, en tóku ábyrgð á sinni áhættu. Var árið 1945 búið að greiða 180 þús. kr. til hvers þessara aðila fyrir þá tryggingu, sem þeir höfðu gefið á sínum tíma.

Nú var lagt fram stjfrv. árið 1943, hvernig skipta skyldi ágóðanum, og áttu þá að koma mjög stórir hlutar fyrir þessa aðila, eða allt að 6 millj. króna. Sjútvn. breytti frv. frá því, sem var, og með l. nr. 106 frá 1943 var ákveðið, að þegar hlutverki félagsins sé lokið, og því er nú lokið að mestu, þá verði fénu ekki skipt, heldur renni í sjóð, sem annist endurtryggingar. Það kom skýrt fram, að þótt ekki næðist samkomulag, var fullt fylgi um að lækka iðgjöldin 1945, þannig að félögin fengju stærri áhættu. Einmitt vegna þess ákvæðis, hvernig fara skyldi með fé, vildu aðilar, að iðgjöldunum yrði haldið áfram, þar eð þetta átti að renna til þessarar starfsemi í framtíðinni. Fullt samkomulag náðist við aðila um að breyta skipulagi félagsins. Þeir, sem ekki vildu vera með, gátu fengið sitt fé greitt og þessu komið þannig á fastan grundvöll.

1. gr. þessa frv. fjallar um að breyta nafni félagsins í samræmi við breytt starfssvið. 2. gr. er um hlutverk félagsins í framtíðinni, og er hún byggð á samkomulagi og l. frá 1943. 3. gr. er um áhættufé félagsins, þar sem ríkissjóður leggur fram 1850000 kr., sem er greiðsla fyrir þeirra tryggingu. Hér er ekki um nýtt framlag að ræða, en fullt samkomulag hefur orðið um þetta, og hefur ríkissjóður þegar fengið verðbréf fyrir þetta fé. Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Sjóvátryggingafélag Íslands hafa hver um sig greitt 136000 kr. og útgerðarmenn 2706000 kr., sem annars hefðu átt að greiða áhættufjárábyrgðir í sömu hlutföllum eftir eign. 4. gr. er um varasjóð, arðjöfnunarsjóð, almennan endurtryggingarsjóð og bónussjóð, og er hann séreign. Bætt er þarna við arðjöfnunarsjóði, því að gert er ráð fyrir í l., að greiða megi arð, og er það betra en yfirfæra frá ári til árs. 5. gr. er bráðabirgðaákvæði frá 1943, þar sem þáverandi ástandi er lokið. 6. gr. er þýðingarlaus, og í stað hennar kemur niðurlag 4. gr., og fer það betur.

7. gr. er samhljóða l. frá 1943, en í samræmi við núverandi ástand. Um 9. gr. er það að segja, að þar er nokkru breytt, vegna þess að ástand hefur breyzt hjá fyrirtækinu. Lagt er til, að arðjöfnunarsjóður og bónussjóður verði ekki auknir. Meðan ófriðurinn stóð yfir og ástand mjög í óvissu, var eðlilegt, að þeir, sem greiddu hin háu iðgjöld, fengju bónus, en þar sem áhætta félagsins er ekki eins mikil og áður, er úthlutun bónus ekki réttmæt. Þess vegna er lagt til, að bónussjóður

hverfi til réttra aðilja. 10. gr. er samhljóða l. nr. 106 frá 1943, en 11. gr. fjallar um ávöxtun á fé félagsins, og vegna þess að upphæð þessa fjár er orðin svo há, þykir mega rýmka heimild, hvernig það skuli ávaxtað. 12. og 13. gr. eru í samræmi við l. frá 1943, en 14. gr. er breytt frá frv. síðasta árs, vegna þess að felld hefur verið í burtu tilvísun í 14. gr. í lagafrv. við samþykkt alþýðutryggingalaganna.

II. kafli þessa frv. er um stríðstryggingar, meðan þeim er haldið við, en gert er ráð fyrir, að þær hverfi í árslok 1947. Aðrar greinar II. kafla eru í samræmi við l. frá 1943. Í 22. gr. er nokkru breytt. Samkv. l. frá 1943 er skylt að kaupa lífrentu fyrir hálfar stríðsbætur, en hinn hlutinn greiðist út bæði börnum og fullorðnum. Sjóvátryggingafélagi Íslands hefur verið þetta heimilt fyrir mjög lágt verð, og fá aðilar lága vexti, en Sjóvátryggingafélagið heldur ágóðanum. Má nefna mörg dæmi um þetta, t. d. hjón með 12000 kr., en fá svo um 700—775 kr. á ári, meðan þau lifa, eða allt að 6%, en félagið heldur upphæðinni óskertri. Þetta er enn þá lakara um ungar ekkjur, en þær geta farið niður í 2%. Fyrir þetta atriði var óverjandi að stöðva málið, þar sem gengið var svo á rétt manna. Rætt var við Sjóvátryggingafélagið og frá þeim gefin loforð, að þeir vildu taka upp samninga um þessa lífrentu, þannig að menn gætu fengið upphæðir sínar til baka. Breyt. miða að því, að slíkt megi og lífrentu sé ekki skylt að kaupa, heldur skal fé borgað út til fólks, ef það vill. Þó var sett inn, að fyrir þær tryggingarbætur, sem samkv. þessari gr. falla til barna innan 16 ára aldurs, er félagsstjórninni heimilt að kaupa barnalífeyri þeim til handa hjá viðurkenndum tryggingarfélögum, enda komi til samþykki forráðamanna barnanna. Þetta er talið hagkvæmt fyrirkomulag. En þó er þetta aðeins heimilt, að samþykki forráðamanna barnanna komi til. Í þessu er fólgin meginbreyting á þessari grein.

Ég sé svo ekki ástæðu til að skýra þetta nánar, þar sem grg. fylgir. Einn af sjútvnm., Jóhann Þ. Jósefsson, var ekki viðstaddur á fundinum og gat þess vegna ekki kynnt sér málið. Einnig var hv. þm. N-Þ. fjarstaddur. N. mun taka málið til athugunar milli umr. og æskilegt, að hv. forseti taki það ekki á dagskrá, fyrr en allir nm. hafa athugað það. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta að sinni, en óska, að frv. verði vísað til 2. umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Það var rétt, sem hv. frsm. tók fram, að ég var ekki viðstaddur á fundinum, er ákveðið var að flytja þetta mál. Hins vegar sendi ég þau skilaboð til fundarins, að ég óskaði ekki að vera flm. að svo komnu, og sé ég, að tillit hefur verið tekið til þess. Hv. frsm. tók líka réttilega fram, að þetta mál hefur verið hér til athugunar áður, en ekki náð lögfestingu. Ég verð að segja, að þetta mál er nokkuð stórt, og er ekki eðlilegt, að þeir, sem ekki eru kunnugir starfsemi þessarar stofnunar, geti fljótt áttað sig á réttmæti þeirra breyt., sem hér um ræðir. Þegar stríðsslysatryggingum var komið á, áleit ég, að um slíkt fyrirbrigði væri að ræða, meðan ófriður stæði, sem nokkurs konar bráðabirgðaráðstöfun. En nú, þegar ófriði er lokið, mætti ætla, að rétt væri að athuga, hversu fram er haldið málinu, eins og hér er gert. Það er lagt til að mynda innlenda endurtryggingu, þó að á allra vitorði sé, að til er þesskonar stofnun í landinu, og yrði þá um tvær endurtryggingastofnanir að ræða, ef þetta frv. verður lögfest. Hv. frsm. lýsti, hvað safnazt hefði af ágóða í hlut hvers og eins, án þess að aðilar hefðu nokkuð unnið til þeirrar öflunar annað en að lofa ábyrgð.

Það verður ekki fram hjá því gengið, að eins og málið er flutt, á að vaxa hér upp einkafyrirtæki, sem heitir Íslenzk endurtrygging og fær þann fararbeina að taka við öllu því fé, sem ríkissjóður hefur lagt til þessa, og auk þess er lagt til, að fyrirtækið verði skattfrjálst. Ég dæmi ekki að svo stöddu, hvað rétt er eða rangt í þessu máli, en mér fyndist eðlilegt, að þessir umræddu aðilar og ríkisstj. ræddu málið og kæmu sér saman um lausn á því, og síðan teldi ég rétt, að málið væri flutt af ríkisstj.

Þar sem þetta mál er nú borið fram af sjútvn., en er í rauninni stórt fjárhagsmál, þar sem fyrirtækið skal vera skattfrjálst, teldi ég rétt, að fjhn. fjallaði um málið, ekki vegna þess, að ég á sæti í þessari n., heldur vegna þess, að mér finnst málið liggja þannig fyrir.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég er undrandi yfir þeirri andúð, sem fram kom í ræðu hv. þm. Vestm. Ég hélt, að hann væri kunnugri sjávarútvegsmálum en hér hefur fram komið. Þessi hv. þm. veit vel, að það er vafi, hvort ríkissjóður hefur haft af nokkurri ábyrgð meiri tekjur en þeirri, er hér hefur verið um rætt. Þykir mér því einkennilegt, að þessi hv. þm. skuli lýsa sig andvígan því, að þetta fé renni til styrktar sjávarútveginum, því að auðvitað verða iðgjöldin lægri eftir því, sem félagið er betur statt fjárhagslega.

Ég vil svo í þessu sambandi lesa álit sérfræðings á þessu máli, það er Englendingurinn P. W. Harding, sem er mjög fær á þessu sviði. Honum farast meðal annars orð á þessa leið í bréfi til mín, dags. 18. sept. 1946, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég leyfi mér að setja fram eftirfarandi athuganir, en fyrst og fremst ætti nafn félagsins að breytast í Endurtrygging Íslands. Eins og sakir standa, er aðeins hægt að halda eftir á Íslandi mjög litlum hluta af þeim vátryggingum, sem framkvæmdar eru fyrir land yðar, þar er vátryggingarfélögin eru aðeins fær um að halda sjálf litlum skerfi af hverri einstakri áhættu. Af þeirri ástæðu fer mjög stór hluti vátrygginganna, og þess vegna einnig mjög stór hluti iðgjaldanna til annarra landa sem endurtrygging. Félagið Íslenzk endurtrygging er vegna auðæfa sinna fært um að halda eftir tiltölulega stórum hluta af hverri einstakri áhættu, sem veldur því, að hægt er að halda eftir á Íslandi stórum hluta iðgjaldanna og styrkja gjaldeyrisástandið, en á sama tíma er byggður upp varasjóður, sem að lokum mundi gera félagið að verulegum aðila í vátryggingarviðskiptum þjóða á milli.

Til eru nú mörg stór endurtryggingarfélög í Evrópu, sem aðeins reka endurtryggingaviðskipti, t. d. má nefna Endurtryggingarfélag Svisslands, sem er eitt hið auðugasta og þekktasta endurtryggingafélag í Evrópu. Eftir því sem félagið Íslenzk endurtrygging yrði sterkara og þekktara í millilandaviðskiptum, mundi það verða færara um

að útvega sér samninga um endurtryggingar frá mörgum löndum Evrópu. Það mundi aftur á móti þýða útvegun erlends gjaldeyris og hjálpa til að bæta aðstöðu Íslands í Evrópu. Sem endurtryggingafélag ætti það að vera fært um að viða að sér alls konar endurtryggingum, svo sem sjó-, bruna-, flug-, bifreiða- og slysatryggingum, og raunar endurtryggingum af hvaða tagi sem er.

Ég mundi því vilja leggja til, að leitað yrði samþykktar Alþ. sem fyrst til þess að breyta núverandi nafni félagsins í Endurtrygging Íslands, og jafnframt yrði svo fyrir mælt með lögum, að öll íslenzk vátryggingarfélög eða vátryggingastofnanir skyldu bjóða þessu félagi ákveðinn hluta allra trygginga þeirra til endurtryggingar.

Ég vil aðeins taka það á ný fram, að þar sem Ísland er nú að verða þýðingarmikill aðili í viðskiptum Evrópu almennt, mundi hagnýting hins fjársterka, unga félags á framangreindum grundvelli verða Íslandi til hins mesta gagns almennt vegna möguleika félagsins til að auka starfsemi sína í millilandaviðskiptum."

Þetta segir hinn enski sérfræðingur í þessum málum.

Þá vildi ég leyfa mér að taka fram, til þess að leiðrétta hinn hrapallega misskilning hv. þm. Vestm., að þetta félag er að mestu ríkisstofnun, þar sem ríkissjóður sjálfur á í því 60% og ríkisstofnanir auk þess 20%. Ríkið á því um 80% í fyrirtækinu og hlýtur þar af leiðandi að ráða mestu um stjórn þess.

Skattfrelsið, sem fram á er farið í frv., er aðeins til að halda niðri iðgjöldum, og því ekki annað en ofurlítil hlunnindi til handa sjávarútveginum, og ég skil ekki, að þessi hv. þm. sé því fjandsamlegur.

Ég hef í sjálfu sér ekki á móti því, að fjhn. fjalli um þetta mál, en af því að ég hygg, eftir því sem þessi hv. þm. hefur látið út úr sér um málið, að hann með sínum áhrifum í þeirri n. gæti svæft málið eða eyðilagt það á einhvern hátt, er ég á móti því, að því verði vísað þangað, og legg til, að sjútvn. fjalli um það áfram.

Jóhann Jósefsson: Það er misskilningur hjá frsm., að ég sé fyrirfram á móti þessu máli. Og þó að ég sé ekki eins sannfærður um, að sérhvert atriði málsins sé það bezta, eins og frsm., þá er ekki þar með sagt, að ég leggist á móti málinu. Annars á ég kost á að láta í ljós skoðanir mínar á málinu í hvorri n., sem er, og geri því ekki að kappsmáli í hvorri n. málið lendir. Ég læt allt það, sem þm. sagði í minn garð varðandi málið, niður falla að þessu sinni, tel það ekki tímabært og óviðeigandi að deila á slíkum grundvelli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, PZ, ÞÞ.

nei: GJ, GÍG, HV, LJóh, PM, SÁÓ, BSt, BK.

EE greiddi ekki atkv.

5 þm. (HermJ, StgrA, ÁS, BBen, BrB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Vegna þess að ég tel heppilegast, að málið verði athugað gaumgæfilega í sjútvn., segi ég nei.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Með tilvísun til greinargerðar hv. 3. landsk. þm. segi ég nei.

Á 21. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, 142, 143, 144).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta var borið hér fram á síðasta aðalþingi af meiri hl. sjútvn., og eins og getið var um í framsögu, var það eftir ósk Stríðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna. Það félag hafði sent n. skriflega beiðni um að flytja frv., þann 28. okt. s. l. Samrit af því bréfi hafði og verið sent félmrn. N. stóð öll að flutningi frv., og á því stigi málsins komu ekki fram neinar till. um að breyta frv. Vegna þeirra andmæla, sem komu hér fram, tók n. málið aftur til athugunar og óskaði hv. þm. Vestm. eftir því, að frv. yrði sent til umsagnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna, félmrn. og til Samtryggingar íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Sama dag barst bréf frá ráðuneytinu, þar sem það óskaði eftir því, að n. tæki að sér flutning frv., eins og það lá fyrir. Þótti því ekki ástæða til að senda frv. til umsagnar ráðuneytisins, og hefur hv. þm. Vestm. látið í ljós við n., að hann láti sér nægja þessa beiðni ráðuneytisins um flutning frv. Sjútvn. hefur borizt umsögn Samtryggingar íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, en hins vegar hefur n. ekki borizt umsögn frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Hins vegar hefur einn meðlimur úr stjórn landssambandsins tjáð mér, að Alþ. hafi verið sent bréf um þetta mál frá sambandinu, þótt það hafi ekki komið fram enn, þar sem stjórnin sé samþ. frv., þó með nokkrum breyt., sem ég mun koma að síðar. Ég tel ástæðu til þess að ræða nokkuð hér um umsögn þá, sem n. hefur borizt frá Samtryggingu ísl. botnvörpuskipaeigenda um mál þetta, vegna þess að þar koma fram margvíslegar skýringar á málinu. Enn hefur ekki verið gefið út nál. um málið, og hefur því bréflð ekki verið prentað, en frv. verður væntanlega sent hv. sjútvn. Nd., þannig að hún getur þá birt það með væntanlegu nál. sínu, ef henni sýnist svo. Vil ég því, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp bréf samtryggingarinnar, sem er dags. 16. nóv. s. l.:

„Vér höfum móttekið bréf hv. sjútvn., dags. 12. þ. m., ásamt frv. til l. á þskj. nr. 74, um innlenda endurtryggingu, stríðstryggingu skipshafna o. fl.

Með tilvísun til þeirra atriða, er þér æskið sérstaklega upplýsinga um, leyfum vér oss að svara á þessa leið:

1. Vér erum samþykkir frv. í heild, enda þótt kaflar 2 og 3 séu um efni, sem heima ætti í öðrum l. En samkvæmt frv. falla þessi ákvæði niður í árslok 1947, og er eigi ástæða til þess að fara frekar út í þau hér.
2. Vér mundum telja æskilegt að breyta frv. nokkuð, sbr. 3.
3. Frá því að hugmyndina um stofnun íslenzks endurtryggingarfélags bar fyrst á góma, hefur félag vort verið henni eindregið fylgjandi, og eftir að hinn sterki fjárhagsgrundvöllur var lagður með 6 millj. kr. áhættufé hefur oss orðið það æ betur ljóst, að hér hefur verið stigið eitt af stærri sporunum í fjárhagslegum ráðstöfunum, sem eiga eftir að leiða af sér mikið gott fyrir þjóðina í sparnaði og öryggi.

Félagi voru hefur þegar orðið mikið gagn að endurtryggingum Stríðstryggingafélagsins, sem hafa orðið til þess að styrkja aðstöðu vora gagnvart erlendum endurtryggjendum.

Vér teljum oss leyfilegt að segja, að enda þótt hér séu starfandi nokkur vátryggingarfélög á sviði ýmissa trygginga, er bolmagn þeirra hvers um sig harla lítið í því skyni að taka að sér og bera áhættu. Þetta hair oss á tvennan hátt.

Í fyrsta lagi verður að kaupa erlenda endurtryggingu fyrir mestallt tryggingariðgjaldið, og í öðru lagi er áhættutaka hvers félags um sig of smá til þess að marka stefnu í iðgjaldatöxtum. Úr þessu getur íslenzk endurtrygging bætt að verulegu leyti.

Í fyrsta lagi með því að draga verulega úr kaupum á endurtryggingum erlendis frá og spara þannig greiðslur vátryggingarfélaganna íslenzku, hvers í sínu lagi, og bæta þannig aðstöðu þeirra allra til þess að marka stefnur í iðgjaldatöxtum, því frumtryggjandi og endurtryggjandi á Íslandi verða ávallt teknir sem einn aðili gagnvart erlendum endurtryggjendum í gagnrýni iðgjaldataxta.

En loks getur endurtryggingarfélagið tekið upp viðskipti við tryggingarfélög erlendis víðs vegar í löndum og hagnazt á því að taka að sér endurtryggingar fyrir þau í vaxandi mæli. Er hér um að ræða möguleika til gjaldeyrisöflunar, sem getur orðið allveruleg, er stundir líða fram.

Vér teljum því, að ekki megi á nokkurn hátt rýra áhættufé endurtryggingarfélagsins né aðstöðu þess samkv. frv. til þess að auka sjóði sína.

Á hinn bóginn viljum vér benda á, að mjög er það æskilegt, að félagið komist sem fyrst í viðtæk tryggingaviðskipti við öll vátryggingarfélög, er hér starfa eða kunna síðar að verða stofnuð, og fái verulega hlutdeild í þeim ábyrgðum öllum, sem félögin þurfa að kaupa endurtryggingu fyrir.

Gæti í því sambandi komið til greina sem eðlilegur stuðningur við endurtryggingarfélagið að setja ákvæði í frv., er heimili vátryggingarfélögum, er hefðu fasta samninga við endurtryggingarfélagið, að leggja fram áhættufé (hafi þau eigi gert það), t. d. allt að 100 þús. kr. hvert innlent félag. Þessi ráðstöfun mundi tengja endurtryggingarfélagið fastari viðskiptaböndum við vátryggingarfélögin í landinu og auka þá einnig áhættufé þess.

Að öðru leyti þykir oss eigi ástæða til þess að gera breytingar á frv.

Virðingarfyllst.

Ásgeir Þorsteinsson (sign.)."

Um sama leyti barst n. einnig bréf frá stjórn Stríðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna, þar sem farið var fram á, að sett yrði ný gr. við frv., um þetta sama atriði, þar sem heimilt væri að taka inn nýja aðila, sem greiði ákveðna upphæð.

Þessi mál voru svo öll rædd í n., og kom hún sér saman um að bera fram brtt. þær, sem birtar eru á þskj. 142 og miða í þá átt að verða við beiðni stríðstryggingarfélagsins annars vegar og Samtryggingar ísl. botnvörpuskipaeigenda hins vegar, eins og ég hef nú lesið upp. — Um brtt. á þskj. 142 er enginn ágreiningur innan n. Hins vegar er nokkur ágreiningur í n. um þær brtt. aðrar á þskj. 143 og 144, er ég mun koma síðar að. Ef átt hefði að verða við því að taka inn nýja aðila og gera breyt. um nýja gr., sem komi á eftir 24. gr., þá er óhjákvæmilegt annað en að gera breyt. við 3. gr. frv., eins og það er nú, þannig að á eftir tölulið 3 komi nýr liður, er orðist svo: „Af öðrum tryggingafélögum, sbr. 5. gr.", eins og lagt er til á þskj. 142, um, að tekinn verði upp sem breyt. á frv., því að nauðsynlegt væri að ákveða það í l., að þetta nýja fé, sem ætlazt er til, að komi inn, verði einnig áhættufé og bundið sömu skilyrðum og annað áhættufé félaganna. Um þetta varð samkomulag í n. Um þetta atriði var einnig leitað umsagnar stríðstryggingarfélagsins, og hefur það tilkynnt, að það væri samþ. þessari breyt.

Önnur breyt. á þskj. 142 er um það, að heimilt sé að taka inn nýja aðila, sem leggi fram 100 þús. kr., ef þeir óski að eiga viðskipti við félagið, þannig að annaðhvort tryggja þeir hjá félaginu minnst einn tíunda hluta af þeim endurtryggingum sínum, sem samrýmast endurtryggingarstarfsemi félagsins, eða greiða félaginu minnst 100 þús. kr. í iðgjöld árlega, og er í þessari sömu gr. sagt, að þetta fé njóti sömu réttinda og beri sömu skyldur og eldra áhættufé, sbr. þó 11. gr. Það er nauðsynlegt að taka þetta fram vegna þess, að ef þessi brtt. verður samþ., þá mælir 10. gr. frv. svo um, sem yrði þá 11. gr., að allt framlagt áhættufé félagsins, hvaðan sem það er runnið, og skírteinin, sem um það verða gefin, séu undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, en hins vegar er ekki ætlazt til þess, að þetta fé njóti þeirra friðinda, að það verði undanþegið skatti, þótt það sé greitt inn sem áhættufé til endurtryggingarinnar.

3. brtt. er við núverandi 8. gr. frv., sem væntanlega verður 9. gr., og fjallar hún um stjórn félagsins. Það þarf að sjálfsögðu að breyta ákvæðunum um stjórn félagsins eftir að nýir félagar verða teknir inn. Um þetta urðu nokkrar deilur í n., en að lokum náðist fullt samkomulag að orða gr. eins og kemur fram á þskj. 142. Allir aðilar voru sammála um það, að tryggja bæri, að ríkisstj. og Tryggingarstofnun ríkisins hefðu alltaf meiri hl. í stjórn félagsins. Ég sjálfur hefði frekar kosið, að þetta hefði verið þannig, að ríkisstj. hefði tilnefnt tvo menn, Tryggingarstofnun ríkisins einn mann og allir aðrir aðilar tvo, en um þetta varð ekki samkomulag og sérstaklega vegna þess, að eins og nú er ákveðið í l., þá kýs Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f og tryggingarstofnunin sameiginlega einn mann. Þessu er þá breytt þannig nú, að Tryggingarstofnun ríkisins, Sjóvátryggingarfélagið og þeir nýir aðilar, sem kunna að koma inn sem tryggingarfélög, velja einn mann sameiginlega, en farist tilnefning af þeirra hálfu fyrir vegna ágreinings hefur ríkisstj. tilnefningarréttinn. Þá er og önnur breyting gerð varðandi stjórn félagsins, sem sé að fimm menn skuli vera til vara og þeir þá skipaðir á sama hátt.

4. brtt. n. er við 10. gr., sem væntanlega verður 11. gr., að á eftir 1. mgr. komi nýr málsliður, er orðist svo: „Þetta ákvæði gildir þó ekki um fé, sem greitt er inn samkv. ákvæðum 5. gr., nema viðkomandi aðilar hafi skattfrelsi samkvæmt öðrum lögum." Eins og ég minntist á áðan, er ekki ætlazt til, að hinir nýju aðilar, sem leggi fram fé, njóti sama skattfrelsis og hinir, sem fyrr hafa greitt.

Við 20. gr. frv., sem verður 21. gr., hefur einnig orðið samkomulag um að bera fram brtt., eins og 5. brtt. á þskj. 142 greinir. Brtt. um það atriði, er

þar greinir, er sumpart komin frá mér, en sumpart eftir ósk Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem lagði mikla áherzlu á, að hún næði fram að ganga. Þessi brtt. fer fram á það að lækka verulega þau iðgjöld, sem nú eru greidd til þessara trygginga, en þau eru samkv. frv., eins og það er nú, 4 kr. á viku fyrir 5 rúmlesta fiskiskip og stærri, en 2 kr. á viku fyrir smærri fleytur, en það, sem á vantar á fullt iðgjald, greiðir ríkissjóður. Það er upplýst af reikningum landssambandsins fyrir árið 1945, að það hafi haft 900 þús. kr. ágóða, en töluverður hluti af því fé skiptist í endurtryggingarsjóð og bónussjóð. Frá mínu sjónarmiði er ekki hægt að raska þessu. Hins vegar er það líka upplýst, að félagið mun á þessu ári hafa um 700 þús. kr. tekjur, en af því á svo að greiða arð og annan kostnað, svo að gera má ráð fyrir, að 400 þús. krónur verði lagðar í tryggingarsjóð og bónussjóð. Ég vil því, að iðgjöldin verði nú lækkuð niður í kr. 1,50 á viku fyrir stærri fiskiskip og niður í 75 aura fyrir smábáta, en hrökkvi það iðgjald eigi fyrir áhættunni, skal því fé, sem greiða ber í endurtryggingarsjóð og bónussjóð af rekstri ársins 1946, varið til að mæta áhættunni, en annars greiði ríkissjóður það, sem þá vantar á til að mæta áhættunni, og kveður brtt. n. við 20. gr. frv., sem verður 21. gr., svo á. Öllum er kunnugt um það, að útgerðarmenn þurfa nú að berjast í bökkum til þess að hafa nægilegt til síns atvinnurekstrar, og mér finnst því ekki nema sanngjarnt, að ríkissjóður taki á sig þessa áhættu á þessu ári, sem mér finnst nú raunar sáralítil, þegar gert er ráð fyrir því, að endurtryggingarsjóður og bónussjóður verði til að taka á sig fyrstu áhættuna, og eins þegar litið er á það, að á sínum tíma komu allar þessar 6 millj. kr. frá útvegsmönnum, en ríkissjóður hefur aldrei lagt fram einn einasta eyri til þessara mála, þótt hann hafi að vísu tekið á sig áhættu um að ábyrgjast ákveðið fé á sínum tíma, en fékk þá jafnframt 540 þús. kr. greiddar út í reiðu fé fyrir þessa áhættu.

6. brtt. n. á þskj. 142 er við 29. gr. frv., sem verður 30 gr., þannig að aftan við gr. bætist: „Þó taka ákvæði 21. gr. ekki gildi fyrr en 1. jan. 1947. Nauðsynlegt er að gera þessa breyt. á frv., ef það fær skjóta afgreiðslu, en verði það hins vegar ekki afgreitt fyrr en eftir áramót, þá þarf kannske að breyta þessu ákvæði eða fella burtu.

Þá er hér brtt. á þskj. 143, við 20. gr. frv., sem væntanlega verður 21. gr., um, að 2. málsliður hennar falli niður. Þessi brtt. er frá mér og hv. þm. Vestm. Um þetta atriði varð ekki samkomulag í n., og vill meiri hl. n. halda þessari gr., eins og kemur fram á þskj. 144, og munu þeir, sem að henni standa, gera grein fyrir því, en ég mun hins vegar ræða nokkuð um þetta, áður en ég lýk máli mínu. 2. málsgr. 20. gr. frv. mælir svo um, að hlunninda samkv. þeirri gr. njóti aðeins skip innan við 80 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu. Ég vil, að þau hlunnindi, sem þar um ræðir og ég hef áður á minnzt, nái til allra fiskiskipa, en þannig verður það, ef brtt. á þskj. 143 verður samþ.

Iðgjöldin voru kr. 2,64 á viku og lækka því niður í 1,50 á viku. Ég tel þetta rétt, þar sem nú er engin áhætta á móts við það, sem var fyrir 1946. Hvað snertir útgjöld ríkissjóðs, vil ég benda á, að hann hefur það fé til afnota, sem hann fær í vexti.

Um 20. gr. 2. mgr. er það að segja, að ég legg til, að hún verði felld, og flyt ég ásamt hv. þm. Vestm., Jóhanni Jósefssyni, brtt. um það, en meiri hluti n. vill ekki fella hana, en leggur til, að í stað 80 smálestir komi 100 smálestir, og er það vegna nýju bátanna og þá fyrst og fremst Sviþjóðarbátanna.

Ég vænti þess svo fastlega, að hv. d. samþykki brtt. á þskj. 143, en mun greiða brtt. á þskj. 144 atkv., ef hin brtt. á þskj. 143 verður felld.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta á þessu stigi málsins eða ræða frekar þann ágreining, sem var í n. um þessa grein.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur skýrt frá gangi þessa máls rétt í öllum aðalatriðum, og mun ég ekki fara út í smáatriði. Höfuðatriðið er, að n. hefur orðið sammála um allar brtt. á þskj. 142, eins og þær liggja fyrir. Á þessu stigi málsins er ekki ástæða til að fara frekar út í það. Ég vil þó geta þess í sambandi við brtt. við 20. gr., að sú brtt. mun fram komin vegna allharðrar kröfu frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, og er borin fram af formanni n. og frsm. Brtt. þessi kom ekki fyrr en undir það síðasta, en það skiptir ekki máli. N. hefur viljað verða við þessum óskum landssambandsins, og má bæta því við, að stjórn stríðstryggingafélagsins hefur einnig fallizt á þetta, með því að þetta sé aðeins bráðabirgðaráðstöfun fyrir árið 1947, þ. e. að fyrir slys skuli ekki tryggt lengur og þá falli þetta ákvæði niður samtímis.

En aðalágreiningurinn er um það, hvort þetta skuli ná til allra fiskiskipanna eða aðeins nokkurs hluta þeirra.

Í 1. eins og þau eru nú eru hlunnindin bundin við 80 rúmlesta skip og minni, það er að segja þau skip, sem yfirleitt eru notuð til fiskveiða hér við land, en ekki notuð til flutnings á ísvörðum fiski til útlanda, og var það svo, að ríkið greiddi ákveðna upphæð fram yfir visst lágmark iðgjaldsins, og er sjálfsagt, að þetta haldist fyrir þær fleytur, sem gert er ráð fyrir. Við erum sem sagt sammála um, að þessi hlunnindi eigi að veitast áfram, og höfum fallizt á, að iðgjöldin lækki og að stríðsslysatryggingin leggi þar til af hagnaði ársins 1946 það, sem það hrekkur til.

Ég get fullyrt, að eins og nú horfir hjá tryggingunni, hefur hún ekki séð sér fært að lækka iðgjöldin frá því, sem nú er, fram yfir næstu vertíð, það er 4,00 kr. á viku. Iðgjöld skulu nú krafin lægri af stærri skipum eða 2,64 og af 3. flokki, farmskipunum, 1,76 kr. á tryggingarviku. Þetta er mælikvarðinn frá tryggingarfélaginu, að taka ekki meiri iðgjöld en reiknað er með, að áhættan verði á hverjum tíma. En ekki er hægt að lækka þau frá því, sem nú er. En ég vil benda á, að þó að gjöldin hafi lækkað á fiskibátum úr 21,46 á tryggingarviku, og eru lækkuð í 4,00 á viku, að á skipum í lægsta flokki voru iðgjöldin 9500,00 kr. á mánuði.

Samkvæmt þeim gjöldum, sem krafin eru, er ekki reiknað með meir en tæpum 500.00 kr. á mánuði, og er það veruleg lækkun á iðgjöldunum og er óveruleg upphæð miðað við áhættuna. Rétt er að geta þess, að tekjur þær, sem stofnunin hefur 1946, nema ekki meiru en um 600 þús. kr., og af þeirri upphæð er þegar búið að greiða 279 þús. kr., þ. e. tæpan helming. Sá raunverulegi afgangur

er því rösk 300 þús. kr. Þar af verður svo að taka reksturskostnað stofnunarinnar. Má geta sér til, að hann verði um 100 þús. kr., án þess ég viti neitt um það, og eru þá ekki nema rösk 200 þús. kr. eftir.

Þessari upphæð hefur stjórn stríðstryggingarfélagsins fallizt á að verja til lækkunar iðgjaldanna. Þó er undanskilið það, sem renna skal í bónussjóð og endurtryggingarsjóð. Ég skal svo ekki ræða lengi um þetta mál, en þetta mun nema mest 6%, en fara eftir því, hver hagnaðurinn er, en gæta verður þess, að hér eiga hlut að máli aðilar, sem erfitt er að taka frá möguleikann til hagnaðar, þ. e. alþýðutryggingarnar, Brunabótafélag Íslands og Sjóvátryggingarfélag Íslands. En ef brtt. verður samþ., er möguleiki til, að 4 ný félög komi inn, og eru þar af 3 félög, sem kalla verður einstaklingafélög, og eitt opinbert, sem heyrir undir ríkið, þ. e. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, en Samtrygging ísl. botnvörpunga, Almennar tryggingar og Samvinnutryggingar verða að teljast félög einstaklinga. Líkur eru til, að öll þessi félög komi til viðskipta með þeim kröfum, sem þau leggja fram.

Ég hef þá skýrt frá, hversu þetta horfir við frá tryggingarfélögunum. Aðaldeiluefnið er, hvort togararnir eigi að njóta sömu hlunninda og minni fiskiskipin, en hér er um mjög óverulega upphæð að ræða, eins og nú er. En ef fé það, sem félagið getur lagt fram, hrekkur ekki til, verður ríkissjóður að bæta við því, sem þarf til þess, að iðgjöldin náist að fullu. Við lítum svo á, meiri hluti n., að togaraútgerðin sé nú ekki svo illa á vegi stödd, að rétt sé að gefa henni fríðindi til þess að láta ríkissjóð blæða þess vegna, en rétt er að ákvæðin haldist um minni skip. Ef þröngt er nú fyrir dyrum, er það helzt hjá mótorskipum.

Við þrír höfum lagt til, að í stað 80 lesta komi 100 lesta, því að til landsins hafa komið allmörg skip, sem eru milli 80 og 100 lestir, þ. e. bátarnir frá Svíþjóð, og það er raunverulega ekki hægt að gera upp á milli skipa, sem eru 80 og 100 lestir. En skip yfir 100 lestir eru ekki teljandi, sem ástæða er til að taka með.

Við viljum því, að brtt. minni hlutans sé felld, en í stað 80 komi 100. Við sjáum ekki ástæðu til þess að leggja aukna byrði á ríkissjóð vegna togaranna, því að þeir þurfa þess ekki með. Þeir eru ekki þannig á vegi staddir. Væntum við þess að hv. d. fallist á sjónarmið okkar.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil aðeins leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. 1. landsk., þar sem hann var að tala um, að það væri verið að bjóða útveginum einhver fríðindi.

Ég vil benda hv. 1. landsk. þm. á, að meginháttan er ekki frá togurunum, heldur frá bátunum. Meginháttan fyrir tryggingarfélögin er ekki, þó að menn farist af slysum, heldur af slysum, sem aldrei upplýsist, af hverju verða. Það er meginháttan. Ef mætti strika það út, mætti lækka iðgjöldin stórlega.

Ég veit ekki til, að eitt einasta tjón hafi verið bætt vegna togaranna 1946. Öll gjöld togaranna fóru til að greiða smærri bátunum, og samt vill hv. þm. lina iðgjöldin hjá þeim. En ég þekki þennan són hjá hv. 1. landsk. þm. Hann vill gera togaraútgerðinni allt til ógagns, sem hann getur, og vill hana helzt feiga.

Það er rétt, að það munar litlu, hvort tapað er 500 eða 600 þús. kr., en það er ekki sanngjarnt að leggja á togarana gjöld, sem þeir þurfa ekki. Ríkið þarf ekki að leggja á sig neinar byrðar.

Tekjurnar eru heldur ekki 600 þús., heldur 700 þúsund krónur, og gert er ráð fyrir 400 þús. króna bónus. Hvaða arður það sé, sést á því, að togararnir hafa greitt 9500 kr. á mánuði allt stríðið út. Þessar 6 milljónir eru því ekki frá ríkissjóði, heldur frá togurunum að langmestu leyti, og ég sé enga ástæðu til þess að vera að níðast á togaraútgerðinni á þann hátt, sem hv. þm. vill.

Ég tel, að úr því að féð er fyrir hendi frá 1946 og minnkandi áhætta 1947, þurfi ríkissjóður ekki að greiða einn einasta eyri. En ég hygg, að allir sjái, hvort er réttara að láta þessar 300 þús. krónur í arð til þeirra, sem eiga þær nú, eða nota þær til þess að greiða niður iðgjöld hjá atvinnufyrirtækjum, sem eru með taprekstri. Ég held, að hv. þm. sé orðinn allfylgjandi peningamönnunum.

En ég þekki hatur og rótarskap hv. þm. út í togaraútgerðina, því hugarfari hans hef ég kynnzt áður, en ég hélt ekki, að hatur hans væri svo rótgróið sem ég hef séð í dag. — Ég mun svo ekki ræða þetta frekar, en vænti þess, að hv. þdm. greiði atkv. með till. minni hlutans.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að ræða mín gaf ekki tilefni til, að hv. þm. Barð. belgdi sig svo upp í hálfgerðri skapvonzku sem hann gerði.

Hann taldi, að um misskilning hjá mér hefði verið að ræða, þegar ég taldi að verið væri að styrkja útgerðina með því að lækka iðgjöldin. En mér er þá spurn: Er verið að gera henni erfiðara fyrir með því að verja sjóðum hennar til þess, og erum við ekki sammála um, að það sé rétt að fara svo að?

Hvað viðvíkur fullyrðingum hv. þm. um það, hvar tjón verði og hvar ekki, þá eru þær alveg út í hött. Hver getur sagt um það, hvort verður tjón á togurunum eða ekki 1947.

Ég vil benda hv. þm. á, að erlend tryggingarfélög reikna með, að tjón geti orðið á skipum, sem sigla milli landa, af völdum styrjaldar, því að við vitum, að mikið er enn af óslæddum tundurduflum í höfunum.

Hv. þm. telur, að togararnir beri uppi útgerðina. Það er rétt, svo er í ár, en hver er kominn til að segja, að svo verði næsta ár? Það hefur komið fyrir, að smáútgerðin hefur borið uppi togarana. Það, sem hv. þm. sagði um það, er því líka út í hött.

Tjón getur að borið, hvar sem er. Hvern hefði dreymt um það, að skipin okkar færust hér alveg upp við land? En við þekkjum fullyrðingar og rop þessa hv. þm. hér í deildinni.

Ég frábið mér algerlega þau ummæli hv. þm., að ég sé fjandsamlegur togaraútgerð. Ég tel þvert á móti, að eigi að auka hana, því að þar er einmitt sú útgerð, sem til frambúðar er.

Ég sé ekki ástæðu til, þó að einhverjir útgerðarmenn komi til að biðja um náð, að veita þeim hana, enda væri það aðeins að veita þeim ölmusu, og til þess sé ég enga ástæðu. Ég mun svo ekki ræða frekar þessa brtt., en vænti þess, að hv. d. felli hana.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég skal ekki eyða orðum í að munnhöggvast við hv. 1. landsk. Það er sjáanlegt, að stjórn tryggingarfélagsins hugsar fyrst og fremst um sinn hag. Ég mótmæli því, að hér sé um nokkra ölmusu að ræða, heldur er það réttlæti.

Það er annars einkennilegt, hvað hv. þm. veit lítið um þessi mál, og augljóst, að hann hefur ekkert vit á þeim.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég mun ekki ræða þetta frekar, en ég vildi benda á, að þekking hv. þm. er eitthvað gloppótt. Hann rengdi, að ég færi með réttar tölur og fór sjálfur með tölur frá framkvæmdastjóranum, en ég hef aðrar tölur frá honum, og þær, hygg ég, að séu réttari, og þær eru hér skrifaðar.

Hitt, sem hv. þm. sagði, var uppi í skýjunum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 142,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 142,2 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

5.—7. gr. (verða 6.—8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 142,3 (ný 8. gr., verður 9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

9. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 142,4 samþ. með 12 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11.—13. gr. (verða 12.—14. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

14.—19. gr. (verða 15.—20. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 142,5 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 143 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, JJós, PZ, BSt, KJJ, ÞÞ.

nei: GÍG, HV, SÁÓ, StgrA, ÁS, BK.

5 þm. (HermJ, LJóh, PM, BrB, EE) fjarstaddir.

Brtt. 144 samþ. með 11 shlj. atkv.

20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

22.—25. gr. (verða 23.—26. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

26.—28. gr. (verða 27.—29. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 142,6 samþ. með 12 shlj. atkv.

29. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 153).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., 3. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 153, n. 481 og 484).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og er sammála um að leggja til, að það verði samþ., og leggur til breyt. á því, sem eru á þskj. nr. 484 og n. er öll sammála um, að undanskildri brtt. við 14. gr. Þar hafa verið í n. skiptar skoðanir, þannig að hv. þm. Borgf. og hv. þm. Siglf. leggja til, að sú brtt., sem er á þskj. 484 við 14. gr. frv., verði felld, en ákvæði frv. í 14. gr. verði látin halda sér.

Eins og hv. þd. er kunnugt, miðar þetta frv. að því að stofna sérstaka endurtryggingu upp úr stríðsslysatryggingu skipshafna, sem var komið á á stríðsárunum, og þó þannig, að stríðsslysatryggingar haldi áfram til ársloka 1947. Á stríðsslysatryggingunum sjálfum er sú eina breyt. gerð með frv., að fellt er úr l. ákvæði um, að það sé skylda að kaupa lífeyri fyrir helming af bótafjárhæðinni, enda hafði komið í ljós, að þessi lífeyriskaup fyrir svo lágar upphæðir voru óhagkvæm. Það þykir heppilegra að hafa útborgun á slysabótum heldur en láta gilda það fyrirkomulag, sem var, að hafa þannig lífeyriskaup.

En aðalatriði þessa frv. er sem sagt að ákveða að nota það fé, sem safnazt hefur við stríðsslysatryggingu skipshafna, til þess að stofna innlenda endurtryggingu samkv. nánari ákvæðum í frv.

Ég tel, að þær breyt., sem n. hefur lagt til við frv., muni skýra sig sjálfar. Þær eru mjög óverulegar. Að vísu var n. sammála um það, að sá ágóði, sem hægt væri að borga út samkv. 10. gr. frv., væri of hár, og vill setja hámark þetta í 5%, en ekki 6%, eins og stendur í frv. Þó hefur hv. þm. Siglf. gert aths. við það atriði, og mun hann sjálfsagt gera grein fyrir sinni sérstöðu í því efni.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að hægt sé viðkomandi arðútgreiðslu að færa tekjuafgang á milli ára, og virðist ekki ástæða til þess að láta hann nema 6% á ári, með tilliti til þess, að t. d. Eimskipafélagi Íslands, sem nýtur skattfrelsis, er ekki leyft að greiða hærri vexti af sínu hlutafé nú en 4% og hefur ekki leyfi til að færa í því efni tekjuafgang á milli ára.

Það, sem aðallega varð ágreiningur um í n., var ákvæðið um skattfrelsi félagsins, sem er í 14. gr. frv. og er ákaflega viðtækt, þar sem svo er til tekið, að félagið sé undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða bæjarfélags, og enn fremur, að skírteini þess og önnur skjöl séu ekki stimpilskyld. Meiri hl. sjútvn. leit svo á, að þrátt fyrir það að hér væri um að ræða að gera tilraun til þess að draga endurtryggingar inn í landið, þá væri ekki ástæða til að veita félaginu um óákveðinn tíma þessi fríðindi, sem gert er ráð fyrir í frv. í þessu efni, og vildi meiri hl. n. binda skattfrelsið við fyrstu tvö árin. Væri

þá á valdi Alþ. að ákveða síðar, hvort það teldi ástæðu til að framlengja þetta skattfrelsi um ákveðinn eða óákveðinn tíma. Meiri hl. n. fannst ekki ástæða til að fara lengra en þetta nú til þess að sjá á þessum tveimur árum, hvernig félaginu gengur að koma undir sig fótum, en Alþ. gæti rýmkað um þessi ákvæði, ef ástæða þætti til. — Minni hl. n. telur rétt að halda ákvæðinu, sem í frv. er, um óákveðið skattfrelsi þessa félags, og gerir hv. þm. Borgf. sjálfsagt grein fyrir sinni skoðun í því máli. — Í raun og veru tel ég ekki, að það sé mjög mikill ágreiningur í n. um þetta mál í heild, því að vissulega getur það ekki talizt verulegur ágreiningur, þó að meiri hl. n. vilji láta binda skattfrelsi félagsins ákveðið við tvö ár, en minni hl. n. vilji láta skattfrelsið vera um ótiltekinn tíma.

Ég tel þess vegna rétt, af því að málið hefur legið lengi hjá sjútvn., að orðlengja ekki frekar um það, því að það er að öllu leyti þægilegast fyrir þá, sem að þessu standa, að málið sé afgr. frá Alþingi sem allra fyrst.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Ég er á sama máli og hv. frsm. meiri hl. um það, að eins og þetta mál liggur fyrir hér, þá sé allsendis óþarft að hafa um það miklar og langar umr.

Það, sem ber á milli meiri og minni hl. n., er að vísu allverulegt atriði fyrir starfsemi þessa félagsskapar og það hlutverk, sem því er ætlað að vinna hér. Við höfum þess vegna, sem skipum minni hl. í þessu máli, skrifað um þetta atriði allrækilegt nál., þar sem dregin eru fram þau sjónarmið, sem blasa við að þessu leyti, og fer um þau eftir því, hvort þetta félag fær að halda skattfrelsi sínu áfram eða aðeins takmarkaðan tíma.

Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, þá var svo ákveðið á Alþingi 1943, að ég ætla, að þegar hlutverki stríðsslysatryggingar sjómanna væri lokið, þá yrði sá sjóður, sem safnazt hefði við starfsemi félagsins, notaður sem grundvöllur undir íslenzka endurtrygging. Þessi l. voru samþ. 1940, en á því árabili, sem liðið hefur síðan, hefur safnazt verulegur sjóður hjá þessu félagi, eins og frv. ber með sér, því að það fé, sem er beint lagt inn í þetta félag sem áhættufé, 4964 þús. kr., er að langmestu leyti gróði, sem orðið hefur á rekstri þessa félags. Ég ætla, að það hafi ekki verið lagt fram í þetta félag sem beint framlag upphaflega nema 60—70 þús. kr., sem útgerðarmenn lögðu fram. Að öðru leyti var byggt á ábyrgð, sem ríkissjóður lét í té tveimur vátryggingarfélögum sem þátttakendum í stofnun þessa félags, sem gera ráð fyrir að vera áfram í þessum endurtryggingum félagsins, svo að það áhættufé, sem nú verður lagt fram, hefur þá áskotnazt við rekstur þessa félagsskapar. Til viðbótar við þetta er svo lagt fram í tryggingarfé 1036 þús., svo að öll upphæðin, sem félagið fer af stað með nú samkvæmt þessum l., nemur 6 millj. kr. Miðað við okkar staðhætti verður ekki annað sagt en að þetta félag sé allfésterkt, og að því leyti hefur það aðstöðu til að geta unnið þarft og gott verk í sínum verkahring.

Eiginlega má segja, að hlutverk félagsins sé tvenns konar, fyrst og fremst að koma tryggingunum að öllu leyti, sem hagkvæmt þykir, á íslenzkar hendur og í öðru lagi að áorka það, að iðgjöld geti lækkað frá því, sem nú er og verið hefur, og það lítil reynsla, sem fengin er af starfsemi þessa félags, því að það hefur þegar starfað um eins árs skeið, þá hefur það sveigt starfsemi sína einmitt inn á þessa braut. Eins og getið er í nál. samkvæmt upplýsingum, sem við höfum eftir framkvæmdastjóra þessa félags, þá hefur félagið þegar orkað nokkuð á um það með þessari starfsemi að lækka iðgjöld. Það er bent í nál. á tvö atriði í þessu sambandi, sem mér þykir óþarft að taka hér upp aftur. Enn fremur eru í nál. færð góð rök, að ég ætla, fyrir því, að þessi starfsemi geti orðið allt önnur, ef af félaginu verður tekið það skattfrelsi, sem það hefur haft frá öndverðu og á sinn styrka þátt í því, hversu vel félaginu hefur tekizt að afla sér gildra sjóða í þessi ár, sem það hefur starfað. Þegar félagið þarf ekki að óttast, að það þurfi að láta af hendi svo og svo mikið af því, sem því hefur áskotnazt, í opinber gjöld til ríkis og bæjar, þá leiðir af sjálfu sér, að félagið hlýtur að verða miklu varfærnara í því að þrýsta niður tryggingum, heldur gengur á fremstu grös um að krefjast ekki nema sem allra minnstra iðgjalda. Þetta er vitanlega ákaflega mikill aðstöðumunur, og við þetta verður að miða rekstur félagsins og þátttöku í þeirri starfsemi, sem því er ætlað að hafa með höndum.

Mér þykir ekki ástæða að svo komnu máli að fara lengra út í þetta, af því að það er gerð grein fyrir því í nál. minni hl. Þær upplýsingar, sem þar liggja fyrir, höfum við fengið hjá framkvæmdastjóra þessa félags, tryggingafræðingnum Guðmundi Guðmundssyni, og þarf ekki að gera ráð fyrir öðru en að þar séu dregin fram þau atriði, sem eru raunveruleg í þessu máli og fullkomlega má byggja á og miða má við, þegar menn hér á þingi ákveða um það, hvort þetta félag á að halda áfram skattfrelsi sínu eða það á að inna slík gjöld af hendi.

Þetta félag hefur haft skattfrelsi, eins og ég gat um áðan, frá öndverðu. Og þegar samningar tókust um það meðal þeirra mörgu eigenda, sem áttu það fé, sem til þessarar starfsemi var lagt, að skipta ekki þessu fé, heldur nota það sem grundvöll fyrir einmitt endurtryggingarfélag, þann þarfa og nauðsynlega félagsskap, þá var að sjálfsögðu miðað við það, að félagið héldi að þessu leyti þeirri aðstöðu, sem það hefur haft frá öndverðu.

Mál þetta hefur gengið gegnum Ed., og sú d. leit svo á, að eðlilegt væri, að félagið hefði þessi hlunnindi.

Ég held áreiðanlega, að það sé langsamlega eðlilegast að láta félagið hafa þennan rétt og að Alþ. nú fari ekki að taka um það ákvörðun, að eftir tveggja ára skeið skuli þessi réttur af félaginu tekinn, því að það leiðir af sjálfu sér, að það er svo skammt liðið af starfsemi þessa félags á þessum grundvelli, að það er ekki eðlilegt, að það hafi sýnt stórfelldan árangur, en þó er þegar kominn árangur í ljós af starfsemi félagsins, sem hefur fjárhagslega þýðingu fyrir þá, sem þurfa á endurtryggingu að halda, og vitanlega á að vera um að ræða í vaxandi mæli ávöxt af starfsemi þessa félags, en það er vitanlega við það miðað, að félagið haldi þeirri aðstöðu, sem það hefur, að því er snertir skattfrelsið.

Það er enn fremur getið um það í nál., að slíkur félagsskapur sem þessi eigi að þjóna alþjóðarhagsmunum, en það verður ekki um það deilt, að það eru alþjóðarhagsmunir, að upp rísi í landinu

félagsskapur, sem geti orkað lækkun iðgjalda, og það eru alþjóðarhagsmunir, að hægt verði að koma svo miklu sem hagkvæmt þykir af endurtryggingunum á innlendar hendur. Vitanlega er nauðsynlegt, að slíkum félagsskap sé búin af hálfu löggjafans sú aðstaða, að hann geti sem allra bezt þjónað þessu hlutverki þannig, að árangurinn af starfseminni geti komið sem allra fyrst fram, því að það er vitanlega eitt út af fyrir sig ærinn gjaldeyrissparnaður að geta í vaxandi mæli fengið að kaupa endurtryggingar í innlendum félagsskap, því að vitanlega verður, þegar þarf að sækja til erlendra félaga, að borga iðgjöldin í erlendum gjaldeyri, sem oft er skortur á, og þarf þess vegna bæði í þessu og öðru að halda vel á því, sem okkur áskotnast í erlendum gjaldeyri.

Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta, en vænti þess, að það sjónarmið, sem var hér ríkjandi, þegar l. um stríðsslysatryggingar voru sett, að eðlilegt væri, að sá félagsskapur, sem þær annaðist, hefði skattfrelsi til ríkis og bæjar, sé óbreytt enn, og þá ekki síður, þar sem þessum félagsskap er nú beint inn á þá braut, sem hér er um að ræða, og við eigum ákaflega mikið undir, að hann geti unnið það hlutverk, sem honum er ætlað að vinna að þessu leyti.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að skýra frá þeim ágreiningi, sem orðið hefur í n., því að hann er einfaldur. Hann er um eitt einasta atriði. Mér þykir ástæða til vegna ýmissa ummæla í nál. minni hl. að segja um málið nokkur orð.

Eins og tekið hefur verið fram af hv. frsm., þá var yfirleitt friður um þetta mál í n. að undanskildu þessu einasta atriði, um skattfrelsi félagsins. Nú tók meiri hl. það ráð að skýra bara frá þeim árangri, sem orðið hefur af starfi n. og fram kemur bæði í þeim brtt., sem samkomulag varð um, og þeim brtt., sem meiri hl. stendur einn að. Hins vegar hefur minni hl. gefið út langt nál., og það er ástæða til fyrir mig að koma til móts við þessar skýringar frá sjónarmiði meiri hl., sem ekki hefur komið fram að neinu leyti í nál.

Ég skal byrja á því, að það hefur verið lögð mikil áherzla á það í nál. og einnig af hv. frsm. minni hl., að það sé í samræmi við það, sem verið hefur, að skattfrelsi haldist fyrir þetta endurtryggingarfélag. Þetta er eflaust bara misskilningur, en ekki rangfærsla, en þetta félag, sem hér á að skapa, hefur alls ekki verið til, og um þessi hlunnindi, sem það hafi haft undanfarin ár, er því alls ekki að ræða, eins og hv. þm. sjá, ef þeir setja sig inn í þetta mál. Það hefur starfað stríðsslysatryggingarstofnun, sem á engan hátt hefur verið ætlazt til, að væri í minnsta lagi gróðafyrirtæki fyrir neinn, heldur aðeins til að bæta þau líftjón, sem yrðu í stríðinu. Á slíkan rekstur er ekki hægt að leggja opinber gjöld. Það er ekki hægt að leggja gjald á það, að maður gefi fé. Það hefur aldrei verið hugsunin, að maður væri skattskyldur fyrir það, þótt hann gæfi fé til trygginga í slíku fyrirtæki eða þeirra, sem yrðu fyrir slysum. En þegar þessi stofnun varð til, var kosin stjórn fyrir hana, sem falið var að reikna út, hvaða iðgjöld þyrfti að heimta af þeim, sem ábyrgðina fengju, til þess að mæta áhættunni. Þetta var vandaverk, af því að reynsla var ekki fyrir hendi. Það varð þess vegna að hafa nokkurt handahóf til að byrja með og síðan að byggja á þeirri reynslu, sem fékkst árlega. Ég vil ekkert fetta fingur út í þennan útreikning, þó að reynt væri að gæta þess að hafa þau nægilega há, til þess að ekki kæmi til greiðsluþrots hjá stofnuninni. Þá sjá hv. þm., að þetta tókst þannig með útreikning áhættunnar, að á þessum fáu árum hafa safnazt sjóðir, sem nema upp undir 5 millj. kr. Eigendur þessa fjár ætla nú að byggja upp algerlega nýja stofnun, sem er byggð algerlega sem gróðafélag eins og önnur tryggingarfélög. Þess vegna er ekki um neitt slíkt að ræða, að sú stofnun hafi undanfarið notið slíks skattfrelsis, hún hefur nefnilega ekki verið til. Mér þykir rétt að leggja áherzlu á þetta, af því að ég veit, að hv. minni hl. heldur þessu fram, gerir það í beztu trú af misskilningi og slíkur misskilningur kynni að geta orðið rótfastur í hugum annarra hv. þm. Þess vegna segi ég þetta til leiðréttingar.

En við þetta, sem ég sagði um sjóðsöfnun þessa félags, vil ég bæta því, að þetta, að áhættan hefur verið reiknuð miklu hærri en hún reyndist, hefur haft talsverðar afleiðingar, ekki aðeins þær, að þarna hefur safnazt fé, heldur hefur verið greitt mjög mikið fé úr landinu fram yfir það, sem nauðsynlegt var. Þess verður að gæta, að þessi stofnun hefur endurtryggt erlendis, og vitanlega hafa endurtryggjendurnir úti grætt hlutfallslega við það, sem þetta félag græddi. Ég tel, að ég sé ekki að deila á stjórn þessa félags, þó að ég taki þessi óvéfengjanlegu sannindi fram, því að vitanlega hafa þessir menn reynt að reikna áhættuna út og skapa iðgjöldin í samræmi við það, en hafa viljað hafa vaðið fyrir neðan sig, og þess vegna hefur safnazt allmikið fé. Það er því meiri ástæða til að segja frá þessu, þar sem ég persónulega með öðrum hv. þm. samþ. frv. strax eftir stríðslok, þar sem hinum þungu gjöldum var létt af útgerðinni með tilliti til þess, að þegar stríðinu lauk, virtist svo, að þessi áhætta væri að verulegu leyti liðin undir lok. En þá fengum við þau svör, að þetta hefði hvergi nærri borið sig. En svo eftir eitt ár kemur í ljós, að það hafa einmitt safnazt fyrir nærri því 5 millj. kr. á þessum örstutta tíma, auk þess sem hefur farið til endurtryggjenda erlendis.

Mér þykir því meiri ástæða til að benda á þetta af því, að höfuðhvatamaður þessa máls, sem á ekki sæti í þessari d., hefur áður hafið mjög harða gagnrýni á þá endurtryggingarstofnun, sem ríkið á og ég veiti forstöðu, fyrir að ausið sé fé út úr landinu í endurtryggingar fram yfir það, sem eðlilegt sé. Sannleikurinn í því máli er sá, eins og reikningar þeirrar stofnunar sýna, að í þau 30 ár, sem sú stofnun hefur starfað, hefur aldrei orðið eins eyris afgangur, og yfirleitt hafa iðgjöldin verið sniðin mjög vandlega eftir því, sem raunverulega hefur þurft, aðeins verið tekið það, sem þurfti til að mæta áhættunni, eða tæplega það.

Hv. minni hl. leggur áherzlu á það í nál. sínu, og einnig hefur hv. frsm. gert það í sinni framsöguræðu, að höfuðtilgangur þessa frv. sé það, sem hann og þeir telja mikla þjóðarnauðsyn í fyrsta lagi að geta gert tryggingarnar innlendar og sem minnst sé keypt af endurtryggingum annars staðar og í öðru lagi að geta boðið tryggingarnar niður, geta lækkað þær. Ég hlýt að víkja dálítið að þessu atriði af þeirri einföldu ástæðu, að ég hef kynnzt

dálítið svona málum í gegnum starfsemi Samábyrgðar Íslands og veit, að minni hl. er þarna á algerðum villigötum.

Hvað snertir það, sem mjög hefur verið ámálgað í sambandi við þessar tryggingar, að nauðsyn beri til þess að endurtryggja sem minnst erlendis, þá vil ég benda á, að annars staðar er sá háttur á hafður, og það meðal stórríkra stofnana hjá milljónaþjóðum, að áhættunni af tryggingunum er dreift sem allra mest. Ég veit það, að sú endurtrygging, sem ég hef keypt fyrir Samábyrgð Íslands erlendis, er á ákaflega mörgum höndum, þó að þar eigi í hlut félagsskapur, sem er ákaflega fésterkur. Það er algengt, þó að stórrík félög eigi í hlut, að áhættunni sé dreift allt niður í 2%, og sjaldan, að nokkur sé með 10%. Nú skyldi maður ætla, að þetta væri byggt á því, að um svo mikinn gróða væri að ræða. En það á að vera svo um þessa stofnun a. m. k., að það er meiningin, að gróðinn verði sem allra minnstur, og eins og hv. þm. mun vera kunnugt, þá hefur það verið svo um Samábyrgð Íslands, að hinir erlendu endurtryggjendur hafa ekkert haft upp úr því í meira en 30 ár, og þess vegna hefur þar enn þann dag í dag farið örlítið fé út úr landinu, sem ekki hefur komið aftur. Ég held þess vegna, að hér sé um það að ræða að dreifa áhættunni, en ekki það að setja hér ímyndaðan stórgróða.

Hitt atriðið, að svona stofnun, sem gott er að taki þátt í áhættunni með þeim skynsamlega mælikvarða, sem tíðkast um slík fyrirtæki, að hún geti ráðið yfir tryggingarmarkaðinum, er byggt á misskilningi. Ég held, að hver maður sjái, að sá, sem tekur 85%, að það er hann, sem ræður markaðinum. Hitt er annað mál, að það eru margir, sem keppa hver við annan um kjörin og reyna að bjóða niður með tilliti til þess að gera dreifinguna sem ódýrasta. Þessir aðilar bjóða þetta niður hver fyrir öðrum, það lítið, sem hægt er að bjóða. En það er von, að menn, sem ætla að taka að sér 15% af áhættunni, geti ekki ráðið markaðinum. Það eru hinir, sem taka 85%, sem ráða því. Því er hér um misskilning að ræða. Mér er líka kunnugt um það, að þessi trygging togaranna var alls ekki boðin út, bara fengin í hendur ákveðnum aðilum, sem reyna að koma henni niður.

Ég skal svo ekki vera að þvæla þetta mál, en vildi aðeins, að það lægi ljóst fyrir mönnum, þegar þeir greiða atkv. um það, að þessi kvöð, sem er í rauninnni engin kvöð, er á allan hátt eðlileg.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Það er bæði, að ég er ekki vel fyrirkallaður til þess að halda langa ræðu sökum hæsi, enda þykir mér ekki ástæða til að fara jafnlangt út í þetta mál og hv. 5. þm. Reykv. (SK) gerði. En ég vildi þó aðeins leiðrétta þann misskilning hjá honum, að ekkert samband væri á milli þessa frv. hér og þeirra l., sem eru fyrirrennari þessa frv., l. um stríðstryggingar sjómanna. Hv. 5. þm. Reykv. hélt því fram, að sá félagsskapur hefði verið stofnaður í nokkurs konar góðgerðarskyni. Það er náttúrlega grundvöllur allra tryggingafélaga, að þau komi að sem mestum og beztum notum í því þjóðfélagi, þar sem þau eru sett á stofn, og ég býst við, að grundvöllurinn undir því félagi hafi verið sá hinn sami og venja er til um slíka félagsmyndun. Það þarf heldur ekki annað en líta á reynsluna af þessari starfsemi. Hún hefur komið að notum til þess að bæta þau tjón, sem átti að bæta, en tekjur félagsins hafa orðið það miklu meiri en bótaskyldan, sem á félagið hefur fallið, að það á nú þessa stóru sjóði. Ég sé ekki, að það sé neinn eðlismunur hér á. Það eru nákvæmlega sömu aðilar, sem standa að þessu félagi, ríkissjóður, tryggingafélögin og fjöldi útgerðarmanna. Það verður aðeins breytt um hlutverk, þannig að gert er ráð fyrir, að hið upprunalega hlutverk þessa félags verði starfrækt til áramóta, en þá taki félagið við því mikla hlutverki að koma á innlendri endurtryggingu, en eins og kunnugt er, höfum við ekki starfandi í landinu neinn félagsskap á þessu sviði annan en Samábyrgðina, en henni er markað visst starfssvið, sem hún getur ekki farið út fyrir. Félög þau, sem stofnuð hafa verið hér, svo sem Brunabótafélag Íslands og samábyrgðin, sýna glöggt, að það hefur þótt mikils vert, eins og það líka er, að geta komið þessum málum í hendur innlendra aðila í stað þess að þurfa að kaupa allar tryggingar af erlendum félögum. Getur engum blandazt hugur um það, að þetta er einn mjög sterkur þáttur í sjálfstæðisbaráttu þessa lands, að koma tryggingunum í hendur innlendra aðila, og að því leyti er þessi félagsskapur í samræmi við það að þjóna alþjóðarhagsmunum í þessum efnum. Ég get því ekki viðurkennt þá hugsun, sem fram kom hjá hv. þm., að þetta væri á misskilningi byggt, að farið er fram á, að þetta félag, þó að það hafi að þessu leyti til breytt um starfssvið, að það haldi þeim hlunnindum og því skattfrelsi, sem tekið var í l., þegar l. um stríðsslysatryggingu sjómanna voru samþ. hér. Það hlutverk, sem þau áttu að þjóna, var þarft, en hitt getur engum blandazt hugur um, að sé þarft, að efla þá starfsgrein tryggingganna, sem að því miðar að koma endurtryggingunni, að svo miklu leyti sem það er hægt, í hendur innlendra aðila.

Hv. þm. benti á Eimskipafélag Íslands, sem hefur fengið nú í fjölda ára framlengt sitt skattfrelsi. Það mætti benda á fyrirtæki, sem ríkið er meðeigandi í, sem eru alveg skattfrjáls, t. d. Útvegsbanka Íslands, sem ríkissjóður er hluthafi í. Það hefur aldrei komið fram nein till. um það að gera Útvegsbankann skattskyldan fyrir Reykjavíkurbæ. Og ég vil enn fremur benda á það, að það virðist heldur ekki vera sanngjarnt að veikja — sem gæti orðið á mjög viðurhlutamikinn hátt — aðstöðu þessa félags með því að gera það skattskylt í einum einasta kaupstað landsins, Reykjavíkurbæ, þar sem sú skerðing á aðstöðu félagsins mundi hefta eða geta heft þróun þessa félags, og þá fyrst og fremst með tilliti til þess, að það gæti innt af höndum að fullu það mikils verða tvöfalda hlutverk að lækka iðgjöld og koma tryggingunum á innlendar hendur. Ég get ekki fyrir mitt leyti fallizt á, að það sé réttlátt.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég hef viljað þjóna því sama markmiði eins og hv. 5. þm. Reykv., að mál þetta gæti legið sem allra ljósast fyrir hv. þm., bæði með því að gera nokkuð ljósa grein fyrir þeim aðstæðum, sem þarna koma fram, um það, hvort félagið skuli skattskylt eða ekki, eins og við höfum gert í nál. minni hl. sjútvn.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Það er alveg út af sérstöku atriði, sem ég kvaddi mér

hljóðs, þ. e. ég vildi segja nokkur orð út af þeim ummælum, sem komið hafa fram hér hjá hv. frsm., og fleirum sem talað hafa. Þeir hafa sem sagt borið þessa till. að nokkru saman við skattfrelsi Eimskipafélagsins. Það er ekki rétt að bera þetta tvennt saman, eins og gert hefur verið. Þessir hv. þm. munu ekki hafa munað eftir því, að Eimskipafélagið greiðir til Reykjavíkurbæjar opinber gjöld, og er því ekki algerlega skattfrjálst. Og skattfrelsið — eins og við munum hér flestir — var veitt því félagi með l. fyrst 4. júní 1924, fyrir 22 árum, og þá til 5 ára. Síðan hafa l. um það verið framlengd til tveggja ára í senn. Þegar þau voru framlengd í annað skiptið með l. frá 7. maí 1928, var félaginu gert að skyldu að greiða eigi hærri arð en 4% og jafnframt að úthluta 60 mönnum ókeypis fari milli Íslands og útlanda og til baka aftur. Og um leið voru enn ýmsar kvaðir settar að skilyrði með fullum skilningi og samvinnu, svo sem um auknar viðkomur skipa félagsins á hafnir, sem ekki mundi borga sig fyrir félagið að láta skip sín sigla á. Skattfrelsi Eimskipafélags Íslands er því ekki sambærilegt við það, sem hér hefur verið vitnað til í sambandi við þetta mál, sem fyrir liggur nú til umræðu.

Þá kem ég hér að lokum að því atriði, sem ég verð að taka fram, að hingað til hafa þingflokkarnir verið sammála um það að hafa Eimskipafélag Íslands skattfrjálst til ríkisins, en það greiðir 5% af ágóða sínum til Reykjavíkurbæjar, og hefur það numið síðustu árin allt að 1700 þús. kr. á ári, að ég hygg.

Ég vildi aðeins benda á það, að þetta, sem hér liggur fyrir, er ekki sambærilegt við það skattfrelsi, sem hæstv. Alþ. hefur veitt Eimskipafél. Íslands, því að það félag hefur jafnhliða verið háð ýmsum kvöðum af hendi ríkisins, og hefur ekki síður af félagsins hálfu verið unnið að því í fullri samvinnu við ríkið, að félagið kæmi að sem mestum notum fyrir þjóðarheildina, því að markmið félagsins frá upphafi hefur verið fyrst og fremst það að vinna fyrir alla þegnana og þjóðina í heild.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki setja á langa ræðu hér nú. Mál þetta er sjálfsagt ekki svo þungskilið. Ég vil aðeins gera aths. við örfá atriði í ræðu hv. þm. Borgf., án þess þó að ég telji nú, að málið í raun og veru skorti skýringar að neinu ráði.

Hv. þm. Borgf. sagði, að það væri misskilningur hjá mér, að ekki væri samband milli stríðsslysatryggingar skipshafna og þeirrar stofnunar, sem með frv., sem hér liggur fyrir, er ætlað að lögfesta. Og hann sagði það, að grundvöllur allrar tryggingarstarfsemi væri að verða öðrum að gagni. Ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að stofnun sú, sem kölluð var stríðsslysatrygging íslenzkra skipshafna, hefði á engan hátt átt að veita hagsmuni fyrir nokkurn af þeim, sem þar lögðu fram fé. Þar átti ekki neinn að hafa arð. Það fyrirtæki var aðeins gert til tryggingar því fólki, sem kynni að missa fyrirvinnu sína eða aðstandendur af stríðsslysum. Hins vegar er það félag, sem nú á að staðfesta með l., að verða, eins og ég sagði þá, eingöngu byggt upp líkt og venjuleg gróðafélög, sem þó eru sett takmörk fyrir, hve langt megi ganga í gróða sínum, en sem einnig á að lögskorða, að geti veitt sæmilegan arð af því fé, sem í það er lagt. Það er þess vegna ekki alveg rétt ályktun hjá hv. þm. Borgf., þegar hann segir, að grundvöllur allrar tryggingarstarfsemi sé sá að gera almennt gagn í þjóðfélaginu, þar sem hins vegar sum tryggingarfélög eiga eingöngu að sinna ákveðnum þjóðfélagsskyldum við þegnana með fórn annarra þjóðfélagsþegna, eins og stríðsslysatryggingin á auðvitað að vinna þeim mönnum gagn, sem eiga að fá sig tryggða, eins og aðstandendur sjófarenda í stríðinu. En hlutverk annarra tryggingarstofnana yfirleitt er fyrst og fremst það að gefa þeim mönnum arð af fé sínu, sem setja í starfsemi þeirra stofnana sína peninga. Og á þessu tvennu er ákaflega mikill eðlismunur. Það er auðvitað gert ráð fyrir, að almenningur hafi á einn eða annan hátt gagn af slíkri starfsemi, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., og hefur það líka. En tilgangur manna, sem leggja fram fé í tryggingarstofnanir yfirleitt, er ætíð fyrst og fremst sá að gera sjálfum sér gagn. Um það verður ekki villzt. Það mundi vera talinn mjög óskynsamur maður, sem ætti eitthvert kapital og færi að keppa á tryggingamarkaði til þess að gera það í líknarskyni og ekki til þess að líkna sjálfum sér fyrst og fremst. Enda er það alveg sýnt með fyrirhuguðum reglum þessa félags, að það á fyrst og fremst að tryggja, að það fjármagn, sem lagt er þarna fram, geti fyrst og fremst veitt sínum félögum arð af þeim peningum, sem þar er skotið inn. Og það er alls ekki rétt ályktað hjá hv. þm. Borgf., að það að veita svona stofnun skattfrelsi stuðli ekki að hagsmunum þeirra, sem eiga þar fé inni. Það stuðlar einmitt að því að tryggja, að þeim verði borgaður sæmilegur arður af fénu.

Hv. þm. vildi telja, að ég færi ekki rétt með það, að þetta fyrirhugaða félag hefði ekki tök á að lækka iðgjöld. Ég held, að þessi ályktun hans sé ekki byggð á nægri þekkingu. Það er þannig með tryggingar, sem aflað er erlendis, að þær eru beinlínis boðnar út. Það eru margir um þetta. Ef tryggingin er boðin út, t. d. hér innanlands, geta ýmsir farið með það til sinna agenta erlendis, og þeir reyna að bjóða þetta út á erlendum markaði, og svo er einhver duglegastur að koma þessu niður, og það er hann, sem hreppir umboð. Við vitum, að það var nýtt og ekki sterkt félag, sem kom upp hér í bænum og bauð niður fyrir gömlum og sterkum félögum. Þetta getur náttúrlega vel hafa farið svo langt, að það verði ekki hagnaður á þessu. En fyrir dugnað tryggingaragenta, sem umboðið hlutu á endanum, fékkst lækkun með þessu móti. En ef nokkur heldur, að þetta félag hefði getað ábyrgzt sjálft svo sem 2, 3 eða upp í 5% af andvirði hins tryggða, án endurtryggingar, þá er það misskilningur. Að ætla sér slíkt hefði ekki minnstu þýðingu fyrir félagið. Og svona er það yfirleitt með endurtrygginguna erlendis, sem ekki er komin í fastar skorður, þar byggist starfsemin á dugnaði þeirra agenta, sem bjóða tryggingarnar út á erlendum markaði og eru kunnugir því, hvert er að leita um þátttöku í þessum endurtryggingum.

Ég skal ekki deila um þetta og hve mikla áhættu svona stofnun geti tekið á sig. Það fer auðvitað eftir hverju einstöku áhættunúmeri. Það fer fyrst og fremst eftir því, hve félagið hefur miklar tryggingar, hversu það ber ábyrgð á miklu alls, og í öðru lagi eftir því, hversu það er sterkt fjárhagslega.

Þetta er venjulega reiknað út. En mér þykir ólíklegt, að svona stofnun gæti tekið að sér í hverju áhættunúmeri allt upp í 300 þús. kr. áhættu. Til þess þyrfti félagið að vera mjög ríkt eða hafa fjölbreytta tryggingu. Það er kappsmál hjá tryggingarstofnunum annars staðar að hafa mjög fjölbreyttar tryggingar og litla áhættu í hverri grein. Þetta tryggir, að slík stofnun geti aldrei eða miklu síður orðið fyrir stórkostlegum skakkaföllum á einni tegund tryggginga. Það er að vísu ekki vísvitandi áróður, en kemur fram sem áróður, að hamra á því að koma tryggingunni á innlendar hendur. En það er ekki frá öllu sjónarmiði æskilegt að koma sem mest áhættusömum tryggingum á innlendar hendur fyrst og fremst. Hitt er heldur æskilegast, að tryggingarnar verði fengnar á hinum breiða markaði, sem auðvitað er ekki til innanlands, heldur erlendis, til þess að fá sem hagkvæmust kjör fyrir þá, sem tryggja. Skal ég svo láta útrætt um þetta atriði.

En út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. minntist hér á um Eimskipafélag Íslands, skal ég taka það fram, að ég hlustaði ekki á framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. n., og má vel vera, að hann hafi minnzt á Eimskipafélagið. En ég minntist á Eimskipafélag Íslands eingöngu í því sambandi, að það væri hægt að framlengja skattfrelsi þessarar tryggingarstofnunar frá ári til árs, eins og það hefði verið gert gagnvart Eimskipafélagi Íslands. En ég nefndi ekkert um það, hve víðtækt skattfrelsi Eimskipafélagsins væri. Og það er vitanlega mjög lítilfjörlegt það skattfrelsi að því, er snýr að ríkissjóði. En á móti hefur það opinbera áskilið sér mjög veigamikil hlunnindi hjá félaginu, sem hv. 3. þm. Reykv. skýrði frá. En löggjafarvaldið hefur aldrei látið sér detta í hug að undanþiggja þetta félag þátttöku í að bera byrðar sveitarfélagsins. En ég tók fram í þessu sambandi, að þar að auki væri þetta ekki sambærilegt vegna þess, að Eimskipafélagið leggur miklu minni alúð við og setur miklu færri stoðir undir það, að hluthafar geti fengið arð af sínu fé, heldur en ætlazt er til, að þessi stofnun geri, sem þetta frv. er um. Og reynslan hefur sýnt, að Eimskipafélag Íslands hefur aldrei borgað í arð meira en 4% af hagnaði, og það þótt vextir af almannafé í sparisjóðum hafi stundum verið hærri á sama tíma. Auk þess hefur það félag aldrei reynt að tryggja hluthöfum neina arðjöfnun. Þess vegna hefur því aldrei í allri velgengninni á stríðsárunum dottið í hug að greiða neitt í arð fyrir þau mörgu ár, sem arðgreiðsla hjá því féll niður.

Svo ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég hef talað hér eingöngu af því, að ég vildi, að sjónarmið meiri hl. n. kæmi sem allra gleggst fram. Þó að hv. frsm. meiri hl. n. hafi dregið glöggt fram það, er málið snertir, taldi ég rétt að bæta þessum orðum við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Nd., 12. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 484,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 484,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 484,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 484,4 felld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AJ, PÞ, SigfS, SEH, SK, SkG, EOl, FJ, HÁ, HB, IngJ.
nei: JS, KTh, PO, SB, SG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, GÞ, GSv, GÞG, JóhH.
JörB, BÁ, BG greiddu ekki atkv.
9 þm. (JPálm, JJ, ÓTh, ÁkJ, EmJ, EystJ, GTh, HelgJ, HermG) fjarstaddir.
14.—20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 484,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
23.—26. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
27.—30. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir einstakra kafla samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 95., 96. og 97. fundi í Nd., 14., 15. og 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Nd., 18. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 518, 527, 528, 531).

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég flutti á þskj. nr. 531 brtt. við 2. tölul. 10. gr. frv., um það, að arðgreiðsla af innborguðu áhættufé verði lækkuð úr 5% niður í 2½%, sem er sama vaxtaupphæð, sem á sér stað um lán, sem lánuð eru til sjávarútvegsins, í stofnlánadeild Landsbankans, sem mér þykir eðlilegt, að miðað sé við í þessu efni. Og sérstaklega með tilliti til þess, hvernig frv. er nú, og eins og við hv. þm. Borgf. og ég höfum lagt til, að félagið sé ekki skattskylt eða útsvarsskylt, þá finnst mér eðlilegt, að þetta verði lækkað meira en orðið er. En við 2. umr. var þessi arðgreiðsla lækkuð í 5%.

Þá sé ég ekki ástæðu til að ákveða í frv. um svo kallaðan arðjöfnunarsjóð, og legg ég til, að 3. tölul. 10. gr. frv., sem er um hann, verði felldur niður.

Aðalágreiningurinn í n. reis út af skattskyldu félagsins, og við hv. þm. Borgf. og ég vorum sammála um að leggja til, að félagið skyldi vera algerlega skattfrjálst. Hér er með ákvæðum þessa frv. farið inn á nýjar leiðir í okkar tryggingarmálum. Það er reynt að flytja inn í landið endurtryggingar, sem áður hafa verið útlendar. Og þótt einstaklingar eigi þarna um tvær millj. kr., sem er arður af starfsemi stríðsslysatryggginganna, sem kemur þarna inn í, kemur ekki til mála, að einstaklingar eigi að ráða að öllu, hvernig með þetta fé er farið, enda er því slegið föstu hér, að um þetta eigi ríkisstj. að hafa úrslitaatkvæði, hvernig með þetta fé skuli farið. En meiri hluti stofnfjárins er eign opinberra fyrirtækja, þannig að ríkisvaldið hefur það alla vega í sínum höndum. Ég álít, að skattgreiðsluskylda þessa félags mundi hafa það í för með sér, að þessar tryggingar mundu verða teknar af þessu félagi fyrir óhagstæð kjör, þar sem skattskylda mundi þyngja starfsemi þess.

Komi það hins vegar á daginn, að þessu félagi safnist óeðlilega mikill gróði, en félagið starfaði ekki á þeim grundvelli að hafa endurtryggingar sem lægstar, þá hefur Alþ. aðstöðu til þess á hverjum tíma að taka í taumana og breyta um í þessu efni og láta félagið greiða skatt. En vitanlega yrði frekar að fara hina leiðina, að ákveða nánar um starfsemi félagsins, til þess að tryggingarnar yrðu af því teknar fyrir minna fé. Það má búast við því, að mest af þessum tryggingum hjá félaginu verði fyrir sjávarútveginn. Þess vegna er það óeðlileg íþynging, ef leggja á skatt og gjöld á starfsemi þess. Ég vil því eindregið leggja til, að brtt. frá hv. meiri hl. sjútvn. verði ekki samþ., en frv. verði samþ. óbreytt í því formi, sem það er nú.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég hef lagt hér fram brtt. á þskj. nr. 527. Hún er við 8. gr. um, að í stað „6%“ í 5. tölulið komi: 5%, og við 10. gr. um, að fyrir „6%“ í niðurlagi síðari málsgr. 3. tölul. komi: 5%. Þessi breyt. er ekkert annað en leiðréttíng til samræmis við brtt. frá meiri hl. sjútvn., sem samþ. var við 2. umr. þessa máls, og vænti ég þess vegna, að hún fáist mjög greiðlega samþ.

Í öðru lagi hefur meiri hl. sjútvn. lagt fram brtt. um það, að skattfrelsi þessa félags sé ákveðið til þriggja ára, í stað þess að vera ótímabundið, eins og það er nú í frv. Ég get ekki séð, að þetta sé mjög mikil breyt. Þetta er ekkert annað en ákvæði um það, að þetta skuli tekið til endurskoðunar, þegar félagið hefur starfað í þrjú ár. En í frv. er skattfrelsisákvæðið hins vegar ótímabundið, og er vitanlega hægt að breyta því, hvenær sem Alþ. vill. Það er þess vegna alls ekki svo mikill munur á þessum tveimur till., eins og þær liggja fyrir, sem maður skyldi ætla, þó að n. hafi að vísu klofnað um þetta, því að vitanlega er Alþ. alls ekki skuldbundið fremur en það sjálft vill til að láta þetta félag hafa ævarandi skattfrelsi, þótt ákveðið tímatakmark sé ekki sett í l. í því sambandi, enda þótt það nú um óákveðinn tíma væri undanþegið skatti.

Viðvíkjandi brtt., sem hv. þm. Siglf. hefur lagt fram, um, að í staðinn fyrir 5% arðsútborgun, sem leyfileg er eftir frv., komi 2½%, er það að segja, að sú brtt. hefur ekki legið fyrir n. Og ég veit ekkert um það, hvernig sjútvn. hefði tekið henni, hefði hún komið þar fram. Hv. þm. áskildi sér rétt til þess að bera fram brtt. við þessa gr., sem hann nú hefur gert. En hins vegar er nokkuð langt á milli till. hans og brtt. þeirrar, sem samþ. var hér í hv. þd. um þetta atriði, og ég skal ekkert segja um það, hvort fengizt hefði samkomulag um að lækka þetta greiðsluhámark eitthvað, ef þessu hefði verið hreyft í n. En það hefur sem sagt ekki verið gert. Ég stakk upp á, að mig minnir, 4% sem hámarki í þessu efni, en aðrir nm. vildu hafa þetta hámark eins og það var, og samkomulag varð um 5%. En ef sú brtt. sjútvn. um að binda skattfrelsi félagsins við þrjú ár væri samþ., held ég, að ekki sé ráðlegt að samþ. brtt. hv. þm. Siglf. En þá mætti ef til vill finna einhverja millileið, sem samkomulag hefði getað orðið um, a. m. k. hefði ég vonað það, ef þessi brtt. hefði nokkurn tíma legið fyrir sjútvn.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég vildi, til leiðréttingar við brtt. hv. meiri hl. sjútvn. á þskj. 528, leggja fram skrifl. brtt. Það hafa orðið mistök, þannig að það stendur í brtt., að greinin orðist svo, en á að standa, til samræmis við það, sem að öðru leyti er í frv., að fyrri málsgr. 14. gr. orðist svo. Samkv. þessu vil ég bera fram skrifl. brtt., sem ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta.

Forseti (BG): Mér hefur borizt skrifl. brtt., sem hv. þdm. er kunn af grg. hv. flm. Af því að hún er skrifl. og of seint fram komin, þarf fyrir henni tvöföld afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 539) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Mér þykir ekki ástæða til að hefja umr. um það, sem á milli hefur borið í sjútvn. um þetta mál, sem sé hvort þetta félag eigi að vera skattfrjálst til ríkis og bæjar áfram eins og fyrirrennari þess, stríðsslysatryggingin, hefur verið, frá því að l. um það voru sett, eða að hér eigi að setja þær hömlur á, að þetta skattfrelsi eigi eingöngu að taka til þriggja ára, eins og gert er ráð fyrir í þeim brtt., sem hér liggja fyrir. Við 2. umr. málsins var borin fram brtt. af sömu aðilum um, að þetta skattfrelsi skyldi aðeins taka til tveggja ára. Hún var felld við 2. umr. málsins. Nú hafa þeir bætt við einu ári, þannig að um þrjú ár er að ræða. Ég sé ekki, að það sé neinn munur á um það. Það, sem aðallega er deilt um hér, er, hvort félagið eigi að njóta þessara fríðinda eða ekki. Og við í minni hl. sjútvn. leggjum áherzlu á, að það njóti þeirra, af þeim ástæðum, sem mér þykir ekki ástæða til að fara að endurtaka. Og á grundvelli þess nær þetta félag miklu fljótar og betur þeim tilgangi, sem það vinnur að, sem sé að geta orkað nokkru á um það að lækka iðgjöldin, og svo að hinu leytinu, að fyrr en annars sækist nokkuð á þeirri leið að geta gert þessar tryggingar innlendar að því marki, sem nú þykir hentugt í því máli, eins og stefna okkar hefur verið og er í tryggingarmálum á öðrum sviðum og mikið hefur áunnizt í, eins og öllum er kunnugt.

Það er rétt, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að brtt. hans eru bornar fram sem leiðréttingar í samræmi við þá brtt. um þetta efni, sem samþ. var hér við 2. umr. Um brtt. hv. þm. Siglf. er öðru máli að gegna. Það varð að samkomulagi í n., eins og hv. þm. Ísaf. hefur lýst, að n. — að undanteknum hv. þm. Siglf. einum — ákvað að færa þetta niður úr 6% í 5% og láta ákvæðin að öðru leyti halda sér óbreytt. Mér finnst ekki sanngirni af hv. þm. Siglf. að færa þetta niður í 2½%, sem eru vextir neðan við það, sem menn geta nú fengið fyrir skuldabréf, sem þeir kaupa, en við það er eðlilegt að miða. Þá finnst mér ekki heldur sanngjarnt af hv. þm. Siglf. að vilja fella niður 3. tölul. 10. gr. Það virðist í alla staði eðlilegt og hóflegt að miða við þau 5%, sem nú hafa verið ákveðin, því að það er vitað, að þessari starfsemi, sem þarna er stofnað til, er þannig háttað, að það getur verið gróði annað árið og tap hitt árið, og er það háð óvissu, sem enginn kann að renna grun í fyrir fram, og því virðist, þar sem vaxtagreiðslunum er svona í hóf stillt, eðlilegt, að þetta

sé leyft, enda hreyfði enginn andmælum gegn því í n. annar en hv. þm. Siglf. Ég vil þess vegna mjög eindregið leggja til, að þetta mál verði afgr. óbreytt frá því, sem það var samþ. hér við 2. umr., nema að því er tekur til þeirra lagfæringa, sem hv. þm. Ísaf. leggur til í sínum brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 99. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 527,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 531,1 felld með 12:6 atkv.
— 531,2 felld með 13:6 atkv.
— 527,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 539 samþ. án atkvgr.
— 528, svo breytt, samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HB, IngJ, JPálm, JörB, KTh, PÞ, SigfS, SEH, SkG, FJ.

nei: GÞG, HelgJ, HermG, JS, PO, SG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, GSv.

AJ, BG greiddu ekki atkv.

12 þm. (GTh, JóhH, JJ, ÓTh, SB, SK, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, GÞ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 98. fundi í Ed., 20. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 548).

Á 100. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. er nú endursent frá Nd., og þar hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Sjútvn. hefur athugað þessar breyt. í morgun, og vil ég leyfa mér að gera nokkra grein fyrir afstöðu hennar til þeirra.

Brtt. við 8. gr. eru allar smávægilegar, og getur n. fallizt á þær. Sömuleiðis er með brtt. á 10. gr., hún er aðeins til samræmingar hinum breyt. og því ekkert við hana að athuga. En svo kemur breyt. á 14. gr., sem n. getur alls ekki sætt sig við. Þessi breyt. er, að félagið sé undanþegið öllum sköttum fyrstu þrjú árin. Það var fyrst talað um tvö ár, en síðan breytt í þrjú og samþ. með eins atkv. meiri hluta, en 9 þm. munu hafa verið fjarverandi. Nefndin vill, að þetta verði haft eins og það var upphaflega í frv., eða að orðin „þrjú ár" falli burt.

Þetta félag var stofnað af útgerðarmönnum með 10% framlagi þeirra sjálfra, 10% framlagi frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands, 10% frá Tryggingastofnun ríkisins og 10% frá Brunabótafélagi Íslands. Nú greiddu þessir síðar nefndu aðilar ekkert fé, en lögðu fram ábyrgð. Félagið stóð sig ávallt vel, og fyrirtækið safnaði fé. Árið 1940 var ákveðið með reglugerð, að af fyrstu 105 þúsundunum áttu tryggingartakar ekkert að fá, þegar félagið yrði leyst upp, en að öðru leyti átti varasjóðurinn að skiptast eftir hlutföllum. Þetta sjónarmið var einnig ríkjandi 1941, því að þá var þetta endurnýjað, en síðar breyttist þetta eftir því, sem féð jókst, og þegar frv. er lagt fyrir 1943, er gert ráð fyrir, að 300 þús. kr. gangi til fyrirtækisins vegna fjárhættunnar, en með því var hlutföllunum raskað.

Nú vildi sjútvn. ekki fallast á þetta, því að með þessu þótti réttur þeirra manna, sem greitt höfðu þetta fé, fyrir borð borinn. Frv. var því breytt þannig, að fé þetta yrði lagt í sérstakan sjóð, hvers verkefni var ákveðið í l. Þar var tekið fram, að öll gjöld í þessu sambandi skyldu vera skattfrjáls, enda hefði ekki náðst samkomulag um þetta á öðrum grundvelli. Þessu félagi er ætlað að hafa það verkefni að endurtryggja fyrir flotann og vera um leið ráðandi um endurtryggingargjöld fyrir öll okkar skip og lækka með því verulega iðgjöld vor erlendis. En verði þetta félag skattskylt, eins og nú er gert ráð fyrir í frv., eins og það kemur frá Nd., þá leiðir það af sér, að iðgjöldin verða að hækka, en um leið hækka þau líka á þeim hluta, sem tryggður er erlendis, og getur því falizt í þessu bein gjaldeyriseyðsla. Ég tel þetta innskot Nd. í frv. því algjörlega óviðunandi og mundi heldur kjósa, að frv. félli alveg en að það yrði samþykkt með þeirri breyt. Ég fjölyrði svo ekki um þetta meir, að þessu sinni.

Forseti (PÞ): Brtt. hefur borizt frá sjútvn. við 14. gr., um, að félagið sé undanþegið o. s. frv. — Hér þarf tvöföld afbrigði, sem ég mun nú leita.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 573) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 573 samþ. með 9:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 103. fundi í Nd., 27. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 574).

Á 107., 108., 114., 116. og 117. fundi í Nd., 8., 9., 15., 18. og 22. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 118. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 574, 676).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Það er deila milli deilda um þetta mál þannig, hvort binda á skattfrelsi félagsins við 3 ár eða hvort skattfrelsið á að vera ótakmarkað, eins og meiri hl. Ed. er fylgjandi. Ég hef áður talað um þetta frv., og viljum við, að frv. verði eins og það var, og verður annars Sþ. að skera úr um það.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Það er langt síðan þetta mál var tekið fyrir, og mun ég ekki rifja það upp hér. En sjútvn. var ósátt um afgreiðslu þessa frv. Vildi meiri hl. það sem hv. þm. Ísaf. lýsti, en minni hl. vildi, að félagið hefði þau skattfríðindi, sem fyrirrennari þess hafði notið. Og sú nýja félagsstofnun, sem vill að endurtryggingin sé á innlendri hendi og að iðgjöld séu lækkuð, vill láta félagið halda þeirri afstöðu. Við atkvgr. um þetta deiluatriði var skorið úr þessu með eins atkv. mun, og voru þá margir hv. þm. fjarstaddir, svo að óvíst er, hvort hinn rétti vilji hefur komið í ljós. Svo er ekki einungis ágreiningur um málið milli deilda, heldur einnig hér innan deildarinnar. Ég vildi mæla með, að þessi brtt. verði felld og að frv. öðlist endanlega afgreiðslu nú á þessum fundi.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm., að í umr. er áður fram komið það,

sem fram er að færa um þetta mál. En vegna þess, að hv. þm. Borgf. kom að tveim atriðum, sem hann hafði áður fært fram og ég hélt, að hefði verið svarað þá, þykir mér rétt að endurtaka andmælin. Fyrra atriðið var, að eðlilegt sé, að félagið hafi skattfrelsi eins og fyrirrennari þess, stríðsslysatryggingafélagið, en það er ekki fyrirrennari þessa félags. Félagið, sem leggja á niður, var ekki rekið sem gróðafyrirtæki, heldur var tilgangurinn framlög til slysabóta. Hér er hins vegar um gróðafyrirtæki að ræða eins og önnur tryggingarfélög og er líka þannig byggt upp, og mér er ókunnugt um, að nokkuð mæli með því, að slík stofnun ætti að hafa skattfrelsi. Í frv. eru felldar rammar skorður, að mönnum geti ekki brugðizt gróðinn, og á að leggja fé í arðjöfnunarsjóð og greiða arð, og hefur í því sambandi verið vitnað í Eimskipafélag Íslands, en það hefur aldrei haft arðjöfnunarsjóð, og er það ekki sambærilegt. En ég vildi minna á að Eimskipafélag Íslands hefur greitt hátt á aðra milljón hér í Reykjavík til almenningsþarfa, en því hefur verið veitt skattfrelsi til ríkissjóðs fyrir hlunnindi, sem það hefur látið þjóðinni í té, svo sem strandsiglingarnar, sem reknar hafa verið með tapi. Hér getur því ekki verið um samanburð að ræða. Um hitt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að félagið ætlaði að lækka iðgjöld, þá hefur ríkið samábyrgðina og hefur sett lög þar um, þar sem þess er stranglega gætt, að tryggingarnar geti ekki orðið dýrari en raunverulegt er. Það er heldur ekki rétt að halda, að þótt stofnunin tæki 10% af áhættufénu, að hún gæti boðið tryggingar niður, og er hún þess ekki megnug, því að Lundúnamarkaðurinn hefur ráðið og samkeppni þarf til þess að iðgjöld lækki. Við erum sjálfir ómegnugir að hafa tryggingarnar á hendi að öllu leyti, þótt heilbrigt sé, að við gætum haft sem mest af þeim. En menn spyrja aðeins: Er ég tryggður? En ekki: Hvar er ég tryggður? Þess vegna má enginn taka á sig tryggingar umfram það, sem getan leyfir. Frá minni hálfu þá er ég mótfallinn skattfrelsi félagsins, en þeir, sem eru sjálfir eða sem umboðsmenn að mæla fyrir þessu, ætlast hreint ekki til lítils. En ef svo virtist, sem skattfrelsið hefði rétt á sér, þá væri hægt að framlengja það. Ég vil benda á, að ríkið hefur látið sínar stofnanir greiða til opinberra þarfa svo sem einkasölurnar og S. R., og ríkið hefur það fyrir reglu, að stofnanir, sem reistar eru til hagsmuna fyrir ríkið, borga opinber gjöld, því hvernig færi, ef ríkið útrýmdi einstaklingsrekstrinum og skoraðist svo undan að borga til opinberra þarfa. Ég vildi svo mælast til, að hv. þm. greiði atkv. með þessari till.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fara að rífja upp málavöxtu og gaf ég heldur ekki ástæðu til þess. En vegna ummæla hv. 5. þm. Reykv. vildi ég segja nokkur orð. Hann sagði að það væri rangt, að stríðstryggingarfélagið hefði verið fyrirrennari þessa félagsskapar. En að þeim félagsskap standa þeir sömu aðilar og að þessu félagi, og er það byggt upp af gróða þess, og á þessum grundvelli er búið að starfrækja þetta félag, sem hér um ræðir. En þegar verkefni fyrra félagsins var búið, varð annað hvort að skipta eða láta það halda áfram starfsemi sinni. Sú skoðun varð svo ofan á að láta félagið halda áfram með breyttu viðhorfi, og er nú búið að starfrækja það í eitt ár. Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að þetta sé gróðafélag, en þeir aðilar, sem að því standa, eru Brunabótafélag Íslands, Samábyrgð ríkisins og útgerðarmenn, en að það sé aðaltilgangur félagsins, sést bezt á ákvæðunum, hvaða gróða félagið geti boðið, og er þar aðeins um að ræða það ákvæði, að eigendur fái 5% arð, en ef út af ber, þá megi jafna með millifærslu. En það, sem þeir bera úr býtum, er 5%, og er það mjög hóflegt. Markmið félagsins er að vinna að alþjóðarhagsmunum, og er hér með lagður grundvöllur að því, að endurtryggingin færist á innlendar hendur og að félagið geti lækkað iðgjöld tryggjanna, og á þessu byggist það, að félagið fái skattfrelsi. Ég hafði bent á það í n. og einnig hér, að á síðasta ári tókst að tilhlutan þessa félags að lækka iðgjöld af nýjum togurum um ¾%, auk þess sem fyrir liggur, að í sambandi við loftferðir hefur félagið sparað Íslendingum fé, og er ljóst, að frá gjaldeyrissjónarmiði séð, þá er betra að hafa þetta á innlendri hendi. Ég vona því, að meiri hl. n. og hv. d. líti svo á, að það sé eðlilegt og hyggilegt að veita félaginu skattfrelsi, til að það geti unnið að alþjóðarhagsmunum og það geti orðið innlent og lækkað iðgjöldin. Skattfrelsið er ekki svo mikils virði, að ekki svari kostnaði að veita það, til að þetta félag geti þjónað alþjóðarhagsmunum. Enda hefur hv. meiri hl. sjútvn. gengið inn á þetta að nokkru leyti, þar sem þeir hafa borið fram brtt. um, að þetta félag njóti skattfrelsis í 3 ár. Hins vegar hef ég fært fram sannanir fyrir því, að það mundi vera hyggilegra upp á starfsemi félagsins og þjóna alþjóðarhagsmunum, að í l. sé þannig frá því gengið, að félagið njóti skattfrelsis og geti hagað starfsemi sinni í samræmi við það. — Skal ég ljúka þessu máli mínu með því að taka fram, að ég vænti þess, að frv. geti fengið endanlega afgr. nú hér á þessum fundi. En það verður með því einu móti gert, að ekki verði gerðar á því breyt. nú.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal rekja þessi atriði, sem hv. þm. Borgf. fór hér út í. Hann sagði, að það væri ekki rétt hjá mér, að stríðsslysatryggingarfélagið væri ekki fyrirrennari þessa félags, sem hér er um að ræða, af því að sömu aðilar stæðu að þessu félagi eins og stríðsslysatryggingafélaginu. Þetta sannar lítið, þótt sagt sé, að sömu menn standi og hafi staðið að báðum þessum félögum, því að sömu aðilar geta starfrækt algerlega óskylda hluti. Og það er barnalegt að halda slíku fram. Það væri líkt og t. d. að segja, ef ég væri útgerðarmaður, að skyldleiki væri á milli þess og annarrar atvinnu, sem ég ræki, ef ég ræki t. d. búskap einhvers staðar.

Ég vil benda hv. þm. og sérstaklega hv. þm. Borgf. á það, að starf stríðsslysatryggingafélagsins var eingöngu að tryggja skipshafnir gegn slysum og dauða. Er nokkuð í þá átt í þessu, sem hér liggur fyrir? Þetta nýja félag á að vera fyrst og fremst til þess, að þeir menn, sem leggja þarna inn fé, hafi af því vissar tekjur. Hér er því alls ekki líku saman að jafna. Hv. þm. Borgf. segir líka, að þetta félag njóti skattfrelsis. Það hefur tekið sér þetta skattfrelsi sjálft. Þetta félag er ekki stofnað enn raunverulega. En það hefur starfað að umsvifamiklum tryggingum og tekið sér skattfrelsi. Og það er ekki það sama og að gefa neinum manni rétt, þó að sá maður taki sér einhvern rétt, og

slíkt á ekki að eiga sér stað, að aðilar taki sér sjálfir slíkan rétt. Hv. þm. Borgf. sagði, að sér væri kunnugt um, að félagið hefði lækkað iðgjöldin. En það af tryggingum, sem snertir nýja togaraflotann, var alls ekki boðið út, heldur var pukrað með þetta við þetta félag. Félagið samdi um þetta við erlenda endurtryggingu, og félagið tók 10% hagnað. Þetta var aðeins samningsatriði við endurtryggjandann, og enginn er kominn til að segja, nema þetta hefði getað verið lægra, ef þetta hefði verið boðið út og keppt um á erlendum markaði að komast að sem beztum kjörum. Og ég er ekki viss um, nema þetta hafi valdið því, að togarar hafi fengið tryggingu með hærri iðgjöldum en verið hefði, ef þetta hefði verið frjálst.

Hv. þm. Borgf. var enn að tala um hagnaðinn af því að hafa tryggginguna innlenda, sem kæmi fram í gjaldeyrissparnaði. En það getur ekki orðið gjaldeyrissparnaður, nema því aðeins, að tekinn sé nú óeðlilegur gróði á tryggingunum. Tryggingarfélag hér starfaði upp undir 40 ár án þess að greiða einn eyri til erlendra endurtrygginga. Hvaða gjaldeyri sparaði þetta? Þeir græddu gjaldeyri á því.

Hv. þm. Borgf. sagði, að skyldleiki þessara félaga væri í því fólginn, að félagið hefði grætt á slysatryggingunni. Stjórnendunum var falið að reikna út iðgjöldin í samræmi við áhættuna. En þegar félagið var búið að starfa í nokkur ár, er það búið að græða 5 millj. kr., og það hefði verið bezt að tala sem minnst um það. Þetta félag hefur tekið þarna meiri gróða en því raunverulega var heimilað. Og þegar hv. þm. Borgf. vill leggja tryggingamálin sem mest í hendur þessa félags til þess að spara gjaldeyri, þá væri kannske fróðlegt að sjá reikninga þessarar tryggingar og hvað mörgum milljónum hún hefur kastað út úr landinu í gjaldeyri, af því að hún reiknaði áhættuna meiri en nauðsynlegt var eða eðlilegt var. — Ég dreg þetta ekki frekar inn í umr.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég skal aðeins segja það út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. var að tala hér um, að ég hefði borið fram sem aðalatriði í málinu, að það hefðu staðið sömu aðilar að hinu fyrra félagi eins og þessu, sem hér ræðir um, að þetta félag er búið að starfa að sínum tryggingum í eitt ár, svo að það er áframhaldandi starf, sem hér er um að ræða. Gróði þessa félags er um 4 millj. 964 þús. kr., og það stóð opið fyrir að skipta þessu fé á milli eigendanna. En þeir aðilar, sem nú leggja þetta fé inn í þetta nýja félag, mega aldrei fá meira en 5% af þessu fé í vexti. Þetta er bara sá reginmunur í þessu máli, og hér snýr hv. 5. þm. Reykv. alveg hlutunum við. Og ég álít það mjög skynsamlega ráðstöfun af viðkomandi aðilum að hafa ekki skipt upp þessu fé, heldur leggja það sem grundvöll að þessari mikils verðu sjóðstofnun.

Í London voru boðnar út þessar endurtryggingar á togurunum, og af tilboðum í því efni, sem hv. 5. þm. Reykv. vitnar alltaf til, sem þóttu nokkuð há, fékk félagið, sem að botnvörputryggingunum stendur, að taka að sér 10% af áhættunni, og við það lækkuðu iðgjöldin um ¾%. Þessu þýðir ekkert fyrir hv. 5. þm. Reykv. að neita.

Að það sé ekki með því að reyna að koma þessu á innlendar hendur stefnt að gjaldeyrissparnaði, það þykir mér einkennileg kenning. Heldur hv. 5. þm. Reykv., að þessi endurtryggingafélög í London reki tryggingastarfsemi sem góðgerðastarfsemi handa okkur? Nei, þau gera það fyrst og fremst til þess að láta starfsemina bera sig og auk þess til þess að hagnast á henni, og ef það sýnir sig, að það verði tap á þeim rekstri hjá þessum erlendu félögum, eru iðgjöldin hækkuð. En með stofnun þessa félags, sem hér er um að ræða, gerbreytist okkar aðstaða í þessum efnum, og því sterkari verður þessi aðstaða sem bolmagn þessa félags verður meira. En með skattfrelsi er vitanlega mjög stutt að því, að þetta félag geti orðið öflugur keppinautur erlendu vátryggingafélaganna og geti komið tryggingunum á íslenzkar hendur.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég verð að leiðrétta það, sem hv. þm. Borgf. sagði hér um það, að ég hefði farið rangt með það, að þessar tryggingar hefðu ekki verið boðnar út. Ég sagði innanlands. En þegar brunatryggingarnar voru settar á hér í Reykjavík, þá var innlendum félögum gefinn kostur á að keppa, og það varð til þess að lækka brunatryggingarnar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þau glímdu um það lengi, hvort þau ættu að fá hér umboð, og það varð til þess, að endurtryggjandinn í London lækkaði sig. En það var það, sem ég benti á, að þetta væri útilokað hér. Ég vísa til minna fyrri ummæla um það, hvort íslenzk endurtrygging geti orðið öflugur keppinautur erlendra endurtryggingafélaga. Það er náttúrlega alveg óhugsandi, að slíkt geti orðið, því að ég veit ekki betur en að í milljónalöndum, þar sem auðmagn er svo mikið, að þar er einn einstaklingur kannske auðugri en allt íslenzka ríkið, þar þykir sjálfsagt að dreifa tryggingunum til annarra landa sem allra mest.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 119. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 120. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 676 felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JörB, PÞ, SB, SEH, SK, SkG, StgrSt.

nei: ÁÁ, EOl, EmJ, GSv, GÞG, HermG, KTh, LJós, PO, SG, StJSt, ÁkJ, BG.

9 þm. (BÁ, GÞ, GTh, HÁ, JóhH, JS, JJ, ÓTh, SigfS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 750).

64. Tunnusmíði.

Á 94. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði (þmfrv., A. 522).

Á 95. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Gísli Jónsson): Það er það sama að segja um þetta mál og 197. mál (frv. um síldarniðursuðuverksmiðju), að það hefur verið sent sjútvn. til athugunar af hæstv. ríkisstj. og hún beðin að flytja það. Minni hl. n. hefur ekki viljað vera með í því að flytja frv., og hefur hann því óbundnar hendur. Efni þessa frv. er það, að nú á síldarútvegsnefnd að hafa á hendi alla framkvæmd þessara mála, alla stjórn verksmiðjunnar. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég vænti þess, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. Ég sé ekki ástæðu til að vísa málinu til n., en komi fram ósk um, að n. taki málið til meðferðar, mun ég sem form. n. gera það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:2 atkv.

Á 97. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 98. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 100. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 101. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 114. og 116. fundi í Nd., 15. og 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 522, n. 628 og 695).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Þar sem hv. þm. Siglf., sem er í minni hl., er fjarverandi, þá vil ég geyma mér framsögu málsins, þar til hann getur verið viðstaddur.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 118. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 119. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég frestaði framsöguræðu minni við 2. umr., vegna þess að frsm. minni hl. sjútvn., hv. þm. Siglf., var þá ekki hér viðstaddur einhverra hluta vegna, svo að málið tafðist vegna fjarveru hans hér í d., og eins var það í n. Hann hefur gefið út nál. á 5 blaðsíðum, sem er einstakt í sinni röð, því að það kemur lítið nálægt málinu sjálfu, en er að mestu árásir á síldarútvegsnefnd. Þessi nefnd hefur starfað síðan 1935 og ætíð verið þannig skipuð, að í henni eiga sæti fulltrúar frá öllum flokkum og nú síðast tveir fulltrúar frá flokki hv. þm. Siglf. Um skeið átti hann sjálfur sæti í síldarútvegsnefnd, og hefði honum því betur sæmt að bera blak af n. en bera hana ósönnum sökum.

Ég vil nú biðja hæstv. forseta velvirðingar fyrir fram á því, ef honum virðist ég fara út fyrir efnið í ræðu minni, en það er að gefnu tilefni, nál., sem ég minntist á áðan.

Þetta nál. mun vera eitt furðulegasta plagg, sem sézt hefur á Alþingi, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að það er samið og undirritað af fyrrverandi meðlim síldarútvegsnefndar og fyrrverandi atvmrh., yfirmanni þessarar nefndar, og ætti að mega gera ráð fyrir, að þm. hefði nokkra hugmynd um starfsemi n. og eitthvert brot af þekkingu á starfsviði því, sem henni er ætlað lögum samkvæmt. Svo virðist þó ekki, heldur er í þessu nál. þyrlað upp ósannindum og vaðli um störf n. og hún borin sökum, sem ekki eiga nokkra stoð í veruleikanum, svo sem opinberar skýrslur sanna.

Þm. virðist ganga út frá því, að síldarútvegsnefnd hafi frá byrjun haft einkasölu á allri síld, og gerir ályktanir sínar út frá því. Er þetta eins og fleira alrangt. Síldarútvegsnefnd hefur starfað í 12 sumur (vertíðir), þar af haft einkaútflutning á aðeins léttverkaðri síld (matéssíld) í 6 ár, engan einkaútflutning í 2 ár (annaðist að vísu annað árið sölu síldar fyrir nokkra saltendur samkv. beiðni þeirra, en annað árið enga sölu, þá selt af sölusamlagi síldarsaltenda og samvinnufélagi Ísfirðinga) og haft einkasölu allrar síldar í 4 ár. Samkvæmt lögum nr. 74 frá 29 des. 1934, má skipta verkefni síldarútvegsnefndar í 4 aðalatriði:

1. Sala síldar (einstakra tegunda eða allrar), ef henni er falið það af ráðherra.
2. Ákvörðun lágmarksverðs fersksíldar og lágmarksverðs útfluttrar síldar.
3. Löggilding útflytjenda, síldarsaltenda og úthlutun veiðileyfa til skipa og söltunarleyfa til stöðva. Samkv. l. má enginn bjóða síld til sölu á erlendum markaði eða flytja út síld nema með leyfi Síldarútvegsnefndar.
4. Styrkja nýjar verkunaraðferðir, veiðiaðferðir og afla nýrra markaða.

Eins og séð verður af þessu, er n. ekki ætlað að kaupa inn tunnur eða salt, og ekki til þess heimild samkv. þessum lögum, þó að n. hins vegar hafi þurft að gera þetta í misjafnlega stórum stíl, eins og ég kem að síðar. Þar sem þm. byggir þannig allt sitt og ádeilur á Síldarútvegsnefnd á alröngum forsendum, er ekki furða, þó að fullyrðing-

ar hans um störf hennar fái ekki staðizt, en margt af því, sem hann fullyrðir, er beinlínis uppspuni og ósannindi, eins og nú mun verða vikið að, þó að reyndar verði látið nægja að hrekja helztu rangfærslurnar.

Þm. fullyrðir, að liðið hafi mánuðir frá því, að síldarútvegsnefnd tók við andvirði saltsíldar, og þar til hún greiddi saltendum það. Þetta er algerlega rangt. Síldarsaltendum var greitt um leið og n. fékk peningana í sínar hendur 80—90% af andvirði síldarinnar, en samkv. reglugerð bar henni að halda hinu eftir, þar til sala allrar síldarinnar var farin fram. Var enda oft greidd viðbótargreiðsla, þegar á leið sölutímann og sýnt var, að öll síld seldist fyrir ákveðið verð, þannig að þegar upp var gert að síðustu, áttu saltendur ekki inni nema 5—7% af andvirðinu, sem þá var strax greitt. Þetta er mér persónulega kunnugt, meðan ég átti sæti í n., og er mér tjáð, að síðar hafi sama regla gilt. Það má vel vera, að það rugli þm., að greiðsla fyrir síldina, sem tryggð er með rembours, kemur oft ekki til n. fyrr en síldin er afhent eða réttara sagt skjölin (farmskírteini o. fl.), þegar hún er komin á áfangastað, og hann haldi í fávísi sinni, að undir öllum kringumstæðum fái síldarútvegsnefnd greiðslu, þegar síldinni er afskipað. Bækur og skýrslur síldarútvegsnefndar sýna, að þetta er rétt, og er furðu ósvífið að vera með slíkar fullyrðingar sem þessar. Mér er ekki kunnugt um, að nokkurn tíma hafi risið misklið milli síldarsaltenda og síldarútvegsnefndar vegna útborgunar á þá síld, sem síldarútvegsnefnd hefur haft til sölumeðferðar.

Eins og áður er að vikið, er ekki til þess ætlazt með lögum um síldarútvegsnefnd, að hún kaupi inn tunnur og salt. Það kom þó fljótt í ljós, að ýmsum smærri saltendum var um megn að útvega sér nægar tunnur til söltunar og þá einkum og sér í lagi undir matéssíld, sérstaklega skozkar tunnur undir síld á Ameríkumarkað. Síldarútvegsnefnd tók því þann kostinn að létta saltendum þessa útvegun, ýmist með því að ábyrgjast hinum innlendu tunnuframleiðendum (á Akureyri og Siglufirði) greiðslu þeirra tunna, er fóru undir matéssíld, eða að kaupa inn skozkar tunnur undir Ameríkusíld og afhenda saltendum, en greiðsla fyrir þær tunnur var síðan dregin frá andvirði útfluttrar síldar. Má af þessu marka fleipur þm. um andúð síldarútvegsnefndar á tunnuverksmiðjunum, þar sem oftast eina trygging þeirra var að selja til saltenda með ábyrgð síldarútvegsnefndar. N. keypti aldrei inn norskar tunnur, heldur önnuðust síldarsaltendur sjálfir þau innkaup. Það verður því að skrifast á þeirra reikning, ef fluttar hafa verið inn lélegar tunnur. Hitt er svo annað mál, að síldarútvegsnefnd var það ljóst, að sjálfsagt væri, að einungis yrðu fluttar inn góðar og samstæðar tunnur, og þess vegna voru fyrir hennar atbeina samþ. l. á Alþ., sem ákveða um gerð og gæði innfluttra tunna. Þessi l. áttu að koma til framkvæmda á styrjaldarárunum, en var frestað vegna vandkvæða, sem þá og síðar hafa verið á því að fá fyrsta flokks tunnur. Sýnir þetta einmitt gagnstætt því, sem þm. vill vera láta, að síldarútvegsnefnd hafði þessi mál til athugunar og lét þau ekki afskiptalaus, en einmitt framkvæmd tunnulaganna mun stórbæta aðstöðu íslenzkra tunnuverksmiðja í samkepppni við þær erlendu.

N. hefur ávallt haft í sinni þjónustu menn, sem hafa sérþekkingu á tunnum og tunnuefni og tunnusmíði. Má þar til nefna Magnús Vagnsson, sem var í þjónustu n., þar til hann varð matsstjóri fyrir nokkrum árum, og ávallt hefur verið reiðubúinn að starfa fyrir n. að skoðun og móttöku tunna og tunnuefnis, girðis o. fl. og er m. a. nú erlendis á vegum síldarútvegsnefndar í þessum erindum. Þá má einnig nefna Harald Gunnlaugsson, en auk þessara tveggja hafa verið í n. og hjá n. aðrir, sem góða þekkingu hafa í þessum efnum. Þegar þetta er athugað, að síldarútvegsnefnd keypti inn aðeins skozkar tunnur, sem eru viðurkenndar fyrir efni og gæði, og það undir umsjón færustu manna, verður að skoða ummæli þm. um, að stundum hafi tunnurnar verið afleitar, sprottin af þekkingarleysi á þessum málum eða fávizku. Aðeins einu sinni varð n. fyrir óhöppum við kaup á tunnum, ekki frá útlöndum, heldur frá tunnuverksmiðju Siglufjarðar. Þetta var þó ekki um að kenna smíði tunnanna, heldur vegna þess, að efnið var lélegt. Þetta viðurkenndi forstjórinn og gerði það, sem hann gat, til þess að bæta úr. N. gafst þó ekki að heldur upp á því að kaupa tunnur af tunnuverksmiðjunni, heldur hélt áfram, enda reyndust þær mun betur síðar og tunnur, sem framleiddar voru þar s. l. ár, voru góðar að öllum frágangi. Önnur ummæli þm. um, að síldarútvegsnefnd hafi rekið áróður gegn hinum íslenzku tunnuverksmiðjum, eru á sömu rökum reist og þau, sem að framan hafa verið rakin, þ. e. þau eru ósannindi og rangfærslur eða byggð á fávísi þm. um þessi mál. Síldarútvegsnefnd fylgdist af áhuga og velvild með þessari framleiðslu, eins og áður er sýnt fram á, og brýndi hún jafnan fyrir þessum aðilum að vanda sem allra mest val efnis og alla vinnu. Mun það ekki sízt því að þakka, að þessum iðnaði hefur fleygt fram í þeim efnum. Síldarútvegsnefnd hafði fyrir stríð hvorki aðstöðu né heimild til þess að kaupa alla framleiðslu þessara fyrirtækja, þar sem n. hafði aðeins hluta framleiðslunnar til sölu, en auk þess var hverjum saltanda heimilt að flytja inn tunnur undir síld sína, og gerðu það flestir þeir stærri. Ef síldarútvegsnefnd hefði keypt á hverjum tíma mun meiri tunnur en hún vissi, að yrðu notaðar, hefði það leitt til þess, að tunnur n. hefðu legið, gengið úr sér og orðið ónýtar. Af því gat ekki leitt annað en tap, sem aftur hefði lent á saltendum, þeim til tjóns, en engum til gagns, sams konar tap og reið gömlu síldareinkasölunni að fullu.

Þm. verður mjög tíðrætt um það, sem hann nefnir „einokunaraðstöðu Svía“ og hann telur vera í því fólgið, að þessir kaupendur að nokkru leyti keyptu síld og vinnu, en legðu til tunnur, salt, sykur og krydd. Er rétt að athuga þetta nokkru nánar.

Öllum saltendum ber saman um, að hagkvæmasta verkunin sé að sykursalta eða kryddsalta síld. Ber þar margt til, en þó sérstaklega tvennt. Hægt er að nota eldri síld til þessarar söltunar, en t. d. til matésverkunar eða cutsíldar. Þess vegna er hægt að salta meira í einni söltun og á skemmri tíma af hverju veiðiskipi, og fersksíldin nýtist betur. Þá er það viðurkennd staðreynd, að þessum tegundum síldar er miklu síður hætt við skemmdum en annarri síld. Þess vegna var reynt eftir megni að færa þessa verkun inn í landið, en hún hafði áður

en síldarútvegsnefnd tók til starfa mjög færzt út til fiskiskipanna erlendu, og tókst þetta svo vel, að 1938 mun hafa verið verkað meira en nokkru sinni áður eða um 70000 tunnur þessara tegunda. Svíar lögðu útifiskurunum til tunnur, sykur, salt og krydd til þessarar verkunar. Sama vildu þeir einnig gera í landi, og bar þá aðallega það til, að hver verksmiðja hefur sínar eigin blöndur á kryddi, sem vakað er yfir sem leyndarmáli, og vildi því leggja kryddið til blandað, og svo hitt, að oft voru notaðar gamlar tunnur undir kryddsíldina. Þess vegna var það svo, að n. ákvað tvenns konar verð á síldinni, annað með tunnum, salti o. s. frv. og hitt án tunna og salts. Ef þm. vildi nú gera sér það ómak að bera saman þessi tvö verð, annars vegar excl. verðið og svo þáverandi gangverð á tunnum og salti o. s. frv., þá hygg ég, að hann mundi komast að raun um, að excl. verðið var í flestum tilfellum mun hagstæðara fyrir saltandann, en auk þess var hann búinn að fá tryggingu fyrir því, að síldin yrði tekin, sem annars gat oft brugðizt, þar sem kaupandinn átti tunnur o. fl. undir síldinni og hafði þar með tekið á sig hluta af áhættunni, enda var nýsíldin ætíð viðurkennd af umboðsmanni kaupanda, áður en söltun hófst. Hitt er svo alrangt, að Svíar hafi lagt til tunnur undir alla síld, sem þeir keyptu. Íslendingar fluttu inn mikið magn af tunnum frá Noregi, bæði undir matéssíld og síld, sem seld var til Svíþjóðar og á aðra markaði. Það er þess vegna rangt, að Svíar hafi raunverulega lánað saltendum þessar tunnur, salt, krydd o. s. frv., heldur lögðu þeir það til, og það var þeirra eign og á þeirra ábyrgð allan tímann, notað eða ekki notað. Af þessu verður séð, að fullyrðingar þm. um, að þessi verzlun út af fyrir sig hafi skaðað þjóðina um tugi milljóna, eru alrangar, en um fullyrðingar hans um lækkun síldarverðs af þessum ástæðum mun ég ræða síðar. Innlenda tunnuframleiðslan var út af fyrir sig engin trygging fyrir því, að Svíar gætu ekki, ef þeir hefðu viljað, ráðið yfir tómtunnum, meðan þeim ekki var bannað að kaupa tunnur, framleiddar hér á landi, enda eru dæmi þess, að þeir keyptu hér 20—40 þúsund tunnur af íslenzkri framleiðslu eitt árið.

Meðan ég átti sæti í síldarútvegsnefnd, hafði hún ekki með höndum neina sölu á síld til Svía að undanteknum nokkrum þúsundum tunna og þá fyrir ágætt verð og á árinu 1940, er n. seldi þeim alla framleiðslu af cutsíld, um 40000 tunnur, með tunnum og salti og fyrir hátt verð, en þessa síld greiddu Svíar og tóku við henni hér á landi, en þessa sölu kom í minn hlut að undirbúa þann tíma er ég dvaldi í Svíþjóð sumarið 1940. Eins og kunnugt er, komust ekki nema um 15 þúsund tunnur af þessari síld til Svíþjóðar, en hitt var geymt hér á ábyrgð Svía í tvö ár, en síðar selt til bræðslu og skepnufóðurs fyrir lágt verð.

Eins og ég gat um áður, er eitt af höfuðverkefnum síldarútvegsnefndar að ákveða lágmarksútflutningsverð. Þetta verð þurftu Svíar að greiða. Samningar, sem gerðir voru við lægra verði, voru ekki viðurkenndir og eyðilagðir. Þm. getur verið þess fullviss, að marga slíka þurfti að eyðileggja á fyrstu starfsárum síldarútvegsnefndar. Þm. talar enn af fávizku eða lætur verri hvatir ráða, þegar hann heldur því fram, að saltendur hafi orðið að sitja við það verð, er Svíar buðu. Það var síldarútvegsnefnd, er ákvað verðið, og ef þm. vill gera sér það ómak að leita enn upplýsinga aftur í fortíðina, ætti hann að bera saman það verð, sem Svíar greiddu fyrir íslenzku síldina, og það verð, sem þeir greiddu fyrir norskveidda Íslandssíld. Mundi hann þá enn komast að þeirri niðurstöðu, að hann hallar mjög réttu máli.

Eitt atriði má enn nefna til þess að hrekja staðleysur þm. um undirlægjuhátt síldarútvegsnefndar gagnvart sænskum síldarkaupendum. Síldarútvegsnefnd komst að því eitt sumar, að nokkrir saltendur gerðu tilraun til þess að selja Svíum síld undir lágmarksverði nefndarinnar. N. fól þegar tveimur mönnum að rannsaka bókhald allra löggiltra saltenda og komst þá að því, að nokkur brögð voru að þessu. Var þetta þegar stöðvað, og er óhætt að fullyrða, að fyrir þessar aðgerðir síldarútvegsnefndar græddu saltendur nokkuð fé, auk þess sem sænskir kaupendur reyndu ekki aftur að fara þessa leið, þar eð þeir vissu, að á valdi síldarútvegsnefndar var að koma í veg fyrir, að þeir saltendur, sem slíkt hefðu gert, yrðu löggiltir sem seljendur áfram. Hér er því málunum beinlínis snúið við. Það var síldarútvegsnefnd, sem tók upp baráttuna gegn þessum ósóma, en saltendur, sem höfðu byrjað hann. En þetta kallar þm. að taka taum Svíanna og hossa þeim.

Einhver alósvífnasta árásin á síldarútvegsnefnd er í þessu furðulega plaggi, þegar þm. telur, að n. hafi gripið fram fyrir hendur á saltendum og samið við Svía um lægra verð á síld 1939 en þeir sjálfir hefðu getað náð. Hér er svo rangt með farið, að tæplega getur um verið að kenna fávizku og ókunnugleik þm., heldur hlýtur þm. að vera ljóst, að hann fer hér með alrangt mál, hrein ósannindi, sem hann telur sennilega, að einhver muni trúa í bili, þar til hið sanna er leitt fram í dagsljósið. Ég var formaður síldarútvegsnefndar þetta haust og hafði verið frá stofnun n., og einnig var hæstv. fjmrh. einn nm. Mikill meiri hluti síldarinnar hafði verið seldur fyrir fram, og höfðu einstakir saltendur gert samninga við Svía og aðra, en þeir samningar síðan staðfestir af síldarútvegsnefnd, ef þeir uppfylltu sett skilyrði um verð og annað. Þegar stríðið skall á, taldi síldarútvegsnefnd, að nauðsynlegt mundi að freista þess að fá hækkaða þá síld, sem í landinu lá, og jafnframt voru gerðar ráðstafanir til þess að hækka verð á þeirri síld, er síðar kynni að veiðast og ósamningsbundin var. En við rannsókn, sem n. lét fram fara, kom í ljós, að öll síld (önnur en matéssíld) var seld með fyrirframsamningum af saltendum sjálfum. Eftir að þetta kom í ljós, voru m. a. af þessum ástæðum sett lög um útflutningsnefnd, þar sem bannaður var útflutningur á öllum vörum, sem þá voru liggjandi í landinu. Síldarsaltendur sjálfir vildu margir hverjir ekki rifta samningum og alls ekki standa að því sjálfir að hækka verðið. Og í skjalasafni síldarútvegsnefndar liggur skjal, undirritað af umboðsmönnum saltenda, þeim Ingvari Guðjónssyni, Steindóri Hjaltalín og Ingvari Vilhjálmssyni, þar sem þeir gefa síldarútvegsnefnd umboð til þess að semja við sænska síldarkaupendur um verðhækkun á allri samningsbundinni síld, kr. 4 sænskar pr. tunnu. En undanfari þess umboðs var einmitt það, að þeir vildu ekki sjálfir koma fram sem aðilar að þessum samningum, enda töldu sér það ekki fært, þar sem þeir höfðu sjálfir gert þá samninga,

sem með þessari samningagerð voru ógildir. Þegar þessar staðreyndir eru athugaðar:

1. að saltendur höfðu sjálfir löngu fyrir fram gert bindandi samninga við sænska síldarkaupendur og aðra,
2. að öll síld, sem hér lá (önnur en matéssíld), er stríðið brauzt út, var seld fyrir fram með bindandi samningum og
3. að síldarútvegsnefnd samdi samkvæmt beiðni og umboði saltenda um verðhækkun á síld, sem þeir saltendur, en ekki síldarútvegsnefnd hafði selt fyrir fram,

sést bezt, hvílíkt fleipur þm. fer með.

Hvernig áttu saltendur að geta knúð kaupendur til hækkunar á síld, sem fyrirframsamningar lágu fyrir um?

Hvernig átti síldarútvegsnefnd að grípa fram fyrir hendur þeirra, þegar þeir einir og sjálfir höfðu allan rétt haft til að selja og höfðu til að selja sína framleiðslu?

En einmitt umboð það, sem saltendur gáfu síldarútvegsnefnd, sýndi, að þeir vildu láta n. semja fyrir sig um þessa verðhækkun, m. a. vegna þess, að þeir vildu ógjarnan verða fyrir þeim óþægindum, sem af því leiddi að hækka verð á samningsbundinni vöru.

Mér er ekki kunnugt um, hvað þessi hv. þm. telur sér samboðið, en þó verður því ekki neitað, að þetta dæmalausa nál. virðist bera vott um, að hann hafi takmarkalausa trú á því að fara með ósannindi, fleipur og staðleysur máli sínu til framdráttar. Ég nenni ekki að hrekja einstaka önnur ósannindi og dylgjur, en þess má þó geta, að þegar þm. talar um samfelldar stórveizlur fyrir Svía, fer hann eins og í öðru með alrangt mál. Síldarútvegsnefnd hafði venjulega einu sinni á vertíð (þó ekki alltaf) hóf fyrir þá umboðsmenn erlendra síldarkaupenda, er hér voru, og eru til skilríki því til sönnunar, en hvort þetta hefur breytzt, eftir að ég fór úr n. og þm. tók þar sæti, skal ég ekki segja, en kunnugt er, að þessi þm. hefur mesta dálæti á að halda stórveizlur á kostnað þess opinbera, þegar honum gefast minnsta tækifæri þar til. Ég skal svo láta útrætt um þessi atriði, en vil benda á, að síldarútvegsnefnd hefur jafnan talið traustast til góðs árangurs að hafa sem kurteisast samband við erlenda viðskiptamenn sína, en þó með fullri einurð. Enda mun það bezt til framhaldandi viðskipta, að sem vinsamlegast samband sé á milli þeirra aðila, sem íslenzkar afurðir selja, og hinna, sem þær kaupa.

Að lokum vil ég svo aðeins benda þm. á eitt lítið atriði í sambandi við kaup á stafefni, sem stjórn tunnuverksmiðjunnar hafði með að gera.

Tunnuverksmiðjustjórninni barst í hendur tilboð um finnskan staf frá Hauki nokkrum Björnssyni, sem er náinn samverkamaður þm., þó að hann hafi ef til vill ekki verið beinlínis útsendur af honum. Form. stjórnarinnar, Tryggvi Helgason, vildi óður og uppvægur kaupa þennan staf, en fyrir gætni núverandi form. síldarútvegsnefndar fékkst þó það skilyrði sett fyrir kaupunum, að stafurinn reyndist nothæfur. En form., Tryggvi Helgason, vildi fyrir hvern mun — sjálfsagt í greiðaskyni við fyrrv. atvmrh. — láta kaupa þennan staf skilyrðislaust. Stafurinn var síðan skoðaður af Haraldi Loftssyni og reyndist, eins og við var að búast, algerlega ónothæfur til tunnugerðar. Sami maður, Haukur Björnsson, bauð gjarðajárn frá Englandi. Stjórn tunnuverksmiðjunnar samþykkti tilboðið og setti tryggingu fyrir greiðslu. Járnið kom aldrei, en verksmiðjan hefur haft mikinn kostnað vegna þess að opna rembours og auk þess greiða vexti af þessari upphæð.

Síðar meir upplýstist svo, að félagi Hauks Björnssonar í öllum þessum viðskiptum og tilboðum var Andreas Godtfredsen, sá er vísa varð úr landi vegna rógskrifa um íslenzka útgerðarmenn og sjómenn.

Það sýndi sig, að það hafði ekki verið nóg, að hæstv. þáverandi atvmrh. hafði haft Hauk Björnsson fyrir sendiherra í Finnlandi, heldur hafði hann annan sendiherra í sambandi við þann sendiherra, en sá maður var Andreas Godtfredsen, sem rekinn var úr landi, dæmdur fyrir landráð af þeim ástæðum, að hann spillti fyrir íslenzkum sjávarútvegi á stríðsárunum. (ÁkJ: Sýknaði hv. þm. hann ekki?) Hann var ekki sýknaður, hann var náðaður með því skilyrði, að hann væri útlægur úr landinu. Honum var vísað úr landi og gert að skilyrði, að hann kæmi hér aldrei framar. Ég fyrir mitt leyti taldi svo mikla landhreinsun að þessum manni að losna við hann úr landinu, að ég vann það til að láta hann sleppa við fangelsisvist með því skilyrði, að hann kæmi aldrei til landsins aftur. En hv. þm. Siglf. taldi sér og sínum flokki og væntanlega ríkisstj. sæma að taka þennan mann fyrir sendiherra, fyrir sinn eigin trúnaðarmann í útlöndum.

Ég get rakið meira af þessum tunnuviðskiptum. Eins og kunnugt er, þá er útflutningsbann á tunnum í Svíþjóð. Það má enginn flytja tunnur úr landi í Svíþjóð. Svíar telja sig ekki hafa meira af tunnum en þeir þurfa að nota sjálfir. Eitt af afrekum þessa hv. þm., meðan hann var atvmrh., var að gera samning við tunnuverksmiðju í Svíþjóð um kaup á efni í 94 þús. tunnur og borga efnið fyrir hverjar 5 þús. tunnur án tillits til þess, hvort nokkurt útflutningsleyfi væri fyrir tunnunum, en kaupandi skyldi leggja til útflutningsleyfi. Ég veit ekki, hvað sú stétt, sem hv. þm. Siglf. á sínum tíma mundi vilja leggja niður við trog, muni segja, þegar fyrirskipaðar eru svona verzlunaraðferðir, að kaupa tunnur, sem útflutningsbann er á, með því skilyrði, að kaupandi sjálfur eigi að útvega útflutningsleyfi, en borga alltaf jafnóðum. Annars er það einhver vísasti vegurinn til að afla sér óvinsældar þar, sem lítið er til af vörutegund erlendis, að ríkisstj. kaupi upp vörutegundina, til að innlendir menn geti ekki haft hennar not.

Ég skal svo enn minnast á einn þátt í þessum afskiptum hv. þm. Siglf., sem sérstaklega snertir stofnun tunnuverksmiðjunnar. Hann hefur haldið fram í þessu nál., að ég hafi reynt í síldarútvegsnefnd í mörg ár alltaf að leggja hindranir í veg fyrir innlenda tunnugerð. Ég hef sýnt fram á með þeirri ræðu, sem ég hef haldið, að slíkt er gersamlega tilhæfulaust. Það er í rauninni ómögulegt annað en þessi hv. þm., sem hefur verið búsettur á Norðurlandi, á Siglufirði, í mörg ár, viti betur en þetta. En hann hefur talið, þegar hann lét prenta nál., að ekki væri hægt að koma leiðréttingum við þetta í útvarpið, vegna þess að hann skilaði sínu nál. daginn eftir, að meiri hl. skilaði sínu. Hann hefur treyst því, að þeir, sem heyrðu

hans álit lesið í útvarpið, mundu trúa, að allt, sem hann hefði látið þar prenta, væri satt. Hv. þm. hefur verið að hæla sér af því, að hann hafi komið á Alþingi með sérstaka till. um, hvernig ætti að bæta úr tunnuvandræðunum og gera tunnusmíðina innlenda, hann hefði borið þetta mál fram gegn mótmælum ýmissa vondra manna, sem ekki vildu hafa atvinnu í landinu, og nú væri allt í góðu lagi og verksmiðjan mundi bráðum taka til starfa. Ég hef athugað nánar, hvernig þessi hugmynd hv. þm. um byggingu tunnuverksmiðju á Norðurlandi er undir komin, og vil ég þá rifja upp fundi, sem haldnir hafa verið í nýbyggingarráði og síldarútvegsnefnd um þetta efni.

Nýbyggingarráð átti tal við bæjarstjóra Akureyrar og hann mætti þar á fundi, og þar var lögð fram till., sem áður hafði verið samþ. í síldarútvegsnefnd þann 24. maí og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin samþykkir að fara fram á það við ríkisstjórnina, að hún heimili síldarútvegsnefnd að gera samninga við tunnuverksmiðjurnar á Akureyri og Siglufirði um, að þær smíði í næstu 5 ár frá 1946 að telja tunnur til að salta síld, enda samþykki nefndin efni, smíði og verð í byrjun hvers árs fyrir sig. Skal þá sérstaklega haft fyrir augum, að tunnurnar séu að öllu leyti svo sambærilegar við aðfluttar tunnur til sömu nota, að fært þyki að festa kaup á þeim hverju sinni.“

Nýbyggingarráð tók þessa till. til athugunar og lét svo um mælt, að það mundi af sinni hálfu gera sér far um að fylgjast með frekari gangi þessa máls. Þar var um það að ræða, að síldarútvegsnefnd, nýbyggingarráð, bæjarstjórn Akureyrar og væntanlega bæjarstjórn Siglufjarðar settu upp fimm ára plan um smíði á síldartunnum.

Maður skyldi nú halda, að hv. þm. Siglf. hefði ekki verið mjög illa við, að búið væri að setja upp fimm ára plan um að smíða allar þær tunnur, sem þyrfti í fimm ár. En hverju halda hv. þm., að þáverandi hæstv. atvmrh. hafi svarað þessum tilmælum? Hann fær bréf frá síldarútvegsnefnd 28. maí, þar sem n. óskar eftir því, að henni verði veitt sú heimild, sem í till. greinir, heimild til að semja við tunnuverksmiðjurnar á Akureyri og Siglufirði um að smíða síldartunnur næstu fimm ár. Þessu bréfi hefur aldrei verið svarað. Síldarútvegsnefnd, sem sendi bréf 28. maí 1945 til þáverandi atvmrh., núverandi hv. þm. Siglf., fékk alls ekki svar við þessu bréfi sínu, en á bréfið er skrifað með blýanti með hendi hæstv. þáverandi ráðh.: „Tala við Erlend. Segja, að ráðherrann telji ekki nauðsynlegt.“ M. ö. o., það er aldrei sent skriflegt svar úr stjórnarráðinu, heldur skrifar hæstv. þáverandi atvmrh. á bréfið fyrirmæli til fulltrúa síns, Gunnlaugs Briems, að ekki sé nauðsynlegt að gera samning um fimm ára smíði á síldartunnum. Gunnlaugur Briem skrifar fyrir neðan: „Tilkynnt E. Þ.“ Honum er tilkynnt með símskeyti, að þetta sé ekki nauðsynlegt, en sem sagt hinir ábyrgu aðilar, síldarútvegsnefnd, bæjarstjórn Akureyrar og bæjarstjórn Siglufjarðar fá ekki að koma að þessari framkvæmd, ráðh. reynir heldur að gera það sjálfur. Hann hafði trúnaðarmenn úti í löndum, Hauk Björnsson og Andreas Godtfredsen, og fannst réttara að láta þá annast þessi mál en þá ábyrgu aðila fyrir norðan. En svo þegar málið er komið á þennan rekspöl, er það tekið upp á öðrum grundvelli, eins og menn vita, af hæstv. ráðh. Ábyrgu aðilarnir eru settir út úr spilinu, en hæstv. ráðh. tekur það upp sem sína hugmynd, þegar síldarútvegsnefnd og nýbyggingarráð eru búin að koma sér saman um till. í málinu. Ég veit ekki, hvað þetta er kallað af öðrum, en stundum er slíkt kallað málefnaþjófnaður. Niðurstaðan af þessu er sú, að það er starfandi tunnuverksmiðja með sérstökum framkvæmdastjóra. Nú höfum við lagt til, meiri hl. sjútvn., eftir till. hæstv. sjútvmrh., að þessi verksmiðja verði lögð niður og sá framkvæmdastjóri, sem hæstv. fyrrv. atvmrh. hafði ráðið, verði einnig látinn hætta störfum, en þeir ábyrgu aðilar, sem voru komnir á rekspöl með þetta mál, áður en hæstv. ráðh. tók það úr höndum þeirra, verði látnir taka við starfinu. Ég skal ekkert segja ljótt um þann framkvæmdastjóra, sem hæstv. fyrrv. ráðh. hefur ráðið til þessa starfs. Mér þykir ákaflega líklegt, að hann sé ákaflega svipuðum hæfileikum búinn og Haukur Björnsson og Andreas Godtfredsen, a. m. k. er hann þeim hæfileika búinn að vera þægt verkfæri í hendi hv. þm. Siglf. (**Forseti (GÞ)**: Ég vil minna hv. þm. á, að það er fjarverandi maður, sem hann er að tala um og kalla þægt verkfæri. Ég veit ekki, hvort það er þinglegt.) Ég vil upplýsa hæstv. forseta um, að þessi maður var framkvæmdastjóri í Kaupfélagi Siglfirðinga á þeim tíma, sem kommúnistar ætluðu að taka félagið með ofbeldi og lögleysu, en var hindrað með fógetaúrskurði.

Ég get í rauninni látið þessar upplýsingar nægja, en ég tel í rauninni alveg furðulegt, að hv. þm. Siglf., eins og hann stendur að vígi í þessu máli, skuli gefa tilefni til þessara umr. Og ég get bætt því við, að ég tel, að það séu ekki öll kurl komin til grafar í þessu máli, heldur eigi enn eftir að koma í ljós ýmislegt það, sem hefur farið þannig úr hendi, að enginn ráðh. mundi óska eftir því að vekja um það umr. En sá, sem hefur kosið sér það að taka málefni síldarútvegsins úr höndum síldarútvegsnefndar, bæjarstjórnar Akureyrar, bæjarstjórnar Siglufjarðar og nýbyggingarráðs og fela þau Hauki Björnssyni og Andreasi Godtfredsen, hlýtur að hafa málstað, sem hann má vera stoltur af.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Þá hafið þið heyrt greinina, sem á að koma í Alþýðublaðinu á morgun. Það er gott og blessað, að hv. þm. er búinn að létta þessu af sér.

Ég vil fyrst taka fram, að ég tel ósæmilegt að taka hér fyrir mann, Má Einarsson, framkvæmdastjóra tunnuverksmiðjunnar, og segja, að hann sé að öllu leyti eins og Andreas Godtfredsen, sem er dæmdur glæpamaður, sem hefur verið gerður landrækur af Íslandi, og að taka fyrir saklausan mann og segja, að hann sé eins og þessi maður, það gerir aðeins sá, sem veit ekki, hvað er satt og hvað er lygi. (Forseti hringir.)

Ég get upplýst hv. þm. um það, að allir eru sammála um, að hann hafi staðið samvizkusamlega í starfi sínu. Hann stjórnaði um tíma Kaupfélagi Siglfirðinga, og enginn hafði neitt upp á hann að klaga.

Það hefur löngum verið ljóður á ráði hv. þm. Ísaf. að taka einstaka menn fyrir og elta þá með ýmiss konar persónulegum svívirðingum, enda má segja, að sjávarútveginum hrakaði, á meðan hann

hafði á hendi stjórn hans. Ég skil, að það sé sárt fyrir þennan hv. þm. að láta grípa á sínum eigin kýlum, en þar fyrir þarf hann ekki að bregðast reiður við og hafa í frammi alls konar blekkingar og svívirðingar um alsaklausa menn.

Mér er spurn, hvað hefur komið af nýjum till. varðandi sjávarútveginn, síðan þessi hv. þm. varð þar mikils ráðandi? Í fyrsta lagi að stöðva þær framkvæmdir, sem allir heilvita menn hlutu að sjá að voru nauðsynlegar og aðkallandi. Í öðru lagi að ýta við ýmsum mönnum og stjaka þeim frá, sem sýndu áhuga og dugnað í þessum nauðsynjamálum. Reiði þessa hv. þm. má merkileg kallast, og sannar hún það, að hann hefur ekki sem bezta samvizku, hvað þetta snertir. Þá segir hv. þm. það, að ég hafi sent Hauk Björnsson sem sendiherra til Finnlands. Það væri fróðlegt að vita, hvaða flugufót hann hefur fyrir þessu. Ég kom aldrei nærri þessum tunnukaupum, sem hann talaði um, og hvað því viðvíkur, að þær voru frá Godtfredsen, þá var mönnum það ljóst, að tunnur varð að fá, til þess að öll söltun væri ekki stöðvuð, jafnvel þótt þær væru frá Godtfredsen, en hins vegar kom engum í hug að kaupa tunnurnar, nema því aðeins, að þær væru góðar.

Hvað snertir járnið, þá hafði fengizt loforð fyrir því hjá firma einu í New-Castel, en þegar til kom, þá var það bara ekki til. Nú kemur okkur í koll, að hv. þm. Ísaf. var leiðandi maður í sjávarútvegsmálum okkar, því að það er fyrir hans tilverknað, að við skulum ekki enn hafa komið okkur upp tunnuverksmiðjum, sem hefðu getað séð síldarútveginum fyrir nægilega miklu af tunnum. Ég vildi taka það fram hér, að það var á mínum vegum, sem keyptar voru 100 þús. tunnur. Þessum tunnukaupum var það að þakka, að söltunin gat haldið áfram. En það gekk þó ekki þrautalaust að fá þær. Eftir að lengi hafði staðið í stappi út af þeim og þær legið erlendis alllangan tíma, þá fengum við þær útfluttar fyrir góðvilja og atbeina hafnarstjórans í Gautaborg. Þetta hefur hv. þm. Ísaf. enga hugmynd um og heldur ekki það, að þannig er nú ástatt í öllum þeim löndum, sem við eigum viðskipti við, að þar er ekki hægt að fá tunnur. Frá Finnlandi er jú hægt að fá eitthvað, en þær eru bara allar gjarðalausar. Það er ekki sæmandi fyrir sjálfstæða þjóð að gangast undir aðra eins nauðungarsamninga og Svíar hafa gert í þessum málum, en það, sem gerir þeim mögulegt að beita þeim, er það, að engin starfandi tunnuverksmiðja er í landinu sjálfu, og þess vegna verðum við að ganga að afarkostum þeirra til þess að fá tunnurnar. Sá samningur, sem ég gerði í Svíþjóð, er þannig, að skýrt er tekið fram, að kaupandi verði að fá útflutningsleyfi. Ég álít, að engin hætta sé á, að þær seljist ekki. Ef við fáum leyfið, þá eigum við að geta saltað í 96 þús. fleiri tunnur en ella. Það er sannarlega ekki gleðileg tilhugsun, að komið geti til mála að fela síldarútvegsnefnd, þar sem kreppukóngurinn, Finnur Jónsson, er mestu ráðandi, yfirstjórn þessara mála.

Þessi hv. þm. var í því sálarástandi, þegar hann fór til Svíþjóðar, að hann þorði ekki að ferðast yfir Rússland. Hann óttaðist það, að Rússarnir kynnu að gera hann höfðinu styttri. Svo þykist hann vera einhver afreksmaður, þegar heim kemur. Ég skora á hann að finna stað fyrir þeim orðum sínum, að Haukur Björnsson og Godtfredsen hafi verið eitthvað á mínum vegum. Þá fór hv. þm. Ísaf. að tala um það, að eitthvað mundi bogið við ýmislegt í embættisrekstri mínum. Það væri fróðlegt að vita, hvað þessar aðdróttanir hv. þm. eiga að þýða, og ég hélt, að honum færist sízt allra manna að tala um slíkt. Mér finnst hálfgerður hraðbátabragur á allri hans málfærslu, og kannske finnst honum, að hann geti stært sig af hraðbátasamningum sínum. Með þeim átti landhelgisgæzlunni að vera borgið, en hver er útkoman? Afleiðingin af þeim frægu samningum er sú, að landhelgin er nú óvarin. (**Forseti (GÞ)**: Við vorum nú að tala um tunnusmíði, svo að þetta kemur ekki málinu við.) Það er ekki hægt annað en minna á þessi einstöku afglöp, þegar hv. þm. Ísaf. leyfir sér að tala um embættisóreiðu og mistök hjá öðrum. Þessi hv. þm. ætti að fara sér hóflegar. Hann hefur, meðan hann var dómsmrh., sett embættismann af embætti fyrir það eitt að leyfa sér að tala ókurteislega við hann, en hann hefur orðið að éta það allt ofan í sig aftur.

Það kenndi ýmissa grasa í ræðu — eða öllu heldur blaðagrein — hv. þm. Ísaf. Ég hef punktað sumt af því niður, en ef til vill gefst mér seinna tækifæri, þegar greinin kemur á prent, til að svara henni, og er kannske rétt að fresta umr. um það. Hann hélt því fram, að alltaf hefði verið fyrir hendi áhugi hjá síldarútvegsnefnd fyrir byggingu innlendrar tunnuverksmiðju, en ég átti að hafa hnuplað þessari hugmynd um tunnuverksmiðju. Þetta er ósatt, en út af fyrir sig hygg ég, að það væri bara gott, að góðum málum væri hnuplað frá þeim mönnum, sem hvorki hafa áhuga né vilja til þess að koma þeim nokkru sinni í framkvæmd.

Bréf og till. síldarútvegsnefndar var ekkert nema föndur út í loftið og 5 ára áætlun var óhugsanleg. Búið var að byggja út tunnuverksmiðjunni á Sigulfirði, svo að rækilega var séð fyrir, að hún gæti ekki starfað.

Síldarútvegsnefnd hefur aldrei gert neitt til þess að koma tunnuverksmiðjunni upp, en hefur alltaf haldið fram erlendum tunnum. Einhverju sinni kom það fyrir, að tunnur smíðaðar hér reyndust eitthvað gallaðar. Þetta var útbásúnað og notað óspart til þess að níða hinn innlenda tunnuiðnað niður, enda þótt tunnur smíðaðar hér hafi jafnan reynzt vel. Svo leyfir hv. þm. Ísaf. sér að halda því fram, að síldarútvegsnefnd hafi alltaf verið fylgjandi innlendri tunnusmíði. En af samþykktum og till. þessarar nefndar sjá allir, um hve mikinn leikaraskap hér er að ræða, og að alls enginn hugur fylgir þar máli.

Með þeim tækjum, sem við höfum nú til tunnusmíða, getum við ekki keppt við aðrar þjóðir. Þess vegna var ég á móti því að gera ráðstafanir til þess að gera við gömlu verksmiðjurnar, heldur borgaði sig að byggja nýjar. Það er alveg rétt, að nýbyggingarráð sýndi þessu áhuga. T. d. sýndi Magnús Vagnsson mikinn áhuga, en hann talaði fyrir daufum eyrum. Hann á stóran þátt í því, að í þetta var ráðizt, og það er í fyrsta skipti, sem hann hefur fundið skilning á þessu. Þessar verksmiðjur eru ekki aðeins atvinnuspursmál, heldur einnig bráðnauðsynlegar vegna þess, að undir því kerfi, sem hv. þm. Ísaf. kom á í þessum efnum, þá fluttu bæði Svíar og Norðmenn gallaðar tunnur til landsins, sem þeir sjálfir gátu ekki notað og

voru allsendis ónothæfar, og þetta gerðist, meðan hv. þm. Ísaf. réð lögum og lofum í síldarútvegsmálum. Þetta vissi Magnús Vagnsson, og hann hefur jafnvel haldið því fram, að við gætum keppt við aðrar þjóðir um tunnur, svo að spursmálið um gæði er ekki álitamál. Ég er vel kunnugur á Siglufirði og þekki það vel, hversu mikið þetta tunnuspursmál hefur að þýða fyrir atvinnuvegi bæjarins.

Ég veit hverjir það voru, sem ekki vildu þetta, það voru Svíar, vegna þess að þeir þurftu að hafa ráð manna öll í hendi sér. Þeir sköffuðu allt að láni, en tóku hagnaðinn. Þeir féflettu saltendur og voru þess megnugir í skjóli síldarútvegsnefndar, þótt vandalaust hefði verið að stöðva það. Auk þess gátu Svíar fylgzt með öllu hjá saltendum, vegna þess að síldarútvegsnefnd hafði þar aðgang að öllu, og gerði þetta þeim auðveldara fyrir að prútta um verð. Það hefur sjálfsagt valdið vonbrigðum hjá Svíum, að ég skyldi verða atvmrh., en ekki hv. þm. Ísaf., vegna þess að þeir hafa ekki fengið þá aðstöðu, sem þeir höfðu fyrir stríð. Svo töldu Svíarnir sig leggja til tunnurnar í góðgerðarskyni og sögðu eins og hv. þm. Ísaf., að þetta væri mjög hagkvæmt fyrir okkur, en svo ráða þeir lögum og lofum í síldarsöltuninni. Þetta er mjög æskilegt að áliti hv. þm. Ísaf., og ef hann á að ráða, þá mun hann skapa Svíum aftur fyrri aðstöðu sína. En svona eru nýlendur arðrændar, t. d. nýlendukúgun Breta, sem skammta nýlendum sínum skít úr hnefa. Og arðrán Svía í skjóli síldarútvegsnefndar var lík kúgun á blökkuþjóðunum. Það fyrirkomulag, sem haft er, er óþolandi, og geta saltendur ekki við það unað, enda er síldarútvegsnefnd illa séð meðal þeirra. En þó höfðu allir Svíar ekki slíka aðstöðu, heldur aðeins sumir þeirra. Ég vil spyrja hv. þm. Ísaf., hvort hann kannast við hr. Larsson. Hann keypti síldina og gat svo selt hana með ágætum hagnaði í Svíþjóð, og frá framkvæmdastjóra síldarútvegsnefndar var þess krafizt, að ég ívilnaði þessum manni. Og eitt sumar var svo hörð deila milli Larssons og annars sænsks aðila, að skip þeirra nærri því sigldu saman á höfninni í kapphlaupi um afgreiðslu, og taldi síldarútvegsnefnd þá sjálfsagt, að Larsson gengi á undan.

Ég get talað við hv. þm. Ísaf. um starfsemi síldarútvegsnefndar, og þarf hann ekki að halda, að ég sé með öllu ókunnugur vinnubrögðum hennar. Það er ekki vafi á því, að söltunin er mesti framtíðar atvinnuvegur Íslendinga, og verðum við að hagnýta sem bezt okkar veiði, svo að við þurfum sem minnst að ganga að fiskimiðum okkar, enda veitir söltunin mest í aðra hönd. Hér er síldarútvegsnefnd falið stórt verkefni, en hún hefur ekkert gert til framfara í þessum málum, enda engar framfarir orðið vegna þess kerfis, sem gerði Svíum kleift að skera allt við neglur við Íslendinga. Nú er það svo enn, að síldin er borin í kassa úr skipinu og svo tekin af stúlkunum og raðað niður í tunnur. Einu framfarirnar, sem orðið hafa, eru því, að kringum árið 1920 var það til siðs að kasta síldinni í bingi úr skipunum, en nú er hún tekin í kassa. Það er því ekki óeðlilegt, að hv. þm. Ísaf. sé stoltur. En það, sem þurfti, var að skapa skilyrði til þess að við gætum framleitt eins og aðrar þjóðir, t. d. eins og Skotar, sem hafa mun erfiðari aðstöðu til síldarverkunar en við. Þó er skozka síldin verkuð innanhúss, sem er nauðsynlegt, einnig er hún verkuð með vélum, svo sem flökunarvélum og slógvélum. En saltendur hér voru þannig fjárhagslega í greip Svía, að þeir gátu ekki einu sinni byggt skúra eða haldið við bryggjum sínum sómasamlega. En það, sem síldarútvegsnefnd þurfti að gera, var að koma upp nýtízku síldarsöltunarstöð, bæði til að kenna mönnum sem bezta verkun síldarinnar og tryggja sem bezt hagnýtingu hennar. Þetta var nauðsynlegt að gera, og vakti ég máls á þessu, en því verður efalaust ekki sinnt. Þar að auki sýndi síldarútvegsnefnd mjög mikið getuleysi um að afla markaða og sá enga nema í fjórum löndum, í Svíþjóð, Póllandi, Þýzkalandi eða Mið-Evrópu og Ameríku. Þó fór meginhlutinn til Svía, enda voru þeir yfirleitt ráðandi. Af um það bil 300 þús. tunnum tóku þeir 200 þús., sem þeir seldu svo með fimmföldu verði. Samt kom ekki til mála, að síldarútvegsnefnd dytti í hug að koma með niðurlagningarverksmiðju, en þá hefðu útlendingar hætt að geta grætt á þessari framleiðslu okkar. Ef við hefðum lagt síldina niður í dósir og fengið þannig fjórfalt eða fimmfalt verð fyrir hana, þá þyrfti ekki að vera atvinnuleysi hér. Það er talið, að á þeim stað, þar sem saltað er í 20 þús. tunnur, séu skilyrði fyrir tunnuverksmiðju, og ef menn vilja auka atvinnuvegina, þá er hægt að stofna tunnuverksmiðjur á flestum stöðum, þar sem síldarsöltun fer fram á annað borð. Hins vegar kærir síldarútvegsnefnd sig kollótta um söltun nema á Siglufirði, en hefði auðvitað átt að dreifa henni sem mest. En þetta var ekki gert af neinni velvild til Siglfirðinga, heldur fyrir þægilegheit þeirra sjálfra, og var þá líka betri aðstaða fyrir Svía. En þegar möguleikar eru um tunnuverksmiðjur á öllum söltunarstöðunum, þá er þetta mjög slæmt. Og þau störf, sem hvíla á stjórn tunnuverksmiðjunnar, eru eins mikil og störf síldarútvegsnefndar og þó sennilega meiri. Með þessu er því verið að tvöfalda það, sem hvílir á herðum síldarútvegsnefndar, og má sízt við því, enda eru störf síldarútvegsnefndar og tunnuverksmiðjustjórnar alóskyld, og er því ekki hyggilegt, að þau séu látin fara saman. Rökin fyrir þessari nýbreytni eru heldur ekki þau, að verið sé að spara, heldur er tilgangur frv. sá að stöðva smíði tunnuverksmiðjanna á Siglufirði og Akureyri. Sá aukakostnaður, sem um er að ræða, er til þessara þriggja manna, sem eru í stjórn tunnuverksmiðjanna, því að allir aðrir verða að vera þeir sömu, hvort sem þeir vinna hjá síldarútvegsnefnd eða tunnuverksmiðjustjórninni. Og þó að hv. þm. Ísaf. reki Má Einarsson, en það virðist vera mikill áhugi hans, þá verður þó ekki hjá því komizt að hafa sérstakan framkvæmdastjóra. Það er vitað mál, að svo mikið er um að vera á Siglufirði um söltunartímann, að allt hlyti að fara í handaskolum, ef þeir, sem eiga að stjórna tunnuverksmiðjunni, verða að gefa það frá sér og hafa það í hjáverkum sínum. Tunnuverksmiðjurnar þarf að reka árið um kring, en ekki sem aukastörf, sem þó virðist vera tilgangurinn hér, og er það þá gert til þess að slæmur árangur fáist, svo að hægt verði að leggja tunnuverksmiðjurnar niður. Og ef það verður að vera sérstakur framkvæmdastjóri fyrir þessu, þá þarf hann að minnsta kosti að vera betri en framkvæmdastjóri síldarútvegsnefndar. Svo hefur síldarútvegsnefnd legið á fjármunum saltenda mán-

uðum saman og þeir þess vegna orðið að taka rekstrarlán með 7% vöxtum, en síldarútvegsnefnd hefur ekki látið þá fá uppgjör fyrr en seint og síðar meir. Síðan á að bæta forystu á nýjum atvinnuvegi á þessa nefnd, og er það gert til að bregða fæti fyrir málið. Ég vænti því að almenningur fái tækifæri að reyna þá menn, sem tala svo fagurt fyrir kosningar, en snúast svo gegn málum, þegar til framkvæmdanna kemur og skipuleggja örbirgð hér á þingi. Nú finnst hv. þm. Ísaf. liggja svo mikið við, að hann kemur með vélritað plagg og fer inn á mál, sem ég ræði hér í nál., og er ég ánægður að fá tækifæri til að ræða við þennan gamla síldarkóng.

Það er ekki hægt að lá mér, þótt ég vilji fara nokkuð ýtarlega út í þetta mál, er þvílík stórmæli eru hér við höfð sem af hv. þm. Ísaf., og eitt af því, sem ég benti á, var, að sænskir síldarkaupmenn hefðu þrásinnis lækkað síldarverðið. Það er opinberlega vitað, að á Siglufirði urðu allir smærri saltendur að sætta sig við lækkun, nema Ingvar heitinn Guðjónsson. Urðu saltendur þá t. d. að borga skatta af bókfærðu verði, sem var mun hærra en þeir fengu. Þetta var hin mesta óhæfa, og Svíarnir fylgdust með síldinni í tunnurnar og síðan með tunnunum og hrifsuðu úr vasa saltenda sem mest þeir máttu. Síldarútvegsnefnd reyndi aldrei að bæta úr þessu, nema hvað hún tók fyrir fátækustu saltendurna og refsaði þeim, er þeir reyndu að sleppa undan þessu oki. Þannig voru aðferðir síldarútvegsnefndar. Ég læt þetta nú nægja í bili og vænti, að mér gefist kostur á að athuga þá dælu, sem hv. þm. Ísaf. lét ganga hér, er ræða hans verður prentuð.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Siglf. beindi því til mín, að ég mundi ætla að láta prenta ræðu þá, er ég hélt hér, en hv. þm. ætti að stilla sig um að endurtaka ummæli þau, er hann hafði í frammi um Svíana, og spilla ekki þeim samningum, sem nú standa yfir milli íslenzku og sænsku samninganefndanna.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég mælist eindregið til þess, að fundi verði ekki haldið áfram, því að mörg mál eru enn á dagskránni, sem ég þarf að tala í, og útvarpsumræður eru í kvöld, og ætti nú ekki að liggja svo mikið á, því að eftir 1. maí verður hægt að halda fundi hindrunarlaust. Ég mælist því eindregið til, að fundi verði frestað í dag.

Forseti (GÞ): Vegna kvöldfundarins verð ég við þessum tilmælum hv. þm. Umr. um málið er frestað.

Á 120. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GÞG, HB, HelgJ, IngJ, JörB, PÞ, PO, BG.

nei: ÁkJ, EOl, HermG, JPálm, KTh, LJós, SG.

10 þm. (BÁ, GÞ, GTh, HÁ, JóhH, JS, JJ, ÓTh, SigfS, SB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 751).

65. Loftferðir.

Á 98. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir (þmfrv., A. 532).

Á 99. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 532, n. 561).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Í frv. því, er hér liggur fyrir á þskj. 532, felst að vísu nokkurt nýmæli. En það er ekki höfuðatriði þeirra l., sem hér er verið að breyta. Í þessu frv. er farið fram á, að gilda skuli sömu reglur um hvers konar loftför og flugvélar og um eignarrétt og eignarhöft á skipum, skrásettum. Alllengi hefur verið í l. og að vísu lengur en í siglingarl., sem gilt hafa síðan 1914, að á það skip skyldi réttarlega litið eins og fasteignir. Þegar þetta var tekið í ákvæði siglingarl., þá var það skýrlega tekið fram, að svona skyldi vera með öll skip, sem skrásett væru. Gilda þá og hinar sömu reglur varðandi lán, sem veitt eru með tryggingu í þessum eignum. Eins og hv. þm. er að sjálfsögðu ljóst, þá gilda aðrar tryggingareglur um fasteignaveð en lausafjárveð. Nú er ætlazt til eftir ákvæðum þessa frv., að sú trygging komi einnig til þess að gilda, hvað snertir flugvélar og önnur loftför. Samgmn. hv. d. hefur haft mál þetta til athugunar, eins og frá er greint í nál. á þskj. 561. Hún leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt. N. telur, að eins og nú er komið, þá sé mjög hagkvæmt fyrir alla hlutaðeigendur, að þessar reglur gildi. Því þótt áður fyrr væri miðað út frá afkomu manna í hverju einu, sem mátti kalla búskap, þar sem það átti við, þá má segja nú, að það gildi að vissu leyti eins um loftför yfirleitt, þótt þau séu að mestu notuð til mannflutninga, þar sem samgöngurnar eru lífsnauðsyn og undirstaða atvinnuveganna og lífsafkomu fólksins.

Samkv. því, sem ég hef nú látið getið, er lagt til af hálfu n., að frv. verði samþykkt óbreytt, og þarf ég ekki að hafa um það fleiri orð.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 100. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 532, n. 731).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í 5. gr. siglingalaganna frá 1914 munu vera ákvæði um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettum skipum eða skipshlutum, og skuli þar farið eftir reglum um fasteignir. Þó skulu bátar, sem minni eru en 5 smálestir, skoðaðir sem lausafé gagnvart ákvæðum um þinglýsingu og aflýsingu skjala.
Í l. um loftferðir eru engin ákvæði um það, hvernig líta skuli á loftför í þessu tilliti. Nú er það svo, að margar reglur gilda um eingaafsöl og veðréttindi eftir því, hvort um lausa fjármuni eða fasteignir er að ræða, og mundi það gera loftfarseigendum hægara um lántökur, ef ákvæðum, hliðstæðum og í 5. gr. siglingalaganna, yrði bætt inn í l. um loftferðir. Í frv., sem fyrir liggur, er lagt til, að svo verði gert. Það verður að teljast eðlilegt, vegna þess að starfsemi flugvéla, að því er samgöngur snertir, er svipuð starfsemi skipa. Hér er lagt til, að aftan við 17. gr. l. nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, komi ný grein svohljóðandi, með leyfi hv. forseta: „Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti, sem þeim verður við komið." Þetta er sú viðbót, sem á að koma inn í l. um loftferðir eftir frv. Það má heita, að þetta sé eins og í 5. gr. siglingalaganna um skrásett skip. Einn nm. var ekki á fundi, er frv. var afgr. frá n., en hann hefur nú skrifað undir nál. og á þann hátt tjáð sig samþykkan þessari viðbót, og má því segja, að n. öll leggi til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 125. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 764).

---

66. Sýsluvegasjóðir.

Á 79. fundi í Nd., 21. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði (þmfrv., A. 431).

Á 80. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Í framsögu fyrir frv. um vegal. á þskj. 330, sem samgmn. þessarar d. flutti, gerði ég grein fyrir því, að vænta mætti frv., sem vegamálastjóri hefði undirbúið, um hækkun á sýsluvegasjóðsgjöldum. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 431, felast till. vegamálastjóra í þessu efni, sem n. hefur flutt í frvformi. Efni þessa máls er það, að á síðasta Alþingi voru samþ. l. um hámarksframlög úr ríkissjóði til sýsluvegasjóða, þannig að framvegis skyldi miðað við 10 af þúsundi í staðinn fyrir 6. Nú hefur komið í ljós með hækkun á vegagerðarkostnaði og auknum þörfum sýsluvegasjóða, að þörf er meiri tekna í þessa sjóði. Þess vegna er lagt til að hækka framlagið upp í 12 af þúsundi. Þetta er einnig gert í samræmi við þá hækkun, sem lagt er til í frv. um vegalög, að verði á framlagi ríkissjóðs til sýsluvega. Ég gerði grein fyrir þeirri hækkun við 1. umr. frv. um vegal. og sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum á þessu stigi málsins.
Ég vil svo aðeins fyrir hönd samgmn. vænta þess, að þetta mál nái fram að ganga, og óska, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. N. mun svo, ef ástæða þykir til og aths. koma fram, taka málið til nánari athugunar milli umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 431, 454).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd samgmn. þessarar d. óska þess, að ekki sé gengið til lokaafgreiðslu þessa máls á þessum fundi. Það liggja fyrir brtt. frá 3 hv. þm. varðandi veigamikil atriði í frv., og n. hefur sent þessar brtt. til umsagnar vegamálastjóra, en ekki borizt umsögn hans enn þá. Teldi ég mjög æskilegt, að sú umsögn gæti legið fyrir, áður en d. afgreiddi

málið, og fer þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 103. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 431, n. 576, 454).

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég á hér ásamt hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Skagf. brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir. Gengur hún í þá átt móts við það, sem gilt hefur undanfarið um framlag ríkissjóðs til sýsluvegasjóða, að þegar framlag sýsluvegasjóða væri komið upp í 10—12‰ af lands- og lóðarverði, þá legði ríkissjóður nokkru hærra á móti en verið hefur. — Þarna koma tvær ástæður til greina. Í fyrsta lagi er það, að ef framlagið nemur 2‰ af matsverði lands og lóða, hefur ríkissjóður aldrei lagt neitt á móti. Það er því nokkuð mótvægi, ef ríkissjóður legði hærra á móti, þegar gjöld sýsluvegasjóða fara að verða svo sem hér er gert ráð fyrir. Í annan stað má benda á það, að nú er svo komið í ýmsum héruðum vegna bættra búnaðarhátta, að kröfur um aukna vegi eru svo gífurlegar, að sýsluvegasjóðirnir hafa orðið að taka stórlán til þess að fullnægja þessum kröfum, og þar sem það er vitað, að tekjur sýslusjóðanna eru mjög takmarkaðar, þá er þetta að verða svo alvarlegt atriði, að ekki verður hjá því komizt, að ríkissjóður verði að taka meiri þátt í þessu en verið hefur hingað til.

Við flm. leggjum því til, að þeirri reglu verði fylgt, að því meir sem sýslufélögin leggja á sig, því ríflegar komi ríkissjóður á móti þeim. Hygg ég, að hér sé vel stillt í hóf, og erum við flm. þess fullvissir, að því fé, sem ríkissjóður legði þannig fram, yrði vel varið.

Ég sé, að hér er komin fram brtt. við þetta, og skal ég ekki ræða um hana, fyrr en hv. samgmn. hefur gert grein fyrir henni. — Ég vil að lokum taka það fram, að þessi breyt., sem hér er farið fram á, er gerð af mikilli nauðsyn sýslufélaganna, og ef þessi brtt. verður felld, þá hlýtur af því að leiða enn frekari kröfur um, að fleiri vegir verði teknir í þjóðvegatölu, sem ekki yrði á neinn hátt hagstæðara fyrir ríkissjóð en að sýsluvegasjóðirnir standi undir þessum framkvæmdum að nokkru leyti. Ég held þess vegna, hvernig sem á þetta er litið, að það sé heppilegast bæði fyrir ríkissjóð og fyrir sýslufélögin að koma þessum málum fyrir eins og hér er gert ráð fyrir.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég sé, að form. samgmn., hv. þm. V-Sk. (GSv), sem hafði verið kjörinn frsm. þessa máls, er ekki mættur á fundi d. Þess vegna ætla ég að fara örfáum orðum um brtt. n. á þskj. 576.

Eftir að brtt. þær við frv., sem hv. 2. þm. Skag. (JS) hefur nú mælt fyrir, komu fram, sendi samgmn. þær ásamt frv. til umsagnar vegamálastjóra. Hann hefur síðan athugað þetta mál og sendi n. loks bréf með þeim brtt., sem n. hefur orðið ásátt um að taka upp og prenta á þskj. 576. — Vegamálastjóri féllst á þau rök, sem hv. flm. brtt. á þskj. 454 hafa fram að færa máli sínu til stuðnings, sem sé þau, að framlag ríkissjóðs til sýsluvega hækki nokkuð, einkum þegar skatturinn, sem sýslufélögin leggja fram heima fyrir, er kominn í hámark.

Vegamálastjóri leggur til — og það hefur n. tekið upp —, að sýslunefnd heima fyrir sé frjálst að ákveða vegargjald 10‰ án þess að leita samþykkis ráðh. um það, en sé farið hærra eða upp í 12‰, þurfi samþykki ráðh. að koma til. Sú skuldbinding er þá lögð á herðar ríkissjóði að greiða þrefalt framlag, þegar skatturinn er orðinn svo hár, þ. e. a. s. það, sem er fram yfir 10‰. — Liður brtt. á þskj. 576 er í raun og veru aðeins leiðrétting. Það er eðlilegra, að samþykki samgmrh. komi til um þessi mál en atvmrh., þar sem þessi málaflokkur í heild heyrir undir samgmrn.

Samgmn. væntir þess, að samkomulag geti orðið við hv. flm. brtt. á þskj. 454 um þessar brtt. og að málið fái afgreiðslu þessarar hv. d. í því formi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 107. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 108. fundi í Nd., 9. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 576,a—b samþ. með 19:2 atkv.
— 454,1, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
— 454,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 454,3—4 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Á 110. fundi í d., 10. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 605).

Á 117. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 605, n. 655).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vildi helzt óska eftir, að umr. um málið yrði frestað. Ég vildi gjarnan fá samgmn. til þess að athuga þetta mál dálítið betur en gert hefur verið nú.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 122. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Eiríkur Einarsson: Það liggur að vísu fyrir álit frá hv. samgmn. um þetta mál, sem miðað er við að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, en þrátt fyrir það kom fram í umr., að við nánari athugun hafa ákveðnir nm. viljað endurskoða afstöðu sína, og verður skotið á fundi um þetta.

Af þessum ástæðum óska ég, að málið verði tekið af dagskrá, en hins vegar vil ég óska þess, að ekki verði látið dragast lengi, þangað til það verður tekið á dagskrá á ný.

Forseti (ÞÞ): Þar sem hv. form. samgmn. hefur óskað eftir því, að málinu verði frestað, sé ég ekki ástæðu til annars en að verða við þeirri ósk, og verður því umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 123. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 605, n. 655 og 737).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Þann 15. apríl s. l. afgreiddi samgmn. þessar ar hv. d. þetta frv. frá sér og mælti með því við d., að það yrði samþ. óbreytt.

Við nánari athugun komst n. að þeirri niðurstöðu, að ástæða væri til þess að gera smávægilega breyt. á frv., og á fundi, sem n. hélt í gær, varð hún öll sammála um það að bera fram þær brtt. við frv., sem nú liggja fyrir á framhaldsáliti n. á þskj. 737. — Þetta frv. er flutt af hv. samgmn. Nd. í samráði við vegamálastjóra, og samkvæmt till. hans fól frv. upphaflega í sér, að sýslufélögunum væri heimilt að leggja á vegagjöld, sem næmu allt að 12‰ af fasteignamati lands og lóða og allt að 6‰ af fasteignamati húsa. Við meðferð málsins í Nd. var samkvæmt till. þriggja hv. þm. þar tekin upp í frv. breyt. á sýsluvegasjóðsl., sem samþ. var á Alþ. 1945, og þau l. þar með numin úr gildi, þar sem hámarkið var miðað við 10‰. Hámarkið var þannig fært niður í 10‰ úr 12‰, sem hafði verið í frv. upphaflega. Af þessu leiddi það, að ekkert nýmæli var orðið eftir í frv. annað en það ákvæði, að á móti því, sem sýslurnar kynnu að leggja fram yfir 10‰ af fasteignamati lands og lóða, skyldi ríkissjóður leggja fram þrefalt framlag. Þegar málum var þannig komið, þyddi þetta, að nýmæli frv. höfðu í raun og veru ekkert gildi, nema því aðeins, að um undanteknингartilfelli væri að ræða, þar sem það væri ákveðið sem regla, að framlög skyldu yfirleitt ekki vera hærri en 10‰ á móti þreföldu framlagi ríkissjóðs, nema að fengnu sérstöku leyfi samgmrh. til þess að leggja á hærri gjöld. Þegar n. hafði gert sér þetta ljóst, virtust henni þessi nýmæli í frv. vera svo veigalítil og hafa svo lítil áhrif á gang þessa máls, að tæplega væri ástæða til að gera breyt. á eldri l. fyrir þetta eina atriði. Hins vegar var það álit n., að réttmætt væri, eins og fram kom í upphaflega frv., að gefa sýslufélögunum kost á að leggja á nokkru hærri vegaskatt en þeim hefði áður verið heimilt vegna þess, hversu þörf hinna ýmsu sýslufélaga væri mikil fyrir fé í þessu skyni, og enn fremur þar sem slíkur áhugi væri fyrir hendi heima í héraði, væri líka sanngjarnt, að ríkissjóður tæki þátt í þessu með stighækkandi gjöldum móti framlagi sveitarfélaganna.

Með tilliti til þessa varð samgmn. Ed. ásátt um að leggja fram þær brtt., sem nú liggja fyrir á þskj. 737. Fela þær það í sér — svo sem var í upphaflega frv. —, að sýslufélögin megi leggja vegaskatt allt að 12‰ af fasteignarmati lands og lóða og 6‰ af fasteignarmati húsa gegn þreföldu framlagi ríkissjóðs á móti því, sem sýslufélögin leggja umfram 10‰. Hin breyt. felur það í sér, að fellt er niður ákvæði um það, að ráðh. geti veitt sérstakt leyfi til þess að fara megi fram úr þessu tilsetta hámarki. N. lítur þannig á, að hafa beri þetta hámark rýmra en verið hefur, en þó það bindandi, að fjárveitingarvaldið væri í höndum Alþ. — eins og vera ber —, en taldi ekki rétt, að ráðh. eða einn maður hefði vald til þess að fara, svo sem honum sýndist, fram úr þessu hámarki, ef fram kæmi beiðni um það frá einhverjum sýslufélögum, og gæti hann þar með seilzt óeðlilega langt ofan í ríkissjóð og veitt einstökum sýslufélögum hlunnindi, hvað þetta snertir. Það kom sem sé fram í n., og ég held, að ekki sé hægt að neita því, að hægt væri að misnota þetta ákvæði, eins og það er nú í frv., þar sem ráðh. er veitt þessi heimild. Hins vegar er það vilji n., að þetta hámark, sem sýslufélögin séu bundin við, sé það rúmt, að telja megi, að þau geti vel við unað.

Ég vil því mælast til þess fyrir hönd samgmn. þessarar d., að hv. dm. samþykki þær till. hennar, sem hún flytur á þskj. 737.

ATKVGR.

Brtt. 737,a—b samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 738).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 120. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 121. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 768).

---

67. Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Á 62. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 27. júní 1921, um breyt. á l. nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip (þmfrv., A. 337).

Á 64. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 3. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Það er ástæða til að segja nokkur orð um þetta frv. og ástæðuna fyrir því. Það skal tekið fram, að sjútvn. Nd. flytur frv. að beiðni hæstv. atvmrh., og hefur hann tekið það að sér eftir beiðni stjórnar samábyrgðarinnar, sem samdi frv. Frv. er breyt.

á gildandi l. frá 1909, og eru höfuðbreytingar tvær. Í fyrsta lagi skal hækka stofnfé stofnunarinnar, og í öðru lagi skal hluttaka breytt og aukin á sama hátt og stofnféð. Samábyrgðin starfaði án stofnfjár, en tók lág iðgjöld og átti varla fyrir skuldum eftir 30 ár, og sjóðir söfnuðust ekki. Í stríðsbyrjun var stofnféð ½ millj. kr., og er það nú of lítið. Áhætta er lítil á þessum tímum, og engin hætta er á, að samábyrgðin tapi miklu, og ekki heldur, að hún græði mikið. En þessi aukning á stofnfénu svarar aðeins til hækkunar á dýrtíð, og bætist þar við, að samábyrgðin mun nú tryggja 100—200% meiri verðmæti en verið hefur sökum aukningar á skipastólnum. Um hitt atriðið, að breyta áhættunni, þá er ég því meðmæltur. Hefur verið reiknað út, hve mikil áhættan var, og var henni svo breytt í hundraðshluta í stað þess, að áður var hún fjárhæð. En hagkvæmara er fyrir samábyrgðina að miða við hundraðshluta, því að þá verður hún þeim mun minni sem skipin eru lélegri og öfugt. Ég vona, að hv. þm. greini ekki mikið á um þetta. Ef til vill þykir þetta baggi fyrir ríkið, en þetta er nauðsynlegt. Það er ekki þörf fyrir mig að hafa fleiri orð um þetta að sinni, en ég vildi mælast til, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni. — Enn fremur vildi ég víkja því til hæstv. forseta, að hann hraði þessu máli og eins 5. dagskrármálinu, sem er frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, sökum nauðsynjar, að bæði þessi mál komist sem fyrst í gegnum þessa hv. d., því að beðið er með margar ráðstafanir. Er nauðsyn, að þessi tvö frv. fylgist að.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef lesið þetta frv. og þá grg., er því fylgir. Í grg. segir, að Samábyrgðin sé aðallega endurtryggingarstofnun fyrir fiskiskip landsmanna og mun það rétt vera, en eftir því sem fram hefur komið síðar, skilst mér, að hún sé einnig orðin lánsstofnun, þó að henni hafi ekki verið ætlað það hlutverk. Frá því er skýrt, að um það leyti, sem frv. var flutt, hafi Samábyrgðin átt útistandandi 3½ millj. kr., og þetta, sem farið er fram á í frv., að ríkið leggi fram 2½ millj. kr., er rökstutt með því, að Samábyrgðin þurfi aukið starfsfé vegna lána. Starfsfé Samábyrgðarinnar er aðeins 1¼ millj., og ef á að veita félögunum greiðslufrest, þá þarf að fá fé aukið eða taka lán. Ég held, að bezta lausnin sé, að Samábyrgðin starfi áfram sem tryggingarstofnun, en ekki sem lánsstofnun. Það er eðlilegt, að sjávarútvegurinn fái lán hjá bönkunum og fiskveiðasjóði, en ekki hjá Samábyrgðinni. Hitt dæmi ég ekki, hvort þörf sé á starfsfjáraukningu, en líklegt er, að hægt sé að komast hjá henni. Ég vildi mælast til, að sjútvn. tæki þetta betur til athugunar, því að ríkissjóður hefur ekki svo mikið fé laust, að ekki er ástæða til að verja fénu þannig, ef það er ekki nauðsynlegt.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Það er ekki nema eðlilegt, að menn reki augun í, að Samábyrgðin á allmikið fé útistandandi, en það er misskilningur, að hún reki lánastarfsemi. Það er oft, að tryggingarstofnanir lána og það mikið, en stofnanirnar hafa hagað iðgjöldum þannig, að þær hafa grætt mikið fé. Má geta þess, að Tryggingastofnun ríkisins rekur lánastarfsemi. Samábyrgðin hefur ekki ætlað sér að safna fé, heldur hefur tilgangur hennar verið sá, að eigendum skipa væru sköffuð iðgjöld samsvarandi áhættu. Það er vitað mál, að bátatryggingafélög elga flest sama og ekki neitt, enda iðgjöld öll hófleg. En Samábyrgðin hefur ekki lánastarfsemi, og hún hefur ekki aðgang að skipaeigendum, heldur aðeins að félögunum sjálfum, og það mun verða örðugt að ná því fé, sem Samábyrgðin á hjá bátaútveginum, enda sú regla að gefa félögunum ársfjórðungs frest, og henni er kunnugt, að félögin elga ekki neitt nema útistandandi fé. Nú er augljóst, að félögin gætu betur borgað með því að hafa innheimtu sína í betra lagi. Ekki hefur tekizt að safna sjóðum, og er því ekkert reiðufé, sem hægt er að grípa til. Hér er staðreynd, að meðan Samábyrgðin endurtryggir, en tryggir ekki beint, hefur hún ekki fé. Allt, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að væru lán, eru ekki venjuleg útlán, heldur aðeins kröfur á félögin, sem þau geta ekki staðið í skilum með. Þetta sýnir reynslan, og er ekki hægt að komast hjá því, að Samábyrgðin eigi mikið fé. Samábyrgðin þarf að standa í skilum við endurtrygginguna, og það hefur hún lagt áherzlu á, og ég vil taka það fram, að síðan ég tók við, hefur engin kvörtun komið. Iðgjöld hennar þóttu lág, og þar sem ríkið ber ábyrgð, þá er starfsemi þessi ekki áhættusöm. Annarra skýringa er ekki þörf. Það leiðir af sjálfu sér, að Samábyrgðin eigi útistandandi skuldir, en hún hefur lagt áherzlu á að ná því fé, og er það ekki hægt nema með lögsókn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. segir, að Samábyrgðin láni ekki út fé. Ég veit, að hún borgar ekki út lánsfé, en það er staðreynd, að hún á mikið útistandandi í gjaldföllnum kröfum og er þar af leiðandi orðin lánsstofnun. Hv. frsm. segir, að skipaeigendur fái gjaldfrest hjá félögunum og að þau standi ekki í skilum við Samábyrgðina, en hún hefur aðgang að þeim. Mér skilst, að til þess að ráða bót á þessu þurfi að herða ákvæði laga um innheimtu, og er ástæða til að taka það til athugunar í sambandi við frv. það, sem var til umr. næst á undan þessu og fór til 2. umr. áðan. Hv. frsm. er vantrúaður á, að hægt sé að ráða bót á þessu ástandi. En það ætti að vera hægt með því að setja strangari ákvæði um innheimtu iðgjalda. Ég veit ekki betur en að skylt sé að vátryggja bifreiðar og þarf þá að greiða iðgjöld fyrir fram fyrir vissan tíma í senn. Ekki verður annað séð en að auðvelt sé að láta hið sama gilda um skip og láta greiða fyrir fram. Fá félögin þá vátryggingarfé á réttum tíma, og ríkið kemst hjá að hækka stofnféð, til þess að hægt sé að halda við óeðlilegri lánastarfsemi. Ekki svo að skilja, að Samábyrgðin ætti að hafa iðgjöldin hærri. Ég legg áherzlu á, að vátrygging skipa sé rekin þannig, að ríkið þurfi ekki að halda henni uppi með fjárframlögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 119. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 337, n. 647).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir tveimur meginbreyt. á núgildandi l. frá 1921. Sú fyrri er, að ríkisstj. leggi Samábyrgðinni til stofnfé, sem nemi 2500000,00 kr. Í l. nr. 37 frá 1941 var ákveðið, að ríkissjóður legði Samábyrgðinni til 500000,00 kr. og skyldi upphæðin greiðast með jöfnum afborgunum næstu 10 ár. En nú þykir sýnt, að þessi upphæð verði ekki nægilegt stofnfé, þar sem starfsemi Samábyrgðarinnar hefur aukizt mjög, en þörf Samábyrgðarinnar á auknum fjárframlögum stafar þó einkum af því, að þau félög, er Samábyrgðin hefur endurtryggt fyrir, hafa ekki greitt iðgjöld til hennar, og eins og grg. ber með sér, á nú Samábyrgðin útistandandi 3½ milljón í ógreiddum iðgjöldum. Nú liggur fyrir þessu þingi frv., sem miðar að því að tryggja það, að iðgjöldin verði betur goldin, og tryggja þannig betri hag Samábyrgðarinnar. Því þótti sjútvn. nægilegt, að stofnfé væri 1 milljón kr. í stað 2½ millj. kr., sem frv. gerir ráð fyrir, og gerir enn fremur þá breyt., að það komi skýrt fram, að þetta sé viðbótarupphæð. Hin meginbreyt., sem frv. gerir ráð fyrir, er, að Samábyrgðin megi hafa í eigin áhættu 25% af vátryggingarupphæð hvers skips, þó ekki hærri fjárhæð á einu skipi en 100 þús. kr., en áður var áhættuupphæðin sérstök krónutala. Þetta er eðlilegra, og fellst n. algerlega á þessa breyt. Ef þetta frv. verður samþ., falla eðlilega úr gildi l. nr. 37 27. júní 1941 og l. nr. 31 11. júní 1942. Sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem um getur á þskj. 647, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða þetta, en n. hefur athugað, eins og áður segir, frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að innkoma iðgjalda verði tryggari, svo að hagur stofnunarinnar geti orðið betri en verið hefur.

ATKVGR.
Brtt. 647 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 658).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 116. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 120. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 658, 740).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., hefur sætt nokkrum breyt. í hv. Ed., þannig að í stað þess, að í frv. sjútvn. þessarar hv. d., sem raunar er stjfrv., var stofnfé Samábyrgðarinnar ákveðið 2½ millj., þegar frv. var afgr. héðan, hefur hv. Ed. nú fært þetta niður í 1 millj. kr. — Ég vil ekki halda því fram, að það sé sprottið af ókunnugleika, en það hefur greinilega verið tekið hér fram, að áhættufjárupphæðin hefur aukizt enn, síðan stofnfé var ákveðið 2½ millj. kr. — meira að segja fimmfaldazt á stríðsárunum —, svo að það er mjög í samræmi við vöxt rekstrarins, sem stofnfjárhækkunin hefur verið ákveðin hér í hv. d. Nú þykir vart fært að leggja út í deilur um mál þetta, þar eð svo áliðið er þings, og eftir því sem ég hef getað fengið upplýsingar um hjá hv. sjútvn. Ed., munu þeir ekki hafa neitt á móti þeirri breyt. á þskj. 740, þar sem lagt er til, að stofnfé verði hækkað úr 1 millj. kr., eins og hv. Ed. hafði ákveðið, upp í 1½ millj. kr. Er þetta því eins konar samkomulagstillaga.
Ég skal taka það fram, að þessi brtt. er frá sjútvn. — eins og þskj. bendir til —, en hv. þm. V-Húnv. var ekki viðstaddur, þegar hinir nm. ákváðu að bera fram þessa brtt., og sökum þess að hann hafði verið með því, að stofnfé væri 2½ millj., gerði ég ekki ráð fyrir, að hann mundi gera neinn ágreining út af því, þótt það yrði nú hækkað í 1½ millj. úr 1 millj. kr. Annars er hann nú hér staddur og hefur að sjálfsögðu óbundnar hendur um afstöðu sína til þessa máls.

ATKVGR.
Brtt. 740 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 125. fundi í Ed., 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 747).
Á 126. fundi í d., 6. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 127. fundi í Ed., 7. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 778).

68. *Brúargerðir (frv. samgmn. Ed.).*

Á 98. fundi í Ed., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (þmfrv., A. 544).

Á 99. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, varð samkomulag um það, að vegabótafrv. tvö, frv. til vega- og brúalaga, skyldu flytjast sitt í hvorri þd., og kom það í hlut Ed. að flytja þetta frv. til brúalaga. Um breyt. á brúalögunum, eins og á vegalögunum, er það að segja, að þær eru ráðgerðar af vegamálastjóra, sem undirbúið hefur frv. Það er ráðgert að fjölga brúnum allmikið, en allar þær brýr, sem gert er ráð fyrir, að teknar séu inn í l., eru í þann veginn að komast á þjóðvegi, eða þá að þeir vegir, sem þær tengja saman, eru í þann veginn að verða þjóðvegir. Það er allmikil aukning á brúm, sem fella á inn í brúakerfið, eða 33 víðs vegar um landið, en þó flestar í Vestfirðingafjórðungi, því að þar eru margar ár, sem nauðsynlegt er að brúa, en Vestfirðingafjórðungur hefur helzt farið varhluta undanfarið. Allir fjórðungar fá þó nokkuð og flestar sýslur.

Það er óþarfi að fylgja þessu frv. úr hlaði með langri ræðu, því að skilgreining vegamálastjóra, sem fylgir því, skýrir það nægilega. Frv. snýst að kalla ekki um annað en, hvaða brúm skuli bætt inn á brúalögin, og er í frv. farið eftir till. vegamálastjóra. Þó er að geta þess, að eftir að hann var búinn að kynna sér málin nánar, og enn fremur samvinnunefnd samgöngumála og samgmn. Ed., þá var bætt 2 brúm inn í frv. eftir sérstökum meðmælum vegamálastjóra. Þá tel ég rétt að geta þess, að í 1. gr. frv. er mikilsvert atriði, sem ég tel mig ekki geta gengið þegjandi fram hjá. En það er, þar sem segir, að brýr á sýsluvegum megi gera að öllu af ríkisfé. Mun hér vera miðað við, að brýrnar séu þó ekki minni en 10 metra langar, þótt ekki sé það beint tekið fram. Þetta er mikið hagræði, og mega menn fagna þessu, þar eð geta sýslufélaganna til brúargerða er næsta takmörkuð. Það gæti verið athugandi, hvort taka ætti skýrt fram, að ríkið kostaði ekki minni brýr en 10 metra á sýsluvegunum og þá, að það væri skylda ríkissjóðs að kosta að öllu þær, er stærri væru, eða að hafa ákvæði 1. gr. eins og þau eru nú, en þetta má athuga undir næstu umr. N. treystir því, að því kerfi, sem hér er lagt til, verði ekki raskað, ekki af því, að ekki sé alltaf álitamál, hvar brúa skuli, heldur af því, að hlutaðeigendur hafa lagt sig í líma til þess að koma þessu saman og gert sitt bezta. Í trausti þess, að frv. fái greiðan framgang, sé ég ekki ástæðu til þess að ræða það nánar, en óska, að því verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni, en sé ekki ástæðu til að vísa því sérstaklega til n., þar sem það er flutt af samgmn., og hún er fús að taka það til nánari athugunar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég flutti í byrjun þingsins nokkrar brtt. við brúalögin, þar sem ég óskaði eftir nokkrum brúm í Barðastrandarsýslu. Nú sé ég, að töluvert mikið af þeim hefur verið tekið inn á þetta frv., og er ég n. þakklátur fyrir það. Hins vegar hafa verið felldar niður 5 brýr, og skilst mér á grg. vegamálastjóra, að það sé vegna þess, að þær nái ekki 10 metra lengd. Ég mun sætta mig við þetta og ekki flytja brtt., en mig grunar, að síðar kunni að sannast, að þessar 5 brýr séu yfir 10 metra langar. En með þeim skilningi á málinu mun ég fella mig við þetta.

En í sambandi við þessar mælingar má geta þess, að þær voru ekki gerðar, þegar vatnsmagnið var mest. T. d. var gert ráð fyrir 12 metra langri brú á Haukadalsá, en í leysingum þarf að sundríða af þeirri brú til lands.

Sama er að segja um breyt. á III. tölulið. Ég geri ráð fyrir, að leggja beri þann skilning í þá grein, að þetta verði byggt af ríkisfé og ríkið beri þá allan byggingarkostnaðinn, er ráðuneytið hefur samþ. bygginguna, en þetta verði ekki af ríkisins hálfu kostað að helmingi á einum stað, þremur fjórðu hlutum á öðrum og að öllu leyti á hinum þriðja, heldur skilst mér, að ef ráðuneytið samþykkir brýr á sýsluvegi, þá kosti ríkið þær að öllu leyti, hvort sem þær eru minni eða stærri. Ef ríkisstj. samþykkir brýr, þá legg ég þann skilning í þetta, að ríkið greiði þær að öllu leyti, en ekki að þremur fjórðu hlutum, og með þeim skilningi greiði ég atkv. með þessari gr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 544, 562).

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er flutt af samgmn. Ed., hefur enn sem komið er ekki sætt neinum sérstökum mótmælum.

Það var við 1. umr. af hálfu n. gerð grein fyrir því, að það hefði fengið ýtarlegan undirbúning og verður ekki rakið nánar.

Það er samið í samráði við vegamálastjóra eða var sent honum til umsagnar og hefur sætt ýtarlegri meðferð samgmn. beggja d. Og hygg ég, að ekki sé hægt að neita því, að það sé vel um það búið að flestu leyti, og eigi því að nægja að skírskota til þess, sem þar segir í grg. Og í trausti þess, að frv. megi fá góðan framgang og þar sem þetta er fyrri d. og 2. umr., vil ég vona, að hv. þm. sjái sér fært að láta það ekki að nauðsynjalausu tefjast.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég á hér eina brtt., sem langt er síðan útbýtt var hér í hv. d. Hún er um að bæta inn í kaflann um nýjar brýr einni brú yfir Þverá í Vopnafirði. En eftir að ég hef talað við vegamálastjóra og hann lýst því yfir, að samkomulag hefði orðið um það að taka ekki upp í frv. nýjar brýr yfir ár á sýsluvegum og í þess stað setja eitt almennara ákvæði um það, að

brýr yfir ár á sýsluvegum mætti gera að öllu leyti fyrir fé úr ríkissjóði. Áður var það svo, að slíkar brýr mátti ekki gera nema að ⅔ hlutum kostnaðar fyrir fé úr ríkissjóði. Vegamálastjóri hefur sagt mér, að þetta hafi orðið að samkomulagi milli samgmn. beggja d. að taka ekki þessar brýr upp í brúal., heldur setja um þetta almenna ákvæðið. Vegamálastjóri hefur líka tjáð mér, að það væri sinn ákveðni vilji að taka þetta ákvæði um brýr á sýsluvegum þannig, og þó að það stæði svo í frv., að „brýr á sýsluvegum má gera að öllu leyti fyrir fé úr ríkissjóði", þá gerir hann ráð fyrir því, að það verði framkvæmt eins og þar stæði „skal gera fyrir fé úr ríkissjóði". Og eftir að ég hef fengið þessar upplýsingar hjá vegamálastjóra og kynnt mér III. lið, b-lið, og að hann verði framkvæmdur eins og ég hef áður lýst, að þessar brýr verði að öllu leyti kostaðar af ríkissjóði, þá tek ég mína brtt. aftur.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja til staðfestingar því, sem hv. 1. þm. N-M. tók fram, að ég veit, að margir hv. þm. hafa horfið frá því að bera fram slíkar brtt. eins og hv. þm. tók aftur, og það skiptir mjög litlu máli, hvort það stendur í brúal. eða ekki, þar sem það almenna ákvæði er að komast í l., að brýr á sýsluvegum, sem séu 10 m eða lengri, skuli kostaðar að öllu leyti fyrir fé úr ríkissjóði, því að ég tel, að þetta ákvæði verði skilið á rúman hátt fremur en þröngan.

ATKVGR.
Brtt. 562 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 108. fundi í Nd., 9. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 113. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 123. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 124. fundi í Nd., 8. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Gísli Sveinsson: Ég sé, að hv. frsm. n. er ekki hér staddur, og vil ég því lýsa því yfir, að það hefur þótt nægja að mæla með, að frv. næði fram að ganga í þessari d. eins og í Ed. Hins vegar er það enn þá svo, að ef til vill hafa einhverjir hugsað til að gera breyt. á þessu frv. Að öðru leyti er samkomulag um þessa löggjöf, eins og um vegal. á sínum tíma, í samvinnunefnd samgm., og er reynt að stilla svo til, að málið sæti ekki breyt. í síðari þd.
Nú er eftir ein umr. og gefst þá tækifæri til að flytja brtt., ef einhverjir óska.
Ég vil svo óska, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 125. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 805).

---

69. Nýjar síldarverksmiðjur.

Á 35. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur (þmfrv., A. 193).

Á 36. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 13. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Atvmrh. sendi fjhn. þetta frv. með tilmælum um, að hún flytti það, og það hefur n. gert, en að sjálfsögðu hafa einstakir nm. óbundnar hendur um afstöðuna til málsins. Þetta frv. þarf ekki langra skýringa við, og vísast í því sambandi til ýtarlegra fskj., er fylgja frv. Hér er aðeins lagt til, að breytt verði þeirri fjárupphæð, sem ríkisstj. heimilast að taka til láns til síldarverksmiðjanna, sem reistar eru á þessu ári. Fjhn. leggur til, að máli þessu verði vísað til 2. umr., og skýringar á því liggja alveg í fskj.

Skúli Guðmundsson: Mér þykir ekki ósennilegt, að þetta frv. komi hv. alþm. einkennilega fyrir sjónir. Þar er lagt til að heimila ríkisstj. að taka lán f. h. ríkisins, allt að 38 milljónum króna, og segir í grg., að fé þessu eigi að verja til byggingar síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði og Skagaströnd, sem unnið hefur verið að undanförið. Ég geri ráð fyrir, að þeir hv. þm., sem áttu sæti hér á næstsíðasta þingi, minnist þess, að á síðustu dögum þingsins var lagt fram frv. um lántökuheimild vegna þessara verksmiðjubygginga, og var það tekið

hér til meðferðar í Nd. 27. apríl og afgr. við allar þrjár umr. sama dag. Þetta frv. var á þskj. 997, og það var flutt af fjhn. d., eins og þetta frv. nú, og þá var farið fram á að hækka lántökuheimildina úr 20 milljónum í 27 milljónir. Þá var komizt svo að orði í grg. frv.:

„Framkvæmdir eru nú það vel á veg komnar, að nokkurn veginn má sjá, hver byggingarkostnaðurinn verður. Má ætla, að til þess að unnt verði að ljúka byggingarframkvæmdum bæði í Höfðakaupstað og Siglufirði, þurfi að hækka lántökuheimild ríkisstj. úr 20 millj. kr., eins og hún er í núgildandi l., upp í 27 millj. kr."

Þetta var Alþ. sagt í apríl í vor. En nú kemur hins vegar á daginn, að þær upplýsingar, sem þá voru gefnar, hafa verið villandi, því að nú er sagt, að 38 millj. kr. þurfi til þessara framkvæmda, og farið fram á, að lántökuheimildin verði hækkuð upp í 38 millj., eða um 11 millj. kr. frá því í vor. Nú fylgir bréf frá byggingarnefnd verksmiðjanna, sem er prentað sem fskj. með grg., og þar er nokkurs konar yfirlitsreikningur um byggingarkostnaðinn. Ég ætla nú ekki að ræða mikið um þetta mál við 1. umr., en er það kom til fjhn. fyrir fáum dögum, óskaði ég eftir, að það yrði athugað í n. milli umr., og var því vel tekið af nm. og það er full ástæða til að taka mörg atriði þess til nánari athugunar. Það liggur í augum uppi, að hinn mikli munur á þeim upplýsingum, sem gefnar hafa verið um byggingarkostnaðinn, er óeðlilegur. Þar er ekki nema tvennt til. Annaðhvort hefur verið vísvitandi farið með blekkingar í vor í þessu máli eða vanþekking þeirra, er sjá áttu um framkvæmdirnar, hefur verið meiri en hún má vera hjá þeim, sem fengnir eru til að stjórna þýðingarmiklum framkvæmdum fyrir hönd ríkisins. Ég tel sem sagt fulla ástæðu til að athuga málið nánar og vænti, að það verði sérstaklega gert í fjhn. milli 1. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 38. og 39. fundi í Nd., 16. og 17. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 11. febr., var frv. enn tekið til 2. umr..
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Nd., 14. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mál þetta hefur verið til athugunar hjá fjhn. hv. þd., og ég geri frekar ráð fyrir, að nál. komi um málið frá þeirri n. eða einhverjum hluta hennar, og setti það að geta legið fyrir strax eftir helgina. Vildi ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði umr. málsins nú og tæki málið af dagskrá þessa fundar.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75., 76. og 77. fundi í Nd., 17., 18. og 19. febr., var frv. enn tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 82. fundi í Nd., 27. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 193, n. 414).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. er um breyt. á l. nr. 93 frá 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, og mun þetta vera í þriðja sinn, sem um er að ræða breyt. á þessum l., því að áður hefur þeim tvisvar verið breytt.

Það er nú orðið alllangt síðan frv. var hér síðast á dagskrá, en þá vakti ég athygli á ósamræmi í þeim upplýsingum, sem fyrrv. atvmrh. hefur gefið um þetta mál. Á síðasta Alþ., eða í apríl 1946, var hér flutt frv. af atvmrh. um 7 millj. kr. viðbótarlánsheimild vegna nýrra síldarverksmiðja, sem þá var verið að reisa, þannig að lánsheimildin yrði 27 millj. í stað 20 millj., sem áður voru heimilaðar. Í grg., sem fylgdi þessu frv., var svo frá skýrt, að framkvæmdir væru það vel á veg komnar, að séð yrði, hvað kostnaður væri mikill við verkið, og hann talinn 27 millj., og þetta féllst Alþ. á og samþykkti frv. En sex til sjö mánuðum síðar koma þessir sömu aðilar með ósk um, að heimildin verði hækkuð um hvorki meira né minna en 11 millj., eða upp í 38 millj. Sú n., sem ráðh. skipaði til þess að sjá um þetta verk, hefur skýrt frá störfum sínum í bréfi til fjhn., dagsettu 30. nóv. 1946, og látið fylgja með til bráðabirgða yfirlit, og er það að finna á þskj. 193 með frv. Frv. þetta var upphaflega flutt af fjhn. eftir ósk ráðh., en einstakir nm. áskildu sér rétt til að hafa óbundnar hendur við atkvgr. um málið. Síðan hafa farið fram nokkrar athuganir á frv. í nefndinni, og hefur meiri hluti hennar ekki gefið út nál., en hins vegar hef ég gefið út nál., sem er að finna á þskj. 414. Ég hef drepið þar á það ósamræmi, sem fram hefur komið í þessu máli, og önnur atriði við framkvæmd verksins.

Í bréfi því, er áður er um getið, og meðfylgjandi bráðabirgðayfirliti kemur það í ljós, að n. hefur samið við hlutafélag hér í bæ, sem nefnist Almenna byggingafélagið, um að það sæi um byggingar á umræddum verksmiðjum og aðrar framkvæmdir byggingarlegs eðlis. Samkv. upplýsingum n. hefur þetta félag haft skrifstofur á báðum byggingarstöðunum, og auk skrifstofumanns hefur það haft einn yfirverkstjóra á hvorum stað. Eftir reikningsyfirliti hefur þetta félag fengið 800 þús. kr. fyrir umsjón með verkinu, eða 400 þús. kr. frá hvorri verksmiðju. Í þessu eru falin laun þessara tveggja starfsmanna á hvorum stað, en að öðru leyti mun þessi þóknun vera fyrir yfirumsjón þess og aðra fyrirhöfn, og virðist það ríflega greitt og meira en þurft hefði. Þá hefur þessi byggingarnefnd haft í sinni þjónustu einn mann á hvorum stað til þess að líta eftir framkvæmdum byggingafélagsins og auk þess mann til að líta eftir vélum á Skagaströnd. Skrifstofu- og nefndarkostnaður, laun umsjónarmanna, ferðakostnaður, teikningar o. fl. er um 450 þús. kr. Ekki hefur fjhn. fengið

nánari sundurliðun á þessu, en byggingarn. upplýsir í bréfi nýverið til fjhn., að laun byggingarn. muni vart verða meiri en ⅛ hluti þessarar upphæðar. Hvernig hinu er þá varið, liggja ekki upplýsingar fyrir um, en eins og ég hef bent á, segist n. hafa haft þrjá menn, meðan á framkvæmdum stóð til eftirlits á þessum stöðum fyrir norðan og þar að auki einn mann á Skagaströnd um tíma til að líta eftir vélum og enn fremur einn mann enn á skrifstofu í Reykjavík vegna þessara verksmiðjubygginga. En hvað mikill hluti þessarar upphæðar er laun aðstoðarmanna, ferðakostnaður eða fyrir teikningar, sem þar eru nefndar sem útgjaldaliður, skal ég ekki segja, en þess má geta í þessu sambandi, að n. upplýsir, að hjá sér liggi krafa frá Almenna byggingafélaginu á annað hundrað þús. kr. fyrir teikningar. Vill félagið fá þetta greitt fyrir teikningar til viðbótar við upphæðina, sem ég nefndi áðan, að það hefði fengið í umsjónarlaun, og nam 800 þús. kr. Hins vegar hefur n. gert ágreining um þessa kröfu, og skildist mér, að ekki væri búið að greiða Almenna byggingafélaginu þessa upphæð.

Mér sýnist, að það hefði mátt spara eitthvað talsvert af þessari upphæð. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa að sjálfsögðu skrifstofur á Siglufirði, þar sem aðsetur þeirra er aðallega. Mér skilst, að það hefði verið hægt að komast hjá í sambandi við þessar framkvæmdir að setja upp sérstaka skrifstofu vegna þeirra. Fleira kemur þar til greina, sem vafalaust hefði verið hægt að haga á annan hátt til þess að gera yfirstjórn framkvæmdanna ódýrari.

Þá er það einnig kunnugt, að mjög mikið af vinnu við þessar framkvæmdir hefur verið framkvæmt utan dagvinnutíma, en nú er kaupgjald í eftirvinnu 50% hærra en í dagvinnu og í næturvinnu og helgidagavinnu 100% hærra en dagvinnukaup. Fjhn. óskaði fyrir löngu eftir upplýsingum um það, hvað eftirvinna, næturvinna og helgidagavinna væri mikil við þessar framkvæmdir, og hefur fengið bréf frá byggingarn., dags. 17. febr., þar sem birt eru sundurliðuð vinnulaun við verksmiðjuna á Skagaströnd, þ. e. a. s. það er aðeins upplýst um þá vinnu, sem Almenna byggingafélagið lét framkvæma. Hins vegar hafa engar upplýsingar borizt um framkvæmdir þessa félags á Siglufirði og ekki heldur um þá vinnu, sem framkvæmd var af hinum aðalverktakanum, vélsmiðjunni Héðni í Reykjavík. En samkv. upplýsingum byggingarn. um þessar framkvæmdir Almenna byggingafélagsins á Skagaströnd nema aukagreiðslur vegna eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu þar um 590 þús. kr. Byggingarn. segir að vísu í þessu sambandi, að hún hafi fengið fyrirmæli um það frá fyrrv. hæstv. ráðh. að koma þessari verksmiðju upp fyrir síldarvertíð 1946 og haga sínum framkvæmdum í samræmi við það. En það er hins vegar ljóst, að það var fyrirsjáanlegt þegar snemma á s. l. ári, snemma vors, að ekki mundi vera hægt, þrátt fyrir það að mikið var unnið í eftir- og næturvinnu, að koma báðum verksmiðjunum upp fyrir síldarvertíð, og um þetta mun hæstv. ráðh. hafa fengið umsögn frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins í marz 1946. Í byrjun marzmánaðar 1946 mun stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafa látið uppi það álit við fyrrv. hæstv. atvmrh., að hægt væri að hafa aðra verksmiðjuna tilbúna í byrjun síldarvertíðar með því að láta hana sitja fyrir um efni, vélar og vinnuafl, og stjórn síldarverksmiðjanna kveðst hafa gert um þetta rökstuddar till. til hæstv. ráðh. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. ekki tekið þessar till. verksmiðjustjórnarinnar til greina, og var því, eftir því sem upplýst er, unnið við báðar þessar verksmiðjur, þótt fyrirsjáanlegt væri, að þar með gæti hvorug þeirra orðið tilbúin fyrir síldarvertíð. Ég tel því, að það hafi ekki verið heppilegt að láta vinna svo mikið við þessar byggingar í eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu, því að það hefur að sjálfsögðu aukið byggingarkostnaðinn mjög verulega.

Af þessu, sem ég hef hér bent á og fram er tekið í mínu nál., þá tel ég það vera ljóst, að við þessar framkvæmdir hefur eyðzt miklu meira fé en þurft hefði að vera. Það hefur sínar alvarlegu afleiðingar fyrir síldarútveginn, því að eftir því sem stofnkostnaður verksmiðjanna er meiri og þar af leiðandi afborganir og vextir af stofnkostnaði hærri, eftir því er það minna, sem útgerðarmenn og sjómenn geta á hverjum tíma fengið fyrir sínar afurðir.

Nú er sennilega þýðingarlítið um þetta að tala. Það er komið, sem komið er, og verður fráleitt hjá því komizt að borga þennan kostnað, eins og hann er orðinn. Það mun því ekki um annað að gera fyrir menn en samþykkja þessa hækkun á lántökuheimildinni, sem farið er fram á í frv. En ég tel, að þessi framkvæmd og saga hennar öll sé þannig, að hún eigi að vera til viðvörunar í framtíðinni, svo að meiri hagsýni verði gætt við þær framkvæmdir af þessu tagi og aðrar, sem ríkið hefur með höndum, en hér er um að ræða, því að enn er eftir að reisa nokkrar síldarverksmiðjur samkv. þessum l., á Sauðárkróki, Hólmavík og Húsavík, og væntanlega verður hægt að koma upp þessum verksmiðjum, áður en langt um líður. Og þá tel ég þýðingarmikið, að haganlegar verði að þessu unnið en hér hefur verið gert, svo að verksmiðjurnar verði ekki dýrari en þörf er á.

Ég sé svo ekki ástæðu, nema tilefni gefist til, að fara fleiri orðum um þetta mál, en get látið nægja að vísa til þeirra gagna, sem hér liggja fyrir, bæði í frv. sjálfu og mínu nál.

Frsm. meiri hl. (Einar Olgeirsson): Hv. þm. V-Húnv. hefur gefið út sérstakt nál., þó að hann hafi verið okkur sammála, hinum nm. í fjhn., um þetta mál, og að vissu leyti hefði verið nauðsynlegt að láta prenta dálítið af þeim skjölum, sem okkur hafa bætzt síðan í fjhn. En ég mun þó freista að láta duga að þessu sinni að lesa nokkuð upp úr þeim í sambandi við þær aths., sem hér hafa verið gerðar í sambandi við þetta mál, en allar víkja að því, að hv. þm. deildi sérstaklega á hagsýnina við þessar framkvæmdir. Um það vil ég segja, að lengi má deila um það í sambandi við okkar síldarverksmiðjur, hvenær sé rétt að leggja áherzlu á að byggja með miklum hraða. Mér virðist málið samt liggja þannig fyrir, að mesta hættan á tapi í sambandi við verksmiðjurnar liggi í því að hafa ekki verksmiðjurnar til, að það vanti verksmiðjur. Ég held, að mesta tapið, sem við höfum orðið fyrir í sambandi við okkar síldveiði, sé vegna þess, að við höfum ekki haft eins miklar verksmiðjur og við hefðum þurft. Nú var mikið unnið og stór átök gerð til þess að koma upp síldarverksmiðjum á skömmum tíma og reynt að hraða þeim svo,

að þær yrðu tilbúnar fyrir þá síldarvertíð, sem þær áttu að koma að gagni. Ég held, að það hafi því verið hagsýni, að unnið var með eins miklum krafti og gert var þessi 2 ár að því að koma upp síldarverksmiðjum, og ef á að tala um óhagsýni, þá er hún fyrst og fremst í sambandi við það að vanrækja að koma upp verksmiðjum, meðan tækifæri var til þess, t. d. fyrir stríð, en hitt hagsýni að leggja svo mikla áherzlu á sem fyrrv. hæstv. stjórn gerði að koma upp þessum stóru síldarverksmiðjum, sem svo að segja tvöfalda afkastamagn síldarverksmiðjanna. Um hitt er engan hægt að saka, þó að aflinn brygðist og verksmiðjurnar kæmu því ekki að gagni á þeirri vertíð, sem til var ætlazt. Og út frá því sjónarmiði held ég, að það, sem hv. þm. sagði, að hefði verið rangt af fyrrv. hæstv. atvmrh. að fela sérstakri byggingarn. að sjá um þessa byggingu, en ekki stjórn síldarverksmiðjanna, þá efast ég ekki um, að það var rétt að fela framkvæmdirnar sérstakri n., því að það eitt tryggði, að eins mikið væri gert og gert var á þessu sviði. Eins og áður hefur verið minnzt á, vill stjórn síldarverksmiðjanna byggja minna og hægara og koma því upp á 3 árum, sem hefði verið hægt að koma upp á 2 og hægt hefði verið að koma upp fyrir síðustu vertíð, ef nauðsyn hefði verið, sem ekki varð. Þannig þýddi það vitanlega ekki að fela stjórn síldarverksmiðjanna að sjá um þessar framkvæmdir. Út frá þessu tel ég, að það hafi verið alveg rétt af hæstv. fyrrv. stjórn að flýta byggingunni eins mikið og gert var og láta vinna í eftirvinnu og næturvinnu, sérstaklega þegar síldveiðitíminn fór að nálgast allmikið.

Í skýrslu frá byggingarnefnd síldarverksmiðjanna er sundurliðað, hvernig dagvinna, eftirvinna og næturvinna skiptast, og vil ég leyfa mér að lesa þær tölur upp.

Árið 1945 sundurliðast þannig þau vinnulaun, sem Almenna byggingafélagið greiddi á Skagaströnd:

Dagvinna	kr.	602505,92
Eftirvinna	—	210222,99
Nætur- og helgidagavinna	—	160733,21

1946:

Dagvinna	kr.	1111187,33
Eftirvinna	—	401694,94
Nætur- og helgidagavinna	—	612398,88

Vinna samtals þessi tvö ár við verksmiðjuna á Skagaströnd:

Dagvinna	kr.	1713693,25
Eftirvinna	—	611917,93
Nætur- og helgidagavinna	—	773133,09

Þetta er, þegar það er borið saman við byggingarkostnaðinn í heild, engin voða summa. Nú hefur það verið svo við allar byggingar, sem unnar hafa verið á undanförnum árum hér á landi, að þar hefur verið a. m. k. mikil eftirvinna, þannig að þarna er ekki um neitt sérstakt að sakast. Hins vegar er það rétt, að næturvinna var þarna meiri, þegar á leið, en sá kostnaður er, eins og kemur fram í skýrslunni, ekki neitt, sem hefur þar afgerandi þýðingu, og enga þýðingu, þegar það er borið saman við, hvað þarna var í húfi, hvort verksmiðjan yrði til fyrir síldarvertíðina eða ekki.

Þá gerir byggingarn. grein fyrir ýmsu, sem hafi orðið atriði í því að hækka kostnaðinn frá því, sem fyrst var ráð fyrir gert. Það er verðhækkun á vélum og allur kostnaður, sem varð í sambandi við að reyna að flýta verkinu. Enn fremur þurfti að fá sérmenntaða menn úr Reykjavík til að annast vélauppsetningu og ýmis kostnaður við ferðalag þeirra og að síðustu allur kostnaður vegna hækkandi vísitölu. En ég held, að viðvíkjandi áætlunum um slík fyrirtæki sé ekki um mikið að sakast. Ég þekki ekkert fyrirtæki, sem gerð hefur verið áætlun um, að það hafi ekki farið stórkostlega fram úr áætlun, þannig að þessi hækkun kom engum á óvart. Það er það venjulega um byggingar nú á tímum.

Þá fór hv. þm. nokkuð inn á það, að Almenna byggingafélagið hefði fengið allmikið greitt fyrir umsjón sína. Félagið hefur, eftir því sem fskj. bera með sér, sem birt eru í því sameiginlega nál., greitt í vinnulaun á báðum stöðunum um 6½ millj. kr. En það hefur haft ýmislegt fleira að gera en að greiða vinnulaun. Umsjónarlaun, liður nr. 28 við Skagastrandarverksmiðjuna, eru samtals 400 þús. kr. Almenna byggingafélagið hefur upplýst í bréfi til eins nm. í fjhn., að árið 1945 hafi laun starfsmanna á byggingarstað verið 73822,75 kr., verkamannakostnaður 26954,90 kr., slysatrygging 16093,00 kr., ferðakostnaður starfsmanna, sem voru á staðnum, 4273,65 kr. og símakostnaður 12950,50 kr. Þetta er dæmi af því, hvað fer í beint útlagðan kostnað á þessum liðum, sem eru nr. 25 við Siglufjarðarverksmiðjuna og nr. 28 á Skagaströnd. Hins vegar held ég, að það mætti bera þetta saman við það, sem er venja hér í Reykjavík hjá mörgum félögum og eins hjá því opinbera. Þessi byggingarfélög taka yfirleitt 15% álag á vinnulaun, sem þau greiða. Sé sá mælikvarði lagður hér á, þá verður það mun hærra en það, sem Almenna byggingafélagið hefur fengið greitt fyrir umsjón sína. Í járnsmíði og öðru slíku hefur verið heimilað í l. um allmörg ár að taka 40% álag á vinnutaxta. Því fer fjarri, að ég álíti þetta rétt, þó að það hafi viðgengizt. En þegar þetta er þannig heimilað, jafnvel af n., sem ég held, að hv. þm. V-Húnv. hafi eitthvað haft með að gera á sínum tíma að koma á og beri því meðábyrgð á þessum taxta, þá virðist það, sem Almenna byggingafélagið hefur fengið greitt í umsjónarlaun annars vegar og vélsmiðjan Héðinn hins vegar, ekki fara fram úr hófi, miðað við þann gróða, sem tíðkast að slík félög áskilji sér, og miðað við þá aðstöðu, sem þau hafa í þessu þjóðfélagi til þess að geta haft eitthvað upp úr því, sem þau vinna. Hér er síður en svo, að tekinn hafi verið óhæfilegur gróði á þessum kostnaðarliðum.

Viðvíkjandi kostnaðinum við sjálfa n., þá er það upplýst, að meginið af þessum kostnaði eru útgjöld, sem n. hefur haft við alla stjórn á þessu, en ekki nema hverfandi lítið farið til nm. sjálfra, hvort sem sá kostnaður er endanlega ákveðinn eða ekki. Það er rangt að gefa í skyn, að kostnaður við n. hafi verið svo geysilegur. Skrifstofukostnaður og nefndarkostnaður, laun umsjónarmanns, ferðakostnaður, teikningar og fleira, hefur verið á Siglufirði 250 þús. kr. og sams konar kostnaður á Skagaströnd 200 þús. kr. Þessi liður, sem hér hefur verið rætt um og mér fannst hv. þm. V-Húnv. gera óþarflega mikið að umtalsefni, er þess vegna í raun og veru ekki svo hár, að það sé til að fást um.

En það er einn liður, sem mér finnst virkilega

hár og hefði verið ástæða til að minnast á, en hv. þm. V-Húnv. gekk fram hjá. Það er liður nr. 31 á Siglufirði og 35 á Skagaströnd. Það eru vextir og lántökugjald, 850 þús. kr. á hvorum stað. Af þessu er lántökugjald 380 þús. kr., 1% af þessu öllu saman. Ef á að fara að krítisera, hvað einstök félög taka og n., sem hefur stjórnað öllum framkvæmdum, þá finnst mér mega minnast á, hvað sjálfur ríkisbankinn tekur í gjald af svona fyrirtækjum. Það eru 38 millj. kr., sem teknar eru til láns í þjóðbankanum, og það kostar 1700 þús. kr. að leggja fram þetta fé í ekki meira en 1½ ár, og þar af er lántökugjald 380 þús. kr. Það er drjúgur skildingur fyrir ekki meira starf en að bankastjórinn svarar því játandi, að bankinn leggi féð fram. Það er nærri því eins mikið og það kostar hjá verksmiðjun. að stjórna þessu í 1½ ár. Kostnaðurinn við það er ekki nema litlu meiri en lántökugjaldið. Ég held því, að ef menn ræða málið út frá því sjónarmiði, að ríkið eigi að spara sem mest af peningum og óþarfa útgjöldum, þá sé þarna kostnaðarliður, sem sé kannske einna þyngstur. Ég skal alls ekki mæla því bót, að einkafélög séu að stórgræða, en það er nú einu sinni svona í því þjóðfélagi, sem við lifum í. Svona er búið að þessum félögum, svo að það er til lítils að krítisera það. Öll venjuleg atvinnufyrirtæki eru byggð á þessu prinsipi. Það er ætlazt til, að þau græði á þessu, og ég held, að þau hafi grætt minna á þessu en mörgum öðrum fyrirtækjum. En hér hefur mikið verið gert á skömmum tíma og gert vel. Hins vegar hefur sjálfur ríkisbankinn tekið aðra eins fjárfúlgu og ég nefndi fyrir að leggja féð fram í hálft annað ár. Þannig fer ríkisbankinn að, þegar hv. þm. V-Húnv. er að tala um, að eigi að spara fyrir ríkið. Og fyrir þjóðina, sem lengi er búin að stynja undir vaxtafargi og vaxtabyrði, sem búin er að vera böl fyrir sjávarútveg okkar áratugum saman, væri meir en ástæða til að gagnrýna þá pólitík af hendi ríkisstj. og Landsbankans að leggja á síldarverksmiðjurnar kr. 1700000 við að leggja fram fé til að koma þeim upp. Þess vegna er ég sammála hv. þm. V-Húnv. um það, að ekki þýði fyrir okkur að deila um þetta hér, þýðingarlaust í sambandi við það, sem fyrir liggur. Þegar þessar verksmiðjur eru komnar upp, verðum við ánægðir yfir því, að þær eru komnar upp. Og ef síldin heldur áfram að veiðast hér við land, mun þjóðin áreiðanlega hafa það mikinn hag af því að fá þessar verksmiðjur, að hún mun ekki horfa í það, hvort þær kosta nokkrum millj. króna meira eða minna, heldur, að verksmiðjurnar komist upp.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Mér er ljóst, að við þessar verksmiðjubyggingar hefur ýmislegt farið í súginn, og sennilega svo að skiptir nokkuð mörgum milljónum, en ég hef ekki hugsað mér að gera það atriði að umtalsefni hér að þessu sinni.

Nú, ég hef áður við umr. um sams konar mál bent á það hér á Alþ., að ég hef talið mjög óráðlegt að skipa sérstaka byggingarnefnd í þetta mál og fela það ekki stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Ég skal ekki ítreka þær umr., en vildi þó út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, þegar hann talaði um, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefði ætlað að reisa á 3 árum þessar tvær verksmiðjur, sem hér um ræðir, en þeirri byggingu verið flýtt með skipun nýrrar byggingarnefndar, leyfa mér að leiðrétta þau ummæli, sem hljóta að byggjast á misskilningi, og vil í því efni vitna til skýrslu síldarverksmiðja ríkisins fyrir árið 1945, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 4:

„Í fyrr greindu bréfi stjórnar SR til atvmrh., dags. 2. nóv. 1944, segir m. a. svo:

„Í stuttu máli er ætlun stjórnar síldarverksmiðja ríkisins:

1) að leggja áherzlu á, að afkastaaukningin í Siglufirði um 3500/4000 mál á sólarhring komist upp fyrir næstu síldarvertíð.

2) að hin nýja 10 þúsund mála verksmiðja í Siglufirði verði reist fyrir síldarvertíð 1946.

3) að hin nýja verksmiðja í Höfðakaupstað verði reist eins fljótt og hafnarskilyrði þar leyfa, helzt fyrir síldarvertíð 1946.

4) að halda síðan áfram nýbyggingum síldarverksmiðja, sbr. l. nr. 93 1942, eftir því sem aðstæður leyfa.““

Í sambandi við þetta eru svo í skýrslu síldarverksmiðjanna gefnar mjög margar upplýsingar um það, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins var búin að undirbúa byggingu þessara verksmiðja, t. d. með pöntun á ýmsum vélum, á þann hátt, að ómögulegt hefði verið fyrir nýbyggingarstjórn að koma upp verksmiðjunum, ef sá undirbúningur hefði ekki farið fram með því takmarki fyrir augum, sem segir í skýrslunni. — Ég vona því, að það hendi ekki hv. 2. þm. Reykv. framar í þessu máli að bera það ranglega á stjórn síldarverksmiðja ríkisins, að hún hafi ekki ætlað að leysa þessi mál eins fljótt og unnt væri.

Hitt er svo aftur á móti alveg rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að mesta hættan fyrir okkur á tapi liggur í því að hafa ekki verksmiðjurnar tilbúnar. Það er mesta hættan í sambandi við síldveiðarnar að hafa ekki möguleika að taka á móti síldinni, þegar hún berst að. En því miður verður að upplýsa, að þessar tvær síldarverksmiðjur, sem búið var að segja af þeim ráðh., sem bar ábyrgð á kostnaðinum við byggingu þeirra, að yrðu tilbúnar í byrjun síðustu síldarvertíðar, því miður verður að segja, að þær verksmiðjur voru ekki tilbúnar þá og eru það ekki enn þá, svo að í rekstrarhæfu ástandi sé. Og ég hygg, að sú mesta hætta, sem vofir yfir okkur í þessu máli, sé sú, að þessar verksmiðjur verði ekki rekstrarhæfar fyrir næstu síldarvertíð. Það birtist í blöðum og útvarpi tilkynning um það, að verksmiðjurnar yrðu tilbúnar í byrjun síldarvertíðarinnar. En á fundi, sem verksmiðjustjórnin hélt 27. júlí s. l. sumar á skrifstofu framkvæmdastjórans, voru teknar fyrir viðræður stjórnar síldarverksmiðja ríkisins við byggingarnefnd. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundinum mættu frá byggingarnefnd þeir dr. Trausti Ólafsson, Þórður Runólfsson og Snorri Stefánsson. Form. byggingarn., dr. Trausti Ólafsson og Þórður Runólfsson, skýrðu frá, að n. gæti ekki afhent síldarverksmiðjurnar á Skagaströnd og Siglufirði sem tilbúnar í sumar og naumast fyrr en næsta vor. Allt hefði verið miðað við að koma verksmiðjunum á stað sem fyrst, og mætti vænta, að við reynslu kæmi í ljós ýmislegt, sem þyrfti að breyta, lagfæra og ljúka við. Í sumar yrði haldið áfram að fullgera verksmiðjurnar, eftir því sem hægt væri. Við lagfæringar yrði að sjálfsögðu tekið tillit til þess, sem trúnaðarmenn og framkvæmdastjóri SR kynnu að óska.

Að samkomulagi varð, að endanleg ákvörðun um, hvenær verksmiðjurnar yrðu afhentar SR, yrði tekin í haust.

Formaður byggingarnefndar skýrði frá, að þegar væri búið að greiða 25 millj. kr. fyrir byggingarframkvæmdir, en reikninga vantaði frá vélsmiðjunni Héðni o. fl.

Samkomulag varð um, að byggingarnefnd ráðstafaði ekki húsum, bílum, vélum eða öðru lausafé nema í samráði við stjórn SR.

Byggingarnefnd taldi, að verksmiðjan á Siglufirði gæti orðið tilbúin til reynslu í næstu viku."

Ég hygg, að þessi skýrsla sameiginlegs fundar staðfesti fyllilega það, sem sagt hefur verið af verksmiðjustjórninni, að hvorki síldarverksmiðjurnar á Siglufirði né á Skagaströnd séu komnar í rekstrarhæft ástand, staðfesti það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að mesta hættan fyrir okkur í síldariðnaðinum væri sú, að verksmiðjurnar yrðu ekki tilbúnar, þegar á þeim þarf að halda. Það var ekki fyrirsjáanlegt annað, þegar síldarvertíðin hófst, en á þessum verksmiðjum þyrfti að halda, og það var ekki annað en síldarleysið, sem bjargaði því, að ekki hlutust af því hin mestu vandræði, að verksmiðjurnar voru ekki tilbúnar.

Verksmiðjan á Siglufirði var svo reynd, ekki í vikunni á eftir 27. júlí, heldur 14. ágúst. Í skýrslu um þetta segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Byrjað var að taka á móti síld í þró SR 46 hinn 14. ágúst, en móttaka stöðvaðist strax vegna ólags á löndunarkrönum, og næstu daga var alltaf annar og stundum báðir kranarnir bilaðir, svo að miklu minna var landað í þrærnar hjá SR 46 en mundi hafa verið, ef löndunartæki hefðu verið í lagi.

Hinn 19. ágúst hafði verið landað ca. 5 þúsund málum. Ákvað byggingarnefnd að setja í gang kl. 6 síðdegis 19. ágúst og byrja þá að taka síld inn í verksmiðjuna til vinnslu. Fyrsta síld var þó ekki tekin inn fyrr en um kl. 10 um kvöldið og vannst lítið og varð fljótlega að stöðva aftur eftir lengri eða skemmri tíma, þar til kl. 9,45 22. ágúst, að stöðvað var til þess að hreinsa til í verksmiðjunni. Höfðu þá alls verið unnir 267 sekkir frá því kvöldið 19. ágúst eða tæp 1200 mál, miðað við eðlilega mjölútkomu, en allmiklu meira hráefni hafði farið í gegnum vélarnar, því að ekki fékkst full mjölútkoma. Talsverður hluti mjölsins var brenndur.

Vinnslu þessara ca. 5 þús. mála var lokið 27. ágúst.

Síðan var unnið að lagfæringum í nokkra daga og tekið á móti í þrær verksmiðjunnar 5—6 þúsund málum síldar. Voru þau unnin í septembermánuði, og gekk vinnsla þeirra álíka illa og í fyrra skiptið. Alls voru unnin í verksmiðjunni 11292 mál í sumar."

Það eru ekki líkur til, að hægt hefði verið að vinna meira en unnið var, þar sem verksmiðjurnar voru í því ástandi, að koma mátti í gegn einum 5 þús. málum og þó illa. Nú er það svo, að sama niðurstaða varð af þeirri reynslu, sem fékkst á Skagaströnd, varla hlekkur í kerfi verksmiðjunnar, sem var í rekstrarhæfu ástandi s. l. sumar. Og enn er ástandið þannig í þessum málum, að verksmiðjustjórnin skrifaði byggingarnefnd síldarverksmiðja ríkisins 26. febrúar, og byrjar bréfið þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Samkvæmt beiðni stjórnar SR hefur Hilmar Kristjónsson, tæknilegur framkvæmdastjóri verksmiðjanna, samið skrár yfir óleyst verkefni í sambandi við byggingu hinna nýju síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði og Skagaströnd. Eru þær skrár svohljóðandi: ..." — Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með að lesa þetta upp hér, en skal geta þess, að þau atriði, sem framkvæmdastjóri verksmiðjanna á Siglufirði telur, að bæta þurfi úr nú þegar, eru í 19 tölul., og þau öll nokkuð umfangsmikil og raunar mörg þess eðlis, að ef ekki verður búið að koma þeim í lag fyrir næstu síldarvertíð, þá eru verksmiðjurnar alveg óstarfhæfar. Og að því er viðvíkur Skagaströnd, þá eru talin þar upp 29 óleyst verkefni. — Í framhaldi af þessari upptalningu segir verksmiðjustjórnin:

„Svo sem fram kemur í framanskráðri upptalningu framkvæmdastjóra SR á óleystum verkefnum í hinum nýju verksmiðjum, eru mörg þeirra svo þýðingarmikil fyrir rekstur verksmiðjanna, að fyrirsjáanlegt er, að nýju verksmiðjurnar verða ekki í rekstursháefu ástandi á komandi síldarvertíð, nema því aðeins, að það takist að bæta úr því, sem mest er ábótavant, í tæka tíð fyrir næstu síldarvertíð.

Það skal tekið fram, að upptalning framkvæmdastjóra á þeim atriðum, sem þurfa úrbóta, er miðuð við það, sem hann hefur komið auga á, að er brýn þörf á að framkvæma og lagfæra fyrir næstu síldarvertíð. Margt fleira getur komið í ljós, er úrbóta þarf, við nánari athugun og þegar farið verður að reka verksmiðjurnar.

Oss er ljóst, að útvegun sumra vélarhluta og efnis og lagfæring á alvarlegum ágöllum og sumar byggingarframkvæmdir hafa dregizt svo á langinn, að ekki er öruggt, að nýju verksmiðjurnar verði í fullkomlega rekstrarhæfu ástandi á komandi síldarvertíð, jafnvel þótt nú þegar verði gert allt, sem hægt er, til þess að vinna að því og undirbúa, að svo megi verða. Til þess er of skammur tími til stefnu. Má því enginn tími fara forgörðum til þess að vinna að lausn hinna óleystu verkefna í verksmiðjunum.

Í framhaldi af þeirri aðstoð, sem vér höfum látið yður í té til þess að framkvæma ýmislegt í sambandi við byggingu nýju verksmiðjanna, bjóðum vér yður enn aðstoð SR til þess að ljúka verkinu og óskum samkomulags og samvinnu við yður um, hvernig lausn hinna óleystu verkefna skuli hraðað sem mest.

Förum vér fram á, að þér gerið nú þegar sérstakar ráðstafanir til þess að hraða framkvæmdum og að þær séu gerðar í fullu samráði við stjórn verksmiðjanna."

Ég skal ekki þreyta hv. d. á langri ræðu um þetta, en taldi skyldu mína að leiðrétta að nokkru það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um vilja stjórnar síldarverksmiðja ríkisins til nýbygginga, og eins hitt, að upplýsa það, að það er langur vegur frá því, að verksmiðjurnar hafi verið rekstrarhæfar nokkurn tíma á s. l. sumri, og hætta á, að þær verði enn ekki rekstrarhæfar fyrir næstu síldarvertíð að dómi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, nema róttækar ráðstafanir verði gerðar.

Ég vil svo óska þess við hæstv. forseta, að hann reyni að hraða afgreiðslu þessa máls, sem er búið að liggja hér allt of lengi. Það er áreiðanlega fyrir allra hluta sakir bezt, að því verði hraðað gegnum þingið, svo að ekki sé hægt að benda á

það fyrir næstu síldarvertíð, ef verksmiðjurnar komast ekki í gang, að nýbyggingarstjórn hafi brostið fé til framkvæmdanna.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að tala langt mál, en vil þó aðeins gera nokkrar aths. út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði, að okkur hefði vantað verksmiðjur, og rétt er það, og þess vegna erum við með þessar framkvæmdir, að vantað hefur fleiri verksmiðjur. Hann sagði, sem líka er rétt, að ekki væri hægt að gera við því, þó að síldaraflinn brygðist stundum. Rétt er það.

Ég get sleppt því að ræða um það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um það, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafi verið „innstillt", eins og hann orðaði það. Hv. þm. Ísaf. hefur skýrt það mál með tilvitnun í skýrslu síldarverksmiðja ríkisins árið 1945, en þm. hafa fengið hana í hendur. Það kemur ljóslega fram, að allt frá því, að l. þessi voru sett á fyrra þinginu 1942, þá hefur stjórn síldarverksmiðjanna gert allt, sem í hennar valdi stóð til þess að undirbúa framkvæmdir þessar, þótt þær hins vegar tefðust vegna stríðsins. Hv. 2. þm. Reykv. lagði fram upplýsingar um eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu. Þetta tók ég fram áðan, en aftur á móti liggja engar upplýsingar fyrir um, hve mikil eftirvinna og helgidagavinna var hjá vélsmiðjunni Héðni eða verksmiðjunni á Siglufirði í þessu sambandi. Hv. þm. segir, að ekkert sé um það að fást, þótt unnin sé helgidaga og eftirvinna, samanborið við það, hve mikið sé í húfi, ef verksmiðjurnar komist ekki upp í tæka tíð. Ég hef nú einmitt fundið að því, að hvorug verksmiðjan var í standi og er það ekki enn. Nú segir hv. þm., að ekki sé um að sakast, þótt áætlun standist ekki.

Þrátt fyrir það eru þær upplýsingar gefnar í apríl s. l., að framkvæmdir séu það vel á veg komnar, að slá megi því föstu, að kostnaður fari ekki fram úr 27 millj. kr., þó að það svo komi seinna á daginn, að hann verði 38 millj. kr. Slík málafærsla sem þessi er, eins og allir hljóta að sjá, fyrir neðan allar hellur og óafsakanleg. Eftir því sem hv. þm. Ísaf. segir, þá vantar enn mikið á, að verksmiðjurnar séu nothæfar þrátt fyrir þessi miklu fjárframlög til þeirra. Getum við ekki átt von á 4. frv. um lántökuheimild fyrir þær, og hvað verður þá um háa fjárhæð að ræða? Viðvíkjandi greiðslunni til Almenna byggingafélagsins segir hv. 2. þm. Reykv., að hún fari ekki yfir það, sem venja er að greiða slíkum félögum fyrir sína fyrirhöfn, eða 15%. Mér finnst það ekkert þakkarvert. En að borga mönnum hærri þóknun eftir því, sem kostnaður við framkvæmdina vex, það álít ég í fremsta máta vítavert. Þá segir hv. þm., að vélsmiðjan Héðinn megi leggja á allt að 40% og sé ég og minn flokkur meðábyrgur um þennan taxta. Ég vil leyfa mér að gera þá aths., að Framsfl. á ekki fulltrúa í verðlagsráði.

Hv. þm. segir og, að meginhlutinn af greiðslunni til byggingarn. sé ekki laun nm., heldur annað. Nú liggur ekkert fyrir, er sýni, í hvað annað þessar 450 þús. hafa þá farið. N. hefur haft eftirlitsmenn bæði á Siglufirði og Skagaströnd og þar að auki einn byggingameistara til þess að líta eftir framkvæmdum Almenna byggingafélagsins og mann til þess að líta eftir vélum á Skagaströnd um tíma, auk þess einn skrifstofumann í Reykjavík. Benda má á það, að sumir þeirra manna, sem n. hefur í þjónustu sinni, eru starfsmenn hjá ríkinu, t. d. er einn þeirra prófessor við háskólann og annar vélaeftirlitsmaður hjá ríkinu, og ekki er annað vitað en að þeir séu á fullum launum.

Þá minntist hv. 2. þm. Reykv. á það, að vextir og lántökugjald til Landsbankans væru 1700 þús. kr., og kvað hann það drjúgan skilding fyrir ekki meiri vinnu en það væri fyrir einn bankastjóra að segja já. Ég býst við, að hv. þm. sé ekki svo skyni skroppinn, að hann sjái ekki, að þetta er ekki fyrir vinnu, heldur leiga eftir fjármagn. Hér er um ríkisfyrirtæki að ræða, en hvort hann græðir of mikið, það skal ég ekki um segja, en hitt er og víst, að á honum hvíla miklar kvaðir. Hv. þm. sagði einnig á þessa leið: „Það þýðir ekki að krítísera það, þótt einstök gróðafélög græði á ríkisframkvæmdum." Þessu er ég algerlega á móti. Það á ekki að eiga sér stað, að menn noti sér að skara eld að sinni köku, þegar um ríkisframkvæmdir er að ræða. Ríkið ætti að hafa á þessu annað lag.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að allir væru ánægðir yfir því, að verksmiðjurnar væru komnar upp. Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á a. m. k. einn aðila, sem ekki er ánægður, en það er stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem ekki er ánægð með það, að verksmiðjurnar, þrátt fyrir allan kostnaðinn, eru enn ekki upp komnar og varla líklegt, að þær verði í nothæfu standi fyrir komandi vertíð. Allir hljóta að sjá, hversu ófært og óviðunandi það er.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 82. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 123. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 721).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv., sem er form. fjhn. og frsm. í þessu máli, er lasinn í dag, og bað hann mig að gera grein fyrir nál. Frv. fer fram á lántökuheimild handa ríkissjóði vegna byggingar hinna nýju síldarverksmiðja á Siglufirði og á Skagaströnd, og hækki upphæðin úr 27 millj. upp í 38 millj. króna. Er frv. var gengið gegnum Nd. og var vísað til fjhn. þessarar d., kom fyrir sá atburður, sem frægur er orðinn, að þak á húsi verksmiðjunnar á Siglufirði hrundi. Af þessum ástæðum og enn fremur af grun um, að ekki væru öll kurl komin til grafar, sendi fjhn. málið til umsagnar ráðh. sjávarútvegsmála, og ráðgaðist hann við stjórn

síldarverksmiðja ríkisins, og er birt á þskj. 721 bréf frá stjórn verksmiðjanna, þar sem hún óskar, að ábyrgðin hækki enn um 5 millj., eða upp í 43 millj. kr. Auk þessarar ástæðu telur stjórn síldarverksmiðjanna aðrar ástæður til að hækka enn lántökuheimildina. N., að minnsta kosti meiri hl. hennar, sýndist, úr því sem komið var, að ekki væri annað að gera en reyna að ljúka verkinu burt séð frá því, hvort mátt hefði komast af með minna, ef rétt hefði verið á haldið, þá væri ekki annað að gera en fara eftir till. verksmiðjustjórnar, og ber því n. fram á þskj. 721 till. um, að lántökuheimildin hækki úr 38 millj. í 43 millj. kr. Einn nm., hæstv. forseti þessarar d., skrifaði að vísu undir nál. með fyrirvara, og gerir hann að sjálfsögðu grein fyrir þeim fyrirvara við þessa umr. Ég held, að ég þurfi ekki að taka fleira fram fyrir hönd n., enda ekki við því búinn, því að það var ekki fyrr en rétt fyrir matartíma að hv. 1. þm. Reykvíkinga bað mig að hafa framsögu. En frá sjálfum mér vildi ég segja, að saga þessa máls er á eina leið öll. Fyrst er veitt 10 millj. kr. lántökuheimild og þá eftir þar til gerðri áætlun. Haustið 1944 er svo borin fram, að tilhlutun stjórnar þeirrar, er þá tók við, till. um að hækka heimildina í 20 millj. kr., og fyrir um það bil einu ári, þá bar hv. fyrrv. atvmrh., Áki Jakobsson, fram frv. um að hækka heimildina enn um 7 millj. kr. og segir þá orðrétt: „Framkvæmdin er nú það vel á veg komin, að nokkurn veginn má sjá, hver byggingarkostnaðurinn verður," og gerði hann þá ráð fyrir, að 27 millj. mundu nægja. Sami ráðh. bar svo í haust fram till. um að hækka heimildina enn upp í 38 millj. kr., og við nánari athugun stjórnar síldarverksmiðjanna kemur í ljós, að enn vantar 5 millj. kr. til að fullgera verksmiðjurnar. Þó að margar áætlanir hafi reynzt of lágar um ýmsar framkvæmdir, þá held ég að sú saga, sem ég nú hef rakið, sé algerlega met um það, hve áætlanir hafa reynzt óábyggilegar. Og það er álit mitt, að þó að allt hafi hækkað í verði, t. d. síðan fyrsta áætlunin var gerð, þá séu þessar miklu hækkanir ekki eðlilegar, og allt þetta hlýtur að vekja grun um, að að ýmsu leyti hefði betur mátt á halda, enda var við þessar framkvæmdir viðhöfð alveg sérstök aðferð. Það var skipuð byggingarnefnd til að sjá um verkið í stað þess, að stjórn síldarverksmiðjanna hefur áður haft yfirstjórnina á hendi, þegar reistar hafa verið nýjar verksmiðjur, og það liggur fyrir, þó að smáræði sé, að kostnaður vegna þessarar n. er orðinn furðanlega hár. Eins sýnist leikmönnum, að komast hefði mátt af án hinna miklu umboðslauna, sem greidd voru, og því er ekki að neita, að margar sögur hafa gengið um starfshætti við byggingu verksmiðjanna. Þó að sögum sé að vísu varlegt að treysta, þá sýnir kostnaðurinn, sem orðinn er svo gífurlegur, að ekki muni öllu logið. Það er sagt, að ákaflega mikið hafi verið um nætur- og helgidagavinnu, sem greidd var miklu hærra kaupi en dagvinna, og misjafnar sögur hafa gengið um það, hvað hafi verið unnið stundum í þessari nætur- og helgidagavinnu. Ég hef heyrt frá allgóðum heimildum um ungling, er vann í tvo mánuði og kom með 7 þús. kr. fríar í vasanum, og er vafasamt, þó að nýsköpunin sé mikil, að landið þoli, að einum eða neinum sé greitt slíkt kaup. Sagt er einnig, að múrarameistari hafi haft 25 þús. kr. á mánuði, en vitanlega geta svona sögur verið orðum auknar, en samt er þetta svo furðulegt, að Alþ. verður að gera ráðstafanir til að athuga þetta mál. En það er engin bót að skilja við byggingarnar hálfkaraðar. T. d. verður að koma þakinu á mjölhúsið og fullgera verksmiðjurnar, og til þess er nú talið að vanti 5 millj. kr. Því virðist auðsætt að heimila verði þessa 5 millj. aukningu, svo að ljúka megi verkinu, því að ekkert gagn er í því að binda 38 millj. kr. framlag þarna, ef verksmiðjurnar geta svo ekki afkastað því, sem ætlazt er til. Það er ekki einu sinni víst, hvort þetta nægir, en ætla mætti, að þetta verði í síðasta sinn, sem farið er fram á heimild til lántöku vegna byggingar þessara verksmiðja.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna fyrirvara, sem ég gerði við nál. Það er dálítið einkennilegt þarna norður frá, hvernig allar áætlanir eru breytilegar. Þrisvar eða fjórum sinnum þurfti að hækka lántökuheimildina vegna Skeiðsfossvirkjunarinnar, og veit ég ekki, hvort enn er lokið. Hv. frsm. hefur nú rakið þetta mál, að ýmsu leyti þannig, að ég þarf ekki miklu við að bæta. Fyrst voru veittar 10 millj., svo 15, síðan 27, þá 38, og nú er lagt til að hækka heimildina upp í 43 millj. og óvíst, hvort enn dugar, því að ekki er lengra síðan en vika, að dunur miklar og dynkir og brak og brestir heyrðust þar norður frá (**BSt:** Ætli það hafi ekki verið frá Heklu?) Mig minnir, að það stæði í Vísi, að dunurnar mundu stafa af einhverju öðru, og svo minnir mig, að blað hv. frsm., Dagur á Akureyri, hafi sagt. Það er því viðbúið, að enn þurfi að veita meira fé til þessara verksmiðjubygginga. Sannast að segja er ýmislegt athugavert í skýrslu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, og vantar þar upplýsingar um kostnað við ýmsar framkvæmdir, t. d. íbúðarhús, sem byggja þarf á Skagaströnd, og 400 ha. mótor, sem þangað vantar. En kostnaðar er ekki getið. Alþ. á bara að samþykkja heimild fyrir því fé, sem þurfa þykir. Það er vafasamt, að rétt sé fyrir d. að samþykkja þessa viðbótarheimild, fyrr en ljóst er, hverjar framkvæmdir séu nauðsynlegar og hvað þær munu kosta, og þar sem hæstv. fjmrh. er hér viðstaddur, gæti hann kannske leitt oss í allan sannleika um það. En ég bind atkv. mitt við það að vita, til hvers fé á að nota, og að notkun þess sé ekki öll í óhófi. Það er rétt að læra af fyrri reynslu og láta vítin verða sér til varnaðar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka fjhn. fyrir það, að hún leggur til, að ábyrgðarheimildin verði hækkuð, en það er einmitt það, sem farið er fram á.

Því er ekki að leyna, að þetta er vandræðamál, og því miður er ég ekki þess umkominn að verða við óskum hv. þm. Dal. um að upplýsa þessi mál. Það má að vísu segja, að þegar gera á miklar framkvæmdir á verðbólgutímum, þá standast ekki alltaf áætlanir, en fyrr má nú rota en dauðrota. Ég segi þetta hvorki til þess að afsaka eða ásaka neinn sérstakan í sambandi við þetta mál, en það er mjög eðlilegt, að þm. og aðrir séu undrandi yfir þessum stöðugu hækkunum, sem, eins og hv. þm. Dal tók réttilega fram, er alls ekki séð fyrir endann á. En hvað sem þessu líður, finnst mér óhjákvæmilegt að ljúka þessu verki. Það er of miklu

búið að fórna, til þess að það, sem komið er, verði látið ónotað. Eins og kunnugt er, hvarf fyrrv. atvmrh. að því ráði að skipa sérstaka n. til þess að sjá um þessar byggingar. Mér fannst þá, að þetta væri ekki illa ráðið, þar sem stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafði nóg á sinni könnu.

Nú hefur farið sem vitað er. Það var lagt kapp á, að þessar verksmiðjur yrðu tilbúnar á síðustu síldarvertíð, og ef til vill hafa menn af vanþekkingu lagt of mikið upp úr hraðanum og því farið sem orðið er, en það þarf ekki að minna frekar á það. Hins vegar ætti bygging þessara síldarverksmiðja að vera þingi og stjórn víti til varnaðar. Það ætti að minna á, að þegar vinna þarf stór verk á vegum ríkisins, er nauðsynlegt að gera meira en skipa stjórn. Sú stjórn verður að minnsta kosti að hafa aðhald bæði af hálfu Alþ. og ríkisstj.

Ég ætla mér vitaskuld ekki þá dul að fella neinn dóm í þessu máli, því að ég hef ekki haft tækifæri til að kynnast því nóg til þess, en hins vegar stöndum við alþm. hrelldir, og auðvitað þjóðin öll, yfir því, hvernig þetta hefur farið.

Vegna þess, sem skeð hefur í þessum málum, og þar sem skorizt hafði í odda með byggingarn. annars vegar, en stjórn síldarverksmiðjanna hins vegar, þá sá ég mér ekki annað fært sem ráðh. sjávarútvegsmála en að fela annarri hvorri þessara n. að sjá um, að þetta verk yrði fullgert. Ég valdi þá leið að fela stjórn síldarverksmiðjanna að láta ljúka verkinu, vegna þess að hún hefur allan rekstur verksmiðjanna með höndum. Nú er þess að sjálfsögðu að gæta, að hún á ekki góða aðstöðu, þar sem hún tekur við verksmiðjunum óstarfhæfum og mjölhúsinu á Siglufirði hrundu. Þetta hús eða efniviðurinn í það var keyptur í Englandi á vegum vélsmiðjunnar Héðins. Forstjóri Héðins er nú í Englandi. Hann kom til mín, áður en hann fór út, og ég fór þess á leit við hann, að hann reyndi að fá viðkomandi hús að einhverju leyti bætt, ef hann sæi sér fært. En þrátt fyrir það er ég vantrúaður á, að þannig hafi verið gengið frá samningum, að hægt sé að krefjast skaðabóta. Hins vegar gæti verið, að seljandinn vildi einhverja bót gera til þess að fá áframhaldandi viðskipti. Annars er svo margt í sambandi við þetta verk, sem ekki hefur unnizt tími til að rannsaka enn þá, og þess vegna get ég lítið sagt um það á þessu stigi.

Hv. þm. Dal. taldi jafnvel rétt að láta þetta bíða, en á það get ég ekki fallizt þrátt fyrir allt. Ég tel nauðsynlegt, ef þess er nokkur kostur, að fá verksmiðjurnar starfhæfar, eins fljótt og kostur er. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta mál, nema sérstakt tilefni gefist. Ég vænti þess, að málinu verði hraðað, eftir því sem kostur er, því að það er búið að vera lengi á leiðinni, að vísu ekki í þessari hv. d., en hins vegar í Nd. Ég get svo getið þess að lokum, að formaður síldarútvegsnefndar hefur verið fyrir norðan nú undanfarið til að athuga þessi mál og kynna sér, á hvern hátt megi bezt og fljótast úr þeim bæta.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta stóra og leiðinlega mál er bæði margþætt og flókið og þess vegna ekki nema eðlilegt, að það sé rætt nokkuð í þessari hv. d., eins og gert var í Nd. Þar sem mér finnst ekki fullkomlega upplýst, hvernig samninga fyrrv. ríkisstj. gerði við þessa byggingarn., vil ég leyfa mér að gera fyrirspurn til ráðh. Mér hefur skilizt, að fyrrv. ríkisstj. hafi falið þessari umræddu n. allar framkvæmdir og þá með fullri ábyrgð. Ég hef heyrt fyrrv. atvmrh. álasað fyrir þetta mál, en ég get ekki séð, að þessi mistök hafi á nokkurn hátt verið þessum ráðh. að kenna, nema þá að honum hafi mistekizt með val á mönnum í byggingarn. Það er ekki vegna þess, að ég sé að verja sérstaklega þennan ráðh., heldur hitt, að það er ekki hægt að ætlast til, að ráðh. fylgist með öllu í framkvæmd þeirra verka, sem ráðuneyti hans hefur með höndum. Ábyrgðin hlýtur að hvíla á n., og því vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða ráðstafanir hefur núv. ríkisstj. gert til þess að láta viðkomandi sæta ábyrgð? Ég vil benda á hliðstætt mál, en það eru togarakaupin í Englandi. Ég átti sæti í þeirri n., og töldum við okkur hafa mikla ábyrgð á öllum kaupunum, enda krafðist nýbyggingarráð allra gagna í þessum kaupum, allra samninga, um leið og þeir voru gerðir, og fylgdist yfirleitt nákvæmlega með öllum kaupunum. Nú er það kunnugt, að tveir þeirra manna, sem sátu í þessari byggingarn. síldarverksmiðjanna, eru háttsettir starfsmenn hins opinbera í öðrum greinum. Annar gegnir þýðingarmiklu embætti við atvinnudeild háskólans, en hinn er við vélaeftirlit. Störf hins síðar nefnda hafa hvað eftir annað brugðizt, og nægir að nefna í því sambandi mistökin á Ingólfsfirði, sem voru svo stórkostleg, að þau voru nærri búin að velta um fyrirtækinu, sem að þeim stóð. Það verður vissulega ámælisvert, að ráðh. skyldi taka slíkan mann í byggingarn. Nú vil ég að lokum leyfa mér að spyrja fjmrh., hvort ríkisstj. hefur kynnt sér þá samninga, sem gerðir voru milli verktaka og byggingarn., og ef svo er, hvort verktakar hafi ekki neina ábyrgð á mistökum eins og þeim, að mjölhúsið hrynur. Ef þetta hefur ekki verið athugað, þá tel ég nauðsynlegt, að það verði gert eins fljótt og auðið er.

En mér er líka kunnugt um það, að þegar menn semja um slíkt, ber viðkomandi aðili ábyrgð gagnvart kaupanda, þannig að efni og vinna sé fyrsta flokks og að ekki sé svikizt um að vinna verkið og láta af hendi það efni, sem tilskilið er samkvæmt samningnum. Viðkomandi verkstjóri tekur þá jafnan á sig þá ábyrgð að sjá um, að vinnufólkinu sjálfu sé þannig stjórnað, að úr því fáist fullkomin afköst. Ég tel því nauðsynlegt að fá upplýst, hvort sú hlið samningsins hefur verið uppfyllt eða hvort nokkuð hefur verið samið um það, þegar verktaki tekur að sér þetta verk. — Þetta er annað það, sem ég vildi fá upplýst. Í þriðja lagi vildi ég svo fá að vita, hve mikið verksmiðjan eða ríkisstj. skuldar viðkomandi aðilum, hve mikið fé hún skuldar þeim mönnum, sem hafa ekki uppfyllt þessa samninga, ef nokkrir samningar hafa verið um verkið. Ég held, að þeir muni enn ekki hafa fengið sínar greiðslur að fullu, og ef svo er ekki, fyndist mér ekki úr vegi að fá það að fullu rannsakað, hvort ekki liggi einhverjar veilur hér á bak við, hvort þessir aðilar hafi uppfyllt þessa samninga, áður en greitt er til þeirra eða ríkisstj. gefur ábyrgðarheimild fyrir fénu. Ég vil ekki binda þetta við afgreiðslu málsins út af fyrir sig. Ég sé ekki annað en það megi afgreiða málið, ef ráðh. lýsir yfir því, að þessi mál skuli athuguð, áður en hann greiðir upphæðina út.

Þá hefði ég óskað eftir, að meiri grg. hefði verið

gefin frá hendi núv. verksmiðjustjórnar en gert er í bréfinu til ráðh. Mér er ekki kunnugt um það, hve stórir olíugeymarnir eru, sem ætlazt er til, að byggðir séu, en mjög þætti mér óeðlilegt, ef hér er um að ræða meira en 300—400 þús. kr., og sama er að segja um olíukyndingartækin.

Svo kemur kostnaður við að fullgera verksmiðjurnar, ýmsar lagfæringar. Mér hefur skilizt af umr., sem farið hafa fram í Nd. um þetta mál, að þetta sé ekki veigamikið atriði, sem geti kostað mjög mikla peninga. Hins vegar er gert ráð fyrir að kaupa hús handa verksmiðjustjóranum á Skagaströnd, en mér finnst, að þetta komi ekki verksmiðjunni við og þetta atriði megi því bíða.

Þá er það síðast sjötti liðurinn. Mér finnst, að það væri mikils vert fyrir okkur að vita, hvað þessi liður raunverulega kostar. Maður hefur séð það í blöðunum, að þetta geti kostað milli 1 og 2 millj. kr., og verður manni þá á að spyrja: Borgar það sig að vera að braska í því að laga þessa geymslu aftur? Gæti ekki eins komið til mála að athuga, hvort ekki mundi borga sig bezt að byrja að byggja þetta hús aftur frá grunni? Það er nauðsynlegt að fá það upplýst, hver hefur tekið á sig þá ábyrgð að panta svo stórt hús sem hér um ræðir, reikna það út og selja það ríkisstj. Eða er einhver maður, sem stendur á bak við ábyrgðina, eða hefur ríkið gert þetta?

Þá vildi ég fá upplýst: Hvað hefur þessari n., sem hefur unnið þetta verk, verið greitt fyrir starf sitt, og hefur það fé þegar verið greitt? — Ég verð að segja, að allt þetta mál bendir til þess, að alveg óhjákvæmilegt sé fyrir Alþ. og hæstv. ríkisstj. að setja sakamálsrannsókn á þetta mál, og ég vildi heyra það frá hæstv. ráðh., hvað hafi verið rætt um það atriði, því að hér virðist vera svo skefjalaus meðferð á ríkisfé, að það verði engan veginn þolað af Alþ. að láta það ganga svona óátalið. Verðhækkanir þær, sem talað hefur verið um á þessu tímabili, geta á engan hátt réttlætt það, sem hér hefur skeð. Það hljóta að vera einhverjar aðrar orsakir, sem liggja til þessarar dæmalausu útkomu á þessu máli, og það virðist vera skylda hæstv. ríkisstj. að gera tafarlaust ráðstafanir til þess, að sakamálsrannsókn verði sett á þá aðila, sem hér hafa verið að verki. Það virðist vera eina leiðin til þess að geta fyrirbyggt, að slíkt geti komið fyrir aftur, að gera þá aðila, sem eru á háum launum hjá ríkinu, ábyrga fyrir þeim störfum, sem þeir hafa innt af höndum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður hefur tekið fram mikið af því, sem ég vildi segja, og mun ég því aðeins hafa þetta örfá orð. Það, sem ég vildi vita hjá ríkisstj., er það, hvort hún telji ekki sjálfsagt, að þetta mál yrði gaumgæfilega rannsakað. Ég tel, að það sé nauðsynlegt að fá rannsakað, hvort maður hefur í umboði allrar ríkisstj. marglogið að Alþ. vísvitandi eins og fyrrv. atvmrh. hefur gert undanfarin ár, eða hvort hann gerir það í góðri trú og aðrir menn, ekki góðir, sem hann hefur sett í þessa frægu byggingarstjórn verksmiðjanna, skrökva. Það liggur ekki fyrir, á hverju þessi áætlun hefur verið byggð á hverjum tíma, og er þeim mun meiri ástæða til að rannsaka þetta, þar sem þessi sami leikur hefur verið leikinn í fleiri málum, t. d. eins og ferjumálinu á Hvalfirði. Þar var byrjað að telja ríkisstj. trú um, að kostnaðurinn yrði 800 þús., en síðan hefur það farið hækkandi stig af stigi og er nú komið yfir 2 millj. Ég vil biðja um rannsókn á þessu máli, sem hér liggur fyrir. Það hefur enginn maður talað hér í d., sem reynir að bera eitt orð í bætifláka fyrir öllum þeim kostnaði, sukki og margháttaðri óreglu, sem þarna hefur átt sér stað. Hverjum er það að kenna? Það vil ég láta rannsaka, jafnvel þótt það verði ekki byrjað á sakamálsrannsókn. Um það skal ég ekkert segja, hvort svo yrði á þessu stigi málsins, en þjóðin á heimtingu á að fá að vita, í hverju svona mistök liggja hjá mönnum, sem skipaðir eru í trúnaðarstöður. Reynist t. d. þessi byggingarn. hafa blekkt hæstv. fyrrv. ráðh. og hann svo Alþ., þá er hennar sökin, og þá á þjóðin að sýna þeim mönnum fyrirlitningu. En sé það hæstv. fyrrv. ráðh., sem hefur leikið sér að því að blekkja þingið með röngum upplýsingum, á hann að mæta sömu fyrirlitningu og hvorki að vera endurkosinn sem alþm. né til neins annars. Þetta vildi ég fá rannsakað. Og ég tel þetta reyndar ekki vera einasta fyrirbærið, sem hefur átt sér stað einmitt hjá fyrrv. ríkisstj., sömu tegundar, þótt þetta sé það stórkostlegasta. En ég vil fá svona hluti lagða þannig fyrir, að menn geti gengið úr skugga um það, hvar mistökin liggja. Þessi n. mun hafa verið valin eftir blindri pólitík og án tillits til þess, hvort mennirnir voru hæfir til starfsins, og er trúlegt, að um mistök geti verið að ræða hjá slíkum mönnum. Ég vil því spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún hugsi sér ekki að láta rannsaka þetta allt ofan í kjölinn, hverjir eigi þarna sökina og að hverju leyti hún hvíli á hverjum einstökum. — Hitt er annað mál, að þrátt fyrir þessi mistök mega ekki þeir menn, sem ætla sér að stunda síldveiðar í sumar og þurfa á síldarbræðslu að halda, gjalda þessa með því að koma hvergi síld sinni í bræðslu, og því mun vera nauðsynlegt að veita þessa heimild, sérstaklega þó líka með tilliti til þess, að þessi mál eru nú komin í hendur manna, sem maður býst við, að hafi meira vit á þeim og meiri ábyrgðartilfinningu en þeir, sem í því hafa staðið og öll þessi mistök hafa gert. Ég mun því greiða atkv. með þessari heimild, en vil fá upplýst, hverjum þessi mistök eru að kenna.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vil ekki láta þetta mál fara í gegnum þessa hv. d. án þess að segja örfá orð um það, en þau verða ekki mörg. — Mér er sagt af kunnugum manni, sem kom núna frá Noregi, að Norðmenn hafi nú lokið við að reisa tvær síldarverksmiðjur með 10 þús. mála afköstum hvor á sólarhring, og þær kosti innan við 10 millj. íslenzkra króna samanlagt. Ég hef þessar upplýsingar frá einum bankastjóranum hér í bænum, en hann er gagnkunnugur útgerðarmanni, sem er nýkominn frá Noregi. Með öðrum orðum er verðlið á þessum verksmiðjum hér, eins og búizt er við, að það muni verða, fjór- til fimmfalt á við verðlið á þessum norsku verksmiðjum. Mér þykir það heldur ekki óeðlilegt, samanborið við það, sem það hefur kostað að reisa verksmiðjur í Noregi áður, þó að þeir hafi komið þessum verksmiðjum upp svona ódýrum. En þegar við hugsum um þetta, getum við kannske rennt grun í, að það sé ekkert óeðlilegt, sem fjmrh. sagði hér áðan — og kom það frá kunnugleika hans á atvinnulífinu, ekki sízt síldarútveginum sem og sjávarút-

veginum yfirleitt, það kom frá manni, sem hefur bæði reynslu og þekkingu á þessu sviði —, að maður stæði með hryllingi frammi fyrir þessu. Það er orðið yfir það. Því að hugsum okkur þann þrældóm, sem þeir menn, sem við þetta eiga að vinna á næstunni, að síldarframleiðslunni, verða á sig að leggja, sem allt er unnið fyrir gíg og eingöngu til þess að borga þær fjárhæðir, sem virðist hafa verið sóað hér, án þess að þörf hafi verið á því. Það er ekki fljótgert að borga niður 43 millj. kr. Það tekur langan tíma og kostar mikla fyrirhöfn og vinnu að ná saman slíkri upphæð. Og þar sem það kostar það nú, þegar mesta flóðið hefur verið, getum við gert okkur í hugarlund, hve miklum erfiðleikum það muni valda, eins og fjmrh. minntist á, að skrifa niður þessar verksmiðjur. Það er enginn vafi, að hér hafa átt sér stað mistök og þau stórkostleg. Ég skal ekki segja, hverjum það er að kenna, en það er rétt, að það verði upplýst. Það getur ekki gengið lengi að þola ríkisframkvæmdir eins og þessar, án þess að málið sé rannsakað ofan í kjölinn og þeir seku látnir þola sína refsingu. Annars er þetta þjóðfélag komið út á svo hálan ís, að ég sé ekki, hvernig á að ráða við hlutina. Ég skal ekki segja, hvort þessir menn hafa unnið sér til refsingar í tugthúsi, þó að það væri eðlilegast, að þeim yrði gert það. En ég vil bara segja það, að ef svo er ekki, að þessir menn hafi unnið til tugthúsvistar, þá þarf að breyta íslenzkri löggjöf og það sem fyrst, til þess að ekki sé hægt að standa þannig að opinberum framkvæmdum án þess að vinna til refsingar — og hennar þungrar. Það segi ég óhikað, að það eru rök, sem þurfa að koma.

Ég skal ekki fara mikið út í einstaka liði. Það er upplýst, að einu félagi eru borgaðar 800 þús. kr. fyrir að líta eftir verkinu. Þó er það þannig, að fyrir margs konar teikningar er greitt alveg sérstaklega, og það er þannig, að verksmiðjustjórnin á ekki einu sinni frumteikningar af sínum eigin verksmiðjum. Verksmiðjurnar fengu afrit af frumteikningunum og urðu meira að segja að borga fyrir afritin, en þeir, sem gerðu frumteikningarnar, geta selt þær aftur með hagnaði þeim, sem kunna að vilja byggja verksmiðjur. — Því miður er það orðið nokkuð algengt, að áætlanir eins og sú, sem hér hefur verið minnzt á, standist ekki, og þetta dæmi, sem hér liggur fyrir, er mjög sláandi. Að vísu hafa orðið verðsveiflur á því tímabili, sem hér um ræðir, en engar verulegar. En þessi saga er í fimm liðum: Fyrst eru það 10 millj., síðan 20 millj., þá koma 27 millj., í fjórða skiptið 38 millj. og svo loks 43 millj. Hvernig halda menn, að hið opinbera sé sett og við með okkar fjármál, ef opinberar framkvæmdir eiga að byggjast á öryggi eins og þessu. Þetta er á fleiri sviðum en með þessar verksmiðjur. Mér er sagt, að Torfastaðir séu komnir hátt á fimmta hundrað þús. kr. — ekki veit ég, hvort það er satt —, en vinnubrögðin þar voru slík, að presturinn þar sagði frá því, að hann hefði þó svo mikil völd á sínu heimili, að hann ætlaði ekki að þola þessa menn, sem þar unnu, í námunda við sitt heimili. Það er sagt, að viðgerðin á Gimli kosti 300 þús. kr. Ég ætlaði ekki að trúa því og lét segja mér það tvisvar, og þetta er hús, sem á víst að rífa, helzt eftir 1 eða 2 ár, því að það þarf að fara að byggja opinberar byggingar.

Mér er sagt, að Kaldaðarnes sé komið upp í 600—800 þús. kr., án þess að menn sjái, í hvað það hefur farið, og annar af endurskoðendum ríkisreikninganna tjáði mér það, að þeir teldu þetta fyrirtæki svo alvarlegt, að þeir ætluðu að ræða um það sérstaklega og skrifa ríkisstj. og vekja athygli hennar á því, að framkvæmdir af þessu tagi gætu ekki haldið áfram. Ef þessir menn eiga að halda áfram að vera í trúnaðarstöðum fyrir ríkið og halda áfram að sjá um opinberar framkvæmdir, þá held ég, að það hljóti allir hv. þm. að sjá, hvert stefnir, og allir sjá, að það er ekki sanngirni í því, að þessir menn sleppi með þetta ár eftir ár refsilaust. Sannleikurinn er sá, að þessir menn eru bókstaflega talað aðaltrúnaðarmenn ríkisins á vettvangi, sem er þýðingarmeiri en flest annað fyrir þjóðfélagið, fyrir fjármál þessa þjóðfélags í heild. Og ef það á að eiga sér stað, að það komi áætlanir frá þessum mönnum ár eftir ár, sem eru langt frá því að geta staðizt, og þeir eiga að annast framkvæmdir, sem gerðar eru, svipað þeim, sem hér er verið að ræða um, ef þeir eiga að halda áfram að vinna þessi verk, án þess að spyrnt sé við fótum — hvenær er þá hægt að spyrna við fótum? Hvaða hneykslí er svo stórfellt, að hægt sé að spyrna við fótum, ef ekki á að gera sérstakar ráðstafanir til þess að rannsaka þessi mál og jafnvel að setja þetta undir sakamálsrannsókn? Ég fullyrði, að ef ekki er hægt að ná tökum á svona mönnum, sem staðið hafa fyrir opinberum framkvæmdum, þá verður að koma löggjöf um þetta. Það verður að koma löggjöf um það, að menn, sem gera áætlanir sem trúnaðarmenn ríkisins og sjá um framkvæmdir, sem þingið eða stjórnin veitir peninga til í trausti þess, að þeir geri það þannig, að áætlanirnar geti staðizt — það verður að koma löggjöf um það, að það sé hægt að refsa þeim, ef um vísvitandi vanrækslu eða óvarkárni er að ræða. Ég vil segja það í sambandi við þetta mál, að ég álít, að það þurfi að liggja fyrir ríkisstj. upplýsingar um það og það skuli prófað til þess ýtrasta, hvort það er hægt að koma fram ábyrgð á hendur þeim mönnum, sem standa að byggingu þessara síldarverksmiðja. Ef ekki er hægt að koma fram ábyrgð á hendur þessum mönnum, þá verður að koma sérstök löggjöf um þetta efni — löggjöf um þá menn, sem eru trúnaðarmenn ríkisins við slíkar framkvæmdir. Embættismaður, sem leyfði sér slíkt í embættisfærslu, hann mundi koma undir hegningarlögin, og þess vegna er ekkert óeðlilegt, þó að þessir menn komi undir sömu l. eins og aðrir embættismenn. Ég segi fyrir mig, að ég er alveg sömu skoðunar og aðrir þm., sem hér hafa talað. Ég treysti mér ekki til að greiða atkv. með þessu frv., fyrr en fyrir liggur yfirlýsing frá ríkisstj. um það, að málið skuli rannsakað og skýrslur birtar um málið og þeir menn, sem kunna að vera sekir — það verði reynt að koma fram ábyrgð á hendur þeim. Og ef það er ekki hægt, þá vil ég skora á ríkisstj. að taka til athugunar að semja löggjöf um þessa trúnaðarmenn.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það skulu aðeins verða fá orð, sem ég segi um þetta mál. Hv. þm. Barð. bar hér fram ýmsar spurningar, sem fyrst og fremst voru talaðar til ráðh., en að nokkru leyti einnig til fjhn. Nú er svo ástatt, eins og ég gat um í upphafi, að frsm. fjhn. í þessu

máli er ekki hér viðstaddur og ég hljóp aðeins í skarðið á síðustu stundu, og þess vegna hef ég ekki svör við öllum þeim spurningum, og eiginlega ekki yfirleitt við þeim spurningum, sem hv. þm. Barð. bar hér fram. Ég geri aftur ráð fyrir, að ef hv. frsm. hefði verið hér viðstaddur, þá hefði hann getað svarað því, sem um var spurt, vegna þess að hann átti sæti í þeirri ríkisstj., sem sat, þegar þessar framkvæmdir voru gerðar, og hafði það embætti í þeirri ríkisstj., þó að þessar framkvæmdir heyrðu ekki beinlínis undir hann, að ég geri ráð fyrir, að hann hafi aflað sé ýmiss konar vitneskju um þessi mál. Það, sem er aðalatriðið, að því er ákvörðun snertir hér og að því er ákvörðun n. snertir, var það, hvort ætti að samþykkja þetta frv. og hvort ætti að samþykkja það óbreytt eða bera fram brtt. við það. Hér er ekki nema um tvennt að ræða, að stöðva verksmiðjurnar eða gera þær nothæfar, því að eins og þær eru, verða þær engum að gagni. N. þótti það einsýnt, að minnsta kosti fjórum af fimm nm., að taka heldur þann kostinn að enn væri lagt fram fé, til þess að þessi stórvirku framleiðslutæki gætu orðið starfrækt. Þetta er það, sem liggur fyrir til úrskurðar, hvort þetta skuli gera eða ekki. Svo er forsaga málsins annað atriði, sem er langt frá því, að ég segi, að sé óviðkomandi þessu máli, en ég er ekki þess umkominn að geta leitt hv. þm. Barð. eða aðra hv. dm. í allan sannleika um. Og er ég þó ekki að segja, að ástæðulaust sé að ræða þá hlið málsins og jafnvel gera ráðstafanir út af forsögu þess, þó að það yrði að gerast á öðrum vettvangi en við umr. um þetta frv.

Hv. þm. Dal. þarf ég ekki að svara, þó að hann hafi fyrirvara um fylgi sitt við málið. Hann kom inn á ýmislegt af því, sem ég hafði sagt, og leit hann á þau atriði, að því er fortíðina snertir, eins og ég. En mér þótti það skorta á hjá honum, að það komi fram, hvað hann vildi láta gera. Það var auðheyrt, að það var að minnsta kosti skilyrðum bundið, að hann samþykkti þessa hækkun, sem meiri hl. n. leggur til, og sé ég ekki, hvernig ástatt yrði um þessar verksmiðjur, sem þegar eru orðnar dýrar, ef látið væri staðar numið með þær framkvæmdir, sem þegar eru gerðar, jafnvel þó að einhver afgangur sé nú enn af þessum 11 millj., sem heimildin hafði áður verið hækkuð um.

Ég hjó eftir einu atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem mér þótti einkennilegt. Er ég honum annars þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um þetta mál. Þetta atriði snertir einmitt mjög það, sem hér hefur verið mest til umr., þ. e. starfsaðferðir við þessa framkvæmd alla. Hann sagði, að það væri enn þá togstreita um afhendingu á skjölum viðvíkjandi þessari framkvæmd, að mér skildist á milli verksmiðjustjórnar og byggingarn. Ég vildi spyrja hann, hvernig það megi vera, þegar verksmiðjustjórnin er tekin við þessum málum, að það geti verið togstreita um afhendingu skjala. Er það ekki alveg sjálfsagt, að byggingarn. afhendi þeim aðila, sem nú tekur við allri framkvæmd í þessum málum, öll skjöl, sem fyrir liggja í málinu. Ég hefði haldið, að ef byggingarn. þrjózkast við það, þá sé ekki annað að gera en að ná í fógeta og láta ná þeim skjölum með fógetavaldi.

Hv. þm. Barð. spurði um það, hver bæri ábyrgð á ýmsu því, sem hér hefði farið aflaga, og var með ýmsar hugleiðingar um það. Mér sýnist það alveg tvímælalaust, sem hann virðist þó draga í efa, að fullnaðarábyrgð beri að ýmsu leyti sá ráðh., sem fyrir þessum málum stóð. Það getur að vísu komið fyrir, að embættismaður sviki sinn trúnað og sína embættisskyldu, og þá ber vitanlega ekki viðkomandi ráðh. ábyrgð á því út af fyrir sig, ef hann gerir ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þessum starfsmanni, sem slíkan trúnað hefur svikið. En vitanlega, ef ráðh. verður var við stórfelld mistök í starfsgrein, sem undir hann heyrir, og gerir ekkert eftir það, þá ber hann vitanlega ábyrgð á því, en þrátt fyrir það verður sá, sem verkið framdi, ekki saklaus. Sum þessara atriða eru þannig, að mér finnst, að ráðh. hljóti að bera ábyrgð á þeim, t. d. hvað greitt er fyrir þessi nefndarstörf. Ráðh. hlýtur að hafa skaffað launin.

Ég ætla nú ekki að segja fleira. Ég vil taka undir það, sem ég hóf hér fyrstur máls á, að ég álít, að þetta mál sé þannig vaxið, að Alþ. geti ekki skilið svo við að gera ekki ráðstafanir til að þetta mál allt verði rannsakað ofan í kjölinn. Ég fullyrði ekkert um það, hvort um sakamálsrannsókn yrði að ræða, eins og hv. þm. Barð. virðist gera ráð fyrir, en rannsókn á því, hvernig í þessu liggur, í hverju allur þessi mikli kostnaður er fólginn, það finnst mér, að Alþ. verði að krefjast, að fram fari, nema því aðeins, að ríkisstj. tilkynni, að hún muni hafa forgöngu um þetta sjálf án aðgerða Alþ.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hér hafa nú nokkrir hv. þm. rætt þetta mál og ekki að ófyrirsynju, og virðast skoðanir manna í meginatriðum fara mjög á einn veg, sem mig undrar ekki.

Að því er snertir fyrirspurnir hv. þm. Barð., þá get ég satt að segja úr fáu leyst. Ég skal þó segja það, að mér er kunnugt um það, að þessar verksmiðjur eru byggðar með kolakyndingu, eins og verksmiðjur hafa verið, en það er uppi sú stefna nú að koma upp olíukyndingu í verksmiðjum. Um hina hliðina er mér persónulega ekki kunnugt, og ætla ég, að það geti enginn fullyrt, því að ég hef ekki persónulega haft kynni af þessum málum. En hitt er það, að ég hef, eða ríkisstj., sem um þessi mál fjallar, verið að stríða í því að reyna að fá upplýsingar um það, hvernig á þessum mistökum stendur, mér liggur við að segja, í hverju þessi ósköp eru fólgin. Það er eðlilegt, að þetta hneykslii hv. þdm. og alla þjóðina. Ég hef verið að stíga fyrsta sporið í þessu efni með því að skipta um yfirstjórn yfir verkinu, að svo miklu leyti sem það er ógunnið. Það kom ekki til þess beinlínis að víkja byggingarn. frá. Ég sýndi henni fram á, að ástandið væri ópolandi, og þeir féllust á, að það væri eins gott, að þeir væru látnir hætta. Landssamband íslenzkra útvegsmanna eða stjórn þess skrifaði ráðuneytinu bréf og gerði svipaða kröfu og hv. þdm., allir þeir, sem talað hafa að undanteknum hv. forseta, hafa gert, sem sé þá, að ýtarleg og gagngerð rannsókn fari fram á því, hvað valdi hinum stóraukna kostnaði og að því er virðist miklu mistökum við byggingu þessara verksmiðja. Ráðuneytið hefur getað orðið við þessum áskorunum og hefði sjálfsagt gert það, þó að þessar áskoranir hefðu ekki komið fram, því að ég er sammála hv. þdm. um það, að svona hlutir eru

svo vaxnir, að það er ekki hægt að komast hjá því og er ekki nema sjálfsagt, að rannsókn fari fram. Þá rannsókn hef ég í byrjun falið þeim, sem eiga að taka á móti, þ. e. a. s. stjórn síldarverksmiðjanna. Ég hef fengið lögfræðinga og lagt fyrir byggingarn. að afhenda öll gögn í hendur þessarar nýju yfirstjórnar. Ég er ekki fær að segja um það, á hvaða stigi eigi að fara lengra og láta hefja sakamálsrannsókn. Það mundi tæplega nokkur gera á þessu stigi. Hitt kemur svo í ljós við þessa rannsókn, er getur orðið þess eðlis, að frekari og víðtækari rannsókn verði að fara fram og þá ef til vill sakamálsrannsókn. En byggingarn. hefur verið látin fara frá og afhenda öll gögn í hendur hinnar nýju stjórnar, sem tekur við öllum framkvæmdum og fjárráðum yfir þessum verksmiðjum, og auk þess hefur stjórn síldarverksmiðjanna verið falið af sérstaklega gefnu tilefni frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna að láta fara fram rannsókn á orsökum þessara misfellna. Skýrsla um þær verður svo lögð fram í ráðuneytinu á sínum tíma og ef til vill birt almenningi þegar í stað, en sjálfsagt að birta hana hinu háa Alþ. og gefa öllum almenningi kost á að kynnast henni. Mér er ekki kunnugt um fjárhaginn, hef ekki kynnt mér bókhaldið, en ef þess væri sérstaklega óskað, mundi ég láta rannsaka það fyrir 3. umr., þar sem öll gögn eru nú komin í hendur hinna nýju stjórnenda, en máske að það yrði einhverjum erfiðleikum bundið, þar sem form. er nú á Siglufirði í sérstökum erindagerðum.

Hv. þdm. hafa krafizt rannsóknar á þessum málum, og er ég þeim algerlega sammála persónulega, og mun ég, ef til minna kasta kemur um framkvæmdir, gera það, sem ég get, til að þessi rannsókn verði framkvæmd, sem krafizt er af útgerðarmönnum og réttilega af öllum þeim, sem hugsa alvarlega um opinber mál, þar sem mjög ríður á, að ekki skorti samvizkusemi og þekkingu.

Það er ergilegt að heyra það, sem fram kom, sérstaklega hjá hv. þm. Str., sem benti á mörg dæmi um þetta óskaplega sleifarlag við verk fyrir hið opinbera. Við vitum vel, að ein afleiðing hins óeðlilega ástands, sem verið hefur undanfarið hjá þjóðinni, er það, sem kalla mætti verksvik. Menn kvarta yfir þeim og þjást undir þeim, ef þeir þurfa að láta vinna eitthvert verk, hvort sem er í smáu eða stóru, og þegar þetta ófremdarástand nær inn á svið opinberra mála, þá eru þau dæmi, sem hafa verið nefnd, svo hræðileg, að ekki er furða, þó að menn reki í rogastanz og spyrji, þegar þetta endurtekur sig hvað eftir annað, hvort ekki sé hægt að vekja ábyrgðartilfinningu hjá þeim, sem ráðin hafa. Það mætti minna á ýmislegt í þessu sambandi, t. d. landssmiðjuna. Það er dapurlegt, þegar búið á Hvanneyri skilar af sér á þriðja hundrað þúsund kr. taprekstri, og svo mætti lengi telja. Það er full þörf, að við gefum gætur að þessum táknum tímanna og reynum að beita áhrifum okkar í þá átt, að úr ábyrgðarleysi, kæruleysi og eyðslu dragi í opinberum málum, því að við höfum oft tækifæri til þess að vera vitni þess hér á hinu háa Alþ., hversu þessir eiginleikar birtast í miklum mæli í þjóðfélaginu, verða þjóðinni til byrði og þegnunum til margfaldra útgjalda.

Mig skyldi ekki undra, þó að það væri rétt, sem hv. þm. Str. sagði um byggingarkostnað síldarverksmiðja í Noregi og á Íslandi, og er það fullkomlega athugunarvert, ef það er mælikvarði á það, hvað framleiðslan kostar í Noregi, samanborið við það, sem hér er. Þá er þetta eitt með öðrum af umhugsunarefnum fyrir þjóðina á þessum tímum, þegar okkur hættir svo mjög við að gera lítið úr örðugleikunum og gleyma því, að við eigum erfiða aðstöðu í þessum efnum, ef svo fer fram, sem nú hefur verið um hríð.

Ég þykist hafa gert nokkuð og nóg í bili, að ég hygg, til að kippa málunum í þann farveg, sem hv. þm. krefjast. Sakamálsrannsókn virðist mér ekki koma til mála, fyrr en það hefur verið rannsakað, hvar mistökin liggja.

Að því er snertir löggjöf um þetta atriði, sem hv. þm. Str. minntist á, skal ég játa, að ég er ekki rétti maðurinn til þess að segja um þá hluti, en ég held, að hv. þm. Str. hafi mikið til síns máls. Það er ekki óeðlilegt, að menn spyrji, hvort hægt sé að gefa rangar upplýsingar annaðhvort af kæruleysi eða vanþekkingu, án þess að það á neinn hátt geti orðið til áfellis. Þessar spurningar hljóta að vakna, og er það ekki nema eðlilegt, þegar svona hlutir koma fyrir.

En við vitum líka, að á þeim árum, sem hv. þm. Str. fór með stjórn landsins, var þessu ábótavant. Það vildi sækja í það horfið, að áætlanir stæðust ekki, þær voru of lágar, en þá voru vitanlega ekki önnur eins endemi á ferðinni og nú er. En gagnvart þessu er eðlilegt að krefjast þess, að gagngerð rannsókn fari fram.

Ég vil svo endurtaka það, að þó að frv. yrði stöðvað, yrði ekkert við það unnið. Þessum málum verður að koma í viðunandi horf. Við þessa framleiðslu eru tengdar miklar vonir, og ætti nú ekki að eiga langt í land, að byggingu verksmiðjanna ljúki. Ég vona því, að hv. d. sjái sér fært að greiða fyrir málinu, en ég skal, ef hv. þm. Barð. óskar eftir frekari upplýsingum, sem hægt er að fá fljótlega, gangast fyrir því, að það verði gert fyrir 3. umr., en hitt hlýtur hv. dm. að vera eins ljóst og mér, að rannsókn á hinum smærri atriðum er vitanlega ekki lokið á svo skömmum tíma.

Hv. frsm. þótti það undarlegt, að einhver tregða hefði verið á afhendingu skjala, en það hlaut þann endi, a. m. k. enn sem komið er, að til úrskurðar kom ekki, en milli nefndanna hefur um tíma verið taugastríð, og hefur það haldið áfram, og ósamkomulag um gerðabók, sem ekki fékkst fram, og átti að fá fógetaúrskurð um það, en af því að form. var á Siglufirði, þá virtist mér þetta ekki svo bráðaríðandi, að ég kaus heldur að reyna að bíða, svo að ekki þyrfti til úrskurðar að koma, og bað ég því fulltrúa minn að fara þess á leit við báða aðila, að málinu yrði frestað, þar til form. kæmi heim, og vona ég fastlega, að þá gangi saman.

Gísli Jónsson: Ég get verið mjög stuttorður. Mér eru alveg nægilegar upplýsingar hæstv. ráðh. og óska ekki sérstaks ómaks frekar frá honum. Hann hefur upplýst, að rannsókn verði látin fara fram, og skal ég ekki tefja málið eftir þær upplýsingar.

Mér þykir þó rétt að benda hæstv. ráðh. á það, að mér finnst óeðlilegt, að rannsóknin skuli falin þessari n., en ekki t. d. lögfræðingi og tæknilegum sérfræðingi í þessum efnum, því að eins og hæstv. ráðh. tók fram, eru nefndirnar í tauga-

striði, og virðist mér því, að þessi rannsókn muni ekki alveg hlutlaus.

Þá vil ég einnig taka það fram, að fjvn. hefur ekki fengið þær upplýsingar um Gimli, sem hv. þm. Str. var að tala um.

Skal ég svo ekki tefja málið frekar eða lengja umr. að þessu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 721 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 741).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Við síðustu umr. lét ég hjá líða að ræða um nokkur atriði, sem hafa komið fram í sambandi við þetta mál, vegna þess, hversu þá var langt liðið á fundartímann. Hins vegar tel ég rétt að taka þetta fram við þessa umr. Ég hefði viljað óska eftir því, að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur. Ég man, að það kom ekki nægilega fram við fyrri umr., hvernig hugsað er í framtíðinni að láta þessar verksmiðjur bera sig fjárhagslega. Ég hefði viljað fara fram á, að hæstv. ráðh. gæfi nokkrar yfirlýsingar um það atriði. Þetta er veigamikið atriði. Því hefur verið haldið fram af sumum hv. þm., að hér væri verið að leggja gífurlegan skatt á sjómenn um alla framtíð, þar sem síldarverðið verði að miða við, hvernig þessar verksmiðjur geti borið sig fjárhagslega. Það væri ekki úr vegi, að menn vissu, að hverju ætti að ganga. Hugsanlegt væri, að ríkissjóður tæki að sér að greiða niður verksmiðjurnar, sem kostuðu 43 millj. kr., en búizt var við, að mundu kosta um 20 millj. En sé því slegið föstu, að þetta verði ekki greitt niður af ríkissjóði, heldur verði þessi mistök greidd með lægra verði á síldinni til sjómanna á hverjum tíma, þá er verið að gera gróðamöguleika einstaklinga, sem reka verksmiðjur, enn þá meiri en áður. Sé hins vegar ætlazt til þess, að ríkissjóður greiði þetta með sérstöku framlagi úr ríkissjóði, þá þarf að leggja þessar álögur á bak skattþegna. En hvor leiðin sem farin yrði, þá er það þó ekki nema rétt, að þjóðin fái að vita, hvar skattar þessir og kostnaður kemur niður. Mér þætti gott að fá þetta upplýst hér í þinginu, áður en málið er afgr. Hv. þm. Str. benti á ýmis mistök, sem orðið hefðu við byggingu opinberra bygginga á öðrum stöðum, og nefndi nokkur atriði. Ég hygg þetta sé ekkert nýtt, og vegna þess, að þetta er ekkert nýtt og hefur allt of lengi við gengizt, er því meiri nauðsyn að spyrna við fæti og setja l. um þessi mál. Áður en ég fór að taka þátt í stjórnmálum, þá man ég ekki betur en mikið væri talað og býsnazt yfir fjósinu á Hvanneyri á sínum tíma. En ég hygg það hafi verið byggt undir stjórn hv. þm. Str. (**HermJ:** Nei, nei.) Það var mikið rætt um stórkostleg mistök í sambandi við það, einnig áttu sér stað mikil mistök við byggingu landsspítalans. Og ég vil líka minna á stórkostleg mistök í sambandi við kaupin á hraðbátunum, því að hvernig sem reynt er að fegra það mál, hefur ríkissjóður tapað 700 þús. kr. á þeim kaupum. Fyrir nokkru var samþ. að endurbyggja Sæbjörgu. Ríkissjóður átti að leggja fram ákveðna upphæð, 400 þús. kr., og fá þetta endurgreitt á 15 árum. En þegar farið var að endurbyggja skipið, þá kom í ljós, að áætlunin sem gerð hafði verið, var kolvitlaus. Ég benti strax á, að þessi áætlun stæðist ekki. En í hverju lá þetta? Það lá í því, að þetta hafði verið gert af manni, sem hv. þm. Str. hefur hælt á hvert reipi. (**HermJ:** Ég hef aldrei hælt Taylor.) Hins vegar bjargaði ég því, sem bjargað varð. Það er því meira en á einum stað, sem þessi mistök hafa átt sér stað. Ég vil segja, að mér finnst ganga of langt í þessum málum, þegar hallinn á uppskipun hér í Reykjavík er orðinn 450 þús. kr. á ári. Mér finnst þetta of mikið. Mér finnst slík ráðsmennska hlutfallslega verri stjórn en þetta með síldarverksmiðjurnar. Það kostar 50 kr. að koma út hverju tonni. Það kostar 100 kr. að dreifa því út um landið. En hjá þessari stofnun er samt 450 þús. kr. halli á hverju ári. Mér finnst ástæða til að láta slíkt mál í rannsókn. En það má ekki minnast á þessi mál. Það er eins og að stinga á kviku á samgmrh., ef á þetta er minnzt. Það má alls ekki tala um þetta. En það þarf að hækka fjárl. um ½ millj. kr. til að jafna þennan halla. Sannleikurinn er sá, að hér er um að ræða vinnusvik hjá þeim mönnum, sem þessu stjórna. Þetta snýr ekki að verkalýðnum, heldur þeim mönnum, sem hafa tekið að sér þessi mál og fá fyrir það stórkostlegt fé ár eftir ár. Þetta er farið að ganga svo langt nú, að það verður ekki þolað lengur. Þessir menn eru settir í alls konar stöður og störf, svo að þeir hafa ekki tíma til að sinna sínu aðalstarfi. Í þessu sambandi vil ég benda á, hvort ekki væri rétt að athuga líka eitthvað fiskiðjuverið hjá fiskimálanefnd. Það mál heyrir ekki aðeins undir viðkomandi ráðh., og þeir menn, sem þar koma nærri, eru ekki úr einum flokki, heldur öllum flokkum. En þeir hafa tekið sér mjög vafasaman rétt og tekið millj. kr. úr fiskveiðasjóði til þessara hluta. Aftur á móti er aðalstarf fiskveiðasjóðs að inna af hendi markaðsleit til útlanda. Það er upplýst, að þessir menn hafa notað úr þessum sjóði á undanförnu ári 30—40 þús. kr. til markaðsleitar, þótt inn í sjóðinn hafi verið tekið á móti á aðra millj. kr. Hitt fé hefur verið látið í fiskiðjuverið. Það má deila um það, hversu mikinn rétt þeir hafa haft til þess að gera þetta. Auk þessa ganga alls konar tröllasögur um það, að þetta allt sé orðið hlutfallslega eins dýrt og síldarverksmiðjurnar. Það væri ástæða til að rannsókn færi fram á þessu máli. Sama má segja um útvarpshöllina. Ég veit ekki betur en upplýsingar liggi fyrir um það, að búið sé að greiða 600 þús. kr. fyrir teikninguna. Það má vera, að sumum finnist ekkert við þetta að athuga. En sannleikurinn er sá, að það hefur þótt athugavert, að það skuli mega taka 600 þús. kr. til þess að greiða fyrir teikningu, sem svo engin vissa er fyrir, að verði nokkurn tíma notuð óbreytt. Ég tala nú ekki um það, sem síðar skeði, að sá hæstv. ráðh., sem þessi mál heyra undir nú, leyfði sér að taka úr ríkissjóði 500 þús. kr. og lánaði þær án þess að spyrja fjmrh. eða Alþingi til stórs fyrirtækis hér í bænum, eða Silla og Valda. Þessum stórgróðamönnum er lánað til 10 ára. Það er Eysteinn Jónsson, sem hefur gert það. Hann hefur lánað 500 þús. kr. til Silla & Valda. Það getur verið að hægt sé að finna einhver rök fyrir

því, að hægt sé að fara svona með ríkisins fé, en ég viðurkenni það ekki.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir, að hann muni, samkv. eindregnum till. þessarar d., láta fara fram rannsókn á byggingu síldarverksmiðjanna, og greiði ég þessu atkv. út úr d. í því trausti, að þessi rannsókn fari fram, og að hún verði svo ýtarleg, að ekki verði nokkur vafi á, hverjum þessi mistök eru að kenna, og að komið verði fram ábyrgð á hendur þeim mönnum, sem eiga sök á þessu, svo að þetta verði til leiðbeiningar framvegis í öllum þeim málum, sem þarf að taka sömu tökum. Enginn vafi er á því, að ef gerð er rannsókn og hún er gerð samvizkusamlega, þá ætti þetta að geta orðið fyrsta skrefið í þeim rannsóknum, sem þarf að gera.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram og óska þess, að þau atriði, sem ég hef minnzt á, verði tekin til greina.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er mikið búið að ræða þetta verksmiðjumál út af því frv., sem hér liggur fyrir, um að hækka lántökuheimildina úr 27 og nú síðast í 43 millj. kr.

Það er ómögulegt að neita því, að það er ósamræmi í því, þegar fyrst er ætlazt til, að verksmiðjan kosti ekki nema 10 millj. kr., síðan 20 millj., í 3. sinn 27 millj., þá í 4. sinn 38 millj. og nú, á meðan verið er að afgreiða þetta frv., er talið, að ekki nægi minna en 43 millj. kr. Um þetta hafa menn rætt, og flestum sýnzt á einn veg, að þetta sé eitt af því fágætasta, sem þeir hafi kynnzt. Inn í umr. hefur svo fléttazt tal um önnur dýr fyrirtæki. Síðast minntist hv. þm. Barð. á fiskimálanefnd. Þar mun flokksbróðir hans fara með forustuna, og þykir mér líklegt, að hann viti, um hvað hann er að tala. Sömuleiðis er það rétt, að það virðist nokkuð mikið, að teikning á einu húsi kosti 600 þús. kr., og fer maður þá að skilja, að verksmiðjur geti orðið nokkuð dýrar, þegar teikning kostar meira en ½ millj.

Það er ekki undarlegt, þó að það séu fyrst og fremst opinberar framkvæmdir, sem verða fyrir kritiskum hlutum, en það er af því, að öll plögg eiga að vera opinber í sambandi við hinn opinbera rekstur, en það er ekki, þegar einstaklingur er að koma upp byggingum. Hver vissi um kostnaðinn á Korpúlfsstöðum? Hver skipti sér af því, hvort þeir væru vel fallnir til stórrekstrar? Nú, þegar þeir eru komnir í opinbera eign, er talað um, að það þurfi að brjóta allt niður, sem áreiðanlega var lagt í gífurlegt fé á sínum tíma. Við hljótum að sjá, þegar mistök í sambandi við opinberan rekstur liggja fyrir, en um hliðstæða hluti hjá einstaklingum vita menn ekki.

Það á enga miskunn að sýna, þegar fram kemur óforsjálni eða vítaverð ótrúmennska í opinberu starfi, en íslenzk stjórnarvöld hafa verið mjög alvörulítil um þetta. Ég er því á þeirri skoðun, að það ætti að skipa mjög strangt eftirlit með opinberum framkvæmdum í landinu, en ég er sannfærður um, að á þeim er mikið sleifarlag.

Ég tel það eitt meginatriði í sambandi við þetta mál, að menn geri sér grein fyrir, hvaða afleiðingar það hefur, að síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og Skagaströnd koma til með að kosta 43 millj. kr. Þessi stofnkostnaður kemur ekki til með að liggja lengi á verksmiðjunum. Þær velta honum af sér með því að ákveða verðið lægra en annars, og sjómennirnir fá því lægra fyrir afla sinn. Nú er það svo, að það verð, sem síldarverksmiðjurnar setja upp, ákveður líka verðið hjá verksmiðjum í einstaklingseign, svo að þær ákveða verðið lægra og stinga gróðanum í sinn vasa. Mér finnst ekki óeðlilegt, að heldur en að svo fari, sé komið fram með frv. um það, að ríkissjóður borgi þær milljónir, sem síldarverksmiðjurnar hafa orðið dýrari en ráð var fyrir gert, því að þetta sé fyrir handvömm. Slík mistök á sjómannastéttin ekki að borga, heldur ber ríkinu að borga þau, ef um þau er að ræða.

Ég hygg þó, að ekki sé hægt að koma þessu saman við það frv., sem hér er um að ræða. Hér liggur fyrir að taka ákvörðun um að afla nauðsynlegs fjár til þess að ljúka þessum byggingum fyrir næstu síldarvertíð, og það eru hagsmunir sjómannastéttarinnar, að það megi takast, hvað sem um þau afglöp er að segja, sem nú hafa átt sér stað.

Ég hef gert grein fyrir því áður, að ég tel, að rannsókn eigi að fara fram. Það hefur hæstv. ráðh. tekið vel undir og jafnvel sagt, að hún skuli fara fram. Það þarf að upplýsa, til hvaða aðila peningarnir hafa farið, að hve miklu leyti þetta kemur til með að bitna á íslenzkri sjómannastétt og hvort ekki muni rétt að leggja þessa byrði á herðar ríkisins með sérstöku frv., en þetta frv. er ekki hægt að undirbúa, fyrr en sú rannsókn hefur farið fram, sem hér hefur verið rætt um. Út af þessu sé ég mér ekki annað fært en að greiða atkv. með hækkuninni í 4. eða 5. sinn.

Ásmundur Sigurðsson: Það er búið að ræða mikið og margt að segja, en það hefur sérstaklega verið bent á eina hlið þessa máls, en þagað um aðrar hliðar, sem ekki er síður ástæða til að draga fram. Það hefur eingöngu verið rætt, hve kostnaðurinn er mikill við þessar verksmiðjur, og í því sambandi hafa fallið orð, sem erfitt mun vera fyrir suma þm. að standa við. En það er hin hliðin, sem ég vildi draga fram, hvaða nauðsyn bar til þess að hraða þessum framkvæmdum eins og unnt var. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að á einu mesta síldarárinu, sem við höfum fengið, 1940, var ástandið þannig, eftir grein í Morgunblaðinu 13. ágúst, að í júlímánuði einum saman hafði tjónið af síldarverksmiðjuleysinu numið 11 millj. kr. Ég vil benda á, hvílíkur skattur það er á sjómönnum, útgerðarmönnum og hinu opinbera, að ekki skyldu vera til síldarverksmiðjur. Ég vil þá gefa upplýsingar, sem eru úr þessari grein í Morgunblaðinu. Hún er eftir Jón J. Fannberg.

Hann tekur einn mánuð frá 3. júlí til 3. ágúst og gefur þær upplýsingar, að 10—20 skip hafi beðið í 10 daga, 21—30 skip í 4 daga, 31—40 skip í 5 daga, 41—50 skip í 3 daga, 51—60 skip í 2 daga, 61—66 skip í 3 daga. Alls voru þetta 27 dagar og meðaltal biðandi skipa 32 á dag.

Nú gerir þessi greinarhöfundur þá aths., að það muni hafa verið eitthvað minni bið við aðrar verksmiðjur en verksmiðjurnar á Siglufirði, og mun hann gera það til þess að vera viss um að taka ekki munninn of fullan, en niðurstaðan verður sú, að af þeim 132 skipum, sem samning höfðu við síldarverksmiðjurnar, mun um það bil helmingur hafa beðið eftir löndun allan tímann. Þetta þýðir það, að þar sem allan þennan mánuð var gott

veður og góð veiði, hefði eins mikið komið inn, þótt ekki hefði verið nema helmingurinn af skipunum við veiðar. Þetta gefur ástæðu til að hugsa, að á árinu 1946 hafi verið tilefni til að hraða byggingu þessara verksmiðja.

Hinn 30. júlí var fyrirskipuð veiðistöðvun vegna þess, að með þessu eyðilagðist síldin, og samningaskipunum var boðið að bíða 4 daga í höfn, eftir að losun hafði farið fram. Þetta þýddi það, að þau skip, sem voru nýkomin, þurftu að bíða í 5 daga eftir löndun og 4 daga í veiðibanni þrátt fyrir gott veður og næga síld skammt undan.

Að lokum segir greinarhöfundur orðrétt: „Fyrstu skipin losnuðu úr veiðibanninu á laugardag 3. ágúst. Daginn eftir var stormur, og tókst þá að hreinsa síðustu leifarnar af gamla síldargrútnum úr skipunum í þrærnar. Veiðiveður var aftur komið 5. ágúst síðdegis og góð síldveiði. Snemma morguns 6. ágúst var svo hildarleikurinn aftur byrjaður, yfir 20 skip bíðandi eftir löndun við ríkisverksmiðjuna á Siglufirði og þrærnar um það bil að fyllast. Lengra er sögunni ekki komið, þegar þetta er skrifað.“ Svona var ástandið þetta sumar með að tryggja sjómönnum, að þeir þyrftu ekki að moka í sjóinn þeirri síld, sem þeir voru búnir að veiða. Síðan leggur hann niður fjártjónið, sem af þessu hafi orðið, sem hér segir: 1. Helmingur veiðiskipanna bíður allan tímann. 2. Allan tímann var gott veður og næg síldveiði. 3. Skipin hefðu því getað tvöfaldað veiði sína, ef ekki hefði verið um bið að ræða. 4. Veiðitapið er því sama og aflamagnið eða 930 þús. mál og eftir þessu, reiknað með lágmarksverðinu, 1200 kr. á hvern hásetahlut. Hann fer mörgum orðum um þetta, og get ég tekið það fram, að rökin fyrir þessu eru mjög skýr í greininni. Tapið í hlut hvers skips er 30 þús. kr. og 60 þús. kr. á hverja herpinót. Enn fremur færir hann rök fyrir því, að öll árin til 1940, að árinu 1935 undanskildu, hafi verið meira og minna tap vegna þess, að ekki voru til nærri nógar síldarverksmiðjur til þess að taka við aflanum, og tekur hann sérstaklega árið 1937, að þá hafi tapið verið 7.5 millj. kr. í útflutningsverðmætum, en í júlí 1940 hafi heildarverð veiðitapsins verið 11 millj. kr. og útflutningsverðmætið um 18 millj. kr. Svo ætla ég ekki lengra út í þessa grein.

En þrátt fyrir þetta virðist svo sem lítið hafi verið gert til þess að sjá um að bæta úr þessu ástandi fyrr en á árinu 1942. Það fyrsta, sem er samþ. um það, er í september 1942, að reisa nýjar síldarverksmiðjur, 6 að tölu, sem eigi að reisa eftir hendinni, og var ákveðið að taka lán til byggingarkostnaðarins að upphæð 10 millj. kr. Þrátt fyrir það að búið væri að samþykkja þetta, var ekkert gert til þess að tryggja nýjar síldarverksmiðjur fyrr en árið 1945 eftir stjórnarskiptin, og þá var undirbúningurinn ekki meiri en það, að þá var ekki búið að undirbúa neina teikningu eða áætlun. Þetta er það, sem stjórnin tók við, og þó tók hún þá ákvörðun að freista þess að reyna að koma upp síldarverksmiðjunum fyrir síldarvertíð 1946.

Nú hefur verið mikið um það talað og af litlum kunnugleika, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafi ásakað ráðh. og byggingarnefnd fyrir það, hvað þessar síldarverksmiðjur séu dýrar. Nú verðum við að athuga það, að ákveðið var að stækka flotann til mikilla muna. Það er viðurkennt, að flotinn er miklu meiri en nokkru sinni áður, miklu stærri en árið 1942. Árið 1945 var síldarleysisár, og bjuggust allir við, að ekki kæmi annað eins ár 1946. Hvað væri sagt um stjórn, sem ákvæði að stækka flotann, en hugsaði ekki um að stækka verksmiðjurnar? Ef veiðin hefði orðið svipuð og 1942 með svona miklum flota, en ekki meiri verksmiðjum, hvernig hefði ástandið orðið þá og hvað hefði verið sagt um þá stjórn eða þann atvmrh., sem léti þau atriði dankast? Þetta álít ég, að sé nóg til þess að sýna, að það var ekki aðeins rétt af stjórninni eða atvmrh. að ákveða það að gera allt, sem hugsanlegt væri, til þess að koma síldarverksmiðjunum í gang. Það var beinlínis skylda stjórnarinnar að gera það, og hefði verið alveg ófyrirgefanlegt að gera það ekki.

Þá vildi ég einnig minnast á ýmsar rangfærslur, sem beinlínis hafa komið fram í þessum umr., og sérstaklega komu rangfærslur fram hjá hv. þm. Barð. við 2. umr. málsins, þar sem hann segir, að atvmrh. hafi þrenn l. frá Alþ. um kostnað við þessar síldarverksmiðjur. Ég vil minna hann á það, af því að oft hefur verið á það minnzt, að kostnaðurinn hafi hækkað úr 10 millj. og upp í 43 millj. kr., að í upphaflega frv., þar sem gert er ráð fyrir að byggja, er ætlazt til, að stjórnin taki 10 millj. kr. í þetta og afli sér svo frekari lánsheimildar, eftir því sem meira er byggt. Ég vil benda á það, að fyrsta breyt., sem gerð er 1944, er eftir till. stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, og er samþykktin um það á bls. 4 í skýrslu, sem útbýtt hefur verið hér. Ég vil leyfa mér að lesa það, sem þar segir: „Á fundi stjórnar SR, hinn 27. október 1944, var samþ. svo hljóðandi till. varðandi byggingu nýrra verksmiðja: „Stjórn síldarverksmiðja ríkisins samþykkir að leita enn á ný fyrir sér um kaup á vélum og efni í hina fyrirhuguðu 10 þús. mála síldarverksmiðju á Siglufirði. Enn fremur um kaup á vélum og efni í síldarverksmiðju á Skagaströnd (Höfðakaupstað) með 5—10 þús. mála afköstum á sólarhring, að fengnu leyfi ríkisstj. og aukinni lánsheimild.““ Þetta álít ég þá nægilegt, bæði í sambandi við það, sem hv. þm. N-M. sagði um l. frá 1942, og hækkun á heimildinni úr 10 millj. í 20 millj. kr.

Þá er það næst hækkunin, sem var gerð árið 1946 úr 20 millj. í 27 millj. Þarna var vitaskuld um mistök að ræða í áætluninni, en sú hækkun var gerð eftir till. frá byggingarn. síldarverksmiðjanna, og tekur hún það fram í bréfi, sem hún skrifar til fjhn. Nd., þar sem hún svarar ummælum fulltrúa Framsfl. um málið. Í þessu bréfi segir svo: „Upplýsingar þær, sem vitnað er til í sambandi við hækkun lántökuheimildar úr 20 millj. kr. upp í 27 millj. kr., eru teknar úr bréfi byggingarnefndar til fyrrv. atvmrh., og ber því að saka byggingarnefnd, en ekki ráðh., um það, ef nefndar upplýsingar hafa „verið mjög fjarri því að vera réttar“, eins og flm. kemst að orði. Í skýrslu, sem vér höfum sent fjhn., er gerð nokkur grein fyrir því, að nauðsyn var á hærri lánsheimild en gert var ráð fyrir á s. l. vetri, og verður það ekki endurtekið hér. Það sem byggingarnefnd hugði þá, að staðizt gæti, var að miklu leyti byggt á umsögnum þeirra, sem aðalverkin höfðu með höndum, og geta þeir, sem það vilja, ásakað n. fyrir að treysta umsögnum þessara sérfróðu aðila. Það mun flestum kunnugt, sem eitthvað þekkja til þessara

mála, að byggingarnefndin hafði enga aðstöðu í upphafi starfs síns til þess að gera áætlanir um byggingarkostnað, og enginn nm. mun hafa ætlað, að það yrði gert að sérstöku árásarefni, þegar um var að ræða fjárútlát til þess að ljúka verksmiðjubyggingunum.“ Upplýsingar þessar eru teknar úr bréfi til ráðh.

Hins vegar segir byggingarnefnd erfiða aðstöðu, vegna þess að byrjunarundirbúningur hafi verið enginn, enda þótt 2 ár væru liðin frá því, að l. voru samþ., og þess vegna hafi verið byrjað, án þess að hægt væri að gera nákvæma áætlun. Og ég vil taka það fram, þar sem það hefur komið fram, að það væri sök byggingarnefndar að hraða byggingu síldarverksmiðjanna, að þá er það ekki hennar sök, því að hún fékk fyrirskipun um það frá ríkisstj. eða atvmrh., svo að hægt væri að ljúka verkinu fyrir síldarvertíð. Byggingarnefnd segir ennfremur, að vegna þessara ástæðna hafi verið erfitt að gera nákvæma kostnaðaráætlun og hafi hún byggt á umsögn þeirra aðila, sem verkið höfðu með höndum. Ég vil benda enn á eitt, að ástæðan fyrir því, að verksmiðjurnar hafi reynzt svo dýrar, er talin sú, að unnið hafi verið svo mikið í næturvinnu og eftirvinnu. Í bréfi byggingarnefndar er skýrt nákvæmlega frá aukakostnaði á Skagaströnd vegna nætur- og eftirvinnu, og það eru þessar tölur: Eftirvinna 203 þús. kr. og næturvinna 386 þús. kr. eða alls um 590 þús. kr., sem verkið verður dýrara vegna þess, að ekki er allt unnið í dagvinnu. Enn fremur færir byggingarnefnd rök fyrir því, að vegna þess, að ákveðið var að hraða verkinu, hafi ýmsir hlutir orðið ódýrari en ef það hefði dregizt á langinn og bendir réttilega á, að vegna hækkandi vísitölu hefði byggingarkostnaður orðið enn þá meiri. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta öllu fleiri orðum, en taldi rétt að láta þetta koma fram, vegna þess að hér hefur eingöngu önnur hliðin verið túlkuð, aðeins kostnaðarhliðin, án þess að gera sér grein fyrir því tjóni, sem hefði getað orðið vegna skorts á verksmiðjum. Í sambandi við það, að rannsókn sé nauðsynleg á þessu máli, þá vil ég taka fram, að það tel ég rétt eins og í mörgum öðrum tilfellum, sem hv. þm. Barð. nefndi réttilega. En mér hefur skilizt, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins eigi að framkvæma rannsóknina, en hún er ekki sá rétti aðili, heldur ætti rannsókn að vera gerð af hlutlausum aðila, en það er hæpið með stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem hefur átt í deilum við byggingarnefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 125. fundi í Ed., 5. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BBen, BK, BrB, EE, GJ, JJós, PZ, SÁÓ, StgrA.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁS, GÍG, HV, HermJ, LJóh, PM) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Eins og ég hef tekið fram undir umr., sé ég enga bót í því að stöðva það, að verksmiðjurnar verði fullgerðar, og án þess á nokkurn hátt að sýkna með mínu atkv. þá framkvæmd, sem gerð hefur verið undanfarið, segi ég já.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Eyf. segi ég já.

Björn Kristjánsson: Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Eyf. segi ég já.

Páll Zóphóníasson: Það hefur komið fram undir umr. og hefur verið lofað af hæstv. fjmrh., að hann muni láta rannsaka þetta mál, svo að það síðar gæti legið ljósar fyrir en það gerir nú, og hef ég frétt það, að samkomulag hafi orðið um að láta tvo endurskoðendur endurskoða þessi mál, en að þetta eigi aðeins að vera talnaleg endurskoðun. Í trausti þess, að hæstv. fjmrh. sætti sig ekki við slíka endurskoðun heldur láti fara fram miklu víðtækari, kritiska endurskoðun, segi ég já.

Frv. endursent Nd.

Á 121. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að forseti Ed. hefði endursent frv. eftir 3. umr. þar í deildinni.

Á 125. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 806).

---

70. Síldarniðursuðuverksmiðja ríkisins.

Á 94. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins (þmfrv., A. 521).

Á 95. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hafði búizt við því, að hæstv. atvmrh. mælti nokkur orð fyrir þessu frv., en mér skilst, að hann sé bundinn við önnur störf í hv. Nd. Hæstv. atvmrh. hefur sent sjútvn. þetta frv. og óskað eftir, að það yrði flutt fyrir hönd ríkisstj.

Frv. hefur verið tekið fyrir á fundi sjútvn., en hún hefur hins vegar ekki getað orðið sammála um að flytja það óskipt. Meiri hl. n. hefur því tekið að sér flutninginn eftir beiðni atvmrh.

Frv. fer ekki fram á annað en að breyta 3. gr. l. um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, en þar er svo ákveðið, að ráðh. skipi þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn, er hafi með höndum stjórn síldarniðursuðuverksmiðjunnar. Með frv. er hins vegar ætlazt til, að l. verði breytt þannig, að stjórn

síldarverksmiðja ríkisins annist byggingu síldarniðursuðuverksmiðjunnar og allan rekstur hennar. Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta atriði og leyfi mér í því sambandi að vísa til grg. á þskj. 521 fyrir frv. Það er engin ástæða til að vísa frv. aftur til sjútvn., og vil ég leyfa mér að óska þess, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11:3 atkv.

Á 97. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:2 atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 98. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 100. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 101. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 114. og 116. fundi í Nd., 15. og 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 521, n. 627).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er út af þessu máli, að fram hefur komið ósk um, að umr. um það yrði frestað, þar sem hv. þm. Siglf. hefur fengið fjarvistarleyfi, en hann er frsm. minni hl. í málinu, og vil ég því eindregið mælast til þess, að málið verði tekið út af dagskránni og umr. um það frestað.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Hv. þm. Siglf. hefur enn ekki skilað minnihl. áliti, enda þótt nú séu tólf dagar liðnir, síðan álit meiri hl. kom út, og hins vegar hefur hæstv. fjmrh. eindregið óskað þess, að það yrði ekki dregið lengur að afgreiða málið og að annað og þriðja málið fylgist að. Því tel ég rétt að mælast til þess, að umr. fari nú fram. Ég gef þá yfirlýsingu, að ég mun geyma að ræða málið þar til við 3. umr., þar sem einn maður minni hl. er fjarstaddur, en það eru tilmæli mín, að málið gangi áfram.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þar sem forseti hefur orðið við tilmælum um, að þriðja málið á dagskránni fengi að halda áfram, án þess að minni hl. flytti sitt sjónarmið í málinu, þá sé ég ekki annað en að í síðara tilfellinu sé rétt að taka tillit til óska minni hl., og hefur þá forseti fullnægt óskum beggja aðila með því að taka 2. málið af dagskrá.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég vil ítreka það, að ég óska þess, að málið haldi áfram. Þetta mál hefur nokkrum sinnum verið tekið af dagskránni og lítur ekki út fyrir, að það sé til annars en að tefja málið, en ég er reiðubúinn að fresta umr. um málið þar til við 3. umr., svo að hv. þm. Siglf. geti komið fram og skýrt afstöðu sína gegn frv.

Forseti (BG): Hér hafa komið fram óskir mót hvor annarri, eins og hv. þdm. hafa heyrt, og þykir mér því rétt að leita úrskurðar d. í málinu. Verður viðhaft nafnakall eftir ósk. Þeir hv. þdm., sem vilja fresta umr. um 2. dagskrármálið, segi já, en þeir, sem vilja, að málið haldi áfram, segi nei.

ATKVGR.
Till. um að fresta málinu felld með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, HermG, JPálm, AJ, SigfS, SG.
nei: ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GSv, GTh, GÞG, HB, HelgJ, JóhH, JS, JJ, JörB, PÞ, PO, SkG, StJSt, StgrSt.
GÞ, HÁ, IngJ, SB, BG greiddu ekki atkv.
6 þm. (BÁ, KTh, ÓTh, SEH, SK, ÁkJ) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég ítreka það, að ég geymi framsögu um málið þar til við 3. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það væri nú viðkunnanlegra, ef hæstv. fjmrh. væri hér við, og mun ég bíða, ef hv. forseti vildi láta senda eftir honum. Og vegna þeirra óska, sem fram hafa komið um að hraða þessu máli, þá væri hyggilegt, ef ríkisstj. vildi upplýsa, hvers vegna hún er að breyta stjórn þessa fyrirtækis. Er það tilgangurinn með þessu frv. að hindra að þessi starfsemi verði framkvæmd? Það er vitað mál, að síldarniðursuða og síldarniðurlagning á sér mikla möguleika hér á landi. Undanfarið hafa Íslendingar selt síldarafurðir sínar án þess að fullvinna þær. Nokkrar smáar verksmiðjur hafa þó undanfarið unnið að því að setja matéssíld í dósir, og hefur tekizt að skapa allsæmilegan markað fyrir þá vöru í Ameríku. Þetta hefur allt verið í smáum stíl, en það eru tvímælalaust spor í rétta átt að leggja allt kapp á að við vinnum úr öllum hráefnum okkar. Hins vegar hefur stjórn síldarverksmiðjanna staðið í vegi þessara framkvæmda, og má hér t. d. minna á, að er bæjarstjórn Siglufjarðar hafði undirbúið að koma upp Rauðku, þá var meiri hl. síldarverksmiðjustjórnarinnar á móti því. Og nú er lagt til að stjórn síldarverksmiðjanna eigi að sjá um byggingu niðursuðuverksmiðju. Mér

lízt nú ekki á það. Ég held, að núverandi stjórn síldarverksmiðjanna hafi nóg á sinni könnu, og mér þykir nú rétt að víkja hér nokkuð að öðru máli í þessu sambandi.

Í fimm ár hefur verið talað um að koma upp lýsisherzluverksmiðju. Því hagar svo til, að afurðir herzluverksmiðju væri hægt að selja til flestra landa í heiminum, sem framleiða smjörlíki og sápur. Nú voru á síðasta ári samþ. lög um að taka lán til þess að byggja þessa verksmiðju, en hins vegar virðist nú, síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, að ekkert sé meir gert í þessu máli. Nú er og vitað, að brezki feitmetishringurinn er algerlega andvígur því, að herzluverksmiðja verði byggð á Íslandi, en sá hringur hefur verið nær einráður um kaup á hráefni til iðnaðar síns frá Íslandi. Nú væri gott að fá að vita, hvað hæstv. ríkisstj. hyggst fyrir í þessum efnum og hvers vegna hún ætlar að gera breytingar á stjórn síldarverksmiðjanna. Ég tel það mjög óheppilegt, og það kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti, ef nú á að stöðva byggingu herzluverksmiðju.

Nú liggur hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. um síldarniðursuðuverksmiðju, og nú vill minni hl. n. fresta umr. um málið, þar sem frsm. hefur fjarvistarleyfi, en hæstv. fjmrh. vill, að málið gangi hart áfram, en mætir ekki til þess að svara spurningum. En það er nú ekkert undarlegt, þó að menn mundu spyrja um eitt og annað í sambandi við þessi mál. Ég held þess vegna, að það væri heppilegt, að umr. um þetta mál færu þannig fram, að hæstv. ríkisstj. gæfi nokkrar skýringar á því, hvað það er, sem hún stefnir að í þessu máli. Það liggja ekki fyrir frá ríkisstj. neinar sérstakar upplýsingar um það, hver hennar stefna sé í atvinnumálum okkar. En þar virðist aðallega koma fram sú tilhneiging að reyna að hefta einhvern veginn þær miklu atvinnuframkvæmdir, sem síðasta ríkisstj. hóf og var komin á veg með, því að þau frv., sem hér hafa verið flutt á þessu þingi frá hæstv. ríkisstj., virðast miða að því að draga nokkuð úr þessum framförum og reyna að hindra það, að þessar stórfelldu framkvæmdir, sem síðasta ríkisstj. hafði hug á eða hafði undirbúið, nái fram að ganga. Hins vegar var það svo, að við síðustu kosningar var því lýst yfir af hálfu þeirra flokka, sem nú mynda ríkisstj., að þeir vildu vinna að því að halda nýsköpun atvinnuveganna áfram og vildu vinna að því að koma upp meiri verksmiðjum í landinu, sérstaklega að því er snertir að vinna úr hráefnum okkar. En enn hefur ekki komið fyrir þetta þing — og er þó hæstv. ríkisstj. búin að hafa tvo og hálfan mánuð til þess að athuga sinn gang —, þá hefur ekki, svo að ég muni, komið fram eitt einasta frv., sem ætti að miða að því að gefa ríkisstj. fjárforráð eða annað slíkt til þess að leggja í neitt af þessum fyrirtækjum.

Það eina, sem virðist vera hugsað fyrir, eftir því sem virðist koma í ljós, það er að breyta um stjórn á undirbúningi málanna. Ósjálfrátt skapast hjá manni sú hugmynd, að ekki verði sérstaklega mikið úr framkvæmdum, þegar maður í það minnsta horfir upp á framtaksleysi og hugsunarleysi á þeim sviðum, sem ég álít, að mest væri undir komið, að reistar væru verksmiðjur, eins og t. d. síldarniðursuðuverksmiðja. Og manni hlýtur að detta í hug, að með þessu sé beinlínis verið að stefna að því að hindra þær framkvæmdir. Það er líka í samræmi við þá stefnu, sem komið hefur fram hjá hæstv. ríkisstj., þar sem þetta kemur greinilega fram í því frv., sem hún hefur flutt um fjárhagsráð, þar sem fyrst og fremst er talað um að gefa valdið í hendur einnar n. til þess að takmarka og neita, á meðan hinar nýju og miklu atvinnuframkvæmdir standa yfir. Ég sé ástæðu til þess að vekja athygli á þessu, vegna þess að þær breytingar, sem hér er um að ræða og lagt er til, virðast vera undarlega í samræmi við einmitt þær tilhneigingar, sem komu í ljós við umr. um fjárhagsráð, og reyndar í samræmi við alla afgreiðslu á till. um verklegar framkvæmdir á fjárl. og annað slíkt.

Það er ekki nema eðlilegt að nokkur tortryggni skapist hjá þm. í sambandi við þessa meðferð mála, og hefði í það minnsta verið fróðlegt að fá einhverjar upplýsingar frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins, hverjar hennar fyrirætlanir væru í þessu efni og hvað það væri, sem hún hugsaði sér að gera, hvort hún hugsaði sér að framkvæma það, sem henni er upp á lagt, svo framarlega sem þetta frv. yrði samþ.

Það hefur í sambandi við niðursuðuiðnaðinn hér á landi verið af hálfu einstakra manna, sem rekið hafa niðursuðuverksmiðjur, dálítið um það rætt, að sá iðnaður mundi ekki vera hér sérstaklega glæsilegur til frambúðar. Ég held, að það sé alveg þveröfugt. Ég held, að gallinn á þeim niðursuðuverksmiðjum og niðurlagningarverksmiðjum hér á landi fram að þessu hafi fyrst og fremst verið sá, að það hefur verið ráðizt í þetta í allt of smáum stíl. Verksmiðjurnar hafa verið of litlar, og þegar framleiðslan hefur tekizt vel, hafa þær engan veginn fullnægt þeirri eftirspurn sem hefur verið fyrir þessar vörur. Ég veit, að stundum hafa komið pantanir erlendis frá í þessar vörur, en ekki hefur verið hægt að sinna slíkum pöntunum vegna smápantana hér í landinu sjálfu, vegna þess að verksmiðjurnar eru svo litlar, að þær hefðu ekki getað afgreitt allar þær pantanir, þó að þær ynnu að því allt árið. Það er því nauðsynlegt að koma hér upp stórum niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjum og sá iðnaður væri hafður eins vélrænn og í eins stórum stíl og frekast væri unnt. Og einmitt með því, að ríkið réðist í slíkar framkvæmdir, væri helzt hægt að tryggja það, að þetta væri rekið í nægilega stórum stíl. Það hefur verið hafinn undirbúningur að slíkum rekstri undanfarið með þeirri stjórn, sem hefur verið sett á laggirnar til þess að vinna að því að koma þessu upp.

Í grg. hæstv. ríkisstj. fyrir þessu frv. segir á þá leið, að það virðist óþarfi að setja á laggirnar sérstaka stjórn fyrir hina fyrirhuguðu síldarniðursuðuverksmiðju.

Nú held ég að það sé mál manna, að það sé ekki hvað sízt nauðsynlegt, þegar verið er að ráðast í ný fyrirtæki og slíkt fyrirtæki, að stjórn slíkra fyrirtækja sé í höndum kunnáttumanna og áhugamanna og slíkri byrjunarstarfsemi sé bezt tryggð framtíð og gengi með því, að framkvæmd þeirra mála sé falin mönnum, sem hafi þekkingu og áhuga fyrir, að framkvæmdin og reksturinn takist sem allra giftusamlegast. Á þetta þá líka allra helzt við þau fyrirtæki, sem framleiða vörur fyrir heimsmarkaðinn og þurfa að keppa þar við stór fyrirtæki. Ég held, að undanfarið hafi einmitt verið stefnt að því með því fyrirkomulagi, sem

verið hefur á stjórn og undirbúningi þessara verksmiðja. Það hefur verið reynt að hagnýta þar þá beztu krafta og áhuga, sem við höfum í þessum efnum hér á landi. Ég álít þess vegna, að það væri mjög miður farið, ef nú ætti að fara að skipta um stjórn á þessum fyrirtækjum og fara að fela stjórn þeirra, ábyrgðina og valdið í hendur þeirra manna, sem ef til vill hefðu engan áhuga fyrir að koma þessu upp. Í það minnsta liggur það hvergi fyrir, að svo sé, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafi nokkurn sérstakan áhuga á þessu. Hvað snertir hins vegar þau rök, sem koma fram í nál. meiri hl. n., að það geti orðið hagkvæmara á ýmsan hátt að hafa þarna sameiginlega stjórn verksmiðjanna, þá er það ekki nema að litlu leyti rétt, því að það fer fyrst og fremst eftir því, hvort okkur tekst að hafa þessar verksmiðjur það stórar og fullkomnar til þess að reka þennan iðnað í nógu stórum stíl og hvort undirbúningurinn fer nægilega vel úr hendi.

Mér virðast þær einu röksemdir hæstv. ríkisstj. fyrir þessu, að hafa ekki sérstaka stjórn fyrir þessar verksmiðjur, heldur sameina það stjórn síldarverksmiðjanna, vera þær að spara með þessu laun, sem stjórn niðursuðuverksmiðjanna annars fengi.

Ég tel þetta alveg fáránlega hugsun. Ég býst við, að ef stjórn síldarverksmiðjanna ætti að sjá um að koma þessu upp, þá hefði hún ekki sérlega mikinn tíma til þess að athuga og undirbúa það mál. Og ég tala nú ekki um, ef áhuginn hjá meiri hl. stjórnar síldarverksmiðjanna fyrir að reisa slíkar verksmiðjur væri af skornum skammti, þá er mjög illa farið, ef svona stjórnarbreyting væri gerð.

Möguleikinn á því, að við getum staðizt samkeppni við niðursuðuvörur annarra þjóða, ef rétt er á haldið, byggist fyrst og fremst á því, að okkar vara er sú bezta, sem völ er á, og í öðru lagi, að okkur takist við meðferð hennar að gera hana betri en aðrar slíkar vörur, og það er hægt, ef vel er haldið á málunum.

Ég held þess vegna, að ef það vakir fyrir hæstv. ríkisstj. að spara þarna stjórnarlaun þessarar verksmiðju til þess að gera þessar síldarafurðir samkeppnisfærar á heimsmarkaðinum, þá geri hún sér ekki grein fyrir því, hvað hún er að fara.

Það er mjög fjarri því, að stjórn síldarverksmiðjanna hafi ekki nóg önnur verkefni viðvíkjandi því að koma upp síldarverksmiðjum. Og það er vitanlegt, að það ríkir mikill áhugi fyrir því, ekki aðeins hjá eigendum þeirra báta, sem þar eru, og þorpum, heldur líka hjá síldarútvegsmönnum og sjómönnum yfirleitt. Það lítur þess vegna út fyrir, að stjórn síldarverksmiðjanna hafi nægilegt verkefni að inna af hendi fyrst um sinn og þar að auki á hún að sjá um stærsta fyrirtæki, sem nú er til á Íslandi, fyrirtæki, sem líklega koma til með í sæmilegu síldarári að framleiða verðmæti, sem vel geta orðið um 200 millj. kr., svo framarlega sem stjórnin sér til þess, að vörurnar séu seldar á heppilegu verði. Það er þess vegna vissulega nægilegt verkefni fyrir stjórn síldarverksmiðjanna að vinna, ef hún annast nokkurn veginn sæmilega það verkefni, sem henni er falið, að ráðstafa upp undir helming alls verðmætis, sem landsmenn framleiða til útflutnings á hverju ári. Það er vitanlegt, að nú er verið að selja síldarolíu á 130—140 £ eða með öðrum orðum 3—4 þús. kr. smálestina. Og það er vitanlegt, að okkar síldarlýsisframleiðsla getur í sæmilegu ári farið upp í 50 þús. tonn af síldarlýsi, sem er á 3. þús. kr. tonnið, og ef það yrði svo mikið, yrðu það 150 millj. kr., sem hægt er að fá fyrir þessa vöru. Og þar að auki kemur svo síldarmjölið, sem stjórnin þarf einnig að ráðstafa, þannig að stjórn síldarverksmiðjanna á að sjá um sölu á verðmætum fyrir um 200 millj. kr. Og það virðist nú, að stjórn, sem hefur svona mikið og ábyrgðarmikið hlutverk með höndum, að reisa síldarverksmiðjur, fylgjast með möguleikum fyrir markaði fyrir afurðirnar og afla markaða og gera það alveg hlutlaust og hleypidómalaust, hafi nóg að gera. Það sýnist því lítið vit vera í því að ætla að íþyngja henni með því að koma upp sérstöku fyrirtæki og vinna það upp, þar sem sérstaka kunnáttu og áhuga þarf til þess að vinna slíkt fyrirtæki upp og ryðja þeim vörum braut á heimsmarkaðinum.

Ég er að vísu ekki nákunnugur því, hvað stjórn síldarverksmiðjanna hefur lagt á sig undanfarið til þess að afla markaða fyrir þær vörur, sem hún hefur með að gera, síldarlýsi og síldarmjöl, eða hvaða ráðstafanir hún hefur gert til þess að afla hæsts verðs fyrir þær vörur, en mér er nær að halda, að atorka hennar hafi ekki verið það mikil á því sviði, að það gefi ástæðu til þess að fara að fela henni sérstaklega að fara að taka að sér að koma upp nýjum fyrirtækjum, sem þurfa á því að halda, að unnið sé að af áhuga og fullum krafti að útvega markað fyrir.

Ég held þess vegna, ef það væri eitthvað erfitt að afla þeirra markaða, þá væri alveg sérstök ástæða til þess, að menn, sem maður getur verið öruggur um, að hafi virkilega áhuga fyrir málinu, sjái um slíkt. Mér er nær að halda, að meiri hlutinn í stjórn síldarverksmiðjanna gangi jafnvel fram hjá að hagnýta nógu vel möguleikana á því að selja síldarafurðir okkar, ef þau tilboð koma frá vissum löndum. Ég er hræddur um, að frekar sé tilhneiging hjá henni að hrinda frá sér mörkuðum, sem fyrir eru, heldur en að leggja sig í líma við að hagnýta þá.

Við verðum að gera okkur ljóst, að ef við ætlum að vinna upp íslenzka stóriðju á sviði fiskframleiðslunnar, þá þurfum við að berjast nokkuð fyrir því úti um heim. Það er áreiðanlegt, að það verður af aðilum úti um heim reynt að hindra það, að okkar vara komist inn á heimsmarkaðinn. Það þarf vafalaust að sækja fast á, og það er alveg hreint gefið mál, að okkar barátttu fyrir því að ryðja okkar vörum rúm á heimsmarkaðinum verður að vera framfylgt af trú á, að við getum sigrað í slíkri barátttu.

Ég man eftir því, strax og byrjað var að tala um niðursuðu, bæði síldar- og fiskniðursuðu í stórum stíl, þá skrifaði einn iðjuhöldur á Akranesi, sem hafði haft niðursuðuverksmiðju undanfarin ár, í Morgunblaðið, og sagði, að í raun og veru væri það fjarri lagi að fara að koma upp niðursuðuiðnaði hér, markaðurinn væri svo slæmur fyrir þær vörur, að í raun og veru væri þetta alveg fráleitt.

Ég vissi þess vegna um ýmsa menn, sem misstu alveg kjarkinn til að byrja með og hættu við slíkt. Landsbankinn var ekki fáanlegur til þess að lána til þessara fyrirtækja. En fyrir niðursuðu-

vörur og niðurlagningarvörur var haldið áfram að afla markaða, og að lokum hefur þetta farið svo, að hægt var að sýna fram á, að hægt er að selja íslenzkar niðursuðu- og niðurlagningarvörur út um allan heim og eftirspurnin eftir niðurlagningarvörum síldarinnar var í Ameríku svo mikil, að ekki var hægt að fullnægja henni. Landsbankinn, sem ekki vildi taka þennan lið framleiðslunnar inn á stofnlánadeildina, er farinn að vinna að því, að slíkar verksmiðjur komist upp.

Það er því breytt viðhorf til þessarar framleiðslu hér á landi. Og er búið að viðurkenna af þeim, sem vit hafa á þessum málum, að þarna sé í uppsiglingu ein af okkar þýðingarmestu greinum í síldar- og fiskiðnaði. Ég held þess vegna, að það þurfi að tryggja það, að unnið sé af fullum krafti að því að koma upp síldarniðursuðu- og síldarniðurlagningarverksmiðju ríkisins. Og ég held, að þetta sé ein af þýðingarmestu greinum okkar fiskiðnaðar og hún komi til með að gefa landinu einna öruggastan arð.

Umr. frestað.

Á 118. og 119. fundi í Nd., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 120. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Þegar frv. þetta kom hér til 2. umr., var frsm. minni hl. sjútvn., hv. þm. Siglf., ekki viðstaddur. Ég lýsti þá yfir, að ég mundi geyma mér mína framsögu fyrir meiri hl. n., þangað til hann hefði tækifæri til að vera viðstaddur, eða jafnvel til 3. umr. Þó hófust þá umr. um þetta mál og stóðu alllengi. En þar sem þær umr., sem fyrr við þessa 2. umr. voru um málið hafðar, voru frekar til þess að tefja málið en til að upplýsa það, leiði ég þær hjá mér.

Ég get að mestu látið nægja að vísa til þeirrar grg., sem fylgir þessu frv. frá hæstv. ríkisstj. og einnig til nál. Þar eru taldar upp þær ástæður, sem ríkisstj. telur sig hafa til þess að óska eftir því við sjútvn., að hún flytji þetta frv. En ástæðurnar eru einkum þær, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur haft undirbúning undir stofnun niðursuðuverksmiðju á Siglufirði með höndum um alllangt skeið og mun vera búin að koma þeim undirbúningi svo langt, að hún hefur sérstaklega styrkt kunnáttumann í þessu efni til náms erlendis og síðan haft þann kunnáttumann við starf á Siglufirði um tveggja ára skeið. Að öðru leyti er á það bent, að síldarverksmiðjur ríkisins höfðu haft þennan undirbúning með höndum og voru búnar að koma honum langt áleiðis, þegar núgildandi l. um niðursuðuverksmiðju á Siglufirði voru samþ. Þær hafa skrifstofu opna allan ársins hring á Siglufirði og hafa þar framkvæmdarstjóra. Einnig má geta þess, að þær hafa yfir miklu afli að ráða, bæði hitaorku og raforku, sem yfirleitt mætti nota mjög hagkvæmlega fyrir svona verksmiðju.

Meiri hl. sjútvn. telur öll rök hæstv. ríkisstj. fyrir þessu máli hníga á þá átt, að samþykkja beri þetta frv. óbreytt og að samþykkt þess muni geta orðið til þess bæði að koma þessu máli á heilbrigðan grundvöll, þannig að rekstur þessa fyrirtækis yrði ódýrari en ella yrði, og eins til hins, að reksturinn mundi geta orðið allmiklu tryggari þarna á ýmsan hátt, ef hægt væri að sameina starfskrafta síldarverksmiðja ríkisins við starfskrafta þá, sem þessi verksmiðja hefði yfir að ráða.

Menn héldu því fram sumir í upphafi 2. umr. um þetta mál, að ríkisstj. með því að óska eftir, að þetta frv. væri flutt, gerði sér vonir um að geta komið í veg fyrir, að þessi verksmiðja yrði reist. En ég hygg, að slíkar ásakanir séu algerlega rangar. Og það er alveg fjarri því, að verið sé að útiloka einn eða annan flokk frá aðstöðu til þess að hafa réttmæta hönd í bagga um stjórn þessa fyrirtækis, þar sem vitað er, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins er þingkjörin, kosin hér á hæstv. Alþ. með hlutfallskosningu, og þar sem líka vitað er, að einn af skeleggustu baráttumönnum Sósfl. á Siglufirði situr í stjórn síldarverksmiðja ríkisins. — Ég get að öðru leyti látið nægja að vísa til grg. og nál. og óska, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn., þá hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Fjórir nm., SK, FJ, PO og SkG, eru sammála um að mæla með samþykkt þess, en einn nm., ég, var frv. mótfallinn. Það er af ýmsum ástæðum, sem ég hef ekki enn skilað áliti um málið, sérstaklega af því, að ég hef ekki fengið skjöl, sem ég ætlaði að fá, sem ég tel, að upplýsi nokkuð þetta mál. En ég vænti þess, að það verði nú mjög bráðlega, sem það nál. getur komið fram. Og þó málið sé til 2. umr., þá er kannske ekkert um það að segja, þó að þetta nál. liggi ekki fyrir, vegna þess að vitað er, að ríkisstj. hefur gert samþykkt um þetta mál og því er ætlað fram að ganga, hvað svo sem líður öllum röksemdum. Það skiptir því kannske ekki svo miklu máli, þó að þetta nál. liggi ekki fyrir fyrr en við 3. umr. Samt sem áður ætla ég að ræða nú um ýmis atriði þessa máls.

Hv. frsm. meiri hl. sjútvn. (FJ) hefur verið nokkuð fáorður um þetta mál og fáorðari en ástæða er til, vegna þess að hér er um allmerkilegt mál að ræða. Hann vísaði í raun og veru eingöngu í þessum fáu orðum, sem hann sagði, til þeirra röksemda, sem fram komu í grg. fyrir frv. og til þeirra tiltölulega fáu orða, sem tekin eru fram í nál. hv. meiri hl. n. Ég vil nú fara nokkrum orðum um þau rök, sem þar eru fram færð fyrir þessu tiltæki að leggja niður sérstaka stjórn þessarar verksmiðju og leggja forráð fyrir henni undir stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Það er talið sem fyrstu rök fyrir þessu, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafi, áður en l. frá 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, voru sett, undirbúið stofnun niðursuðuverksmiðju á Siglufirði á þann hátt að styrkja íslenzkan námsmann til þess að nema fiskiðnað í Bandaríkjunum. Þessi maður er dr. Jakob Sigurðsson, sem hv. þm. á við, og hann hafði stundað nám þarna í mörg ár, áður en stjórn síldarverksmiðja ríkisins talaði við hann. En stjórn síldarverksmiðja ríkisins gerði, eða framkvæmdastjóri þeirra, ráðstafanir til þess, að þessi maður kynnti sér sérstaklega niðursuðu síldar, og mun hann hafa dvalið líklega um það bil ári lengur í Ameríku vegna þess, og hann gerði það til að kynna sér möguleika hér á Íslandi til að koma upp þessum iðnaði, þegar hann kæmi heim. Þarna er í grg. farið alveg rangt með. Og ég býst við, að

þetta líti nokkuð spánskt út fyrir þessum unga manni, að síldarverksmiðjur ríkisins hafi kostað hann til náms. En að námi loknu var hann að athuga þetta fyrir síldarverksmiðjur ríkisins og ferðast og kynna sér vinnuaðferðir og hráefni og tækni í sambandi við þetta í því skyni, að hann gerði frekari athuganir, þegar hann kæmi heim, um stofnun niðursuðuverksmiðju. Eftir að Jakob Sigurðsson kom hingað heim, gerði hann mjög fljótt till. um það, hvað gera skyldi í þessu efni. Hann lagði það til, að þá þegar réðust síldarverksmiðjur ríkisins í að byggja hér síldarniðursuðuverksmiðju. Og hann hafði í fórum sínum tilboð um fullkomnar niðursuðuvélar, sem hann hafði fengið á ferðum sínum í Ameríku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins. Hann rökstuddi þessar till. sínar með því, að það væri engin sérstök nauðsyn á því að rannsaka íslenzka hráefnið, vegna þess að íslenzka síldin væri fyrirtaks hráefni til niðursuðu og niðurlagningar, og þess vegna væri ekki ástæða til að gera tilraunir til að leiða í ljós neitt um það. En hann taldi, að þó að verksmiðjan keypti þá strax niðursuðuvélar og byrjaði starfsemi til undirbúnings, væri mjög auðvelt að vinna að því jöfnum höndum að framkvæma þessar rannsóknir. Mætti gera það af miklum krafti, bæði yfir síldarvertíðina og enn fremur yfir vetrarmánuðina, hvað snertir meðferð á saltaðri síld. En undirtektir stjórnar síldarverksmiðja ríkisins urðu honum ákaflega mikil vonbrigði, og fannst honum hann vera búinn að eyða tíma í Ameríku til lítils gagns, ef ekki ætti að ná fram að ganga, að meira yrði gert í þessu efni. Þegar hann lagði fram skýrslu sína til stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, var það hið eina, sem hann fékk, að formaður bað hann í öllum guðanna bænum að sjá til þess, að enginn maður sæi þessa áætlunargerð að svo komnu máli. Þetta þótti honum ákaflega einkennilega við brugðizt og fannst benda á, að ekki væri neinn sérstakur áhugi á ferð fyrir niðursuðu, og fékk þegar illan bifur á því, hvernig máli þessu yrði borgið í höndum stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, sem honum hafði fljótt á litið þótt eðlilegast, að tæki að sér þetta verk. Í fyrsta lagi er það, að engin stofnun í síldariðnaði okkar hefur eins miklu fé yfir að ráða eins og síldarverksmiðjur ríkisins, einnig mörg hús og fasta starfsmenn. Og mætti segja, að þótt reistar yrðu einhverjar verksmiðjur, væri það ekki svo mikill ábætir, að síldarverksmiðjur ríkisins gætu ekki bætt þessu á sig. Á þeim forsendum var dr. Jakob fylgjandi því á þessu stigi málsins að koma upp þessari niðursuðu. Ýtarlegar tilraunir hafa þegar verið gerðar í margs konar íslenzkum sjávarafurðum, og við eigum margar niðursuðuvélar til og frá, sem framleitt hafa margar tegundir vara. Öll þessi starfsemi hefur sannað, að íslenzk hráefni úr sjó eru ákaflega vel fallin til niðursuðu. Þannig taldi dr. Jakob ekki ástæðu til að gera frekari tilraunir um það, hvort íslenzkt fiskmeti og síld gæti orðið boðlegur niðursoðinn varningur. Hann telur það fullsannað og ekkert til fyrirstöðu, ef hægt er að framkvæma niðursuðuna svo ódýrt, að vörurnar séu samkeppnishæfar á erlendum markaði. Það taldi hann þýðingarmest að staðreyna. En slíkt er ekki hægt, nema keyptar séu fullkomnar vélar. Það kom á daginn, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafði ekki áhuga fyrir því, eins og sakir stóðu. Hef ég ekki orðið var við breytingu til batnaðar í því efni, heldur eru menn enn að hugsa um þetta sem smátilraunaverksmiðjur, þar sem einn til tveir menn fikta við þetta á hverju sumri, svo að hægt sé að taka upp dálítið fallegan póst í ársskýrsluna, sem bendi á forustu stjórnar verksmiðja ríkisins í þessu máli. En með því að sá tími er kominn, að slíkar tilraunir eiga að vera liðin saga, vildi dr. Jakob fá breytingu fram, þannig að komið yrði upp stórfelldum iðnaði. Hann útvegaði tilboð í þessar vélar, lagði það ásamt ýtarlegri grg. fyrir stjórn síldarverksmiðjanna. En hann talaði fyrir daufum eyrum.

Þá segir í grg., að þessi maður hafi verið á launum hjá síldarverksmiðjum ríkisins um nokkurra mánaða skeið til þess að kynna sér niðursuðu frekar og síðan hafi hann verið sumarið 1945 og 1946 yfir niðursuðunni á Siglufirði fyrir síldarverksmiðjur ríkisins. Þetta er rétt, og bæði þessi sumur voru soðin niður eitthvað 2—3 tonn af síld, aðallega í tómatsósu, og ýmislegt annað. Gafst þetta vel bæði sumurin. Þessar tilraunir fóru fram í mjög lélegum kofa með rimlagólfi, og lagði upp dauninn úr fjörunni fyrir neðan. Vélar voru mjög ófullkomnar til þess að loka dósunum og sjóða á eftir. Þarna voru 2—3 menn látnir vinna til aðstoðar doktornum. Staður þessi, sem honum var úthlutað, var þannig fullkomlega ósæmilegur til matvælameðferðar. Dr. Jakob kvartaði við stjórn verksmiðjanna og taldi staðinn óhæfilegan til þessa starfs, þar sem varla væri líft fyrir ódaun úr fjörunni, og enn fremur væri varla hægt að leggja neitt frá sér í þessum ómerkilega skúr, sem var notaður fyrir alls konar rusl. Aðbúnaðurinn var svo óhæfilegur, að réttast hefði verið fyrir stjórn síldarverksmiðjanna að minnast sem minnst á sína hluttöku í þessum tilraunum. Hins vegar báru þær þann árangur, að full ástæða var jafnvel fyrir þá, sem bölsýnastir voru, þegar dr. Jakob kom fyrst, að vilja snúa sér að meiri háttar framkvæmdum. Niðurstaðan fyrsta árið sýndi, að fullkomin skilyrði voru fyrir því að hagnýta þessi matvæli á þennan hátt. En í stað þess að vilja þá eftir fyrsta árið leggja út í framkvæmdir, ákvað síldarverksmiðjustjórnin að halda áfram tilraunum með sama hætti sumarið eftir, en ræðst ekki í að afla þessara véla, sem dr. Jakob útvegaði tilboð um. Og þegar svo var komið, komst málið á þann rekspöl, að það var tekið út úr höndum síldarverksmiðja ríkisins, og mun ég koma nánar að gangi þessara atvika. En ég tel mjög vafasamt, að slíkt starf sé falið síldarverksmiðjum ríkisins. Hér er verið að ráðast inn á nýtt svið í okkar síldariðnaði, og verðum við að gera okkur ljóst, hversu miklu skiptir, að vel takist. Er skaðlegt, að smávægileg sjónarmið skuli standa í vegi, eins og hvort borga þurfi sérstakri stjórnarnefnd, sem ráðh. hefur í hendi sér á hverjum tíma að ákveða. Ef ekki næst sami árangur með því að spara sér þessi útgjöld, er illa farið. Þegar ráðizt var í síldarniðursuðuverksmiðju á Siglufirði, var það fyrsta skrefið til rannsóknar á möguleikum þess að koma upp stórfelldri niðursuðu á okkar síld. Það er byggt á þeirri reynslu, sem fengin er á Kyrrahafsströndinni, en þar er niðursuða síldar orðinn stærsti þáttur í niðursuðuiðnaði Bandaríkjanna. Eftir þetta fyrsta skref okkar ættu að fylgja stórfelldar framkvæmdir. Við höfum það fram yfir þá á Kyrrahafsströndinni, að okkar síld er einnig vel fallin til söltunar. Við get-

um rekið okkar niðursuðuverksmiðjur á fjölbreyttan hátt, framleitt alls konar kryddsíld, matéssíld og sykursaltaða síld og verkaða í alls konar sósum — eins og Svíar hafa gert með geysilegum hagnaði til útflutnings. Þannig var meiningin að koma upp stórfelldri niðurlagningarverksmiðju með nýjustu tækjum, svo að við gætum orðið samkeppnisfærir með þær vörur, enda þótt lífskjör almennings á Íslandi séu nokkru hærri en hjá öðrum fiskveiðaþjóðum. Reynslan hefur sýnt, að eftir því sem við vinnum okkar vörur meir og göngum betur frá þeim til neytenda, svo að við þurfum ekki að hlíta milliliðum — því að þeir taka meginlð af arðinum —, þá hefur okkur gengið betur í samkeppninni við önnur ríki. Þegar við flytjum út saltfisk eða ísaðan fisk og hertan fisk, höfum við átt erfiðast með samkeppnina við útlönd. En með hraðfrystan fisk og niðursoðinn höfum við staðið miklu betur að vígi á markaðinum, jafnvel þó að engar niðursuðuverksmiðjur séu til í landinu í þeim skilningi, sem stórþjóðirnar leggja í það orð. Þær eru einungis tilraunaverksmiðjur, byggðar af geysilegum vanefnum og ekki reknar af mönnum, sem hafa trú á, að þetta geti orðið stórfelldur iðnaður, og þora því ekki að ná í stórtækar vélar, óttast, að við getum ekki selt framleiðsluna. En hefði verið hafizt handa, þegar dr. Jakob kom með sín tilboð, hefði verksmiðjan getað orðið tilbúin á s. l. hausti til að starfa að niðurlagningu síldar og áreiðanlega fyrir vertíð 1947 til þess að vinna að niðursuðu fisks og síldar. Hefði þá verið hægt að fá úr því skorið á árinu 1947 og 1948 og kannske 1949, hvort hér væri um framtíðaratvinnurekstur að ræða, og þá jafnframt að gera ráðstafanir til að koma upp slíkum iðnaði í viðeigandi stíl. Það er beðið eftir úrslitum um þessar tilraunir með geysilegri óþreyju á öllum þeim stöðum norðanlands, þar sem hægt er að sjóða niður síld. Það var því full ástæða til að stytta sem mest þann tíma, sem færi í það eitt að gera smávægilegar tilraunir með þessi hráefni. Þessar tilraunir eru nú orðnar tiltölulega lítils virði. En stjórn síldarverksmiðjanna hefur ekki viljað sinna málinu frekar árum saman.

Önnur rök fyrir forgöngu síldarverksmiðja ríkisins í þessu máli en þau, að þær hefðu nokkurt „kapital" yfir að ráða og þurfi því ekki að fá lán til að koma upp slíkri verksmiðju, voru í rauninni ekki fyrir hendi. Hins vegar hefur þetta breytzt á síðustu tveimur árum, svo að síldarverksmiðjur ríkisins eru búnar að binda allan ágóða frá fyrri árum í rekstri sínum vegna þeirra tveggja síldarleysisára, sem afstaðin eru. Þar með eru allar röksemdir fyrir því, að þessar verksmiðjur séu reistar af síldarverksmiðjum ríkisins, fallnar algerlega niður. Það verksvið að reisa niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur er gersamlega óskylt öllum störfum síldarverksmiðja ríkisins. Ef horfið væri að því ráði að hafa ekki sérstaka stjórn þessarar niðursuðuverksmiðju, held ég það hefði verið miklu hyggilegra að leggja þetta starfssvið undir síldarútvegsnefnd, því að hún á að hafa yfirstjórn á þeirri meðferð síldar, sem framleidd er til neyzlu. Síldarverksmiðjurnar eru aðeins til að bræða síld og framleiða mjöl og síldarlýsi sem hráefni til hvers konar fituvöru. Það finnst ekkert sameiginlegt atriði með þessum tvenns konar rekstri. Af þessu leiðir, að síldarverksmiðjur ríkisins hafa ekki einn einasta mann, sem hefur hina allra minnstu þekkingu hvorki á síldarsöltun né síldarniðursuðu. En síldarútvegsnefnd hefur hins vegar menn, sem hafa þekkingu á meðferð og verkun saltsíldar og mundu þess vegna hafa þýðingarmikla undirstöðuþekkingu á að stjórna fyrirtæki til að leggja niður síld. Þetta sannar fullvel, að það er algerður misskilningur að leggja þessa starfsemi undir stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Ég hef áður lýst, hve áhuginn þar er takmarkaður fyrir þessu máli. Það bíða nú margar hafnir á Norðurlandi eftir því að geta hafið framleiðslu á niðurlagningu síldar, og er undarlegt, að síldarverksmiðjurnar skuli vilja einar bauka við þetta. Ég veit, að ekkert verður frekar framkvæmt, fyrr en fallið verður sérstakri stjórnarnefnd að fara með þessi mál, sem komi upp slíkum verksmiðjum.

Þá er bent á í grg., að fyrir liggi upplýsingar um það, að íslenzkar niðursuðuvörur eigi í mjög óhagstæðri samkeppni um verð við niðursuðuvörur annarra þjóða. Ég vil nú segja, að þetta sé sagt alveg út í bláinn. Það liggja ekki fyrir upplýsingar um þetta. Við getum ekki um þetta sagt, fyrr en við sendum á markaðinn jafngóðar niðursuðuvörur og þær, sem eru í okkar samkeppnisliöndum. Það fást engin úrslit, meðan við erum aðeins með allra úreltustu og „primitivustu" vélar, vantar flutningatæki milli vélanna, svo að allt verður eintómur burður fram og til baka, og kannske er verið helminginn af deginum með þessa vöru og hina tegundina hinn helminginn, eða jafnvel 3—4 tegundir sama daginn, og skipta þarf um valsa og þvo vélarnar og raða starfsmönnum á ný. Það er ekki furða, að framleiðsla með slíkum vinnubrögðum verði ekki samkeppnisfær. Íslenzk niðursuða er ekki komin á laggirnar enn þá, við erum þar fullkomlega að ráfa í myrkri. En með því að koma upp verksmiðju með stórum nýtízku vélum getum við sannað, hvernig afstaða okkar er gagnvart öðrum þjóðum á markaðnum, og það er mjög nauðsynlegt.

Um stjórn þessarar verksmiðju má segja þetta. Formaður verður dr. Jakob Sigurðsson, sem ég býst við, að menn verði sammála um, að eins og sakir standa sé sjálfsagt, að sé einnig framkvæmdastjóri. Segir sig sjálft, að hann mun því aðeins taka starfið að sér, að hann starfi þar alfarið. En þá mundi honum ekki detta í hug að taka laun fyrir sín formennskustörf í stjórninni. Þá eru laun hinna tveggja í stjórninni. Meðan verksmiðjan er ekki komin í gang, er ástæðulaust að launa þá — í hæsta lagi að veita þeim óverulega þóknun fyrir fyrirhöfn þeirra eftir því, hvað störfin yrðu mikil, og það hefur ráðh. aðstöðu til að kynna sér. Þetta mundi svara 2—4 þús. í hæsta lagi. Og að nefna þetta sem rök fyrir því, að niðursuðuverksmiðjan geti ekki orðið samkeppnisfær við niðursuðuverksmiðjur erlendis, er vitanlega svo hlægilegt, að furðulegt er, að slíkt skuli koma fram í grg. með frv., sem kemur frá stjórninni.

Ég hefði talið eðlilegt, ef það væri sparnaðarröksemdin, sem er ástæðan fyrir því, að út í þessa breyt. á fyrirkomulagi á stjórn síldarverksmiðjanna er farið, að þetta væri gert upp með tölum, hvað sparast og hvernig breyt. þessi afstaða hefur í för með sér gagnvart öðrum þjóðum. Ég get sagt hv. þm. það, að aðstaða okkar í niðursuðu gagnvart erlendum þjóðum er svo óhagstæð, að það eru

meira en nokkur þúsund kr., sem eiga að skiptast niður á 700,000 dósa, það þarf að lækka um tugi aura hverja dós til þess að hafa sæmilega aðstöðu. Þó að allir starfsmenn niðursuðuverksmiðjanna störfuðu kauplaust og jafnvel þó að hráefnið væri gefið, þá værum við samt ekki samkeppnisfærir, — það er svo fáránlegt, hvernig þessi iðnaður er útbúinn hér á landi, enda eru niðursuðuverksmiðjur reknar fyrir innlendan markað og hafa getað hagnazt vel á því, að það hefur verið mikil dýrtíð í landinu og miklir peningar milli handa hjá mönnum, og hafa menn því gert meira að því að kaupa sér þessar síldarvörur til matar. Verksmiðjurnar hafa beinlínis verið miðaðar við þetta og hafa þess vegna fengizt til að gera framleiðsluna ódýrari og eru þess vegna ekki farnar að framleiða fyrir erlendan markað, sem neinu nemur.

Ég hef ekki heyrt það nefnt, og hv. form. meiri hl. gætti þess vandlega að ganga fram hjá því atriði, að einn einasti starfsmaður síldarverksmiðjanna gæti jafnhliða þessu starfi annazt störf í þessari niðursuðuverksmiðju. Í fyrsta lagi hafa síldarverksmiðjurnar engan starfsmann með sérþekkingu, hvorki um hráefni til niðursuðu né heldur um vinnuaðferðir, hvort sem er til niðursuðu eða til niðurlagningar. Þar að auki liggur það í augum uppi, að síldarverksmiðjur ríkisins eru allra fyrirtækja sízt til þess fallnar að reka þessa verksmiðju, vegna þess að síldarniðursuðuverksmiðjan verður rekin yfir sumartímann og þá verða síldarverksmiðjurnar ekki aðeins að hagnýta alla sína starfsmenn, heldur líka að bæta við sig hátt á annað hundrað starfsmönnum, og er þess vegna ekki hægt að bæta neinum aukastörfum á starfsmenn verksmiðjanna. Verksmiðjurnar reyna að hafa eins fáa fasta starfsmenn og þær geta, vegna þess að þær vita það vel, að lengi af árinu verða þessir menn að ganga iðjulausir, en þetta gerir það líka sérstaklega skiljanlegt, að þær geta ekki bætt neinu á sína föstu starfsmenn fram yfir það að hugsa um rekstur síldarverksmiðjanna sjálfra. Það hefur verið bent á það, að síldarverksmiðjurnar hafi ráðið sér vélaverkfræðing og hann muni geta verið til aðstoðar við þessa verksmiðju. Hann hefur ekki kynnt sér niðursuðuverksmiðjur, en hins vegar lagt sig sérstaklega eftir síldarverksmiðjum, og gæti hann án efa gefið góð ráð, en hann gæti engan veginn fráskákað sér yfir síldveiðitímann frá síldarverksmiðjunum. Það eru þess vegna ekki til nein rök fyrir því, að síldarverksmiðjur ríkisins taki þessa niðursuðuverksmiðju að sér í því skyni, að þarna verði hrint af stað nýrri atvinnugrein til þess að bæta aðstöðu okkar, hvað atvinnu snertir, og til þess að fullnægja okkar afurðum. Það er sagt hér, að síldarverksmiðjur ríkisins hafi opna skrifstofu á Siglufirði allt árið, þær hafi tvo framkvæmdastjóra, vélaverkfræðing o. s. frv. Öll þessi rök er fásinna. Það kann vel að vera, að það sé ekki ástæða til þess að hafa sérstaka skrifstofu fyrir þessa niðursuðuverksmiðju. En það er ekkert einfaldara en að fela ráðh. að uppáleggja þessari síldarniðursuðuverksmiðjustjórn að hafa ekki sérstaka skrifstofu, en láta aðra skrifstofu annast reikningshaldið. Ég er hins vegar sannfærður um, að síldarverksmiðjur ríkisins muni ekki anna því og ekki kæra sig um að fá slíka viðbót yfir síldveiðitímann, því að þá er allt í svo fullum gangi hjá síldarverksmiðjunum, að þær hafa engan mann aflögu til nokkurrar starfsemi. Að það eigi að vera til þess að létta undir og spara útgjöld að fá síldarverksmiðjunum þetta í hendur, er því algerlega út í bláinn — síldarverksmiðjurnar geta þetta ekki.

Þegar þannig stendur með öll þau rök, sem fram hafa verið borin fyrir þessu máli, þá verð ég að spyrja: Hvernig stendur á því, að þetta mál er fram borið — hver er ástæðan fyrir því?

Ég mun þess vegna, áður en ég lýk ræðu minni, bera fram sérstaka fyrirspurn til hæstv. fjmrh. í þessu sambandi. Af því að frv. er fram borið á þessu þingi, þá gefur það til kynna, að þarna sé allt annað, sem fyrir ríkisstj. vakir, en þær röksemdir, sem bornar eru fram í frv., segja til um, og ég sé ekki, að það geti verið annað en það, að ríkisstj. ætli sér að stöðva þetta mál og láta reka á reiðanum, hvort þessari niðursuðuverksmiðju verður komið upp eða ekki. Ég sé ekki, að það séu til önnur rök. Mun ég leggja fram beina fyrirspurn til hæstv. ráðh., áður en ég lýk þessu máli. Maður skyldi halda, að síldarverksmiðjur ríkisins hefðu ákaflega mikla þörf fyrir aukin verkefni, þær vantaði eitthvað að fást við. En þegar á það er litið, kemur í ljós, að það er eitthvað annað en að síldarverksmiðjurnar þurfi á nýjum verkefnum að halda. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa verið reknar ákaflega mikið í sama stíl frá upphafi. Þær hafa verið hyggilega reknar, en hin tæknilega þróun hefur verið ófullkomin. Og það er einkennandi, að allar framfarir í vinnslu síldar eru fyrst teknar upp af öðrum aðilum en síldarverksmiðjum ríkisins. Það má t. d. nefna, að Hjalteyrarverksmiðjan hefur tekið upp marga nýbreytni, svo sem ýmiss konar tæki, sem ríkisstj. hefur ekki haft áhuga fyrir, fyrr en þau eru sett upp nú í sambandi við nýju verksmiðjuna. Þá hefur hún einnig alltaf keypt vinnslukvörn blindandi erlendis frá, þótt komið hafi á daginn, að þær eru miðaðar við allt öðruvísi síld en íslenzku síldina. Pressurnar hafa verið þannig, að ekki er hægt að hafa nema tvenns konar hraða á þeim, og hafa þær stundum ekki „funkerað“ fyrir það, að ekki hefur verið hægt að breyta hraðanum. Nú er farið að smíða pressurnar innanlands, og það hefur þau áhrif, að nú er hægt að hafa hvaða hraða, sem er, á þeim. Þetta veldur tímamótum í okkar síldariðnaði. En það voru ekki síldarverksmiðjur ríkisins, sem tóku þetta upp, heldur Rauðka.

Á hverju sumri hefur runnið í sjóinn í Siglufirði dýrmætt efni, sem er mörg hundruð millj. kr. virði. Það er talið, að ef allt það efni, sem runnið hefur þar í sjóinn frá síldarverksmiðjunum, hefði verið hagnýtt, þá hefði ekki þurft að selja neitt síldarmjöl innanlands, vegna þess að þarna er fundið efni, sem er líklega betra en síldarmjölið til skepnufóðurs. Það eru nú 6—7 ár síðan Þórður Þorbjarnarson benti síldarverksmiðjunum á, að það þyrfti að fara að vinna þetta efni, en síldarverksmiðjurnar hafa ekki fengizt til að gera tilraunir með þetta. Hjalteyrarverksmiðjan og Rauðka eru nú byrjaðar að hagnýta þennan úrgang, og þá hrekkur stjórn síldarverksmiðjanna við. Þá er það annað svið, sem síldarverksmiðjurnar hafa vanrækt, það er lýsisherzlan. Það er enginn vafi á því, að lýsisherzla er svo mikill atvinnuvegur fyrir Íslendinga, að það mundi gerbreyta allri þróun atvinnuveganna, ef við gætum tekið

upp lýsisherzlu. Í staðinn fyrir að flytja síldarlýsið út óunnið, mundum við geta framleitt úr því vöru til útflutnings, svo sem: smjörlíki, sósur alls konar, ísrjóma og hvað eina. Megnið af ísrjóma erlendis er framleitt úr síldarlýsi. Og það liggur fyrir frá danskri verksmiðju tilboð um að útbúa rjóma úr síldarlýsi, sem hefur alla eiginleika sæmilegs rjóma. Möguleikarnir eru ótæmandi. Og ef farið er inn á þessi svið, þyrfti þarna ekki einn fagmann, heldur tugi fagmanna.

Ég vil svo að lokum, af því ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn í d., leggja þá fyrirspurn fyrir hann, hvort það sé meining ríkisstj., að ráðizt verði í byggingu niðursuðuverksmiðjunnar sem fyrst, eða hvort það ber að skilja framlenging þessa frv. svo, að það eigi að halda áfram smávægilegum tilraunum á Siglufirði, en ekki eigi að ráðast í hina stórvirku verksmiðju. Þegar ég lét af störfum sem ráðh., lágu fyrir tilboð frá Ameríku um, að það væri hægt að fá vörur í slíka verksmiðju með þriggja mánaða afhendingarfresti. Þetta gerbreytir viðhorfinu. Það var einmitt þetta tilboð, sem Jakob Sigurðsson aflaði, þegar hann var í Ameríku. Ég vildi beina þessari fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort það er meining ríkisstj., að ráðizt verði í þetta nú, eða hvort á að fresta því áfram.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Út af fyrirspurn hv. þm. Siglf. vil ég taka það fram, að þetta frv. um yfirstjórn niðursuðuverksmiðjunnar er blátt áfram komið fram til þess að gera einfaldari aðstöðu við þessa framkvæmd, og að því leyti er þetta frv. hliðstætt frv. um tunnusmíði. Núverandi stjórn lítur svo á, að eins og síldarútvegsnefnd er langbezt til þess hæf að sjá um tunnusmíði, þar sem hún hefur haft það hlutverk undanfarin ár að sjá fyrir tunnuútvegun, þannig sé það vel fært, að yfirstjórn niðursuðunnar sé hjá stjórn ríkisverksmiðjanna, það þarf ekkert að reka sig á. Það virðist vaka fyrir hv. þm. Siglf. að rubba upp sem flestum stjórnum, en vanrækja að afla fjár til þessara hluta. Hann hefur sent menn af stað til að útvega vélar, og þeir hafa fest kaup á þeim. Þetta á við herzluverksmiðjuna og þetta á að sumu leyti við með tunnuverksmiðjuna. Nú segir hann, að það hafi komið tilboð um niðursuðuvélar, sem sennilega hafa verið pantaðar af hans útsendurum. Þetta er allt gott og blessað. En mig langar til að beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Siglf., hvers vegna hann í einu og öllu á öllum stöðum hefur gengið frá því að sjá fyrir fjárhagshlið þessara mála. Það lá fyrir lánsheimild frá Alþ., en ekkert var um það hugsað að taka lán í þessar verksmiðjur, sem hv. þm. básúnar svo út og hefur nú gert tilraun til að slá sér sjálfum upp á persónulega. En það vantaði alltaf þarna grundvöll, sem Alþ. ætlaðist til, að væri fyrir þessum verkum, og hv. þm. hefur alltaf vanrækt að byggja upp þennan grundvöll. Núverandi stjórn tekur svo við þessu öllu morandi í hálfu kafi. Það er búið að kaupa lóðir á Siglufirði og panta vörur út í heimi og náttúrlega búið að stofna til stjórna á mörgum stöðum, sem allar eru á launum, en fyrir hinu er ekki séð, að hægt sé að framkvæma hlutina, ekki á þann veg, sem þingið ætlaðist til. Þegar svo núv. stjórn tekur við þessum verkum, þá er þetta í þessu ástandi, að stofnað er til skulda, en hvergi séð fyrir fé til að greiða þær skuldir. Nú veit hv. þm., að það er allt annað að útvega fé til þessara hluta nú en var fyrir einu ári. Það er óhætt að segja, að þessar höfuðvanrækslur hv. þm Siglf. í þessum málum, meðan hann hafði aðstöðu til þess að beita sér fyrir þeim, — þessar vanrækslur hafa vissulega ekki þokað málunum áfram, heldur tafið fyrir þeim. Það, hvernig hann skildi við þetta, torveldar nú stjórninni framkvæmdir, sem hún þarf að hafa og vill hafa með höndum. Af því að hv. þm. Siglf. beindi þeirri fyrirspurn til ríkisstj., hvort hún ætlaði sér að halda áfram með niðursuðuverksmiðjuna, byggja hana eða ekki, þá skal ég svara því einu til, að það fer að nokkru leyti eftir því, hvernig þeirri stjórn, sem nú situr, lukkast að fá fé til þessara hluta. Í öðru lagi vil ég taka það fram, að ég lít ekki á Jakob Sigurðsson sem þann eina og ekta framkvæmdamann í þessum málum, eins og þm. Siglf. virðist hafa gert. Ég veit að hann hefur gert marga myndarlega hluti norður á Siglufirði, en ég veit líka, að hann hefur notið aðstoðar manna, sem hafa miklu meiri reynslu en hann verklega í þessum málum. Og það, sem gert hefur verið á Siglufirði, má mest þakka ekki-doktorum, mönnum, sem dvalizt hafa erlendis og aflað sér dýrmætrar reynslu í þessum efnum. En hv. þm. Siglf. sér ekkert nema þennan doktor, sem er að vísu góður, en ekki þó sá aleini maður, sem nokkurt mark er á takandi. Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu dr. Jakobs Sigurðssonar, og ég efast ekki um, að þar sé rétt að orði komizt á margan hátt frá bókfræðilegu sjónarmiði. En hv. þm. Siglf. varast að taka hæfilegt tillit til nokkurra annarra en hinna bóklærðu, hann tekur ekkert tillit til manna með margra ára reynslu að baki, ef þá vantar lærdómsstimpilinn. Einn þessara manna, sem fór út að læra niðursuðu, hefur skrifað mér, og ég veit því frá fyrstu hendi, að það er margt til í þessu máli, bæði á himni og jörðu, ef svo mætti segja, sem hvorki hv. þm. Siglf. né doktorana dreymir um.

Ég hygg, að ekki verði á móti því mælt, að ég hafi sjálfur sýnt hug á því að koma þessum málum áfram. Ég átti frumkvæði að því innan Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, að niðursuðuverksmiðja SÍF var stofnuð, og henni var ætlað að verða til uppörvunar og hvatningar til að ryðja brautina í þessum efnum. Síðan hafa risið upp myndarleg fyrirtæki í landinu af þessu tagi, t. d. niðursuðuverksmiðja Haralds Böðvarssonar á Akranesi og önnur á Bíldudal. Hv. þm. Siglf. skal því bara ekki ímynda sér, að það hafi fyrst verið, er hann og dr. Jakob Sigurðsson hittust, að menn fóru að opna augun fyrir því hér að sjóða niður fiskæti.

Þetta frv., ef samþ. verður, breytir ekki öðru en því, að hin sérstaka stjórn verksmiðjunnar, er hv. þm. skipaði í sinni ráðherratíð, á að hverfa, en fyrirtækið á að komast inn undir valdsvið síldarverksmiðjustjórnarinnar í heild. Út af þessu gerir hann hið mesta veður og heldur hér langa ræðu á við og dreif til að tefja fyrir þessari litlu breytingu. En þetta, að skipta um stjórn fyrirtæksins, tefur sízt fyrir framkvæmdum. Síldarverksmiðjustjórnin er svo sem ekki fjarhuga þessum efnum, það er nú fjarri því. Hér er aðeins verið að gera málið einfaldara og ódýrara í framkvæmd.

Ég vil svo enda ræðu mína á því að benda hv. þm. Siglf. á það, sem hann hefur sjálfsagt lítið

kynnt sér, að flest niðursuðufyrirtæki hafa byrjað starfsemi sína í smáum stíl og unnið sig upp. Þetta hef ég kynnt mér sérstaklega í Svíaríki, en hv. þm. stílar allt upp á sem allra stærst, og eru þetta tvö ólík sjónarmið. En ég vil benda honum á, að kostirnir við það stóra geta horfið og orðið að ókostum, ef við iðnaðinn fást miðlungi hæfir fagmenn og fjárhagshliðinni er ekki borgið. Því að þar sem svo er í pottinn búið, er hætt við, að framleiðslan verði ekki útgengileg á erlendum markaði, og hrakföllin verða þá óumflýjanlega því meiri, því stærra sem af stað er farið. Fikri menn sig hins vegar áfram með öruggum vörum og standi á föstum fótum með því að tryggja markað fyrir þær vörur erlendis, þá er betur unnið en þótt stórt sé brotið, en fyrirhyggjan minni. Mér er kunnugt um, að niðursuðuverksmiðja SÍF starfaði lengi við örðug skilyrði. Nú er hún betur á vegi stödd með að koma framleiðslunni frá sér, en þó ekki eins og ákjósanlegast væri. Þetta bendir á, að ekki sé hægt að hlaupa inn í þennan iðnað á handahlaupum. Það verður að hafa alla fyrirhyggju með, en ekki eingöngu fína doktora og mikið maskinerí. Svíarnir sögðu mér, að þennan iðnað þyrfti að byggja upp með aðgætni og forsjálni.

Hv. þm. Siglf. þarf ekkert að vera hræddur um það, að þetta frv. verði til að torvelda framkvæmdir í málinu. Það dettur engum í hug að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafi sérstaka fagþekkingu á þessu sviði, en það höfðu þeir ekki heldur, er hann lét stjórna. Dr. Jakob getur verið ágætur í sinni grein, án þess að þar með sé ástæða til að gleypa allt ómelt, sem hann og aðrir slíkir segja, og gera því í öllu hærra undir höfði en áliti þeirra, sem reynsluna hafa, en álit þeirra, held ég, að hafi verið sett nokkuð í skuggann á undanförnum árum.

Umr. frestað.

Á 121. og 122. fundi í Nd., 5. og 6. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 123. fundi í Nd., 7. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil segja hér nokkuð um það, sem sérstaklega stendur í sambandi við það spursmál, hvort ríkið hefði nægilegt fé til þessara framkvæmda, en nauðsynlegt er að gera sér ljóst, hvort þjóðin hefur efni á þessu. Þessi gamla mótbára, sem kom fram hjá hæstv. atvmrh., á sjaldan rétt á sér og þá allra síst, þegar þjóðfélagið sjálft er að taka undir sig, hvernig fjármagninu skuli varið. Hitt er aftur nauðsynlegt að leysa það fé, sem til er, láta það renna í þætti atvinnulífsins. Og hvað þurfum við svo til að byggja síldarniðursuðuverksmiðju? Við þurfum erlendan gjaldeyri og innlent vinnuafl, og peningarnir eru aðeins ávísun á þessa hluti. En ef við höfum peninga, nóga seðla, en ekki erlendan gjaldeyri, verkamenn né efni, þá eru þessir peningar einskis virði fyrir okkur eins og ávísun, sem ekkert er til fyrir. Við verðum því að aðgæta, að þó að nóg fé sé til, þá þarf það ekki að vera trygging fyrir því, að hægt sé að framkvæma hlutina. En jafnvel þótt seðlar séu ekki til, en ef hitt þrennt er fyrir hendi, erlendur gjaldeyrir, vinnuafl og innlent efni, þá er það það, sem þjóðin þarf með til þess að geta haldið uppi framkvæmdum, og ef þessir þrír hlutir eru til, er aumingjaskap og óstjórn um að kenna, ef við getum ekki tengt þessa þætti saman og framkvæmt hina ákveðnu hluti. En þegar hæstv. fjmrh. kemur með þá mótbáru, að ekki sé fé til, þá verður hann að sanna, að það skorti innlent vinnuafl eða gjaldeyri eða eitthvað annað eigi að ganga fyrir. Annars er mótbáran féleysi almennt röng og notuð sem afsökun, og í þjóðfélagi með áætlunarbúskap er bábilja að halda fram, að engir peningar séu til. Spurningin er því í því fólgin, hvort síldarniðursuðuverksmiðjan og þess háttar á að ganga fyrir öðrum framkvæmdum. Undanfarið hefur verið talað um, að við þyrftum að geta unnið úr afurðum okkar, og er það hið dýrmætasta fyrir okkur. Meðan við vorum nýlenda, framleiddum við hráefni og seldum þau litlu verði, t. d. framleiddum við kryddsíld og seldum hana Svíum, en þeir unnu svo úr henni og fengu margfalt verð fyrir hana. Nú hafa undanfarið verið gerðar tilraunir með síldarniðurlagningu hér, og hefur alltaf sýnt sig, að markaður er nógur fyrir slíka framleiðslu, og höfum við ekki getað fullnægt eftirspurninni. Eins gæti hafizt hér stórrekstur við gaffalbitaframleiðslu. Það, sem ríður á, er að geta fullnægt eftirspurninni, því að þeir, sem kaupa vöruna, hætta því, ef ekki er hægt að fullnægja eftirspurn þeirra, og er því um að gera að margfalda framleiðsluna.

Það sama má segja um lýsisherzluna, því að, ef við getum hert síldarlýsið og sent það þannig út, þá verður það margfalt dýrmætara en það annars er á normal tímum. Lýsisherzlan er því eitt stærsta efnahagslega sjálfstæðismál okkar. Það mál var undirbúið af fyrrv. ríkisstj. og nýbyggingaráði, og nær ekki nokkurri átt að stöðva það og sízt með þeirri átyllu, að ekki sé fé til. Við höfum gjaldeyri frátekinn í þessu augnamiði, og einnig er til nóg vinnuafl, og þá er bara spursmálið að fá fé til að hagnýta gjaldeyrinn og vinnuaflið. Í stjórnarsáttmála nýsköpunarstjórnarinnar var svo ráð fyrir gert, að ef ekki fengist fé eftir venjulegum leiðum, þá var gert ráð fyrir skyldulánum, og hljóta síldarniðursuðuverksmiðja og lýsisherzluverksmiðja að verða með því fyrsta, sem komið er á fót. Ef ríkið hefur ekki nægilegt fjármagn, þá er opin leið að leggja á skyldulán. Hins vegar er það aðeins átylla, að bankarnir hafi ekki nóg fé til að byggja þessar verksmiðjur. Erlendur gjaldeyrir mun vera um helmingur kostnaðarins, og er minnst á munum að skylda bankana til að lána ríkinu þennan gjaldeyri, þess vegna er óþarfi að tala um fjárskort í þessu tilfelli. En þetta þarf til þess að gera okkur fært að standa undir hærri lífs„standard". Þjóðir, sem framleiða hráefni, lifa alltaf við bág kjör, en þær, sem vinna úr hráefnunum og koma sér upp einhverri iðju, hafa góða afkomu. Þess vegna er það stór fjárhagsleg villa, ef draga á úr eða stöðva þessi stóriðjufyrirtæki, því að það, sem hér er um að ræða, er efnahagslegt sjálfstæði okkar. Þetta er almennt viðurkennt, og er út í hött að tala um, að hér skorti fé, þegar ekki einu sinni enn þá er farið að brydda á eignakönnuninni, sem þó ætti að geta gefið nokkurt fé í aðra hönd.

Þetta var það, sem ég vildi aðallega segja um afstöðu stjórnarinnar til þessara mála, og það þarf að koma skýrt fram, hver tilgangur hennar er með þessar verksmiðjur, hvort eigi að fresta

framkvæmdum eða ráðast í að byggja þessar verksmiðjur, þrátt fyrir ýmsa erfiðleika.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég vildi segja nokkur orð út af því, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. Hæstv. ráðh. reyndi að færa rök fyrir því, að breyta bæri stjórn verksmiðjunnar og taldi, að með því yrði fyrirkomulagið einfaldara. Hann tók til máls vegna þess, að ég spurði, hvort halda ætti framkvæmdum áfram eða hvort ætti að stöðva þær, og kom þá fram hjá honum, að stjórnin ætlar að stöðva þessar verksmiðjubyggingar, og fannst honum það glæpur að ráðast í þetta svona óundirbúið. Hann vildi ekki, að sérstök stjórn hefði umsjón með þessu og vildi gera málið einfaldara með því, að stjórn S. R. hefði þetta með höndum, og er það einfaldara, ef á að stöðva málið, því að þegar stjórn S. R. hafði gert sínar athuganir, var meiri hl. hennar á móti því að hefja framkvæmdir um byggingu verksmiðjunnar, en hins vegar var óttazt, að ekki væri hægt að stöðva málið, ef sérstök stjórn er fyrir verksmiðjuna. Þetta var staðfest af hæstv. fjmrh., og er það út af fyrir sig gott að fá slíka staðfestingu, þó að mikið sé gumað af því, að tryggja eigi framkvæmd nýsköpunarinnar. En hér er það staðfest, að það á að stöðva byggingu þessarar verksmiðju og svo á að leggja tunnuverksmiðjuna undir síldarútvegsnefnd, sem engan áhuga hefur sýnt, þótt þar sé geysimikilvægt mál á ferðinni, því að framleiðsla okkar er mikið undir því komin, að vel takist í því efni. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði hrúgað upp mörgum nefndum, en ekki hugsað um að útvega fé. En þær n., sem ég skipaði, voru aðeins tvær, og voru þær skipaðar samkv. l. um tunnusmíði og síldarniðursuðuverksmiðju og með samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Alþingis. Það, að ekki var útvegað fé, er hart að heyra frá hæstv. fjmrh., þar sem flokkur hans fór með fjárveitingarvaldið og stöðvaði fé til þessara hluta. Nú er talað um fjárskort, og til að sjá, hvort það hefur við rök að styðjast, þarf ekki annað en að ganga hér um bæinn og sjá allar villurnar, sem nýbúið er að byggja, og getur ríkisstj. ekki afsakað sig með því, að engir peningar séu til, því að aldrei hefur verið auðveldara að útvega fé til að koma þessu upp en nú. En meining stjórnarinnar er að hindra, að atvinnuvegirnir séu byggðir upp, því að það þjónar betur hugmyndum hennar um atvinnuleysi, þar sem hún sér ofsjónir út af kjörum verkalýðsins. Þá kvartaði hæstv. ráðh. um það, að stofnað væri til skulda í sambandi við þessar verksmiðjur, og ég veit, að það er óþægilegt fyrir ríkisstj. að stöðva verkið, þegar búið er að hefja framkvæmdir við verksmiðjurnar, enda yrði það illa séð af íbúum Siglufjarðar og Akureyrar, ef hætt verður við allt saman. Það liggur þá á borðinu, að ríkisstj. vill stöðva verksmiðjubyggingarnar, og kemur ákafi hennar bezt í ljós að leggja þessi mál undir þær stofnanir, sem engan áhuga hafa sýnt á þeim. Ég vil nefna eitt dæmi um það, hvernig ríkisstj. ætlar að stöðva allar framkvæmdir. Það er í sambandi við lýsisherzluverksmiðjuna. Í tíð fyrrv. ríkisstj. var ákveðið að byggja þessa verksmiðju og var helmingur véla keyptur að ráðum beztu manna og samningar undirritaðir af sendiherra okkar í London, Stefáni Þorvarðarsyni. En þegar núv. ríkisstj. hafði tekið við, þá fellur fyrsta greiðslan, 380 þús. kr., og líður og bíður og engin greiðsla fer fram, og það er fyrst nú fyrir skömmu, að þetta var borgað. Þessar vélar voru keyptar s. l. haust og verða tilbúnar í apríl næsta ár, en aðrar af vélunum eru auðsmíðaðar.

Ekki hefur það enn þá verið gert, þótt sannanir liggi fyrir um það, að hert lýsi seljist fyrir margfalt hærra verð. Og þrátt fyrir aflabrest á síldarvertíð þá hefðum við getað fengið fyrir hert lýsi samsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri og glæsilegasta síldarvertíð færir þjóðinni með núverandi fyrirkomulagi. Og er svo hæstv. fjmrh. segir, að verið sé að stofna ríkissjóði til skulda með þessu fyrirtæki, þá er nú nýbúið að borga lýsisherzluvélarnar, og ef hæstv. ráðh. hefur hug á að selja þær, þá get ég upplýst, að það er ekki hinn minnsti vandi að losna við slíkar vélar.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ég hefði vanrækt peningahlið málsins í þessu sambandi. Það er furðulegt, að hæstv. ráðh. skuli segja þetta, þar sem hann stóð við hlið Péturs Magnússonar í nýbyggingarráði, en það var ég sem flutti frv. á þingi fyrir nýbyggingarráð. Það er því úr hörðustu átt komið, að ég hafi ekki séð um peningahlið málsins. Og núv. ríkisstj. er til orðin vegna þeirra manna, sem kusu að stöðva atvinnuna í landinu, en vildu um leið leyfa verzluninni að taka fjármagnið í sínar hendur. Og þess vegna varð baráttan á síðasta þingi um stofnlánasjóð sjávarútvegsins, sem endaði með sigri þeirra manna, sem ekki vildu afhenda lánsfé og form. nýbyggingarráðs hefur nú brugðizt og gengið í lið með þeim mönnum, og þeir menn, sem treystu form. nýbyggingarráðs, og lögðu allt sitt í sjávarútveg, þeir eru nú illa sviknir af hæstv. fjmrh. Það situr því sízt á hæstv. fjmrh. að segja, að ég hafi vanrækt peningahlið málsins. Það var annað, sem brást, og þjóðin mun krefjast þess, að fjármagnið verði sett í atvinnutækin, en ekki í alls konar brask.

Þá veittist hæstv. fjmrh. að dr. Jakob Sigurðssyni og sagði, að það væri eins konar menntamannshroki í honum og að hann hefði hvergi komið nærri athugunum á þessu máli. Þetta er vitleysa, og er hæstv. ráðh. hér aðeins að skeyta skapi sínu á einhverjum.

Þá gerðist hæstv. ráðh. dryldinn og sagði, að það væri hyggilegt að koma upp niðursuðuverksmiðjum einna líkustum S. Í. F. verksmiðjunni. Það er nú einn kapítuli þessa máls og er bezt, að hæstv. ráðh. og þeir í stjórn S. Í. F. viti það, að sú verksmiðja hefur fremur orðið til ills en til góðs. Þetta er úrelt verksmiðja með úreltum tækjum. En þrátt fyrir það að 25% dósanna skemmist frá þessari verksmiðju, þá tapar hún ekki. Þetta sýnir aðeins hve möguleikarnir eru miklir.

Hæstv. fjmrh. sagðist hafa kynnt sér, hvernig Svíar hefðu byrjað starfsemi sína með rekstur niðursuðuverksmiðja. Þeir hefðu ekki byrjað stórt, heldur í smærri stíl og þreifað sig síðan áfram. Þetta er alveg rétt, en það var fyrir 30 árum, og það er ekki rétt að feta í fótspor þeirra varðandi þessi mál og taka upp aðferðir, sem nothæfar voru fyrir 30 árum. Nei, við verðum að hefja þessa starfsemi hér hjá okkur með nýjustu tækni. Annað er vonlaust, og ef við höfum ekki fullkomnari vélar en Svíar, þá eigum við erfitt með að keppa við þá. Og þau lönd, sem hafa orðið á eftir í tækni, hafa getað náð sér vel upp með því að byrja fram-

leiðslu með nýjustu vélum og vinnutækni. Nærtækt dæmi um þetta er, hvernig Þýzkaland tileinkaði sér reynslu Englendinga í iðnaðinum. Nú getum við byggt á reynslu Svía. En ef við förum að byrja niðursuðu á sama hátt og Svíar hófu hana fyrir 30 árum og þreifa okkur síðan upp, þá er þetta fyrirtæki vonlaust og sýnir aðeins, að meiningin er að reyna að stöðva þessar framkvæmdir, og hæstv. ráðh. er seinheppinn í rökum sínum.

Við Íslendingar erum búnir að starfrækja niðursuðuverksmiðjur í 20—30 ár, en þrátt fyrir þær tilraunir höfum við staðið í stað, en Svíar hafa stórhagnazt á því að kaupa hráefni af Íslendingum, og þeir hafa tekið megingróðann af vinnu Íslendinga. Og það er bersýnilegt, að hæstv. ríkisstj. ætlar að halda þessu fyrirkomulagi. Það er leikur einn að koma upp á 5—10 árum niðursuðuverksmiðjum og niðurlagningu á saltsíld, en það þarf að hefja þessar framkvæmdir strax.

Þá sagði hæstv. ráðh., að útvega þyrfti markaði, áður en farið yrði út í þetta. Þetta sýnir nú aðeins, hve röksemdalaus hæstv. ráðh. er, og hæstv. fjmrh. veit, að sölumaður var sendur suður til Svisslands með sýnishorn af niðursuðuvörum. Er hann kom heim úr ferð sinni, kom hann með pöntun, sem mundi taka mörg ár að framleiða. Menn vilja ekki kaupa nokkrar dósir, þeir vilja kaupa mikið magn í einu. Niðursuðuverksmiðja sú, sem þessi maður var umboðsmaður fyrir, er búin að framleiða á 5 mánuðum um 5 tonn, en svo er óskað eftir 500 tonnum, sem taka mundi 6—7 ár að framleiða með svipuðum afköstum, og það er útilokað að tryggja markaði fyrir vöru, sem ekki er farið að framleiða. Af því að við höfum hráefnin og getum keypt fullkomnustu vélar, ameríska vélar, þá á nú að hefjast handa án tafar. Það mun ekki vanta markað fyrir niðursuðuvörur og markaður fer þverrandi fyrir saltfisk, ísfisk og harðfisk. Lítill vandi er að hraðfrysta og minni vandi er að sjóða niður. Menn vilja ekki lengur saltfisk, harðfisk og jafnvel ekki ísaðan fisk. Vandræðin stafa ekki af því, að kaup sé of hátt, og þótt það lækkaði um helming, þá værum við samt í vanda. Vandinn er sá, að okkur vantar framleiðslutæki til þess að geta selt vörur okkar, hraðfrystihús, lýsisherzluverksmiðju og niðursuðuverksmiðju. Og að þessu fengnu er hægt að treysta því, að nægur gjaldeyrir verði alltaf til.

Ég get ekki látið það hjá líða að leiðrétta hér að nokkru hæstv. fjmrh., svo að ummæli hans lægju ekki ósvöruð, þótt hæstv. ráðh. væri ekki viðstaddur, en hann reyndi að klóra í bakkann, og hann var að gera hlut, sem hann hefði fyrr fordæmt, og orð hans og ummæli munu koma óþægilega fyrir þeim, er tóku loforð hans hátíðleg áður og alvarlega um lán til báta og skipakaupa og annarra greina sjávarútvegsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:3 atkv.
2. gr. samþ. með 15:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Á 124. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 125. fundi í Nd., 9. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram við 2. umr. þessa máls, var ég ekki búinn þá að skila nál., en nú hef ég skilað nál., og það er í prentun. Og ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að þessu máli verði frestað, þar til búið er að útbýta nál. Ég býst við, að hv. frsm. meiri hl. n., sem mun vera veikur nú, muni líka vera mér samþykkur um að láta málið bíða, þar til nál. er fram komið.

Umr. frestað.

Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HÁ, HB, JS, PÞ, SK, SkG, StJSt, StgrSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ.

nei: HermG, KTh, SigfS, SG.

SB greiddi ekki atkv.

16 þm. (GTh, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm, JJ, JörB, LJós, ÓTh, PO, SEH, ÁkJ, ÁÁ, EOl, GSv, BG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 815).

---

71. Bæjarstjórn á Sauðárkróki.

Á 24. fundi í Sþ., 22. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um bæjarstjórn á Sauðárkróki (þmfrv., A. 301).

Á 58. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 27. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Við þm. Skagf. flytjum á þskj. 301 frv. til l. um bæjarstjórn á Sauðárkróki. Fylgir því allýtarleg grg. frá hreppsn. Sauðárkrókshrepps, og auk þess eru þar prentuð tvö fskj., sem sýna nokkuð þróun þessa máls heima í héraði. Það kemur fram í grg. frv., að hreppsn. Sauðárkrókshrepps óskar eftir því, að Sauðárkrókur fái bæjarréttindi og sett verði löggjöf um þetta á þeim grundvelli, sem þetta frv. hefur verið samið. Er frv. sniðið eftir nýjustu l. um bæjarstjórnir, og er þar sérstaklega farið eftir l. um bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar, sem er nýjasta löggjöfin um þessi efni. Er aðeins breytt út af henni, þar sem sérstök ástæða er til að orða ákvæði öðruvísi. Það skal tekið fram, að hér er ekki um neina óeiningu að ræða — eins og fram kemur í grg. og fskj. — milli sýslun. Skagafjarðarsýslu og hreppsn., og veit ég ekki annað en að á milli þessara aðila hafi alltaf ríkt ágæt samvinna. — Það, sem hér er til grundvallar, er, að það er

að verða ómögulegt fyrir hina þúsund íbúa Sauðárkrókshrepps að fara með stjórn hreppsfélagsins á þann hátt, sem verið hefur og verður að vera, þegar um hreppsfélag er að ræða, en ekki bæjarstjórn. Mun þetta vera meginástæðan fyrir því, að hreppsbúar óska nú eftir því, að Sauðárkrókur verði gerður að sérstöku bæjarfélagi með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgir. Þetta mál lá fyrir sýslun. Skagafjarðarsýslu árið 1940, og er á fskj. I. prentaður útdráttur úr sýslufundargerð um þetta mál. Varar sýslun. að vísu við, að þetta verði gert, nema Sauðárkrókur telji víst, að honum henti betur að fara þessa leið, og hygg ég, að fram komi í grg. skoðun hreppanna utan Sauðárkróks um, að þeir vilji ekki standa í vegi fyrir því, að Sauðárkrókur verði sérstakt bæjarfélag, séu ákveðnar óskir uppi um það. Hins vegar líta sumir þannig á, að ekki sé heppilegt að kljúfa stærri fjárhagslega heild á þann hátt, sem gert er með þessu, og geri ég ráð fyrir, að margir séu uggandi um, að þetta verði til að styrkja hvorugan aðila fjárhagslega, og kemur þetta fram í bréfi sýslumanns Skagafjarðarsýslu, sem prentað er á fskj. II.

Við flm. þessa frv. óskum eftir því, að sú n., sem fær málið til meðferðar, flýti afgreiðslu þess, eftir því sem hægt er, og að það verði afgr. á Alþ. því, sem nú stendur yfir. Vil ég svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 429).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. N. hefur haft frv. þetta til athugunar og mælir einróma með því, að það verði samþ. óbreytt. Virðist mikill áhugi fyrir þessu máli á Sauðárkróki, og hafa þm. Skagf. sent gögn þar að lútandi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 129. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 779).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar og hefur rætt það við hæstv. dómsmrh., sem hefur látið athuga frv. og hefur lýst því yfir við n., að ráðun. fyrir sitt leyti væri því samþykkt, að frv. næði fram að ganga. N. hefur einnig borið þetta frv. saman við nýjustu lagafyrirmæli um kaupstaði, sem er Ólafsfjörður, og þykir n. ástæða til að leggja til, að gerðar verði tvær smávægilegar breyt. á frv., sem frekar eru leiðréttingar en efnisbreyt. Í 17. gr. frv. stendur nú í síðustu málsgr.:

„Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind atriði í tekjum og gjöldum bæjarins." Hér er ætlazt til þess, að í stað orðsins „atriði" komi: aðalatriði. Þá er brtt. við 21. gr., að í stað orðanna „8. gr." komi: 7. gr. Kemur þetta af því, að frv. er samið upp eftir l. um Ólafsfjörð, en í þeim l. er ein gr., sem ekki er tekin upp í þetta frv., og raskaðist því greinatalan. N. leggur til, að þessar tvær breyt. verði gerðar á frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 779,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
18.—20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 779,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 130. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 799).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 126. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed., og þar voru aðeins gerðar örlitlar orðabreyt. á frv., en engar efnisbreyt. Ég vænti þess því, að hv. þd. geti orðið sammála um að samþykkja þetta frv. nú, eins og það var að öllu efni til samþ. hér áður og afgr. til hv. Ed. á sínum tíma.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 835).

72. Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu.

Á 104. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu (þmfrv., A. 578).

Á 107. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Eins og tekið er fram í grg., óskaði félmrn. eftir því, að allshn. flytti þetta frv. Frv. fylgir ýtarleg grg., og fyrir þá sök tel ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. né skýra það nákvæmlega hér.

Í frv. er lagt til, að stofnaður verði nýr hreppur, sem nefnast skuli Egilsstaðahreppur, og skuli lagðar til hans 3 jarðir úr hvorum af aðliggjandi hreppum, Vallahreppi og Eiðahreppi. Fyrirhugað er, að upp rísi við Egilsstaði sérstakt sveitaþorp, og eru fyrir hendi öll líkindi til, að svo verði í nánustu framtíð. Má benda á það, að þegar hefur verið byggt allmikið á þessum stað, og m. a., sem byggt hefur verið, er sjúkrahús, læknisbústaður fyrir tvo lækna og auk þess bústaður handa dýralækni Austurlands. Kaupfélag Héraðsbúa á Reyðarfirði hefur og komið upp kaupfélagsútibúi á staðnum, og fyrirhugað er að byggja þar einnig sláturhús. Þegar það þótti sýnt, að þarna risi upp þorp með tímanum, þá var strax ráðgert, að þarna skyldi myndast skipulagt sveitaþorp, og í grg. frv. má sjá, að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess. Að vísu verður Egilsstaðahreppur lítill í fyrstu, en búast má við, að hann verði með tímanum allfjölmennur. Reynt hefur verið að ná samkomulagi við umræddda hreppa, hvað snertir afhendingu áður nefndra 6 jarða, sem þarf til myndunar hins nýja hrepps. Að vísu hefur enn ekki náðst samkomulag um þetta atriði, en fullur skilningur virðist þó vera fyrir hendi í báðum þessum hreppum. Gert er ráð fyrir, að ríkið kaupi lendur þar eystra til þess að útvega kauptúninu byggingarlóðir, og til þess er veitt heimild í frv. Hvað snertir skipulagningu þorpsins, þá hefur skipulagsstjóri ríkisins ásamt fleirum athugað það mál gaumgæfilega og þegar gert bráðabirgðauppdrætti af fyrirhugaðri skipulagningu kauptúnsins. Einnig hafa verið höfð samráð við hv. þm. beggja Múlasýslanna, og væntanlega ljá þeir máli þessu stuðning.

Ég sé þá ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar að sinni. Þar eð málið er flutt af n., þykir ekki ástæða til að vísa því til n. En ef fram kunna að koma brtt., er þess að vænta, að hv. allshn. taki þær til athugunar. Ég vil eindregið mælast til þess, að frv. þetta nái að ganga gegnum þessa hv. d.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 108. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 121. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 122. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að þessu frv. verði vísað til n., og vildi þá mega benda henni á, hvort eitt atriði í frv. muni vera nógu skýrt orðað. Það stendur í 12. gr.:

„Ríkisstjórnin skal sjá um, að lögmæt hreppsnefndarkosning geti farið fram í Egilsstaðahreppi fyrsta sunnudag í júlímánuði 1947. Allir, sem búsettir voru 1. janúar 1947 á því svæði, sem hinn nýi Egilsstaðahreppur tekur yfir, eiga kosningarrétt við þær hreppsnefndarkosningar."

Mér dettur í hug, hvort ekki þurfi að bæta inn í: „allir kjörgengir og kosningabærir menn." Það er ekki meiningin með þessu að fara í bága við kosningal. og kannske ekki hægt að skilja þetta svo, en ég vildi þó vekja athygli á þessu.

Ég skal ekkert um þetta mál segja nema það, að ég er ánægður yfir því. Það hafa áður verið fluttar um þetta tillögur, en það hefur ekki náð fram að ganga fyrr en nú, að það er tekið upp á arma hæstv. stjórnar, sem ég er henni þakklátur fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 131. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 578, n. 808).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég tók sæti í allshn. í stað Hermanns Jónassonar, þm. Str., meðan hann er fjarverandi, og sem nm. allshn. tala ég nú. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu í þessu máli, bæði er það, að það er þinghemi kunnugt, þar eð það hefur verið meira og minna til umr. á þingi hin síðari ár, en þó sérstaklega af því, að höfundur þessa frv., hr. Jónas Guðmundsson, skrifstofustjóri í heilbr.- og félmrn., hefur hann samið það fyrir hæstv. ríkisstj., og komið því á framfæri hér á Alþ., hefur skrifað svo ýtarlega grg. fyrir frv., að eiginlega þarf þar engu við að bæta.

Þetta frv. er fram komið til þess að skapa þessu

þorpi, sem er að myndast á hreppamörkum Vallahrepps og Eiðahrepps og nefnt skal Egilsstaðakauptún, aðstöðu til þess að geta orðið hreppur út af fyrir sig með svipuðum hætti og gegndi með Selfosshrepp, sem var til umr. hér á síðasta þingi.

Þetta mál er raunar nokkuð gamalt. Það mun hafa verið á árinu 1938, sem fyrst var farið að hreyfa því eystra, að komið yrði upp þorpi, sem yrði nokkurs konar miðstöð fyrir Fljótsdalshérað. Rekspölur komst þó ekki á málið fyrr en samþ. var þáltill. árið 1946, sem nokkuð margir menn stóðu að. Fjallaði hún um það, að ríkið skyldi beita sér fyrir skipulagi á væntanlegum þorpsstað og að þar yrði lögð vatnsleiðsla, skólpræsi og vegir lagðir, og var þá búið að ákveða, að þorpið skyldi vera á Egilsstöðum. Veit ég ekki betur en að nú sé búið að raflýsa þorpið, leggja um það vegi, vatnsleiðslu og skolpræsi, og er nú svo komið, að þeir menn, sem þarna hafa setzt að, óska eftir því, að þessi staður verði hreppur út af fyrir sig. Það ber ekki að draga dul á það, að slíkt er þessum mönnum mjög nauðsynlegt. Á hitt ber heldur ekki að draga dul, að þeir hreppar, sem þarna eiga hlut að máli, Eiðahreppur og Vallahreppur, vilja halda íbúum þessa þorps innan sinna vébanda. Um málið eystra er því nokkur ágreiningur, og mun slíkt oftast verða, þar sem líkt stendur á.

En hvað sem því líður, hygg ég, að allir séu sammála um það, að þessum nýja hrepp fylgi nokkurt land fram yfir það, sem hús þorpsins er reist á, og ég hygg, að takmörk þau, sem Jónas Guðmundsson hefur sett hreppnum í þessu frv., séu eðlileg og sjálfsögð, enda vissi ég til þess, að hann hafði borið það mál undir marga kunnuga og hlutlausa menn, áður en hann setti það í frv.

Við fyrstu umr. þessa máls minntist ég á 12. gr. og bað n. að athuga hana og hvort þörf væri að breyta henni. Þetta hefur nú verið gert, og eru nm. sammála um, að það sé undanskilið í gr., að kosningarrétturinn nái einungis til þeirra, sem eiga hann að öðrum lögum, og því þurfi ekki að taka þetta skýrar fram.

N. er sammála um að mæla með samþykkt frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mig undrar nokkuð á því, að málið skuli vera komið svo langt sem raun ber vitni um, án þess að allshn. hafi nokkuð við það að athuga, eins og hv. frsm. gat um. Ég vil leyfa mér að benda á hliðstæð lög um Höfðakaupstað. Þau fengu meðferð í fjhn. En nú þykir ekkert athugavert við það, að allshn. ber fram í Nd. frv., sem kostar ríkissjóð ótakmarkaðan fjölda millj. króna, og lætur í nál. fylgja aðeins nokkrar línur með frv. Við afgreiðslu frv. um Höfðakaupstað var þó sá varnagli settur, að þar er í 1. gr. takmarkað það fé, sem ríkissjóður leggur fram, við 5 millj. kr. En hér eru engin takmörk sett, bókstaflega engin. Það getur vel orðið 1 millj., 5 millj. eða jafnvel tugir millj. króna. Við þetta hefur hv. frsm. ekkert að athuga.

Nú er mál þetta raunverulega þríþætt. Í fyrsta lagi að því er snertir skiptingu hreppanna. Í fylgiskjölum með frv. í grg. þess koma fram mótmæli frá báðum hreppunum. Ég tel rétt að greiða fyrir því, að upp vaxi þorp við Egilsstaði, en ég álít, að taka eigi tillit til réttar þeirra manna, sem hér hafa mótmælt. Næsti þáttur er sá, að hér er ríkisstj. heimilt að kaupa mikil og víðtæk lönd. Ég hef haldið, að þegar slíkar heimildir eru gefnar, þá ættu þær að sæta athugun af fjhn. Ég veit ekki um það, hvort hæstv. fjmrh. hefur verið spurður um málið; ég hefði ekki talið óeðlilegt, að hann segði til um það atriði, hvort óhætt væri að kaupa þessi lönd. Nú vil ég ekki setja mig upp á móti því. Og ég tel nauðsynlegt að kaupa upp þau lönd, sem hér er farið fram á. En ég hefði hins vegar óskað eftir því, að málið væri afgr. á þinglegri hátt, t. d. hefði ég talið eðlilegra að ráðgast við fjhn. um málið. Þriðji og veigamesti þátturinn kemur fram í 3. gr. frv., þar sem ríkisstj. skal gangast fyrir stofnun kauptúnsins, og er henni heimilt að verja til þess fé úr ríkissjóði. Hér eru engin takmörk sett, ekkert sagt um það, við hve háa upphæð er átt, hvort það er ein millj. kr. eða hundrað millj. kr., aðeins ákveðið, að stofna skal kauptúnið og verja fé ... (**PZ:** Til þeirra framkvæmda, sem í lögum þessum greinir.) Það kemur ekki heldur fram, til hvaða framkvæmda samkv. 6. gr. Hún ákveður, að ríkisstj. komi upp nauðsynlegu gatnakerfi, en það segir ekkert um það, hvort það eigi að vera moldargötur eða götur, þar sem hver meter kostar 300 kr. Svo lætur hún leiða vatn til kauptúnsins, gera skólpræsi og setja upp rafstöð, en það segir ekkert um það hvað ... (**PZ:** Þetta er allt búið.) Nú, þetta er allt búið, segir hv. frsm. Þá er eðlilega rétt að láta það koma fram í frv. eða grg. fyrir því. Þar sést ekkert annað um kostnað en að sett hafi verið upp dálítil mótorstöð í þorpinu og hún stækkuð allverulega á árinu 1946, og kostnaðinn við hana áætlar rafmagnseftirlitið yfir 300 þús. kr. En ekkert er sagt um það, hvort það verði nægilegt þörfum íbúanna. Það kemur ekki fram. Það getur verið, að hv. þm. geti sagt um það. Þá segir einnig um það hér, að kostnaðurinn við vatnsleiðsluna hafi numið yfir 120 þús. kr. Það er líka sagt, að vatnsleiðslan sé ónóg. Enn fremur segir, að eftir sé að leggja skólpveitu, það sé aðkallandi og hún verði dýr. Ekki er búið að leggja þann hluta. Enn fremur segir, að götur sé ekki búið að leggja enn þá, og munu þær verða dýrari en svo, að hreppurinn fái undir þeim kostnaði risið. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að bæta inn í frv. takmörkunum á fjárupphæðum, eða að ákveðnu fjárframlagi sé veitt til þessa.

Þá er annað atriði, sem ég vildi benda á hér, varðandi 8. gr. Það er um afhendingu þessara mannvirkja. Þar stendur, að „þegar ríkissjóður hefur komið upp vatnsveitu, skolpveitu og rafveitu í Egilsstaðakauptúni, skal afhenda þau fyrirtæki öll með sérstökum samningi hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, er þá tekur við rekstri þeirra og viðhaldi á eigin ábyrgð með sama hætti og tíðkast um rekstur sveitarfélaga á slíkum fyrirtækjum.“ En hins er ekki getið, hvort afhendingin verði ríkissjóði að skaðlausu með greiðslufresti. Ég tel, að hér eigi að koma fram, að fyrirtæki þessi séu afhent ríkissjóði að skaðlausu. Ef það er ekki gert og þessi fyrirtæki afhent hreppsnefndinni endurgjaldslaust eða með einhverjum sérstökum samningum, þá má sannarlega vænta þess, að víðar komi fram kröfur um slíkt. Það eru ekki lítil fríðindi handa einu þorpi að leggja götur, rafmagn o. s. frv. og síðan afhenda þetta endurgjaldslaust viðkomandi aðila, til stórkostnaðar fyrir ríkið. Þá eru það aðrir þegnar, sem bera þá ábyrgð. Þetta gætu ekki verið einu dæmin, með Höfðakaupstað

og Egilsstaðakauptún. Og fleiri hreppar mundu þá sennilega koma á eftir. Og nauðsynlegt væri þá að bæta úr skipulagi vaxandi þorpa, sem eiga sama rétt til fjárhagslegs stuðnings.

Ég vil óska, að n. athugi þessar ábendingar, og sjái hún ekki ástæðu til breytinga, þá mun ég bera fram brtt., sem fer í þá átt, að Alþ. ákveði á hverjum tíma, hve miklu fjárframlagi skuli varið til þessara framkvæmda. Og eins við 8. gr. þá brtt., að þessi fyrirtæki skuli afhent með samningi ríkissjóði að skaðlausu. Ég vil, í sambandi við þetta, leyfa mér að benda á, að nú þegar er búið að ákveða með sérstökum lögum, hverrar aðstoðar héruðin skuli njóta við að koma upp raforkuverum, og þykir mér einkennilegt, ef hér er lengra gengið. Er ríkisstj. heimilt, samkv. þeim l., að ábyrgjast allt að 85% af stofnkostnaði slíkra framkvæmda. Eins er með aðstoð til vatnsveitna. Og ég býst nú við, að það verði að l., hvernig slíkan styrk skuli veita, og þykir mér eðlilegt, að þessi styrkur sé í samræmi við þau lög, — raforkulögin. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram við þessa umr. Mundi mér þykja vænt um að heyra hjá hv. frsm., hvort ekki væri rétt að fresta málinu og athuga það betur. Þetta er ekki sagt vegna þess að ég sé á móti málinu. Ég tel það merkilegt. En ég tel jafnsjálfsagt, að það sé ekki gert takmarkalaust fremur en í sambandi við Höfðakaupstað, þegar hv. þm. þótti þá nóg um.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ræða hv. þm. Barð. er byggð á misskilningi. Það er búið að veita fé og koma upp rafstöð. Það er búið að raflýsa á kostnað ríkissjóðs. Það er búið að leggja götur, og það er búið að leggja vatnsveitu og allt þetta hefur ríkissjóður kostað. Þetta er allt búið að gera. Og það er þess vegna alveg tilbúið fyrir þorpið að taka við því í þessu standi, þegar það verður til sem sérstakur hreppur. Og ég tel, að það sé þetta, sem hv. þm. áttar sig ekki á. Þá er það, hvernig með afhendinguna skuli fara, en um það segir í frv., að það fari eftir samkomulagi; og hvort ríkið þá fær kostnaðinn upp borinn við afhendinguna, fer eftir því, hvernig semst. Um það er ríkisstjórnin fær að gera samning. Þetta er munurinn. Það er búið að gera margt, en það gerir grunntóninn í ræðu hv. þm. Barð., að ekki skuli vera búið að gera allt, sem á að gera. Það hefur verið látið til þessa fé af fyrrv. ráðh., Pétri Magnússyni, samkv. þál. frá 27. apríl 1946. (HV: Vita menn, hvað það kostar?) Ég veit það ekki. Það liggur fyrir í ráðuneytinu. Hitt er annað mál, að nauðsynlegt er, að ríkisstj. fái heimild til að festa kaup á verulegu landsvæði, og væri þá æskilegt að komast hjá eignarnámi með viðunanlegum kaupsamningum. Nú er búið að laga þarna 26 lóðir, 250 ferm. flestar, virtar á 250 kr. hver lóð. Svo að það er hætt við, að eignarnámið geti orðið dýrt. En ég lít svo á þetta frv., að þegar það er orðið að l., þá geti það orðið ríkinu vegur og hagur, að hreppurinn yfirtaki verkin og sjái úr því sjálfur um lagning gatna, aukning rafmagnslagna o. s. frv., sem vitanlega þarf að stækka með aukinni byggð. Það tel ég ekki óeðlilegt, það þarf alltaf að bæta við og auka slíkt.

Ég sé enga ástæðu til að taka frv. aftur til athugunar hjá n. Hv. þm. Barð. er málið kunnugt, og hv. 1. þm. Reykv. á einnig sæti í n. og hefur ekki gert aths. við það. Hins vegar getur verið, og ég skil það vel, að hv. þm. Barð. athugaði málið sem gætinn fjármálamaður. En þetta er allt sem sagt búið að gera. Og ég vil ekki binda hendur ríkisstj. að því er snertir afhendinguna til hreppsnefndarinnar. Ég vil fyrir mitt leyti lofa ríkisstj. að hafa óbundnar hendur um það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. lýsti yfir því, að hann sjái ekki ástæðu til að taka málið til frekari athugunar. Hann hefur haldið því fram, að öllu sé lokið og viðurkennt, að n. veit ekki, hvað kostnaðurinn er mikill. Ég hefði gjarnan óskað eftir að fá upplýsingar um það, áður en gengið er til atkv., hvað kostnaðurinn væri mikill, því það virðist rekast á hjá hv. frsm. og það, sem stendur í grg. Það segir í grg., að eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hafi farið austur í júnímánuði og athugað allt, er að málinu lyti. Ég vil þá segja það, ef allt það, sem tilgreint er í 6. gr. og í 8. gr. frv., hefur verið gert, eftir að hann skrifaði grg. sína, í júlímánuði, þá getur ekki verið hér um stórfelld mannvirki að ræða, ef lokið hefur verið við að framkvæma þau. Ég vil nú ekki deila mikið um þetta. En í frv. nú, eins og nál. á þskj. 808 ber með sér, er ekki takmarkað, hvað hægt er að setja í þetta. Mér þætti vænt um, ef hv. frsm. tæki til greina óskir mínar um að fresta málinu og leggja fyrir hv. d. þær upplýsingar, sem ég bað um.

Ef hins vegar málið fer til 3. umr., þá mun ég flytja mínar brtt., — því það getur ekki verið vilji allrar n. að hafa þetta ótakmarkað. Það hlýtur þá að vera, að einhverjir aðrir hagsmunir séu á bak við en þingmannsskyldan. Þá þykir mér einkennilegt, ef gerðar eru stórframkvæmdir, áður en byrjað er á frumatriði málsins, en það er að tryggja eignarumráð yfir lóðunum, því vitanlega hækka þær stórfelldlega. Mér þykir það einkennilegt. Ég segi fyrir mína parta, að ég vildi fá upplýsingar um þetta, áður en málið heldur lengra áfram. Ég vænti því, að hv. frsm. falli frá því, að umr. verði slitið í dag, en fresta málinu, til að reyna að fá bætt úr ágöllum frv., sérstaklega í 8. gr., þar sem ég tel ekki fjarri lagi, að ráðh. hafi annars leyfi til að afhenda þessi fyrirtæki gegn litlu gjaldi.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég hefði viljað óska þess mjög gjarnan, að hv. þm. Barð. hefði fyrr séð, að ríkið átti að kaupa Egilsstaðaþorp, þá mundi hann hafa greitt atkv. með heimild til þess, er ég flutti, 1944. En hún fékkst með engu móti samþ., hvorki 1944 né 1945. En batnandi manni er bezt að lifa. Svo er hér 8. gr. Hún byrjar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar ríkissjóður hefur komið upp vatnsveitu, skólpveitu og rafveitu í Egilsstaðakauptúni, skal afhenda þau fyrirtæki öll með sérstökum samningi hreppsnefnd Egilsstaðahrepps." Ég tók fram áður, að ég veit ekki, hvað þetta hefur kostað mikið. Vatnsleiðsla var lögð 1945, en aðalvatnsleiðslan og skólpleiðslan í fyrrahaust og sumar. Um þessar framkvæmdir eru vafalaust til sérreikningar, og það væri fróðlegt að sjá, hvað ríkissjóður hefur í þetta lagt. Það ætla ég að vera búinn að athuga fyrir 3. umr. Hins vegar vil ég ekki taka það upp í 8. gr., að ríkisstj. sé fyrirskipað, á hvaða verði hinum nýja hreppi verði seldar þessar framkvæmdir. Ég vil láta það vera samningsatriði milli ríkisstj. og hreppsins. Það liggja marg-

ar ástæður til þess, og ég hygg, að sumar þessar framkvæmdir verði metnar við yfirtöku hreppsins. Nú munu hafa verið keyptir 3 mótorar, þótt einn hafi kannske verið seldur aftur. En áreiðanlega verður ekki þörf fyrir nema einn og svo annan til vara. En ég skal síðar upplýsa, hvað þetta hefur kostað. Annars mætti segja mér, að ekki væru komnir fram allir reikningar varðandi vatnsleiðsluna og skólpleiðsluna. En ég get ekki gengið inn á að setja það í 8. gr., að þetta skuli selt með kostnaðarverði. Ég vil láta ríkisstj. hafa óbundnar hendur um það, hvort hún selji þetta með kostnaðarverði eða slái af þessu, eins og hv. þm. talaði um, þ. e. a. s. því, sem nemur þeim styrk, sem veittur er til vatnsveitulagningar eða minna, því að ríkisstj. ber skylda til að koma bæði vatni og rafmagni í læknabústaðina. Það kann að vera, að ríkisstj. gangi inn á það. Ég lít svo á, að þessi afhending eigi að fara fram nú seinni partinn í sumar, þegar hreppsstjórn hins verðandi hrepps er orðin til.

Forseti (ÞÞ): Þar sem hv. d. er ekki ályktunarfær nú og dm. hafa óskað að koma fram með brtt. við þessa umr., þá sé ég ekki ástæðu til að halda umr. áfram, og verður henni frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 132. fundi í Ed., 14. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 578, n. 808, 836).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 836. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eftir þær upplýsingar, sem ég fékk í þessu máli við umr. hér í gær, mun ég ekki bera fram brtt. við frv. um að takmarka það framlag, sem látið er til þessara framkvæmda, vegna þess að upplýst var, að framkvæmdum sé að verða lokið, og ég hef einnig fengið upplýsingar um, hversu mikið fé hafi farið til þess, og ekki þess að vænta, að frekar verði óskað eftir stórkostlegum fjárframlögum frá Alþ. til þess að uppfylla ákvæði l. Ég hef hins vegar borið fram á þskj. 836 brtt. við 8. gr., þess efnis, að í stað orðanna „skal afhenda þau fyrirtæki öll með sérstökum samningi hreppsnefnd Egilsstaðahrepps" í 1. mgr. komi: er ríkisstj. heimilt að selja þessi mannvirki öll með kostnaðarverði og sérstökum greiðsluskilmálum til Egilsstaðahrepps. — Ég tel, að það sé eðlilegt, að mannvirkin séu seld hinum væntanlega hreppi með kostnaðarverði, en hins vegar, að um greiðsluna verði farið eftir sérstökum samningum, þar sem m. a. verði tekið tillit til þeirrar fjárhagslegu aðstoðar, sem öðrum hreppum er veitt samkv. gildandi l. og því frv., sem liggur fyrir um aðstoð við vatnsveitur, og sams konar fjárhagsleg aðstoð verði veitt við kaup á þessum mannvirkjum, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist lán allt að 85% af kostnaði við vatnsveitur og sama í sambandi við rafveitur. Hreppurinn yrði þá sjálfur að standa undir 15%, en ríkissjóður aðstoðaði um ábyrgð og í þessu tilfelli ef til vill lánaði yfir lengri tíma 85% af upphæðinni. Ég tel þetta eðlilegt og sanngjarnt, því að það er ekki vafi, að ef ætti hér að gefa slíkar framkvæmdir eða selja með stórkostlegu tjóni fyrir ríkissjóð, þá yrði þetta ekki eini hreppurinn á landinu, sem gerði slíkar kröfur, heldur kæmu margir á eftir, og mundi verða ofviða fyrir ríkissjóð að standa undir þeim kostnaði, og yrði þá að neita öðrum um sams konar fríðindi og öðrum hafa verið gefin, og teldi ég það ranglátt.

Ég hef ekki borið fram neina brtt. í sambandi við söluna á landinu, en ég teldi hins vegar eðlilegt, að hinum nýja hreppi yrði gefinn kostur á að kaupa þessar lóðir, að sjálfsögðu þá ríkinu að kostnaðarlausu, en ef það ekki væri gert og ríkissjóður óskaði eftir að eiga lóðirnar áfram, þá væri leigan af lóðunum sett nokkuð með tilliti til þess, sem lóðirnar kosta og þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið í sambandi við það, en um það hef ég þó ekki borið fram brtt. nú, tel þess ekki þörf á þessu stigi málsins, en vil mjög óska, að d. geti samþ. brtt., sem ég hef borið fram á þskj. 836.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Út af umr. hér í gær um þetta mál hef ég leitað eftir þeim upplýsingum, sem hv. þm. Barð. taldi mjög skorta, um kostnað við þessar framkvæmdir. Það er í stuttu máli um þær að segja, að þarna hefur verið byggður læknisbústaður og dýralæknisbústaður. Hjá ríkisbókhaldinu er kostnaður við dýralæknisbústaðinn bókaður á 194263,67 kr., en við læknisbústaðinn eitthvað kringum 400 þús. kr. Ég hef ekki getað fengið að vita hjá vegamálastjóra, hvernig það er með veginn, sem búið er að leggja, sem er kringum 1 km, vegamálastjóri er veikur, og þeir, sem eru á skrifstofunni, vita ekki um það, en mér er nær að halda, en það er ég ekki viss um, að hann hafi verið færður á læknabústaðina, af því að hann liggur eftir endilöngu væntanlegu þorpssvæði og endar við læknabústaðina. Er það þá það, sem gerir þá eins dýra og raun ber vitni. Vatnsveituna er búið að leggja, og til hennar hafa verið útborgaðar 133208 kr. Auk þess mun vera óborgað til Ingólfs Espholin fyrir pípur 71208 kr., eins og þær kostuðu komnar á Reyðarfjörð, og auk þess pípur af minni gerð, væntanlega fyrir leiðslur milli húsa, 4 þús. kr., sem er ekki búið að greiða, og vera má, að eitthvað fleira sé ógreitt til vatnsveitunnar, svo að hún verði dýrari en þetta. Hjá ríkisbókhaldinu eru færðar aðeins 100 þús. kr. á rafveituna, en rafmagnseftirlitið hefur lagt fram 120 þús. kr., og er búizt við, að þegar búið er að fullgera hana, kosti hún 320—330 þús. kr. Skólpveita, sem búið er að gera, er ekki nema frá fáum húsum. Hún hefur verið talin með dýralækn- is- og læknisbústaðnum, en ekki sérstaklega reiknuð sem framlag. Vegna þess að þessar aðgerðir, sem þarna hafa verið gerðar og ætlazt er til, að ríkið geri, áður en hreppurinn tekur við þessum verkum, eru að nokkru leyti gerðar vegna þeirra opinberu bygginga, sem þegar er búið að gera, og að öðru leyti vegna annarra opinberra bygginga, sem talað er um að gera þarna, svo sem allsherjarmiðstöðvar fyrir símstöð fyrir Austurland, svo sem miðstöðvar fyrir rútubílferðir til og frá og um Austurland, en því húsi er ætluð lóð í horninu á krossgötum, þar sem aðalgöturnar eftir þorpinu skerast og krossgötur héraðsins koma saman, og vegna þess að nokkuð af þessu er talið kostnaður við þær opinberu aðgerðir, þá taldi Jónas Guðmundsson, sem frv. samdi, og hæstv. félmrh., sem það las yfir, að réttara væri að ákveða ekki neitt um það, með hvaða hætti þorpið yfir-

tæki þessar eignir, heldur yrði samkomulag um, hvað mikill hluti af vatnsleiðslunni yrði talinn vegna kostnaðar við læknabústaðina og hvað mikill hluti af veginum yrði talinn þeim, og þess vegna er gr. orðuð eins og hún er. Með tilliti til þessa þá held ég, að ekki sé ástæða til þess fyrir hv. þm. Barð. að halda till. sinni til streitu. Ég held, að það væri eðlilegra að hafa um það samkomulag, að hvaða leyti þessar framkvæmdir teljast gerðar fyrir þessi opinberu hús, sem þar eru og eiga að koma, og að hvað miklu leyti fyrir þorpið. Þetta verður alltaf matsatriði og samkomulagsatriði, þegar þorpið tekur við þessum verkum. Það er engum blöðum um það að fletta, hvað vatnsveitan kostar. Eins og fyrrv. landbrh. og fjmrh. sagði í gær við mig og hv. þm. Barð., þá þarf miklu víðari pípur en ef vatnsleiðslan hefði aðeins verið fyrir læknabústaðina, en annar yrði kostnaðarauk-inn ekki. En á þá þorpið að taka við allri vatns-leiðslunni með kostnaðarverði, eða á það að taka við því, sem hún er dýrari en hún hefði orðið, ef hún hefði verið lögð aðeins fyrir þessi tvö hús, sem ríkissjóður á að sjá um að öllu leyti og hefur séð um að öllu leyti? Þetta er matsatriði, og í frv. er það lagt í hendur ráðh. og hreppsn. að semja um það. Ég held því, að það sé engin þörf að fá brtt. hv. þm. Barð. samþ., nema því aðeins að hann vilji slá föstu, að hreppsn. borgi þessar framkvæmdir allar, hvort sem þær eru vegna opinberra bygginga eða þorpsins í heild, en ég geri ekki ráð fyrir, að hann vilji það. En ef hann hugsar sér það þannig, að dregið sé frá kostnaðarverði það, sem honum finnst sanngjarnt að áætla, að þessar framkvæmdir kosti vegna hinna opinberu bygg-inga, en hreppurinn taki við hinu, þá erum við komnir að sömu niðurstöðu og hugsað er sam-kvæmt gr., svo að þar ber hvort tveggja að sama brunni.

Ég skal svo ekki orðlengja um málið frekar. Ég vona að mönnum sé ljóst, hvar þetta stendur nú, hvaða fé er í þetta komið og hvernig það hefur verið fært.

Forseti (ÞÞ): Hv. frsm. er búinn með sinn ræðu-tíma og hv. þm. Barð. sömuleiðis, og vil ég því biðja menn að vera stuttorða.

Gísli Jónsson: Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta að lengja ekki mjög þessar umr.

Ég get ekki fallizt á það sjónarmið, sem hv. frsm. hefur rakið hér í þessu máli, og vil ég benda á í sambandi við það, að ég tel mjög eðlilegt, að vatnsveitan öll verði reiknuð hreppnum, eins og hún hefur kostað, en hreppurinn leggi síðan vatnsskatt á þær opinberu byggingar, sem notuðu veituna, og sama er að segja um rafveituna. Um vegagerð-ina er öðru máli að gegna. Það gæti orðið sam-komulagsatriði, hvernig sá kostnaður kæmi niður. Ég held, að það sé miklu heppilegra vegna for-dæmis, að mín till. verði samþ., og vænti ég því, að d. fallist á hana, eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 836 felld með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafna-kalli, og sögðu
já: GJ, LJóh, ÞÞ.
nei: BK, EE, HV, PZ, StgrA, ÁS, BSt.
PM greiddi ekki atkv.
6 þm. (BrB, GÍG, HermJ, JJós, SÁÓ, BBen) fjarstaddir.
8.—12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 133. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 858).

---

73. Útsvör.

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (þmfrv., A. 12).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Af-brigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef á tveimur undanförnum þingum borið fram sams konar breyt. á þessum l. og nú á þskj. 12. Mér þykir ástæða til að fara nokkru nánar út í þetta vegna þeirrar óverjandi meðferðar, sem mál þetta hefur sætt í hv. d. á undanförnum þingum, og ég vænti þess, að hún leyfi ekki slíka málsmeðferð lengur. Málið var fyrst borið fram á þinginu 1944 og þá afgr. með rökst. dagskrá, er hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem deildin væntir þess, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta þing endurskoða lagafyrirmælin um útsvarsskyldu vegna skiptingu útsvara og leggi frv. um það fyrir Alþ., telur d. ekki rétt að afgreiða nú frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þegar þessi rökst. dagskrá var rædd hér í d., lýstu sumir þeirra nm., sem höfðu málið til með-ferðar, yfir því, að þeir væru efnislega sammála breyt., en hins vegar þótti rétt, eins og þá var tekið hér fram, að láta fara fram heildarendur-skoðun á lögum þessum þá þegar. Þegar ég bar frv. aftur fram 1945, þá kom aftur nál. frá sömu mönnum, eftir að málið hafði verið marga mánuði í nefnd, svo að ekki var hægt að taka það til umr. fyrr en á síðustu stundu. Þá var það aftur afgr. með rökst. dagskrá, er hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem upplýst er, að verið er að vinna að heildarendurskoðun útsvarslaganna og ráðgert, að frv. um það efni verði lagt fyrir Alþ. það, sem saman á að koma 15. febrúar n. k., telur deildin ekki rétt að afgr. nú frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Nú er það vitanlegt, að þessar upplýsingar hafa aldrei legið fyrir, það hefur aldrei verið gert neitt til að koma á heildarendurskoðun þessara laga, og forsendurnar fyrir þessari rökst. dagskrá eru

því alrangar. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) segir í greindu nál., að hann sé samþykkur frv., en fellst á að vísa málinu frá með rökst. dagskrá, ef heildarendurskoðun l. dragist ekki lengur en þar greinir frá. En endurskoðunin hefur enn ekki farið fram. Þing-Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem nú hefur setið hér, hefur tekið þetta mál til meðferðar og fengið það í hendur nefnd til athugunar, en skrifstofustjórinn í heilbr.- og félmrn. hefur sagt mér, að ekki muni verða gerðar ákveðnar till. um það fyrr en á næsta aðalþingi. Að fengnum þessum upplýsingum tel ég rétt að bera málið enn fram. Þótt endurskoða eigi lögin í heild, tel ég það vera rétt. Ef Alþ. vill samþ. það hér, gæti það orðið til leiðbeiningar fyrir fyrrgreinda nefnd, og hún gæti þá tekið þessa breyt. inn í sínar till. Ef það næði hins vegar ekki samþykki hér, þá næði það ekki lengra. En ég tel alveg óverjandi að leggjast þannig á þingmál eins og hér hefur verið gert, og vænti þess, að sú hv. n., er nú fær málið til meðferðar, hafi kjark til að segja annaðhvort já eða nei við því. Ég tel það hvorki þingræði né lýðræði, þegar einn eða tveir menn eru að þvæla mál og afskræma eða drepa þau og færa fyrir því alrangar forsendur. Ég vil benda n. þeirri, er fær þetta mál til meðferðar, á það, að deilur um þetta atriði eru sættar á hverju ári með bráðabirgðaúrskurði ríkisskattanefndar, sem á e. t. v. ekki stoð í neinum lögum, en hlíkað er við Hæstaréttarúrskurð, af því að Alþ. er treyst til að afgreiða málið. Ég tel ófært fyrir sveitarfélög að búa við þetta ófullkomna bráðabirgðaástand, að vera e. t. v. í óvissu um helming tekna sinna, hvort þær tilheyra þeim eða einhverjum öðrum. Ég skil ekki, hvað legið getur bak við það hjá löggjöfunum að vilja ekki afgreiða þetta mál. En ég treysti því nú, að það verði afgr. Það hefur hingað til verið í hv. allshn. Ég tel nú raunar, að útsvarsmál eigi að vera í heilbr.- og félmn., en ég legg þó ekki til, að breytt verði um n., því að ég vil enn reyna, hvort hv. allshn. fæst ekki til að afgreiða málið eins og skyldan býður að afgreiða það. Ég vil því leggja til, að því verði vísað til þeirrar n., og vænti, að það fái skjóta og góða afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 20. nóv., utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þann 16. okt. s. l. var vísað til hv. allshn. 10. máli, á þskj. 12, sem er frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör. Þetta mál hefur nú legið rúmar fjórar vikur hjá hv. allshn. án þess að gefið hafi verið út nál. eða málið tekið til umr. Eins og kunnugt er, liggja ýmis mál oft tímunum saman hjá nefndum, og er það iðulega óviðunandi. Ég vildi nú leyfa mér að fara fram á það, að hæstv. forseti sæi um, að málið fengi sem fyrst framgang og yrði sem fljótast afgr.

Forseti (ÞÞ): Ég mun að sjálfsögðu verða við ósk hv. þm. Barð.

Á 49. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Bjarni Benediktsson: Mér skilst, að þessu máli hafi verið vísað til allshn. snemma á þessu þingi og ekki hlotið afgreiðslu í nefndinni.

Ég er þessu máli gagnkunnugur og hef látið mig það miklu skipta og vil því fara þess á leyt við hæstv. forseta, að hann fresti umr., svo að málið fái afgreiðslu í allshn. Málið hefur verið alllengi í n., og hefur forseti af skörungsskap sínum tekið það á dagskrá, en afgreiðsla þess skal ekki dragast lengi, en ég vænti, að hæstv. forseti verði við þessum tilmælum og hafi samráð við mig sem nefndarformann um, hvenær málið verður tekið á dagskrá.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil benda á það, að í fyrra var borin fram till. um að skipa n. til að athuga útsvarslögin. Sú till. var ekki samþ., en n. var skipuð samt og átti að hafa lokið störfum fyrir 1. febr. n. k. Hún er nú að vinna að þessu og einn nm. tjáði mér, að því yrði lokið á réttum tíma, en mér finnst það undarlegt, ef d. afgreiðir nú þetta mál, sem ríkisstj. hefur skipað mþn. til að athuga, rétt þegar sú n. er að ljúka störfum.

Gísli Jónsson: Ég bar þetta mál fram í þriðja skipti nú á þessu þingi. Ég hef spurt um málið einu sinni utan dagskrár, og lofaði forseti þá að hafa áhrif á, að málið yrði afgr. og hafa samráð við mig um, hvenær málið væri tekið fyrir. Þáv. form. n. tjáði mér svo, að málið væri afgr. og að hv. þm. Str. hefði verið falið að semja nál., og varð það til þess, að ég féllst á að fresta, að málið yrði tekið fyrir. En ég legg áherzlu á að fá málið afgr. sem fyrst, enda veldur þetta deilu milli Suðurfjarðarhrepps og Reykjavíkurbæjar, og trúi ég ekki, að nefndarformaður noti aðstöðu sína til að liggja á málinu og tefja afgreiðslu þess, vegna þess að hann er borgarstjóri í Rvík, en þá fyrst, þegar mál þetta hefur hlotið afgreiðslu hér á hv. Alþ., er hægt að taka ákvörðun í þessari deilu. Ég vil benda á, að ég mætti fyrir hönd hreppsins og hv. 10. landsk. fyrir hönd Reykjavíkurbæjar til sáttaumleitunar. En eins og málið stendur nú, er alveg óviðunandi, og Alþ. verður að taka ákvörðun um það, á hvorum staðnum útsvarið eigi að greiða. En ég get fallizt á, að málið verði tekið út af dagskrá í dag.

Varðandi ummæli hv. 1. þm. N-M., þá sé ég ekki, að það komi þessu máli við eða hafi áhrif á það. Alþ. verður að taka afstöðu til þess, og ég veit, að hv. 10. landsk. er svo vel inni í þessu máli, að hann hefur skapað sér skoðun á því. Svo fæ ég ekki séð annað en hv. allshn. geti aflað sér upplýsinga þeirra, sem þurfa þykir, frá form. mþn., en ég endurtek það, að málið þolir enga bið.

Hermann Jónasson: Út af ummælum um hlutverk mitt í afgreiðslu þessa máls vil ég taka það fram, að afgreiðsla þess hefur dregizt lengi, sumpart af ástæðum, sem ekki er hægt að færa rök fyrir, og einnig af öðrum ástæðum. Á einum fundi, þar sem ég mætti ekki, var mér falið að forma brtt. í málinu. En á seinni fundi, þar sem átti að afgreiða málið, kom einn nefndarmanna

fram með aths. um, að dómurinn, sem vísað er til í grg., væri efnislega rangt siteraður, og af þeim ástæðum dróst afgreiðslan. Þegar þetta var, var komið að jólum og þurfti að fá afrit af dómnum og rannsaka þessa aths. nefndarmannsins. Þegar afritið kom, kom í ljós, að aths. var röng. Dómurinn er í öllum aðalatriðum rétt siteraður, en eigi vannst þá tími til afgreiðslu fyrir jól. En nú er ég reiðubúinn að afgreiða málið hvenær sem er, fyrirvaralaust. Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að það er vel hægt að afgreiða þetta mál hér í d., þótt mþn. sé starfandi.

Bjarni Benediktsson: Ég sé nú ekki, að það sé rétt, að hv. þm. Str. hafi verið falið að forma brtt., samkv. bókuninni á þessum fundi. Þá vil ég og geta þess, að því fer svo fjarri, að n. hafi ekki sinnt þessu máli, að allir fundir frá því í nóvember hafa um þetta mál fjallað, og er ekki að efa, að til þess hefur ekki verið kastað höndum. Ástæðan til þess, að málið hefur dregizt, er fyrst og fremst sú, hve vandasamt það er, og hefur form. mþn. komið á einn fund n., og segir hann, að þetta atriði sé eitt hið vandasamasta og hefur n. þá komið sér saman um að taka ekki ákvörðun um það fyrst í stað.

Það er rétt, að hér er um mjög vandasamt atriði að ræða og engan veginn eins einfalt og hv. þm. Barð. og hv. þm. Str. vilja vera láta. Það er algerður misskilningur, að þessi atriði hafi ein verið ráðandi í dómnum, en það nær vitanlega engri átt að banna dómendum að taka tillit til mikilvægra atriða um það, hvar félagið eigi heimili. Og það er alls ekki sæmandi fyrir Alþ. að taka svo fram fyrir hendurnar á dómendum. Álit form. mþn. sýnir, að hér er ekki um neitt smámál að ræða, og ég hef einnig sýnt fram á, að allshn. hefur ekki legið á því.

Annars mun ég ekki fjölyrða um málið að svo stöddu. Það, sem hv. þm. Barð. sagði um að leita álits mþn., gæti þá komið fram í nál. sem rökstuðningur fyrir að fella frv. eða vísa því frá með rökst. dagskrá.

Ég hef nú gert grein fyrir þeim ástæðum, sem til þess liggja, að ég óska, að málið sé tekið af dagskrá í dag, og vænti þess, að hæstv. forseti verði við þeirri ósk, sérstaklega þar eð flm. frv. hefur fallizt á það.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki vera langorður, en ég vildi benda nefndarformanni á eitt atriði, sem skiptir verulegu máli fyrir Suðurfjarðarhrepp, hvort þetta útsvar er tekið af honum eða ekki. Það verður Alþ. að gera, ég geri það ekki. Ég vil ekki bera þá ábyrgð, Alþ. verður að bera hana, en þetta er nægilegt til þess, að það verður að hraða málinu og fá úr þessu skorið. Hv. þm. Str. hefur upplýst, að hann sé tilbúinn að skila áliti, og ég vil, að form. n. skilji, að það er aðkallandi þörf að fá úr þessu skorið. En ég get fallizt á að taka málið út af dagskrá í dag.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda n. á nokkur atriði. Í fyrsta lagi tel ég það ekki ná nokkurri átt að samþykkja 2. gr. Fimm útgerðarfélög hafa reynt að skapa sér gervi-heimili í hreppum. Ef þessi gr. yrði samþ., yrði ekki eitt einasta útgerðarfélag eftir í kauptúnum, þar sem útsvör eru há. Þau mundu flytja. Meira að segja héðan úr Rvík mundu þau flytja út á Seltjarnarnes og inn á Vatnsleysuströnd, og þeir mundu búa þar í torfkofum fyrir 20 kr. á mánuði, en búa þar bara að yfirvarpi.

Það verður líka að fyrirbyggja þann ósið, að nú er farið að skrá á skipin fyrir túr og túr, og þó að maður sé á togara allt árið frá Patreksfirði, geldur hann þar engin gjöld, því að hann er aðeins skráður túr og túr og á svo lögheimili annars staðar, en er ekki fastskráður á togarann.

Ég vil eindregið mælast til þess við n., sem fær þetta mál til meðferðar, sem sennilega verður allshn., að athuga þetta mál gaumgæfilega og taka ekki neinar ákvarðanir fyrr en hún hefur fengið álit þeirrar n., sem kosin var í sumar til þess að athuga einmitt þessi mál. Þessi mþn. hefur haft það með höndum og leitað álits frá bæjarstjórnum og hreppsn., og liggja þar fyrir á einum og sama stað álit þeirra allra, og hún á að skila áliti fyrir 1. febr. Og vil ég mælast til þess, að allshn. fái að vita, hvað líður störfum mþn. og þeim till., sem koma fram þar að lútandi.

Viðvíkjandi þeim atvinnurekstri, sem hv. þm. Barð. minntist á, þá hugsa ég, að slík dæmi séu fá, en aftur á móti munu mörg dæmi vera til um það, að menn búi sér til gerviheimili eingöngu til þess að borga lægra útsvar.

Bjarni Benediktsson: Það er aðeins út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, en hann fær aldrei skilið það, að hvernig sem íslenzk löggjöf er samin, má alltaf búast við, að einhver ágreiningur verði um framkvæmd hennar. Við getum ekki gert neina löggjöf svo um þetta, að ekki kunni að verða ágreiningur um eitthvert atriði eða misjafn skilningur á orðum hennar. Og þótt hv. þm. Barð. sæti á þingi í þúsund ár, mundi honum ekki takast það. Hv. þm. Barð. segir, að það þurfi að fá úr þessu skorið. Já, það er hægt með því að fara til dómstólanna, og það hefur verið gert, en sá úrskurður hefur ekki verið á þann veg, sem þessi hv. þm. getur unað við, og þess vegna vill hann nú fá nýja löggjöf um þetta efni. Og efni þeirrar löggjafar er það að takmarka vald og mat dómstóla um heimasetu manna og félaga. Ég held, að þótt farið yrði nú að búa til nýja löggjöf um þetta efni og tína úr og banna dómstólunum að dæma eftir því, þá séum við litlu bættari með nýrri löggjöf, enda er það ekki það, sem vakir fyrir hv. þm. Barð., að sú löggjöf verði eitthvað skýrari. Hv. þm. hefur fengið úrskurð dómstólanna, en af því, að sá úrskurður var ekki að hans skapi, vill hann koma í veg fyrir með nýrri löggjöf, að þeir dómstólar geti gefið slíkan úrskurð.

Gísli Jónsson: Ég hef ekki óskað eftir öðru en að ákvæðin væru svo skýr, að dómstólarnir þyrftu ekki að búa til nýyrði. Það er talað um heimasetu í staðinn fyrir heimilisfang. Hæstiréttur hefur ekki talið sér fært að fara eftir ákvæðum l., nema því aðeins að búa til nýyrði í málið til þess að ná því marki, sem hann vildi.

Út af ummælum hv. þm. N-M. vil ég segja það, að ég get vel fellt mig við það, ef hv. allshn. vill fella burt 2. gr. frv. og það efni verði látið bíða, því að hún kemur ekki þessu máli við, en er aðeins um, að skipting útsvara skuli eigi framkvæmd, ef

bæði sveitarfélögin, sem þar er talað um, séu í sömu sýslu. En viðvíkjandi burtskráningu, sem hv. þm. talaði um, og þær upplýsingar, sem hann gaf, eru rangar. Það hefur fallið dómur í slíku máli, og það hefur alltaf verið venja, að ef maður fer af skipi, er hann afskráður, og það hefur fallið dómur um það þannig, að ekki er hægt að krefja um þetta gjald.

Nú er ástandið þannig, að fjöldi manna leitar úr sveitinni og atvinnuvegirnir taka vinnuaflið frá sveitunum, þeir eru að drepa sveitirnar með því að taka frá þeim vinnuaflið, og svo með því að draga frá þeim útsvörin.

Ég ætla ekki að fara frekar nú út í fullyrðingar hv. þm. N-M., en ég öfunda hann ekki af að standa við þær þegar að því kemur. En eins og ég sagði áðan, get ég fellt mig við það, ef n. telur það réttara nú að fella niður 2. gr. frv., ef 1. gr. verður samþ. En þó að 2. gr. falli niður nú, þá verður barátta um hana tekin upp síðar.

Hermann Jónasson: Hv. 1. þm. N-M. taldi rétt að bíða eftir áliti mþn. í þessu máli, en ég vil þá endurtaka það, að ég sé ekki ástæðu til þess, að allshn. bíði neitt eftir áliti mþn. með álit sitt um ekki margbrotnara mál en þetta og geti myndað sér skoðun eftir því sem hún telur nauðsynlegt í málinu.

Þó að ég ætli ekki að fara að ræða efnishlið þessa máls, þá finnst mér rétt að skýra það með örfáum orðum fyrir hv. d., hvað er hér í raun og veru deiluefnið. Það er dómur hæstaréttar um hlutafélagið Djúpavík. Eins og kunnugt er, er það skrásett norður á Reykjarfirði og hefur þar mikið af rekstri sínum, eða allan, en það er lagt útsvar á það hér, af því að yfirstjórn félagsins, fyrirsvar þess, sjóðir og bókhald er hér í Rvík, og verður af því að telja heimasetu félagsins hér í Rvík. Þetta er efnið, sem hér er deilt um, og um þetta mál hefur fallið hæstaréttardómur.

Mér hefur dottið í hug, að þessum l. yrði breytt þannig, að slík félög greiddu útsvar þar, sem þau rækju atvinnu sína eða hefðu rekstur sinn, ef það væri á annað borð talið á fleiri en einum stað. En eins og kunnugt er, skildi hæstiréttur ákvæði útsvarsl. á þann veg, að þar sem stjórn þessa félags, Hf. Djúpavík, væri í Rvík og peningar fara þar gegnum kassann, þá ætti útsvarið að vera greitt til Reykjavíkurbæjar. En við vitum, að þetta félag aflar tekna aðeins vegna auðlinda, sem eru þarna norður frá, og því skyldu þeir hreppar, sem hafa þá aðstöðu að hafa þessar auðlindir, ekki eiga að fá þau útsvör greidd til sín, því að þar er teknanna aflað.

Viðvíkjandi 2. gr., þá er ég sammála hv. þm. Barð., að henni verði sleppt í þetta sinn.

Mér þótti rétt, að það kæmi hér skýrt fram, um hvað hér er deilt.

Forseti (ÞÞ): Ég mun verða við þeirri ósk að taka málið af dagskrá og fresta því, en ég vil óska þess, að málinu verði hraðað það, að hægt verði að taka það fyrir á fundi í þessari viku.

Umr. frestað.

Á 95. fundi í Ed., 17. marz, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 12 flutt frv. til l. um breyt. á l. um útsvör. Þetta mál var sent til allshn. þann 10. október s. l. Ég skal ekki fara mörgum orðum um efni frv., en ég hygg, að ekkert mál hafi fengið slíka meðferð í Alþ. sem þetta mál.

Ég vil nú mælast til þess við hæstv. forseta, að ef ekki tekst að fá málið úr n., að hann taki málið fyrir á næsta fundi. Nál. var lofað 15. febr., en það er ekki komið enn.

Hermann Jónasson: Ég skal í þessu sambandi segja það, að ég hef ekkert á móti því, að þetta sé gert. Þetta mál hefur dregizt langtum um of. Það hefur tvisvar sinnum verið sent til þeirrar n., sem nú hefur skatta- og útsvarsmálin til meðferðar og er að undirbúa löggjöf um það efni. Því hefur verið borið við, að ekki væri viðeigandi að kasta þessu máli inn í þingið, fyrr en kæmi frv. frá þeirri nefnd, sem hefur þessi mál til meðferðar. Álit frá mþn. var ekki til 15. febr., og þá borið við, að komið hefðu fram brtt. um þetta atriði. Við erum tveir í allshn., sem viljum láta málið koma fyrir þingið, að vísu í örlítið breyttu formi, en þar sem svo lítur út, sem svo margir fylgi meiri hlutanum að málum, töldum við það þýðingarlaust að bera það fram. En ástæðan til þess, að álit hefur ekki komið frá mþn., er sú, að ágreiningur er í n., að því er formaður hennar segir. En ég er ekki á móti því, að frv. sé tekið þeim tökum, sem hv. þm. Barð. lagði til.

Forseti (ÞÞ): Þar sem þetta mál hefur dregizt svo lengi, tók ég það einu sinni á dagskrá, og var það þá afhent n. aftur, og var þá nál. lofað fljótlega. En það er ekki komið enn, og sé ég mér þá ekki fært annað en að verða við tilmælum hv. þm. Barð. og taka málið á dagskrá, áður en þessi vika líður, hvort sem komið hefur nál. eða ekki.

Á 98. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr. (A. 12, n. 538).

Forseti (ÞÞ): Of skammt er liðið frá útbýtingu nál. minni hl. á þskj. 538, og mun ég leita afbrigða.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vildi benda á, að hér liggur aðeins fyrir nál. minni hl. allshn. og hvort ástæða væri til að taka málið á dagskrá fyrr en nál. meiri hl. liggur fyrir. Ég vil ekki út af fyrir sig neita um afbrigði, en gæti ekki orðið samkomulag um að bíða þar til meiri hl. hefur skilað áliti sínu og forseti gæfi frest í málinu?

Forseti (ÞÞ): Þetta mál hefur áður verið á dagskrá og þá gefinn frestur í því. Nú síðast á mánudaginn var um það rætt utan dagskrár, og sagðist ég þá mundu taka málið á dagskrá í þessari viku. Nú mun þetta vera síðasti fundur d. í þessari viku, og vil ég ekki brigða það mál, en ef samkomulag verður um það, mun ég ekki ófáanlegur til að veita frest, en það hafa ekki komið fram óskir frá meiri hl. Minni hl. hefur skilað áliti, svo að ég sá ekki ástæðu til annars en leita afbrigða.

Gísli Jónsson: Þetta mál hefur legið hér síðan 10. okt. Það hefur verið margkallað eftir málinu,

og það hafa verið þrír formenn í n., og hefur hún ekki séð ástæðu til þess að afgreiða málið fyrr en nú, að álit minni hl. kom fram. Nú hefur einn nm. tjáð mér, að hann hafi alls ekki séð málið, og get ég vel fallizt á, að málið sé tekið út af dagskrá, ef form. n. heldur fund og afgreiðir það, og þykir mér ekki ólíklegt, að það sé þá í fyrsta skipti, sem haldinn er fundur í n. um afgreiðslu þessa máls.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil taka það fram, að ástæðan til þess, að ég óska að fá málinu frestað, er ekki sú, að n. þurfi að kynna sér það, því að nm. hafa haft tækifæri til þess að kynna sér málið, en mér finnst það fullgild rök fyrir beiðni minni, að málinu sé frestað til þess að við getum fengið að kynna okkur málið, þannig að ég teldi það æskilegt, að forseti vildi setja meiri hl. frest, t. d. til mánudags, til þess að við gætum fengið að kynna okkur málið.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Ég skal ekki mótmæla þessum fresti, þó að ég viti ekki, hvort hann hefur nokkra þýðingu. En til þess að það liggi ljóst fyrir, að ég sem form. n. er ekki að tefja þetta mál og hef aldrei gert, þá þykir mér rétt að lýsa yfir því, að ég óska eftir að halda fund um málið nú þegar að loknum þessum fundi, því að ég hef ekki tafið þetta mál, hvorki sem form. né nm.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil ekki blanda mér í nefndarstörfin, en er ekki óviðkunnanlegt, að n. haldi fundi, þegar hún nú er klofin í málinu, og er þá ekki rétt, að meiri hl. hafi málið til umr.?

Gísli Jónsson: Ég held, að það sé eitthvað annað, sem vakir fyrir hæstv. utanrrh. en að fá eitthvað að vita um málið, því að hann hlýtur að vita eitthvað um það, þar sem hann hefur farið með það í 2 ár. Málið hefur tafizt í n. frá formlegri afgreiðslu í 3 ár, 2 ár undir hans stjórn og í vetur undir stjórn annars. Það er ekki hægt að ætlast til, að ég beygi mig undir þetta, en mér finnst rétt að gefa form. tækifæri til að ræða við þá nýju nm. í n.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég verð hér að svara til sakar. En hv. þm. Barð. (GJ) hefur hér ruglað saman eins og áður meðferð málsins og því, hvernig hann álítur, að efnisleg afgreiðsla málsins eigi að vera. Á undanförnum þ. hefur málið verið afgr. með rökst. dagskrá, eftir að búið hefur verið að athuga það. Ástæðan til þess, að málið hefur dregizt, er ekki sú, að það hafi verið látið dragast og ekki, að það hafi verið legið á því, heldur sú, að starfandi hefur verið mþn. til þess að endurskoða útsvarsl., sem átti að skila störfum í fyrravetur, og n. áleit ekki óskynsamlegt að fresta að taka afstöðu um þetta atriði, þangað til álit mþn. lægi fyrir, og var það í ætluninni um þetta, sem málið var dregið. En ég skal játa, að nýtt viðhorf kom fram, eftir að dregizt hafði fram á sumar, að mþn. skilaði af sér, því að nm. álíta, eftir að þeir taka sæti í niðurjöfnunarn. Rvíkur og Hafnarfjarðar, að þeir muni hafa svo mikið að gera, að þeir geti ekki skilað fyrr en í sumar, og þá er rétt að athuga, hvort hægt er að afgreiða málið frá þessu þ., annaðhvort sem ályktun eða með rökst. dagskrá.

Hitt fyndist mér fróðlegt, að fá frekari gögn um það, hvað n. hefur hugsað sér um þetta atriði, því að þótt hún sé ekki búin að skila áliti, þá er hún búin að vinna í þessu í marga mánuði, og skilst mér, að það gæti orðið mjög til upplýsingar fyrir d., hvort þessi breyt., sem hér er hreyft, muni verða í samræmi við þær till., sem hún gerir, og mundi ég skora á n. að afla þessara upplýsinga, um leið og ég skora á hana að hafa alla varúð við afgreiðslu málsins, því að ég held, að málið sé flutt af misskilningi og held, að þetta sé ekki það, sem fyrir þm. vakir. Það skiptir því ekki miklu, hvort málið er tekið á dagskrá eða ekki.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Ég vil ekki eyða tíma í að ræða þetta mál eða söguna um afgreiðslu þess, en það er aðeins eitt í ræðu hæstv. utanrrh., sem ég vildi minnast á. Hann spurði, hvort n. hefði ekki klofnað, og sá ekki ástæðu til að halda fund um málið. Þegar meiri hl. vildi bíða eftir afgreiðslu mþn., gerði minni hl. ráð fyrir, að það væri sama og að salta málið, og kom í ljós, að drátturinn varð lengri en meiri hl. hafði gert ráð fyrir. En ef bíða á eftir áliti mþn., þá er augljóst, að svo mikill dráttur verður á því, að málið fær ekki afgreiðslu á þessu þingi. Hvort n. sé að klofna, getur verið misskilningur hjá mér, og afgreiðsla þessa máls var ekki tekin upp að nýju eftir að nýr maður kom í n. En ég áleit, að hann hefði sömu skoðun í málinu og sá, sem fór, þótt ekki lægi fyrir nein yfirlýsing frá honum. Biðin eftir afgreiðslu málsins í mþn. var svo löng, að minni hl. taldi ekki bíðandi eftir því, og virðist hv. þm. Str. gera sér vonir um, að koma hins nýja manns geti skapað meiri hl. um það álit.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 118. fundi í Ed., 15. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég frétti áðan, að hv. allshn. hefði komið sér saman um nýtt álit í þessu máli og að það væri í prentun. Ef þetta er rétt, sem form. n. getur upplýst, óska ég eftir, að málið verði tekið út af dagskrá og því frestað.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Það stóð svo á með þetta mál, að því var frestað fyrir nokkru. Allshn. hefur nú rætt það og komst loks að samkomulagi í morgun, og er nál. nú í prentun. Forseta var tilkynnt þetta áður en fundur hófst. **(Forseti:** Það hefur ekki verið gert). Það er einkennilegt, þar sem það var gert áður en fundur hófst. **(Forseti:** Ég hef ekki heyrt það). En það skiptir ekki máli, þó að forseti heyri illa, ef málið verður tekið út af dagskrá.

Forseti (ÞÞ): Það getur verið, að ég heyri illa, en hv. þm. talar þá líka óskýrt. En ég get orðið við þeirri ósk að taka málið út af dagskrá og fresta umr.

Umr. frestað.

Á 119. fundi í Ed., 16. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 12, n. 538 og 650).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. 650. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Hv. þd. er kunnugt um þann drátt, sem orðið hefur á þessu máli, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að rekja það mál nú. Eins og líka er kunnugt, gaf minni hl. allshn. út nál. fyrir þá sök, að meiri hl. n. vildi ekki afgreiða málið að svo stöddu. Síðan minni hl. n. gaf út sitt álit, hafa tveir fundir verið haldnir í allshn. og n. hefur orðið sammála um að flytja eftirfarandi brtt. við brtt. 538 og mæla með samþykkt frv. þannig breytts. Áður en ég geri grein fyrir, í hverju þessar breyt. eru fólgnar, vil ég rekja tildrög þessa máls nokkuð.

Eins og komið hefur fram, eru þessar till. fram bornar vegna þess, að Hæstiréttur lagði aðra merkingu í 1. málsgr. 8. gr. útsvarslaganna en almenningur og jafnvel löggjafinn hafa gert. Þetta mál er risið út af útsvari, sem leggja bar á h/f Djúpuvík, en það varð ágreiningur um, hvort það ætti að greiðast til Reykjavíkurbæjar eða til hreppsfélagsins þar á staðnum. Nú var Rvík dæmt að vera heimasetur félagsins, vegna þess að eigendurnir eru búsettir þar og þar fer fram mestallt skrifstofuhald félagsins. En þetta finnst okkur ekki alls kostar rétt, því að öll aðsköpun félagsins fer fram á Djúpuvík eða frá Djúpuvík. Nú má að vísu segja, að það sé heimilt að leggja líka á félagið á Djúpuvík, en það er nú, eins og öllum er kunnugt, ýmsum annmörkum bundið að leggja þannig útsvar á í tveimur stöðum, en þó er hitt aðalatriðið, að okkur finnst, að það sé bæði eðlilegt og rétt, að framleiðslustaðir fyrirtækja eins og þessa fyrirtækis eigi tvímælalaust forgangsrétt að útsvari fyrirtækisins. Efni brtt. get ég lesið upp, með leyfi hæstv. forseta, til þess að það verði ljósara fyrir hv. þm., hvað í þeim felst. Það er gert ráð fyrir, að ákvæðin um þetta atriði verði þannig:

„Sé gjaldþegn félag samkvæmt 6. gr. II. 1. tölulið," — það er ekki ætlazt til, að þessar breyt. taki til annarra en félaga, því að þarna er talað um ýmis félög — „skal leggja útsvar á félagið þar, sem það hefur skrásett heimilisfang", — það er það fyrsta — „án tillits til þess, hvar stjórnendur eða framkvæmdastjóri eiga lögheimili," — þetta sigtar á hæstaréttardóminn, sem miðar heimilisfangið að verulegu leyti við það sama — „enda reki félagið atvinnu sína á skrásetningarstað." — Þetta er gert til þess að ekki sé hægt að nota heimilisfang til þess að félög geti látið leggja á sig útsvör þar, sem þeim þyki hentugast, vegna þess að þar séu sveitarþyngsli minnst, heldur sé miðað við skrásett heimili og þá miðað við, að félagið reki atvinnu sína á sama stað og það hefur skrásett heimili. Það er ekki vafi á því að þetta félag, sem minnzt hefur verið á, rekur atvinnu sína á Djúpuvík, og hliðstætt mun einnig hafa átt sér stað um það fyrirtæki, sem hv. flm. mun hafa ætlazt til, að ákvæði frv. tækju til og hann hefur haft í huga. En svo er áframhaldið í brtt. „Ef slíkt félag rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, má á hverjum stað aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem sá atvinnurekstur gefur." Þetta þarf ekki skýringar við. En hér er verið að reyna að gera ákvæði útsvarsl. skýrari en áður hefur verið um það, að útsvörin séu lögð á þar, eða þaðan, sem teknanna er aflað. Það er miðað við það, að einstakir staðir, hvar sem eru á landinu, geti ekki orðið eins konar hjálenda, sem aðrir staðir taki útsvör af atvinnurekstri á. Og það er miðað við þá skoðun, að þeir staðir hér á landi, sem hafa sérstaka aðstöðu til arðbærs atvinnurekstrar, eigi einnig að njóta útsvarstekna af þeim atvinnurekstri, sem þar er rekinn, en að aðrir staðir geti ekki hirt þær útsvarstekjur á óeðlilegan hátt, með því t. d. að miða útsvarsálagningu við það, hvar forstjóri félagsins er búsettur eða stjórnarnefndarmenn félagsins.

Við vorum fjórir mættir á fundi í allshn., þegar þessi brtt. var samin, en einn hv. nm., 7. landsk., skrifaði undir nál. og brtt. með fyrirvara. En ég geri ráð fyrir, að sá fyrirvari sé e. t. v. miðaður við það, að hann var ekki á fundinum. Hann mun hafa hugsað sér að bera fram till. um viðtækari breyt. á útsvarsl., sem snerta önnur atriði þeirra l. Hv. 7. landsk. þm. getur að vísu komið þessum brtt. að við 3. umr. En mér er kunnugt um, að þessum hv. þm. var áhugamál að koma þessum brtt. að.

Með þessum orðum held ég, að ég hafi gert grein fyrir þeim brtt., sem hér eru fram bornar. En ég hef ekki minnzt á það, að við gátum í n. ekki fallizt á þau ákvæði, sem felast í 2. gr. frv., eins og það er fram borið, um að ekki skuli skipta útsvörum milli sveitarfélaga, ef bæði sveitarfélögin eru innan sama sýslufélags. En þær brtt., sem hv. 7. landsk. hyggst að bera fram, eftir því sem hann tjáði mér eftir að nefndarstörfum var lokið um frv., eru einmitt um þetta atriði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég lýsi yfir, að ég get að fullu fellt mig við þær brtt., sem gerðar hafa verið af hv. allshn. í þessu sambandi. Hvað snertir brtt. við 1. gr., þá eru brtt. við hana í raun og veru í samræmi við það frv., sem ég hef borið fram hér þrisvar sinnum á undanförnum þingum og aldrei hefur fengizt samkomulag um í n. Og þó að hér sé um að ræða nokkuð annað orðalag, þá er náð í raun og veru alveg því sama, sem ég hef farið fram á, að lögfest yrði. Get ég því verið ánægður með þá brtt. og þakka hv. n. afgreiðsluna á þessari gr. frv.

En ég vildi nú, af því að það eru nú fjórir lögfræðingar í allshn., gjarnan fá það upplýst, hvort það hefur borið á góma í n., hvort það teldist rekin atvinna frá einum stað, að togari kemur þangað einstöku sinnum og kannske að jafnaði til þess að taka vatn og vistir og hafa þar önnur viðskipti, en lætur þar hins vegar ekki afla á land. En út af þessu atriði hefur í raun og veru allur misskilningurinn spunnizt, en ekki eingöngu út af þeim dómi, sem hv. þm. Str. las upp. Og á ég þar sérstaklega við þau dómsatriði, sem voru í sambandi við Suðurfjarðarhrepp og Reykjavíkurbæ. Því að svo er um annað fyrirtæki, sem á togara og á heima í Suðurfjarðarhreppi og hefur haft nákvæmlega sömu stjórn í Rvík, þar sem allar bækur þess hafa verið færðar og allt uppgjör farið þar fram, að það hefur aldrei verið gerð nein tilraun af Reykjavíkurbæ til að leggja útsvar á það félag. En það hefur verið lagt á þetta félag, sem rekið hefur atvinnu vestur í Arnarfirði, en hefur aðeins togarann hér þannig, að hann kemur einstöku sinnum til Rvíkur og lætur hér upp og tekur menn og fer svo til Englands með aflann og selur þar. Og

af því hefur skapazt þessi misskilningur og engu öðru. Og ég vildi fá að heyra frá lögfræðingunum í allshn., hvort það teldist að reka atvinnu á einum stað, þó að togari komi þar við og fái þá afgreiðslu, sem hér hefur verið lýst. Slíkt gæti snert fleiri skip en togara, t. d. vöruflutningaskip, sem skrásett væru norður í Eyjafirði, og stjórn félagsins, sem rekur það, væri í Rvík. Það hefur atvinnu kannske hingað og þangað úti í heimi, losar hér vörur einstöku sinnum, en ekki fremur en annars staðar. Hvar rekur þetta félag annars staðar atvinnu með þessu skipi en þar, sem það hefur heimilisfang? Og hvar er það skrásett annars staðar? Þetta þarf að fá upplýst. — Og dómurinn viðkomandi Djúpuvík var út af togara, en ekki rekstri síldarverksmiðju. — Og ríkisskattanefnd hefur skilið þetta ákvæði l. mjög einkennilega. Hún gaf úrskurð um það einu sinni, að það skyldi leggja á eignaútsvar þar, sem þetta félag á lögheimili, en tekjuútsvar skyldi lagt á í Rvík, því að þar væri bókhaldið. Næsta ár snýr hún þessu við, og þá skal frá Rvík lagt fullt útsvar á tekjur og eignir þessa félags og einnig fullt útsvar í Suðurfjarðahreppi. Það virðist því ekki ótímabært að gera nú þessi ákvæði útsvarsl. svo skýr, að ekki þurfi menn að standa í málaferlum út af ákvæðum þeirra.

Ég get fellt mig við það, að 2. gr. frv. verði felld niður, af því að ég veit, að það eru uppi háværar raddir um það að fella niður skiptingu útsvara. Og ég veit persónulega, að það er það, sem hv. 7. landsk. þm. ætlast til, að sé gert. Ég skal á þessu stigi málsins ekkert fara inn á þetta atriði. Þessi gr. var sett hér inn fyrir mjög eindregin tilmæli sýslunefndar Barðastrandarsýslu, þar sem hún sagði, að þetta atriði væri valdandi deilum í sýslunni. Og hún hafði mikið til síns máls, því að nú á þessum tímum hafa sveitir sumar verið alveg þurrkaðar að ungum mönnum, sem farið hafa til að vinna við atvinnurekstur t. d. á Patreksfirði og Bíldudal. Þeir hreppar hafa fengið tekjur af atvinnu þessara manna, en hrepparnir heima fyrir tapað útsvarinu af fólkinu.

Af því að þetta frv. var lagt fram snemma á þinginu, — því var vísað til n. 16. okt., — vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann vilji hraða þessu máli. Það hefur verið níðzt á sumum aðilum árum saman fyrir það, að þessi leiðrétting hefur ekki fengizt á útsvarsl., sem hér er farið fram á, að gerð verði. Og það er mjög mikils virði fyrir þá aðila, að því verði hætt. Ég vil mælast til þess, að hæstv. forseti hafi helzt annan fund í dag, að þessum fundi loknum, til þess að hægt verði að afgreiða málið frá þessari hv. d. í dag, því að það er nauðsynlegt, að málið verði afgr. á þessu þingi. Ég ætla ekki að deila á hv. n. fyrir að halda málinu hjá sér. En ég vænti þess, að hæstv. forseti sýni allan áhuga á að hraða afgreiðslu þessa máls svo sem kostur er á.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar til að fá útskýringu n. á atriði, sem ekki beint kemur fram í brtt., en má skilja af henni samt sem áður. Það er viðvíkjandi því, þegar fyrirtæki skrá sig á stöðum, sem þau aldrei koma á og engin viðskipti hafa við á neinn máta, nema bara skrá sig þar. Og þau tilfelli eru mörg. Hér er sagt í brtt.: „enda reki félagið atvinnu sína á skrásetningarstað.“ En hvað þá, ef þau reka ekki atvinnu sína á skrásetningarstað? Er það ekki samt sem áður löglegt heimili, þar sem þau eru skrásett? Það er það, sem þarf að athuga, að það eru nokkuð mörg atvinnufyrirtæki og einstaklingar, sem telja sig eiga heima þar, sem þau aldrei koma og hafa engin viðskipti, heldur bara skrá sig þar. Og þessi sveitarfélög, þar sem þessir aðilar eru skrásettir að eiga heima, gera kröfur um að mega leggja útsvör á þessa aðila, og þau fá það ekki, sé um gerviheimili að ræða. Ég skal ekki nefna nein dæmi, þó að ég gæti nefnt dæmi héðan og þaðan af landinu, frá Austurlandi og Vesturlandi, þar sem félög, sem hafa allmikla rekstrarumsetningu, eitt eða tvö svo að skiptir milljónum, telja sig eiga heima á öðrum stöðum en þar, sem þau reka atvinnu, og þar hefur verið lagður á þau partur af útsvarinu, sem þau hafa talið sig eiga heima. Það eru þessi gerviheimili, sem mér þykja leiðinlegust og erfiðast er við að eiga. Og þar sem verið er að eiga við að breyta þessum l. viðkomandi heimilisfangi atvinnufyrirtækja og atvinnurekenda, þá virðist mér eðlilegt, að athugað sé, hvort ekki á að koma þessum gerviheimilum undir hnífinn. Þau eru ekki nema bara skálkaskjól, — t. d. þegar útgerðarmaður í Rvík telur sig eiga heima suður í Garði, en kemur þar svo aldrei, heldur er hér og rekur atvinnu héðan. Það hefur komið fyrir tvívegis, að samningur hefur verið fyrir fram gerður við hreppsnefnd af atvinnurekendum, um að þeir fengju að eiga heimili í vissum hreppum með því að borga vissa upphæð til hreppsins í útsvar. Ég tel ekki rétt, að þetta megi eiga sér stað. Þó að þessi gerviheimili verði að teljast heimili með tilliti til l., og viðkomandi heimilissveit verði þess vegna að fá hluta af útsvörum viðkomandi aðila, þá eru þetta í raun og veru ekki nein heimili og ekki einu sinni heimaseta. Ég vildi vita, hvort hv. allshn. hefur athugað þetta, og hvað hún hefur hugsað um þetta, ef hún hefur athugað það.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. spurði um, hvernig mundi verða litið á það, ef þessi ákvæði yrðu að l., sem n. leggur til, og hvernig það mundi verða skýrt, ef millilandaskip hefði aðsetur úti á landi þannig, að það væri þar skrásett, kæmi til Rvíkur við og við til að setja upp og taka menn og hefði aðra afgreiðslu, en atvinnu kannske einhvers staðar úti í löndum. Ég get náttúrlega ekki svarað þessu til neinnar hlítar, vegna þess að það er ekki farið inn á það hér í brtt., og verður ekki gert í útsvarsl., nema með miklum breyt. á þeim l., ef það þá verður gert, að skýra það í l. sjálfum, hvað telst að reka atvinnu á tilteknum stað eða frá tilteknum stað. Ég get þess vegna ekki farið inn á að skýra það neitt verulega og eiginlega alls ekkert. En vitað mál er það, að flest skip koma við hér í Rvík, sem hér við land sigla, þó að manni virðist ekki eðlilegt að líta svo á þrátt fyrir það, að rekstur þeirra sé héðan, ef þau eru annars staðar skrásett og hafa fyrst og fremst þaðan atvinnurekstur sinn. Annars er ekki hægt að neita því, að þá gæti komið til athugunar síðasta málsgr. brtt. n., sem er um skiptingu á útsvörunum, ef hér í Rvík er um svo miklar viðkomur skipa að ræða, að dómstólarnir telji, að hægt sé að líta svo á, að atvinnurekstur sé rekinn

héðan, þó að fyrirtækið, sem rekur hann, sé skrásett annars staðar.

Viðkomandi því, sem hv. 1. þm. N-M. spurðist fyrir um, um skrásetninguna, þá er það alveg auðsætt, eins og ég tók fram hér í frumræðu minni um þetta mál, að samkv. 1. málsgr. 8. gr. útsvarsl. skal þar leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann hefur heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Þessi tilfelli gætu komið fyrir bæði um einstaklinga og félög. En þessi ákvæði, sem hér liggja fyrir til umr., þau grípa aðeins til félaga, því að hér segir: „Sé gjaldþegn félag samkvæmt 6. gr. II 1. tölul., skal ..“ o. s. frv. En þessi ákvæði taka ekki til einstaklinga, það er vitað mál, og það af þeirri ástæðu, að þetta er aðeins bráðabirgðabreyt. á útsvarsl., sem á að ná því að leiðrétta þá skekkju, sem hefur átt sér stað samkv. þeim dómi hæstaréttar, sem ég las upp, og í hliðstæðum tilfellum, sem hafa komið fyrir viðvíkjandi félögum. Að því er snertir einstaklinga, þá standa ákvæði útsvarsl. um þá óhögguð eins og þau hafa verið þrátt fyrir breyt., sem hér er lagt til að gera, og eru þau ákvæði í 1. mgr. 8. gr. l. um útsvör frá 1945. Það er vitað mál, að það eru miklu fleiri ákvæði í útsvarsl. en þetta, sem hv. þm. minntist á, sem þyrfti að laga og leiðrétta, og það ætti að vera verk þeirrar mþn., sem að þessu máli starfar, að gera till. um þær leiðréttingar og lagfæringar. En mér er sagt, að sú n. sé ekki sammála um veigamikil atriði. Hins vegar á þessi breyt., sem hér liggja fyrir till. um, aðeins að taka til þessa eina tilviks, sem hér hefur verið um rætt og ég hef bent á og er nákvæmlega hnitmiðað í fyrstu setningu þessarar brtt., sem hér liggur fyrir. Það er sjálfsagt alveg rétt hjá 1. þm. N-M., að það mun vera talsvert algengt, að menn misnoti þessi ákvæði 1. málsgr. 8. gr. útsvarsl. með því að láta skrá heimilisfang sitt þar, sem þeir geta komizt af með að greiða lægri útsvör en ef það væri skráð þar, sem þeir sömu menn dvelja. En það er ekki til þess ætlazt út af fyrir sig með flutningi þessa máls, að þessi lagabreyt. taki til þess atriðis.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér sýnist, að brtt. sú, sem hér liggur fyrir, sé áreiðanlega til bóta á útsvarsl., og að ef hún yrði samþ., mundi hún leiða til þess, að félög yrði að greiða útsvör þar, sem þau nota atvinnuaðstöðu sína til atvinnurekstrar.

Út af hinu atriðinu, sem hv. 1. þm. N-M. minntist á, að einstakir menn skráðu heimilisfang sitt annars staðar en þar, sem þeir hafa atvinnurekstur, og fyrirspurn hans um þetta til n., vil ég segja nokkur orð. — Ég minnist þess, að það hafa verið fleiri en eitt tilfelli á Ísafirði þannig, að ménn hafi skráð lögheimili sitt annars staðar en þeir hafi rekið atvinnu sína, sem þeir hafa rekið á Ísafirði. Við Ísfirðingar höfum hiklaust lagt útsvör á atvinnu þessara manna þar, og síðan höfum við heimtað úrskurð um heimilisfangið. Ég man t. d. eftir útgerðarmanni, sem skráði lögheimili sitt á Ingólfsfirði, en hafði mikil fiskkaup á Ísafirði. Það var úrskurðað, að það væri sýndarheimili, sem hann hefði á Ingólfsfirði, og það var dæmt þannig, að útsvar hans færi til Ísafjarðarkaupstaðar. Og ég hygg, að ákv. l. séu þannig, að hægt sé yfirleitt að fá úr slíkum málum skorið á þennan hátt, ef eftir því er gengið. A. m. k. hefur þannig fengizt úr þessu skorið alveg hreinlega í þeim tilfellum, þegar við höfum fengið úrskurði um sýndarheimilisfang, er varða útsvarsgreiðslur til Ísafjarðarkaupstaðar. Það er því nokkur vafi um það, hvort gera þarf breyt. á útsvarsl. út af slíkum tilfellum, sem ég hef getið um, varðandi einstaka menn. Ég held, að það séu næg fordæmi til að sanna það, að svo er litið á, að útsvar skuli greiðast þar eða þangað, sem atvinnurekstur er rekinn, ef viðkomandi atvinnurekandi kemur ekki á þann stað með neinn atvinnurekstur, þar sem hann hefur látið skrá lögheimili sitt. Mér er ekki kunnugt um neinn úrskurð eða dóm, sem sé í aðra átt. En hins vegar er mér kunnugt um fleiri dóma, sem fengizt hafa til úrskurðar á þann veg, sem réttlátt virðist vera.

ATKVGR.

Brtt. 650 (við brtt. 538,1, ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 538,2 (2. gr. falli niður) með 9 shlj. atkv.

— 538,3 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 538,4 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Á 120. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 664, 675).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 675. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Þegar þetta mál var til athugunar í allshn. þessarar hv. d., skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur, þegar málið var til 2. umr., til þess að gera grein fyrir fyrirvara mínum. Mér þykir því rétt að fara um hann nokkrum orðum nú hér við þessa umr., um leið og ég geri grein fyrir þeim brtt., sem ég hef borið fram, enda eru þær fram komnar í framhaldi af þessum fyrirvara mínum. Ég skal taka fram strax, að ég fyrir mitt leyti hef ekkert við þá brtt. að athuga, sem allshn. hefur borið fram. Ég get verið henni fyllilega samþykkur, og sé ekkert því til fyrirstöðu, að hún verði samþ. Ég sé að vísu ekki, að þessi brtt. geri neina verulega efnisbreyt. á l. Hitt er annað mál, að það kann vel að vera, að af þessari brtt. leiði það, að l. verði skilin og framkvæmd öðruvísi en verið hefur. Og er það að sjálfsögðu vel, ef þessi brtt. veldur þessu, ef samþ. verður, að leiða menn úr þeirri villu, sem sumir hverjir hafa verið haldnir af.

Fyrirvari minn lýtur að því, að ég tel, að á þessu stigi málsins sé óhjákvæmilegt að gera frekari breyt. á l. en n. leggur til að gerðar verði, breyt., sem mér virðist, að hefði átt að vera búið að gera fyrir nokkru síðan og séu nú orðnar svo aðkallandi, að ekki sé hægt að ganga fram hjá því lengur að gera þær, þ. e. a. s. að breyta 9. gr. útsvarslaganna um skiptingu útsvara milli sveitarfélaga. Því að, eins og hv. þdm. er kunnugt, gera útsvarslögin ráð fyrir því, að útsvörum sé skipt á milli sveitarfélaga, ef tekjum þeirra, sem útsvar hefur verið lagt á, hefur verið aflað í fleiri en einu sveitarfélagi. — Þær breyt., sem ég legg til á þskj. 675 og hv. meðflm. minn, að gerð-

ar verði á frv., eru í því fólgnar, að við leggjum til, að hætt verði við skiptinguna á útsvari á tekjum vinnandi fólks, sem vinnur í fleiri en einu sveitarfélagi. Þessa skiptingu viljum við láta alveg niður falla og útsvarið allt renna til þeirrar sveitar, sem lagt hefur útsvarið á. Skal ég nú gera nokkra grein fyrir því, hvaða hugsun liggur á bak við þetta og hvaða ástæður við teljum vera til þess, að þessi ákvæði séu nú felld úr l. Þessi skiptingarákvæði útsvarsl. hafa nú verið í gildi um nokkurn tíma og verið framkvæmd út í æsar, að því er virðist af flestum sveitarfélögum landsins eða öllum. Það hefur komið á þeim tíma, sem þetta hefur gilt, talsverð reynsla á það, hvernig þetta hefur gefizt. Og ég held, að það sé óskipt skoðun allra, sem með framkvæmd þessara ákvæða hafa haft að gera, að þau hafi verið erfið í framkvæmd og að þau gjarnan megi fara úr l. og eigi, eins og nú er komið, engan rétt á sér. Það fyrsta er, að framkvæmd l. sjálf er miklu vinnufrekari og kostnaðarsamari fyrir sveitarfélögin með þessu ákvæði en án þess. Þau þurfa að vera í stöðugum eltingaleik við alla, sem dvelja utan heimilissveitar sinnar, til þess að fá að vita, hve lengi þeir eru á hverjum stað og hve mikið þeir vinna í þessum eða hinum staðnum, til að plokka útsvar af vinnutekjum þeirra. Svo, þegar búið er að fá að vita þetta, er eftir að innheimta og skipta útsvarinu. Þetta fyrirkomulag er erfitt í vöfum, tímafrekt og óþægilegt. En merkilegast er, að þegar útkoman á þessu er athuguð, þá kemur í ljós, að þegar upp er staðið, eru sveitarfélögin svo að segja jafnt sett eftir skiptinguna og þau voru áður. Útkoman hjá öllum þessum sveitarfélögum, sem skipta með sér útsvörum manna, er mjög svipuð á eftir og áður. Þau fá flest öll jafnmikið og þau verða að láta, þó að frá þessu séu nokkrar verulegar undantekningar. Sum sveitarfélög hafa einhvern lítinn vinning af skiptingunni, en önnur tapa nokkru. Ég hef ekki fundið þau sveitarfélög, sem nokkuð verulegt græða á skiptingu útsvaranna. Ég get sagt það um Reykjavíkurbæ, sem maður gæti búizt við, að hagnaðist á þessu, að mér er sagt það af borgarritara, að eins og nú er, skaðist bærinn á þessu. Persónulega er mér kunnugt um, að Seltjarnarneshreppur, Garðahreppur, Mosfellssveit og fleiri hreppar skaðast á þessari skiptingu. Sama er að segja um Ísafjörð, og mér skilst Seyðisfjörð líka. Ég veit ekki, hverjir hagnast á þessu. Einhverjir hljóta það að vera. En mér virðist sveitarfélög hafa lítið upp úr þessu. En skiptingin hefur fyrirhöfn mikla og ergelsi í för með sér. Og mér finnst lítið misst, þó að hætt verði við þetta fyrirkomulag og ákvæðið um skiptingu útsvara látið falla niður. Og ástæður eru nú og hafa verið um nokkurt skeið allt aðrar en þegar þessi lagaákvæði voru sett. Síðan hefur orðið gerbreyting. Þegar þetta ákvæði var tekið í útsvarsl., var hér atvinnuleysi í landinu. Þá var lítil eftirspurn eftir vinnu, en verulegt framboð á vinnuafli, og þá má segja, að eðlilegt væri, að þau sveitarfélög, sem þannig var ástatt um, að aðkomumenn komu þangað og tóku vinnuna frá heimamönnum, gætu fengið tekjur af vinnu þessara aðkomumanna, sem þar unnu, og má segja, að þá hafi þetta ákvæði verið réttlátt. En nú er þetta allt snúið við. Eftirspurn eftir vinnuafli er mikil í samanburði við framboð á vinnu, og miklu meiri en áður. Það er síður en svo, að það sé greiði við það sveitarfélag, sem vinnuafl er tekið frá, að maður, sem þar á heima, vinnur annars staðar. En það er greiði við sveitarfélagið, sem vinnuna fær, að utansveitarmaður vinnur þar, og væri því eðlilegast, að þessum ákvæðum um skiptingu útsvaranna væri beinlínis snúið við, þannig að þau sveitarfélög, sem fá vinnuaflið til sín, ættu að greiða þeim sveitarfélögum, sem hafa látið vinnuaflið af hendi, álag á útsvarsgreiðsluna beinlínis sem þóknun. Og þetta er beinlínis ástæðan til þess, að ég og hv. meðflm. minn berum fram þessa brtt. Það virðist næsta óeðlilegt og ósanngjarnt, að sveitarfélög, sem hafa næga vinnu fyrir allt sitt heimafólk, verði fyrst að sjá á eftir heimamönnum sínum í burtu í önnur sveitarfélög, þó að þau eigi óleyst verkefni heima hjá sér, og þurfi síðan að greiða með þeim til annarra sveitarfélaga, sem hafa náð í vinnuafl þeirra til sinna afnota. Mér virðist þetta óeðlilegt og eiga að falla niður undir öllum kringumstæðum.

Ég sé að svo stöddu ekki ástæðu til að taka fleira fram um þetta. Ég var að vísu hér með brtt. til vara. Ég sé ekki ástæðu til að hreyfa henni alveg strax. Ég ætla að sjá, hvernig undir þessar brtt. mínar verður tekið, og láta fara eftir atvikum, hvort ég geri nokkrar varabrtt. í málinu.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Hv. 7. landsk. þm. hefur nú gert grein fyrir þeirri brtt., sem hér er fyrir til umr. Ég skal ekki á þessu stigi málsins fara út í það að rökræða við hann um það, hvort það er rétt, sem hann heldur fram, að flestallir aðilar, sem þessi skipting á útsvörum varðar í framkvæmdinni, telji hagkvæmt, að þetta ákvæði um skiptingu útsvara falli niður úr l. En ég stóð upp af því, að mér er fullkomlega ljóst, að það hlýtur einhvers staðar að vera hagnaður af þessari skiptingu. Það mætti gjarnan koma fram, annaðhvort undir umr. eða fyrir atbeina n., hvernig þetta skiptingarákvæði hefur verkað nú á síðustu tímum gagnvart einstökum byggðarlögum. En mín meining er sú með ræðu minni hér að fara fram á það við hæstv. forseta, að þetta mál verði ekki afgr. í dag frá þessari hv. d., heldur verði svo merkilegri brtt. sem þessari vísað til n. til athugunar. Og ég óska um leið, að það liggi þá fyrir umsögn um brtt. frá stöðum, sem n. ætti hægt með að fá fljótt, svo sem frá Reykjavíkurbæ, Hafnarfirði og jafnvel Akranesi og Keflavík og e. t. v. fleiri stöðum. Því að ég tel ekki rétt að breyta svona þýðingarmiklum ákvæðum l., sem menn hafa mikið lagt upp úr á undanförnum árum, án þess að a. m. k. okkur hér, sem eigum að greiða atkv. um þetta, sé ljóst, hvort þessi breyt., ef samþ. væri, er í fullu samræmi við það, sem hv. flm. brtt. lét skína í, að það séu yfirleitt allir komnir á eina og sömu skoðun um þetta. Ég dreg í efa, að svo sé. Ég vil fá frekar upplýst um það, áður en gengið er til atkv. um þessa brtt. Ég fer því mjög eindregið fram á það við hæstv. forseta, að málinu verði nú frestað, svo að n. geti athugað það frekar með tilliti til brtt. þeirrar, sem fram hefur komið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af þeirri ósk, sem fram hefur komið frá hv. 1. landsk. þm., vil ég leyfa mér að benda á, sem sjálfsagt þarf ekki að benda hæstv. forseta á, að þetta er þriðja árið, sem þetta frv. er borið fram hér á hæstv. Alþ.,

þ. e. a. s. aðalfrv. Og þetta er þriðja árið, sem hv. 7. landsk. þm. á, að ég hygg, sæti í n., sem hefur lagzt á málið öll þessi ár. Og þó að þetta mál hafi verið svo oft fyrir hæstv. Alþ., þá hefur þessi hv. þm. aldrei haft áhuga fyrir að koma með þessa brtt. fyrr en nú, þó að ég hafi bent á þetta í umr. þá, sem hann færir sem rök fyrir brtt. Hann hefur ekki skilið þetta fyrr en nú. Ég væni þennan hv. þm. ekki um, að hann beri þessa brtt. fram nú til þess að koma málinu fyrir kattarnef, þó að svo líti út, að brtt. sé borin fram til þess að stöðva nú þetta mál. Ég fór fram á það að skipta ekki útsvörunum, ef báðar sveitir, þar sem unnið er og heimilissveit, eru innan sama sýslufélags, einmitt af þessum ástæðum, sem hv. 7. landsk. tók fram. Og ég hef fært rök fyrir þeirri till. minni. En þá áleit þessi hv. þm. hvorki nauðsynlegt að fella niður þá skiptingu né heldur hitt, að fella niður alla skiptingu á útsvörum, því að hvorki kom hann með þessa brtt., sem hér liggur fyrir og ég álít hárrétta, né heldur till. um að fá breyt. á þessu í meginatriðum, sem fyrir mér hefur vakað öll þessi ár. Ég vil því mælast til þess, að hæstv. forseti afgreiði þetta mál í dag. Það er búið að liggja í þessari hv. d. síðan í október í haust. Og ef hv. n. hefur ekki haft tækifæri til þess að athuga þetta mál síðan 10. okt., þegar málið kom fram, þá held ég, að hún athugi þetta mál ekki mjög gaumgæfilega það sem eftir er af þingtímanum. Kannske er beðið um frestun á afgreiðslu málsins til þess að drepa málið. Og ég vil, að hv. 7. landsk. þm. taki aftur sína brtt. Hans syndir eru nægilegar í sambandi við þetta mál, þó að hann ekki á síðustu stundu geri tilraun til þess að drepa málið hér. Hins vegar er hv. 7. landsk. þm. vel kunnugt um það, að allshn. hefur á undanförnum þingum hvað eftir annað vísað málinu frá af þeirri ástæðu, að hér sæti n. til þess að athuga öll útsvarsl. í heild. Og þetta atriði, skipting útsvara, er einmitt það mál, sem sú n. kemur sér minnst saman um. Þetta er það langstærsta deiluatriði í umr. um útsvarslöggjöfina, og ég er ekki í vafa um, að ef þessi d. samþ. þessa brtt. nú, þá er útilokað, að málið fái samþykki í Nd. á þessu þingi. En ég er þó sammála hv. 7. landsk. þm. um það, að þetta ætti að breytast í l., sem hann ber fram brtt. um nú. En mér skilst, að á næsta þingi eigi að koma gagngerð athugun á þessum l. öllum, og þá getur þetta atriði beðið þess tíma. Þó að ég því efnislega sé samþykkur þessum brtt. hv. 7. landsk. þm., mun ég greiða atkv. á móti brtt., af því að ég vil ekki láta það dragast að samþ. efni aðalfrv. — Ég mælist því mjög eindregið til þess við hæstv. forseta, að hann ljúki afgreiðslu málsins nú á þessum fundi.

Forseti (ÞÞ): Ég mun mikið fara eftir till. hv. flm. málsins og till. hv. form. allshn., hvað hann leggur til, hvort hann telur nauðsynlegt að hafa frest eða ekki á afgreiðslu þessa máls, þegar þar að kemur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil fyrst benda á, að ef fella á niður skiptingu á útsvörum og taka út úr útsvarsl. þau ákvæði, sem eru um það efni, þá þarf að gera á þeim fleiri breyt. en þessar tvær, sem hér er um að ræða. Hins vegar held ég, að þessar breyt. séu ekki þess eðlis, að þær eigi að ná fram að ganga. Ég bendi á það, að það er ákaflega algengt, að skipting útsvara er felld niður, þó að hún ætti að réttu lagi eftir l. að framkvæmast, af því að hreppurinn, heimasveitin, sem maðurinn á heima í, sem útsvar hjá ætti að skiptast hjá, gleymir að gera kröfu um skiptinguna í tæka tíð. Ég veit ekki, hve mikil brögð eru að þessu. En ég veit, að til ríkisskattan. koma margar útsvarsskiptingar, sem undirskattanefndir eru búnar að framkvæma, en hafa orðið að falla niður og ógildast, vegna þess að kröfurnar um skiptinguna hafa ekki verið gerðar í tæka tíð. Þó að þessi lagaákvæði um skiptingu útsvara hafi staðið nú nokkuð lengi, þá hafa menn ekki lært að nota þau til fulls. Þeim skiptingarkröfum, sem komið hafa til ríkisskattan., má skipta í þrennt: Í fyrsta lagi eru þær viðkomandi embættismönnum, sem búa annars staðar en þar, sem þeir hafa embættisrekstur sinn, og hafa öll laun sín í annarri sveit en þar, sem þeir eiga heima. Embættismenn, sem hafa skrifstofur í Rvík, búa ýmsir í Hafnarfirði eða frammi á Seltjarnarnesi eða uppi í Mosfellssveit o. s. frv. Og embættismenn, sem hafa skrifstofur á Akureyri, eiga kannske heima í Hrafnagilshreppi. Útsvörum þessara manna er alltaf skipt, og ég get ekki séð, að sú sveit, þar sem þessir menn eiga heima, eigi að fá allt útsvarið frá þeim. Mér finnst alveg eðlilegt og sjálfsagt, að þessi skipting haldist á útsvörum þessa stóra hóps manna, sem þarna er um að ræða. Og kröfur um skiptingu útsvara þeirra eru löngu hættar að koma til ríkisskattan., því að ekki er neitt karp út af þeirri skiptingu lengur. Og alltaf kemur eitthvað fyrir af svona mönnum, sem alveg liggur ljóst fyrir, hvernig eigi að skipta útsvörum frá. Heimasveit á þar að fá eignaútsvarið og ⅓ hluta af tekjuútsvarinu. Þetta er reglan, sem fylgt er. — Þá kemur annar hópur manna, sem eru barnakennarar. Það eru árlega margir barnakennarar, sem settir eru hingað og þangað eitt ár í stað, og er gerð krafa um að fá hluta af útsvari þeirra til þeirrar sveitar, þar sem þeir kenna. Það má segja, að þessir menn séu meiri farfuglar en hinir embættismennirnir, sem ég nefndi, og geri minna til um, hvar þeirra útsvör lenda. Þó finnst mér reyndar sama gilda um þá og hina embættismennina, að þar, sem þeir hafa sínar tekjur, eigi þeir að greiða hluta af útsvarinu. Þessir menn hafa venjulega tekjur á fleiri stöðum sama árið, venjulega tekjur í heimilissveitinni líka. — Þá kemur þriðji hópurinn manna, sem eru menn, sem fara í atvinnuleit, aðallega úr sveitum til kaupstaðanna, og kaupstaðirnir gera svo kröfur um að fá hluta af útsvari þeirra, þegar þeir vinna þar utan sinnar heimilissveitar. En það lágmark, sem þessir menn verða að vinna sér inn utan heimilissveitar, til þess að til greina komi skipting á útsvörum þeirra eins og nú er, er, ef ég man rétt, um 9 þús. kr., þegar með er talin vísitöluhækkun á kaupi. Nú er algengt, að krafa kemur frá heimilissveit manna, sem vinna þannig utan heimilissveitar, af því að haldið er, að þeir hafi náð því að vinna fyrir þessari upphæð utan sinnar heimilissveitar á einhverjum sérstökum stað, en menn hafa ekki náð þar þessari tekjuupphæð. T. d. eru nú kröfur frá hreppi norður í landi, þar sem krafizt var úrskurðar á skiptingu, sem yfirskattan. hafði gert um þrjá menn. Tveir höfðu ekki þetta tekjuhá-

mark, og skipting á útsvörum þeirra kom ekki til greina, en einn hafði það. Þessir menn höfðu allir dvalið fjarri heimilissveit sinni megnið af árinu og aflað tekna hér og þar, en tveir þeirra hvergi svo hárra, að skipting á útsvarinu kæmi til greina.

Ég held, sem sagt, að það sé sjálfsagt að halda áfram að skipta útsvörum. Og ef því væri allt í einu hætt, þá mættum við eiga alveg víst, að um leið mundu þjóta upp gerviheimili í sveitum landsins, ef menn héldu, að útsvör þar væru léttari en þar, sem þeir raunverulega ættu heima. Þau hafa verið mörg dæmin áður, þar sem menn hafa talið sér heimili, en ekki átt það, heldur haft það sem skálkaskjól, til þess að komast hjá opinberum gjöldum. En ef útsvörum er skipt, minnkar hagnaðurinn af gerviheimilunum og hverfa líkurnar að verulegu leyti til þess, að þau verði höfð sem skálkaskjól til að spara sér að gjalda opinber gjöld. En ef ekki mætti skipta útsvörum, mundu gerviheimilin þjóta upp eins og gorkúlur á haug. Þá yrðu menn hér í Rvík ekki lengi að hugsa sig um að eiga heima frammi á Seltjarnarnesi eða annars staðar utan bæjar, til þess að létta útsvarsbyrði sína.

Hitt er annað mál, að það er eitt atriði í sambandi við þetta, sem mikið þarf að athuga, sem mþn. mun sjálfsagt athuga, og það eru menn, sem eru á togurum og öðrum skipum. Það er náttúrlega nú farið að finna upp á því, að til þess að ná ekki tímanum, sem talað er um í 9. gr. l. um það, að ef maður er ekki skráður nema í 3 mánuði á skipi, þá gilda aðrar reglur um útsvarsgreiðslu hans, — það er farið að finna upp á því nú að slíta skrásetningartímann í sundur, láta menn inn á milli ekki vera skráða í 8 daga. — Það eru mörg atriði, sem þarf að breyta, ef farið er að breyta útsvarsl. á annað borð, sem n. mun vafalaust taka til athugunar og gera. En ég tel, að þessi eina breyt. út af fyrir sig, sem hér er gerð till. um, sé fyrst og fremst ekki næg og í öðru lagi tel ég hana óréttláta og alls ekki rétt að láta ekki atvinnusveit hafa hlut af útsvörum manna. Því að það segir sig sjálft, að atvinnusveit, sem verður að sjá um það, sem atvinnulífið þarf, eins og vegi og kannske bryggjur o. fl. o. fl., verður að geta lagt útsvör á þá atvinnu, sem rekin er í sambandi við þau mannvirki, sem hún hefur lagt í kostnað við að koma upp og halda við. Það liggur í hlutarins eðli. Ég tel þessa breyt. á l. óréttláta og að það eigi að fella hana.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. veik nokkrum orðum að mér, m. a. út af þeim drætti, sem orðið hefði á því, að þetta mál yrði afgr. hér. Ég þykist ekki þurfa að svara þessum ummælum nú. Þeim hefur verið svarað áður. Þessi hv. þm. veit vel, að ástæðan til þess, að málið hefur ekki verið afgr. til þessa, er sú ein, að fram hefur farið heildarendurskoðun á útsvarslöggjöfinni. En það hefur dregizt svo lengi, að lokið yrði þeirri endurskoðun, að Alþ. er orðið uppgefið á að bíða eftir henni, og þess vegna hefur orðið að ráði, að menn vilja ganga inn á að gera nú nokkrar bráðabirgðabreyt. á útsvarslöggjöfinni. Annars er það næsta undarlegt hjá hv. þm. Barð. að fara að ráðast að mér fyrir þessa brtt. mína. Hann segir, að hann vilji að vísu ekki halda því fram, að ég væri að reyna að koma málinu fyrir kattarnef með því að bera þessa brtt. fram. Mér finnst sízt sitja á hv. þm. Barð. að deila á mig fyrir að bera þessa till. fram, þegar þess er gætt að í minni till. felst að miklu leyti það sama, sem hv. þm. Barð. sjálfur hefur lagt til, en meiri hl. allshn. ekki viljað taka upp. Ég hefði frekar búizt við því, að hv. þm. Barð. þakkaði mér og styddi mig af alhug fyrir undirtektirnar en að hann deildi á mig fyrir að taka undir till., sem hann hefur sjálfur borið fram.

Hv. 1. þm. N-M. taldi sig tala á móti þeim brtt., sem ég hef borið fram. Fékk ég þó ekki séð, að uppistaðan í ræðu hans væri annað en meðmæli með till. Niðurstaðan varð þó sú, að hann lagði á móti till., þó að forsendurnar, sem hann kom með, væru á þann veg, að þær mæltu með minni till. Hv. þm. gat þess m. a., og átti það að vera rök fyrir afstöðu hans, að enda þótt ákvæðið um útsvarsskiptingu væri búið að vera í l. yfir 10 ár, þá ættu flestir ekki að því að búa enn þá, og hann spurði, hvað þessi l. ættu að gilda lengi til þess að hægt væri að framkvæma þau. Hv. þm. tók það fram, eins og rétt er, að mörg sveitarfélög töpuðu útsvörum vegna þess, að þau hefðu ekki tök á því að framkvæma l. réttilega, og þá ekki sízt vegna þess, að það þarf ákaflega mikinn vinnukraft til þess að vinna að þeim undirbúningi, sem þarf til þess að njóta réttinda samkv. l. Þetta væri sveitarfélögunum um megn og þess vegna væri ástandið þannig í dag, að sveitarfélögin hefðu ekki rétt á því að framkvæma l. réttilega. Nú finnst manni, að hv. 1. þm. N-M. hefði átt að draga þá ályktun af þessum forsendum að beita sér fyrir að afnema þessi óframkvæmanlegu lög.

Hv. þm. minntist á það ákvæði, að ef menn eru 3 mánuði í skiprúmi, þá ættu þeir að greiða hluta af útsvari, en ef þessi tími styttist, þá félli útsvarsskiptingin niður. Nú væri farið að praktisera það að afskrá menn af skipunum rétt áður en 3 mánuðir væru liðnir, til þess að útsvarsskiptingin félli niður. Ég held því, að þetta ákvæði sé ekki til fyrirmyndar og ekki til þess að halda í það, þar sem þannig er frá ákvæðinu gengið, að hægt er að gera það að engu, ef menn vilja haga sig í það að fara í kringum l. og misnota þannig aðstöðu sína. Mér finnst þessi rök hv. þm. benda til þess, að gr. eigi ekki að standa, heldur falla niður.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að útsvarsskiptingin væri réttlát. Það væri réttlátt, að maður, sem býr í Mosfellssveit, en vinnur í Hafnarfirði — það væri réttlátt, að þá ætti Hafnarfjarðarbær rétt á því að fá af útsvari þessa manns. Ég er á öndverðri skoðun við hv. þm. í þessum efnum. Mér finnst, að reynslan hafi sýnt, að það er fengur fyrir sveitarfélag að fá vinnuafl, fengur sem venjulega eigi að greiða fyrir, en ekki að fá meðgjöf með. Ég held, að Hafnarfjarðarbæ sé gerður með þessu svo stór greiði, að bærinn eigi ekki rétt á því að skattleggja Mosfellssveit, heldur eigi hann að greiða Mosfellshreppi fyrir þennan greiða.

Þá minntist hv. þm. á það, að ef útsvarsskiptingin væri felld niður, þá mundi það leiða til skattflótta, menn færu að taka sér búsetu á stöðum, þar sem lægri væru útsvör, þó að þeir ættu heima annars staðar, þar sem útsvör væru hærri og þeir stunda vinnu. Ég held, að engin hætta sé á því, að nein breyt. verði á þessu frá því, sem verið hef-

ur. Útsvarslögin hafa að geyma fullkomin ákvæði um það, hvar menn teljast eiga heima og hvar á menn skuli leggja. Það er ekki hægt að fara í kringum það með yfirskynsbúsetu, ákvæði l. eru skýr og ótvíræð, og þó að menn reyni að búa til tyllibústað, þá á það ekki að vera hægt, ef l. eru sómasamlega framkvæmd. En það er svo hlutverk löggjafarinnar um heimilisfestu að sjá til þess, að slík aðstaða sé ekki misnotuð. Það á að koma í veg fyrir mistök með ýtarlegri ákvæðum í þeim l., en það á ekki að taka upp í útsvarsl. ákvæði um rangláta skiptingu útsvara, sem eins og hv. 1. þm. N-M. tók fram, hefur leitt til þess, að menn eftir 10 ár geta hvorki skilið né framkvæmt l., og er því farið með svikum og prettum í kringum þau.

Frsm. (Hermann Jónasson): Það er sérstaklega með tilliti til þess, að hæstv. forseti minntist á það, að hann mundi fara nokkuð eftir því, sem form. n. leggur til um afgreiðslu þessa máls, að ég sé ástæðu til þess að óska ekki eftir neinni frestun á málinu. Ég sé ekki, að hún hefði neina þýðingu fyrir málið. Mér þykir sennilegt, að sú skoðun, sem kemur fram í brtt. þeirri, sem fyrir liggur frá einum nm., verði ekki breytt, þó að það verði haldinn fundur um málið í n. Það er þess vegna að öllum líkindum ekki til annars en að tefja afgreiðslu málsins nú um stund að fresta því til þess að láta ræða það í n., það yrði að öllum líkindum árangurslaust. Það er rétt, að það hefur verið til athugunar hjá n. og komið þar fram ýmsar raddir um það, hvernig breyt. í þessa átt skyldi fram borin, en það var engin endanleg ákvörðun um það tekin, en þó tel ég, að mér sé það kunnugt, að sá meiri hl. n., sem var til staðar við afgreiðslu málsins (hv. 7. landsk. mætti þar ekki), sé mótfallinn þessari brtt.

Um brtt. er það að segja, að ég sé ekki ástæðu til þess að fylgja þeim, vegna þess að ég legg áherzlu á, að aðalbreyt., sem meiri hl. n. leggur til, komist fram. Ég legg áherzlu á það vegna þess, að ég tel það almennt nauðsynlegt réttlætismál að gera þessar breyt. og þær eru mjög nauðsynlegar fyrir fyrirtæki, þar sem ég hef einnig hagsmuna að gæta. Ég ætla, að um þessa brtt., sem einn nm. flytur, verði talsvert skiptar skoðanir, því að það mun rétt vera, að í þeirri n., sem hefur útsvarsl. til endurskoðunar, sé ágreiningur um þetta atriði. Ég álít nauðsynlegt að gera breyt. á 2. og 3. lið 9. gr. Að því leyti er ég flm. brtt. sammála, en ég er ekki reiðubúinn til þess að segja á þessu stigi málsins, að þær eigi að vera þannig að fella þær niður án þess að eitthvað annað komi í þeirra stað. Ég hef frekar tilhneigingu til þess að álíta, að það sé varasamt að fella þær niður algerlega, þó að það kunni að þurfa að gera á þeim breyt.

Afstaða mín verður þessi: Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fram á frestun, og í annan stað mun ég greiða atkv. gegn þessari brtt., sem hér er komin fram, af þeim ástæðum, sem ég hef nú stuttlega gert grein fyrir.

Gísli Jónsson: Hv. 7. landsk. sagði, að ég hefði átt að þakka sér fyrir þessa brtt. Ég vil í sambandi við þetta benda á, hvernig gangur þessa máls hefur verið undanfarið. Honum er ljóst, að félmrn. lét, meðan Finnur Jónsson átti þar sæti, gera miklar athuganir á útsvarsl. Á sama tíma flutti ég hér frv. og óskaði eftir, að allshn. þessarar d. léti ganga atkv. um frv. eða felldi meginatriðin í því frv., sem þá var hér á ferðinni. Hv. 7. landsk. hafði þá engan skilning á því, að 1. eða 2. gr. þyrfti fram að ganga. Ég hafði hvað eftir annað óskað eftir, að þetta mál yrði afgr. frá allshn., og þessi hv. þm. hefur setið í n. og aldrei haft skilning á því fyrr en nú, að þessi hlið málsins þyrfti að afgreiðast. Þegar því n. kemur þannig, óklofin og vill samþykkja 1. gr. óbreytta, en ekki taka afstöðu til 3. gr., vegna þess að hún er ósammála um þetta atriði og 7. landsk. gerir fyrirvara um þetta atriði, — þá er ekkert óeðlilegt, þó að ég álíti, að hér vaki eitthvað annað fyrir hv. þm. en að fá kjarna málsins fram á þessu þingi. Hins vegar getur verið, að hér skorti á bak við þvingun frá hans umbjóðendum, sem hafa meiri möguleika til þess að koma honum í skilning um þetta en mér hefur tekizt, en það á þetta mál ekki að líða fyrir. Ég sé hins vegar ekki, að það sé útilokað, þó að seint sé, að félmrn. biðji allshn. að flytja frv. um breyt. á þessari gr., því að ef fyrir því er fylgi í þinginu, ætti það frv. að geta farið í gegn á skömmum tíma, og vildi ég mælast til þess, að hv. 7. landsk. tæki upp þá aðferð, til þess að fá fullt samkomulag um þetta frv.

Ég vil benda hv. 7. landsk. á það, að núv. dómsmrh. er efnislega á móti þessu máli, bæði 1. gr. eins og hún nú er og till., sem hann ber hér fram, og ég hygg einmitt fyrir það, að hann vill nota öll leyfileg meðul þm. til þess að stöðva málið. Vil ég víta form. n. og alla n. fyrir það, hvernig farið hefur verið með afgreiðslu þessa máls. Hygg ég, að það hafi enginn notað slíka aðstöðu til þess að fara eins með mál, sem er jafnöruggt sem réttlætismál eins og þetta mál til þess að láta það daga uppi. — Út af ummælum hv. 1. þm. N-M. nú um, að það sé farið að taka upp slíka skrásetningu, þá vil ég benda hv. þm. á það, að það er hreinn misskilningur. Sannleikurinn er sá, að einn hreppsnefndaroddviti, Hákon í Haga, hefur mótmælt vegna þess, að menn hafi aldrei verið lögskráðir. Þess er krafizt, að menn séu allir skráðir, þegar þeir eru á togurum, en ólögskráðir þegar þeir koma í land. Menn eru aldrei skráðir nema í eina veiðiför í einu, og þess vegna ekki grundvöllur fyrir að krefjast skiptingar. Maður er aldrei skráður á skipi lengur en hann er um borð í skipinu. Það var þess vegna, sem hann (Hákon) fékk úrskurð frá ríkisskattan. um, að ekki væri hægt að skipta útsvarinu, úr því að hér var ekki um að ræða óslitið starf í 3 mánuði.

Ég vil svo vænta þess, að hæstv. forseti ljúki málinu á þessum fundi.

Ásmundur Sigurðsson: Það er aðeins af því, að ég tók þá afstöðu til málsins, sem nál. ber með sér, að ég segi örfá orð. Ég vil taka það fram, að ég er andvígur þessari brtt. hv. 7. landsk., en það er ekki fyrir það, að ég geti ekki viðurkennt, að það þurfi að gera einhverja breyt. á þessum ákvæðum útsvarsl. Það verður væntanlega gert í sambandi við þá endurskoðun, sem nú fer fram á l. En ég er á móti því að fella þessi ákvæði alveg niður, vegna þess að mér er kunnugt um,

að það eru til sveitarfélög, þar sem mikil atvinna er stunduð úr öðrum sveitarfélögum og þeir, sem hana stunda, gera kröfu til þess, að sveitarfélagið bæti atvinnuaðstöðuna á staðnum þeirra vegna, og það er reynt að gera það. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að sveitarfélagið hafi einhverjar tekjur af þeirri atvinnu, sem þeir vinna þar.

Ég vildi aðeins taka þetta fram. Verði brtt. frá hv. 7. landsk. samþ., mun ég greiða atkv. á móti frumvarpinu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er fyrst tekið fram nú, að menn séu skráðir af skipunum nema stuttan tíma, svo að það náist aldrei þessir 3 mánuðir. Hv. 7. landsk. sagði, að ég hefði verið að mæla með brtt., þó að ég segðist vera á móti þeim. En það var ekki það, sem ég sagði. Ég var ekki eingöngu að mæla á móti brtt., heldur var ég að benda á fleira í þessu sambandi, sem þarf að breyta, ef farið er inn á þessar breyt. Hv. síðasta ræðumanni er ljóst, hvernig þetta er, — hversu óeðlilegt það væri, ef þeir, sem fara til að vinna í öðrum sveitarfélögum, ættu ekki að greiða þar útsvar, heldur rynni útsvarið allt til þeirra heimasveitar, og eftir till. hv. 7. landsk. ætti heimasveitin að fá allt útsvarið. En eins og ég sagði áðan, þá er það alveg áreiðanlegt að þetta mundi leiða til meiri tilrauna hjá mönnum til þess að telja sig eiga lögheimili þar, sem útsvör eru léttust. Það er svo að segja deilt um það árlega, hvar menn eigi heima, af því að menn eru að reyna að losna við útsvör þar, sem þau eru þung. Þess vegna ræð ég mönnum eindregið frá að samþ. þessa brtt.

ATKVGR.
Brtt. 675,a felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, HV, ÞÞ.
nei: HermJ, PZ, PM, ÁS, BSt, BK, BrB, EE, GJ. SÁÓ, StgrA greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJós, LJóh, BBen) fjarstaddir.
Brtt. 675,b tekin aftur.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 664, n. 819).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta mál er komið til d. og síðan til allshn. frá hv. Ed. og gengur út á það að slá því föstu, sem ef til vill mun ekki vera alveg ljóst áður, að leggja skuli útsvar á félög eða félag þar, sem það hefur skrásett heimilisfang, án tillits til þess, hvort stjórnendur félagsins eiga heima þar eða ekki, enda rekur félagið atvinnu sína á skrásetningarstað. En ákvæðið um skiptingu útsvars milli héraða á að haldast óbreytt. Eins og sést á nál. hv. allshn. Ed., mun frv. hafa verið sent til umsagnar félmrn., og lýsti það sig í umsögn sinni fylgjandi frv. efnislega, en með örlitilli breyt. þó. Og í hv. Ed. var frv. nokkuð lagað og hefur allshn. síðan sent þetta frv. nú til bæjarráðs Rvíkur, sem er þeirrar skoðunar, að efnislega sé hér ekki um breyt. að ræða samkv. þeim dómsvenjum, sem séu hafðar og skilningi á því, hvar leggja beri á útsvar.

Allshn. er sammála um, að ákveðið sé, að skip, sem gert er út einhvers staðar úti á landi, ef skrásett er þar og hefur þar aðalatvinnurekstur, leggur þar upp fisk og tekur ís, kol o. s. frv., eigi að greiða sín opinberu gjöld þar í sveit, þó að svo kunni að vera, að stjórn félagsins sé búsett í Rvík og hafi þar skrifstofu. Um þetta hefur verið nokkur vafi og tilhneiging til að telja skrásetningarstað slíkra skipa aðeins vera pro forma, til þess að komast hjá að greiða útsvar á þeim stað, þar sem stjórn félagsins raunverulega á heima. Meiri hl. allshn. vill telja eðlilegt, að félag, sem stofnað er úti á landi og skrásetur skip sín þar, leggur þar afla sinn og tekur nauðsynjar, greiði gjöld sín þar, jafnvel þó að stjórn og framkvæmdarstjóri sé búsettur utan þess staðar. Það er hægt að nefna nokkur dæmi, þar sem togurum er stjórnað úr Rvík, en eru ekki skrásettir hér, og hefur Reykjavíkurbær þá jafnvel viljað telja heimilisfang togarans pro forma. Frv. gengur í þá átt að draga þessar línur ljósar, þar eð því er slegið föstu með löggjöf, að útgerðarfélag skuli greiða útsvar til heimasveitar sinnar, þ. e. skrásetningarsveitar, þar sem atvinnurekstrinn er raunverulega rekinn, og mælir því með því, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed.

Jóhann Hafstein: Það er fátt, sem ég vil bæta við. Hv. frsm. hefur gert grein fyrir því, að mál þetta var sent bæjarráði Rvíkur til umr., og það leit svo á, að breyt. væri varhugaverð að svo miklu leyti sem hún miðaði til að hnekkja þeirri meginreglu, að gjaldþegnar skuli útsvarsskyldir þar, sem þeir hafast við í raun og veru og eru heimilsfastir, hvað sem skrásetningu á manntali líður. Hv. frsm. tók réttilega fram, að bæjarráð telur frv. ekki skerða þá hagsmuni, sem það á að standa vörð um. Vil ég leyfa mér að vitna í umsögn bæjarráðs, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir bæjarráði vakir það eitt, að með engu móti verði gert auðveldara en nú er, að gjaldþegnarnir geti talið heimilisföng sín annars staðar en þau eru í raun og veru. Sennilega er það að vísu ekki gert með frv., en þá er það óþarft, ekki sízt þar sem vitað er, að nú er starfandi stjórnskipuð nefnd að endurskoðun allra útsvarslaganna. Má ætla, að sú nefnd láti ekki hvað sízt til sín taka að setja skýr og ótvíræð ákvæði um útsvarsskyldu gjaldþegnanna, þ. á m. hvar þeir skuli teljast útsvarsskyldir." Með tilvísun til þessa hef ég ekki talið ástæðu til að fylgja frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Mér skildist hv. frsm. leggja þá merkingu í umsögn bæjarráðs, að eiginlega væri það frv. ekki andvígt, þar sem það gerði ekki neina breyt. Að sjálfsögðu getur enginn mælt með því frv., sem í bezta falli yrði dæmt þannig,

að það breytti engu frá gildandi l. En vissulega er tilgangur þessa frv. að breyta l. og gera auðveldara fyrir menn að láta leggja á sig skatta annars staðar en raunverulegt heimilisfang þeirra er og reksturinn fer fram frá. Ef svo skyldi verða litið á af dómstólum, að sá tilgangur náist að einhverju leyti, er frv. til hinnar mestu óþurftar. Ég vil benda á dæmi, sem er ekki úr lausu lofti gripið, því að það er einmitt vegna slíks dæmis, sem þetta mál er fram komið. Eigendur eins togarafélags eiga allir heima í Rvík. Þeir fóru eitthvað út á land til að stofna félagið. Þeir segja, að togarinn sé gerður út frá þeim stað. Togarinn veiðir í ís lengst af. Slíkir togarar sem þessi eru kannske skráðir í einhverri Dritvík þessa lands, og kannske kemur togarinn aldrei þangað. Hann siglir til Englands og leggur þar aflann og fær eldsneyti, skýzt ef til vill inn í Rvík og Dritvík endrum og eins. Samkv. þessum l. — eða tilganginum með frv. — á að vera hægt að halda því fram, að togarinn sé ekki gerður út frá Rvík. Tilgangurinn er sem sé að gera mönnum auðveldara að komast undan sköttum þar, sem þeir eiga að greiða þá.

Ég vil mjög ræklega undirstrika, að bæjarráð var algerlega einhuga að álíta, að ef frv. væri ekki markleysa, þá væri það hættulegt. Svo að í öllum kringumstæðum ber að fella það.

Frsm. meiri hl. (Garðar Þorsteinsson): Ég held, að kenni nokkurs misskilnings hjá hv. 6. þm. Reykv., þar sem hann sagði, að bæjarráð væri sammála um að mæla gegn frv., og kom það skýrlega fram í umsögn þess. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Að vísu má segja, að með frv., eins og hv. Ed. samþ. það, sé í raun og veru ekki gerð breyt. á gildandi ákvæðum um útsvarsgreiðslustað félaga samkv. 6. gr. II, 1, þar sem þess er krafizt, að félagið reki atvinnu í skrásetningarsveit til þess að verða þar útsvarsskylt, en að hinu leytinu geti félagið orðið útsvarsskylt víðar en í einni sveit.“ Þetta er höfuðatriðið. Eins og frv. kom frá Ed., er skilyrðið til þess að félag, sem rekur skip frá ákveðnum stað, þar sem það er skrásett, sé útsvarsskylt, að skipið raunverulega reki þaðan atvinnu. Síðan segir bæjarráð: „Hins vegar má, eins og áður segir, líta svo á, að með frv. séu ekki gerðar breytingar á því, hvar félög eru talin útsvarsskyld.“ Úr þessu svari bæjarráðs er ekki hægt að skilja annað en það telji frv. raunverulega enga efnisbreyt. frá gildandi l. Það er verið að slá föstu — og er það engin launung — skýrt og skorinort, í löggjöfinni, að skip, sem eru skrásett frá ákveðnum stað úti á landi og hafa þar atvinnurekstur, eins og segir í frv., skuli gjalda þar útsvar. Það dæmi, sem hv. 6. þm. Reykv. tók af því, að skip kæmi aðeins á skráningarstað til málamynda, er allt annað atriði. Það væri t. d. alveg áreiðanlegt, að félag, sem skrásetti togara sinn í Grímsey, væri þar ekki útsvarsskylt, ef togarinn kæmi aldrei þar, en væri stjórnað héðan af skrifstofu félagsins. Þetta væri þá gert til þess að komast hjá að greiða útsvar á réttum stað. En þetta frv. tekur alveg skýrt fram, að tvennt þarf til: að vera skrásettur á staðnum og reka atvinnu sína þar.

Ég vil upplýsa þennan hv. þm., sem þó er í bæjarráði og bæjarstj., að það var félag, sem hét Sindri, og átti togara, sem hét Sindri. Skrifstofan var í Rvík, stjórnin einnig, en togarinn skrásettur í Hafnarfirði. Meginið af atvinnurekstrinum var hér í Rvík. Hafnarfjörður og Rvík lögðu á félagið. Hæstiréttur sló föstu, að með því að stjórnin væri í Reykjavík og meginið af atvinnurekstrinum frá Reykjavíkurhöfn, bæri að greiða útsvarið til Reykjavíkurbæjar. Ég er sammála um, að þetta er réttur dómur, en á ekkert skylt við hitt, sem hv. þm. var að tala um, að togari skytist inn á höfn einhvers staðar. Á þeim stað, sem togari leggur upp afla sinn og tekur salt og kol og annað að langmestu leyti, er réttlátt, að eigendur hans greiði útsvar. Og það er að engu leyti farið í kringum útsvarslögin með því að leggja á þar, sem gert er út, en ekki þar, sem stjórnin á heima. Ég held hv. 6. þm. Reykv. hafi ekki tekið eftir, að það er beint skilyrði fyrir útsvarsskyldu félaga úti á landi, — án tillits til þess, hvar stjórnin er búsett, — að skipið reki þaðan atvinnu. Og það er einmitt gert til þess að forða því, að nokkur ástæða sé til að óttast, að verið sé að fara í kringum útsvarslögin með því að telja sig að nafninu til eiga heimili úti á landi, en hafa allan rekstur úr Rvík. Það er verið að slá því föstu með löggjöf, að félag sé útsvarsskylt þar, sem reksturinn er. Svo mikið er talað um það, að Rvík dragi til sín, að ég verð að telja það ekki ósanngjarnt, að litlir kaupstaðir úti á landi, sem hafa lagt nokkurt fé fram til skipakaupa, svo sem almennt er nú, og skrá þar sín hlutafélög og láta skipin leggja þar upp aflann að langmestu leyti, njóti einnig útsvara slíkra hlutafélaga, en ekki sé verið að fara eftir því, hvort stjórn og framkvæmdarstjóra þóknast að búa í Rvík. Út á annað gengur frv. ekki. Það er síður en svo verið að lögfesta, að menn geti komizt fram hjá hinum raunverulega greiðslustað.

Sigfús Sigurhjartarson: Mér þykir gott að heyra, að hv. 2. þm. Eyf. er tiltölulega ánægður með dómsvenjur í þessum málum. Ég er honum sammála, að ég hygg, að hæstiréttur hafi í flestum þessum málum dæmt efnislega á mjög réttlátan hátt. En ef það er svo, að þetta frv. er alls ekki neitt, eins og bæjarráð hallast að og mér heyrðist þessi hv. þm. undirstrika, til hvers er verið að eyða tíma í málið og berjast fyrir því? Nei, sannleikurinn er sá, að það er tilgangurinn að reyna að breyta l. og skapa nýjan grundvöll fyrir dóma. Og það er tilgangurinn að gera það auðveldara en hefur verið, — eins og öll ræða hv. frsm. gekk út á, — að menn geti haft atvinnurekstur annars staðar en þar, sem þeir búa, og komizt undan sköttum á búsetustað og sloppið þannig með mjög lága skatta. Ég er ekki viss um, að þessi tilgangur náist. Eigi að síður kann það að vera, að dómstólar líti svo á, að menn hafi nokkru hægari aðstöðu til slíks en áður hefur verið. Hv. frsm. hélt, að ég hefði ekki athugað skilyrðin, sem fram eru tekin í frv. Jú, ég hef athugað þau. En hann á eftir að gefa ýmsar skýringar áður en ég tek hans „skilyrði“ fullgild. Ég nefndi það áðan, að togari á ísfiski rekur atvinnu frá ákveðnum stað. Hann er lengst af úti á hafi, siglir til Englands, selur fiskinn þar, kaupir kol þar. Hann tekur ís á einhverri höfn þar, sem er frystihús. Á það eitt að nægja, að togari, sem er gerður út frá Rvík eða Hafnarfirði, taki ís t. d. vestur á Bíldudal eða norður á Hjalteyri, svo að hann sé talinn gerður út þaðan? Og það jafnvel þó að skipshöfn-

in sé frá Rvík eða Hafnarfirði og stjórn félagsins öll á sömu stöðum. Á skipið að greiða skatt þar, sem það kann að taka ís, en ekki í Rvík eða Hafnarfirði?

Við þurfum ekki að eyða löngum tíma í þetta. Tilgangurinn er auðsær, — að koma því svo haganlega fyrir, að Rvík geti verið borg efnaðra útgerðarmanna, framkvæmdastjóra stjórna í hlutafélögum, sem reka atvinnuveg sinn einhvers staðar annars staðar. Og allur leikurinn er til þess gerður að gera þetta auðveldara en ella. Ég vil nú ekki breyta þessari skoðun minni fyrr en ég hef heyrt miklu, miklu skýrari rök frá hv. frsm. Sjálfur veit hann vel, að upphafsmaður að þessu frv. er maður, sem á beinna hagsmuna að gæta í þessu sambandi, býr í Rvík og er í stjórn útgerðarfélags. Allir stjórnendur þess eru í Rvík, en hafa álitið hagkvæmt að skrá útgerð sína annars staðar. Hvað hún hefur mikið samband við þá höfn, veit ég ekki, en það gæti verið í sambandi við ísfiskveiðar það eitt að taka ís. Fjármagn og eignir yfirleitt, stjórn og skipsmenn úr Rvík. En skattarnir eiga að greiðast úti á landi. Ég treysti þannig á dómstólana, að þetta bragð takist ekki. En hví ætti Alþ. að vera að setja lög, sem ef til vill eru markleysa, en ef ekki, þá hættuleg?

Frsm. meiri hl. (Garðar Þorsteinsson): Mér dettur ekki í hug að vefengja, að hv. 6. þm. Reykv. sé rökvís maður. En ef athuguð er afstaða hans frá því í bæjarráði og þangað til nú, þá held ég, að sé brotalöm á rökfærslunni. Hann sagði áðan, að tilgangurinn væri auðsær, sá að gera mönnum auðvelt að komast hjá útsvarsgreiðslu þar, sem heimilisfangið er. En sjálfur hefur hann samið bréf í bæjarráði, þar sem hann segir, að frv. breyti engu. Hvernig ætlar hann að samríma þetta? Einkennilegt er, að þessir vitru menn í bæjarráði, fimm að tölu, hafi ekki séð það, sem var auðsætt, þar eð það liggur nú opið fyrir þessum hv. þm. Sannleikurinn er sá, að hv. þm. hefur einhvern veginn af meðfæddri tortryggni fengið í sitt höfuð, að endilega sé verið að reyna að komast fram hjá því að greiða skatta þar, sem heimilisfangið er raunverulega. Hann fór svo að taka dæmi af togara og nefndi Bolungarvík og Hjalteyri, (þar eru raunar ekki íshús) og spurði, hvar skipið ætti heima. Það getur verið opið spursmál. En ég vil benda hv. þm. á, að í gr. segir — og það er það, sem verið er að tala um —: „enda reki félagið atvinnu sína á skrásetningarstað". Hv. þm. var að tala um ísfiskveiðar. En það eru líka til saltfiskveiðar og tognótaveiðar. Á mörgum þingum hefur verið rifizt um, hvar t. d. bátar, sem skrásettir eru úti á landi, eigi að borga útsvar, ef þeir hafa verið gerðir út frá Sandgerði eða Akranesi svo og svo lengi. Togari getur haft önnur sambönd við hafnir úti á landi en til þess að taka ís. Hann þarf að taka vistir handa sínum skipsmönnum, kol og salt og leggja einnig upp afla sinn. Hinu dettur mér ekki í hug að neita, að komið geta vafatilfelli, og þá liggja þau undir úrskurði dómstóla, hvort raunverulegt heimilisfang útgerðarfélaga sé þar, sem stjórnin situr og hefur skrifstofur og skipið er skrásett. Útsvarslögin eru þannig samin, að mörg vafatilfelli hafa komið í ljós. En þetta frv. er einmitt til þess að girða fyrir þann vafa, þannig að ef skip er gert út og hefur atvinnurekstur frá skrásetningarstað, þá á það að borga þar sín opinberu gjöld, en ekki í Rvík, þó að skrifstofur séu þar, stjórn og framkvæmdastjóri. En hv. þm. virðist vera svo trúr Reykvíkingur, að hann er að reyna að toga til Rvíkur gjöld af skipum, sem ekki eiga heima í Rvík, eru kostuð af félögum úti á landi og með skipshöfn þaðan, skip, sem hafa meiri og minni tengsl við heimahöfn, en svo hittist á, að stjórn og framkvæmdastjóri eiga heima í Rvík. Að lokum þetta: Frv. er til að slá föstu, að félög, sem hafa svo föst tengsl við staði úti á landi, að þau eru skrásett þar og atvinnurekstur þeirra er rekinn þaðan, en ekki annars staðar, þá skuli útsvarsgreiðslur renna þangað, en ekki hingað.

Sigfús Sigurhjartarson: Mér finnst hv. 2. þm. Eyf. gera sér upp fullmikla einfeldni, þegar hann skilur ekki, að tilgangurinn í þessu máli er auðsær, jafnvel þó að hann náist ekki. Þeim mönnum, sem fjölluðu um frv., er vel trúandi til þess að semja frv., sem nær ekki tilgangi sínum. Og það er það, sem bæjarráði var ljóst, hvert var stefnt, en sá jafnframt, að það náði ekki marki. Ég veit, að hv. þm. skilur þetta vel.

Hv. þm. fannst lítilfjörlegt að tala um togara, sem gerður er út á ísfiskveiðar og hefði lítil sem engin sambönd við hafnir annað en að taka ís. En þetta hefur verið um mörg ár algengasta fyrirkomulagið um rekstur íslenzkra togara, og þeir eru veigamesti þátturinn í íslenzkri útgerð. Ég fékk raunar alveg nýjar upplýsingar hjá hv. frsm. Ég skildi hann svo, að venjulega mundi það nægja fyrir þessi skip, ef þau tækju ís í smástöðvum úti á landi og vistir. Ættu þau þar þá heimahöfn og greiddu þar skatta. Ódýrara yfirskin er nú ekki hægt að hafa fyrir sköttum en þetta.

Í lok ræðu sinnar fór svo hv. þm. að tala um það, að ég væri að baksa við að toga skattana til Rvíkur. Það er nú svo. Ég tel mér rétt sem þm. fyrir Rvík og sem trúnaðarmaður Rvíkur í ýmsum störfum að halda fram hagsmunum Rvíkur hvar sem er. En ekki meira um það.

Ég tók það mjög skýrt fram í minni ræðu, að ég er ánægður með þá dómvenju, sem skapazt hefur í þessum málum. Þau hafa verið dæmd þannig, að ef útgerðin að öllu leyti fari fram frá einum stað, skuli greiða útsvörin þar, en tilgangur þessa frv. er að gera það auðveldara fyrir Reykjavíkurtogarana að láta líta svo út sem þeir eigi annað heimilisfang. Þetta er tilgangurinn, en ég er ekki sannfærður um, að lagasmíðirnir hafi verið það vel vandanum vaxnir, að tilgangurinn hafi náðst, og þetta er það, sem í bréfi bæjarráðs segir, en það bréf er samið af manni, sem mest hefur um þessi mál fjallað, nefnilega borgarritara.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 128. fundi í Nd., 14. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv.

Á 129. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 868).

74. Tannlækningar.

Á 26. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar (þmfrv., A. 150).

Á 29. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. þarf ekki langra skýringa við. Í l. frá 1932 segir, að dómsmrh. sé heimilt með samþykki landlæknis að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur í menn og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héruðum, sem eru tannlæknalaus. En ef nú sezt að tannlæknir í héraðinu, verða þeir réttlausir. Ég veit ekki, hversu æskilegt er, að þessir menn starfi án handleiðslu sérfræðinga, en það er óneitanlega hart að gengið að reka þá úr læknislausum héruðum og menn, sem stundað hafa starfið, verði réttlausir, ef tannlæknir kemur. Ég óska, að frv. fari til heilbr.- og félmn., sem leiti álits dómbærra manna, og mun ég taka aths. þeirra til greina, ef til kemur, en mér finnst ósanngjarnt að leyfa mönnum, sem á annað borð eru færir, ekki að stunda þetta starf, þegar enginn tannlæknir er.

Ég hef óskað þess að flytja þetta frv. sem þm. ásamt hv. 5. þm. Reykv., og þó að ég sé heilbrigðismálarh., þá hefur ráðuneyti mitt ekki tekið afstöðu í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 75., 76. og 77. fundi í Nd., 17., 18. og 19. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 20. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 150, n. 394 og 399).

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 150, er búið að vera alllengi á döfinni hjá heilbr.- og félmn. Hún hefur rætt þetta mál á allmörgum fundum, og endirinn varð sá, að n. varð ekki einhuga um það að afgreiða frv., eins og það liggur fyrir, vildi meiri hl. afgr. málið með rökst. dagskrá, sem prentuð er á þskj. 399, en minni hl. vill afgr. málið með nokkrum breyt.

Frv., eins og það liggur fyrir, fer fram á það að rýmka þann rétt, sem tannsmiðir hafa haft í sinni grein hér á landi síðan 1934 og gera þá jafnréttháa og tannlækna í því að smíða og setja tanngarða í fólk. Það er nú svo hjá okkur, að tannlæknalöggjöfin er ekki gömul, það var fyrst árið 1929, sem sérstök löggjöf var gefin út um tannlækna og starfsvið þeirra, og fram að þeim tíma var fátt um tannlækna. Í Reykjavík voru lengi tveir tannlæknar, sem sinntu því starfi sérstaklega, og okkar tannlæknamenning er mjög lítil, miðað við aðrar menningarþjóðir. Fram að þessu hefur það verið aðalatriðið að draga úr skemmdar tennur, en minna hirt um það að halda tönnunum við, svo hægt sé að nota þær sem lengst. En þetta þarf að breytast og verður að breytast, ef við eigum að halda velli á þessu sviði sem menningarþjóð. 1934 var gerð breyt. á l. um tannlækningar frá 1929 í þá átt, að þá skyldi heimila tannsmiðum vegna tannlæknaeklu að setja gervitennur í menn. Þetta var gert sem neyðarráðstöfun vegna þess, hvað tannlæknar voru fáir í landinu, og þessi heimild var bundin því skilyrði, að leyfi væri veitt í hvert sinn af heilbrigðisstjórninni, og í öðru lagi urðu þessir tannsmiðir að víkja, þar sem þeir voru fyrir, ef tannlæknir settist þar að, og vitanlega er það markmiðið, að tannlæknar geti verið sem víðast og að sem flestir geti notið þess að hafa tannlækna. Tannlæknafæðin hefur verið svo mikil, að þessi undanþága var veitt, en það þótti þó ekki fært að láta tannsmiði, sem eingöngu smíða tanngarða í fólk, víkja, þegar tannlæknir settist að á viðkomandi stað. Og í kauptúnum og kaupstöðum utan Reykjavíkur, þar sem ekki er margt fólk, þá er það gefið mál, að tannlæknar setjast ekki þar að, ef þar er fyrir tannsmiður, vegna þess, að á meðan fólk er að venjast því að nota tannlækna á réttan hátt, láta gera við skemmdar tennur, þá er aðalverkefnið að smíða tanngarða í það fólk, sem hefur misst sínar tennur. Þetta frv. er því spor aftur á bak í löggjöfinni, og nágrannaþjóðir okkar eru búnar að losa sig við það, t. d. hafa Svíar og Norðmenn þetta eins og er í okkar lögum, en Danir eiga eftir að breyta sinni löggjöf í þessa átt, en ætla að gera það við fyrstu hentugleika.

Ég skil varla, hvers vegna þetta frv. er komið fram, og þó veit ég raunar ástæðuna. Það er vegna þess, að kona ein, sem sennilega er góð í sinni iðn, hefur starfað sem tannsmiður í Hafnarfirði, en svo kemur tannlæknir og sezt þar að, en ekki er samkomulag á milli þeirra. Og svo kemur hv. þm. Hafnarf. með þetta frv. um að breyta löggjöf, til þess að konan geti haldið áfram þessu starfi, þótt hún vissi, að hún yrði að fara, ef tannlæknir kæmi, það vissi hún fyrir. En að breyta löggjöf til að fá aukin réttindi einnar konu þvert ofan í gildandi lög er vægast sagt hæpið, og þá er Alþ. hætta búin á ýmsum sviðum, ef einstaklingsréttur inn á að ganga þannig fyrir hag almennings. Þá er okkur betra að gæta að okkur og fara varlega.

Ef réttindi tannsmiða eru rýmkuð, er það gefið mál, að tannlæknum fækkar, en fjölgar ekki, en aðalmeinið er einmitt það, að tannlæknarnir eru alltof fáir. Vonir stóðu til, að þeim fjölgaði, er farið var að kenna tannlækningar hér í háskólanum, en ekki rættist úr í þessu efni, eins og menn höfðu gert sér vonir um, og veldur því ef til vill

of langur námstími, þar sem tannlæknar verða hér að ljúka stúdentsprófi og þar að auki allt að 7 ára sérnámi. Þetta er of langur námstími, og það er skiljanlegt, er læknastúdentar hafa lokið miðhlutaprófi eftir allt að fimm ára háskólanám, það er skiljanlegt og eðlilegt, að þeir kjósi heldur að halda áfram úr því og taka almennt læknapróf en fara út í tannlæknanám, og því liggur nú hér fyrir þinginu frv. um að stytta námstíma tannlækna, svo að hann verði tvö eða þrjú ár, og er það borið fram í því skyni, að fleiri stúdentar en nú leggi fyrir sig tannlæknanám, og á því er full nauðsyn. Tannlæknar eru hér miklu færri en hjá öðrum menningarþjóðum, bæði í hlutfalli við fólksfjölda og í hlutfalli við aðra lækna. En verði rýmkaður réttur hinna iðnlærðu tannsmiða, dregur það úr tannlæknafjölguninni, og með því móti er útilokað, að tannlæknar setjist að í sveitarhéruðum, þar sem tannsmiðir eru fyrir, sem smíða tennur í fólk, því að við það er mest að gera í fyrstu.

Ég vil mjög eindregið mælast til þess, að þessu máli verði nú vísað hér frá með rökst. dagskrá, og þá er það frv. þar með úr sögunni og þar með brtt. minni hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 394, sem gengur í þá átt að útiloka lækna frá tannsmíðum. Við þessa brtt. sína hefur þó minni hlutinn flutt nýja brtt. á þskj. 428, er gengur í þá átt, að læknar megi þó vera með tannsmíðum. Það er nú að vísu góðra gjalda vert, en ég vona, að þessu verði öllu vísað frá. Í undirbúningi er nú frv., sem mun koma fram á næstunni, um kennslu tannsmiða, réttindi þeirra og skyldur og afstöðu þeirra til tannlækna, en þeir telja sig vera of háða tannlæknum. Kennslan mundi þá verða tekin af þeim og færð yfir á tannlæknaskólann.

Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. Af ræðu hv. frsm. meiri hl. n. mætti ætla, að við í minni hlutanum vildum láta hag almennings víkja eða tefla honum í voða eða stofna hér nýja stétt manna, en hvort tveggja er misskilningur, og skal ég nú rekja þetta mál nokkuð.

Árið 1929 eru sett l. hér á Alþ. um tannlækningar, og í 4. gr. þeirra segir á þessa leið: „Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein." Ég vil strax vekja athygli á því, að þá voru hér tveir tannsmiðir að minnsta kosti, er löggjöfin gerði fyrirvara um, og þessir menn starfa enn þá. Annar þeirra starfar hér í Reykjavík, og ég veit ekki til, að neinn voði hafi hlotizt af starfi þeirra.

Árið 1932 eru þessi l. svo rýmkuð á þann veg, að dómsmrn. sé heimilt að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til þess að setja gervitennur eða tanngarða í menn í samráði við héraðslækna í þeim héruðum, sem eru tannlæknalaus. Þá voru gefin út nokkur tannsmíðaleyfi, er ná raunverulega aðeins til þriggja starfandi tannsmiða nú, fyrir utan þá tvo, sem fengu undanþáguna 1929. Ég vil benda á, að á Norðurlöndum og víðar eru tannsmiðir starfandi og til þeirra eru gerðar sérstakar kröfur, og nám þeirra er 5 ára nám. Á Norðurlöndum þurfa tannsmiðir að ganga undir próf hjá mönnum, er kunna sérstaklega fagið, og skila sínum sveinsstykkjum. Í lögum okkar er að vísu gert ráð fyrir, að tannsmiðir hafi eingöngu leyfi til að starfa í þeim héruðum, sem eru tannlæknislaus. En það segir sig sjálft, að það er enginn voði á ferðum né ástæða til að svipta þessa tannsmiði atvinnu sinni, þó að þangað komi tannlæknar, og viðvíkjandi því, sem hv. frsm. meiri hlutans sagði, að tannlæknar kæmu síður þangað, sem tannsmiðir störfuðu með réttindum, af því að atvinna tannlækna væri, fyrst a. m. k., að mestu bundin við tannsmíði, en ekki tannviðgerðir, þá er það auðsær misskilningur. Það fyrsta, sem fyrir liggur, er það, að tannlæknar undirbúi góminn, svo að hann geti tekið við gervitönnum, og ég er sannfærður um, að sú verður fyrst og fremst atvinna tannlæknis, sem kemur í tannlæknislaust hérað, að gera við tennur og undirbúa góminn, svo að unnt sé að smíða í hann tanngarð. Í Danmörku t. d. er útlærðum tannsmiðum heimilt að starfa hvar, sem er, og það eru ekki annað en bollaleggingar út í bláinn, er hv. 1. þm. Rang. talar um, að Danir séu í þann veginn að afnema þetta fyrirkomulag, þótt danskir tannlæknar vilji það.

Till. okkar gengur í stuttu máli út á það, að þeir tannsmiðir, sem þegar hafa fengið leyfi til að starfa, fái að starfa áfram fyrst um sinn, þótt tannlæknar komi þangað, sem tannsmiðirnir eru fyrir. Ég vil geta þess í sambandi við þetta, og það vita raunar allir, að hér í Reykjavík t. d. er svo erfitt að fá tannviðgerðir, að það tekur óralangan tíma, og það er því ábyggilega ekki neitt í hættu, þótt starfandi séu nokkrir tannsmiðir.

Andstæðingar þessa máls segja, að það sé eingöngu komið fram vegna einnar konu. Látum það gott heita. Þessi kona, sem átt er við, hefur verið tannsmiður í 20 ár og starfað sjálfstætt í 5 ár. Hún hefur sett upp sína stofu og kann sína iðn fullkomlega. Svo kemur að því, að tannlækni dettur í hug að setja upp útibú á þessum stað, og þá fær konan tilkynningu frá landlækni um að leggja niður sitt starf. Og ég skal upplýsa annað: Það eru aðeins þrír tannsmiðir, sem nú starfa sjálfstætt með tannsmíðaleyfi, og ég get vel nefnt nöfn þeirra. Það eru Björg Guðnadóttir í Hafnarfirði, Sigríður Þorláksdóttir, sem hefur starfað á Húsavík, og Ásta Hallsdóttir á Akranesi. Þetta eru nú öll ósköpin, og það nær ekki neinni átt að láta það gamla ákvæði haldast áfram í lögum, að tannsmiðir verði að víkja úr starfi sínu, þó að tannlæknar flytjist á sama stað. Hugsum okkur t. d. Seyðisfjörð, að þar væri tannsmiður, sem hefði komið þar upp dýru verkstæði og vélum, ætti þar sitt heimili og allar atvinnutekjur og væri búinn að vinna upp sitt starf, eins og kallað er, en svo dytti einhverjum tannlækni í hug að flytjast til Seyðisfjarðar um stundarsakir, og þá yrði tannsmiðurinn að flæmast burt frá allri atvinnu sinni á staðnum. Ég skil þetta ekki, það er engin sanngirni í þessu. Tannsmiðir kunna einnig sitt starf. Þeir draga hvorki úr mönnum tennur né plúmbera þær. Það eru læknarnir, sem undirbúa góminn fyrir gervitennur. Reynslan hefur líka sýnt, að í rauninni viðurkenna læknar starf tannsmíðanna fullkomlega, þeir hafa þá í þjónustu sinni og láta þá smíða tanngarðana.

Ég vil einnig taka það fram, að tannsmíðaleyfin eru aðeins veitt til fimm ára, og því er enn þá minni hætta á misnotkun í þessu efni. Því vænti ég nú þess, að Alþ. líti enn á þetta mál eins og

1929, er starfandi tannsmiðir voru ekki sviptir réttindum sínum, að það verði ekki látið viðgangast nú, að þrjár konur, sem unnið hafa störf sín í 20 ár, verði að flæmast burt úr iðn sinni vegna stéttarkenndar lækna hér, sem virðist eiga að ráða. Okkar vegur verður ekki minni, þótt við fylgjum í þessu efni sömu reglu og Danir, og það eru órökstuddar staðhæfingar einar hjá hv. frsm. meiri hl., að Danir ætli að fara að breyta þessu skipulagi sínu. Danskir læknar vilja það, en tannsmíðastéttin þar er líka viðurkennd, danskir tannlæknar og tannsmiðir fara mjög vel saman. Báðar stéttirnar standa mjög framarlega í sínum greinum, og það er engin minnkun fyrir Íslendinga að feta í fótspor Dana og hafa hér sams konar fyrirkomulag í þessum efnum.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl., 2. þm. Eyf., hefur nú í rauninni flutt fram þau rök í þessu máli, að hv. dm. sjá, að hér er enginn voði á ferð, þótt þetta frv. okkar verði samþ. Ég get þess vegna verið fáorðari en ella. Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir, að allir læknar og tannsmiðir, sem sönnuðu heilbrigðisstj., að þeir hefðu aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein, fengju óáreittir að starfa áfram. Meiri hluti heilbr.- og félmn. vill vísa málinu frá, en minni hlutinn vill gera þá breytingu, að réttindin miðist við lækna og þá tannsmiði, sem þegar hafa réttindi til að starfa sjálfstætt. Og ég fæ ekki skilið þann voða, sem af því á að hljótast, að þessir örfáu menn starfi hér áfram.

Það er rétt hjá hv. frsm. minni hlutans, að l. um tannlækningar mæla svo fyrir eða gera ráð fyrir, að þetta fólk hafi ekki lengur rétt til að stunda iðn sína, eftir að tannlæknir er kominn í sama hérað. Þetta er ákaflega harðleikið, og ég þekki engin hliðstæð fyrirmæli um jafnskilyrðisbundin atvinnuréttindi. Þetta eru svo harðir kostir, að í framkvæmdinni hugsar enginn til að læra þessa iðn í framtíðinni. Og þá er að meta, hversu æskilegt það er, að enginn leggi stund á tannsmíðanám. Ef hér væru nægilega margir tannlæknar til að gera við tennur og smíða þær og inna af höndum öll störf í því sambandi, þá gæti ég gengið inn á, að rétt kynni að vera að tala um að útiloka aðra frá þessum störfum. En er ástandið hér þannig? Hér liggur fyrir skýrsla frá landlækni, þar sem hann gerir grein fyrir ástandinu í þessum efnum. Þar segir svo með leyfi hv. forseta:

„Vanhirða á tönnum og tannáta og önnur tannsýki er einn svartasti blettur á heilbrigðismenningu vor Íslendinga. Hann verður ekki afmáður, nema tannlæknum fjölgi mikillega frá því, sem nú er. Tannlæknar hér á landi eru enn ekki fleiri en svo, að líðlega svarar einum fyrir hvern tug almennra lækna, og utan Reykjavíkur og nokkurra allra stærstu kaupstaðanna er landið algerlega tannlæknislaust. Ef vel væri, þyrftu tannlæknar að vera drjúgum fleiri en almennir læknar."

Sumsstaðar erlendis eru fleiri tannlæknar en almennir læknar, en hér hafa tannlæknar svo yfrið nóg að gera, að sízt ætti að þurfa að amast við fólki, sem getur unnið þátt af þeirra störfum.

Þá hefur því verið haldið fram sem rökum í þessu máli, að samþykkt þessa frv. mundi verða til þess, að menn legðu hér síður stund á tannlæknanám en nú er. Ég veit nú ekki, af hverju það ætti að vera. Samkvæmt bréfi landlæknis á þskj. 399 virðist ekki hætta á atvinnuleysi tannlækna í náinni framtíð, því að í bréfinu stendur, að aðsókn að tannlæknaskólanum hér hafi verið sáralítil, og enn fremur, að henni virðist nú vera lokið í bili. En hvernig getur þá aðsóknin minnkað frá því, sem nú er, þótt nokkrir tannsmiðir héldu áfram atvinnuréttindum sínum, ef aðsóknin er þegar lokið? Ég skil hvorki upp né niður í þessari rökleysu, og að blanda algerlega saman svo ólíkum störfum sem tannviðgerðum og smíði gervitanna og að sporna við því, að tannsmiðir fáist til að vinna að iðn sinni, meðan hörgull er á tannlæknum, það skil ég bara ekki. Ég veit dæmi til þess, að það hefur tekið upp undir misseri hér í Reykjavík að fá tannviðgerð. Væri nú ekki nær, á meðan þannig horfir, að láta tannsmiðina í friði með starf sitt, því að tannlæknar hafa sannanlega nóg með sitt. Ég skil ekki ofurkappið af hálfu þeirra manna, utan þings og innan, sem vilja þetta frv. feigt. Ég er nú að vísu ekki sérfróður um þessi mál, en ég hef látið mér skiljast þörfina fyrir tannsmiði, sem eru fullfærir að vinna sitt verk, enda ekki bannaðir af heilbrigðisstj., en þeir búa við þau óviðunandi skilyrði, ef tannlæknir kemur á staðinn, að mega ekki starfa sjálfstætt áfram. En er öryggi almennings gagnvart tannsmiðnum meira, þótt tannsmiðurinn starfi óhindrað sjálfstætt án þess að tannlæknir sé á staðnum? Verður hæfni tannsmiðsins minni, þótt tannlæknir komi á staðinn, en læknirinn ætti að geta „kontrollerað" starf tannsmiðsins, ef þess gerðist þörf? Ég skil ekki þessa röksemdafærslu.

Samkomulag hefur orðið milli okkar flm. þessa frv. og hv. minni hl. n., sem vill að vísu samþ. frv., en í mjög breyttu formi. Væri þannig slakað til, að réttindin næðu aðeins til þeirra tannsmiða, sem þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, en samtímis yrðu settar reglur af heilbrigðisstj. um það, hvernig námi tannsmiða skuli komið fyrir, og um réttindi tannsmiða að náminu loknu. Þetta er út af fyrir sig ágætt fyrir framtíðina. En ég get þá heldur ekki séð, að það sé neitt, sem mælir á móti því, að þeir, sem hafa verið dæmdir hæfir til þess að mega inna störfin af hendi, fái að vinna þau framvegis, vegna þess að mér skilst, að engar brigður hafi verið bornar á það, að þetta fólk sé starfi sínu vaxið.

M. ö. o., mér finnst mega draga kjarna málsins fram í örfáum orðum: Tannlæknafjöldinn á landinu er meir en tíu sinnum minni hér heldur en í nágrannalöndum okkar, hlutfallslega, og þess vegna er augsýnilegt, að verkefni tannlækna við venjulegar tannviðgerðir er meira en nóg, þó að þessir þrír eða fjórir menn, sem hér er um að ræða, héldu sínu starfi. Í öðru lagi er enginn kominn fram, sem hefur leyft sér að bera brigður á, að þetta fólk, sem við tannsmíðar fæst hér, leysi starf sitt vel af hendi, hvort sem tannlæknir kemur nálægt því eða ekki. Í þriðja lagi hefur orðið samkomulag um að vinna að því, að komið verði fastri skipun á þessi mál, og það skilst mér, að meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. sé sammála um, að æskilegt væri, að komið væri á. Ég sé þess vegna ekki, að til sé í þessu máli nein eðilegri leið heldur en sú, sem hv. minni hl. heilbr.- og félmn. hefur stungið upp á, og ég vil eindregið mæla með því, að till. hans um þetta verði samþ.

Alþ. hefur borizt umsögn um þetta frv. frá Læknafélagi Íslands. Í þessari umsögn læknafélagsins lýsir félagið yfir, að það telji ekki rétt, að frv. þetta nái fram að ganga í þeirri mynd, sem það var upphaflega borið fram í, en segir hins vegar orðrétt (með leyfi hæstv. forseta):

„Stjórn Læknafélags Íslands telur það eitt varðandi þetta mál geta komið til álita, hvort ekki mætti leyfa tannsmiðum, sem þegar hafa sett sig niður í einstökum héruðum, ef til vill með ærnum kostnaði, að halda þar áfram sjálfstæðu starfi, þó tannlæknir setjist þar að.“ M. ö. o., Læknafélag Íslands virðist vera algerlega inni á þeirri málamiðlunarleið, sem minni hl. hv. n. hefur komizt inn á í sínu nál., — og læknafélagið er hér auðvitað líka aðili í málinu, eins og Tannlæknafélag Íslands. (**HelgJ**: Það eru nú kannske veik meðmæli.) Hv. 1. þm. Rang. veit gerst um það, hvað hans stéttarfélag er veikt eða sterkt. En stéttarfélag þessa hv. þm. og hv. frsm. meiri hl. n. telur mjög vel koma til álita að leyfa þeim tannsmiðum, sem setzt hafa að á einhverjum stað, kannske með ærnum kostnaði, að halda áfram tannsmíðum, þó að tannlæknir setjist að á staðnum.

Ég hef svo ekki neitt frekar um þetta mál að segja, en vænti þess, að hv. þdm. sjái sér fært að samþ. till. hv. minni hl. heilbr.- og félmn., sem ég tel eftir atvikum þá eðlilegustu og sanngjörnustu leið, sem hægt sé að finna út úr þessu máli.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti (BG): Þriðja dagskrármálið (frv. um tannlækningar) er tekið af dagskrá.

Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson): Mig langar aðeins til að fá upplýsingar hjá hæstv. forseta um, hvernig stendur á, að þetta frv. er enn tekið af dagskrá. Ég veit ekki, hvað oft það hefur komið á dagskrá og alltaf tekið út. Ég skil ekki, að þetta sé svo flókið mál, að það þurfi oft að taka það af dagskrá, ef tími er til að ræða það.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta mál kom fyrir nokkrum dögum síðan frá n. Því hefur verið frestað eftir minni ósk, af því að ég hef verið að kynna mér málið, þar sem ég var því ókunnugur áður. Ég hef verið að athuga nýja tilhögun á því, sem ég hef ekki enn athugað til hlítar. Þess vegna hef ég beðið um að fresta málinu. En ég býst við, að áhugamenn um þetta mál þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir, að það dagi uppi. Það er svo langt eftir af þinghaldinu, og ég geri þetta ekki til að tefja málið, heldur af þeirri ástæðu, sem ég hef nú greint.

Á 82. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 5. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 150, n. 394 og 399, 428, 461).

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Það er nú orðið langt síðan þetta frv. var til umr. hér í d., en þá hafði ég kvatt mér hljóðs. Þó að fyrnt sé yfir eitthvað, sem þá var sagt, þá man ég það, að andmælendur mínir voru þeir hv. 2. þm. Eyf. og hæstv. samgmrh.

Þeir voru að tala um það, að við í meiri hl. heilbr.- og félmn. vildum draga úr rétti tannsmiða. Þetta er alls ekki rétt. Hér er um enga réttindaskerðingu að ræða, en hitt er annað mál, að við viljum ekki fallast á réttindaaukningu, sem minni hl. n. berst fyrir, vegna þess að það skapar ósamræmi. Það er því úr hörðustu átt, þegar þeir ásaka okkur í meiri hl. fyrir, að við viljum skapa misrétti, því að í brtt. minni hl. er gert ráð fyrir, að viss hluti tannsmiða fái aukin réttindi. Hvað er misrétti, ef ekki það að taka vissan hluta út úr og auka rétt þeirra tannsmiða, sem í þeim hluta eru, en ekki hinna? Nú liggja fyrir tvær brtt. á þskj. 461 frá 7. þm. Rvík. og 482 frá meiri hl. heilbr.- og félmn. Þær ganga að nokkru leyti út á það sama, en það er, að tannsmiðir gangi fyrir hjá tannlæknum með atvinnu, og í brtt. á þskj. 482 er gert ráð fyrir, að heilbrigðisstj. ákveði kjör þeirra. Ef tannlæknir veitir ekki þau kjör, sem heilbrigðisstj. ákveður, þá heldur tannsmiðurinn sínu leyfi. Þetta er stór úrbót, því að heilbrigðisstj. ætti að vera trúandi til að ákveða launin viðunanleg. Þetta vona ég, að samkomulag geti orðið um, og minni hl. n. sætti sig við þá lausn á málinu, en fari ekki að binda sig við sína brtt., sem einungis eykur misræmið frá því, sem frv. upphaflega gerði ráð fyrir.

Sigurður Kristjánsson: Ég er meðflutningsmaður að þessu frv., sem hér um ræðir og er prentað á þskj. 150. Þó að frsm. minni hl. og samgmrh. hafi lagt þau atriði fram í þessu máli, sem nokkru skipta, þá vil ég, að gefnu tilefni af hálfu frsm. meiri hlutans, segja nokkur orð. Hann talaði mikið um misrétti, sem minni hlutinn vildi skapa með sinni tillögu. Þetta orð misrétti er mörgum viðkvæmt, eins og eðlilegt er, þegar um slíkt er að ræða, en það er bara ekki um neitt slíkt að ræða af hálfu minni hlutans. Það er annað, sem hér kemur til greina, og það er bezt að segja það, eins og það er. Það eru til tvær stéttir manna, annars vegar tannlæknar, en hins vegar tannsmiðir, og það er togstreitan á milli þeirra, sem hér kemur fram. Tannsmiðir læra sitt fag og taka próf í því, en svo á bara ekki að leyfa þeim að stunda sitt fag nema undir umsjón annarra. Í bréfi frá landlækni til heilbr.- og félmn. er meira að segja gengið svo langt, að hlutverki tannsmiða er líkt við nuddarastarf. Mér finnst eðlilegra dæmi um það, sem hér um ræðir, að t. d. verkfræðingur eða arkitekt, sem hefur umsjón með einhverri byggingu, ætti sjálfur að inna af hendi veggfóðrun, en slíkt er auðvitað fjarstæða.

Það hefur verið látið skína í það hér í umr., að það gæti verið hættulegt að láta tannsmiði starfa öðruvísi en undir stjórn lækna. Það er eins og gervilimasmiður mætti ekki stunda sitt starf, nema læknir væri við smíðina með honum. Ég veit ekki til, að það hafi komið til greina, að tannsmiðir hefðu leyfi til þess að draga tennur. Nei, það er aðeins farið fram á, að þeir fái að smíða tennur í þá menn, sem læknar hafa tekið tennur úr eða þeir á annan hátt misst tennur sínar.

Landlæknir segir í bréfi sínu, að það hafi verið veitt leyfi til handa tannsmiðum vegna vöntunar á tannlæknum, og hann réttlætir það. En svo er bara farið fram á, að þessi réttindi verði af þeim tekin,

þegar minnst varir. Nú er það ástand í raun og veru enn ríkjandi, að tannlækna vantar víðast hvar á landinu nema í Reykjavík. Fólk úti á landi verður því í flestum tilfellum að fara hingað til Reykjavíkur til þess að fá smíðaðar tennur. Það er því sýnilegt, að meiri hl. n. er ekki að berjast fyrir hagsbótum almennings, heldur virðist þar um að ræða baráttu fyrir hagsmunum einnar stéttar. Fyrir nokkrum árum var mjög hátt verð á gervitönnum, en þá settu tannsmiðir það niður um allt að 75%. Þeir þóttu þá vargar í véum. Nú er verð gervitanna um 1000 kr. Ég skal ekki segja um, hvað það ætti að vera með hæfilegri álagningu, en víst er um, að það er mjög mikið of hátt. Þetta mikla verð er einmitt vegna ónógrar samkeppni og kúgunar stéttarsamtaka, og það er þetta, sem meiri hl. n. vill vernda. Ég þarf ekki að bæta við þær skýringar, sem minni hl. n. hefur gefið. Það sér hver maður, að það er hart fyrir þá, sem öðlazt hafa rétt til starfs í þeirri grein, sem þeir hafa lagt fyrir sig, og reynzt vel í því starfi, en svo á allt í einu að svipta þá þessum rétti og þeim sagt að vera vinnukona hjá öðrum. Og þetta á einmitt að gera, meðan skortur er á þessum starfsmönnum.

Ef þingið gerir skyldu sína í þessu máli, er ekki hægt að láta við það sitja að framlengja heimild þessara tannsmiða. Það verður að setja sérstaka löggjöf, eins og minni hl. n. bendir á. Það þarf að setja sérstaka löggjöf um tannsmíði og réttindi þeirra og gera þá hliðstæða við aðra sérfróða menn til að stunda sína sérgrein sjálfstætt, ef þeir fullnægja skilyrðum, sem sett eru fyrir, að þeir fái vottorð um sína kunnáttu. Það er enginn vafi, að þessir menn vinna sín verk með fullkominni kunnáttu og fullkomlega til hagsbóta fyrir almenning.

Ég sé, að það eru komnar tvær nýjar brtt. Ég veit ekki, hvað fast þeir halda á að mæla með þeim. Mér sýnast þær heldur lítilfjörlegar. Þær eru aðeins um það, að þegar búið er að svipta þessa fjóra menn atvinnu, sem hafa haft samkvæmt l. heimild ráðh. til að stunda atvinnu sína sjálfstætt, þá skuli þeir sitja fyrir vinnu hjá tannlækni, sem kynni að vilja setja sig niður og gera upptækt hreiður þeirra. Það er ólíklegt, að hv. flm. vilji fylgja þessum till. mjög fast, og mér sýnist ekki ástæða til fyrir hv. þd. að sinna þeim.

Ég sé, að það er orðið ákaflega þunnskipað hér á þingbekkjum. Málið er búið að dragast lengi, svo að ég vil ekki fara fram á frest á málinu. Hv. frsm. meiri hl. er ekki viðstaddur, hefur verið kallaður upp í hæstarétt, og mér er sagt, að hann verði þar í dag. Það er ótækt, að málið dragist lengur. Ég vil því ekki fara fram á að atkvgr. verði frestað, heldur mælast til þess við hæstv. forseta, að hann reyni að ná alþm. saman, áður en atkvgr. fer fram.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð út af þessu máli, áður en gengið verður til úrskurðar um það.

Þannig er ástatt í löggjöfinni um þetta efni, að meginreglan er sú, að öllum öðrum en tannlæknum og þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Það stendur „setja", en ekki „smíða", en undanþága hefur verið gefin frá þessu, af því að ekki hafa orðið nógu margir til að afla sér sérþekkingar í þessari grein. Það hefur verið heimilað mönnum, sem hafa stundað tannsmíðanám, að setja, ekki smíða, heldur setja tennur í menn í samráði við héraðslækni, ef hlutaðeigandi hérað er tannlæknislaust. Nú er farið fram á að breyta þessu, fyrst af hv. flm., þannig að þessi undanþága að setja gervitennur og tanngarða í menn skuli haldast, þótt tannlæknir komi á staðinn, og af hendi minni hl. n. er þó einvörðungu farið fram á, að þetta skuli gilda áfram fyrir þá menn, sem nú þegar hafa fengið slíka undanþáguheimild.

Eftir því sem ég hef getað kynnt mér þetta mál, tel ég óhyggilegt að breyta um þá stefnu, sem verið hefur, að aðeins þeir megi stunda þessi læknisstörf, sem hafa aflað sér til þess nægrar sérþekkingar. Þar af leiðandi álít ég ekki skynsamlegt að samþ. það frv., sem hér liggur fyrir. Hins vegar sýnist mér, af því að ég hef orðið var við í viðtölum um þetta mál við fulltrúa frá félagi tannsmiða og enn fremur landlækni o. fl., sem hafa látið þetta mál sig skipta, að þörf sé endurskoðunar á gildandi löggjöf um verkaskiptingu milli tannlækna og tannsmiða og að setja gleggri reglur um tannsmíðanám. Ég hefði því vel getað fallizt á, að málið væri afgr. með þeirri rökst. dagskrá, sem meiri hl. n. hefur lagt fram, en teldi þó heppilegra, að málið verði afgr. sem l. á þá lund, sem hv. 7. þm. Reykv. leggur til, og með þeirri breyt. þar á, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur til á þskj. 428, m. ö. o., að meginstefnan verði alveg eins og verið hefur, að ekki verði veitt undanþága fyrir tannsmiði til að starfa sjálfstætt, þar sem tannlæknir sezt að, en þó verði sett það ákvæði í l., að tannsmiðir, sem hafa starfað, áður en tannlæknir kom, hafi rétt til að ganga fyrir öðrum hjá tannlækni, sem kemur, um starf í samráði við hann. Og til frekari tryggingar því, að tannsmiðum verði settir eðlilegir kostir í sambandi við þessa samvinnu, komi þetta ákvæði, að geti tannlæknir ekki gengið að þeim kjörum, sem heilbrigðisstj. telur hæfileg, þá falli leyfið ekki úr gildi, m. ö. o., að heilbrigðisstj. geti framlengt leyfi tannsmiða til að vinna sjálfstætt, þó að tannlæknir komi, ef tannsmiður getur ekki komizt að þeim kjörum við hann, sem heilbrigðisstj. telur hæfileg í samvinnu við tannlækninn, en mér skilst, að það sé rétt að tala um samvinnu, því að það er alls ekki gefið mál, að tannsmiður þurfi að vera í þjónustu tannlæknis, heldur samvinna þannig, að tannlæknir vísar mönnum til tannsmiðsins, því að það er sérstakt að taka tennur og annað að láta aðrar koma í staðinn, og við það verða tannlæknir og tannsmiður að hjálpast að.

Nú mætti spyrja, hvað menn sjái á móti því að framlengja rétt þann, sem þessir fáu menn hafa fengið, og hvort það mætti ekki eins afgr. málið þannig, eins og minni hl. n. leggur til, að láta þessa tannsmiði hafa sérstakan rétt. Í því sambandi vil ég aðeins taka fram sem rök gegn því, að rétt sé nú að ganga inn á þá braut að veita þessum mönnum undanþágu eða auka rétt þeirra frá því, sem nú er í gildandi l., á því starfsleyfi, sem þeir hafa, að þá er hætt við því, að eftir nokkurn tíma kæmu menn, sem vildu einnig fá þennan rétt, og þá væri ákaflega erfitt að draga þar línu, svo að skynsamlegt væri og réttlátt. Þess vegna teldi ég ekki skynsamlegt að ganga inn á að auka þessi réttindi eða breyta um stefnu frá því, sem er í gildandi lög-

gjöf, heldur eigi að setja í staðinn ákvæði, sem ættu að tryggja samvinnu milli tannlækna og tannsmiða, sem gæti orðið fullnægjandi fyrir báða aðila, og heilbrigðisstj. gæti þá framlengt leyfið, ef eðlilegir samningar takast ekki.

Að lokum vil ég aðeins benda á út af því, sem hér hefur komið fram, að mér skilst, að hjá n. sé ekki um að ræða ágreining um prinsipið, hver meginreglan skuli vera, vegna þess að minni hl. gerir í brtt. sinni ráð fyrir, að þessi undanþága verði veitt aðeins fyrir takmarkaðan hóp, þ. e. a. s. að það er enginn ágreiningur hjá n. að halda þeirri meginreglu, sem verið hefur. Og þá er spurningin, hvort sé knýjandi nauðsyn til að gera þá undanþágu, sem gæti orðið varhugavert fordæmi síðar. Ég vil mega vona, að ef till. hv. 7. þm. Reykv. með viðauka frá meiri hl. n. verður samþ., þá verði sú ástæða, sem menn kynnu að hafa til þess að veita undanþágu, brott fallin, og þau ákvæði mundu reynast nægileg til að tryggja afstöðu þeirra tannsmiða, sem hlut eiga að máli.

Að lokum skal ég taka fram, að aðalatriðið er að fjölga tannlæknum, því að takmarkið er ekki, að fólk fái nýjar tennur, heldur að halda sínum upprunalegu tönnum. Þrátt fyrir þetta er starfsemi tannsmiða mjög nauðsynleg, og verður að ætla þeim eðlilegt starfssvið og hæfileg kjör, og um það þarf gleggri ákvæði í löggjöf, og ég geri ráð fyrir, að heilbrigðisstj. muni vinna að, að betri skipun komist á það og það sem fyrst.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n., sem hefur fjallað um þetta mál, og hef þess vegna kynnt mér málið nokkuð.

Ég hygg, að það gæti verulegs misskilnings í málflutningi formælenda frv. Af hálfu þeirra hefur verið lögð á það megináherzla annars vegar, að sú breyt., sem lagt er til, að gerð verði á löggjöfinni, feli í sér réttlætismál gagnvart 3—4 einstaklingum. Hins vegar hefur verið lögð áherzla á það af hv. 5. þm. Reykv., að hér væri um að ræða hagsmunamál tannlækna og þeir stæðu gegn þessari breyt. Ég hygg, að hvort tveggja sé algerður misskilningur. Hér er um að ræða fyrst og fremst prinsipmál, það, hvort eðlilegt sé, að tannlæknar og tannsmiðir starfi á sama staðnum samtímis að því að setja gervitennur og tanngarða í fólk. Hér er um að ræða spurningu um það, hvort tannsmiðir skuli fá heimild til að starfa sjálfstætt að því að setja tennur í fólk, þó að tannlæknir sé á staðnum, eða ekki. Í okkar löggjöf hefur því verið slegið föstu, að það, að smíða og setja tanngarða í fólk, sé tannlækna verk, sem þurfi sérþekkingu tannlækna til að inna af hendi. Mér vitanlega var, þegar tannlæknal. voru sett, enginn verulegur ágreiningur um, að þessi regla væri skynsamleg. Svo var hins vegar ákaflega mikill skortur á tannlæknum, og því var gerð sú undanþága 1932, að tannsmiðum væri heimilt að inna þessi störf af hendi, þar sem ekki næðist til tannlæknis. Jafnframt var ákveðið, að kæmi tannlæknir, þá væri rétt að láta meginregluna gilda. Það, sem fyrir löggjafanum vakti, var einungis það, að hagsmunum þeirra, sem þyrftu á þessu að halda, væri betur borgið, ef tannlæknir annaðist það en tannsmiður, ef völ væri á báðum á sama staðnum. Ég held því, ef við lítum á eðli málsins eingöngu, þá sjáum við, að það er þetta, sem fyrst og fremst er um að ræða, en ekki hagsmunamál fyrir tannlækna eða sanngirnismál fyrir þrjá til fjóra einstaklinga. Á Norðurlöndum hefur alls staðar nema í Danmörku verið sama skipun á þessu og hér, þ. e. a. s. í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er löggjöfinni hagað eins og hér, af því að það er álitið tannlækna verk að smíða og setja tennur í fólk, en tannsmiðum óheimilt að vinna sjálfstætt að þessu. Í Danmörku eru ekki nein ákvæði í l., sem banna tannsmiðum að smíða eða setja tennur í fólk, en það fyrirkomulag hefur gefizt mjög illa, og Danir vilja koma í veg fyrir, að þeir geri það mjög almennt. Þetta hefur valdið óánægju og verið dönsku heilbrigðisstj. verulegt áhyggjuefni, því að erfitt er að koma í veg fyrir, að tannsmiðir fari út fyrir sinn verkahring, og nokkrum sinnum hefur komið til mála að banna tannsmiðum að gera þessi verk, þó að ekki hafi orðið úr því hingað til, af því að tannsmiðastéttin er fjölmenn, en þetta hefur alltaf haft vandræði í för með sér. Ég hygg því, að óhætt sé að fullyrða, að ef þetta frv. verður samþ., þá er það spor aftur á bak frá því, sem verið hefur.

Það er alveg misskilningur, sem haldið hefur verið fram af hálfu formælenda frv., að hér sé eingöngu um að ræða, hvort 3—4 menn eigi að fá að halda áfram að vinna sitt verk eða ekki.

Brtt. minni hl. gengur út á að heimila þeim tannsmiðum, sem þegar hafa starfað sjálfstætt, að gera það áfram. Það er rétt, að hér er eingöngu um að ræða þrjá eða fjóra menn, sem nú hafa fengið undanþágu, en það er mikill misskilningur að halda, að ef þeir fá þennan rétt áfram, þá verði hægt að einskorða hann við þá framvegis. Það er vitað mál, að ef tannsmiður setur sig þar niður, sem enginn tannlæknir er, og starfar þar 3—4 ár, þá nær engri átt annað en veita honum sams konar rétt og hér er um að ræða til að starfa áfram, jafnvel þó að tannlæknir væri þá setztur þar að, en þá er búið að brjóta þá grundvallarreglu, sem löggjöfin byggist á, að þetta sé læknaverk og eigi að vinnast af læknum. Ástandið mundi því verða þannig í mörgum bæjum, að þar mundi starfa bæði tannlæknir og tannsmiður samtímis að þessu verki. Það er því mikill misskilningur, að hér sé um að ræða hagsmunamál tannlækna. Þar er aðeins um að ræða hagsmunamál þessara 3—4 manna, sem starfa nú sjálfstætt móti hagsmunum allra hinna.

Þá er eitt atriði enn. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að ef þetta nær fram að ganga, þá verði það til þess, að landlæknir mundi ekki sjá sér fært að mæla með því að veita ný leyfi til tannsmiða til að vinna tannsmíðaverk sjálfstætt. Afleiðingin verður því sú, ef till. minni hl. er samþ., að þá kemur greinilega í ljós, að það er mjög andstætt hagsmunum tannsmiða í heild, þar sem þeir, sem lokið hafa prófi og eiga nú rétt á að starfa sjálfstætt, mundu ekki geta fengið þau leyfi framvegis.

Ég held, að það sé líka rétt að vekja athygli á því, að hér er um að ræða mikið hagsmunamál dreifbýlisins eða staða utan Reykjavíkur og kaupstaða, sem þegar hafa tannlækna. Ef frv. eða brtt. minni hl. verður samþ., þá mundi það þýða það, að flestir þeir tannsmiðir, sem nú hafa leyfi, mundu nota sér það, fara á einhverja staði og setja sig þar niður, og þá mundu tannlæknar ekki verða fáanlegir til að koma þangað. Það er því líklegt,

ef frv. eða brtt. minni hl. yrði samþ., þá mundu tannsmiðir setjast að í kaupstöðunum utan Reykjavíkur og stærstu kaupstaðanna, en það yrði til þess, að tannlæknar yrðu ófáanlegir þangað um ófyrirsjáanlegan tíma. Það er rétt fyrir þá, sem láta sig hagsmuni dreifbýlisins skipta, að gefa þessu mjög rækilegan gaum. Það má einnig á það benda, að þessi hætta er nú þegar fyrir hendi utan Reykjavíkur. Vestmannaeyingar hafa sent áskorun um að láta frv. ekki ná fram að ganga. Tannlæknirinn í Vestmannaeyjum er nýlátinn, en erfiðleikar fyrir Vestmannaeyjar að fá tannlækni, ef tannsmiður sezt þar að og fær að starfa þar áfram, þó að tannlæknir kæmi þar. Þetta hafa Vestmannaeyingar gert sér ljóst, og þess vegna senda þeir áskorun að láta frv. ekki ná fram að ganga. Aftur á móti er sjálfsagt og eðlilegt að koma í veg fyrir, að tannsmiðir verði óeðlilega háðir tannlæknum, en það verður bezt gert með því móti að skipuleggja nám tannsmiða og gera þeim kleift að koma sér á fót sem stétt og gæta hagsmuna sinna gagnvart tannlæknum. Því vil ég ekki andmæla því, að séð sé svo um, að tannsmiðir verði ekki óþarflega háðir tannlæknum og njóti ekki hjá þeim réttmætra kjara. Það er sjálfsagt að hjálpa þeim á allan hátt til að njóta réttar síns í þessu sambandi til fulls.

Hv. 5. þm. Reykv. gat þess áðan, að núverandi skipun á löggjöf um þetta efni væri eindæmi, þetta þekktist ekki á neinu öðru sviði löggjafarinnar. Þetta er mikill misskilningur. Ég get nefnt eitt dæmi, sem er alveg hliðstætt þessu, en það er afstaða augnlækna annars vegar og gleraugnasala (optikera) hins vegar. Ef einhver þarf að fá sér gleraugu, verður hann að fara til augnlæknis og láta hann mæla augun og segja fyrir, hvernig þau skuli vera. Síðan smíðar gleraugnasalinn (optikerinn) þau. Mér er ekki kunnugt um, að nokkrum manni hafi dottið í hug að breyta þessari skipan. Þó hafa heyrzt raddir um, að óeðlilegt sé, að þeir, sem smíða gleraugu, verði að gera það eftir augnlæknis fyrirsögn, það sé því eðlilegt að láta þá, sem þurfa að fá gleraugu, koma beint til gleraugnasalans, en augnlæknirinn sé þar óþarfur milliliður. Heilbrigðisstj. og yfirvöldin hafa alltaf verið á annarri skoðun. Þau segja, að nauðsynlegt sé, að augun séu mæld af augnlækni og hann kveði á um gerð gleraugnanna. Nákvæmlega það sama er hér um að ræða. Meginreglan gerir ráð fyrir, að tannlæknir segi fyrir um, hversu tennur skuli gerðar, en síðan smíði handverksmaður tennurnar. Sú afstaða er nákvæmlega sú sama, og fleiri dæmi mætti nefna þar til samanburðar. Mér þætti fróðlegt að vita, hvort flm. vilja veita optikurum leyfi til þess að smíða gleraugu. Við meiri hl. n. lögðum til, að frv. yrði afgreitt með rökst. dagskrá, en nú hefur það komið í ljós, að hið mesta kapp ríkir um málið. Brtt. okkar meiri hl. n. er m. a. á þá leið, að tannsmiður skuli hafa leyfi áfram til að smíða tennur, ef hinn aðkomni tannlæknir veitir honum ekki kost á þeim kjörum, sem heilbrigðisstj. telur hæfileg. Þetta ákvæði vildum við hafa til þess að tryggja það, að tannsmiðir bæru ekki skarðan hlut frá borði. Einnig má geta þess, að í launalögunum nýju eru og sanngjörn ákvæði varðandi tannsmiði, og meiri sanngirni en fram kemur í þessu hvoru tveggja finnst mér tannsmiðir ekki eiga heimtingu á. Hins vegar tel ég það rétt, að sett yrðu ákvæði um nám tannsmiða. Svo gætu þeir skipulagt stétt sína og bundizt samtökum um að gæta réttar síns fyrir tannlæknum, og við teljum það hægt með því, að tannsmiðir fái hæfileg kjör hjá tannlæknum. En verði það ekki, skuli tannsmiðir mega starfa áfram og keppa við tannlæknana.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Meðflm. minn, hv. 5. þm. Reykv., hefur hér lýst að nokkru afstöðu okkar til þessa máls, eins og það nú stendur, og ég þarf ekki miklu við það að bæta öðru en því að svara nokkrum aths., sem fram hafa komið frá hv. menntmrh. og 4. þm. Reykv. Síðan málið var síðast til umr., hafa komið fram tvær brtt., önnur frá hv. 7. þm. Reykv. á þskj. 461, og hin frá meiri hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 484. Út af fyrri brtt. skal ég aðeins segja það, að málið er með samþykkt þeirrar till. fært svo að segja nákvæmlega í það horf, sem það nú er í. Í brtt. felst mjög lítil breyt., engin önnur en sú, að þeir tannsmiðir, sem verða fyrir því óláni, að tannlæknir setjist að í þeim umdæmum, sem þeir eru starfandi í, þeir eiga að fá nokkurs konar forgangsrétt til þess að starfa hjá tannlæknunum við tannsmíðar. Munurinn á núgildandi l. um þetta efni og þeim breyt., sem hv. 7. þm. Reykv. flytur till. um, er þessi eini — eða ég sé ekki annað. Þetta er svo nokkuð aukið með brtt. á þskj. 482, sem er brtt. frá meiri hl. heilbr.- og félmn. Þar stendur, að tannsmiður eigi rétt á að ganga fyrir öðrum um atvinnu við tannsmíðar fyrir þennan tannlækni. Veiti hann tannsmiðnum ekki kost á þeim kjörum, sem heilbrigðisstj. telur hæfileg, fellur leyfið ekki úr gildi. — Ég tel báðar þessar brtt. óaðgengilegar fyrir okkur flm. frv., því að þær bæta að litlu eða engu úr því misrétti, sem hér gildir. Ég ætla að þessi forgangsréttur 7. þm. Reykv. verði í reyndinni mjög lítils virði, því að þarna er allt lagt á vald hlutaðeigandi tannlæknis, en ekkert annað á vald tannsmiðsins sjálfs en sætta sig við þau kjör, sem tannlæknirinn kann að skammta honum, og kemur það fyrirkomulag að mínu viti ekki til mála. Um hitt atriðið, að heilbrigðisstj. eigi að vera nokkurs konar gerðardómur fyrir tannsmíðinn, það tel ég mjög hæpna ráðstöfun, og ég efast um, að tannsmiðir, a. m. k. nú, beri það traust til heilbrigðisstj., að þeir vilji sætta sig við þann gerðardóm. Báðar þessar brtt. tel ég ganga svo skammt til úrbóta á þessum misrétti, sem hér ríkir, að þær séu alveg óviðunandi fyrir okkur flm. og nái ekki þeim tilgangi, sem við ætluðumst til, að náð væri með flutningi frv. Hv. menntm.- og heilbrmrh. talaði um þessar brtt., en var í ræðu sinni óvenju óskýr að mér fannst. Hann sagði, að að vísu væri bannað með lögum, að tannsmiðir settu tennur í menn, en þeim væri ekki bannað að smíða þær sjálfstætt. Hann taldi, að hér ætti að tala um samvinnu milli tannsmiðs og tannlæknis, en ekki þjónustu, og í samræmi við þetta er brtt. heilbr.- og félmn. orðuð á þá leið, að tannsmiður einn skuli eiga rétt á að ganga fyrir öðrum um atvinnu við tannsmíðar fyrir þann og þann tannlækni. Þetta er mjög svo óákveðið orðalag, og má sjálfsagt teygja það og toga, en niðurstaðan af því er að mínu áliti sú, að tannsmiður geti ekki átt neitt undir þessu ákvæði. Það verður allt á valdi þess, sem dóminn á að fella, sem sagt heil-

brigðisstj., um kjör tannsmiðs, og býst ég við, að tannsmiðir séu ekki spenntir fyrir því.

Út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. skal ég einnig segja nokkur orð. Hann kvað það misskilning á eðli málsins hjá okkur flm., þegar við héldum því fram, að þetta væri réttlætismál 3—4 manna og hagsmunamál tannlækna. Hins vegar vildi hann endurtaka spurningu um það, hvort leyfa ætti tannsmið sjálfstætt starf, ef tannlæknir hefði setzt niður í umdæmi hans, og hvort þeir ættu að fá að starfa samtímis að tannsmíðum. Hér þarf enginn misskilningur að vera. Ég tel, að um hvort tveggja sé að ræða. Hér er ágreiningur um, hvort tannsmiður og tannlæknir eigi að fá að starfa sjálfstætt samtímis og hvort bæta eigi þann órétt, sem ég og meðflm. teljum, að viss stétt hafi orðið fyrir, þegar tannlækningalögunum var breytt árið 1932. Það hefur ekki heldur verið véfengt, að hér væri um hagsmunamál tannlækna að ræða. Ég álít — alveg eins og meðflm. minn, 5. þm. Reykv., vék að áðan —, að það sé a. m. k. eitt af kjarnaatriðum málsins. Sannleikurinn er sá, að þótt tannsmið verði bannað að starfa sjálfstætt, eftir að tannlæknir hefur setzt að í héraðinu, þá verður það ekki til þess, að tannlæknirinn smíði tennurnar sjálfur. Þvert á móti. Hann fær til þess eitthvað allsendis óvant fólk, fólk, sem er alveg ólært í þessum efnum, og hefur það sér til aðstoðar við tannsmíðina. Ég held, að það sé í fáum tilfellum, að tannlæknirinn inni þetta starf af hendi sjálfur eða fagmenn undir hans stjórn. Ég sé lítinn mun á því, hvort tannsmiðurinn, sem af heilbrigðisstj. hefur verið talinn hæfur til þess að vinna sjálfstætt í tannlæknislausu héraði, starfar að þessu sjálfstætt áfram eða hvort hann vinnur að því undir stjórn tannlæknis, og ég sé ekki, að almenningur hafi í því tilfelli tryggingu fyrir betri vinnu hjá þessum aðilja heldur en þótt hann ynni sjálfstætt. Í öðru tilfellinu vinnur tannsmiðurinn undir stjórn og fyrir ákveðið kaup hjá tannlækni. Í hinu undir eigin stjórn og á eigin ábyrgð, og eins og ég hef áður sagt, þá býst ég ekki við, að munur á vinnugæðum yrði mikill. Spurningin er aðeins sú, hvor hafi hagnaðinn.

Hv. 4. þm. Reykv. virtist leggja dálítið annan skilning í frv. þetta en ég hafði búizt við. Með því formi, sem hér er á komið með brtt. minni hl. n., sem við flm. höfum tjáð okkur samþykka, þá er hér gert ráð fyrir bráðabirgðaákvæði, og það er einungis ætlazt til þess, að lög þessi gildi, þar til sett hafa verið um þetta lög og ákveðnar reglur um nám og réttindi þessara tannsmiða, en bæði meiri og minni hluti n. er því samþykkur, að settar verði reglur um þetta atriði. Það er því ætlazt til þess, að ákvæði þessi gildi, þangað til þessar reglur verða lögfestar, en það er á valdi þeirra, sem semja þær, hversu fljótt það verður gert. Það er því að öllum líkindum aðeins um stutt tímabil að ræða, þangað til þessar reglur koma til framkvæmda. Hv. 4. þm. Reykv. var með hálfgerða hótun frá landlækni um það, að hann mundi, ef Alþ. hefði aðra skoðun á þessu máli en hann sjálfur, ekki sjá sér fært að veita tannsmiðum fleiri leyfi til að praktisera sjálfstætt úti á landi. Ég er ekki að véfengja það, að hv. 4. þm. Reykv. hafi þetta rétt eftir landlækni, enda hefur hann aðstöðu til þess að fá fyrstu handar upplýsingar hjá honum, en ég verð að segja það, að mér finnst það hart, ef landlæknir hefur látið sér þessi orð um munn fara, því að í þeim liggur eins konar hótun um refsiaðgerðir í sambandi við það, sem gerist á Alþ. Ætli landlæknir að taka upp refsipólitík til þess að koma fram vilja sínum gegn vilja Alþ., þá verður Alþ. sennilega að grípa til sinna gagnráðstafana.

Þá sagði hv. 4. þm. Reykv. það, að ýmislegt væri sameiginlegt með tannlækni og augnlækni, eða a. m. k. ætti að vera það. Augnlæknar rannsökuðu augun og gæfu svo resept fyrir gleraugnaslípara til þess að gera gleraugun eftir, og þannig skildist mér, að 4. þm. Reykv. hugsaði sér einnig fyrirkomulagið með tannsmíði. Ég er að vissu leyti sammála hv. þm. um þetta. Ég held samt, að verk tannlækna sé fyrst og fremst að gera við tennur og draga úr tennur, en þegar tennur hafa verið dregnar úr manni, þá ætti, eftir því sem hv. 4. þm. Reykv. heldur fram, að gefa manninum resept til tannsmiðs upp á nýjan tanngarð. Ég skil satt að segja ekki, hvernig það má verða. Ég hygg, að bezt sé, að maðurinn fari sjálfur til tannsmiðsins, eftir að dregið hefur verið úr honum, og sýni honum sig og fái hann svo til þess að smíða í sig tennur. Mér virðist nákvæmlega sama sambandið milli þessara aðilja, tannsmiðs og tannlæknis og augnlæknis og gleraugnaslípara, að því fráskildu, að ég álít, að ekki sé gott að gefa resept upp á tennur. Hv. 4. þm. Reykv. gat þess, að mál þetta væri sótt með hinu mesta offorsi og kappi. Ég vildi leyfa mér að halda því fram, að ef um kapp er að ræða hjá einhverjum, þá sé það hjá þeim, sem vilja málið feigt. Mér finnst ósanngjarnt að hrekja hæfan og æfðan mann frá starfi, til þess að fá það í hendur manni, sem lætur svo einhvern ólærðan og óvanan mann inna það af hendi. Þetta finnst mér vera réttlætismál fyrir tannsmiðina. Mér virðist þó ekki rétt að veita fleiri leyfi, fyrr en búið er að setja fastar reglur og lög um starfsemi tannsmiða, en hve fljótt það verður, er á valdi heilbrigðisstj., og hygg ég, að hún geti staðið á móti öllum leyfisveitingum, meðan verið er að ganga endanlega frá málinu.

Hv. 4. þm. Reykv. lauk máli sínu með því að segja, að sér fyndist, að með brtt. á þskj. 482 frá meiri hl. heilbr.- og félmn., þar sem gert er ráð fyrir, að tannsmiðum sé gefinn kostur á starfi hjá tannlæknum — með nokkurskonar gerðardómi heilbrigðisstj. um kaup og kjör —, þá væri þetta eiginlega allt, sem hægt væri að fara fram á fyrir hönd tannsmiða, því að hann sagði: „Meiri sanngirni finnst mér tannsmiðir ekki eiga rétt á.“ Það getur verið, að þeir eigi ekki rétt á meiri sanngirni, en ég spyr bara: Hvers vegna ekki?

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég bjóst ekki við að fylgja þessari brtt. minni úr hlaði með mörgum orðum, en þar eð ég sé, að ágreiningur nokkur er um brtt. og málið í heild, þá mun ég reyna að skýra hana nánar.

Þessi brtt. mín er fyrst og fremst fram borin til þess að miðla málum milli tannlækna og tannsmiða og til þess að tryggja tannsmiðum atvinnu undir vissum kringumstæðum.

Ég verð að segja það, að mig undrar mjög á ágreiningi og hinu einkennilega viðhorfi sumra þm. til þessa réttlætismáls. Menn þykjast hér vera að verja réttindi tannsmiðanna, en sann-

leikurinn er sá, að ég sé ekki, að nokkur stefni að því að skerða réttindi þeirra, heldur er verið að bæta þau.

Hæstv. samgmrh. gat þess í ræðu sinni, að tannsmiður yrði fyrir óláni, ef tannlæknir settist að, þar sem hann starfar. Ég hygg nú, að þótt tannsmiðinum verði eftir þetta heimilað að starfa áfram í þessu umdæmi, þá verði hann samt sem áður fyrir atvinnutjóni án þess forgangsréttar til vinnu hjá viðkomandi tannlækni, sem ég vil tryggja honum með brtt. minni. Það liggur í augum uppi, að eftir að þessir tveir aðilar, tannsmiður og tannlæknir, eru farnir að vinna í sama héraði að tannsmíðum, þá hlýtur atvinna tannsmiðsins að bíða mikinn skaða. Ég hygg því, að við ættum ekki að hrekja tannsmiðinn út á kaldan klakann í þessu efni, heldur tryggja honum vissa atvinnu hjá tannlæknum. Ég tel, að menn geri nokkuð mikið úr hinu sjálfstæða starfi tannsmiðsins. Það er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að það kemur fyrir, að tannlæknir verður að leiðrétta villur og mistök, sem verða hjá tannsmiðum, ekki af því að tannsmiðirnir séu ekki nógu góðir tannsmiðir út af fyrir sig, heldur af því, að þeir hafa ekki aðstöðu til þess að undirbúa gómana, eins og tannlæknar geta, áður en gervitennur eru tilbúnar. Ég vil að lokum geta þess, að það, sem fyrir mér vakir með flutningi þessarar brtt., er að leggja fram miðlun í þessu máli. Ég álít, að aðstöðu tannsmiða verði betur borgið með því að samþykkja brtt. mína en með því að fella hana og fara eftir till. meiri hl. heilbr.- og félmn.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. út af orðum hæstv. samgmrh., er hann var að tala um misrétti það, sem nú væri. Ég vil minna á, að tannsmiðir þeir, er eiga hlut að máli, hafa sett sig niður vitandi, hvernig löggjöfin var og þau skilyrði, er þeir áttu við að búa. Þeim kemur því ekkert á óvart. Hafi þeir sett sig niður á fjölmennum stöðum, gátu þeir búizt við, að tannlæknir kæmi von bráðar á þann sama stað. Það stendur því ekki til að gera á hlut eða ganga á rétt nokkurs í minni afstöðu til frv. Ég vil leyfa mér að benda á, að aðaltilgangur löggjafarinnar verður að miða að því, að tannlæknar verði sem víðast. Þó að tannsmiðir séu góðir og nauðsynlegir til að smíða tennur í fólk, þá er aðalatriðið að gera við tennurnar í fólki. En sá réttmæti ótti hefur komið upp, að frv. gæti dregið úr áhuga manna á að læra tannlækningar eða setja sig niður, þar sem verkefni væru takmörkuð, af því að fyrir væri tannsmiður með miklum réttindum. Þetta ber að hafa í huga, og er þetta ekki af meinbægni við neinn, heldur vegna nauðsynjar á fleiri tannlæknum. Það ætla ég að þingmenn verði að hafa í huga, að ekki má draga úr áhuga manna á að læra tannlækningar. Hæstv. samgmrh. sagðist ekki geta sætt sig við till. hv. 7. þm. Reykv. og ekki heldur till. meiri hl. heilbr.- og félmn., m. a. vegna þess, að tannsmiðir bæru takmarkað traust til heilbrigðisstj. Ég verð að segja það, að ég veit ekki, hvaðan hæstv. ráðh. kemur þessi vitneskja, og mér sýnist, að tannsmiðir hafi enga ástæðu til að tortryggja stjórn heilbrigðismálanna og hafi heldur ekkert leyfi til að ganga fyrir fram út frá því, að þetta ákvæði sé þýðingarlaust. Slíku er ekki hægt að slá föstu. Ef þessar till. yrðu samþykktar, þá hafa tannlæknar vofandi yfir sér, að leyfin verði látin gilda áfram. Það er því aðhald fyrir tannlæknana og vinningur frá því, sem nú er, og ef það yrði samþykkt, þyrftu flm. frv. ekki að kvarta yfir því, að enginn árangur væri af flutningi frv. Hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að ræða mín hefði verið loðin og óskýr, og spurði mig, hvort ég áliti, að tannsmiðir hefðu leyfi til að starfa sjálfstætt. Það getur verið, að ég hafi ekki sett nógu skýrt fram álit mitt, en auðvitað hafa tannsmiðir ekki leyfi til að starfa sjálfstætt nema með undanþágum. En það eru þessar undanþágur, sem flm. frv. vilja gera viðtækari. Allir virðast vera sammála um hina almennu verkaskiptingu milli tannlækna og tannsmiða. Spurningin er aðeins, hve langt á að ganga í því að veita undanþágur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta öllu nánar, en endurtek það, að ég mæli með till. hv. 7. þm. Reykv. með viðbótartill. frá meiri hl. heilbr.- og félmn., tel þá, að löggjöfin sé betri en áður, þótt ekki sé gengið eins langt og flm. vilja, en svo langt er ekki rétt að ganga.

Frsm. meiri hl. (Helgi Jónasson): Ég skal ekki segja mörg orð að þessu sinni, en verð að lýsa yfir því, að mig furðar á málflutningi flm. þessa frv. Þeir eru stöðugt að tala um, að við séum að skerða hlut tannsmiða. Með hverju höfum við gert það? Ég spyr og óska svars. Sannleikurinn er nú reyndar sá, að till. okkar ganga allar í þá átt að auka rétt tannsmiða. Það er alger misskilningur, að við viljum níðast á tannsmiðunum, því að þeir starfa samkvæmt leyfum eftir sem áður, þar er engu breytt. Það er deilt um, hvort þeir eigi að fá fullan rétt á við tannlækna. Þá koma allir, sem leyfi hafa, og fleiri. Ég veit t. d. um einn tannsmið, nýkominn frá útlöndum með öll skilríki í lagi. Þá koma einnig gleraugnasalar og heimta sinn rétt á borð við augnlækna. Vill hæstv. ráðh. það? Þá koma og nuddkonur, sem heimta að fá að starfa án handleiðslu læknis. Vill hæstv. ráðh. það? Ég óska svars. Það er ekki nýtt fyrirbæri hér á Alþ., þótt menn tali og hnýti í heilbrigðisstj. Fyrir tveim árum voru samþ. hér l. um læknishéruð þvert ofan í vilja landlæknis. Þessi lög hafa að ósk flm. sjálfra aldrei verið framkvæmd, og býst ég við, að svo geti einnig farið nú um þá menn, sem með mestu offorsi og ranglæti tala fyrir þessu frv. Hv. 5. þm. Reykv. hélt því fram, að meiri hl. vildi banna tannsmiðum að smíða tanngarða og munna, eins og hann orðaði það. Jú, vissulega mega þeir smíða munna. Veitti ekki af að smíða nýjan munn í hv. 5. þm. Reykv. (SK: Gagnslaust, ef nýtt innræti fylgir ekki með.) Við viljum ekki skerða rétt tannsmiða og höfum gengið svo langt til samkomulags, að furða er, að flm. hafa ekki gengið inn á það, og sést af því, að þeir hafa ekki sérstaklega hagsmuni tannsmiða fyrir augum, heldur einhverra einstaklinga. En þá eru menn áreiðanlega á villigötum, ef á að breyta heilli löggjöf vegna einhvers einstaklings. Það má ekki ganga of langt í að veita undanþágur, því að þá kemur fram misrétti innan stéttarinnar, sem erfitt er að réttlæta, og ef veita á einum undanþágu þá koma vitanlega aðrir úr stéttinni, sem eins stendur á um, og krefjast, sem eðlilegt er, sama réttar, því að vont er að þola órétt, en verra

þó að þola misrétti innan eigin stéttar. Og það koma fleiri í kjölfarið, gleraugnasalarnir, nuddkonurnar og hómopatarnir. Ég vona því, að deildin samþykki framkomnar miðlunartill., því að hvers vegna eiga tannsmiðir að vera rétthærri en aðrar stéttir? Því hefur verið haldið fram af ýmsum, að það væri ekki sanngjarnt, að tannsmiðir yrðu að sætta sig við þann taxta eða gjaldskrá, er heilbrigðisstj. setti. Það er nú svo. Læknar verða að hlíta reglum, er heilbrigðisstj. setur í þessu efni, og það ætti ekki að vera hart fyrir tannsmiði að hlíta sömu reglum. Það þýðir ekki að koma með öfgar í svona mál, sem ætti að leysa með samkomulagi, enda hefur meiri hl. heilbr.- og félmn. gengið mjög til samkomulags.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Aðeins stutt aths. út af orðum hv. 1. þm. Rang. Það mátti skilja hann svo, að með till. á þskj. 428 væri verið að skapa misrétti milli tannsmiða. En hæstv. samgmrh. skýrði þetta atriði nægilega áðan. Höfuðtilgangur okkar flm. er að tryggja rétt hinna fáu tannsmiða, þangað til ný skipan er gerð á þessum málum, og felast í frv. óbein fyrirmæli til ríkisstj. að undirbúa slíka löggjöf. Það er misskilningur, að með þessu eigi að skapa misrétti, og það er enn fremur misskilningur, að meiri hl. heilbr.- og félmn. sé sakaður um að svipta einhvern rétti. Frv. er aðeins um að tryggja rétt tannsmiða, þar til ný skipan er komin á. En gegn þessari tryggingu berst meiri hl. heilbr.- og félmn. Hv. þm. taldi, að fjöldi tannsmiða mundi koma í skjóli undanþáganna. En tannsmiðirnir eru sárafáir, einir 8. (**GÞ:** Leyfin eru útrunnin nema hjá þremur.) En hvað snertir málflutning með offorsi og ranglæti, þá er það fjarstæða. Ég hef ekki heyrt neinn ofsa, nema þá í síðustu ræðu hv. þm. Rang., sem er líklega af því, að hann hefur ekki getað stjórnað fyllilega skapi sínu, er hann sér, að málstaður okkar flm. á vaxandi fylgi að fagna hér í d.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er eitt atriði í ræðu hæstv. samgmrh., sem ég get ekki látið ómótmælt. Ég taldi, að landlæknir mundi ekki geta séð sér fært að mæla með nýjum undanþágum. Þá taldi hæstv. ráðh., að hér væri um að ræða hótanir og refsiaðgerðir. Ég sé ekki ástæðu til að ætla, að landlæknir geri annað en skyldu sína. Ef rætt er t. d. um, að tannsmiður vildi setjast að í Vestmannaeyjum, þá telja eyjarskeggjar það óhagstætt, þar eð það mundi aftra tannlækni frá því að setjast þar að. Ef nú tannsmið er neitað um leyfi til að setjast að í Eyjum, þá er það í samræmi við vilja íbúanna, og ekki um neinar refsiaðgerðir að ræða. Þessum ummælum hæstv. ráðh. vildi ég því ekki láta ómótmælt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Til skýringar vildi ég geta þess, að hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ef frv. yrði samþ., mundi landlæknir ekki sjá sér fært að veita fleiri leyfi. Mér finnst, að í þessu komi fram, að um refsiaðgerðir sé að ræða, ef breyta á þvert ofan í vilja meiri hluta Alþ. Því fannst mér þetta mjög óviðkunnanleg tilkynning.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 6. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 150, n. 394 og 399, 428, 461, 482).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 399 tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 428 (ný 1. gr.) samþ. með 13:8 atkv.

— 394, 461 og 482 þar með fallnar.

2.—3. gr. samþ. með 16:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:7 atkv.

Á 89. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 490).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 399, frá meiri hl. heilbr.- og félmn., felld með 16:6 atkv.

Frv. samþ. með 16:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 92. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9:1 atkv.

Á 133. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 490, n. 832, 834).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, rætt það á nokkrum fundum og hefur ekki orðið algerlega sammála um afgreiðslu málsins, þannig að tveir nm., LJóh og ég, viljum samþykkja frv. óbreytt, en tveir, BrB og HV, munu bera fram brtt. við það; einn nm., HermJ, var ekki á fundi, þegar endanlega var gengið frá málinu.

Mál þetta mun vera borið fram aðallega vegna þess, að nýr tannlæknir hefur setzt að í Hafnarfirði og gert kröfu til þess, að tannsmiði þeim, sem þar hefur sett sig niður og starfað þar í nokkur ár, verði vikið burt samkvæmt gildandi lögum. N. þykir ekki rétt að ganga á rétt þeirra manna, sem hafa áður fengið leyfi til að starfa í þessari grein, og er sammála um, að þeir haldi þeim rétti, þótt gerðar séu nú frekari kröfur til náms í þessari iðngrein en þeir geti uppfyllt.

Mismunurinn milli þeirra aðila, sem leggja til að frv. verði samþ. óbreytt, og hinna, sem skila brtt., er sá, að HV og BrB óska eftir því, að gerð sé sú breyt. á frv., að þessi réttur sé aðeins bundinn við þá staði, sem viðkomandi tannsmiður nú starfar á. Á þetta gátum við ekki fallizt og teljum eðlilegt, að réttur tannsmiða sé takmarkalaus til starfa, úr því að þeir hafa einu sinni fengið leyfi til að starfa við tannsmíðar á vissum stöðum. N. hefur kallað til sín formenn tannlæknafélagsins og tannsmiðafélagsins og einn félaga úr stjórn félags tannsmiða og hefur rætt þetta mál ýtarlega við þessa aðila. Á þessum fundi hefur það verið upplýst, að hér er aðeins um að ræða 5 tannsmiði á landinu. Þar af er ein kona á Sauðárkróki, sem hefur starfað við tannsmíðar í 17 til 18 ár, og

kemur varla til mála, að hún flytji sig þaðan til annars staðar, þótt frv. verði samþ. óbreytt. Þá er önnur kona í Hafnarfirði, og verði frv. samþ. óbreytt, mun hún ekki flytja sig þaðan og ekki heldur þótt brtt., sem borin er fram af hv. minni hl., verði samþ. Í þriðja lagi kemur hér til greina kona, sem starfar við tannsmíðar á Akranesi, en þar er nú enginn tannlæknir. Í fjórða lagi er hér um gamla konu að ræða, sem komin er á sjötugsaldur og hefur haft leyfi til að ferðast um og hafa tannlækningar með höndum í hinum ýmsu héruðum. Yrði frv. samþ. óbreytt, mundi hún halda rétti til að vinna — ekki eingöngu í hinum ýmsu héruðum, heldur einnig í Reykjavík. Sækir hún fast að fá það leyfi, vegna þess að hún vill gjarnan geta haft aðstöðu til að vinna hér á veturna, og sé ég ekki ástæðu til að hefta það. Um aðra aðila er ekki að ræða, að því er þetta snertir.

Þetta mál virðist liggja þannig fyrir, að þessir aðilar hverfi mjög brátt úr sögunni, þótt frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir, og er það eðlilega lausn á málinu með tilvísun til þeirrar reglu, sem tekin hefur verið upp, þegar farið er að gera nýjar kröfur í öðrum atvinnugreinum, að menn haldi þeim rétti sínum, sem þeir hafa áður fengið til atvinnu sinnar.

Hér er efnislega gengið inn á þau rök tannlækna, að eðlilegt sé að skipa þessum málum þann veg í framtíðinni, að menn hafi lokið fullkomnu námi í þessari starfsgrein til þess að njóta þar réttinda, en hins vegar er einnig forðast að ganga á rétt þeirra aðila, sem undanfarin ár hafa unnið störf sín í þágu þjóðfélagsins, og víkja þeim til hliðar. Við leggjum því til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hv. Nd.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. hefur tekið fram, erum við, hv. 4. landsk. þm. (BrB) og ég, með örlitlar brtt. við þetta mál.

Það er öllum kunnugt, að tannlæknar hafa miklu hlutverki að gegna í heilbrigðisþjónustu þessarar þjóðar, og er þess full þörf, að þeir væru miklu fleiri en þeir nú eru. Standa sakir þannig nú í þessum efnum, að ekki er starfandi tannlæknir í Vestmannaeyjakaupstað og sá tannlæknir, sem hefur undanfarið starfað á Ísafirði, mun vera á förum þaðan, og mun standa til, að hann flytji til Reykjavíkur og taki hér upp tannlækningar. Ef frv. væri samþ. óbreytt, gæti svo farið, að þeir tannsmiðir, sem nú hafa leyfi til að starfa sem slíkir, settu sig niður í þessa allstóru kaupstaði eða aðra, þar sem ekki væru starfandi tannlæknar, og byrjuðu þar að starfa á sínu sviði. Þetta gæti orðið til þess, að miklu síður fengjust tannlæknar til að setja sig niður í þessa sömu kaupstaði, og teldi ég það illa farið. — Það er að vísu ágætt, að þeir geti átt þess kost, sem tannsjúkir eru, að úr þeim sé dregið og í þá settar gervitennur, en hitt hefur þó miklu meiri heilbrigðislega þýðingu, að tannlæknar séu við hendina, er geti gert við þær tennur í fólki, sem sýkjast. Einkanlega skiptir það miklu máli, að tannlæknar geri við sýktar tennur í börnum og unglingum, þar eð slíkt hefur mjög víðtæka heilbrigðislega þýðingu fyrir hina upprennandi kynslóð og fyrir þjóðina í heild. — Ég tel því, að hv. Alþ. beri að ganga svo frá þessu máli, að loku verði fyrir það skotið, að þeir kaupstaðir, sem nú eru án tannlækna, verði fyrir því, að þar setji sig niður menn með takmarkaða menntun á þessu sviði, sem sé tannsmiðir, og að þangað væri svo ekki hægt að fá tannlækna, vegna þess að þeir þyrðu ekki að setja sig þar niður, þar eð tannsmiðir væru þar fyrir. Þetta tel ég hægt að leysa á sómasamlegan hátt með þeirri brtt., sem hv. 4. landsk þm. og ég flytjum. Er hún á þá leið, að nýr setningarhluti bætist inn í 1. gr. frv., og mundi þá gr. hljóða á þessa leið — með leyfi hæstv. forseta: „Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein, og ekki til þeirra tannsmiða, er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn," — en síðan bætist inn samkvæmt brtt. okkar á þskj. 834: „á þeim stöðum, sem þeir nú starfa" — og loks lýkur setningunni þannig: „þar til ákvæði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur."

Ég hygg, að málið verði sómasamlega leyst fyrir báða aðila með þessum hætti, enda hefur hv. 2. þm. Eyf. (GÞ) tjáð mér munnlega, að hann sætti sig mjög vel við þá brtt., sem hér um ræðir, og teldi málið sómasamlega leyst, þótt hún yrði samþ., en eins og hv. þm. er kunnugt, hefur hann lagt allmikið kapp á, að málið fengist afgreitt á þessu þ. — Ég tel, að taka beri tillit til þess, sem ég hef hér gert grein fyrir, að því er snertir hina stærri kaupstaði, og sízt kostar það neitt, þar sem vitað er, að málið leysist á fullnægjandi hátt fyrir þá starfsmenn, sem hér er um að ræða, sérstaklega þann eina, sem málið er flutt fyrir inn á þing, sem sé þann tannsmið, sem búsettur er og starfar í Hafnarfirði. — Ég held því, að þessi lausn málsins sé sú rétta, þótt hún sé að vísu bráðabirgðaúrlausn, en að endanleg lausn fáist, eins og tekið er fram í frv., þegar ákvæði verða sett í l. um réttindi tannsmiða og skyldur. — Ég hygg, að það geti ekki verið tilgangur þeirra, sem að þessum breyt. standa, að þær yrðu til þess, að Vestmannaeyjakaupstaður og Ísafjarðarkaupstaður fengju aðeins einn tannsmið og ættu ekki kost á að fá tannlækna til þess að annast tannlækningar fyrir viðkomandi bæjarfélag, og þess vegna hljóta þeir, sem vilja bæta úr réttindaskorti tannsmiða, að telja, að málið sé sómasamlega leyst með þeirri viðbót eða úrbót, sem við leggjum til, að verði bætt inn í lagagreinina.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er ákveðið í l. nú, að tannsmiðir hafi heimild til að starfa sjálfstætt, þangað til fulllærður tannlæknir komi á viðkomandi stað, en með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að réttindi tannsmiða verði aukin frá því, sem verið hefur, þannig að þeir hafi leyfi til að starfa áfram, enda þótt tannlæknir komi á viðkomandi stað, en þó nær þetta aðeins til þeirra, sem þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt.

Ég var því fylgjandi í hv. Nd., að frv. væri vísað frá, en hér er auðséð af undirtektum undir málið í hv. n., að þar fer því svo fjarri, að menn vilji vísa málinu frá, heldur vilja nm. allir afgreiða málið, þó sitt með hverjum hætti. Þess vegna hef ég ekki flutt hér neina frávísunartill. eða neina af

þeim till., sem fluttar voru í hv. Nd. til þess að takmarka þau auknu réttindi tannsmiða, sem hér er gert ráð fyrir, en ég stóð hér upp til þess að mæla eindregið með till. hv. minni hl. n., sem fjallar um það, eins og hv. frsm. hans tók fram, að þessi réttindi verði þó einvörðungu veitt þeim tannsmiðum, sem þegar hafa fengið leyfi til þess að vinna sjálfstætt, og bundin við þá staði, sem þeir starfa á. Álít ég, að hættulegt gæti verið að veita þeim of mikil réttindi, þar sem slíkt kynni að draga úr líkum fyrir því, að tannlæknar settust að á viðkomandi stöðum, og verð að viðurkenna þau rök, sem færð hafa verið því til stuðnings. Verð ég að líta á þetta mál út frá því sjónarmiði, og er það ekki af því, sem ég hef verið mótsnúinn málinu, að ég hafi nokkuð út á þessa stétt að setja, og þar sem hv. Alþ. hefur ekki viljað fallast á að veita tannsmiðum aukin réttindi, vil ég mæla með, að þau verði takmörkuð á þann veg, sem fram kemur í till. hv. minni hl. n.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki þreyta umr. um þetta mál. Það ber raunverulega lítið á milli í málinu. Ég heyrði, að hæstv. menntmrh. var efnislega á móti málinu, og telur hann, að hér sé verið að gefa tannsmiðum meiri réttindi, en þetta er á misskilningi byggt. Hér er eingöngu verið að staðfesta þau réttindi, sem tannsmiðir hafa haft. Þau hafa verið tímabundin, en hér er staðfest, að þau gildi áfram. Má í þessu sambandi taka hliðstæð dæmi um skipstjóra, vélstjóra og fleiri atvinnugreinar, þar sem slíkir menn hafa fengið réttindi til sinna starfa, þótt gerðar hafi verið þyngri kröfur til nýrra manna í sömu greinum. Veit ég ekki til, að nokkurn tíma hafi verið takmörkuð réttindi þeirra, sem á undan hafa komið, heldur hafa þeir haldið óskertum réttindum á sams konar skipum og þeir hafa áður verið á.

Varðandi það atriði, sem fram kom hjá hv. 3. landsk. þm., hv. frsm. minni hl., að hann væri hræddur um, að þetta mundi tefja fyrir því, að fullkomnir tannlæknar kæmu á hina ýmsu staði, ef tannsmiðir væru þar fyrir, vil ég benda honum á þá staðreynd, að hér getur ekki verið um að ræða nema aðeins eina konu, sem sé þá, sem nú er starfandi tannsmiður á Akranesi, og hygg ég varla, að hún mundi fara að flytja sig til Ísafjarðar, þótt tannlæknirinn þar sé að flytja þaðan, eða til nokkurs annars staðar. Þá þarf hann heldur ekki að óttast, að kona sú á Sauðárkróki, er ég gat um, tæki sig upp eftir 20 ár og færi að keppa við ungan tannlækni á Ísafirði. Það getur því ekki verið um að ræða nema þessa einu konu á Akranesi, og þótt Ísafjarðarkaupstaður hafi mikið aðdráttarafl, býst ég ekki við, að hann dragi til sín þennan tannsmið frá Akranesi. Ég skal svo ekki þrátta um málið, en mér finnst eðlilegt, að frv. verði samþ. og að þessi réttindi tannsmiða verði ekki staðbundin. Þótt svo fari, að till. hv. 3. landsk. þm. og hv. 4. landsk. þm. verði samþ., mun það þó ekki verða til þess, að ég verði á móti frv., en óska eftir því — og við, sem gefum út álitið —, að frv. verði samþ. óbreytt, m. a. vegna þess — og þar sem viðurkennt er af n., að þetta sé réttlætismál, og ekki ber meira á milli en ég hef tekið fram — að óheppilegt er að taka þá áhættu að fara að senda málið milli d., þar sem það hefur verið eitt mesta hitamál þ., og ef málið yrði nú sent hv. Nd. með breyt., gæti það orsakað, að málið dagaði uppi eða yrði fellt þar. Það skyldi þó ekki vera einmitt þetta, sem vakir fyrir hv. 3. landsk. þm., að koma því aftur til hv. Nd., svo að ugglaust sé, að það nái ekki fram að ganga? — Vil ég leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að þar eð Sjálfstfl. er á fundi og þm. hans geta þar af leiðandi ekki mætt hér við atkvgr., að hann fresti atkvgr., þar til þeim gefst kostur á að taka þátt í henni.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja hér örfá orð, sem staðfesta afstöðu mína við atkvgr. um þetta mál. — Satt að segja er ég dálítið undrandi yfir þeirri togstreitu, sem er höfð í frammi um þetta litla mál, þar sem um er að ræða hluti, sem jafnsjálfsagt er, að Alþ. veiti þessum konum, sem hér eiga hlut að máli, meðan þær geta innt af hendi þessi störf, sem þær hafa unnið að um mörg ár.

Það vill svo vel til, að ég er persónulega kunnugur einmitt þeirri konu, sem starfað hefur við tannsmíðar á Akranesi. Hér er um ekkju að ræða, sem hefur verið að sjá fyrir börnum sínum og koma þeim til manns. Lagði hún út í að fara að vinna þessi störf sjálfstætt til þess að afla sér meiri tekna en hún hefði getað haft með því að starfa hjá öðrum, sem hún um langt skeið hafði gert. Hún var fullkomlega fær í sínu starfi sem tannsmiður og fékk vottorð um það að geta unnið sjálfstætt, en svo er ætlazt til þess, að þessi kona, sem komin er um sextugt og á því ekki mörg ár eftir, sem hún getur rækt þessi störf, að hrekja hana burt frá þessum stað eða að hún leggi niður starf sitt og gera henni þannig ókleift að sjá fyrir heimili sínu með þeirri vinnu, sem hún hefur innt af hendi. Ég fæ því ekki skilið tilefni þess ofsa, sem komið hefur fram hjá sumum hv. þm. út af jafnsjálfsögðu máli og þetta mál er. Get ég fullvissað hv. 3. landsk. þm. um það, að þessi kona fer aldrei til Ísafjarðar eða Vestmannaeyja til þess að stunda þessi störf þar. Hún hefur búið hér áratugi og mun hugsa sér að enda sitt skeið í þessum bæ. Um yngri konuna, sem hefur sett sig niður í Hafnarfirði og hefur próf frá erlendum skóla og vottorð, virðist mér minna deilt, og er þess að vænta, að hún fái áfram að vinna störf sín þar. — Ég vil því eindregið taka undir þau rök, sem hér hafa komið fram, að þeir aðilar, sem hafa öðlazt lagaleg réttindi til starfs, fái að halda þeim svo lengi sem þeim endist aldur til og að það sama gildi um þær heiðurskonur, sem hér eiga hlut að máli. Ég hygg, að það sé alveg rétt skoðun hjá hv. frsm. málsins, að með því að breyta nú þessu frv. samkvæmt till. á þskj. 834 sé verið að koma málinu fyrir kattarnef, og að við gætum drepið málið hér eins og sent það til hv. Nd., ef dæma má af þeim hita, sem orðið hefur um málið þar, og m. a. af þeirri ástæðu mun ég ekki geta greitt atkv. með þessari brtt., en mun með mínu atkv. gera tilraun til, að frv. fáist lögfest hér á Alþingi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég get ekki tekið undir það, að mikil ástæða sé til að lýsa yfir undrun sinni yfir þeim hita, sem gætt hafi í umr. um þetta mál hér í d., því að ég hef ekki

orðið var við hann hér í d. nema hjá hv. 1. landsk. þm. Það er að vísu rétt, að þetta mál mun hafa verið rætt af nokkru kappi í hv. Nd. og mikil áherzla á það lögð af flm. þess og ýmsum öðrum hv. þm. þar. Einnig hefur mikill áróður verið hafður í frammi um málið gagnvart þm., og hef ég ekki heldur farið varhluta af honum, þótt slíkt hafi reynzt árangurslaust. hvað mig snertir. En hver er ástæðan fyrir því, að það er slíkt hitamál? Ástæðan er sú, að þessi lagasetning byggist á persónulegum grundvelli og siðspillandi kunningsskap, og það er grundvöllur, sem lagasetning á aldrei að byggjast á.

Þá talaði hv. þm. Barð. og hv. 1. landsk. þm. um það, að eitthvað gruggugt lægi á bak við brtt. okkar og að hætta væri á, að málið yrði fellt, ef brtt. yrði samþ., því að málinu væri stefnt í svo mikinn háska, ef það færi aftur til Nd. Þar var málið hins vegar afgreitt með sterkum meiri hl., með 18:5 atkv., og svo álíta þeir, að hætt sé við, að málið verði fellt, ef þessari brtt. verði skotið inn í frv.

Þá fullyrtu þeir, að þessar konur á Akranesi og í Hafnarfirði ætli alls ekki að flytja sig, og þótt Ísafjörður væri eftirsóknarverður staður, mundu þær ekki setjast þar að og standa í vegi fyrir því, að tannlæknir kæmi þangað. Hvernig vita þeir þetta? Eru þetta þeirra konur? En ef þetta er rétt hjá hitasóttarmönnunum, hvað eru þeir þá á móti því, að réttindin, sem þær fá óskert, séu miðuð við þá staði, sem þær eru á og þm. segja, að þær fari aldrei út af. Það fer þá ekkert í bága við þessar „stað"-föstu konur. Þess vegna finnst mér, að þessir þm. eigi í fullvissu þess, að þær ætli ekki að flytja frá Akranesi og Hafnarfirði, að vera sammála um, að þetta bagi þær ekki neitt, þó að réttindi þeirra til að starfa séu bundin við staðinn, þar sem þær hafa starfað og starfa á. Fram á annað er ekki farið af okkur. Það er rétt, að menn geri sér ljóst, að tannsmiðir hafa rétt til að starfa hvar, sem er, á landinu að tannsmíðum, ef það er gert undir stjórn viðkomandi héraðslæknis og í samráði við hann. En sjálfstætt mega þeir ekki starfa, nema þeir hafi sérstakt leyfi frá heilbrigðisstj., ef tannlæknir er á staðnum. Þannig á það að verða áfram, enda stendur til að endurskoða löggjöfina. Hér eru bráðabirgðaákvæði, sem ekkert skerða réttindi þeirra, sem ekkert ætla að flytja sig til. Þess vegna tel ég sjálfsagt, að þetta ákv. sé sett, og það eitt gerir það að stórmáli, að ef einhver tannsmiður setti sig niður á Ísafirði eða einhverjum öðrum kaupstað, þá gæti það orðið til þess, að torveldara yrði að fá tannlækni á staðinn. (**PZ**: Og það er víst.) Þess vegna á þessi meinlausa till. fram að ganga. Hún er ekki fram borin af neinni óvild gagnvart tannsmiðum, sem nú eru eða öðlast kunna þessi réttindi. Afstaða mín er sú sama, hvort sem um karla eða konur er að ræða. Ég er ekki fylgjandi því að hafa réttindin þrengri, ef konur eiga í hlut. Ef nokkur maður á Alþ. vill stuðla að því, að konur njóti lagalegs réttar í hverju einu í þessu landi til jafns við karla, þá er það ég. Þó að allir tannsmiðir á landinu væru karlar, mundi ég ekki vilja láta þá starfa sjálfstætt, nema þar sem þeir hafa sérstakt leyfi, en í framtíðinni undir stjórn héraðslæknis viðkomandi héraðs, eins og hér er ákveðið viðvíkjandi þessum konum, sem kunna þessa iðn. Einn karlmaður mun og vera, og nýtur hann sömu réttinda, ef hann starfar sem tannsmiður.

Ég verð að segja, að ég vona, að málið verði leyst á þennan hátt, sem er viðunandi, með þessari litlu aukabreytingu, og menn geta sannfærzt um það, að það er ekki af neinni illvild til þeirra kvenna, sem tannsmíðaréttindi hafa nú. Tannsmiðir eiga að starfa sjálfstætt, sem hafa starfað þannig, og á þeim stöðum, en að öðru leyti undir stjórn viðkomandi héraðslæknis. Þetta er iðnaðarmaður á þessu sviði, hitt er læknir, sem hefur viðtækari þekkingu, og það má ekki setja neitt í löggjöfina, sem torveldar það, að fólkið á landsbyggðinni fái tannlæknisþjónustu.

Ég veit vel, hvers virði það er að hafa tannlækni á Ísafirði. Aðalstarf hans þar hefur verið að gera við tennur skólabarna, og meiri hluti þeirra hefur notið tannlækninga. Ef það er rétt, að óskemmdar tennur hafi jafnmikla heilbrigðislega þýðingu og læknar halda fram, þá held ég, að með góðum tannlækningum á unglings- og barnsaldrinum megi koma í veg fyrir fjölda sjúkdóma. (**SÁÓ**: Þetta kemur ekki málinu við. Skelfilegur misskilningur allt saman.) Þetta er ekki misskilningur. Ég vil benda á, að í Vestmannaeyjum hefur bæjarstj. séð ástæðu til að gera samþykkt um þessi mál. Og það munu liggja fyrir Alþ. mótmæli gegn því, að samþ. séu breyt. á þeirri löggjöf, sem nú gildir, og að tannsmiðir fái réttindi til að setja sig niður, þó að í augnablikinu sé þar tannlæknislaust. Ég býst við, að mótmæli komi frá hverjum stað, þar sem hætt er við, að verði tannlæknislaust, af því að fólkinu er ljós þörfin. Það getur líka verið þörf fyrir tannsmið, og er ekkert til fyrirstöðu, að þeir geti starfað í samráði við viðkomandi héraðslækni. Ég tek því undir tilmæli hæstv. heilbrmrh. í deildinni, að frv. verði samþ. með þessum litlu breyt., sem við hv. 4. landsk. leggjum til. Þá tel ég málinu vel borgið, þangað til endanleg skipun um réttindi og skyldur tannsmiða fer fram.

Frsm. (Gísli Jónsson): Í sambandi við það, sem hv. 3. landsk. sagði, að á þessum grundvelli ætti ekki að byggja lagasetningu, vil ég segja, að hann gleymir grundvallaratriðinu í þessu máli, að það er verið að viðurkenna hér á Alþ. margra ára nauðsynjastarf þessara kvenna, sem um allt land hafa unnið og það á þeim stöðum, þar sem tannlæknar vildu ekki setja sig niður áður. Finnst mér það ekki mikið, þó að þær fengju þessi réttindi á efri árum. Þessu hefur hann gleymt. (**HV**: Nei, nei.) Hins vegar ber hann sáralítið traust til hinna ungu tannlækna, ef hann heldur, að þeir geti ekki með allri sinni þekkingu og glæsileik skákað þeim út af sviðinu á Ísafirði. Ég vil benda hv. 3. landsk. á, að eins og hann tók fram þá fór málið gegnum Nd. með 18 atkv. gegn 5. Það er því vilji hv. Nd. með miklum meiri hl. atkv., að það sé óbreytt, svo að hann getur friðað samvizku sína og greitt atkv. móti sinni eigin till. Ég vil benda hv. 3. landsk. á, að hann kom upp um sinn innri mann, þegar hann lagði til að fara eftir till. hæstv. menntmrh., því að hann lýsti yfir, að hann vildi vísa málinu frá. Og það er það, sem vakir fyrir hv. 3. landsk. að fá málið steindrepið.

Páll Zóphóníasson: Mér kemur þetta einkennilega fyrir sjónir. Vegna eins kvenmanns er allt Alþ. sett á annan endan, af því að einn kvenmaður þarf að búa við landslög og hætta tannsmíðum, þar sem tannlæknir sezt að. En ýmis önnur mál, sem snerta hundruð manna, eru látin eiga sig. Formaður fjvn. leyfir sér að liggja með síðan í haust till. í Sþ., sem snertir hagsmuni mörg hundruð sinnum fleiri manna en hér um ræðir, till. um, hvort eigi að taka 50 eða 80 aura af hverju kg af kjöti og borga hallann sem fyrrverandi ríkisstj. færði á þetta ár. Þetta snertir hvern fjáreiganda í landinu. En þegar kemur einn kvenmaður, sem þarf að hlýða lögum, sem fyrir eru og allir eiga að gera, og hún vill ekki hlýða, þá hlaupa allir upp til handa og fóta og breyta lögunum. (GJ: Það sýnir, hvað menn eru kvenhollir.) Ég skil ekki þennan hugsunarhátt, þó að til séu ákaflega kvenhollir menn, að setja hagsmuni einnar manneskju ofar hagsmunum fjöldans og verja tíma Alþ. í annað eins, að ég ekki nefni önnur mál, sem miklu skipta. Ég álít, að það orki ekki tvímælis, að ef þeir geta átt von á því, t. d. á Sauðárkróki, að þessi stúlka starfi þar áfram, þá séu miklu minni líkur til, að þar setji sig niður tannlæknir, heldur en ef hún þarf að hætta, ef tannlæknir kemur. Það er ekki svo vítt starfsvið þar, að hægt sé að skipta milli manna. Þess vegna voru ákvæði um, að ef tannlæknir kæmi, þá hætti tannsmiður. Það var til að tryggja það, að tannlæknar kæmu sem víðast. Þó að það sé búið að koma til mín og lofa mér öllu fögru og láta vel að mér til þess að bjarga þessu, þá hef ég kalt og rólega tekið afstöðu móti því. Mig undrar, ef þingmenn eru svo misvitrir að verða við tilmælum eins kvenmanns, en svæfa mál, sem skiptir hundruð og þúsundir.

Hannibal Valdimarsson: Það gleður mig að heyra, að hv. þm. Barð. er vikinn frá þeirri fullyrðingu, að málið sé í dauðans kverkum, ef gerð er smábreyting og það færi aftur til Nd., því að það var samþ. þar með 18 atkv. gegn 5. Það er sannleikur, að sá, sem barðist fyrir málinu og leiddi það í þingið með miklum áróðri, hefur tjáð mér, að hann sætti sig vel við þá till., sem ég hef borið fram.

ATKVGR.
Brtt. 834 felld með 7:4 atkv.
1. gr. samþ. með 11:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 134. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÁÓ, ÁS, KG, BK, GJ, GÍG, LJóh.
nei: HV, PZ.
8 þm. (PM, StgrA, BBen, BrB, EE, HermJ, JJós, ÞÞ) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 879).

---

75. Fóðurvörur.

Á 27. fundi í Sþ., 10. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um eftirlit með verzlun með fóðurvörur (þmfrv., A. 378).

Á 72. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv., sem landbn. flytur, er flutt samkvæmt beiðni fyrrv. landbrh., og er það að ýmsu leyti samið af þeim manni við landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans, er hefur fóðurrannsóknir með höndum, hr. tilraunastjóra, Pétri Gunnarssyni. Þá skal þess og getið í upphafi, að mál þetta hefur verið allengi á döfinni. Hefur það verið til umr. á búnaðarþingi, og voru þar gerðar till. um nýja löggjöf í þessum efnum. — Það eru fá ár síðan sett var á stofn embætti við landbúnaðardeild atvinnudeildarinnar viðvíkjandi fóðurrannsóknum og öðru snertandi þessi mál, og má segja, að sú reynsla, sem fengizt hefur á þessum tíma, eða ávöxtur af þessu starfi komi nú fram í frv. því, er hér liggur fyrir. Það liggur í hlutarins eðli, að eftir því sem neyzla aðkeypts kornfóðurs handa búfé eykst, því þýðingarmeira og nauðsynlegra er, að strangt eftirlit sé haft með allri verzlun og tilbúningi á slíkri vöru, ef um fóðurblöndu er að ræða. Í flestum menningarlöndum eru mjög ströng ákvæði og fyrirmæli sett um þessi efni, er fyrst og fremst eiga að stuðla að því að tryggja kaupendum góða og ósvikna vöru handa búfé þeirra, og sömuleiðis eru þau trygging fyrir seljendurna að því leyti, að þau firmu eða félög, sem eru orðin þekkt að því að framleiða aðeins góða og ósvikna vöru, hafa miklu meiri afsetningu en hin, sem áfátt er í þessum efnum. Þess vegna hefur það farið í vöxt, að hin viðurkenndu fyrirtæki erlendis eru beinlínis þakklát fyrir þetta fyrirkomulag og eru fús til að greiða ærið fé til þess að vera stöðugt undir opinberu eftirliti með sínar fóðurvörur. — Kjarnfóðursnotkun hefur farið mjög í vöxt undanfarin ár hér á landi, og má gera ráð fyrir, að hún færist í enn meiri vöxt í framtíðinni. Nær þetta bæði til innfluttra fóðurblöndutegunda, svo sem maís, hveitiklíðs og fleiri korntegunda, svo og til okkar innlendu kjarnfóðurtegunda, sérstaklega síldarmjöls, en þó einnig fiskimjöls og nokkurra fleiri tegunda, sem til greina geta komið að vissu leyti sem kjarnfóður.

L. um þessi efni eru frá 1921, og var þeim dálítið breytt 1939, en segja má, að þessi löggjöf hafi verið mjög ófullkomin að öllu leyti, og í öðru lagi hefur ekki verið farið eftir þeim ákvæðum, sem í þeirri löggjöf fólust, nema að nokkru leyti. Það er því enginn vafi á því, að brýn nauðsyn er á endurskoðun þessarar löggjafar og að tekið sé upp strangara eftirlit í þessum efnum en verið hefur áður. Eins og áður er sagt, er það eitt af verkefnum landbúnaðardeildar atvinnudeildar háskólans að sjá um fóðurrannsóknir, og heyrir því það starf, sem hér er um að ræða, tvímælalaust undir þá deild. Er nauðsynlegt að setja löggjöf, sem tryggi, að slík störf geti komið að tilætluðum notum. Sé ég ekki ástæðu til að halda langan

fyrirlestur um nauðsyn löggjafar í þessum efnum, þótt ég hafi nefnt þessi fáu almennu atriði um nauðsyn þess, að þetta verði gert nú, m. a. vegna þess, hversu miklar breytingar eiga sér nú stað, hvað fóður búpenings snertir, þar sem meira er hægt að fá af aðkeyptu fóðri en hingað til hefur þekkzt. Ég ætla ekki að ræða hin einstöku atriði frv., en vil aðeins geta þeirra helztu.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að tilraunaráð búfjárræktar skuli hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu starfi, en það ráð skipa helztu sérfræðingar á sviði búfjárræktarinnar og þ. á m. sá fóðurfræðingur, sem starfar við landbúnaðardeildina.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans annist efnarannsóknir í sambandi við eftirlitið, og er það í fullu samræmi við það, að þarna starfar nú maður, sem fyrst og fremst á að sjá um hluti eins og þessa.

Í 3. gr. er ætlazt til þess, að hver sá, er framleiði til sölu eða flytji inn fóðurblöndur, skuli fá til þess leyfi landbrh., en samkvæmt frv. er ætlazt til, að þeir, sem hafa fengið slík leyfi, skuli greiða ákveðið eftirlitsgjald, er renni í sérstakan sjóð, sem nefnist eftirlitssjóður fóðurvara. Skal sjóðurinn síðan greiða kostnað við eftirlitið, og er þetta í samræmi við það, sem tíðkast erlendis, þar sem þetta skipulag ríkir. — Þetta eru þau aðalatriði, sem ég vildi nefna varðandi þann kafla frv., sem fjallar um verzlun með fóðurblöndur.

Síðari kafli frv. fjallar um verzlun með innlendar fóðurvörur, þ. e. síldarmjöl og fiskimjöl. Skal ég ekki á þessu stigi málsins koma sérstaklega inn á það atriði, en vil geta þess eins, að aðalatriði þess kafla er það, að gert er ráð fyrir, að sá aðili, er hafi með höndum eftirlit með innlendum fóðurvörum, þ. e. tilraunaráð búfjárræktar, geti haft trúnaðarmenn starfandi við síldarverksmiðjur ríkisins um síldveiðitímann, sem hafi vald til þess að taka frá það mjöl, sem þeir telja sérstaklega vel fallið fyrir innlendan markað.

Þegar þeir, sem kaupa síldarmjöl, kvarta um að fá slæmt mjöl, þá er oft mjög erfitt að fá úr því skorið, hver sökina eigi, en ef umboðsmaður hefur tekið sýnishorn, þá er verksmiðjan laus við alla frekari rekistefnu um þetta efni. Ég mun að þessu sinni ekki fara frekar inn á efni frv. eða einstök ákvæði.

Þó að það sé ekki tekið fram í grg., þá áskilja einstakir nm. sér rétt til að flytja brtt., eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma, en n. mun taka frv. til nákvæmrar athugunar milli umr., og er mér vel ljóst, að það þarf að gera á því ýmsar smábreytingar, áður en það er endanlega afgr., og n. er mjög fús að eiga viðræður við alla um hugsanlegar breyt. á frv. Og ég vil sérstaklega taka það fram, að þar sem nú er annar landbrh. en þegar frv. var samið, mun n. sérstaklega óska eftir að eiga tal við hann um þetta mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að þessu sinni, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Eins og hv. frsm. tók fram, er hér um nýmæli að ræða, þar sem þetta frv. er. Ég vil, um leið og frv. er vísað til 2. umr., benda í fullri vinsemd á einn vankant í 2. kafla frv. Þar er tekið fram, að ekki megi selja fiskimjöl á innlendum markaði, sem hefur inni að halda undir 50% af hráeggjahvítuefni. Til þess að fá úr þessu skorið þarf vitanlega að fara fram efnarannsókn, en eggjahvítumagnið er alls ekki fyrsti mælikvarði á fóðurgildi mjölsins, heldur saltinnihaldið. Saltinnihaldið má ekki fara yfir 3%, til þess að mjölið sé sæmilegt fóður, en venjulega innihaldið er 1½%. Ég veit til þess, að mjöl hefur verið selt með 8% saltinnihaldi. Að vísu var það ekki ætlað til skepnufóðurs, en af því að harðindi voru, var það notað, og við athugun kom í ljós, að svona mikið saltinnihald var blátt áfram eitur.

Þetta vildi ég aðeins benda n. á, en ég mæli með frv. og tel það til bóta.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég er þakklátur hv. þm. Ak. fyrir ábendingu hans, en þar sem aðeins verður seld 1. flokks vara ætti þetta atriði að vera tryggt, en það eru vissulega dæmi þess, að í 1. flokks mjöli komi „smápartí", sem eru miklu verri, og hefur það valdið óánægju. Ég skal svo ekki lengja umr. frekar, en þakka hv. þm. Ak. fyrir bendingu hans, og n. er til viðtals um málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 74. og 75. fundi í Nd., 14. og 17. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 4. marz, var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég verð að óska eftir f. h. landbn., að þetta mál verði ekki til umr. að þessu sinni. N. ákvað í morgun að óska eftir umsögn búnaðarþings um þetta mál, og var frv. sent þangað. Ég vil því biðja hæstv. forseta að taka þetta mál af dagskrá og ekki á dagskrá næstu viku a. m. k.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 118. og 119. fundi í Nd., 28. og 29. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 120. fundi í Nd., 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 378, 687).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það er nú orðið langt síðan frv. var til umr., en þegar það var, þá var þess þó getið, að þó að landbn. sem slík flytti frv., mundi hún þó taka það til rækilegrar íhugunar fyrir 2. umr. Það hefur n. nú gert og m. a. leitað umsagnar stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, sérstaklega um þá kafla frv., sem fjalla um verzlun með fóðurvörur innanlands. Þá leitaði n. einnig álits búnaðarþings þess, er sat í vetur, um efni frv. almennt. Það hefur því dregizt nokkuð, að brtt. kæmu frá n., en þær eru nú komnar á þskj. 687, og vil ég geta þess, að þótt hér standi, að það sé landbn. sem flytur þær, þá hefur hv. 8. þm. Reykv. sérstöðu um eina gr., og mun hann gera grein fyrir þeirri afstöðu sinni, ef honum þykir ástæða til. En að öðru leyti stendur n. öll að þessum brtt.

Skal ég svo í stuttu máli gera grein fyrir þessum brtt.

1. brtt. er við 1. gr. og er gr. orðuð um samkv. brtt. Í gr. er talað um, að tilraunaráð búfjárræktar skuli hafa eftirlit með verzlun með fóðurvörur. N. þótti þetta ekki vel að orði komizt, því að efni frv. er ekki síður að hafa eftirlit með framleiðslunni, og því hefur n. breytt orðalaginu.

2. brtt. er við 3. gr., og er sú gr. einnig orðuð um. Það stendur í upphafi gr.: Eftir 1. janúar 1947. — Sá tími er nú þegar hlaupinn. Efnisbreyting er engin gerð, en orðalagsbreyting til að gera ákvæðin öllu skilmerkilegri.

3. brtt. er við 4. gr. b. liðurinn er aðeins smáatriði, leiðrétting á prentvillu í 6. lið, en 4. lið taldi n. réttara að orða eins og hér er gert ráð fyrir, að sett sé „búfjártegund" í staðinn fyrir „búfé", sem fóðurblandan er ætluð.

4. brtt. er við 5. gr., og er sú gr. orðuð um, en ekki er um verulega efnisbreytingu að ræða, aðeins þótti n., að gr. væri skýrar orðuð svo sem hér er gert ráð fyrir.

5. brtt. er við 9. gr., og höfum við einnig orðað þá gr. um. Í þessari gr. eru ákvæði um það, á hvern hátt sýnishorn til efnarannsókna skuli tekin af fóðurblöndum. N. þótti gr. óljós og orðaði hana um án þess að gera neina verulega efnisbreytingu á henni.

6. brtt. er við 10. gr., 1. málslið, og er hún umorðun á fyrstu línum gr. Má segja það sama um þessa brtt. og þá síðustu, að aðallega er um orðabreytingu að ræða til að gera ákvæðin skýrari.

7. brtt. er við 11. gr. Þar stendur, að tilraunaráð skuli birta niðurstöður sínar eigi sjaldnar en tvisvar á ári í búnaðarblaðinu Frey. N. þótti óviðkunnanlegt að tilgreina í lagamáli ákveðið blað, annað en þá Lögbirtingablaðið, og leggur því til, að það sé birt, eftir því sem tilraunaráðið telur heppilegt.

8. brtt. er sú langstærsta brtt. við frv., en hér er lagt til, að 13.—15. gr. í II. kafla frv. falli niður. Þessar gr. fjalla um það, að notendur síldarmjölsins, þ. e. bændur, geti haft trúnaðarmenn á Siglufirði til að taka frá gott mjöl til sölu innanlands. Þetta atriði var einkum rætt við stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Hér er um að ræða gamalt og viðkvæmt deilumál, en notendur hafa þótzt fá skemmt mjöl flokkað sem 1. flokks vöru. Það hefur reynzt erfitt að fá þetta leiðrétt, og því er þessi hugmynd komin fram til bóta á þessu ákvæði. Búnaðarfélag Íslands og búnaðarþing hafa oft rætt þetta mál, og ávallt hafa komið fram kvartanir yfir skemmdu fóðri. En ástæðan til, að n. féll frá að fylgja þessum ákvæðum fast fram, var, að stjórn síldarverksmiðjanna lagðist mjög eindregið á móti, og var það sérstaklega eitt atriði, að stjórn síldarverksmiðjanna taldi það geta haft miður góð áhrif á markaði erlendis, ef það vitnaðist, að íslenzkir notendur gætu valið úr á markaðsstað. Þessu taldi n. sig ekki þora að andmæla, og landbn. og Búnaðarfélag Íslands álitu, að bót mundi fást á þeim göllum, sem eru á síldarmjölinu, án þess að lagaleiðin sé farin. En ég vil taka það skýrt fram, að við erum ekki fallnir frá því, að það beri að gera endurbætur á þessum málum og verja bændur fyrir því að verða fyrir tjóni af skemmdri vöru. En við væntum þess, að samkomulag náist, og föllum því frá 13.—15. gr.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar. Um 9. brtt. er það að segja, að þar er lagt til, að fyrirsögn frv. verði breytt í samræmi við 1. brtt., því að aðalefni frv. er ekki síður eftirlit með framleiðslu en verzlun, og leggjum við því til, að fyrirsögn frv. orðist svo: „Frv. til l. um eftirlit með framleiðslu og verzlun fóðurvara."

Ég skal svo ekki orðlengja frekar, en ég vil geta þess, að fram er komin og hefur komið til n. till. til þál. um að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að betri flokkun fari fram á síldarmjöli. Væri gott að fá þessa till. samþ. og ríkisstj. hlutaðist til um betri flokkun á þessari vöru.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Eins og hv. 1. þm. Skagf. tók fram, hefur landbn. haft þetta frv. lengi til meðferðar, en varðandi 12. gr. vil ég ekki láta frv. fara svo fram hjá, að ég geri ekki grein fyrir afstöðu minni. Það er auðvitað mikið vandamál og ekki gott að segja, hvar lendir, ef menn kaupa mikið af skemmdri vöru á I. flokks verði.

Það segir í gr., að ekki megi selja 2. flokks mjöl nema með leyfi ríkisstj. Ég held, að þetta sé mjög varhugavert, því að við höfum ekki eina einustu vöru, sem öll er 1. flokks, og höfum orðið að gera okkur að góðu 2. og 3. flokk, og ég held, að það þætti sums staðar þröngt fyrir dyrum, ef mannfólkið gerði sömu kröfu og þeir gera nú fyrir búféð. Vissulega væri bezt, að öll vara væri 1. flokks, en það er nú svo, að það er ekki, og gæti ég trúað, að á ýmsum stöðum þætti æði þröngt fyrir dyrum, ef þessi ákvæði kæmust í framkvæmd.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. II. kafli þessa frv. hefði tryggt bændur frá því að kaupa gallað mjöl, ef hann yrði samþ. óbreyttur. Nú leggur n. til að fella niður aðalhluta hans, sem tryggir bændur frá því að verða að kaupa hálfónýtt mjöl fyrir allt að 100.00 kr. pokann. Frá síldarverksmiðjunum hefur komið skemmt mjöl, sem selt er sem 1. flokks vara. Oft hefur það komið fyrir, að allt að 10% af 500—1000 pokum hafa verið skemmdir, og hefur verið tilgangslaust að kvarta til verksmiðjanna til að fá bót á þessu. Tjónið af þessu lenti ýmist á bændum eða þeirri verzlun, sem hefur annast dreifinguna á því. Sumir gera ráð fyrir, að 12. gr. muni ráða bót á þessum málum, en það verður þó því aðeins, að meira eftirlit verði haft með flokkun mjölsins en verið hefur. Ég býst við, að flest mjölið verði kallað 1. flokks, en oft er það mjöl, sem kemur frá verksmiðjunum, merkislaust, og er þá venjulegast ekki 1. flokks. Það mjöl er látið fara á útlendan markað, en lakara mjölið selt innanlands með fullu 1. flokks verði. Þetta þarf að fyrirbyggja, að bændur verði að kaupa lélegt mjöl fullu verði, og ég tel, að þetta frv. að fráskilinni 13.—15. gr. tryggi það ekki.

Hv. 1. þm. Skagf. minntist á þáltill. okkar hv. þm. Dal. og sagði, að gott væri að fá hana samþ. Ég býst við, að hún aðvari ríkisstj. um, að þessi mál þurfa endurbóta. En það er ekki alltaf nóg, að samþ. séu þál. Betra er að fá hlutina fasta í lögum en þáltill. En till. getur orðið til að vekja áhuga stjórnarvalda á málinu.

Ég geri ráð fyrir, að þessi brtt. n. að fella niður 13.—15. gr. verði samþ., þar sem öll n. flytur hana. En ég mun greiða atkv. á móti henni, því

að ég tel hana til stórskaða og að frv. verði nú miklu minna virði en ef það hefði verið samþ. óbreytt, eins og það er á þskj. 328, því að þá hefði það orðið til mikils gagns fyrir bændur landsins.

ATKVGR.
Brtt. 687,1 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 687,2 (ný 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 687,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 687,4 (ný 5. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 687,5 (ný 9. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 687,6 samþ. með 20 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 687,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 687,8 (13.—15. gr. falli burt) samþ. með 18:1 atkv.
16.—18. gr. (verða 13.—15. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 687,9 (ný fyrirsögn) samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv., með fyrirsögninni
Frv. til l. um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

Á 121. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 752).

Skúli Guðmundsson: Í 1. gr. frv. er talað um, að ákveðið tilraunaráð skuli hafa eftirlit með framleiðslu og verzlun fóðurvara. Mér finnst viðkunnanlegra, að þetta væri orðað þannig, að þetta tilraunaráð hefði eftirlit með „framleiðslu og sölu fóðurvara“, og vil ég því leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. þess efnis, að í stað orðanna „framleiðslu og verzlun fóðurvara“ komi: framleiðslu og sölu fóðurvara. Þetta er engin efnisbreyt., heldur aðeins orðalagsbreyt. á þessari grein.

Forseti (BG): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. V-Húnv., sem hann hefur nú lýst í ræðu sinni. — Afbrigða þarf við, þar sem till. er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 766) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 766 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 126. fundi í Ed., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 767).

Á 127. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 133. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 767, n. 841, 844).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Landbn. hefur haldið fund um þetta mál og athugað það og á fundinum rætt við þá tvo menn úr tilraunaráði búfjárræktar, sem til náðist og voru í bænum. — N. er sammála um að leggja til, að frv. taki nokkrum breyt. Eins og það kom til d., var ætlazt til þess, að tilraunaráð búfjárræktar, sem í eru fimm menn, búsettir hingað og þangað og ekki allir í bænum, hefði þetta eftirlit með höndum. N. leit svo á, að það væri óþarft að fara að setja þarna inn sérstaka n., sem hefði þetta eftirlit með höndum, og taldi eðlilegast, að þetta eftirlit yrði falið landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans, þar sem hún er sá aðili, sem hefur með þetta að gera, og er því gerð breyt. á frv. í þessa átt.

Hin breyt., sem n. leggur til, er sú, að í stað þess, sem í upphafi var ætlazt til með það gjald, sem á að bera uppi þessar rannsóknir og þetta eftirlit og m. a. átti að fara til að greiða tilraunaráði, sem ætluð var sérstök þóknun fyrir starf sitt, að það rynni í sérstakan sjóð, sem væri ávaxtaður og gerður upp um hver áramót, og ef afgangur yrði, væri hann látinn renna í ríkissjóð, en ef vantaði, þá greiddi ríkissjóður það, sem á vantaði, — þetta þótti okkur ekki ástæða til að hafa, heldur leggjum við til, að landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans haldi sérstakan reikning um tekjur þær, sem inn koma eftir 5. og 10. gr., og geri ríkisstj. fulla grein fyrir. — Breyt. eru því eiginlega aðeins tvenns konar, en brtt. eru svo margar vegna þess, að svo víða þurfti að breyta um orð.

Ég vænti þess, að þessar brtt. n. nái fram að ganga, og finnst þær í alla staði miklu eðlilegri en frv. eins og það áður var.

ATKVGR.
Brtt. 844,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 844,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 844,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 844,4 (ný 6. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 844,5—10 samþ. með 10 shlj. atkv.
7.—11. gr., svo breyttar, 12. gr., 13. gr., svo breytt, 14.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 134. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 857).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 130. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 131. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur tekið dálitlum breyt. í Ed., en þótt brtt. á þskj. 844 séu allumfangsmiklar yfir að líta, 10 að tölu, þá er það í rauninni svo, að í þessu felst aðeins ein raunveruleg breyt. frá því, sem gengið var frá frv. hér í hv. Nd., og er í því fólgin, að afskipti tilraunaráðs búfjárræktar, að það skuli hafa eftirlit með fóðurvörum, eru numin burtu, en Ed. hafði einnig lagt þetta í hendur landbúnaðardeildar atvinnudeildarinnar, án þess að það kæmi nokkuð til afskipta tilraunaráðs búfjárræktar, sem ætlazt var til, að hefði yfirumsjón þessa máls. Landbn. hefur ekki tekið þetta fyrir á formlegum fundi, en af viðtali við nm. má ég segja það, að n. mun ekki gera að deiluatriði við Ed. þá breyt., sem hér hefur verið gerð, og mun fyrir sitt leyti fallast á, að frv. verði afgr. eins og Ed. hefur breytt því. Ég vil taka það fram sem mína skoðun, að ég tel þessa breyt., sem Ed. hefur gert, sízt til bóta, og tel mjög eðlilegt, að búfjárræktartilraunaráðið, sem er skipað sérfræðingum, fengi að hafa yfirstjórn þessara mála, á sama hátt og tilraunaráð í jarðrækt hefur yfirstjórn jarðræktartilraunastöðvanna. En þetta er ekki það atriði frá hálfu nm. í landbn., að eigandi sé á hættu, að frv. dagi uppi í þinginu, og viljum við því fallast á, að það verði afgr. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 892).

76. *Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.*

Á 62. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip (þmfrv., A. 336).

Á 64. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Hv. þm. sýnist þetta líklega nokkuð fyrirferðarmikið mál, sem muni tefja nokkuð fyrir fundinum. En ég skal lofa því, að það skal ekki að minni tilhlutun tefja fundinn mjög.

Frv. þetta er flutt að beiðni hæstv. atvmrh., og var það tekið til flutnings af sjútvn. En annars hefur málið verið undirbúið af mþn., sem ég á sæti í. — Það er kunnugt, að allmikið umtal hefur orðið um vátryggingar fiskiskipa, og einkum á þá leið, að iðgjöld væru svo há, að útgerðin risi illa undir því. Og út af þessu kom fram þáltill. á næst síðasta þingi, en var að vísu vísað til ríkisstj. En ríkisstj. hafði þá ákveðið að setja mþn. til þess að athuga þessi vátryggingarmál almennt. Eftir að n. tók til starfa, skrifaði ríkisstj. n. og bætti því við hennar hlutverk að taka til rannsóknar og gera brtt. við l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta. Þau l. eru nr. 32 frá 1942. N. tók við þessu starfi, og auðvitað var hennar fyrsta verkefni að rannsaka, hvort iðgjöld þau, sem tekin hafa verið, mundu vera óeðlilega há. Ég verð að skýra frá því hér, þó að það komi ekki beinlínis þessu máli við, sem hér liggur fyrir, að þessi rannsókn leiddi til þess, að það kom í ljós, að vátryggingarfélögin eru fátæk, þannig að nær engu þeirra hefur tekizt að safna verulegum sjóðum. Meiri hluti þeirra á sama og ekkert til og sum minna en ekki neitt. Þessi rannsókn hefur þess vegna leitt í ljós, að iðgjöldin hafa sízt verið hærri en í hlutfalli við áhættuna, heldur frekar það gagnstæða. Þetta segir þó ekki það, að iðgjöldin geti ekki verið of há, þegar þannig stendur á, sem ég skal nú greina frá. Iðgjöldin eru greidd samkv. mati á skipunum. Og nú hefur þetta mat orðið ákaflega mismunandi hátt, þannig að eldri skipin hafa verið metin langt undir verðlagi því, sem ríkjandi hefur verið á hverjum tíma. Hins vegar hafa þau skip, sem byggð hafa verið á stríðstímanum og eftir stríð, aftur verið metin á kostnaðarverði. Mat þeirra er því hlutfallslega miklu hærra en á eldri skipunum. Þegar það svo bætist við, að áhættan er miklu minni hjá þessum nýju og góðu skipum en þeim eldri sakir elli og vegna þess, að þau eru úr lakara efni, þá hljóta eldri skipin að verða oftar fyrir tjóni en hin nýrri, og af því sést, að á þessu eru gallar, sem verður að leiðrétta. — Nú er það þannig, að ákvæði um iðgjöld hafa ekki verið tekin upp í þessi l., og koma þannig því ekki beinlínis þessu máli við, því að það er reglugerðaratriði, hvaða iðgjöld skuli greidd, og ríkisstj. sker úr því eftir till. félaganna sjálfra. N. sá sér því ekki fært að taka þetta mál öðruvísi en svo, að hún samdi reglur um flokkun skipa, og er hún birt með þessu frv., svo að hv. þm. geta kynnt sér, hvernig n. ætlast til, að séð verði fyrir iðgjaldamálunum. Er þetta að sjá á fskj. 2. — En í þessari n. eru Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri hjá Fiskifélaginu, Guðmundur Guðmundsson tryggingarfræðingur og ég.

Breyt. þær, sem annars er gert ráð fyrir, að gerðar verði á l. frá 11. júní 1942, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, eru flestar þannig til komnar, að það eru leiðréttingar og umbætur, sem gerðar eru eftir reynslu bæði samábyrgðarinnar og vátryggingarfélaganna sjálfra, og um þessi mál héldu félögin sameiginlegan fund með stjórn samábyrgðarinnar. Þá var sett þar n. til þess að athuga, hvaða breyt. væri sérstaklega óskað eftir á þessum l. Höfuðbreyt., skal ég taka fram strax, hver er, og fyrir henni hef ég einmitt barizt. En þótt undarlegt sé, hefur verið allmikil mótstaða gegn þeirri till. til breyt. á l., þangað til nú ekki alls fyrir löngu, að áhætta félaganna sé miðuð við hundraðshluta, en ekki ákveðna fjárhæð öðruvísi ákveðna. Fyrirkomulagið er þannig nú, að félögin bera ábyrgð á 50% af öllum skipum, þangað til matsverðið er komið upp í 80 þús. kr. á hverju skipi, en úr því fer hlutdeild félagsins ekki vaxandi, þannig að hún verður ekki meiri en 40 þús. kr. á skip. Það er því svo, að eftir því sem skipin eru líklegri til þess að verða fyrir tjóni, er hlutdeild félaganna í þessu efni meiri. Þetta er óhagstætt fyrir vátryggingarfélögin, en hag-

stætt fyrir endurtrygginguna. Þess vegna er þessi breyt. hér upp tekin. Bátaábyrgðarfélögin mundu þá nú, ef þetta verður samþ., hafa 15% áhættunnar í eigin ábyrgð, en endurtryggingin á þá að hafa 85% af áhættunni. Hins vegar mun eftir frv. þessu hlutdeild félaganna í stóru skipunum og öruggari verða miklum mun meiri en nú er eftir gildandi lögum.

Að öðru leyti skal ég vísa til grg. frv. og þeirra fskj. sem frv. fylgja, því að þar geta hv. þm. lesið um, hverjar breyt. eru, því að þar er hver breyt. tilgreind og grein gerð fyrir þessum breyt.

Hér er lagt til, að nafnið á l. verði breytt, og sé „Lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip", af því að deilt hefur verið um það, hvað orðið vélbátur þýddi, og á þetta við það, að félögunum sé skylt að taka við öllum skipum, sem eru allt að 100 rúmlestir brúttó. — Það má geta um það líka, að hér er breytt orðalagi um skiptingu landsins í áhættusvæði. Ég vil taka það fram, að það er ætlun þeirra, sem sömdu frv., að áhættusvæðunum verði breytt mikið og félögunum fækkað mikið, því að það hefur sýnt sig, að félögin eru svo smá, að þau hafa ekki eins góða rekstrarmöguleika fyrir það. N. hefur sýnzt, að ekki væri þörf fleiri en 8 vátryggingarfélaga á landinu, og það er ætlazt til þess, að ríkisstj. hafi heimild til þess að breyta þessu, og mundi það þá verða gert smám saman.

Eitt atriði, sem ég geri ráð fyrir, að menn veiti athygli, er það, að í breyt. þessum er gert ráð fyrir því, að eigendur skipa geti krafizt yfirmats bæði á því, þegar skip eru metin til vátryggingar, og eins yfirmats á tjóni. Um þetta atriði hefur verið mikið deilt. Félögin hafa látið eigin trúnaðarmenn annast þetta. En það er hart, ef vátryggjandi, en ekki vátryggður ræður því einhliða, hverjir meta skipin til verðs eða tjóns. En þetta sjónarmið samábyrgðarinnar hefur stuðzt við það, að virðingarmenn hafa verið gamaldags í hugsun og hafa ekki viljað viðurkenna breyt., sem gera þurfi á matinu vegna verðhækkunar og lækkunar á gildi peninga.

N. neyddist til þess að undanskilja bótaskyldu óbeint tjón, og stafar það af því, að menn hafa gengið allt of langt í kröfum um bætur fyrir óbeint tjón, ef þeir hafa veitt aðstoð eða eitthvað því líkt. Og frekja manna í þessu sambandi hefur miðað að því að gera félögin að féþúfu, sem olli því, að félögin ætluðu að sligast undir því. Annaðhvort varð því að undanskilja félögin þessari bótaskyldu eða láta greiða iðgjöld fyrir. Nú hefur orðið samkomulag um það að taka aftur þessar óbeinu tryggingar nema mjög takmarkaðar.

Ég vildi nú sérstaklega benda á þessi atriði, ef hv. þm. vildu nú leggja sig niður við það að rannsaka þessi mál eitthvað. En þetta eru þau atriði, sem sérstaklega hefur verið um deilt.

Að öðru leyti vil ég segja, fyrir hönd sjútvn., sem flytur málið fyrir ríkisstj., að n. hefur áskilið sér rétt til að koma fram með brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma við það. Og enn fremur vil ég taka það fram fyrir hönd n., að við leggjum mikla áherzlu á það, að hæstv. forseti og hv. þm. sýni máli þessu þá velvild að láta það ganga greiðlega gegnum þingið. Það tafðist óeðlilega lengi að koma málinu á framfæri. En ég hygg óhætt að fullyrða, að lögð hafi verið öll alúð við að vanda til þessara breyt., bæði að tilhlutan n. og ríkisstj., og loks hefur það verið borið undir fjölda manna, sem hlut eiga að máli.

Að svo mæltu óska ég, að málið gangi til 2. umr.

ATKVGR.

Þá fór fram atkvgr. um að vísa frv. til 2. umr., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, GÞG, HÁ, HB, HermG, IngJ, JóhH, JS, Jör B, PÞ, SB, SEH, SK, SkG, BG.

20 þm. (EystJ, FJ, StSt, GTh, HelgJ, JPálm, JJ, KTh, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ) fjarstaddir.

Þar sem fundurinn reyndist ekki ályktunarfær, lýsti forseti yfir því, að atkvgr. yrði endurtekin á næsta fundi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 3. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
13.—26. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
27.—29. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
30.—38. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Sjútvn., sem flytur þetta mál, hefur athugað frv. á milli umr., en tíminn hefur reynzt of skammur til þess að leggja fram brtt., en n. mun nú bera fram skrifl. brtt., og mun ekki verða erfitt að átta sig á þeim. Í fyrsta lagi er lagt til, að aftan við 11. gr. bætist nýr málsliður, og er tilefni þess aths. hv. þm. V-Húnv., er umr. fóru hér fram um samábyrgðina, og þessum hv. þm. þóttu útistandandi iðgjaldagreiðslur óviðunandi. En hvernig má þá koma í veg fyrir, að menn trassi að greiða iðgjöld? Það er óþægilegt fyrir samábyrgðina, ef vanskil eiga sér stað, en það er skoðun okkar, að ekki beri að knýja fram skynsemina í þessum efnum nema að því leyti, að eitthvað lægi við gagnvart aðilum sjálfum og vátryggjendur misstu öll réttindi, ef þeir greiddu ekki iðgjöld. Það eru að vísu viðurlög um þetta í 11. gr. 7. tölulið, að tjón, sem kynnu að verða meðan áfallin iðgjöld eru ógreidd, verði ekki greidd, en þó megi félagsstjórnin víkja frá

þessu. Þess vegna viljum við í stjórn félagsins nema þetta ákvæði í burtu, en nú viljum við bæta aftan við 9. málsgr. 11. gr., að þar komi nýr málsliður, er hljóði svo: Iðgjald skal greiða fyrir fram fyrir ákveðið tímabil í senn, eftir því sem ákveðið er í reglugerðum. Nú er iðgjald ekki greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga, og skal þá ekki bæta tjón, sem verður eftir þann tíma, þar til iðgjald er greitt. — Ef þetta ákvæði kemst inn, þá má gera ráð fyrir því, að menn stæðu í skilum og að svo yrði þá á litið, að meðal rekstrarkostnaðar útgerðar séu vátryggingargjöld ávallt reiknuð þar með, en vátryggingarfélög hafa ekki viljað viðurkenna það og það er engin goðgá, þó að lögð sé áherzla á, að lánsveðin séu í gildi. Ég vil þó taka það fram vegna ummæla hv. þm. V-Húnv., um breytingu á l. um samábyrgðina, að fjárhæð endurtrygginga verður að skoðast í sérstöku ljósi, en gjalddagi hlýtur þar að verða allmismunandi.

Þá leggjum við til, að við 30. gr. 3. málsgr. á eftir orðunum „Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi" bætist inn í málsgr. orðin: og lögtaksrétt. — Við lítum svo á, að gjöld þessi skuli hafa lögtaksrétt, en ýmsir dómarar hafa ekki viðurkennt lögtaksrétt gjaldanna, og er því útlátalítið að bæta þessu inn í greinina.

Og ég vil svo leyfa mér að afhenda forseta þessar skrifl. brtt. og vænti, að hann leiti afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 381) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 381,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 381,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Sþ., 10. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 382).

Á 68. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 382, n. 755).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (**Gísli Jónsson**): Herra forseti. Þessu máli var vísað til sjútvn. 12. febr. og hefur tafizt þar nokkuð lengi, en ástæðurnar fyrir því eru tvenns konar. N. hafði á þeim tíma mjög annríkt við frv. um eftirlit með skipum. Enn fremur voru haldnir um þetta mál mjög margir fundir og málið rætt við alla aðila, áður en n. kom sér saman um afgreiðslu þess. Hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafði skipað mþn. til að athuga þetta mál og endurskoða, gera athuganir og breyt. við löggjöfina um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Var frv. lagt fyrir Nd., eins og það kom frá mþn., og tók það litlum breyt. í d. En þegar það kom í þessa d., þótti sjútvn. svo mörg varhugaverð fyrirmæli í frv., að henni þótti nauðsynlegt að taka þetta mál til ýtarlegrar athugunar. N. hefur haft umr. um þetta við sjútvn. Nd. og við forstjóra Samábyrgðarinnar og komizt að samkomulagi um afgreiðslu málsins. Þó skal ég geta þess, að það eru tvö atriði í frv., sem ekki varð samkomulag um, og mun ég ræða um það, þegar ég kem að þeim gr. Má því búast við, að enn geti orðið átök um þetta mál, áður en lýkur, en hins vegar er mjög nauðsynlegt, að málið geti fengið afgreiðslu á þessu þingi vegna margvíslegra nýrra fyrirmæla og að frv. verði að l.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um þær breyt., sem sjútvn. leggur til, að gerðar verði á frv. Í fyrsta lagi er gerð breyt. við 1. gr. Er þetta engin efnisbreyting, aðeins orðabreyting, að í stað orðanna „skip og bátar" komi: fljótandi för. — Önnur breyt. er við 3. gr. Í stað orðsins „Atvinnumálaráðherra" í 1. mgr. komi: Ráðherra. Ástæðan fyrir þessu er sú, að þessi mál kunna að verða sett undir annað ráðuneyti en atvmrn., og er því eðlilegt að gera þessa breyt., sem ekki er nein efnisbreyting. — Alveg sams konar breyt. er lagt til að gera við 5. gr. — Ein af meginbreyt. er við 6. gr., þ. e. að 1.—3. málsgr. orðist eins og getið er um á þskj. 755. Eins og nú er í l. um vátryggingarfélög og eins í frv. á þskj. 336, er ætlazt til þess, að vátryggingarfélögin skipi sjálf sínar stjórnarnefndir, og skal hún kosin á aðalfundi félagsins. Í l., eins og þau voru, var ætlazt til þess, að stjórnin væri kosin til þriggja ára í senn, en mþn. hefur gert þá breyt., að hún skuli kosin til 3 ára, en einn maður skuli ganga úr stjórninni á hverju ári. Þessum stjórnum var svo gefið það vald að skipa virðingar- og skoðunarmenn og úrskurða skaðabótagreiðslur, en þó ekki hærri upphæð en allt að 10 þús. kr., því að þá yrði að leita samþykkis samábyrgðarinnar. Með l. er fyrirskipað, að samábyrgðin skuli endurtryggja hér a. m. k. 85%. Það er því ljóst, að þessi aðili, sem á að bera meginþungann af vátryggingunni, eigi að sjálfsögðu að hafa einhvern rétt til að stjórna félögunum, sem skyldug eru til að vátryggja og endurtryggja hjá stofnuninni. Var því mjög rætt um það í n. að setja þá breyt. inn í frv., að einn maður skuli jafnan vera valinn af samábyrgðinni og skyldi hann um leið vera form. í stjórnarn. Um þetta varð þó ekki samkomulag. Hins vegar varð samkomulag um það, að stjórnin skyldi sett þannig saman, að skipaeigendur velji sjálfir tvo menn, en samábyrgðin einn mann. Með þessu er ætlazt til þess, að miklu nánari samvinna náist milli félaganna annars vegar og samábyrgðarinnar hins vegar, þegar stjórnin er skipuð eins og ég hef hér lýst. Um þetta náðist fullkomið samkomulag, bæði við hv. sjútvn. Nd. og við stjórnendur samábyrgðarinnar, svo að þetta atriði út af fyrir sig ætti ekki að valda neinum erfiðleikum. Á sama hátt eru valdir 3 stjórnarnm. til vara, en stjórnarn. kýs sjálf form. og framkvæmdarstjóra fyrir félagið. Það varð einnig samkomulag að gera þá breyt., að stjórnarnm. skulu kosnir til tveggja ára í senn. Ég skal taka það fram af gefnu tilefni, að það er ekki endilega ætlazt til þess, að samábyrgðin velji í stjórnina einhvern mann, sem er fyrir utan félagið, hún getur valið hvern þann mann, sem henni sýnist, til þess að taka þar sæti, einnig einn af skipaeig-

endum, en hins vegar færist þá yfir á þann mann sú ábyrgð, sem hvílir á þeim, sem er umboðsmaður ákveðins aðila í fyrirtæki. Þá er ætlazt til þess að kjósa 2 endurskoðendur og 2 til vara til sama tíma. Þóknun til stjórnenda og endurskoðenda ákveður aðalfundur. Hér er einnig gerð sú breyt., að stjórnarn., sem á að úrskurða skaðabótagreiðslur, skuli ekki miða við 10 þús. kr., eins og áður var, heldur skuli þetta takmarkast við það, að ef stjórnarn. er ekki sammála um bótagreiðslurnar, þá skuli leita samþykkis samábyrgðarinnar. Þetta er gert til þess, að ef umboðsmanni samábyrgðarinnar kann að þykja skaðabótagreiðslurnar of háar, þá hafi samábyrgðin, sem á að greiða a. m. k. 85% af þeim, leyfi til þess að athuga þetta nánar, áður en gert er út um skaðabótagreiðslurnar. Telur n. þetta ákvæði vera til bóta.

Við 7. gr. er gerð sú breyt., að stjórn félagsins og samábyrgðin skipi hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara til að framkvæma skoðunar- og virðingargerðir samkvæmt fyrirmælum l. Samkv. frv. er ætlazt til þess, að þessir tveir menn skuli útnefndir af stjórninni, en hér þykir nauðsyn til bera að gera þessa breyt. Liggja til þess þau rök, sem ég skal nú greina. Það hefur verið mjög deilt um það undanfarið, hvort mat á bátum og skipum hafi verið rétt hjá viðkomandi aðilum. Vil ég m. a. leyfa mér að benda á það, að það hefur komið í ljós, að m/s Borgey, sem fórst sem alveg nýtt skip, var vátryggt fyrir mun lægri upphæð en skipið kostaði, þegar það kom til landsins. Þegar svo ofan á það bætist, að eigendur skipsins hafa ekki leyfi til þess samkv. l. að vátryggja nema 90% af matsverði og mega hvergi tryggja afganginn, er nauðsynlegt, að á hverjum tíma sé matið að sjálfsögðu sem næst sannvirði. Þetta hefur orðið til þess, að eigendur skipsins hafa þurft að leita til Alþ. um sérstaka aðstoð til þess að geta keypt annað skip vegna þess, hve matið var of lágt, og hins vegar vegna þess, að verðmætið hefur ekki verið vátryggt að fullu. Þá stendur það í núgildandi l. og í frv., að hvenær sem skip er flutt frá einu tryggingarsvæði til annars, skuli fara fram nýtt mat, en þetta ætti ekki að þurfa, þegar svo er komið, að samábyrgðin skipi annan manninn, því að þá ætti að nást samræmi milli matsins um allt land, og til þess er raunverulega ætlazt.

Þá er gerð nokkur breyt. við 11. gr. Hv. Nd. hefur breytt töluvert þessari gr., eins og sést á þskj. 382. Þar hafa verið gerðar breyt. við tvær gr. frv., 11. og 30. gr., en sjútvn. þessarar hv. d. hefur ekki viljað á þær fallast. Leggur hún til, að gerðar séu enn viðtækari breyt. á þessari gr. Fyrsta breyt. við 11. gr., undir a., er ekki annað en afleiðing af því, sem gert hefur verið áður, um það, hversu skoðunarmenn skulu skipaðir. Brtt. undir lið b. gerir ráð fyrir, að 2. málsl. 4. málsgr. frv. orðist svo: Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til. — Þetta á við það, að n. þótti ekki ástæða til, þótt skip sé flutt milli skoðunarsvæða, að látið sé fara fram nýtt mat á því, eins og gert er ráð fyrir í frv., heldur sama mat látið gilda, en aðilum sé þó heimilt að krefjast skoðunar, hvenær sem þeim þykir ástæða til, t. d. ef verðbreyting yrði í landinu til hækkunar eða lækkunar. Var n. algerlega sammála um að setja þetta ákvæði inn. — Brtt. undir lið c. er alveg ný till. og mjög mikil efnisbreyting frá því, sem verið hefur. Er þar lagt til, að hafi vátryggingarfélag ekki innheimt tryggingargjöld, eins og tilskilið er í l., og standi ekki í skilum við samábyrgðina með endurtryggingargjöld, skuli ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa vátryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til samábyrgðarinnar. Skuli þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, öðlast allar eignir félagsins, kröfur og réttindi, enda taki hann og að sér allar skuldbindingar þess. — Ástæðan fyrir því, að lagt er til, að þessi gr. komi þarna inn, er sú, að reynslan hefur sýnt, að samábyrgðin á útistandandi um 3½ millj. kr. í iðgjöldum. Er það m. a. vegna þess, að hér hefur komið fram frv. á þingi, sem nú er orðið að l., um að leggja samábyrgðinni til 1½ millj. kr., svo að hún geti innt af hendi skyldur sínar, einmitt vegna þess, hve erfiðlega hefur gengið að fá þetta fé inn. Þegar það er athugað, að svo mikið fé er útistandandi, sem raun ber vitni um, og að það eru eigendur bátanna, sem eru í stjórn félaganna og ráða því miklu um það, hvernig því er beitt að innheimta féð eða að það sé vanrækt, þá er skiljanlegt, að erfitt verður að koma þessu í betra horf, nema með því að breyta l. Samkvæmt 11. gr. frv. á þskj. 382 er gert ráð fyrir því, að ef iðgjald er ekki greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá verði tjón, sem eftir þann tíma verða, ekki bætt, fyrr en iðgjald hefur verið greitt. Sjútvn. þessarar d. getur þó ekki fallizt á, að þetta ákvæði nái tilgangi sínum, auk þess sem vafasamt er, hvort skip telst veðhæft, ef slíkt ákvæði yrði jafnan gert gildandi. Hún leggur því til, að í stað þessa verði ráðuneytinu heimilað að leggja félag niður og ráðstafa tryggingunum á annað félagssvæði, ef iðgjöld eða endurtryggingargjöld eru ekki greidd eins og tilskilið er. Telur n., að slík ákvæði tryggi að fullu iðgjaldagreiðslur, en á það verður að leggja megináherzlu, að gjöldin verði innheimt eins og l. standa til, þar sem það er grundvallaratriði fyrir starfsemi tryggingarinnar.

7. brtt. n. er við 12. gr. Samkv. 12. gr. frv. er ætlazt til þess, að þegar skip flyzt á annað vátryggingarsvæði, þá skuli að sjálfsögðu tilkynna það, en þó er það svo, að skipið er raunverulega ekki tryggt, ef þetta hefur verið vanrækt, og auk þess er ætlazt til þess, að nýtt endurmat verði látið fara fram, sem ekki er ætlazt til samkv. 12. gr., eins og ætlazt er til, að hún verði, af sjútvn. þessarar d., sem leggur til, að hún orðist svo: Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi og skrásetningarstjóri tilkynna það viðkomandi vátryggingarfélögum og samábyrgðinni. Vanrækslu á tilkynningu varðar sektum frá 1000—5000 kr. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði. — N. lítur svo á, að með þessu ákvæði sé tryggt, að flutningur verði tilkynntur.

8. brtt. n. er við 13. gr., og fjallar hún um það, að ef skip er statt utan vátryggingarsvæðis félags síns, þegar það verður fyrir tjóni, þurfi það aðeins að snúa sér til skoðunarmanna þess félagssvæðis, sem skipið er statt á, og láta þá framkvæma skoðunina. Samkv. 13. gr. frv. er gert ráð fyrir, að skip, er verður fyrir bótaskyldu tjóni utan vátryggingarsvæðis síns félags, skuli skoðað og tjónið metið af skoðunar- og virðingarmönnum, þar sem

skipið á heima. Þykir okkur eðlilegra og heppilegra, að skoðunin fari fram, þar sem viðgerð á tjóni skipsins fer fram og þar sem gert er ráð fyrir, að samábyrgðin hafi valið annan skoðunarmanninn. Enn fremur stendur í brtt. n., að sé skipið statt erlendis, beri að tilkynna samábyrgðinni tjónið símleiðis, sem þá ákveður skoðunarmenn í samráði við stjórn félagsins. — Samkv. 13. gr. frv. segir svo: „Skipaeigendur annast sjálfur um aðgerðir skipa sinna," en samkv. brtt. n. er bætt við: „nema félagsstjórnin ákveði annað, enda sé sýnt, að aðgerð verði þá ódýrari." — Þá er einnig gerð sú breyt. undir b-lið, að við 5. málsgr. bætist: eða samkomulag hafi orðið við félagsstjórnina um frestun á viðgerðinni. — Eins og stendur í l. nú, er ákveðið, að menn eigi ekki kost á eða krófu til tjónsbótagreiðslna, ef ekki hefur verið gert við tjónið innan eins árs. Hins vegar getur oft verið eðlilegra að fresta viðgerð, og þótti n. því rétt að bæta þessu inn í frv. — c-liður 8. brtt. n. er um það, að síðasti málsl. síðustu málsgr. 13. gr. frv. falli niður, sem hljóðar þannig: „Vátryggjandi getur einhliða fellt slíkan samning úr gildi, ef vátryggður lætur fara fram aðgerð á tjóninu, eftir að slíkur samningur var gerður." Fyrri málsl. þessarar málsgr. hljóðar þannig: „Nú óskar vátryggður að fá tjónbætur greiddar, án þess að viðgerð á tjóninu fari fram, og hafi skipið þó ekki verið dæmt óbætandi (condemnerað), og er þá heimilt að semja um bæturnar eftir atvikum, en aldrei mega þær vera eins háar og matsupphæð á tjóninu." N. leggur því til, að síðasti málsl. falli niður, þar sem ekki aðeins er búið að gera þennan samning, heldur er líka búið að uppfylla hann. Það er hins vegar engan veginn óeðlilegt að gera samning um tjónsbætur, þótt ekki sé gert við tjónið að fullu. Það getur t. d. staðið þannig á, að það borgi sig ekki að gera við skipið eða að tjónið sé svo viðtækt eða þess eðlis, að viðkomandi aðili óski eftir að gera ýmsar breytingar á skipinu. Getur þá verið erfitt að meta, hvað sé kostnaður við breytingar á skipinu og hvað sé viðgerðarkostnaður á tjóni. Undir þeim kringumstæðum er venjulegt, að tjónið sé metið og greitt og eigendum skipsins sé síðan leyfilegt að ákveða, hvaða breytingar þeir geri á skipinu.

9. brtt. n. er við 17. gr. a-liðurinn er um það, að í stað orðanna „fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi" í 3. tölul. 1. málsgr. komi: að viðbættum björgunarkostnaði fer fram úr vátryggingarupphæð skipsins. — 3. tölul. 17. gr. frv. fjallar um það, að vátryggður hafi rétt til bóta fyrir algeran skipstapa, þegar skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjótjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi að frádregnu verði þess óviðgerðs. Þetta, sem n. leggur hér til, er algild regla hjá vátryggingarfélögum almennt. — b-liður 9. brtt. n. við 17. gr. er um það, að 3. málsgr. falli niður, en hún hljóðar þannig: „Félögin skulu þó ávallt hafa rétt til, ef skip verður fyrir ónýtingardómi á þennan hátt, að gera við skipið á sinn kostnað og skila eiganda því í skoðunarfæru standi." Þetta ákvæði getur hins vegar ekki staðizt í frv., eftir að búið er að ákveða 3. tölul. 1. málsgr. svo sem n. leggur til, því að þá er það tekið með annarri hendinni, sem áður hefur verið gefið með hinni. Undir c-lið stendur í frv.: „á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skipstapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 10 mánuðum eftir, að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt." Þetta hefur n. ekki viljað fallast á, en samkomulag hefur orðið um það að breyta þessu í 6 mánuði úr 10 mánuðum, því að n. telur ekki rétt, að nokkru félagi leyfist að halda vátryggingarfénu svo lengi til skaða og tjóns fyrir tryggingarnar. Má sjá það þegar eftir 6 mánuði, hvort hægt er að bjarga, og ef svo er ekki, þá á þegar að borga út.

10. brtt. er við 22. gr., en um þá gr. er ekkert samkomulag við sjútvn. Nd., en nú er þar svo fyrir mælt: „Ef skip þiggur hjálp af öðrum vegna bilunar á vél eða af öðrum ástæðum, greiðir vátryggjandi kostnað af því í hlutfalli við vátryggingarupphæðina, að frádregnum 25%". Það er það fyrsta, að eigandi greiðir ¼ af kostnaðinum við að bjarga skipi til lands, sem yrði greiddur að fullu, ef skipinu yrði ekki bjargað. N. getur ekki fallizt á, að þetta sé sanngjarnt, en einn nm., hv. þm. NÞ., vill halda þessari gr. óbreyttri. En meiri hl. n. lítur svo á, að þar sem hér er verið að bjarga verðmætum, sem eru vátryggð að fullu, beri einnig að greiða björgunarlaunin að fullu. Hitt ákvæðið er það, að öll skip, sem tryggð eru samkvæmt þessum l., séu skyld að hjálpa hvert öðru úr háska. Þetta þykir n. ekki tilhlýðilegt að lögbjóða, hún álítur, að þetta sé þjóðfélagsskylda, sem ekki þurfi að lögbjóða, en ef svo sé, þá í einhverjum öðrum l. en þessum. Þá segir enn fremur: „Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn samábyrgðarinnar." Hér er brotið í bága við önnur l., l. um siglingar, þar sem ákveðið er, hvernig fara skuli með þessi mál, og n. vill ekki fara inn á þá braut að hvetja til þess með lagaákvæðum, að dregið sé úr því, að mannslífum og skipum sé bjargað, bara fyrir lakari björgunarreglur en almennt gilda. N. telur það meiri ábyrgð en hún treystir sér til að bera. Hefur það og komið í ljós, að menn hafa sneitt fram hjá að bjarga bátum vegna þessa lagafyrirmælis. Þá segir enn: „Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, þó með þeim takmörkunum, er segir í 3. málsgr. 13. gr., og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði l. nr. 32 9. jan. 1935 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði gr. þessarar." Hér er einnig gengið á rétt skipverja, sem bjarga. Þeir eiga samkv. öðrum l. meiri rétt. Af öllu þessu leggur meiri hl. n. til að gr. verði orðuð svo: „Kostnað vegna björgunar eða aðgerðar á skipi greiðir vátryggingarfélagið eftir mati eða dómsúrskurði, ef eigi næst samkomulag um fjárupphæðina." Ef menn almennt álíta, að hlutur fyrir björgun skips sé of hár, eins og haldið var fram af sjútvn. Nd. og sérstaklega af form. hennar, sem einnig er form. samábyrgðarinnar, þá er sjálfsagt að breyta þeim l., og nú hefur verið samþ. þál. í Sþ. um, að þessi lög verði endurskoðuð. Þar verður svo ákveðið, hver skuli vera hlutur skipverja fyrir björgun, en hér er þetta ekki eðlilegt ákvæði í þessu frv., að greiddur sé stærri hlutur fyrir að bjarga bát, sem ekki er tryggður

hjá samábyrgðinni, heldur einhverjum öðrum, en minni, ef hann er tryggður hjá samábyrgðinni. Ef þessi gr. verður látin standa, mun óánægjan og hættan aukast meir en svo, að nokkur sé fær um að bera ábyrgð á því.

Þá leggur n. til, að við 24. gr. verði gerð breyt. Það er ekki ætlazt til, að tjón á trillubátum sé greitt nema að hálfu, nema báturinn farist alveg. N. fannst þetta smámunir einir og leggur til, að sömu reglur gildi um bætur fyrir tjón á trillubátum og öðrum bátum. b-liðurinn er svo aðeins afleiðing af þessari breyt.

Við 29. gr. er gerð nokkur breyt., enda er óhjákvæmilegt að gera á henni breyt., því að ekki er hægt að samþykkja l. með henni, eins og hún er. En í gr. segir: „Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum l. um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingartæki o. fl.“ Þetta er ekki ástæða til að hafa hér, því að þetta er allt í l. um eftirlit með skipum. N. leggur því til að þessi málsl. verði orðaður svo: Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum l. um eftirlit með skipum, eins og þau eru á hverjum tíma. — Svo er lagt til, að 3. málsgr. falli niður. En svo er sagt í 2. málsgr.: „Félögin og samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar, vegna ógætni eða vanrækslu, hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkv. l. þessum.“ Um þetta er ekki hægt að segja, þó að sett sé í l. En svo segir í 2. málsl.: „Ef eigandi skips hlítir ekki fyrirmælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður fyrir.“ Þetta getur ekki staðið í frv., því að ekki er ætlazt til, að það eina, sem ekki er bætt, sé það tjón, sem skipstjóri verður sjálfur fyrir, heldur líka það, sem hann er valdur að. N. leggur því til, að í stað orðanna „verður fyrir“ komi: „verður talinn eiga sök á.“

13. brtt. er við 30. gr. og er aðeins leiðrétting, að í stað „atvinnumálaráðuneytisins“ í 1. og 2. málsgr. komi „ráðuneytisins.“

Þá er 14. brtt., við 31. gr., að á eftir orðunum „hafnaráhættu (revier)“ komi: og bruna. — N. þótti það sjálfsagt og nauðsyn, að skip sé jafnan tryggt fyrir bruna, þótt í höfn sé, en eins og ákvæðið er nú, er það ekki fullkomlega ljóst, að það eigi einnig við bruna.

Þá er 15. brtt. við 32. gr. Þessi brtt. hefur valdið töluverðum umr. og er ekkert samkomulag um hana við Nd. Brtt. er við síðustu málsgr., en hún er svo í frv.: „Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.“ Þetta vill n. ekki fallast á, en leggur til, að þessi málsl. verði orðaður svo: Dómi uppkveðnum samkvæmt þessum ákvæðum má þó áfrýja beint til hæstaréttar, enda sé það gert innan 30 daga frá birtingu dómsins. — N. getur ekki fallizt á, að gerðardómur eigi að skera úr um svona mál og að hann sé síðasta dómstig. Hér getur verið deilt um ekki minna en tugi og hundruð þús. kr. M. a. má benda á, að Borgey hefði ekki verið greidd út, ef fylgt hefði verið fast eftir l., því að í gömlu l. er mælt svo fyrir, að skip skuli ekki greiða út, ef það er ekki haffært eða hlaðið eins og vera ber. Það virðist því sjálfsagt, að hvor aðilinn um sig eigi kost á því að láta málið fara til hæstaréttar. Í þessu sambandi má benda á það, að krafan á hendur Höjgaard og Schultz í sambandi við virkjun Fljótaár var endanlega úrskurðuð af gerðardómi, sem í sátu 2 verkfræðingar og 1 dómari, og hér var felldur úrskurður, sem ekki var hægt að áfrýja. Þetta tel ég rangt, og ég vil benda á það, að svona málsmeðferð leyfist ekki í Bretlandi. Slíkir dómar eru þar teknir gildir sem undirdómar og mega fara beint til hæstaréttar, en sín á milli geta þegnarnir ekki gert svona samninga. N. telur því ekki rétt, að aðeins eitt dómstig skuli fjalla um þessi mál.

Þá er 16. brtt. við 36. gr., en þar stendur, að lög, venjur og reglur samábyrgðarinnar gildi um þau atriði, sem eigi eru ákvæði um í l. þessum. N. getur ekki fallizt á að lögbjóða, að venjur vátryggingarfélaga skuli gilda sem lagaákvæði, og leggur því til að gr. orðist svo: Ráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara l. — Séu einhverjar venjur orðnar svo fastar, að þær séu hefð, þá tekur ráðuneytið þær til athugunar, en venjur, sem almenningur veit ekki, hverjar eru, getur n. ekki fallizt á að lögbjóða.

17. brtt. við ákvæðin til bráðabirgða er, að lagt er til, að síðasti málsliður falli niður. Þessi brtt. er afleiðing af brtt. við 22. gr. Falli sú brtt., verður þessi tekin aftur.

Ég hef þá skýrt þessar mörgu og víðtæku brtt., sem n. hefur gert við frv. Um þær allar er samkomulag við Nd. nema tvær, eins og getið var. Ég vona að hv. d. sjái sér fært að samþykkja þessar brtt., því að mikil nauðsyn er, að frv. verði að l. á þessu þingi, því að það er til mikilla bóta.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. þdm. sjá, hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara. Hann snertir aðeins brtt. við 22. gr., um allar aðrar brtt. er ég sammála meðnm. mínum.

Hv. frsm. n. hefur nú talað fyrir þessum brtt. og m. a. fyrir till. meiri hl. um 22. gr., en hann vill gerbreyta gr. og taka upp stutta gr., sem er gerbreyting á því fyrirkomulagi, sem er í gildandi l. frá 1942. Ég ætla ekki að fara að telja upp allar röksemdir hv. frsm., það eru þær sömu og hann bar fram í n. og ég hef ekki getað fallizt á. Eins og hann tók fram, eru sérstakar reglur í l. frá 1942 frávik frá öðrum reglum um björgunarlaun fyrir skip. En nú er takmarkaður réttur skipa, sem vátryggð eru hjá samábyrgðinni, til bóta og sömuleiðis manna og skipa, sem gerð eru út af ríkissjóði, þ. e. strandferðaskipanna og varðskipanna. Þessum skipum er gert að skyldu að hjálpa án launa. Þetta finnst meiri hl. ekki rétt, að sé skert samkv. eldri l., og óhæfilegt, samanborið við önnur skip, sem ekki eru undir þessum l. Ég lít á þessi ákvæði sem réttmæt og að þau eigi að haldast. Vátryggingargjöldin eru svo há, að þau eru einn þyngsti bagginn á útgerðinni. Það er því mikil nauðsyn, að hægt sé að lækka iðgjöldin, og þessi ákvæði miða einmitt að því. Það er talað um, að það sé mikið ósamræmi í því, að þessir menn fái minni rétt til bóta. Ég sé ekki, að það sé á rökum reist. Allir mennirnir eru í vátryggingarfélagi, og því hlýtur það að vera sameiginlegt hagsmunamál þeirra, að iðgjöldin séu sem lægst. Í mörgum tilfellum, þegar skip þarf á björgun að halda, eru bæði skipin frá sama félagi. Það veit enginn fyrir fram, hver fyrir því verður. Sá, sem björgunarlaun fær í dag, getur orðið fyrir því að þurfa að greiða þær háu bætur, sem meiri hl. n. vill hafa, á morgun. Þessum mönnum, sem hér um ræðir, má skipta

í 2 flokka 1) skipverja, sem eru í þessum félögum, og 2) starfsmenn á skipum ríkisins. Þeim, sem eru í fyrri flokknum, hlýtur að vera það hagsmunamál að halda bótagreiðslunum niðri, svo sem hægt er, svo að iðgjöldin hækki ekki. Hinir eru fastir starfsmenn ríkisins, sem hafa ákveðið mánaðarkaup, og eitt af störfum þeirra er að veita skipum aðstoð, og er ekki óeðlilegt, þó að þeir geti ekki gert sér björgunarstarf að féþúfu. Þá er því haldið fram, að þetta geti orðið til þess, að skip veiti ekki aðstoð sína öðrum skipum, sem eru biluð eða í háska. Ég get ekki hugsað mér, að nokkur maður hafi þann hugsunarhátt, að hann hugsi fyrst og fremst um það, hvort hann fær háa borgun eða ekki fyrir björgunina. Hefði ég haldið, að þetta drægi á einhvern hátt úr öryggi skipanna, hefði ég verið með meiri hl. n., en ég get bara ekki trúað, að þessi hugsunarháttur sé til, og held þess vegna, að þessi ástæða sé ekki veigamikil. Í þessari gr., eins og hún er í l., er ekki svo að skilja, að skip, sem aðstoða eða bjarga öðrum skipum, fái engar bætur. Þær eru ákveðnar, en eru mjög takmarkaðar. Nú, í flestum tilfellum mundu þessi skip fá mestallt tjónið bætt, sem þau verða fyrir vegna björgunar, og lengra vil ég ekki ganga. Ég býst við, að þessi skoðun mín fái kannske ekki mikinn hljómgrunn hér í hv. d. Að vísu eru ekki margir hv. þm. á fundi.

Ég vil að lokum óska þess, að gr. verði látin standa, eins og hún er í l. og frv., og þessi brtt. hv. n. verði ekki samþ.

Hugsazt gæti — ég veit ekki, hvernig skoðun hv. þm. Nd. er —, að breyt. á þessari gr., ef hún verður samþ., yrði til þess, að málið næði ekki fram að ganga, því að ef það er rétt, sem ég hef heyrt — ég hef að vísu ekki átt teljandi tal við sjútvn. Nd. —, að þeir munu leggja nokkuð mikið kapp á, að þessi gr. standi óbreytt, þá gæti svo farið, ef henni yrði hér breytt, að þær réttarbætur, sem annars felast í þessu frv., gætu ekki orðið að l., og tel ég þá illa farið.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég geri ráð fyrir, að í málinu komi ekkert nýtt fram. Það hefur verið margtalað um þetta atriði og þetta mál í n. og ástæður meiri hl. n. verið teknar fram af hv. frsm. meiri hl. n. Og ég treysti mér ekki til að taka frekar fram mínar skoðanir á þessum atriðum en ég hef þegar gert.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil í sambandi við það, sem hv. þm. N-Þ. sagði um þetta mál, benda á nokkur atriði.

Í 229. gr. l. nr. 56 frá 30. nóv. 1914 stendur: „Krefja má björgunarlauna jafnt, þó að skip, sem bjargaði, sé eign sama manns sem hitt, sem bjargað var.“ Þetta sýnir, að svo hefur verið litið á, að slíkt ætti ekki að hafa áhrif á björgunarlaunin, hvort það er einn og sami aðilinn, sem á þessi skip, þ. e. skipið, sem er bjargað og sem bjargar.

Breytingin á þessu kom fyrst 1938, um takmörkun björgunarlauna fyrir skip, sem vátryggð eru hjá samábyrgðinni. Og síðar (1942) var þetta sérstaka ákvæði sett um skyldur þeirra skipa, sem ekki eru ríkisskip, heldur eru gerð út af Skipaútgerð ríkisins, m. ö. o., ef skipaútgerð ríkisins tekur á leigu einhvern bát, eins og hún hefur gert undanfarin ár, og leigir hann með skipshöfn fyrir ákveðið verð á dag, þá er líka skertur réttur þeirra manna, sem eru ekki á fullum launum hjá útgerðinni, eins og hv. þm. gat um áðan. En það er ekki aðalatriðið fyrir mér, hvort skertur er réttur einhverra skipshafna til meiri launa en þær hafa, heldur hitt, að það sé ekki gerð veikari aðstaða til björgunar með þessu ákvæði.

Hv. þm. N-M. talaði einmitt um það, að ef hann væri sannfærður um það, að þetta gæti valdið tjóni, þá skyldi hann verða með n. í þessu máli. Ég verð þá að biðja hv. þm. að rannsaka það nánar, fyrst og fremst hvaða orðrómur liggur um þetta mál meðal sjómanna almennt, og í öðru lagi, hvað hefur verið vanrækt viðvíkjandi björgun undanfarið, sem ekki hefði verið, ef þetta ákvæði hefði verið komið inn. Það gæti verið, að hann skipti um skoðun, ef hann rannsakaði þetta ofan í kjölinn. Ég vil benda honum á, að þetta á ekkert skylt við þann óeðlilega hugsunarhátt, sem hv. þm. talar um. Því að það getur verið, að skip virðist ekki í neinni hættu, þegar farið er fram hjá því. Veður getur verið sæmilegt. En þó geta brostið á fyrirvaralítið þau veður, sem geta orsakað tjón á þessu skipi, sem ekki hefði komið fyrir, ef því hefði verið hjálpað á réttum tíma. Ef menn gera sér það að féþúfu að bjarga skipum yfirleitt, þá eiga ákvæðin í l. að breytast til samræmingar og verða þau sömu, hvar sem skipin eru vátryggð.

Það, sem greinir á milli hv. þm. N-Þ. og okkar hinna nm., er það, að hann vill hafa sérákvæði yfir þau skip, sem eru vátryggð hjá samábyrgðinni, og það ákvæði sé áfram eins og það er í l., enda þótt gerð sé breyt. á l. hvað snertir önnur skip. Þetta tel ég rangt. Ég tel, að þetta þurfi allt að taka til endurskoðunar og breyta því. Það er ekki rétt að fara að halda inn á þá braut að gefa tilefni til þess, að menn leggi sig ekki eins mikið fram til þess að bjarga þeim skipum, sem eru í þessum vátryggingarfélögum, eins og öðrum skipum. Og þetta er ekki sönnun fyrir því, að þetta lækki iðgjöld, heldur getur verið hætta á því, að skip geti orðið fyrir enn meira tjóni en borga ætti björgunarlaun fyrir eftir þessum fyrirmælum.

Ég legg því til að samþykkja breyt. þessarar gr. eins og allar aðrar brtt. n.

ATKVGR.
Brtt. 755,1 borin undir atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, GJ, GÍG, HV, PZ, SÁÓ, BK, ÞÞ.
9 þm. (HermJ, JJós, LJóh, PM, StgrA, ÁS, BSt, BBen, BrB) fjarstaddir.

Forseti (ÞÞ): Samkvæmt því, sem hér kemur fram, er ekki helmingur hv. þm. viðstaddur í hv. d., og verður því að fresta atkvgr. Og þar sem dagskráin er að öðru leyti tæmd, verður þessari atkvgr. frestað, málið tekið út af dagskrá og næsti fundur boðaður með dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 128. fundi í Ed., 8. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 755,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 755,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 755,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 755,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 755,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 755,6 samþ. með 12 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 755,7 (ný 12. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 755,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 755,9 samþ. með 12 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
18.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 755,10 (ný 22. gr.) samþ. með 9:1 atkv.
23. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 755,11 samþ. með 11 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 755,12 samþ. með 10 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 755,13 samþ. með 10 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 755,14 samþ. með 10 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 755,15 samþ. með 10 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
33.—35. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 755,16 samþ. með 11 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
37.—38. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 755,17 samþ. með 10 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði, svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 130. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 796).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 126. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 129. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 796, 838, 846).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 846. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal reyna að hafa þessa grg. fyrir brtt. eins stutta og ég get. Frv. þetta, sem er stjfrv. og flutt fyrir stjórnina af sjútvn. þessarar hv. d., er um vátryggingarfélög fyrir vélbáta. Í hv. Ed. voru gerðar allmargar breyt. á þessu frv. Flestar eru þær smávægilegar, orðabreytingar, sem eru þó ekki nauðsynlegar. En til að stytta mál mitt, skal ég ekki fara út í þær breyt., sem sjútvn. þessarar hv. d. hefur gengið inn á. N. er þó mótfallin ýmsum þessum breyt. og telur þær heldur til skaða, en ekki er ástæða til að hrekja svona mikilvæg mál milli d. vegna atriða, sem eru smávægileg. En ýmisleg atriði eru það, sem hv. Ed. hefur sett inn í frv., sem koma í bága við vilja og reynslu vátryggingarfélaga, því að frv. er samið af mþn. í samráði við alla, sem hafa með vátryggingu að gera, og í fullu samráði við vátryggingarfélögin, sem nú eru 19 að tölu, og samábyrgðina. Ég skal svo lýsa þeim breyt., sem sjútvn. þessarar hv. d. vill færa aftur til síns upphaflega vegar.

Við 12. gr. hefur af misskilningi verið gerð breyt. Gr. fjallar um flutning skips frá einu vátryggingarsvæði á annað og viðurlög við vanrækslu á flutningi vátryggingarinnar. Hv. Ed. hefur breytt gr. svo, að hún snýst nú eingöngu um tilkynningu um flutninginn, en deilur hafa aldrei snúizt um tilkynninguna nema sem afleiðingu, heldur eingöngu um flutning tryggingarinnar. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur því lagt til, að þarna verði bætt inn nýjum málslið, og tel ég hann leiðréttingu frekar en breyt., svo felldum: Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. — Ég hygg, að varla verði ágreiningur við hv. Ed. um þetta atriði.

2. brtt. er líka við breyt., sem hv. Ed. gerði af misskilningi, en hún er við 17. gr., þar sem talað er um ógildingardóm yfir skipi, sem hefur strandað eða fengið áfall, þá segir í frv., eins og það var, að vátryggður eigi rétt til bóta, ef kostnaðurinn við aðgerðina fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs. En hv. Ed. hefur breytt þessu svo, að í stað verðs hefur hún sett tryggingarupphæð, en það er vitað, að það er mjög oft allt annað en verðmæti skipsins. Ég held því, að þetta sé á misskilningi byggt, og vona, að hv. Ed. láti frv. ekki hrekjast milli d. af þessum sökum.

Höfuðbreyt., sem þessi hv. d. er beðin að aðhyllast, er þannig, að í l., eins og þau eru nú, er ákveðið, að þeir, sem tryggðir eru hjá þessum félögum, eru skyldir að veita aðstoð og fá greitt að skaðlausu allt það, sem þeir hafa í sölurnar lagt, svo sem vinnu, skemmdir eða tafir. En björgunarlaun eru aðallega miðuð við verðmæti þess, sem bjargað er, og veit ég dæmi til þess, að skip, sem dró annað, sem var með bilaða vél, krefst 75 þús. kr. björgunarlauna og fær það líklega, en hefði fyrir fyrirhöfnina fengið um 2—3 þús. kr. Af þessu eina dæmi sést, að hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða, heldur það gagnstæða, og geta fátæk félög hæglega komizt í greiðsluþrot af þessum sökum. Þetta raskar algerlega fjárhagslegum grundvelli hinna fátækari félaga, ef þessi breyt. yrði að l., en þetta var ágreiningslaust samþ. af sjútvn. þessarar d., og er sjálfsagt og réttlátt, að vilji þessarar d. verði ofan á, þar sem hún er fjölmennari, en ég vona, að samkomulag náist við hv. Ed. um þetta atriði.

Við 29. gr. hefur n. flutt litla brtt., en þó efnismikla. Nú hefur vátryggingarfélag heimild til að neita skipstjórn skipstjóra, sem þrisvar sinnum verður uppvís að tjóni vegna trassaskapar. Erlendis er ekki tryggt, ef þetta kemur fyrir einu sinni, en

hér er það þó haft þrisvar sinnum. Hv. Ed. breytti þessu svo, að eigandi skipsins getur haft þennan skipstjóra áfram, en sjútvn. þessarar hv. d. sér enga ástæðu til að fallast á það.

Við 31. gr. er gerð breyt. Hv. Ed. breytti gr., en hún segir, að skip, sem liggur við land, sé tryggt fyrir hafnaráhættu. Hér hefur hv. Ed. bætt við: „og bruna", en bruni er einmitt aðalhafnaráhættan, svo að það felst í þessu ákvæði, og væri broslegt, ef þetta væri samþ.

Við 32. gr. er önnur höfuðbreyt., en gr. er um úrskurð ágreinings, sem skal vera með gerðardómi, og hefur honum verið breytt frá því, sem nú er, að aðilar skuli tilnefna hvor sinn mann í dóminn og héraðsdómari svo oddamaður Þetta þýddi, að dómurinn varð í flestum tilfellum úrskurður eins manns, þar sem aðilar eru ekki sammála, og þótti það heldur veikt, og var því svo ákveðið í frv., að allir gerðardómsmenn skuli skipaðir af hæstarétti. Slíkur dómur jafngildir því hæstaréttardómi. En hv. Ed. bætti við, að málinu mætti svo áfrýja til hæstaréttar, sem þýðir í framkvæmd, að því yrði vísað frá hæstaréttardómurunum til hæstaréttar. Málið yrði einnig á þann hátt dómsmál og mjög kostnaðarsamt, svo að svo til enginn ágreiningur bæri það uppi, nema um mjög miklar upphæðir væri að ræða.

Þá er breyt. við 36. gr., en hún segir, að ef svo stendur á, að eitthvað kemur fyrir, sem ekki eru ákvæði um í l., skuli l. og venjur samábyrgðarinnar gilda um það. En í l. samábyrgðarinnar segir, að um allt það, sem ekki er ákveðið í l., skuli farið eftir alþjóðlegum reglum, sem er saman safnað í sérstaka bók og viðurkennt erlendis, t. d. á Norðurlöndum. Þetta eru því alþjóðareglur, enda er ekki hægt að taka fyrir öll tilfelli í okkar stuttorðu l. Hv. Ed. vill hafa reglugerð um þetta, en það er ekki hægt. Hún yrði allt of yfirgripsmikil og endurprentun á alþjóðareglunum. Auk þess er ekki hægt að setja reglugerð, nema hún sé byggð á ákveðnu atriði í l. Þessi brtt. er því í samræmi við öll tryggingal. um Norðurlönd og víðar.

Vestmannaeyjafélagið er undanþegið ákvæðum þessara l. nema 22. gr. Að þessu lýtur 8. brtt., og er hún eðlileg afleiðing af brtt. við 22. gr. Ég vænti þess, að hv. Ed. fallist á þessar breyt. og hrekji málið ekki frekar milli d., þar sem sjútvn. þessarar hv. d. og hv. d. eru sammála, enda mun sú d. ráða, sem fjölmennari er, en það mundi tefja málið um of, ef það færi til Sþ. N. óskar eftir, að málinu sé hraðað og stafar það m. a. af samningum við erlend vátryggingarfélög, sem þarf að endurnýja fyrir 1. júlí n. k., og er því full þörf á því, að málinu sé hraðað.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. V-Húnv. hefur beðið mig að mæla fyrir tveim brtt., sem hann flytur á þskj. 846. Fyrri till. er um breyt. á skipun stjórnarnefndarinnar, að í stað þess, sem nú er, að eigendur skipanna velja 2 af 3 og samábyrgðin einn, þá kjósi eigendur alla stjórnina. Ég hygg, að þessu hafi verið breytt í Ed., og er þetta eðlilegra en það, sem Ed. lagði til, enda ekki svo náið samband þar á milli, að þetta fyrirkomulag sé eðlilegt. Síðari till. er um það, að ef iðgjald er ekki greitt innan mánaðar, þá skuli ekki bæta það tjón, sem verður eftir þann tíma, unz iðgjaldið er greitt. Það hefur gengið erfiðlega að innheimta iðgjöldin, og virðist ekki vanþörf á, að meira aðhald sé en verið hefur. Hef ég þá mælt fyrir þessum brtt. hv. þm. V-Húnv.

Finnur Jónsson: Ég vildi aðeins geta þess í sambandi við brtt. frá sjútvn., að ég var ekki viðstaddur, þegar gengið var frá þeim, og tel mig því hafa óbundnar hendur um afstöðu til þeirra, en ég held, að frsm. hafi ekki getið þessa.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Út af þessum brtt. á þskj. 846 skal ég geta þess, að hv. Ed. hefur verið ófáanleg til að hafa það ákvæði í l., að tapað verði rétti til bóta, en það er á 2—3 stöðum í frv. Sjútvn. þessarar d. átti einn fund með sjútvn. Ed. og ég marga til að reyna að ná samkomulagi, en n. reyndist ófáanleg til að hafa það ákvæði, að réttur til bóta falli niður, ef trassað er að greiða iðgjöld, en þeir í sjútvn. Ed. töldu, að í stað þessa ákvæðis, sem átti að vera klemma á félögin, mundi hægt að láta endurtrygginguna fá umráð með þessu með því að fá einn stjórnanda. Og það er rökstutt af þeim með því, að félögin bera ekki ábyrgðina eftir þeim nýju reglum nema á 15% af tryggingunum, en endurtryggjandinn, sem er Samábyrgðin, á að bera 85% af áhættunni. Hv. sjútvn. Ed. rökstuddi þá till. með því, að það væri eðlilegt, að sá aðilinn, sem ber 85% af áhættunni, ætti að ráða einum manninum í stjórninni, og ætti því að geta orðið samkomulag um innheimtu til þess að beita lögtaki, sem mun vera dæmalaust, að hafi verið gert af félagi, og þess vegna hefur dregizt allt að tveimur árum að ná inn iðgjöldum, af því að lögtaki hefur ekki verið beitt. Nú taldi hv. sjútvn. Ed. rétt að láta endurtryggjandann fá þannig lagaðan aðgang og áhrif á innheimtu gjaldanna með því að láta hana hafa þar einn mann í stjórn, og vildi hún helzt, að hann væri formaður. En um þetta varð ekki samkomulag. Þetta taldi n. færara en að menn misstu réttinn til tjónbóta. Ég féllst á það, að þeir mættu taka út úr frv. þessi þungu viðurlög, en settu þetta í staðinn, og ég er sannfærður um það, að hv. Ed. gengur aldrei inn á það að breyta þessu aftur. Sjálfum finnst mér ekki óeðlilegt, að sá aðilinn, sem ber 85% af áhættunni, ráði einum af stjórnarnm., og mér þykir líklegt, að þetta mundi leiða til þess, að enn betri samvinna ætti sér stað þarna milli tryggingargjaldenda og tryggingarþega. Ég hygg, að það væri óeðlilegt að breyta þessu aftur samkv. því, sem ætlazt er til í brtt. á þskj. 846 frá hv. þm. V-Húnv., og vildi ég því eindregið leggja til, að þessi ágreiningur milli d. yrði ekki vakinn upp á ný.

Það er rétt, sem hv. þm. Ísaf. tók fram, að hann var fjarstaddur, þegar gengið var frá till. n., en það stendur á till. n., að hún sé frá sjútvn. En það stafar af því, að breyt. er ekkert annað en það, sem n. hafði áður sagt. Allar brtt. á þskj. 838 eru samhljóða því, sem n. hafði öll orðið sammála um áður og þar af leiðandi einnig hv. þm. Ísaf. Og eins og hann sagði við mig, sagði hann ekki þessi orð vegna þess, að hann ætlaði að greiða atkv. á móti brtt., heldur til þess að láta vita um það, sem rétt var, að hann var ekki við, þegar gengið var frá brtt. Ég álít samt, að þarna sé varla um fölsun að ræða, þar sem n. öll hafði á fyrra stigi málsins lagt þetta til.

ATKVGR.
Brtt. 846,1 felld með 17:6 atkv.
— 846,2 felld með 15:7 atkv.
— 838,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 838,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 838,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 838,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 838,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 838,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 838,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 838,8 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 134. fundi í Ed., 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 860).

Á 136. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 138. fundi í Ed., 20. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mál þetta var tekið út af dagskrá í gær vegna breyt., sem gerðar voru í Nd. og ég vildi fá tækifæri til að ræða við sjútvn. d. Þessar breyt. Nd. eru á þskj. 838. N. hefur nú rætt málið, og þó að meiri hl. hennar líti svo á, að flestar þessar breyt. séu til óþurftar frv., þá eru þó þau atriði, sem mest er um deilt, í gildandi l., eins og breyt. við 22. gr. og 32. gr. Væri hins vegar farið að breyta frv. nú, er mikil hætta á, að það kastaðist milli d., og gæti þá hæglega farið svo, að frv. dagaði uppi, og yrðu þá útvegsmenn að búa áfram við sömu ákvæðin og nú er reynt að hrinda. En í frv. eru mörg mikilvæg atriði, m. a. um breyt. á stjórn félaganna og til tryggingar innheimtu iðgjaldanna, og vill því meiri hl. n. ekki leggja frv. í hættu, og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. N. er þó ekki sammála því, sem Nd. hefur breytt, en baráttuna fyrir því má taka upp á næsta þingi, sem væntanlega kemur saman síðar á þessu ári. Einn nm., hv. 1. landsk., hefur sérstöðu, og mun líklega bera fram skriflega brtt., sem hann mun gera tilraun með að fá samþ., en meiri hl. n. leggur á móti því, þar sem hann óttast, að frv. verði með því sett í hættu. Ég mun því greiða frv. atkv. af þessum sökum, og vænti, að það verði samþ. óbreytt.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 1. landsk. þm., svo hljóðandi [Sjá þskj. 904.]

Brtt. er enn fremur of seint fram komin, og mun ég nú leita tvöfaldra afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þessa skriflegu brtt. í því trausti, að hún finni náð fyrir augum hv. d. Við fyrri meðferð málsins hér í d. var öll n. sammála um þessa gr., að einum undanskildum, og ýmsar aðrar brtt. Ég er óbreyttrar skoðunar um flestar þær brtt., sem sjútvn. lagði til, en Nd. breytti verulega fyrir atbeina meiri hl. sjútvn. þeirrar d., og verð ég að segja það, að brtt. Nd. eru lítt skiljanlegar, því að ég hygg, að flestar brtt. þessarar d. hafi verið til bóta, en ekki til óþurftar.

Þessi brtt. mín er sérstaks eðlis, en því bar ég ekki fram fleiri, að ég bjóst ekki við, að þær yrðu samþ. Við 2. umr. voru færð sterk rök fyrir þessari brtt. af hv. frsm. n., og skal ég ekki endurtaka þau, en bæta nokkru við. Samkvæmt alþjóðareglum skal greiða öllum, sem verða fyrir því láni að bjarga úr sjávarháska, eftir verðmæti þess, sem bjargað er. Þetta er aldagamalt löggjafaratriði í löggjöf þjóðanna, og hjá okkur er það komið inn með siglingal. 1914, og þau l. gilda enn í dag fyrir okkar skip, ef þau bjarga erlendum skipum eða innlendum, nema þeim, sem tryggð eru hjá samábyrgðinni. Þessi breyt., sem gerð var 1942, snerti aðallega skip, sem ríkið rekur eða leigir, strandferðaskip, varðskip og flóabáta, og gerir þeim skylt að bjarga fyrir lítil björgunarlaun, en beinn kostnaður er greiddur. Þó að þau leggi sig í mikla hættu, fá þau engin björgunarlaun, hversu mikið verðmæti, sem það er, sem þau bjarga. Með þessu ákvæði frá 1942 var breytt ákvæðum frá 1935, sem við ýmsir þm. stóðum að, og voru um önnur skipti á björgunarlaununum en ákveðið var 1914. Það kom fram í rökum frsm., hv. þm. Barð., við 2. umr., að þetta ákvæði hefur verkað neikvætt, og fyrst og fremst neikvætt fyrir samábyrgðina. Ég átti von á grg. um þetta frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Pálma Loftssyni, en hann hefur sína reynslu varðandi sín skip. Þessi skýrsla er ekki komin, en hann segir, að svo mjög sé leitað eftir aðstoð, t. d. hér í Faxaflóa, að einn bátur anni ekki nærri því öllum þeim beiðnum, sem honum berast frá fiskibátum, sem varpa öllum sínum áhyggjum upp á þennan eina bát. Ég hygg, að þótt þessu ákvæði væri breytt í samræmi við siglingal., sé ekki verið að skapa óeðlilegan kostnað, því að það er vitanlegt, að ef ekki gengur saman, þá gengur málið til sjódóms, og er mér kunnugt um það af margra ára reynslu, að í sjódómi eru björgunarlaun yfirleitt reiknuð lágt, svo að ekki er mikil hætta á, að gengið sé á hlut vátryggingarfélaganna, og þegar málið hefur farið til hæstaréttar, hefur hann venjulegast lækkað launin frá því, sem sjódómur ákvað. Ég held því, að ótti form. félagsins sé ástæðulaus.

Aðalrök hv. þm. Barð. fyrir því að samþykkja frv. nú óbreytt, eru þau, að hann óttast, að málið dagi uppi, ef gerðar verði breyt. á frv. nú. Já, ég verð nú að segja um minn ágæta samstarfsmann, að öðru vísi mér áður brá. Honum hefur hingað til ekki kligjað við að gera þær breyt., sem hann hefur talið réttmætar, og ekki talið málin í hættu af þeim sökum. Þetta er því algerð undantekning. En ég trúi því ekki, þar sem ég tel, að við höfum hér rétt mál að flytja, að Nd. tefli málinu í hættu af þeim sökum. Ef form. sjútvn. Nd. vill málið áfram, tefur hann það ekki með frekari breyt. Ég vænti því, að hv. d. fallist á þessa brtt. mína og rök þau, sem ég hef fært fram fyrir henni.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég þarf ekki að halda uppi löngum umr. Ég er sammála hv. 1. landsk. um rökin fyrir því, að þetta sé réttmætt, en ég er alveg viss um, að málinu er stefnt í hættu, ef þessi brtt. verður samþ., því að form. sjútvn. Nd. telur betra, að málið falli, en að þessi gr. fari

inn, og vil ég því ekki tefla því í tvísýnu, að málið nái fram að ganga. Ég vænti því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 904 felld með 5:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, SÁÓ, BrB.
nei: GJ, HermJ, LJóh, BK, ÞÞ.
PM, ÁS, KG, BBen, EE greiddu ekki atkv.
4 þm. (GÍG, JJós, PZ, StgrA) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ég er efnislega samþykkur þessari brtt., en óttast, að málið nái ekki fram að ganga, ef hún verður samþ., og segi því nei.

Hermann Jónasson: Ég óttast, að þetta verði til að stöðva málið, og segi því nei.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 906).

77. Ræktunarsjóður Íslands.

Á 11. fundi í Sþ., 13. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands (þmfrv., A. 105).

Á 17. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 105, um Ræktunarsjóð Íslands, er flutt af landbn. þessarar hv. d. Það er ekki nýr gestur hér í þinginu, því að á síðasta fjárlagaþingi var það flutt sem 177. mál á þskj. 451. Var það þá einnig flutt af landbn., en var upphaflega samið af nýbyggingarráði. Allýtarleg grg. fylgdi þá frv., sérstaklega varðandi það, hversu mikið fjármagn sjóðurinn hefði til útlána með þeim fjáröflunarleiðum, sem frv. gerði ráð fyrir. Ég leyfi mér að benda hv. þm. á þessa grg. á þskj. 451 frá fyrra ári, sem nú var ekki endurprentuð af sparnaðarástæðum. Þetta frv. átti ásamt með l. um landnám, nýbyggingar og endurbyggingar í sveitum, sem samþ. voru á þinginu í fyrra, að mynda heildarkerfi um lánastarfsemi fyrir landbúnaðinn, samsvarandi l., sem samþ. voru á sama þingi um stofnlánadeild fyrir sjávarútveginn. Frv. um ræktunarsjóð var mjög sniðið eftir frv. um stofnlánadeildina, hvað snerti útlán og vexti, og var til þess ætlazt, að það gæti orðið jafnþýðingarmikið fyrir landbúnaðinn sem stofnlánadeildarfrv. fyrir sjávarútveginn. En þetta mál dagaði uppi hér í d. í fyrra, eftir að tvær umr. höfðu farið fram um það. Voru þá gerðar á því nokkrar breyt., en engin veigamikil.

Það getur ekki leikið á tveim tungum, að brýna nauðsyn beri til að koma á fót almennri lánastofnun fyrir landbúnaðinn, líka þeirri, er sjávarútvegurinn fékk með stofnlánadeildinni, og sé þá lánastarfsemi og vaxtakjör í samræmi við það, sem stofnlánadeildin rekur. Ég tel óhugsandi, að hið háa Alþ. sjái sér nú fært að afgreiða ekki frv. um Ræktunarsjóð Íslands. Þó álít ég, og reyndar fleiri nm., að breyt. þurfi að gera á frv., enda verða þær vafalaust bornar fram, en fullt samkomulag var um það í n. að flytja frv. óbreytt frá því, sem það var, eftir að tvær umr. höfðu farið fram um það í fyrra.

Saga ræktunarsjóðs er orðin nokkur. Hann var stofnaður árið 1900, en hafði þá afar lítil fjárráð, og fyrstu 25 árin má segja, að sjóðurinn hafi enga lánastarfsemi rekið, en veitti stöku sinnum viðurkenningar bændum, er höfðu skarað fram úr í landbúnaðarframkvæmdum. Var hann því til lítils stuðnings fyrir landbúnaðinn fram til ársins 1925, að hann var gerður að lánastofnun, en fjárhagurinn var þó eftir sem áður þröngur og vaxtakjör óhagstæð. Komust vextirnir allt upp í 6%. 1935 var þó svo ákveðið, að vextir skyldu ekki vera hærri en 5%, en það mun þó hafa komið fyrir. Er það ljóst, að ekki getur gengið, að þessi lánastofnun landbúnaðarins hafi tvöfalt hærri vexti en stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Ég lít svo á, að í þessu frv. sé um þrjú höfuðatriði að ræða. Í fyrsta lagi, að vextir skuli ekki vera hærri en 2½%, eða eins og hjá stofnlánadeildinni. Í öðru lagi, að fjármagnið til ræktunarframkvæmda sé aukið. Mín skoðun er sú, að það sé nú allt of lítið, og vil ég benda hv. þm. á grg. sem upphaflega fylgdi frv., þar sem tekið er fram, að hæpið sé, að með frv. sé nægilega séð fyrir lánaþörf landbúnaðarins, og stendur þetta í nánu sambandi við þriðja höfuðatriði frv., sem felur í sér möguleika til þess að lána fé til fleiri umbóta á sviði landbúnaðarmála en verið hefur. Það hefur í för með sér aukna fjárþörf, og kemur þetta síðasta atriði ekki að gagni, ef fjármagn sjóðsins er ekki aukið.

Í 5. grein segir, til hvers megi lána fé úr sjóðnum. Það er ekki einungis til jarðræktar og bygginga, heldur og til verksmiðja, vélakaupa og jafnvel bústofnskaupa, ef viss skilyrði eru uppfyllt. Þetta gerir fjárþörfina mun meiri, og þarf að athuga það í meðferð þessa máls hér í þessari hv. d.

Með þessu frv. var gert ráð fyrir að koma upp fullnægjandi lánastofnun fyrir landbúnaðinn ásamt með l. um landnám og endurbyggingar í sveitum. Einn flokkur manna hefur þó orðið út undan. Í l. um landnám og endurbyggingar í sveitum segir, að aðeins megi lána til þeirra býla, sem talin eru lögbýli, en samkv. núgildandi l. eru ýmis smábýli í grennd við kauptún og kaupstaði, sem ekki teljast lögbýli. Fylgir þeim oftast sáralítið land, enda styðjast þau að sumu leyti við aðra atvinnuvegi en landbúnað. Eigendur þessara býla yrðu því enn sem fyrr út undan, þótt þetta frv. yrði að l., nema heimild fengist nú hér á Alþ. til að lána til þeirra. (Ég tek það fram, að hér tala ég eingöngu fyrir mína hönd, en ekki allrar nefndarinnar.) Þessir menn þurfa á einn eða annan hátt að eiga kost á lánum til landbúnaðarframkvæmda, og þarf þá jafnframt að rýmka fjárhag ræktunarsjóðs, því að nú er hann svo þröngur, að verkefnin geta ekki aukizt án aukins fjármagns. Sé ég nú ekki ástæðu til að ræða málið nánar á þessu stigi. Brtt. munu vafalaust koma fram, og

liggja væntanlega fyrir við 2. umr. Legg ég að lokum til, að frv. verði vísað til 2. umr., en tel ekki þörf á að vísa því til n., þar eð málið er flutt af sjálfri n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 105, 436).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það er nú langt síðan þetta frv. var til 1. umr. hér í hv. d., og hafa ýmsar ástæður valdið því. M. a. hefur landbn. leitað umsagnar bankastjóra Búnaðarbankans um frv. Hefur hann sent þó nokkrar till. til breyt. á frv. til n., sem hún hefur að nokkru leyti tekið til greina í þeim brtt., sem landbn. flytur á þskj. nr. 436. Skal ég ekki hafa þennan formála lengri, en lýsa þeim breyt., sem landbn. leggur til, að gerðar verði á frv.

1. brtt. n., við 4. gr. frv., er um, að sú gr. falli niður. 4. gr. frv. fjallar um það, að Búnaðarfélag Íslands og nýbyggingarráð skuli gera rannsókn á núverandi ástandi íslenzks landbúnaðar og áætlanir um þróun hans næstu 10 ár, og gera á þann hátt áætlanir, sem hafðar séu til hliðsjónar, þegar lánveitingar eru ákveðnar úr ræktunarsjóði. Þetta atriði málsins var nokkuð rætt í n., en nm. féllust allir á það, að heppilegra væri, að ákvæði sem þessi, sem í 4. gr. frv. eru nú, væru í öðrum l. en beinlínis í l. um þessa lánsstofnun, og hölluðust nm. að því, að þessi ákvæði ættu heima í l. um fjárhagsráð, sem gert var ráð fyrir samkv. þeim samningi, sem auglýstur hefur verið milli þeirra flokka, sem nú standa að hæstv. ríkisstj., að sett yrðu hér á þessu þingi. Ég geri ráð fyrir, að nm. í landbn. hafi nokkuð misjafna trú á því, hve langt eigi að ganga í ákvæðum eins og þessum. En yfirleitt var það skoðun þeirra, að í þessu væntanlega frv. ættu þessi ákvæði heima, en síður í sjálfum l. um ræktunarsjóðinn, enda hafði bankastjóri búnaðarbankans bent á það og litur eins á það, að heppilegra sé, að þessi ákvæði séu annars staðar en í þessum l. En það er ekki skoðun n., að ekki geti verið rétt, að ákveðið sé í l., að tekið skuli tillit til þessa, þegar lánveitingar eru ákveðnar, heldur álítur n., að þau ákvæði eigi ekki að vera í l. um sjálfa bankastofnunina, ræktunarsjóðinn.

Þá er 2. brtt. n., við 5. gr. frv. Hefur n. orðað upp allan síðari hluta gr. frá því, sem í frv. stendur. Í frv. er gert ráð fyrir, að upphæð lánanna megi vera allt að 50% kostnaðarverðs til þeirra framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkv. jarðræktarl. En n. hefur lagt til að lækka þetta í 30%. Þetta hefur að nokkru leyti verið gert í samráði við bankastjóra búnaðarbankans. N. féllst á það, að í ýmsum tilfellum væri veittur svo mikill styrkur til jarðræktarframkvæmda samkv. jarðræktarl., að óþarft gæti verið í ýmsum tilfellum að fara í 50% með þessi lán. Og þó að hér sé í frv. að vísu um hámark að ræða og ekki þyrfti að fara svona hátt með lánin í öllum tilfellum, þá áleit n., að hægt væri að færa þetta niður í 30%. — Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í frv., að það megi lána allt að 66,7% kostnaðarverðs til annarra framkvæmda, enda sé það kostnaðarverð að dómi forráðamanna sjóðsins ekki hærra en eðlilegt má telja samkv. verðlagi á hverjum tíma. Þetta hefur n. lagt til, að verði lækkað og ekki lánað þannig úr sjóðnum nema allt að 60% kostnaðarverðs, og er það að nokkru leyti gert vegna álits frá Búnaðarbankanum. Annars voru skoðanir nm. í landbn. dálítið skiptar um þetta, sumir nm. vildu halda sér við ⅔. En samkomulag varð að síðustu um það, að í þess stað kæmi ákvæði um 60%. — Þá er þriðja efnisbreyt., sem í brtt. n. felst, við þessa gr. frv. Þar leggur n. til, að sett verði inn ný málsgr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Um lánveitingar, er stjórn sjóðsins telur vafa leika á, hvort veita skuli, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar ríkisins, eftir því sem við á.“ Þessi ákvæði voru að nokkru leyti í 4. gr. frv., og þótti n. rétt að taka þau þar út úr og setja þau hér inn í þessa gr. Það eru báðar þessar stofnanir, Búnaðarfélag Íslands og nýbýlastjórn ríkisins, sem hér geta komið til greina til álita um framkvæmdir, sem ræktunarsjóðurinn veitir lán til. Ætlazt er til þess, að sjóðsstjórnin hafi samráð við hvora þessa stofnun fyrir sig, eftir því sem ástæður eru til í hvert skipti, eftir því undir hvora stofnunina málin heyra samkv. eðli sínu. — Það eru þessar þrjár breyt., sem felast í raun og veru í 2. brtt. landbn. við 5. gr. frv.

3. brtt. landbn. er við 6. gr. frv., og er lagt til, að 6. gr. verði algerlega orðuð um. Um verulegar efnisbreyt. er þar ekki að ræða, en þetta þótti heppilegra orðalag á gr. Þarf ekki fleiri orð um það.

Þá er 4. brtt. n. við 7. gr. frv. Þar er lagt til, að síðari málsl. 7. gr. frv.: „Allur kostnaður við lánin skal greiddur af rekstrarreikningi sjóðsins, án sérstakrar greiðslu lántakenda“ — falli niður. Þessi till. til breyt. er gerð samkv. till. Búnaðarbankans, sem telur, að þetta sé óeðlilegt ákvæði, sem þarna stendur í frv., og ekki í samræmi við það, sem tíðkazt hefur venjulega í bankastarfsemi, og féllst n. á, að vel mætti fella þetta ákvæði niður, þannig að þennan kostnað, sem hér er um að ræða, verði lántakendur sjálfir að borga, en ekki bankastofnunin sjálf.

Þá er næsta brtt. n. við 8. gr. frv. Í þeirri gr. er svo ákveðið, að það megi í vissum tilfellum veita lán úr ræktunarsjóði gegn fasteignaveði eða ábyrgð hreppsfélags eða sýslufélags. Það varð að samkomulagi í n., að ákvæðið um það, að veita mætti lán úr þessari lánsstofnun gegn ábyrgð hreppsfélags, félli niður, vegna þess að yfirleitt mundi alls ekki verða veitt lán úr sjóðnum gegn þeirri ábyrgð. Það hefur ekki tíðkazt að veita lán úr lánsstofnunum gegn slíkri ábyrgð, og mundi ekki fremur verða gert, þó að heimild til þess stæði í þessum l. Leit landbn. því svo á, að eðlilegast og heppilegast væri að fella þetta ákvæði niður, þannig að ef lán væri af þessari stofnun veitt gegn ábyrgð einhverrar félagsheildar, þá gæti þar komið til greina sýslufélag, en ekki hreppsfélag. Aðrar brtt. eru ekki við 8. gr. frv. Þó að það kæmi til mála í n. að breyta fleiri atriðum í þessari gr. frv. og þó að það kæmu um það till. frá Búnaðarbankanum, þá varð það að ráði í n. að leggja ekki til fleiri breyt. á þessari gr.

6. brtt. n. er við 9. gr. frv., sem fjallar um lán allt að 10 millj. kr., sem seðladeild Landsbankans skuli lána Búnaðarbankanum gegn 1½% vöxtum. Þessi gr. frv. er samkv. brtt. n. orðuð um, en stórar efnisbreyt. er þar ekki um að ræða. Aðalefnisbreyt. er, að þar sem talað er um það í frv. að veita bæði A-lán og B-lán, þá er í brtt. n. gert ráð fyrir, að þarna verði aðeins um eins konar lán að ræða, en ekki þessi skipting milli A- og B-lána. Ég geri ráð fyrir, að eitthvað heyrist frá hæstv. ríkisstj. um þessa gr. Þetta er atriði, sem mun hafa verið deiluatriði varðandi stofnlánadeild sjávarútvegsins, þegar það mál var til meðferðar. En þetta frv. er byggt svipað upp efnislega eins og það frv. var í upphafi. En það bíður a. m. k. þangað til heyrist, hvað hæstv. ríkisstj. segir um það, sem hér liggur fyrir. En það er áreiðanlega skoðun landbn., að ekki megi rýra þau fjárráð, sem ræktunarsjóður á að hafa samkv. frv. Ég hef sannfærzt um þetta nú hina síðustu mánuði, hvílík geysileg eftirspurn hefur verið eftir lánum úr ræktunarsjóði. Það má yfirleitt segja svo, að bændur hundruðum og jafnvel þúsundum saman bíði eftir því nú að geta fengið lán til margvíslegra framkvæmda úr ræktunarsjóði, þannig að það er víst, að þau fjárráð, sem sjóðurinn hefur samkv. frv., mega alls ekki knappari vera. Vísa ég þar um í grg., sem upphaflega fylgdi þessu frv. frá nýbyggingarráði, þar sem sagt er, að fjárráðum sjóðsins sé skorinn stakkur í þrengzta lagi. Ég sé ástæðu til að taka þetta fram í sambandi við þá gr., sem hér er um að ræða.

7. brtt. n. er við 10. gr. frv. og er aðeins afleiðing af þeirri breyt., sem lagt er til, að gerð verði á 9. gr. frv., þar sem lagt er til, að lánin verði ekki flokkuð í A- og B-lán. En í 10. gr. frv. er talað um B-lán, og er þessi brtt. aðeins til samræmingar í þessu efni.

Þá er 8. brtt. n. við 13. gr. frv. Undir tölul. 8. í brtt. n. eru í raun og veru tvær brtt., a og b, þannig að n. varð ásátt um að orða um tvo töluliði 13. gr. frv. Í fyrsta lagi 2. tölul., þar sem svo segir, að heimilt sé að telja lán eða eftirstöðvar þeirra lána, sem veitt eru úr ræktunarsjóði, komin í gjalddaga án uppsagnar, ef eigendaskipti verða að veði fyrir þeim eða veðið eyðileggst. Þennan 2. tölul. vill n. orða svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef ræktunarsjóði hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskipti.“ Landbn. virtist óþarfi, að heimilt væri að segja upp láni, þó að eigendaskipti yrðu að veðinu, ef veðið hefði ekki rýrnað að neinum mun við þau eigendaskipti, en vill þó setja það að skilyrði fyrir áframhaldandi láni út á veðið, að tilkynnt sé um eigendaskipti að veðinu. Þar með er sú skylda lögð á þá, sem taka við láninu, að þeir skýri ræktunarsjóði frá því, en bankinn geti ekki sagt upp láninu, ef veðið er í lagi og ekki óskilsemi á neinn hátt. Á sama hátt hefur n. lagt til að umorða 4. tölul., þar sem sagt er, að heimilt sé að segja upp láni, ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu. Þótti n. eðlilegt að orða þetta þannig: „Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, er veðsettar eru ræktunarsjóði.“ — Þótt einhver lántakandi hverfi frá landbúnaðarframleiðslu og annar komi í hans stað og haldi áfram, verður ástæðulaust að segja upp láninu af þeim ástæðum, og af þeim ástæðum hefur n. lagt til að orða þetta eins og hér er gert.

Loks er síðasta brtt. n., við 20. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að 1. öðlist þegar gildi. Í frv. er gert ráð fyrir 1. janúar 1947 og að sjóðurinn taki til starfa eigi síðar en 1. okt. það ár. En n. varð sammála um að fella þessa gr. niður, án þess að nokkuð kæmi í staðinn, þar sem ég geri ráð fyrir, að þetta gæti komið til framkvæmda innan þriggja mánaða frá því að frv. yrði að l. Hefur verið rætt um þetta við bankastjóra Búnaðarbankans, og telur hann, að þessi lánsstofnun gæti tekið til starfa á miðju þessu ári og því óþarfi að kveða á um það sérstaklega í l., hvenær ræktunarsjóður þessi taki til starfa, og því leggur n. til, að gr. falli niður.

Ég hef þá stuttlega gert grein fyrir brtt. n., og skal engu við það bæta. Ég skal aðeins geta þess, að n. mun athuga frv. einhvern tíma milli 2. og 3. umr. til að ræða möguleika á fleiri brtt., þótt engar ákvarðanir hafi verið teknar um það enn þá. N. leggur sem sagt til, að frv. fái að fara gegnum þessa 2. umr. með þeim breyt., sem hér liggja fyrir á þskj. 436.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég hef ekkert við þær brtt. að athuga, sem n. ber hér fram. Að því er snertir brtt. við 5. gr. vil ég segja það, að ég hygg, að lækkunin á prósentunum niður í 30% til þeirra lána, sem veitt eru til framkvæmda, sem styrkur er veittur til samkv. jarðræktarlögum, mun láta nærri sanni. Ég hygg, að styrkurinn sé í flestum tilfellum það hár, að samanlagðir styrkir og lán til þessara framkvæmda verði ekki minna en það, sem ætlað er til annarra framkvæmda.

Annars var það aðallega út af brtt. við 9. gr., að ég vildi gera ofurlitla aths. Mér er bezt kunnugt um það, að ríkisstj. er ekki sammála um að afla fjárins á þennan hátt. Hins vegar er ríkisstj. sammála um það, að skylt sé að afla þess fjár, sem gert er ráð fyrir með 9. gr., á annan hátt og ekki með lakari kjörum. Hins vegar liggur enn ekki fyrir till. frá ríkisstj. í þessu máli, en ég vildi óska að fá tækifæri til að tala við landbn., áður en málið kemur til 3. umr., einmitt um þessa gr. og um fjáröflun samkv. henni, og mun þá ríkisstj. bera fram till. í málinu. Ég legg ekkert upp úr því, hvort þessi brtt. verður samþ., en legg áherzlu á, að mér gefist kostur á að tala við landbn., áður en hún afgreiðir málið til 3. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. skuli vera komið fram frá n. Það hefur dregizt lengi, að það fengist gegnum þingið. Það lá fyrir á síðasta þingi, og náði þá ekki fram að ganga gegnum þessa d., en nú ættu að vera vonir til þess, að það gerði það, þar sem ríkisstj. hefur lýst því yfir sem einum þætti stefnuskrár sinnar, að hún hafi komið sér saman um, að þetta frv. næði fram að ganga.

Viðvíkjandi þeim till., sem hér liggja fyrir frá landbn., vildi ég í fyrsta lagi gera að umtalsefni till. við 4. gr., en landbn. leggur til, að sú gr. verði felld niður: ákvörðun um, að Búnaðarfélag Íslands og nýbyggingarráð skuli í sameiningu gera rannsókn á núverandi ástandi og þróun íslenzks landbúnaðar og áætlun um þróun hans næstu 10 ár. Frsm. n. sagði, að þær hugmyndir hefðu verið uppi í n. — þó ekki allir nm. því samþykkir —, að þetta mundi eiga bezt heima í frv. um fjárhagsráð. Ég held, að þetta sé ekki heppilegt. Ég held, að það sé

bezt að setja þau ákvæði inn í l. um ræktunarsjóð, að áætlun skuli gerð, og að það skuli falið Búnaðarfélaginu að undirbúa slíka áætlun. Það hefur verið varið þó nokkru fé til íslenzks landbúnaðar, en það, sem mest hefur vantað í sambandi við það, hvernig því fé hefur verið varið, er það, að stefnt væri að ákveðnu markmiði með veitingu þess fjár. Ég held þess vegna, að það sé nauðsynlegt, að slík áætlun sé gerð og að í l. um ræktunarsjóð sé þetta fast bundið, að útlán sé gert samkv. slíkri áætlun. Með tilliti til þeirrar reynslu, sem við höfum af því haft, að þetta hefur verið áætlunarlaust fram að þessu, ættum við einmitt að láta okkur það að kenningu verða. Ég held því, að það sé misráðið hjá landbn. og rangt að vilja fella niður þessa gr., og vildi því, að landbn. athugaði það betur og frestaði að taka ákvörðun um það nú. Mun vera á ferðinni frá hæstv. ríkisstj. frv. um fjárhagsráð, og skyldi ekki vera í því frv. ákvæði um þetta, held ég að gerði ekki til, þó að því yrði frestað til 3. umr. að fella niður þessa gr. og hún látin standa eins og nú er.

Þá er það í öðru lagi brtt. við 9. gr. Þar er tekið fram, að seðladeild landsbankans sé skylt að lána ræktunarsjóði ákveðna upphæð í íslenzkum krónum. Mér heyrðist á hæstv. landbrh., að ekki mundi vera samkomulag innan stjórnarinnar um þessa aðferð. Þetta er þó alveg hliðstætt því, sem gert hefur verið í sambandi við sjávarútveginn, og ég hafði haldið, að þetta væri í fullu samræmi við það, og finnst mér, að það væri til þess að gera hlut landbúnaðarins lakari að taka þá skyldu í burtu. Mér kom á óvart að fá um það yfirlýsingu frá hæstv. landbrh., að ekki væri samkomulag um þetta atriði hjá ríkisstj., því að ef ég man rétt, var þetta frv. eitt af þeim fáu frv., sem talið var að ákveðið væri, að gengju í gegn, og því undrar mig, að nú skuli koma fram óskir frá ríkisstj. um það að mega ræða við landbn. um, að hvaða niðurstöðu sé nú hægt að komast, hvernig megi afgreiða þetta frv., og lýst yfir, að það sé ekki einu sinni samkomulag um það innan ríkisstj., hvernig frv. skuli afgr. En hæstv. ríkisstj. um það. Ég held, að ekki megi draga úr þeirri skyldu, sem lögð er á landsbankann að lána þarna. Eftir þeirri reynslu, sem maður hefur af því að útvega fé nú til framkvæmda, þá gengur það ekki svo vel, að það mætti draga úr þeim möguleikum, sem hafa þó reynzt beztir fram að þessu, og veit ég ekki, hvernig afla á þess fjár, sem afla þarf samkv. þessari 9. gr., ef kippa ætti burtu þessari skyldu landsbankans. En það mun koma fram á sínum tíma.

En í sambandi við spursmálið um lánsféð og upphæðina, sem áætluð er, er rétt að vekja athygli á því, að kröfur til þessa sjóðs verða áreiðanlega mjög miklar hjá bændum. Það hefur ekki staðið á bændum að kaupa eins mikið af tækjum til landsins og hægt hefur verið að fá flutt inn í landið. Og við munum brátt reka okkur á það, að það kemur ekki til með að vanta tæki, en það er annar hlutur, sem kemur til með að vanta, og það er miklu meiri ræktun á jörðunum. Bændur kemur til með að vanta landflæmi, sem þeir geta notað þessi tæki á, þar sem afköst vélanna á sléttlendi eru svo gífurleg. Þetta hlýtur að breyta öllum lífskjörum bóndans, og því verður það svo, að jafnóðum og bændur fá þessi tæki í hendur, þá koma kröfur um ræktun á löndunum til með að margfaldast, sem verða þó sennilega mestar fyrstu árin, meðan verið er að gera löndin véltæk, en fara svo minnkandi eftir því, sem þörfin verður minni, og verður þetta þá að sínu leyti svipað og reynslan hefur orðið með sjávarútveginn. Það er þess vegna áreiðanlegt, að kröfurnar um stórkostleg lán til stórfelldrar jarðræktar verða mjög miklar á næstu árum, þó að draga kunni úr þeim seinna, þegar bændur fá tækifæri til að rækta mikið, en því er um að gera að kippa ekki úr þessari þróun landbúnaðarins nú, heldur gera ráðstafanir til þess að geta fullnægt þessum kröfum.

Ég er sammála hv. frsm. n. um það, að nauðsynlegt muni vera að auka þá upphæð, sem seðladeildin eigi að lána ræktunarsjóði. Eins og hv. frsm. minntist á, var strax tekið fram, að þetta væri mjög skorið við neglur, og þó hafa hlutirnir breytzt síðan við í n. vorum að vinna að því að undirbúa það frv. Þeir hafa breytzt þannig síðan, að lánsmarkaðurinn, sem 1945 var góður, er nú mjög slæmur, þannig að þörf er á lánum frá því opinbera. Ég held því, að það sé mjög nauðsynlegt, að n. taki til athugunar milli 2. og 3. umr., hvort ekki mætti auka þessa upphæð og jafnvel framlag ríkisins líka í þessu skyni.

Það er líka annar hlutur, sem hefur breytzt síðan þessi áætlun var gerð. Þá var ekki vitað með vissu, þótt allir bjartsýnir menn byggjust við því, að bændur keyptu mikið af vélum. En nú er það staðreynd, að kaupmáttur og kröfur bænda að fá þessar vélar eru svo miklar, að ekki er hægt að líkja því við neitt annað en algera vélabyltingu Íslendinga. Það hefur aldrei staðið á bændum að kaupa þessar vélar, heldur ekki á leyfum eða yfirleitt framtakssemi til að útvega þær. Það eitt hefur vantað að fá nógu mikið af þeim frá verksmiðjunum, og því er gefið, að þegar við höfum slíka staðreynd fyrir augum okkar, verðum við, sem höfum lánsfjármarkaðinn undir stjórn þess opinbera, að sjá til þess hér á Alþ., að þetta strandi ekki á lánsfé. Ég mun þess vegna, fyrst von er um það, að frv. verði athugað betur, ekki koma fram með neinar brtt. við þessa umr., en þætti vænt um, ef ná mætti samkomulagi við n. um þetta og 1. brtt. yrði tekin aftur til 3. umr., þannig að betri athugun fengist á því, hvort rétt sé að fella þessa gr. niður.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Út af því, sem hæstv. landbrh. sagði, skal ég taka fram, að n. er mjög kært að ræða við hann um þessa gr. frv. fyrir 3. umr. Hæstv. ráðh. óskar ekki eftir, að þessi gr. verði tekin til baka, enda virðist mér það ástæðulaust, því að þótt hún sé samþ., má gera breyt. á því síðar. En ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan — og hygg, að ég mæli þar fyrir hönd n. —, að ekki komi til mála, að slaka megi á þeim fjárráðum, sem ræktunarsjóður á að hafa. Það verður að tryggja honum fé, ekki minna en gert er ráð fyrir í 9. gr. frv. og með ekki lakari kjörum en þar er gert ráð fyrir. Ég vék að því áður, að það hefur verið rætt um það í n. að bera fram till. um frekari fjárframlög til ræktunarsjóðs, og er ég ekki í vafa um, að þess er þörf, og er það rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. drap á viðvíkjandi þessu atriði, að það er mikil þörf á því að efla ræktunarsjóð sem allra mest. Þetta vildi ég aðeins taka fram út af því, sem ráðh. sagði um 9. gr. frv.

Ég vil segja örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. Reykv.

Hann var því mótfallinn, að 4. gr. yrði felld niður. Þetta atriði var rætt mikið í landbn., og það, sem gerði það að verkum, að n. sameinaðist um þetta, þó að sjónarmið nm. væru ólík að öðru leyti, var það, að við vorum sannfærðir um, að þessi gr. ætti ekki sérstaklega heima í frv. um ræktunarsjóð, heldur hefði þessi gr. eins mátt eiga heima í l., sem nú er búið að samþykkja, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, því að vitanlega er staðsetning nýrra heimila ákveðin þar fyrst og fremst í sambandi við nýbýli, og hefði því af þeim ástæðum verið betra, að ákvæði eins og þessi ættu þar heima. Nú er og gert ráð fyrir, að hið væntanlega fjárhagsráð — ég held það sé rétt nafn — fái fjárfestingarvald í hendur, og virðist þá bezt, að um alla stærri hluti viðvíkjandi landbúnaðinum gildi sama og um aðra atvinnuvegi, að þessi l. séu í höndum þess ráðs til staðsetningar.

Svo er hins vegar um lánveitingar til einstakra býla, þar sem menn vilja byggja upp á jörð sinni fjós, hlöðu o. s. frv. Þar er gert ráð fyrir í frv., að leitað verði álits, þegar á þarf að halda, Búnaðarfélags Íslands varðandi þau mál, sem undir það heyra, og nýbýlastjórnar ríkisins. Er það gert með því innskoti, sem við höfum sett í 5. gr. frv. Á þann hátt hygg ég, að séð sé fyrir því varðandi hin einstöku býli, eins og hægt er, að þar komi til faglegrar athugunar, hvort ríkið eigi að veita lán til þeirra eða ekki. Það liggur í hlutarins eðli, að þetta vald um staðsetningu eða skipulagningu, í hvaða staði veita eigi fé, verður að ná til fleiri en þeirra hluta, sem lán er veitt til úr ræktunarsjóði. Það verður einnig að ná til íbúðarbygginga og nýbýla, og það er ekki ræktunarsjóðs að taka ákvarðanir um slíkt. Af þessum ástæðum varð n. sammála um að leggja þetta til. Ég sé ekki ástæðu til þess, að brtt. n. við 4. gr. verði tekin aftur, því að mér virðast jafnmiklir möguleikar á því við 3. umr. að koma einhverju ákvæði þarna inn, ef hv. d. vildi, að það stæði í 4. gr., en n. telur — eins og 4. gr. er í frv. —, að ekki sé rétt að láta hana standa þar. Af þeim ástæðum hygg ég ástæðulaust annað en að gengið sé til atkv. um hana eins og aðrar brtt. landbn. við frv.

Ég er hv. 2. þm. Reykv. sammála um flest það, sem hann sagði um lánsþörf landbúnaðarins. Vil ég undirstrika það, sem ég hef áður tekið fram, að lánsþörfin á því sviði er geysilega mikil og verður á næstu árum og ekki sízt til þeirra verkefna, sem ræktunarsjóði er ætlað að leysa, því að það er nú þannig, að þótt allmikill skortur sé á íbúðarhúsum í sveitum, þá hafa íbúðarhúsabyggingar verið látnar ganga á undan byggingu peningshúsa, og er því nú brýnust þörfin þar. Á voru landi fer nú fram bylting á sviði landbúnaðarins á fleiri en einn hátt. Hún er ekki aðeins véla- og verkfærabylting, heldur á hún sér stað einnig á þann hátt, að sú atvinnugrein landbúnaðarins, sauðfjárræktin, sem í sumum héruðum landsins hefur verið höfuðatvinnugreinin, er nú að þoka fyrir annarri nýrri, þ. e. nautgriparæktinni. Þessi breyting hefur það í för með sér, að byggja verður mikið af peningshúsum, því að fjárhúsin verða ekki notuð fyrir búpeninginn nema rétt til bráðabirgða, meðan verið er að byggja upp. Þetta eitt eykur mjög lánsþörfina, og fleira mætti nefna, en ég mun ekki fara frekar inn á þetta mál hér. — Ég býst við, að okkur hv. 2. þm. Reykv. greini ekki á um það, að rétt sé, að skipulag sé haft um þessi efni og að í l. séu ákvæði svipuð því, sem nú eru í 4. gr., þótt þau eigi ekki þarna heima, heldur rétt að staðsetja þau annars staðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 436,1 (4. gr. falli burt) samþ. með 18:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, HÁ, HB, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, BG.

nei: SigfS, EOl, AJ.

SG greiddi ekki atkv.

13 þm. (SB, ÁkJ, FJ, GÞ, GSv, GTh, GÞG, HelgJ, HermG, JóhH, JJ, KTh, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 436,2 samþ. með 18:2 atkv.

5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 436,3 (ný 6. gr., verður 5. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 436,4 samþ. með 22 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 436,5 samþ. með 20 shlj. atkv.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 436,6 (ný 9. gr., verður 8. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 436,7 samþ. með 20 shlj. atkv.

10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

11.—12. gr. (verða 10.—11. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 436,8 samþ. með 21 shlj. atkv.

13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

14.—19. gr. (verða 13.—18. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 436,9 (20. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 125. fundi í Nd., 9. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 451, 776, 784, 790).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 784. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því, að það vantar þskj., sem ekki er búið að útbýta, með brtt., sem ég þarf að mæla fyrir, en ef til vill verður búið að útbýta þeim áður en ég kem að þeim, því að ég þarf að mæla fyrir tveim öðrum brtt.

Það er nú orðið langt síðan þetta frv. var hér til umr. og var afgr. við 2. umr. hér í d., og ástæðan er sú, að hæstv. stjórn, eða hæstv. atvmrh. sérstaklega, hafði óskað eftir, að málið yrði ekki afgr. fyrr en stjórnin væri búin að athuga eina gr. í frv., svo að samkomulag næðist um mismunandi sjónarmið.

Á þskj. 776 eru tvær brtt. frá landbn., sem ég

skal lýsa með örfáum orðum. Fyrri brtt. er við 4. gr. frv. og er um það, að á eftir „landbúnaðarverkfæra“ í 1. málsgr. komi: íbúðarhúsa og verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, þ. e. að þetta bætist við það, sem þar er talið upp. Þau verkefni, sem ræktunarsjóður á að veita lán til, eru allmörg, og leggur n. sem sagt til, að bætt sé við þau íbúðarhúsum og verkstæðum fyrir iðnaðarmenn í sveitum. Eins og verkaskiptingin er hugsuð milli ræktunarsjóðs og nýbyggingarsjóðs, er svo til ætlazt, að ræktunarsjóður nái alls ekki til íbúðarhúsa, heldur til útihúsa, ræktunarframkvæmda og annarra slíkra hluta. En nú er það svo, að samkv. l. um nýbyggingar er ekki ætlazt til, að lánað sé nema til íbúðarhúsa á jörðum, en þá verða út undan ýmsir aðilar, sem nú eru að reyna að reisa sér býli í sveitum. Það eru ýmsir aðilar, sem svo er háttað um, að þeir komast ekki undir lögbýli. Þeir vinna ýmislegt í þágu sveitarinnar, t. d. stunda trésmíðar, gera við ýmsa hluti, stunda bílakstur o. s. frv. Oft er það svo, að íbúðarhús og verkstæði er byggt undir sama þaki, og er það oft heppilegt. En þessir menn hafa ekki möguleika til að fá lán. Þeir geta ekki fengið það úr byggingarsjóði, og undir l. um ræktunarsjóð er ekki gert ráð fyrir, að komi nokkur íbúðarhús, en það er nauðsynlegt, að þessir menn geti fengið lán eins og til íbúðarhúsabygginga, og var n. á einu máli um, að nauðsynlegt væri að hjálpa þessum mönnum, og væntir n. þess, að d. geti fallizt á það, að þetta ákvæði verði sett hér inn í, þannig að þessir menn í sveitum verði ekki útilokaðir frá því að geta fengið lán. Ég vænti þess, að þm. geti fallizt á, að undir þetta ákvæði geti líka komið bílstjórar, sem reisa hús og hafa oft smáviðgerðarverkstæði fyrir sig, og vil ég taka fram, að við lítum svo á, að slíkir menn geti líka komið undir þetta ákvæði, þó að ekki sé hægt að segja, að þeir komi beinlínis undir það. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt., en vænti þess, að hv. d. geti fallizt á hana.

Þá hefur verið útbýtt hér þskj., sem ég minntist áðan á. Ég vil fyrst minnast á brtt. á þskj. 790, sem sömuleiðis er flutt af n. allri. Sú brtt. er við 7. gr., þar sem talað er um, gegn hvaða tryggingum og með hvaða skilyrðum lán verði veitt úr ræktunarsjóði. Landbn. leggur til, að aftan við gr. komi ný málsgr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbrh. til.“ Þessi l., sem þarna er vísað til, eru l. um erfðaábúð og óðalsrétt, og er í 45. gr. þeirra l. takmarkað mjög, hversu mikið má lána út á jarðir, þannig að lán út á þær má aldrei vera hærra en 50% af fasteignamatsverði landsins, að við bættu allt að 50% af gildandi fasteignamatsverði húsa þeirra, er á jörðinni eru. Þetta er svo takmarkað, að segja má, að þessar jarðir séu útilokaðar frá lántöku, svo að að nokkru gagni komi. Það var sérstakt ákvæði í þessa átt sett inn í l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, þegar þau voru til umr. í fyrra, og féllst Alþ. á, að það væri rétt. Nákvæmlega sama ástæðan er til þess, að þetta sé haft þannig, að jarðir í opinberri eign séu ekki útilokaðar frá að fá lán. Þetta ákvæði er eingöngu sett í því skyni.

Að lokum er 3. brtt. frá landbn., sem er á þskj. 776 og er við 8. gr. frv., þá gr. er fjallar um, að seðladeild Landsbanka Íslands sé skylt að lána ræktunarsjóði með vissum skilyrðum, sem sett eru fram í gr. Hæstv. stjórn óskaði eftir, að breyt. yrði gerð á þessari gr., þannig að upphaf gr. breytist á þann hátt, sem frá er skýrt á þskj. 776. Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þessa brtt. Hún breytir engu um það, að bankanum á að vera tryggt, að hann fái þetta fé til umráða. Breytingin er eingöngu sú, að það sé annaðhvort bankinn eða ríkissjóður, sem leggi fram þetta fé, og mælir hæstv. landbrh. með því, að þetta verði samþykkt.

Ég hef þá mælt með þeim brtt., sem landbn. flytur við frv. að þessu sinni. Ég sé, að það er hér brtt. á þskj. 784 frá hv. þm. A-Húnv., en ég vil ekki ræða hana, fyrr en flm. hefur gert grein fyrir henni, og læt þá máli mínu lokið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og frsm. landbn. hefur gert grein fyrir, hefur n. fallizt á að flytja nokkrar brtt. við þetta frv., sem n., og ég hygg allir þm., eru sammála um, að fram eigi að ganga á þessu þingi.

Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. 784, um, að framlagið hækki úr 0.5 millj. kr. í 1 millj. kr. Þessi till. er borin fram af því að það er nokkurn veginn víst, að þörf er fyrir lánveitingar úr þessum sjóði það miklar, að mjög er hætt við, að ákaflega fljótt verði skortur á fjármagni í honum. Til sönnunar því, að þannig er lítið á af fleirum, vildi ég með leyfi hæstv. forseta lesa bréf, sem landbn. fékk frá stjórn Búnaðarfélags Íslands, en þar segir svo:

„Búnaðarþing það, sem nú situr, hefur tekið til meðferðar frv. til l. um Ræktunarsjóð Íslands, sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Búnaðarþingið samþykkti svo hljóðandi ályktun með 23 shlj. atkv.:

„Búnaðarþing telur frv. það, er fyrir liggur, til mikilla bóta frá því, sem nú er í lögum, en skorar á Alþingi það, er nú situr, að hækka hið árlega framlag ríkissjóðs til ræktunarsjóðsins í allt að 2 milljónir króna og að auka það fé, sem sjóðnum er ætlað til starfa samkv. 8. gr., í allt að 20 milljónir, þannig að stjórn sjóðsins geti fengið þetta lán, eftir því sem með þarf á hverjum tíma.

Enn fremur leggur búnaðarþing til, að lán til nauðsynlegra peningshúsa, sem eru vönduð og byggð úr varanlegu efni, verði veitt til allt að 40 ára og að heimilt verði að lána allt að 75% af byggingarkostnaði. Vextir af slíkum lánum verði 2%.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands leyfir sér að senda landbn. Nd. Alþingis þessar till. búnaðarþings til beztu fyrirgreiðslu.“

Nú er það svo, að ég hygg, að flestum mönnum í landbn. sé það ljóst — og mér er óhætt að fullyrða, að hv. frsm. er þeirrar skoðunar —, að mikið þarf að auka fjármagn þessa sjóðs frá því, sem nú er, en n. sá sér hins vegar ekki fært — og enginn nm. — að flytja brtt., sem samsvarar þeim kröfum, sem búnaðarþing gerir, en vegna þess, hve þörfin er rík, og til þess að koma til móts við þessa ósk, kom ég fram með þessa brtt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vona, að þessari brtt. minni verði vel tekið.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil þakka hv. n. fyrir afgreiðslu þessa máls. Það er ekki hennar sök, hve afgreiðsla þess hefur dregizt, heldur er það af því, að nokkur ágreiningur var um það innan stjórnarinnar, hvaða leið skyldi fara til þess að afla sjóðnum tekna. Það voru þau sjónarmið þar, að ekki væri rétt að leggja þær kvaðir á Landsbanka Íslands, sem gert var með 8. gr., eins og hún var í frv., og var því haldið fram, að aðstaðan væri breytt frá því, sem hún var, er frv. var samið, þegar Landsbankinn, eða ríkið, hafði yfir að ráða tugum og hundruðum milljóna í erlendum gjaldeyri, en nú er hann að þrotum kominn. En hvað um það. Það er lagt til að orða gr. eins og segir á þskj. 776, og mun þá verða lögð áherzla á að afla sjóðnum tekna með þeim lánsmöguleikum, sem fyrir hendi eru, en ef það tekst ekki, mun verða lagt fyrir Landsbanka Íslands að lána þetta fé, og legg ég áherzlu á, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja brtt. á þskj. 776.

Út af brtt. hv. þm. A-Húnv. vil ég taka það strax fram, að ég tel, að þau verkefni, sem sjóðnum eru ætluð, og þörfin fyrir lán mundu fyllilega geta tekið við brtt. sem þessari. Mér er það fyllilega ljóst, að þörf landbúnaðarins er svo mikil, að ekki mundi veita af þessu fé. Það er vitað mál, að á síðasta þingi reyndi ég og fleiri hv. þm. að fá hækkað framlag til sjóðsins, en það fékk þá ekki náð fyrir augum þingsins, og var okkur jafnvel núið því um nasir, að sú till. hafi orðið til þess, að málið sofnaði. Ég held því, að öllum ætti að vera það ljóst, að þegar ekki þótti fært á síðasta þingi að veita þessa uppbót, þegar sú mikla bjartsýni ríkti hér í peningamálum, að þá séu ekki miklar líkur fyrir, að hægt verði að fá slíkar till. samþ. nú, eins og málum er háttað. Það var samið um það í starfssamningi núverandi stjórnar að afgreiða ræktunarsjóðsfrv. í öllum aðalatriðum eins og það lá fyrir. En þó að ég telji enn, að fullnaumt sé skorið við neglur, miðað við þau verkefni, sem sjóðnum eru ætluð, þá vil ég ekki, að málið stöðvist vegna deilna hér í þinginu, því að svo miklar bætur felast í frv., að ekki má stofna málinu í hættu, þó að menn fái ekki öllum kröfum sínum fullnægt. En ég þori ekki að ábyrgjast, að frv. verði samþ., ef farið verður að breyta því stórlega efnislega, eins og felst í till. hv. þm. A-Húnv., því að þá er ekki fyrir hendi skuldbindandi samkomulag milli stjórnarflokkanna. Þó að ég sé sammála hv. þm. A-Húnv., að þörf fjárins sé fyrir hendi, þá vil ég ekki greiða þessari till. atkv. og vil mælast til þess við alla, sem vilja framgang málsins, að þeir geri það ekki. Auk þess vildi ég segja, að þrátt fyrir það, að æskilegt sé, að sjóðurinn fái aukin fjárráð, þá á ekki að vera útilokað, að hann geti aflað þeirra með hærri vöxtum á opinberum markaði, þannig að það eigi að vera möguleikar á því, að hann geti eflt sig. En þó væri mjög æskilegt, að samkomulag næðist um starfssvið hans.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. atvmrh., að á síðasta þingi varð ágreiningur um framlög til þessa sjóðs, og var þá af honum borin fram hækkunartill., sem stöðvaði málið, vegna þess að þáverandi landbrh. sá ekki fært, að það yrði hærra en gert var ráð fyrir í frv. En á því sama þingi var afgr. stærsta fjárútlátamálið fyrir landbúnaðinn, frv. um landnám og nýbyggðir í sveitum, og var þá vilji minn og margra hv. þm. að fá það frv. samþ. Á þessu þingi er þetta eina málið, að undanteknum fjárskiptunum, sem nokkru varðar fyrir landbúnaðinn, og miðað við framlög til annarra hluta, þá sýnist það ekki frekt að biðja um hærra framlag til sjóðsins en gert er ráð fyrir í frv. Nú hefur hv. þm. Skagf. sagt mér, að hann hafi ekki átt neinn hlut að samþykkt búnaðarþingsins. Afstaða hæstv. landbrh. er á annan veg. Hann er forseti búnaðarþingsins, sem vildi krefjast þess, að framlagið sé ekki tvöfaldað, heldur fjórfaldað. Nú hef ég ekki þorað að fara hærra en að það sé tvöfaldað, og hefur hæstv. ráðh. það á valdi sínu, hvort málinu er stofnað í hættu vegna þess, og ósamræmi er í því að láta búnaðarþing krefjast, að framlagið sé fjórfaldað, en leggjast á móti því hér, að það sé tvöfaldað. Þetta vildi ég láta koma fram. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um till. Hún er það ljós, að menn ættu að geta gert sér grein fyrir henni án frekari skýringa.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég sagði áðan, að mér hefði verið borið það á brýn, að ég og fleiri hefðum orðið þess valdandi, að frv. náði ekki fram að ganga, vegna þess að við höfðum komið fram með hækkunartill. við það, en ég viðurkenni ekki, að þetta hafi við rök að styðjast, því að það var leikur fyrir meiri hl. að fella þá till. og samþ. frv. eins og þeir vildu, en frv. kom ekki á dagskrá og dagaði uppi.

Hv. þm. A-Húnv. talaði um ósamræmi hjá mér í þessu máli, en miklu frekar mætti segja, að ósamræmis hefði gætt hjá honum, því að á síðasta þingi gat hann ekki verið með hækkun, þótt þá væri ólíkt meiri bjartsýni í peningamálum en nú er. Um samþykkt búnaðarþings er ekkert að segja. Og ekki ræð ég einn samþykktum á þeim þingum, sem ég sit, hvorki hér eða þar, og veit hv. þm. A-Húnv., að hann ræður ekki atkvgr. hér, þótt hann sitji í forsetastóli. En ég vildi að slíkt kæmi fram á búnaðarþingi, hvernig fulltrúarnir litu á þarfir þessa máls, og var það samhljóða mínu áliti. Hitt er svo annað mál, að þrátt fyrir þessa miklu þörf teldi ég ekki ástæðu til að koma þessu máli í gegn, og það er vegna þess, að ekki er hægt að fá samkomulag um meira. En nú vil ég bjóða hv. þm. A-Húnv. eina leið til samkomulags. Það er rétt, að málið gangi til Ed., en ef hann vill koma með samþykki síns flokks, þá lofa ég stuðningi frá mínum flokki, en ég mun ekki brjóta það samkomulag, sem gert hefur verið, og mun ég líka tala um þetta við Alþfl. Ég vænti því, að hæstv. forseti láti málið ganga til Ed.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vildi segja aðeins örfá orð og geta þess um till. hv. þm. A-Húnv., að ég tek undir það með hæstv. landbrh., að efnislega er ég till. samþykkur, og veitir sannarlega ekki af því, að fjárráð sjóðsins séu aukin, en samkomulag hefur ekki náðst um hærri fjárveitingu. Það var reynt í fyrra, hvernig það gengi að fá hækkun, eins og hv. þm. reynir að koma fram með, og mun hann ekki hafa verið stuðningsmaður hækkunarinnar þá, heldur hygg ég, að óhætt sé að segja, að hv. þm. hafi verið afskiptalaus eða beitt sér gegn henni á því stigi málsins. Hvort það stafaði af því, að afstaða hans til

stjórnarinnar þá var öðruvísi en nú, það veit hv. þm. bezt sjálfur. En ég vil ekki stofna málinu í tvísýnu eða rjúfa það samkomulag, sem gert hefur verið. Og ég vil sérstaklega taka það fram vegna ummæla um búnaðarþingið, að þingið telur, að frv. sé til bóta og meinar þá frv. eins og það nú liggur fyrir, en svo vill búnaðarþing, að fjárráðin verði aukin, og er ég að sjálfsögðu meðmæltur því. Það er því fyrst og fremst í samræmi við vilja búnaðarþings, að frv. sé samþ. eins og það nú er. Og ber því fremur að fella till. hv. þm. A-Húnv. en að stofna málinu í hættu, og er það í fullu samræmi við stefnu meiri hl. búnaðarþings, þar eð það vildi, að frv. gengi fram í þessari mynd, heldur en það ef til vill dagaði uppi.

Ég hygg, að ræktunarsjóður geti nokkuð aukið fé sitt án vaxtahækkunar, þar sem honum er heimilað að gefa út handhafavaxtabréf, og vona ég, að sjóðurinn verði svo öflugur, að hann geti aukið fjárráð sín án þess að hækka vexti. Nú er þörfin orðin mjög brýn, því að nú þegar leita bændur hundruðum saman eftir lánum úr sjóðnum á þessu ári. Sérstaklega þurfa þeir lán til útihúsabygginga, t. d. til fjósbygginga, sem eru mjög aðkallandi á mæðiveikisvæðinu, og þolir það enga bið, að þessum mönnum sé hjálpað, og er því mikil ógæfa fyrir landbúnaðinn, ef þetta frv. verður ekki afgr. á þessu þingi. Það er ekki vafi á því, að það er í samræmi við vilja búnaðarþings að tryggja framgang málsins, eins og það nú liggur fyrir, og þess vegna mun ég fylgja frv. óbreyttu fyrst um sinn. Þetta vildi ég taka fram vegna ummæla hv. þm. A-Húnv. En ef trygging fæst um samkomulag til hækkunar, þá skal ég verða fyrsti maður til að vinna því fylgi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég held, að það væri rétt að athuga það í sambandi við 3. umr. þessa máls, hvort ætti ekki að bæta 4. gr. inn í frv., sem á sínum tíma var felld úr því. Ég vildi skjóta þessu hér fram til hv. frsm., þar sem forsendan er nú ekki fyrir hendi, því að þá var gengið út frá, að 4. gr. yrði tekin upp í frv. um fjárhagsráð.

Viðvíkjandi 8. gr. vildi ég segja, að eftir reynslu síðari ára um þörf bænda á landbúnaðartækjum er ég hræddur um, að þær 10 milljónir, sem seðladeildin lánar, hrökkvi skammt, og vonir hv. 1. þm. Skagf. um handhafabréf verða sennilega ekki að miklu liði. Þess vegna er nauðsynlegt að athuga, hvort ekki bæri að hækka framlagið í 15—20 millj. kr. Ef landbúnaðurinn á að komast í rétt horf og afkasta miklu, þá þarf hann að fá vélar sínar fljótt og þarf því að auka lánin. Brtt. er frá hv. þm. A-Húnv. um að hækka framlag í 3. gr. úr ½ millj. í 1 millj., og mun ekki vera vanþörf á því, en það á ekki síður við um 8. gr. Þá hefur verið rætt um það, hvort hægt væri að koma hækkun á framlagi í gegnum þingið, og hef ég heyrt að Framsfl. hafi boðið stuðning sinn, ef það væri tryggt, að það næði fram að ganga. Ég býst við, að við sósialistar mundum fylgja því að hækka þetta framlag, og ef nokkrir menn úr öðrum flokkum eru reiðubúnir til þessa, þá yrði hækkunin tryggð. Ef alvara er um að tryggja fé til landbúnaðarins, þá vildi ég, að það kæmi fram við þessa umr., því að oft hefur þurft harðfylgi til að knýja fram lán til atvinnuveganna. Það kostaði mikla baráttu að fá það, sem fengizt hefur til sjávarútvegsins, því að það sýndist sumum alltaf of mikið, og eins er það með landbúnaðinn, en hins vegar er sýnilegt, að ef hann fær ekki þessa hækkun, þá kemst hann í þrot, því að allir sjá, hversu geysilega þörf þessi atvinnuvegur hefur fyrir fjármagn. Ég tel því nauðsynlegt að tryggja þessa hækkun og er reiðubúinn ásamt mínum flokki að bindast samtökum um að koma slíku fram.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki fara að ræða hér langt mál eða hefja deilur um það, hver afstaða einstakra manna hafi verið, en varðandi það, að atvmrh. ráði ekki afstöðu búnaðarþings, þá er það víst, að hann er þar mikill valdamaður og hefði getað fengið till. um þetta samþ. með öllum greiddum atkv. En því er ekki að leyna, að það er mikið ósamræmi í afstöðu atvmrh. á búnaðarþinginu og afstöðu hans hér nú.

Frsm. sagði, að málið væri í hættu, ef till. mín yrði samþ., það tel ég alls ekki. Annars skera atkv. úr um það. Varðandi tilboð ráðh. að tryggja till. framgang, ef ég sæi um, að Sjálfstfl. fylgdi henni einhuga, get ég ekkert um það sagt og býst við, að um það séu skiptar skoðanir, en nú er komin yfirlýsing frá sósíalistum, að þeir muni fylgja till., svo að það ætti að vera góður styrkur. Ég óska svo, að þetta mál verði látið ganga fljótt, eða þá, að því verði frestað, því að ég þarf að fara frá.

Forseti (BG): Borizt hefur skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., og þarf afbrigða hennar vegna. Mun þeirra nú leitað.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 803) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það er aðeins vegna þess, að ég var einn af flm. þeirrar brtt. varðandi þetta sama efni, sem fram kom á síðasta þingi, að ég vil segja nokkur orð.

Þessi brtt., sem þm. A-Húnv. flytur nú, er algerlega tekin upp úr þeirri brtt., sem ég flutti ásamt fleirum hér á síðasta þingi og hann kom í veg fyrir, að yrði samþ. Mér þykir afstaða þessa þm. harla undarleg nú, þegar athuguð eru ummæli hans um þetta mál á síðasta þingi. Það vill nú svo vel til, að ég hef hér fyrir framan mig þingræðu, sem þessi þm. flutti um þetta mál þá, en þar segir meðal annars með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangurinn með þessari till. er sá að koma málinu fyrir kattarnef“ — og hann segir enn fremur: „það er allt annað, hvað menn óska eftir en hvað hægt er að fá.“ Þetta er alveg rétt hjá þm., eins og atvmrh. drap á, að þegar samkomulag hefur náðst, þá er ekki hægt að koma aftan að með auknar kröfur. Þegar brtt. okkar varðandi þetta kom fram á síðasta þingi, var ekkert ákveðið samkomulag um að ræða eins og nú, og þess vegna er rangt, að hún hafi haft truflandi áhrif, þegar hún var borin fram. Nú er öðru máli að gegna, eins og þm. A-Húnv. veit, því að við erum báðir stuðningsmenn þeirrar stjórnar, sem nú situr, eða að minnsta kosti hefur ekki annað verið látið uppi, en í þeirri stjórnarsamvinnu hefur einmitt verið samið um þetta mál, og þess vegna er komið aftan að, ef farið er að rifta þeim samn-

ingi nú á síðustu stundu. Þm. A-Húnv. heggur því nærri sjálfum sér með þessari till.

Af þessu má vel sjá það ósamræmi, sem fram hefur komið hjá þm. A-Húnv., þegar hann flytur þessa brtt. undir þeim kringumstæðum, sem nú eru fyrir hendi, en beitir sér á móti till. okkar á síðasta þingi. Ég skal fúslega viðurkenna það, að það er full þörf fyrir það fé, sem till. fer fram á, en eins og þm. A-Húnv. sagði: það verður oft að sætta sig við ýmislegt, þó að það sé ekki eins og maður óskaði — og vegna þess, að ég tel mig bundinn af þeim samningum, sem stjórnarsamvinnan byggist á, þó að þm. A-Húnv. telji sig það ekki, þá mun ég greiða atkv. á móti þessari till.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér stjórnarstuðning eða afstöðu einstakra manna. Það, sem þm. sagði eftir mér, er rétt, en það raskar ekki máli mínu nú. Hins vegar er dálítið annað með afstöðu þm. Skagf. frá því á búnaðarþingi, því að í henni gætir ósamræmis. (**JS:** Þetta eru ósannindi.) Það er skjallega hægt að sanna það, ef á þarf að halda. (**JS:** Það eru hrein ósannindi.) Það er sama að segja um atvmrh. og þm. Borgf., að úti á búnaðarþingi eru þeir ekki bundnir af neinu samkomulagi og samþykkja till., sem ganga í sömu átt og mín till. nú, en svo þegar þeir koma hér inn á Alþingi, þá er annað hljóð í strokknum. Þetta er ósamræmi, sem ég kann ekki við.

Pétur Ottesen: Það þarf ekki að svara því, sem þm. A-Húnv. sagði, því að ég er búinn að reyra svo að honum möskvann, með hans eigin orðum, að hann getur ekki hreyft sig. Um það, að ég ráði einhverjum ósköpum á búnaðarþingi, þó að ég sé þar fyrsti eða annar varaforseti, þá er það bara misskilningur.

Það er hins vegar ekkert undarlegt, þó að búnaðarþing gangi lengra í kröfum sínum en Alþingi getur fallizt á, því að búnaðarþing er stéttarþing og því ekki nema eðlilegt, að það geri kröfur fyrir sína stétt, en hitt er allt annað mál, hvað Alþingi getur gengið langt á móti þeim kröfum. Og hér strandar einmitt á því, að meiri hl. Alþingis telur sér ekki fært að ganga lengra en í frv. felst, en það er engin ástæða til þess að deila á búnaðarþing, þó að það gangi lengra í kröfum sínum.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að flytja hér langt mál, en ég vil þó taka undir með þm. Borgf., að það er allt annað, hvaða kröfur eru gerðar á búnaðarþingi, heldur en hvað hægt er að gera hér á Alþingi. Búnaðarþing var ekki í neinni villu í þessu máli. Því var alveg ljóst, að frv. mundi ganga fram eins og það liggur fyrir, en ég tel, að kröfur þess verði ekkert óeðlilegri fyrir það.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á þá áætlun um ástand og þróun landbúnaðarins, sem nýbyggingarráð skyldi gera í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og þm. saknaði þess, að gr. í frv., sem innihélt þessa áætlun, skyldi vera felld úr. Það er alveg rétt, að landbn. lagði til, að þessi gr. væri felld niður og það með þeim forsendum, að hún ætti ekki heima í svona frv. Við 2. umr. lét ég það í ljós, að ég teldi þessa gr. eiga heima í frv. um fjárhagsráð, en nú er líka á ferðinni annað frv., sem inniheldur ekki ólík ákvæði og þessi gr., en það er frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins, og þar getur þessi 4. gr. því líka átt heima. Ég hygg því, að landbn. muni ekki skipta um skoðun, en hún mun að sjálfsögðu taka afstöðu til málsins og athuga, hvar það eigi bezt heima, en það kemur varla til álita að setja 4. gr. inn aftur.

Um skriflegu brtt. við 8. gr. vil ég segja það, að það er gleðilegt að fá þá skoðun frá hv. 2. þm. Reykv., en það hefði verið betra, að hann hefði léð því máli lið, á meðan hann var í stjórnaraðstöðu, því að þá kom fram till. um það. (**JPálm:** Það kom ekkert fram um það, að hv. 2. þm. Reykv. væri á móti þeirri hækkun.) Ég skil ekki, hvað þm. A-Húnv. er hörundssár fyrir 2. þm. Reykv. Ég hélt satt að segja, að hann gæti svarað sjálfur fyrir sig. Annars skal ég taka það fram, að 2. þm. Reykv. var fúsari en margur annar að leggja fé til landbúnaðarins, meðan við störfuðum saman í nýbyggingarráði.

Einar Olgeirsson: Það var í upphafi gert ráð fyrir, að ræktunarsjóðurinn hefði sama hlutverk fyrir landbúnaðinn og stofnlánadeildin hefur fyrir sjávarútveginn, og þess vegna tel ég eðlilegt og rétt, að þessi umrædda 4. gr. sé höfð í þessu frv. Og ég fyrir mitt leyti fer ekki að bera fram brtt. um það nú.

Viðvíkjandi fyrirmælum í 3. gr. og 8. gr. vil ég segja það, að við þær atkvgr., sem fram fóru í fyrra, tókst ekki, þrátt fyrir það að ég og minn flokkur studdum það, að fá það í gegn, að l. um ræktunarsjóð yrðu afgr. þá samhliða öðrum hliðstæðum l., sem þá voru afgr., því að það var tilgangur okkar í nýbyggingarráði og ýmissa, sem studdum ríkisstj., að fá bæði málin í gegn. Og það væri hægt að koma þessum málum í heild í gegnum þingið nú á þann hátt, sem hagkvæmast væri, ef samtaka væru um það framsóknarmenn, sósíalistar og nokkrir, sem vitað er um úr Sjálfstfl., að eru því fylgjandi. Ég vildi vænta þess t. d., að hv. þm. Borgf., hinn mikli vinur landbúnaðarins, beitti sér fyrir þeirri hækkun, sem ég fer fram á í minni skrifl. brtt. Hann hefur nú sýnt sinn mikla alþekkta dugnað viðkomandi því að fá hækkuð laun hreppstjóranna um 100% þrátt fyrir föðurlegar áminningar hæstv. ríkisstj. um að gera ekki grunnkaupshækkanir. Ég vildi þá líka mega vænta þess, að hann taki einnig á þeim mikla krafti, sem hann býr yfir, og láti hann stjórnast af þeim mikla velvilja, sem hann hefur gagnvart landbúnaðinum, og knýi fram þessar réttarbætur fyrir landbúnaðinn, sem ég hef talað um.

ATKVGR.

Brtt. 784 felld með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JPálm, KTh, SG, EOl.

nei: EystJ, GSv, GÞG, HelgJ, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, BG.

13 þm. (FJ, GÞ, GTh, HÁ, HB, HermG, JóhH, JJ, LJós, ÓTh, SigfS, ÁkJ, EmJ) fjarstaddir.

Brtt. 776,1 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 790 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 803 felld með 17:3 atkv.

— 776,2 samþ. með 19:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 130. fundi í Ed., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 804).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 133. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 804, n. 840, 849).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ekki nýtt fyrir þm., og enda þótt það hafi ekki komið fram fyrr í þessari d., þá var sams konar frv. í Nd. og athugað þar og rætt að nokkru. Nú er þetta frv. borið fram af landbn. Nd. og vaxið upp af því samkomulagi, sem varð með ríkisstj., er hún gekk til sambúðar í vetur, og er einn af þeim kvistum og ekki sá lakasti, sem þar hafa sprottið upp. Þá lá fyrir áður fyrr mjög ræklleg grg. frá nýbýlaráði og nefndum um þetta mál, er þm. hafa flestir kynnt sér, þó að nú sé liðið nærri ár síðan það var hér á ferð, og sé ég því ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í frv., enda mörgum það kunnugt. Í gegnum Nd. fór það með nærri shlj. atkv., enda þótt einstaka menn vildu gera nokkrar breyt. á því. Okkur nm. í landbn. fannst það meira um vert að koma málinu fram, þannig að það gæti orðið að l., en að athuga örlitla smíðagalla, sem á því kunna að vera, og verða til trafala fyrir frv. Enda er það svo um flest stærri mál, það er reynslan, sem sker úr, hvort ágallar eru á málinu, og ef þeir finnast, þá eru þau lög endurskoðuð og þeim breytt í betra horf.

Í fáum orðum er þetta aðalefni laganna að taka til stofnfé fyrir ræktunarsjóð þann, sem hefur stutt landbúnaðinn nokkuð með lánum. Stofnféð er Ræktunarsjóður Íslands og varasjóður hans, og einnig hluti sá, sem við hann hefur verið lagður af viðlagasjóði. Þá eru og eftirstöðvar af loðdýralánadeild. Þessar upphæðir allar munu vera um 5½ millj. kr., en í reiðu fé er þó ekki meira til að byrja með en rúmlega 2 millj. Þess vegna þarf sjóðurinn að afla sér meira fjár, til þess að hægt sé að starfa, og tekið er fram í 8. gr. laganna, hvernig skuli afla meira fjár, og er ætlazt til, að sú upphæð verði allt að 10 millj. kr. Verður stofnfé þá alls hálfur annar tugur milljóna. Enn fremur er í 3. gr. lagt svo fyrir, að í 10 ár leggi ríkissjóður fram hálfa milljón króna. Þetta verður ca. 20 milljónir kr. Þessu fé á svo að verja til þess að lána út um landið, bæði til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, og enn fremur jarðyrkju, vermiræktar o. fl. Lánstími verður 5—25 ár, en gert er ráð fyrir, að útlánsvextir verði ekki meiri en 2½%. Fyrst verður að lána bráðabirgðalán, og er þá gert ráð fyrir hærri vöxtum. Stjórn á þessum útlánasjóðum verður undir Búnaðarbanka Íslands, enda þótt tillögur nýbýlastjórnar ráði miklu.

Ég þarf ekki að flytja langt mál um þetta, en eins og það liggur hér fyrir, sjá allir, að hér er verið að vinna til stórra hagsmuna fyrir landbúnaðarmenn, sem og aðra, er einhverja jarðrækt hafa. Það er orðið svo dýrt að byggja peningshús, að menn geta ekki risið undir því nema fá hagkvæm lán, og þau er ekki hægt að fá, eins og nú standa sakir og hagur lánsstofnana virðist vera nú. Þess vegna er það eina úrræðið, ef ekki á að stöðva að verulegu leyti allar byggingar á útihúsum og stærri mannvirkjum til jarðræktar, að hreyfa við þessu máli og setja þar nýtt blóð í, og það virðist mér vera gert með ræktunarsjóðslögunum. Sumir segja, að féð eigi að vera enn meira, og hv. 8. landsk. sem var í n. hefur komið með brtt., en hinir nm. eru sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. En þessi breyting hefur áður komið að efni til í Nd., og hefur verið hrundið þar. En hitt er annað mál, að það mun vera þörf á að veita meira fé til þessara bygginga en gert er ráð fyrir í sjálfu frv. En það verður að líta til þess, hvað lánsstofnanirnar megna og hvað má hart að ganga á þessum tíma. Okkur nm. öllum virðist, að hér sé á ferð lagasmíð til stórra umbóta, og gæti alls ekki komið til mála að fara að bregða fæti fyrir þetta frv., jafnvel þó að það séu eitt eða tvö atriði, sem ekki næst samkomulag um, og ég held, að óhætt sé að segja fyrir hönd okkar allra, að við mælum eindregið með því, að frv. sé afgr., þó að þessi eini nm. óski smávægilegra breytinga. En eins og sakir standa nú, legg ég eindregið móti því, að breyt. hans á þskj. 849 verði samþ.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, áskil ég mér rétt til að bera fram brtt. við frv. eða fylgja öðrum breyt., sem kynnu að koma. Í samræmi við það flyt ég 2 brtt. á þskj. 849. Hin fyrri er að taka í frv. grein, sem upphaflega var í því, þegar það kom til þingsins í fyrra vetur frá nýbyggingarráði, því að eins og kunnugt er, var frv. upphaflega samið af nýbyggingarráði og komst áleiðis á þinginu í fyrra, þó að það næði ekki fullri afgreiðslu. 4. gr. var þá mjög mikils verð fyrir landbúnaðinn, sem sé að Búnaðarfélag Íslands og nýbyggingarráð, eins og það var þá orðað, en ég hef nú breytt í fjárhagsráð, skyldu gera rannsókn á ástandi og þróun landbúnaðarins og gera áætlun um þróun hans í náinni framtíð. Það er nauðsynlegt að gera áætlun um þróun landbúnaðarins og fyrst og fremst sjá svo um, að þörfinni innanlands verði fullnægt, en síðar mun framtíðin sýna það, að nauðsynlegt er að afla markaða erlendis. Þegar þetta frv. var fyrir Nd., þá kom þessi brtt. fram, en var felld, ekki vegna þess, að þm. væru á móti henni út af fyrir sig, heldur vegna þess, að þeir, sem andstæðir voru því, að hún væri höfð í þessu frv., töldu hana eiga heima í frv. um fjárhagsráð. Nú hefur sú leið verið felld, og þess vegna vil ég freista þess að koma þessari gr. hér inn, því að ég get ekki fallizt á, að hún eigi ekki heima í lögum um ræktunarsjóð, og ef hún væri sett inn í þessari hv. d., þá mætti vona, eftir því sem fram hefur komið, að hún mundi ganga í gegnum Nd.

Hin brtt., sem ég flyt, er við 8. gr. frv. og þess efnis, að í stað 10 milljóna komi 20 milljónir, en það er sú upphæð, sem skuldir ræktunarsjóðs

mega nema. Ég vil sérstaklega benda á, að miðað við verkefni ræktunarsjóðsins, sem talin eru upp í 4. gr. frv., þá sér hver og einn, sem kunnugur er þessum málum, að 10 millj. eru allt of lítið fé, og því til stuðnings má benda á samþykkt búnaðarþings, sem gerði kröfur til helmingshækkunar, en þeir fulltrúar, sem þar sitja, vita um þörfina. Sömuleiðis lagði búnaðarþing til, að árlega framlagið úr ríkissjóði væri hækkað úr ½ millj. í 2 millj. Þess vegna skil ég ekki, að það skuli vera fulltrúi á búnaðarþingi, sem mælir á móti þessum till. mínum hér.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Enda þótt ég sé samþykkur þessu frv. að mörgu leyti, þá er ég á móti, að áætlunarkaflinn verði hafður í því. Það hefur verið mikið talað um, að það þyrfti að skipuleggja betur landbúnaðinn, og ég er hjartanlega sammála í því, að það er mikil nauðsyn að fá úr því skorið, hvernig landbúnaðurinn á að vera meira sérhæfur en hann nú er. En þetta eiga bændur sjálfir að gera og þetta stefnir í rétta átt. Þar sem beztu skilyrðin eru fyrir mjólkurframleiðslu, þar er framleidd mjólk, en þar sem bezt eru skilyrðin fyrir sauðfjárrækt, þar á að framleiða kjötið. Í framtíðinni, og það jafnvel fyrr en varir, taka bændasamtökin þetta mál í sínar hendur, enda er þetta sannarlega eitt af verkefnum þeirra. Þá er ég ekki sammála því, að auka þurfi höfuðstól ræktunarsjóðsins. Eftir frv. koma vextir og afborganir til með að nema nál. ¾ úr millj. Þó að sú upphæð sé ekki um of, þá sé ég ekki ástæðu til, að sú upphæð sé hækkuð nú. Ef hún reynist of lítil, þá hefur stofnunin þá möguleika að gefa út verðbréf.

Ég legg mikla áherzlu á, að þetta frv. verði samþ. nú, því að vitað er, að margir bíða eftir að fá lán úr þessum sjóði. Þess vegna tel ég hæpið að fara að gera breyt. á frv. nú, því að þá má eins gera ráð fyrir, að það lendi í ruslakörfunni í Nd.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem síðasti ræðumaður sagði, og það er alls ekki svo, að ég telji ekki ræktunarsjóðinn hafa þörf fyrir meira fé en hér er lagt til, heldur hitt, að ég vil ekki tefla þessu máli í tvísýnu með því að fara að gera breyt. á því nú. Það er tryggt, að málið nær fram að ganga, ef því er ekki breytt úr því horfi, sem það nú er í, en gæti hins vegar tafizt mikið og jafnvel dagað uppi, ef gerðar væru breytingar. Það er þetta, sem mér kemur fyrst og fremst til, því að ég tel með þessu frv. stigið stórt spor í rétta átt, þó að ég geti vel viðurkennt, að það hefði verið æskilegra að hafa fjármagn sjóðsins meira.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Hæstv. ráðh. lagði mikla áherzlu á, að þessu máli væri ekki teflt í tvísýnu, og ég get tekið það fram, að það er ekki mín ætlun að tefla málinu í neina tvísýnu, en hins vegar eru ýmis efnisákvæði í frv., sem ég tel mjög vafasöm, og jafnvel hæpið, að sum þeirra geti staðizt. Ræktunarsjóðurinn hefur verið sjálfstæð stofnun, sem hefur lánað út á fasteignir, en nú er gert ráð fyrir að lána líka rekstrarlán og veita lán til vélakaupa. Ég álít mjög vafasamt, að þetta sé heppilegt, því að með því að lána til rekstrar eru lánin orðin áhættulán. Þetta er líka þeim mun hættulegra, þegar tímarnir eru jafnóvissir og nú er, og það er meira að segja hægt að hugsa sér, að breyting á verðlagi gæti riðið sjóðnum að fullu. Það er áreiðanlega ekki æskilegt fyrir íslenzkan landbúnað, að sjóðurinn líði undir lok.

Mér þykir dálítið ósamræmi í því, sem 1. þm. N-M. sagði, að það bíðu margir eftir láni úr sjóðnum, og svo hins, að sjóðurinn hefur engin skuldabréf í veltunni og fé hans er ekki einu sinni allt í láni, þar sem hann hefur heimild fyrir útgáfu á 20 millj. kr. í skuldabréfum.

Eins og ég tók fram, er síður en svo, að ég vilji setja mig á móti frv., en ég vil bara benda á það, hvort það sé vilji þm. að gera ræktunarsjóðinn að áhættulánsstofnun. Þá vil ég sérstaklega vekja athygli á 8. gr., því að mér virðist hún vera hreinn óskapnaður og þess alls ekki gætt að hafa samræmi, og satt bezt að segja, þá er gr. svo torskilin, að það er ekki neinn meðalgreindur maður, sem kemst fram úr henni. Það er t. d. hvergi gert ráð fyrir því í frv., hvar á að taka þann vaxtamismun, sem hlýtur að verða milli útlánsvaxtanna, sem gert er ráð fyrir, og þeirra vaxta, sem hugsanlegt er að fá fé fyrir. Sennilega er hugsunin sú, að ríkissjóður greiði mismuninn og afli fjárins, en ef svo er, þá er bezt að segja það berum orðum. Þá er alls ekki hægt að gera sér fyllilega ljóst, til hvaða rekstrar má lána, hvort það er til véla eða túrbinurafstöðva. Ég vildi fá nánari skýringu á því hjá n., hvernig á að framkvæma þetta ákvæði. Ef við höldum áfram, þá stendur m. a. þetta: Seðladeild Landsbankans veitir lánin í opnum reikningi... Ég gizka á, að hér sé meint, að lánin skuli veitt smám saman, eftir því sem ræktunarsjóður þarf á að halda. En því ekki að segja þá, að lán skuli veita smátt og smátt? Hvers vegna endilega þetta orðalag, sem enginn skilur? Svo stendur: Ræktunarsjóður skal endurgreiða seðladeild Landsbankans lán þessi jöfnum afborgunum á 10 árum. Þó má skuld sjóðsins við seðladeildina aldrei vera hærri en 10 millj. kr. Við hvað á þetta þó? Það hefur ekkert komið sem bendir til þess, að lánin eigi eða megi fara yfir 10 millj. kr. Ég get svo ekki verið að orðlengja um þetta frekar. Gr. er öll á sömu bókina lærð, og það er nauðsynlegt að taka þessa gr. sérstaklega fyrir og semja hana upp, svo að menn geti skilið, við hvað er átt í henni. Eins og gr. er nú orðuð, get ég ekki séð, hvað á að felast í henni. Ég gæti haldið áfram með tilvitnanir í þetta lagasmíð, ef ég kærði mig um. Í 9. gr. er gefin heimild til að gefa út handhafavaxtabréf, ef stofnfé hrekkur ekki til lánveitinga. Í 2. gr. er svo sagt frá, hvert stofnféð sé. En svo er gert að lagaskyldu að taka 10 millj. kr. lán. Hvað á þá þetta með stofnféð að þýða? Það gæti kannske verið sjálfsagt að taka upp vaxtafót. Nú er vitanlegt, að ræktunarsjóður hefur allmikið stofnfé, og það skal aukið verulega með ákv. 3. gr. Þetta er kannske ástæðan fyrir því, hverjir vextirnir eiga að vera af þeim lánum, sem sjóðurinn veitir vegna sölu á vaxtabréfum, því að hann getur lækkað vexti mikið vegna hinna miklu sjóðseigna, sem ekki þarf að reikna nema lága vexti af. Svo vil ég benda á 11. gr. Þar er eitt ákvæði, sem ég tel mjög vafasamt. Þar er heimilað að lána til túnræktar og nýrra bygginga til allt að 25 ára, og svo til framkvæmda við

vermirækt, sem varanlegar teljast. Ég játa, að ég er ekki nægilega heima í þessum atvinnurekstri. En þegar talað er um að veita lán til gróðurhúsabygginga til 25 ára, þá held ég, að ending húsanna sé ekki svo mikil, að það væri ekki varasamt. Ég þykist hafa leitt rök að því, að 8. gr. sé þannig orðuð, hvað efnisákvæði snertir, að vafasamt sé fyrir þingið að samþykkja hana, eins og hún er nú. Það er nauðsynlegt að breyta frv., enda sé ég ekki, að því sé stofnað í hættu, þótt gr. þessar verði lagaðar. Það mun ekki vera komið svo nærri þingslitum, að málið geti ekki fengið eina umr. enn í hv. Nd.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það, sem ég átti við með því að óska eftir, að málinu væri ekki stefnt í tvísýnu, var það, að á því væri ekki gerð efnisbreyt., sem raskaði samkomulagi því, sem gert hefur verið um samþ. þess. Hitt er annað mál, að formbreytingar geta komið til greina, svo sem lagfæringar á orðalagi, án þess að málinu sé stefnt í tvísýnu. Hv. 1. þm. Reykv. taldi varhugavert að færa starf ræktunarsjóðs eins víðtækt út og gert er ráð fyrir í 4. gr. frv. Það má vel vera, ef fé sjóðsins reynist of lítið til þess að sinna þessu verkefni og ekki tekst að afla honum meira fjár, að þá megi segja, að það hafi verið varhugavert að færa svo starfsemina út. Hinu er ekki hægt að mæla á móti, að þess er full þörf að auka lánastarfsemi til framkvæmda, sem taldar eru upp í 4. gr. Ég vil geta þess, þar sem ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur veitt því athygli, að það er gert ráð fyrir því, að þegar lánað er úr sjóðinum til búfjárkaupa, þá sé tryggt með fasteign, svo að yfirleitt er um fasteignaveð að ræða, nema þá til vélanna. Annars fannst mér gæta nokkurra útúrsnúninga í ræðu hv. þm., þegar hann fór að gagnrýna 8. gr. Því er ekki að neita, að ég hef ekki verið ánægður með orðalag hennar, en ég sá hana fyrst fyrir ári, þegar þáv. landbrh., hv. 1. þm. Reykv., sendi mér frv. Þegar það var rætt í landbn. Nd., þá var frvgr. eins og hún er nú, bæði að efni og formi, nema fyrstu 2 línurnar. Og ég verð að segja, eins og hann, að mér fannst gr. klúðursleg. En svona var gengið frá henni í nýbyggingarráði. Ríkisstj. sendi okkur gr. svona í landbn., og ekki var horfið að því að breyta henni frá því, sem hún kom fyrst í hendur okkar þar. Hins vegar veit ég ekki, hvort hv. þm. hafði lesið gr., áður en hann sendi okkur hana. Nú er gr. mjög lítið breytt, aðeins skeytt saman tveimur atriðum, og má vera, að það sé ekki gert eins liðlega og mætti vera. En það komu fram tvö sjónarmið í n. Annað var það að halda við ákvæði frv. eins og það upphaflega var samið. Aðrir litu svo á, að réttara væri að afla sjóðnum þessa lánsfjár á annan hátt, þannig að ríkissjóður tæki að sér að afla fjár til sjóðsins beint, en Landsbankanum sleppt undan þeirri kvöð, sem á hann er sett í fyrsta hluta gr. Hv. þm. talaði um, hvernig ríkissjóður ætti að útvega lán með svo lágum vöxtum, án þess að ríkissjóður greiddi sjálfur vaxtamismuninn. Ég veit ekki, hvort ég má geta þess hér, en ég hélt það væri öllum vitanlegt, að á leiðinni er frv. um eignakönnun, og gert er ráð fyrir því, að í gegnum hana geti farið svo, að ríkið fái allmikið fé með lágum vöxtum. Það er hugsað þannig, að af þessu fé geti ræktunarsjóður fengið lán hjá ríkissjóði, ef það reynist svo mikið, að hægt sé að verja því til þess. En ef þetta tækist ekki, þá á að geyma upphaflegu kvöðina á landsbankanum. Það er að vísu rétt, að þetta horfir að vissu leyti öðruvísi við nú en þegar frv. var samið, þar sem Landsbankinn átti þá meira af gjaldeyri en nú. Frv. var lagt fyrir nærri óbreytt, eins og það kom frá nýbyggingarráði. Þegar samið var um myndun núv. ríkisstj., þá var samið um það, að þetta frv. næði fram að ganga í aðalatriðum eins og það var lagt fyrir þingið í fyrra haust. Það var lítið svo á, að frv. þetta væri svo vel úr garði gert hjá þeirri stofnun, sem frá því hafði gengið, að ekki væri ástæða til að raska efni þess eða formi í neinu verulegu atriði. Það er því skiljanlegt, að landbn. Nd. hafi ekki viljað raska efni frv. að neinu leyti varðandi það, sem um var samið. En persónulega skal ég játa, að þessi gr. er mjög óljóst orðuð, þótt ég geti skilið meiningu hennar, og það mætti orða hana betur. Ég vil ekki leggja áherzlu á, að henni verði breytt. En hins vegar get ég fallizt á umorðun gr., ef hv. d. telur það nauðsynlegt og svo framarlega sem það raskar ekki aðalefni gr.: að sjóðinum sé séð fyrir þessu láni og með þessum vöxtum, sem fram er tekið þar. Um það hefur verið samið og á þeim forsendum hefur frv. verið tryggt fylgi.

Ásmundur Sigurðsson: Ég ætla fyrst að víkja að ummælum hv. 1. þm. N-M., þótt hann segðist vera mér sammála. Hv. þm. sagði um fyrri brtt. mína, að bændur ættu sjálfir að skipuleggja framleiðsluna. Ég vil benda á, að bændur geta ekki eingöngu sjálfir skipulagt framleiðsluna. Þeir þurfa að fá aðstoð frá hinu opinbera til þess. Ég vil benda á, að þar sem þessi stofnun, fjárhagsráð, á að hafa með höndum skipulagningu annarra framkvæmda í landinu, þá er það ekki nema eðlilegt, að hún skipuleggi landbúnaðarframleiðsluna.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að efni brtt., sem ég flyt, væri í 5. kafla 2. gr. í frv. um framleiðsluráð. Þetta er ekki rétt. Þessi 5. liður hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma". Í þessu er aðeins brot af því, sem er í minni till. Það er ekkert um það, að haga skuli lánveitingum til landbúnaðarins í samræmi við áætlun, sem á að gera. Og ég veit ekki til þess, að framleiðsluráð eigi að hafa með lánveitingar að gera. Fleiri dæmi mætti nefna, sem sýndu, að efni brtt. minnar er að sáralitlu leyti í þessu frv., svo að það eru ekki gild rök að neita að taka brtt. inn í frv. vegna þessarar ástæðu. Hitt vil ég taka fram, að ég mun fylgja þessu frv., þótt þessar brtt. verði felldar. Og verði þetta fellt, mun ég reyna að fella þetta ákvæði inn í frv. um framleiðsluráð, þegar það kemur fram á sínum tíma.

Annað, sem hv. þm. minntist á, var varðandi hið aukna fjármagn, sem ætlað er til þessara framkvæmda og sagði, að ekki væri ástæða til að fara lengra í þeim efnum, meðan svona væri ástatt í fjármálunum, sem nú er. Ef ég hef skilið hv. þm. rétt, þá álítur hann þó eins og ég, að full þörf sé á að fá rýmri fjárráð í þessum efnum, en telji ástandið bara ekki leyfa það nú. Ég tel að ástandið í fjármálunum sé ekki slæmt og tel glæsilegar vonir

fram undan. En hins vegar skal ég ekki fara út í það nú.

Þá vildi ég enn fremur segja örfá orð við hæstv. landbrh., og þykir mér leitt, að hann skuli ekki vera viðstaddur. Hæstv. ráðh. hefur aðallega borið það fyrir sig, að búið hafi verið að semja um málið við myndun núv. ríkisstj., eins og það var lagt fram. Ég vil benda á, að núv. stjórn var mynduð áður en búnaðarþing var haldið. Mér finnst því, að það hefði verið eðlilegra, að hæstv. landbrh., sem einnig er form. Búnaðarfélagsins, hefði sagt búnaðarþingi frá því, að búið væri að semja um málið, eins og það lá fyrir, og hefði þannig losað Alþ. við það að fá samþ. frá búnaðarþingi um hækkun á þessari upphæð. Ég veit ekki betur en að flokksbræður hæstv. landbrh. séu í meiri hl. á búnaðarþingi, og hefði því hæstv. ráðh. áreiðanlega getað sannfært búnaðarþing um það, að það þyddi ekki að senda Alþ. áskoranir sem þessar.

Forseti (ÞÞ): Ég skal lýsa yfir, að áður en til 3. umr. kemur, þá verður málið tekið til athugunar í landbn., og verða ábendingar hv. 1. þm. Reykv. þar teknar til athugunar.

Pétur Magnússon: Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hæstv. landbrh. sagði hér. Hann gerði aths. út af því, sem ég hafði sagt varðandi starfssvið sjóðsins. Hæstv. ráðh. sagði, að ef féð reyndist of lítið, þá væri varhugavert að færa út verksvið sjóðsins, en annars væri þess full þörf að lána til þeirra framkvæmda, sem ætlazt væri til, að ræktunarsjóður lánaði til. Það er síður en svo, að ég sé að vefengja það, að ekki sé full þörf að lána til kaupa á landbúnaðarvélum, til þess að auka bústofninn og til fleiri hluta, sem ætlazt er nú til, að ræktunarsjóður hafi með að gera. Ég hef aðeins nokkrar efasemdir varðandi það, hvort rétt sé að hafa sömu lánsstofnunina, sem láni til þessa alls. Ég álít, að ræktunarsjóður eigi ekki að veita áhættulán. Í þessu sambandi má benda á, að starfssvið sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans var hugsuð einmitt með það fyrir augum, að hún veitti lán til líkra, nauðsynlegra framkvæmda og um ræðir í 4. gr. frv. En nú er verið að keppa að því að gera Búnaðarbankann að verzlunarbanka. Það er harla lítið samræmi í því að gera Búnaðarbankann að verzlunarbanka á sama tíma og því er haldið fram, að ekki sé nægilegt fé til að lána til nauðsynja landbúnaðarins. Þetta er líka lítið í samræmi við það, sem maður heyrir um, að verzlunin eigi að dragast saman, en framleiðslan að aukast. Þá hélt hæstv. landbrh. því fram, að frv. á þskj. 105 væri óbreytt, frá því fyrrv. ríkisstj. Þar það fram hér í fyrra. Þetta er misskilningur. 9. gr. þess frv. og 8. gr. nú eru að orðalagi mjög ólíkar. Ég hirði ekki um að lesa gr., en þetta getur hver maður séð, sem vill. Þær eru eiginlega ekkert líkar þessar tvær gr. Ég hafði gert fyrirspurn um það, hvernig ræktunarsjóður ætti að útvega lán með svona lágum vöxtum. Hæstv. landbrh. svaraði því til, að nú stæði fyrir dyrum að gera eignakönnun og ríkissjóður fengi þá fé handa á milli, sem mætti verja í þessu skyni. Ef þetta er hugsunin, og hún er alls ekki óskynsamleg, þá sé ég ekki, hvers vegna verið er að fara í kringum þetta. Því er ekki sagt, að ríkissjóður eigi að lána þetta? Hæstv. ráðh. minntist á það aftur, að um það hefði verið samið, að þetta frv. næði fram að ganga eins og það var á síðasta þingi. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að þetta frv. er nú að ýmsu leyti mjög í öðru formi en þá. En hvað sem því líður, þá útilokar það ekki, að það ber að laga þá ágalla, sem á frv. eru. Það er ekki ætlunin hjá mér að gera stórkostlegar efnisbreyt. á því. Hv. frsm. n. hefur lýst yfir, að frv. verði tekið til athugunar og lagfært fyrir 3. umr., og sætti ég mig við það. En ég get ekki stillt mig um að geta þess til, að jafnorðhagur maður og hæstv. forseti hefði, áður en málið kom til 2. umr., lagfært 8. gr., ef hann hefði skilið hana.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 849,1 felld með 9:3 atkv.
3.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 849,2 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, StgrA, ÁS.
nei: BK, GJ, GÍG, HV, JJós, LJóh, PZ, PM, BSt, BBen, ÞÞ.
3 þm. (EE, HermJ, SÁÓ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Jafnvel þótt ég telji þörf á hærri upphæð en þeim 10 millj. kr., sem gert er ráð fyrir í frv., er það sú upphæð, sem samkomulag hefur náðst um milli stjórnarflokkanna, og segi því nei.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Þar sem stjórninni hefur síðan í dag bætzt nýr stuðningsmaður, sem er 2. þm. N-M. (PZ) — en hann telur sig núna stuðningsmann stjórnarinnar, sem hann taldi sig ekki í dag —, vísa ég til grg. hans og segi sem góður stuðningsmaður stjórnarinnar nei.

8.—18. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 136. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 138. fundi í Ed., 20. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 804, 895).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. hefur samkv. loforði mínu við 2. umr. komið saman og athugað þetta frv., og hlýtur hún að játa, að það fer betur á og er skilmerkilegra að draga saman 8. gr. og fella niður sum atriðin, sem eru villandi, og er sammála að breyta gr. svo, að hún verði samkv. þskj. 895. Í raun og veru er ekki um verulega breyt. að ræða, heldur er óljóst orðalag fellt niður.

Við 9. gr. eru svo felld niður í fyrri málsgr. þessi orð: „Ef stofnfé hrekkur ekki til lánveitinga.“ Það atriði töldum við ekkert vafamál að fella úr, jafnvel þó að það yrði til þess, að frv. yrði aftur að fara til hv. Nd. og jafnvel að komast í hættu, sem ég vona nú samt, að ekki komi til, þó að þessi breyt. verði gerð hér. Og efnisbreytingu er í raun og veru ekki verið að gera á frv. með þessari brtt.

Ég hef svo ekki meira að segja í þessu máli, en

vil óska þess, að hv. þdm. fylgi n. í því að hafa frv. skýrara og ljósara og greiði atkv. með henni og samþykki þessa brtt.

ATKVGR.
Brtt. 895,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 895,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Sþ., 21. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 905).
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Hv. Ed. hefur gert lítils háttar breyt. við frv. frá því, sem það var afgr. héðan. Breyt. eru við 8. og 9. gr. frv., og er hvorug þeirra efnisbreyting á ákvæðum frv. Hygg ég, að mér sé óhætt að lýsa því yfir fyrir hönd landbn., þótt þar hafi ekki verið haldinn fundur um málið nú, að hún geti fyrir sitt leyti fallizt á þessar brtt. Mælir hún með því, að frv. verði endanlega samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 905.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 929).

---

78. Hafnargerðir og lendingarbætur (frv. HermJ).

Á 121. fundi í Ed., 22. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur (þmfrv., A. 683).

Á 122. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu um þetta mál, þó að grg. sé stutt. Það er á vitund allra hv. þm., að ég hygg, að þessir 2 staðir, Borðeyri og Óspakseyri, eru verzlunarstaðir fyrir allstórt umdæmi, og að talsvert mikið af vörum er flutt til þessara staða og frá þessum stöðum. Það hefði ef til vill þótt eðlilegra að taka þessa staði báða upp í l. um hafnargerðir og lendingarbætur, er þau voru sett á s. l. ári, því að þessir hafnarstaðir eru það mikið notaðir, að það hefði mátt teljast eðlilegt, en þetta varð ekki fyrir þá sök, að ekki var gengið eftir því frá hlutaðeigendum, og það stafaði af því, að á báðum stöðunum eru hafnir góðar.
Það, sem þyrfti að gera þarna, er að byggja stuttar bryggjur til þess að gera framskipun og uppskipun ódýrari en nú er, en hún er mjög dýr eins og er. Menn voru í vafa um það af fyrri reynslu, að hægt væri að láta bryggjur standa þarna, vegna þess að nokkuð mikið ísrek er inn á Hrútafjörðinn, en menn hafa nú í samráði við vitamálastjóra gert sér vonir um, að hægt verði að byggja þarna bryggjur með góðum árangri, án þess að þær skemmist, og það ásamt þeim áhuga sem vaknaður er fyrir því að byggja þarna bryggjur til þess að gera flutninga að og frá þessum stöðum ódýrari, veldur því, að málið er upp tekið. Það eru áskoranir frá báðum þessum stöðum, sem liggja til grundvallar því, að málið er flutt. Ég geri mér vonir um, að báðir þessir staðir fáist teknir upp í l., því að öll sanngirni virðist mæla með því, að þessir staðir verði þeirra hlunninda aðnjótandi, sem aðrar hafnir njóta samkvæmt lögunum.
Það mun teljast eðlilegt, að þetta mál fari til sjútvn., og vil ég óska þess, að því verði vísað þangað að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 125. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 683, n. 746).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Eins og nál. sjútvn. ber með sér, hefur n. athugað frv. og er sammála um, að frv. nái fram að ganga. Ég skal geta þess, að einn nm., hv. 1. þm. Reykv., var fjarstaddur vegna veikinda, þegar n. afgreiddi málið.
Okkur nm. virtist það sjálfsagt, að þessar hafnir yrðu teknar inn í hafnarlögin, jafnvel frekar en ýmsar, sem þar eru. Borðeyri er ein elzta verzlunarhöfn á landinu, og er þar ágæt höfn, en skilyrði vantar til þess að afgreiðsla skipa sé þar þægileg, og því er það sanngjarnt, að hún fái styrk frá hinu opinbera til hafnarbóta. Höfnin þarna er ein af beztu höfnum landsins, en bryggjur skortir. Mér er ekki kunnugt um það, hvort skilyrði eru þarna það góð, að þægilegt sé um skipaafgreiðslu, en bátabryggju er fullkomlega sanngjarnt, að hið opinbera styrki.
Um hinn staðinn, Óspakseyri, er mér miður kunnugt. En ég geri ráð fyrir, að þar séu svipuð skilyrði og á Borðeyri. Þar er höfn góð. Þetta er í stuttum og djúpum firði og skilyrði í alla staði hin beztu.
Það mun hafa verið fyrir vangá eina, að þessar hafnir féllu út í fyrra, þegar hafnarlögin voru til umr., og sjálfsagt að bæta úr því nú.
En svo er það auðvitað á valdi fjárveitingavaldsins á hverjum tíma, hvenær fé verður veitt til þessara framkvæmda, en ekki er ástæða til að ræða það nú. En svo sem ég áður sagði, eru nm. allir sammála um, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 126. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 122. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 124. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 134. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 135. fundi í Nd., 21. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 683, n. 898).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Því miður hefur það farið svo, að þetta mál hefur tafizt hér nokkuð lengi, því að sjútvn., sem um þetta mál hefur fjallað, hefur það fyrir reglu að gæta aðeins á málaskrána eftir því, hvernig málin standa þar, en þetta mál hefur af einhverjum ástæðum aldrei farið á málaskrána, og hefur því dregizt um 10 daga að afgreiða málið þaðan. — Hér hefur aðeins verið bætt inn tveim höfnum, og er önnur þeirra a. m. k. á stað, þar sem kaupstaður hefur verið svo að segja frá landnámstíð, þ. e. Borðeyri. N. hefur ekkert við þetta að athuga og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og þá verður þessi töf væntanlega ekki að neinu tjóni.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 136. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 932).

---

79. Síldarverksmiðja á Norðausturlandi.

Á 38. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:
Frv. til l. um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness (þmfrv., A. 221).

Á 40. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Nd., 15. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það má öllum ljóst vera, að vaxandi aukningu síldveiðiflotans hlýtur að fylgja sú nauðsyn, að síldarverksmiðjur séu í samræmi við það, svo að unnt sé fyrir veiðiflotann að losa veiðina sem fljótast og á heppilegustum stöðum. Verksmiðjurnar þurfa að vera þannig staðsettar, að not verði að öllu veiðisvæðinu. Það sjónarmið hefur nú verið ráðandi í aðalatriðum. Yfirleitt hefur stefnan verið sú að hafa sem flestar verksmiðjur nálægt miðju veiðisvæðinu, en síðan dreifðar verksmiðjur til beggja handa, og loks myndarlegar verksmiðjur austast og vestast við veiðisvæðið. Um miðhluta og vesturhluta þessa svæðis má telja þetta viðunandi eins og sakir standa, en ég tel óhætt að slá því föstu, að við austurhluta veiðisvæðisins sé alger vöntun verksmiðju. Þessu frv., ef að l. verður, er ætlað að ráða nokkra bót á því. Það er vitað, að á hverju sumri er allmikil síld sunnan Langaness allt suður í Héraðsflóa, og stundum frá fjarðarbotnum út til hafs. Þetta veiðisvæði hefur ekki verið notað sem skyldi að undanförnu. Nærri því er aðeins ein lítil verksmiðja með örfá viðskiptaskip. Afleiðingin hefur orðið sú, að veiðiflotinn hefur hyllzt til að stunda veiðar á öðrum svæðum nær verksmiðjum, þótt síld væri austan eða sunnan Langaness, og er það eðlilegt. Fram að þessu hefur vöntun verksmiðju austan Langaness ef til vill ekki valdið miklu aflatjóni fyrr en í sumar. Flotinn hefur ekki verið meiri en það, að hann hefur haft nægilegt svigrúm norðan Langaness. Þó er vitanlegt, að síldin er sjaldnast dreifð jafnt um allt veiðisvæðið og fleiri eða færri skip hafa oft orðið að sækja hana austur fyrir Langanes. En þar er óhentugt um losun af fyrr greindum ástæðum, og enn fremur er oft erfitt í vissum áttum að sigla hlöðnum skipum norður fyrir Langanes til verksmiðjanna þar. Það er gamalt og nýtt áhugamál Austfirðinga, að reist verði síldarverksmiðja sunnan Langaness. En það er ekki aðeins áhugamál þeirra. Atvikin hafa nú hagað því þannig til, að hingað til hafa aðrir staðir orðið fyrir valinu, er byggðar hafa verið síldarverksmiðjur, og ekki þýðir að sakast um liðið. Austfirðingar hafa í þessu, eins og mörgu öðru, orðið að ástunda þolinmæði, og ekki má það víst teljast kvörtunarefni, því að þolinmæði er talin fögur dyggð. En ég ætla, að rás viðburðanna hafi nú gripið svo inn í málið, að um sameiginlega þörf allra, sem síldveiði stunda, sé að ræða varðandi byggingu síldarverksmiðju á þessum slóðum. Og það má fullyrða, að á annan hátt en þann, sem hér um ræðir, verði veiðisvæðið austan eða sunnan Langaness ekki nýtt á viðunandi hátt. Það verður ekki afsakað lengur, að skapa þar ekki viðunandi skilyrði í þessu efni. Við austfirzkir þm. hér í d. teljum á því höfuðnauðsyn, að verksmiðjan verði byggð nú þegar, og í því skyni höfum við lagt þetta frv. fram. Við gerum ráð fyrir því í frv., að það verði hlutverk ríkisstj. í samráði við stjórn síldarverksmiðja ríkisins og með aðstoð sérfróðra manna að ákveða verksmiðjunni stað, eftir að sömu aðilar hafa lát-

ið rannsaka, hvar hún verði heppilegast sett með tilliti til veiðisvæðisins og annarra aðstæðna. Við leggjum til, að ríkisstj. verði heimilað að taka allt að 10 millj. kr. lán til framkvæmdanna. Ég ætla mér hér ekki að rökræða þá áætlun hér, því að á þessu stigi málsins, meðan veltur á 5—10 þúsund mála verksmiðju, liggur ekki neitt fyrir, sem nánari rökræða um kostnað gæti byggzt á. Ég sé svo ekki í rauninni ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Við flm. væntum, að hv. d. taki þessu máli vel og ég óska, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Þótt ég taki hér nú til máls, er það að sjálfsögðu ekki tilgangur minn að leitast við að hindra, að mál þetta gangi til n. og hljóti alla þinglega meðferð. Ég skal heldur ekkert um það segja á þessu stigi málsins, hvort rétt muni að reisa þessa verksmiðju. Það kann vel að vera full þörf á því. En það er annað í þessum síldarverksmiðjumálum, sem ég verð að drepa á hér við 1. umr. þessa máls, og það er sú aðferð Alþ. að ákveða með lögum, að verksmiðjur skuli settar á hina og þessa tilgreinda staði, eins og t. d. Húsavík, Sauðárkrók, og ég hygg Hólmavík og ef til vill fleiri staði. L. um síldarverksmiðjur á þessum stöðum eru þegar orðin nokkurra ára. Það eru hreint ekki lítil vonbrigði fyrir staði, sem eru búnir að fá vilyrði Alþ. fyrir því, að ríkið reisi þar fyrir eigin kostnað stórar verksmiðjur, að ekki skuli síðan vera staðið við þessi loforð. Og þetta er því verra sem margt er þá látið ógert á þessum stöðum, sem annars mundi vera gert, eða framkvæmdum hagað með tilliti til þess, að verksmiðjurnar verði reistar, og kostaðar rafveitur, hafnarumbætur og þess háttar, eins og t. d. á Sauðárkróki. Ég tel Alþ. vera komið inn á mjög hættulega braut með þessum lagasetningum um verksmiðjubyggingar, ef það hefur aldrei verið meiningin að reisa verksmiðjurnar, ef þetta á aðeins að vera tálbeita eða snuðtútta fyrir þessa staði.

Það er vitað mál, að undanfarin ár hefur verið unnið að því af alefli á Sauðárkróki, að þar yrði reist síldarverksmiðja. Þar eru nú um 1000 íbúar og höfuðskilyrði fyrir atvinnulífið að fá þar stórvirk atvinnutæki. Á Sauðárkróki hafa menn að vonum fyrst og fremst dregið sig eftir þessari síldarverksmiðju og lagt í stórfelldar framkvæmdir með tilliti til þess. Og það er ekkert einkennilegt, að hreppsfélög sækist eftir að fá verksmiðjur, þar sem ríkið leggur fram allt kapitalið. Og út af fyrir sig álít ég, að það sé stórmál fyrir Alþ. að athuga áhrifin af því að reisa slík atvinnutæki á einum stað á kostnað ríkissjóðs, þar sem þau hljóta að verða nokkurs konar gjöf til viðkomandi staða, á meðan ekkert er gert fyrir atvinnulíf annarra staða. Þessi inngrip ríkisins og misræmi milli staða er stórt mál út af fyrir sig. Þegar verið er að tala hér um síldarverksmiðjubyggingar, vil ég nota tækifærið og beina því eindregið til hv. sjútvn., sem mun fá þetta mál til meðferðar, að hún athugi rækilega öll þessi mál, hvað gert verði í því, sem áður hefur verið lofað. Betra hefði verið að gefa engin vilyrði fyrir verksmiðjum en draga allar framkvæmdir þannig og láta allt vera í óvissu. Viðkomandi staðir draga sig að sjálfsögðu eftir þeim verksmiðjum, sem þeim hefur verið heitið, og miða allt við það. Og það verður áreiðanlega ýtt fast á eftir loforði Alþ. til handa Sauðárkróki, það veit ég. En ef Alþ. ætlar ekki að standa við þessi loforð, þá vil ég einmitt, að það lýsi yfir því í stað þess að halda þessum stöðum á endalausum biðlista, á meðan nýjum verksmiðjum er skotið fram fyrir með nýjum l. Ég geri ráð fyrir, að við þm. Skagf. berum fram brtt. í þessu máli á síðara stigi þess til að fá úr því skorið, hvort Alþ. ætlar að standa við fyrri vilyrði sín um, að síldarverksmiðjur skuli reistar á tilgreindum stöðum, eða neita að standa við þau.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég er sammála hv. 1. þm. Skagf. um það, að það er vanhugsað að taka upp þá aðferð að samþykkja hér mesta sæg af ríkisverksmiðjum, sem eru ekki byggðar strax, en trufla allar aðrar framkvæmdir heima fyrir. Það er enginn vafi á því, að þegar þetta frv. lá fyrir þinginu 1942, en þá var ákveðið að reisa 6 verksmiðjur, en í meðferð þingsins var þessari bætt við, þá var öllum ljóst, að ekki mundu verða tök á því að reisa strax þessar verksmiðjur. Það leið nokkur tími, frá því að þetta var samþ. og þangað til byrjað var að reisa verksmiðjurnar, sem var ekki fyrr en árið 1945 og stafaði af því, að ekki var hægt að fá vélar í Ameríku, og það var ekki fyrr en byrjað var að smíða litlar vélar innanlands, sem verkið var hafið. Var það fyrir forgöngu Siglufjarðarkaupstaðar að tiltækilegt þótti að byrja á þessu.

Þegar í byrjun var ráðizt í tvær verksmiðjur, á Siglufirði og Skagaströnd. Ég býst ekki við, að hægt sé að finna stað, sem útgerðarmenn eru meira sammála um en Skagaströnd, því að eins og kunnugt er, er vestursíldin feit, og í venjulegum síldarárum mundi verksmiðja við Húnaflóa hafa í för með sér stórkostlega breytta útkomu vegna þess, hvað síldin er feit, þannig að sjálfsagt þótti að byrja á Skagaströnd, eins og sakir stóðu. Nú erum við búnir að fá tvö aflaleysisár, og nú telja meira að segja sumir, að síldin sé að hverfa frá landinu vegna einhverra heitra strauma. Við verðum að vona að svo sé ekki. Það hafa áður komið tvö aflaleysisár, án þess að svo illa hafi tekizt til, en ég býst við, að áður en reistar verða stórar verksmiðjur á Norðurlandi verði rétt að sjá, hvernig síldin hagar sér. Ég er því á þeirri skoðun, að ekki sé rétt að leggja út í stórverksmiðjur eins og er. Hitt ættu menn að gera sér ljóst, að á venjulegum tímum er bræðsla á síld ákaflega ill meðferð, vegna þess að á slíkum tímum getum við haft meira upp úr síldinni öðruvísi. Vegna feitmetisskorts eru tímarnir núna óvenjulegir, en við getum haft miklu meira upp úr síldinni með því að salta hana, auk þess sem það veitir fólki mikla atvinnu, og með tilliti til þess verðum við að leggja áherzlu á að geta saltað síldina. Alls staðar þar sem Íslands síld er notuð að marki, þykir hún annarri síld betri, og nú síðast eru fregnir um þetta frá Sovétríkjunum, sem nú hafa í fyrsta skipti keypt Íslandssíld, en þeir álíta hana alveg sérstaklega góða, og sérfræðingar þar fullyrða, að þetta sé bezta síldartegund í heimi. Þeir taka það fram sérstaklega, að þeir álíti það illa meðferð á slíkri síld að nota hana til bræðslu.

Með tilliti til þessa álít ég rétt að stefna að því, að síldarbræðsla verði fyrst og fremst miðuð við

það að gera söltun mögulega, og álít, að miða beri við það á þeim stöðum, sem þegar er búið að samþykkja, sem sé Sauðárkróki, Skagaströnd og Húsavík. En þótt saltað sé á þessum stöðum, þarf líka að vera um bræðslu að ræða, því að skipin fást ekki til að koma inn, nema þau geti látið í bræðslu. Ég hef því látið gera athugun á því, hvort ekki væri hægt að byggja verksmiðjur, sem hægt væri að reka með árangri við hliðina á stóru verksmiðjunum. Það er enn ekki kominn árangur af þessum athugunum, en það eru margir, sem álíta, að hægt sé að byggja verksmiðju tiltölulega ódýrt, sem gæti fullnægt þessari þörf og gæti tekið síldina til söltunar.

Það er enginn vafi á því, að þótt saltaðar væru af síld einar milljón tunnur, er nægur markaður fyrir það, og þó að eftirspurn sé eftir síldarlýsinu, er ég sannfærður um það, að saltsíldin verður enn meira eftirspurð. En til þess að hægt sé að salta svo mikið magn, þurfa að vera möguleikar til þess að reka slíkar verksmiðjur í stórum stíl og minnst á 10 stöðum á Norðurlandi. Ég meina ekki að salta, eins og gert hefur verið, 10 þúsund tunnur alls. Það er of lítið. Það þarf að vera hægt að salta í tunnur í tugþúsundatali. Það hafa verið mest saltaðar á Íslandi 38 þús. tunnur. Það segir sig sjálft, að þetta getur ekki gengið svona, og er útilokað, að hægt sé að drífa upp svona söltun, nema verksmiðjur séu víða um Norðurland, eða alls staðar, þar sem síld veiðist. Síldarsöltun veitir miklu meiri atvinnu en síldarbræðsla og ofan á það kemur svo, að það eru ýmsir möguleikar í sambandi við síldarsöltun. Það er t. d. hægt að koma upp tunnuverksmiðju, sem getur veitt atvinnu yfir vetrarmánuðina, þannig að ég tel rangt að leggja kapp á það að byggja þessar stóru verksmiðjur, en tel, að heldur beri að leggja kapp á að salta Norðurlandssíldina.

Hvað varðar verksmiðju þá, sem um er rætt í frv. því, sem fyrir liggur, þá hagar svo til, að nú er nauðsynlegt að byggja verksmiðju á Norðausturlandi. Á síðustu árum hefur komið í ljós, að ef verksmiðja hefði verið þar, hefði útkoman orðið miklu betri en raun bar vitni um vegna þess, hvað bátunum var erfitt að komast með afla sinn til Eyjafjarðar og Siglufjarðar. Það er skoðun manna, að þessi verksmiðja eigi ekki að vera norðan Langaness, vegna þess að þegar bátarnir eru búnir að fylla sig, er þeim um megn að komast fyrir röstina. Ég held því, að nauðsynlegt sé að mæla með því, að þetta mál sé ekki látið dragast á langinn, vegna þess að það snertir ekki fyrst og fremst Austfirði, heldur síldveiðiflotann í heild. Og síldarútvegur okkar er þannig, að viðbúið er, að ef þarna hefði verið stór verksmiðja, hefði útkoman orðið önnur og betri, eftir því sem síldin hefur hagað sér undanfarin ár, þó að aldrei hafi komið til þess, að þurft hafi að veiða hana á þessum slóðum, því meðan nóg síld er fyrir Norðurlandi, fara skipin ekki austur.

Ég tel því, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, sem ég vil mælast til, að flýtt verði hér í þinginu eins og unnt er.

Steingrímur Steinþórsson: Ég vildi aðeins segja örfá orð. Ég er þakklátur hæstv. atvmrh. fyrir það, að hann viðurkennir, að Alþ. hafi með aðgerðum sínum áður í raun og veru gefið viðkomandi stöðum eindregið loforð. Tel ég þetta mikið vilyrði og vona, að þessir staðir megi búast við að fá innan mjög langs tíma atvinnutæki eins og síldarverksmiðjur. Ég tel líka með þessu viðurkennt af ráðh., að það verði að uppfylla þau loforð, sem Alþ. hefur gefið.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um, að söltun sé haganlegri en bræðsla, en eins og hann tók fram, getur ekki verið um söltun að ræða, nema bræðsla á úrgangssíld geti farið fram. Það gleður mig að heyra, að ráðh. hefur verið að athuga möguleika á því að notfæra nýja tækni við bræðslu síldarinnar, svo að líkur eru til, að hægt verði að bræða úrgangssíldina, þó að ekki verði um stórfellda bræðslu að ræða.

Það hagar vel til fyrir síldarsöltun við Skagafjörð, bæði á Sauðárkróki og einnig á Hofsós, sem liggur mjög vel við, svo að það eru líkur til, að koma mætti á fót söltun á báðum stöðunum, þannig að skilyrði til síldarsöltunar við Skagafjörð virðast vera mjög góð.

Ég vildi aðeins taka þetta fram, um leið og ég legg áherzlu á nauðsynina á því, að þessi héruð fái atvinnutæki, eins og ráðgert hefur verið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 108. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Þessu máli var vísað til sjútvn. fyrir allöngu, og n. sendi það þá til umsagnar atvmrn. og til stjórnar síldarverksmiðja ríkisins. Nú hefur þrátt fyrir eftirgangsmuni ekki tekizt að fá fram þessi álit. Ég skal taka það fram til skýringar, hvað snertir atvmrh., að það mun hafa verið rétt áður en fyrrv. stjórn fór frá, sem þessi beiðni var send til stjórnarinnar til umsagnar, og það er þess vegna skiljanlegt, að hæstv. fyrrv. stjórn hafi ekki unnizt tími til að svara, og eins er skiljanlegt, að hæstv. stjórn, sem við tók, hafi ekki unnizt tími til að taka þetta mál til athugunar, en væntanlega getur hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, verið búinn að athuga það fyrir 3. umr. þess.

Ég hef nokkrum sinnum gengið eftir því hjá stjórn síldarverksmiðja ríkisins að fá álit hennar, og síðast í gær fékk ég loforð um, að álit hennar skyldi sent mjög bráðlega.

Ég segi þetta til skýringar og afsökunar á því, að sjútvn. skuli ekki hafa skilað áliti í málinu enn þá. Okkur fannst það dálítið óvandvirknislegt að skila áliti án þess að hafa leitað umsagnar þessara tveggja aðila. Hins vegar skil ég, að flm. geti ekki sætt sig við, að málið fái ekki afgreiðslu, og veit, að málið er búið að liggja óhæfilega lengi hjá n. Nú, þetta er sem sagt afsökun fyrir því, að n. hefur ekki enn þá gefið út álit. En ég vil segja það sem persónulegt álit mitt, að ég sé ekki neitt á móti því, þó að málið fari til 3. umr. án þess að n. gefi út álit, með það fyrir augum, að n. taki við því aftur og að henni gefist tími til að

gefa út um það álit fyrir 3. umr., en þá verða væntanlega komnar umsagnir frá þeim aðilum, sem ég nefndi.

Áki Jakobsson: Þegar þetta mál var hér til 1. umr., talaði ég í því og taldi það mjög þýðingarmikið, ekki aðeins fyrir þennan landshluta, heldur fyrir síldarútveg okkar í heild, þar sem síldarútvegurinn hefur sýnt, að okkur vantar síldarverksmiðju þarna. Ég vil taka undir það, að málið verði afgr. héðan. Ég býst ekki við, að umsagnir mundu breyta miklu, og býst við, að skoðun n. sé sú, að þetta mál eigi að afgreiða nú, að það eigi að snúa sér að því að byggja þessa verksmiðju, ef það er svo, að síldargöngur séu að breyta sér og síldin að fara meira til Austurlandsins en áður.

Ég mæli því með því, að málið verði afgr., svo það geti gengið áfram hér í þinginu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 114. og 118. fundi í Nd., 15. og 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 119. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 221, n. 668 og 669, 724).

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Ég bjóst við því, að talað yrði af hálfu meiri hl. n.

Sjútvn. hefur haft þetta mál til afgreiðslu og gat ekki orðið sammála um það. Fjórir nm., þeir SkG, FJ, PO og SK, voru á móti því, að frv. væri samþ., en vildu þess í stað breyta því þannig, að það yrði breyt. við l. um nýjar síldarverksmiðjur frá 1942. Ég var einn um það í n. að óska þess, að frv. yrði samþykkt, og áskildi mér rétt til að koma fram með brtt. við það, en nú hefur hv. flm. (HÁ) komið fram með brtt. í þá átt á þskj. 724, og mun hann gera grein fyrir henni.

Á undanförnum tveim árum hefur komið í ljós, að síldargöngur hafa verið óvenjumiklar við norðausturhluta landsins. Þeir, sem kunnugir eru, halda því fram, að í öllum árum sé mikil síld á þessum slóðum, en ástæðan til þess, að sú síld hefur farið fram hjá athugun manna að miklu leyti, er sú, að meðan nóg er af síld á miðsvæðum síldveiðanna við Norðurland, er aldrei leitað austur, en þessi tvö ár hefur verið síldarleysi mikið á venjulegum síldarsvæðum, og þá hefur verið leitað austur með góðum árangri. Bæði þessi ár hefur sú síld, sem þarna hefur fengizt, verið allmikill hluti af síldveiði flotans og sérstaklega minni bátanna, sem gátu hagnýtt sér síldarverksmiðjur ríkisins á Raufarhöfn.

Samkvæmt skýrslu frá síldarverksmiðjum ríkisins telja þær, að venjulega sé um mjög litla síld að ræða á þessum slóðum, en þessi síldarskýrsla er gerð á þann hátt, að skipin gefa skýrslu um, hvar þau hafa tekið síldina, og síðan er þetta merkt á kort. Það er víst, að þegar nægileg síld er fyrir Norðurlandi, fer ekkert skip austur, en þetta sýnir, að síldveiðiskýrslur verksmiðjanna eru ekki einhlítar og því ekki rétt að taka eingöngu tillit til þeirra, þegar taka á ákvörðun um þessa verksmiðju. Það vantar mikið á, að Íslendingar hafi sem skyldi lagt þá rækt við að rannsaka göngur síldarinnar, og ekkert hefur heldur verið að því gert að rannsaka þetta, þótt undarlegt sé, að ekki skuli á hverju einasta vori vera fylgzt með göngu síldarinnar. Síðan flugvélarnar komu, er mjög vel hægt að fylgjast með göngu síldarinnar. Það eru taldar líkur til þess af fiskimönnum, að síld sé nægileg í 30—40 mílna fjarlægð frá ströndum landsins, en flugvélarnar fljúga ekki svo langt, þó að það sé ekki lengra en svo, að skip gætu átt auðvelt með að sækja síldina þangað út. Þetta bendir til þess, að á næsta sumri þyrfti að hafa miklu stærri og fullkomnari flugvélar, og með slíku skipulagi á síldarleitinni væri hægt að konstatera það, hvernig síldin hagar sér. Ég hef það eftir þaulkunnugum mönnum, að þarna sé í öllum árum mikil síld, og ef það er, þá er sjálfsagt að byggja þá verksmiðju, sem frv. fjallar um.

Síldarverksmiðja ríkisins á Raufarhöfn var byggð í því skyni að taka við þeirri síld, sem veidd væri þarna, og hefur hún komið að miklum notum, en fyrir smærri skip, sem veiða sunnan Langaness, er mjög erfitt að komast þangað. Ferðin fyrir Langanes er mjög erfið, og það byggist á því, að skipin eru hlaðin eins mikið og þau geta borið, þannig að þau hafa mikið á dekki, en skip, sem veiða austan Langaness, eiga í þeim erfiðleikum, að þau komast ekki fyrir nesið með slíkan farm, en vitað er, að margir bátar, sem síldveiði stunda, geta ekki tekið nema helming af því, sem þeir geta borið, í lest, þannig að ef þeir geta ekki sett á dekk, þá notast veiðitækin minna en annars. Þess vegna er svo þýðingarmikið að byggja verksmiðju þarna, en stækka ekki Raufarhafnarverksmiðjuna. Ef byggð yrði verksmiðja sunnan Langaness, mundi henni ætlað að taka við síldinni, sem veiðist fyrir sunnan það, en Raufarhafnarverksmiðjan gæti þá tekið það, sem veiðist fyrir norðan nesið, og má telja víst, að hún geti nokkurn veginn annað því, sem kemur til hennar af þeim veiðisvæðum, enda gætu þá stóru skipin farið suður fyrir nesið og líka til verksmiðjunnar á Siglufirði og Skagaströnd, ef hún annaði þessu ekki, þó að þangað sé löng leið.

Mál þetta var sent til umsagnar til stjórnar síldarverksmiðja ríkisins og af stjórnarmeðlimum voru það þrír, sem lögðu til, að frv. yrði felld, þeir Sveinn Benediktsson, Júlíus Havsteen og Erlendur Þorsteinsson. Meiri hl. virðist vera á þeirri skoðun, að ekki sé ástæða til að byggja mikið af verksmiðjum að svo komnu máli. Ef miðað er við tvö síðustu árin, þá má segja það, en hvorugt þetta ár hefði fært okkur eins þungar búsifjar og raun bar vitni um, ef þessi verksmiðja hefði verið komin, þannig að þetta er lítill grundvöllur. Auk þess telja þeir heppilegra að stækka Raufarhafnarverksmiðjuna en að byggja nýja verksmiðju á nýjum stað sunnan Langaness.

Ég hef þegar farið inn á það, að verksmiðja á Raufarhöfn geri ekki sama gagn og verksmiðja sunnan Langaness og vil einnig minna á það, að líka hefur komið í ljós, að Raufarhöfn er mjög óheppilegur staður og að það var af einskærum misskilningi, að þarna var byggð svona stór síldarverksmiðja. Ástæðan til þess, að hún var höfð svona stór, var sú, að þarna hafði verið gömul

síldarverksmiðja, sem útlendingar áttu, og verður ekki annað séð en að stjórn síldarverksmiðjanna hafi skort stórhug til þess að byggja þar, sem ekki hefði verið verksmiðja áður, en þó að verksmiðja væri þarna áður, lágu engin rök til þess að byggja aftur á þessum stað. Hafnarskilyrði þarna eru mjög slæm. Höfnin er að vísu góð, en það er svo erfitt að dýpka hana, að til vandræða horfir. Þegar tankskip koma, þarf verksmiðjan að útbúa alls konar pramma til þess að draga út að skipshliðinni. Það sér hver maður, hvaða fjarstæða það er að hafa svona stóra verksmiðju, þar sem þarf að nota slík vinnubrögð, og þetta, hvað höfnin er lítil og takmarkaðir möguleikar fyrir að dýpka hana, vegna þess að það er klettarani, sem gengur út í hana, gerir það að verkum, að vöruflutningaskip geta ekki komizt að bryggju, nema þau séu sérstaklega valin með það fyrir augum, þ. e. smáskip, en þá verður allur flutningskostnaður að sama skapi dýrari. Þetta eru mistök, vegna þess að verksmiðjustjórnin lét ekki rannsaka botninn, heldur sló því föstu, að þarna væri hægt að dýpka ótakmarkað.

Ég býst við, að rétt hefði verið á sínum tíma að byggja þessa verksmiðju sunnan Langaness — að hún hefði þá komið að meira gagni —, en það þýðir ekki um það að fást. Þarna er verksmiðjan komin, og hún hefur gert mikið gagn. En þessir annmarkar eru til þess fallnir að benda á það að byggja ekki of stóra verksmiðju að óathuguðu máli. Hitt er annað mál, að gott er, að á Raufarhöfn sé einhvers konar verksmiðja, því að þarna úti fyrir er oft síld, þar eð hún leitar oft norður og austur frá landinu.

Minni hl. stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, þeir Þóroddur Guðmundsson og Jón Kjartansson, hefur mælt með því, að frv. verði samþ. og að ákveðið verði að reisa verksmiðju á Norðausturlandi, þegar stjórn síldarverksmiðja ríkisins þykir ástæða til.

Meiri hluti sjútvn. leggur til, að þetta verði breyt. við l. um síldarverksmiðjur frá 1942. Ég verð að segja, að það er einkennileg ákvörðun, sem stafar af því, að stjórn S. R. er yfirleitt á móti því að byggja. Ég gat því ekki fallizt á þá skoðun meiri hl. n. að fela ríkisstj., sem er andvíg málinu, að ráða því, hvenær þessi verksmiðja verður byggð. Ég gat því ekki fallizt á þetta álit eða till. meiri hl. sjútvn., heldur legg ég til, að frv. verði samþ. ásamt brtt. hv. 1. flm. á þskj. 742. Meiri hl. n. er á móti því, að verksmiðjan verði byggð, en telur hins vegar ekkert mæla gegn því, að tiltekið verði í l. um nýjar síldarverksmiðjur, sem samþ. voru 1942 og breyta þyrfti þá um leið, að m. a. skuli verða reist síldarverksmiðja á Norðausturlandi. En eins og allir vita, er þetta engin lausn á þessu máli. Það er sama og fella það. Þetta veit meiri hl. n. Þetta vita allir, að þau l. yrðu aldrei framkvæmd af núv. ríkisstj., sem ekki mun hreyfa hönd né fót til að auka síldarverksmiðjukostinn og er sárgröm yfir því, að síldarverksmiðjunum nýju á Siglufirði og Skagaströnd skuli vera svo langt komið, að ekki sé unnt að stoppa þær. En eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði hér við 1. umr. þessa máls, er það í fyllsta máta ósæmilegt af ríkinu að samþykkja að reisa verksmiðjur á þessum og þessum stöðum, láta fólk síðan vaða þar í villu og blekkingum og bíða eftir verksmiðjum, sem aldrei koma, og miða ýmsar framkvæmdir við loforð í l., sem ekki er efnt. T. d. var 1942 samþ. að byggja síldarverksmiðjur í Skagafirði, Hólmavík og Húsavík, auk verksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd, sem nú hafa verið reistar. Á Sauðárkróki hefur þetta fyrirheit um síldarverksmiðju orkað mjög á það undanfarin ár, hvað gert hefur verið eða látið ógert í því kauptúni, því að menn hafa með réttu þótzt mega reiða sig á l. frá Alþ. En Alþ. hefur brugðizt íbúum þessa staðar, og það er ósæmilegt með öllu að halda nú enn inn á slíka braut. Það er kominn tími til þess í þessum málum, að menn þori að vera opinberlega á móti því, sem þeir eru á móti í hjarta sínu, en reyni ekki að blekkja fólk lengur. Þetta tel ég meginatriði í þessu máli. Ég tel óeðlilegt og ósæmilegt, að meiri hl. sjútvn. afgreiði þetta frv. á þann hátt, sem lagt er til, með fullri vissu um það, að það þýði sama og fella það, þó að það heiti öðru nafni til að blekkja fólk. Meining flm. var aldrei sú að fá þetta að nafninu til inn í einhver eða einhver l., sem aldrei verða framkvæmd. Það veit bæði hæstv. ríkisstj. og hv. dm. hér.

Allir þm. Austfirðinga hafa gerzt flm. þessa frv., og þetta mál er eitt af allra mestu áhugamálum Austfirðinga yfirleitt, enda kemur það glögglega í ljós, þegar athugaðar eru áskoranir þær, sem Alþ. hafa borizt um þetta mál, og má telja, að hvert hreppsfélag fjórðungsins hafi skorað á Alþ. að samþykkja þetta frv. Áskoranir hafa komið frá hreppsnefnd Búðahrepps í Fáskrúðsfirði, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, bæjarstjórn Neskaupstaðar, hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps, bæjarstjórn Seyðisfjarðarhrepps, hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, enn fremur er sams konar áskorun frá verkamannafélaginu Fram á Seyðisfirði, útgerðarmannafélagi Fáskrúðsfjarðar og áskoranir frá fjölmörgum sjómönnum og útgerðarmönnum á Austurlandi og víðar. Þessar undirtektir sýna bezt, hvern hug menn bera til þessa máls þar eystra og hvert kapp þeir leggja á, að það nái fram að ganga. Og ég vil sérstaklega taka það fram, að þegar svo mikill áhugi er fyrir máli, að viljinn má heita einn í heilum landsfjórðungi, og málið er flutt af öllum þm. fjórðungsins, þá er ekki sæmandi að smeygja sér undan því að taka beina ákvörðun í því. Einmitt með tilliti til þess, að vitað er, að ríkisstj. muni ekki ráðast í neinar verksmiðjubyggingar aðrar en þær, sem Alþ. beint fyrirskipar henni, einmitt af þeim sökum er óhjákvæmilegt, að Alþ. taki sjálft afstöðu í málinu. Flm. hafa líka gert ráð fyrir því að nokkru leyti. Þeir báru þetta frv. fram meðan stjórnarkreppan var, og það er miðað við það, að Alþ. taki ákvarðanir og fyrirskipi ríkisstj. framkvæmdir. Ég býst við því, ef horft er yfir atvinnuástandið í landinu, að fá héruð séu verr sett atvinnulega séð en Norðausturland eða sá hluti landsins. Frá því sjónarmiði er þessi verksmiðja þegar gífurlega mikils virði, nema þá þegar sjónarmiðinu er snúið við og talin fjármálaspeki, að ríkið leggi ekki í miklar framkvæmdir, þar sem fátt fólk er fyrir eða ekki mjög þéttbýlt. Þessir menn telja það sóun að byggja dýr atvinnutæki á afskekktum stöðum. En þeim finnst það ekki sóun að láta fólkið ganga atvinnulaust í mörg ár, flýja síðan héruð sín og flykkjast til Reykjavíkur. En ef menn streyma úr sjávarútveginum og flykkjast í störf, sem byggjast á gjaldeyriseyðslu, er stefnt í hreinan

voða. Það er aðeins ein leið til að stöðva þann straum. Það er að byggja atvinnutæki úti á landi, svo að menn sjái sér ekki hag í að koma hingað. Það hafa komið fram hér á landi þröng sjónarmið, þegar menn hafa viljað banna tilflutning manna milli héraða. Hæstv. núv. forsrh. var félmrh., þegar húsaleigulögin voru t. d. sett og tekið upp það nýmæli, að utanhéraðsmenn mættu ekki taka hér íbúðir. Þetta ákvæði kemur nú raunar í bága við stjórnarskrána, þar sem heimilað er atvinnufrelsi.

Umr. frestað.

Á 120. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 221, n. 668 og 669, 724, 742).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. d. hefur haft þetta frv. til athugunar og varð ekki fullt samkomulag um það, hvernig heppilegast væri að afgreiða það.

Til eru l. frá 1942 um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, og samkv. þeim l. hafa nú að undanförnu verið reistar nýjar verksmiðjur, en þó er eftir að reisa nokkrar af þeim verksmiðjum, sem ákveðið er eftir þessum l., að reisa skuli. Þar er gert ráð fyrir því, að síldarverksmiðjur verði byggðar á Sauðárkróki, Hólmavík og á Húsavík, og er þeim framkvæmdum enn ólokið. Meiri hl. sjútvn. telur rétt, þar eð til er á annað borð heildarlöggjöf um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, þá verði sett inn í þau l. nýtt ákvæði um að byggja þessa síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness, svo sem hér liggur fyrir frv. um á þskj. 221. Hefur meiri hl. sjútvn. skilað um þetta áliti á þskj. 669 og breyt. í samræmi við þessa skoðun sína. Ég skal taka það fram, að þótt þessar breyt. verði gerðar á frv., er því engan veginn sleglð föstu, í hvaða röð eigi að byggja þessar verksmiðjur, sem ákveðið er í l. frá 1942, að skuli reisa. Verði það álitið heppilegra að láta þessa byggingu sitja fyrir öðrum sem eru í l. frá 1942, er slíkt á valdi ríkisstj. á hverjum tíma, því að í þeim l. er ekkert ákveðið um það, í hvaða röð þær framkvæmdir skuli gerðar.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, nema tilefni gefist frá hv. minni hl. sjútvn., og leyfi mér að vísa til nál. meiri hl. á þskj. 669.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 121. og 122. fundi í Nd., 5. og 6. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á síðari fundinum, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Í gær veitti ég því athygli, að á dagskrá hv. d. stóð m. a.: Frv. til l. um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi, 3. umr., atkvgr. Er því augljóst, að hæstv. forseti hefur látið umr. vera lokið síðastliðinn föstudag. Mér kom þetta undarlega fyrir sjónir og vil leyfa mér að láta í ljós óánægju mína út af þessari málsmeðferð. Ég er einn af flm. málsins og á brtt., sem ég átti eftir að fara nokkrum orðum um. Ég hafði einnig ætlað mér að ræða brtt. hv. meiri hl. sjútvn. og átti eftir að lýsa því yfir við hv. deild, að við flm. frv. mundum eftir atvikum telja það viðunandi afgreiðslu á málinu, að till. meiri hl. sjútvn. væri samþ., ef jafnframt væri samþ. brtt. mín á þskj. 742.

Þegar mál þetta var tekið fyrir til 3. umr. s. l. fimmtudag, þá var umr. fljótlega frestað sökum þess, að frsm. hv. meiri hl. sjútvn. var fjarverandi, og kaus ég þá að bíða með að ræða málið, þar til það yrði aftur tekið fyrir og hv. meiri hl. sjútvn. hefði gert grein fyrir sínum till.

Ég var lasinn síðustu daga vikunnar og rúmliggjandi. Ég gerði ráðstafanir til þess, að hæstv. forseti fengi að vita þetta fyrir föstudagsfundinn, en skal játa, að ég lét engin sérstök boð fylgja um, að ég óskaði þess, að málið yrði ekki þann dag tekið til umr., því að af framangreindum ástæðum gekk ég út frá því sem sjálfsögðu. Mér er það ljóst, að þetta hefur ekki nein áhrif á framgang málsins, en vil, að þetta komi fram og að ég undrast þessa málsmeðferð, sem ég tel, að stafi af einhverri vangá hjá hæstv. forseta. — Um leið og ég kvarta undan þessu, sé ég jafnframt ástæðu til að þakka hæstv. forseta fyrir þá augljósu velvild til málsins, sem komið hefur fram í því, að hann hefur gert það, sem unnt hefur verið, til að hraða afgreiðslu málsins í þessari hv. d., eftir að hv. sjútvn. hafði loksins skilað áliti um málið.

Forseti (BG): Ég vil upplýsa út af ummælum hv. 2. þm. N-M., að forseta voru ekki tilkynnt forföll vegna veikinda. Annað hef ég ekki að segja í þessu sambandi en að reynt er að hraða þingmálum, er svo er liðið á þingtímann, og meir en á öndverðu þingi.

Á 123. fundi í Nd., 7. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 742 samþ. með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, JPálm, JörB, KTh, LJós, ÓTh, PÞ, SigfS, SG, SEH, BG.

nei: StgrSt, ÁÁ, EmJ, GSv, JóhH, JS, PO, SK, SkG, StJSt greiddu ekki atkv.

8 þm. (FJ, GÞ, GTh, HB, HermG, IngJ, JJ, SB) fjarstaddir.

Brtt. 669,1, svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

— 724 tekin aftur.

— 669,2—4 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed. með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Á 128. fundi í Ed., 8. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 780).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 138. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 780, n. 880, 869, 871, 872).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta mál var borið fram í Nd. og lagt fram á þskj. 221 í desember s. l. Málið hefur tekið nokkrum breytingum, eins og sést á þskj. 780, eftir 3. umr. í Nd. Aðalbreyt. er þó í því fólgin, að undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar skuli lokið á árinu 1947 og byggingaframkvæmdir hafnar 1948. Sjútvn. hefur rætt þetta mál mjög ýtarlega og mun hafa kvatt til sín meiri hl. stjórnar síldarverksmiðjanna til að ræða við hana um málið, og birtist hér sem fskj. á þskj. 880 bréf, sem síldarverksmiðjustjórnin ritaði til n. Þótti hér rétt að láta það fylgja með. Fskj. 2 er yfirlit yfir móttekna síld hjá síldarverksmiðjum ríkisins árin 1939—1940, vegna þess að n. þótti rétt að láta þessi gögn koma fram í málinu og geymast sem þskj., hvernig sem fer með afgreiðslu málsins hér.

Ég vil taka það fram, að í l. frá 1942 er ákveðið að reisa nokkrar síldarverksmiðjur, sem enn hafa ekki verið reistar, m. a. síldarverksmiðju á Húsavík, Sauðárkróki, Hólmavík, og að stækka síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn. Er m. a. gert ráð fyrir, að á Raufarhöfn sé reist 5 þús. mála verksmiðja auk þeirrar sem fyrir er. Þar mun vera verksmiðja, sem getur brætt 6 þús. mál á sólarhring.

Það þykir ef til vill dálítið einkennilegt að bera fram frv. um að reisa nýja 5 þús. mála verksmiðju þar sem ekki hefur unnizt tími eða tækifæri til að reisa þær verksmiðjur, sem ákveðið er í l. Það hefur við athugun komið skýrt fram, að í minni hl. sjútvn. hefur ekki verið óskað eftir, að það væri farið lengra í þessu ákvæði nú en að bæta inn í þau lög að reisa eina verksmiðju til á svæðinu, sem tiltekið er á þskj. 780, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins, og skal ég ekki ræða það hér að sinni. En það eitt út af fyrir sig er ekki frá mínu sjónarmiði fullkomin lausn á því máli, sem hér er talið vera mest aðkallandi. Það er einmitt að marka þá stefnu, að á Austurlandi verði komið upp nýrri síldarverksmiðju áður en byggðar eru þær verksmiðjur, sem þegar eru í lögum.

Verkefni síldarverksmiðjanna hljóta að verða tvenns konar. Annars vegar er að gera útflutningsvörur verðmætar á hverjum tíma og er eðlilegt, að verksmiðjustjórnin vilji helzt hafa verksmiðjurnar þar, sem mest síldarmagnið er og að öðru leyti einnig mest magn af verðmæti úr síldinni, eins og lýsi og mjöli. Þess vegna hefur hún einnig lagt áherzlu á, að verksmiðjur yrðu byggðar þar, sem síldveiðin er bezt. En það er, eins og vitað er, frá Húnaflóa og norðaustur undir Langanes. Hins vegar er annað verkefni síldarverksmiðjanna í landinu kannske engu minna, og það er að dreifa iðnaðinum nokkuð um landið, en halda honum ekki í einum hnapp, eins og hefur kannske verið of mikið gert að. Og þetta ræður að mestu því sjónarmiði, sem hér hefur komið fram hjá meiri hl. sjútvn. Það er sjálfsagt og eðlilegt, að sá fjörður, sem vitað er um, að hefur síldveiðaskilyrði, kannske mjög góð, a. m. k. fullkomlega í meðallagi, en í öðru lagi hefur orðið útundan slíkri atvinnugrein á undanförnum árum, fái að njóta þessa atvinnuvegar. Þetta sjónarmið hefur fyrst og fremst ráðið því hjá mér, að ég hef fallizt á, að rétt sé að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. þm. N-Þ., hefur lagt mjög mikla áherzlu á það að færa takmarkið að Rifstanga, þannig að ekki verði útilokað að setja verksmiðju á Raufarhöfn og Þórshöfn. Í sambandi við þetta vil ég benda á það, sem mjög var haldið fram í sjútvn., að meðan ekki er uppfyllt sú áætlun að koma upp nýrri 5 þús. mála verksmiðju á Raufarhöfn, sé ekki ástæða til að víkka þetta svæði út, til þess að sá staður geti fallið undir þessi lagafyrirmæli. Sama má segja um Þórshöfn, að meðan ekki hefur verið komið upp þeim verksmiðjum, sem ætlað er að koma upp á Raufarhöfn, sé ekki ástæða til þess sérstaklega að taka þann stað inn, enda er það mín skoðun, að það eigi að staðbinda verksmiðju á Austfjörðum og þá alveg sérstaklega á Seyðisfirði. Veldur þar tvennt um, annars vegar, að hann er nokkuð miðsvæðis á því svæði, þar sem engin síldarverksmiðja er nú, en þar er sæmilega gott veiðisvæði fyrir utan, og hins vegar, að þar eru sérstaklega góð hafnarskilyrði. Það mundi þurfa sáralítinn tilkostnað til að koma upp nauðsynlegum hafnarmannvirkjum til þess að geta starfrækt slíka verksmiðju, sem hér er um að ræða. En þessu er ekki til að dreifa á Þórshöfn né Vopnafirði, og verður heldur ekki í raun og veru sagt um Norðfjörð. Eins og hafnarmannvirki eru þar nú, er þar ekki eins mikil kyrrð eins og þyrfti að vera, þar sem löndunartæki eru notuð, eins og gert er almennt fyrir síldarverksmiðjurnar. Verksmiðjustjórnin leggur raunverulega á móti því, að verksmiðjan sé byggð eða undirbúin til byggingar á þessu eða næsta ári, og kemur það til af því, að hún álítur réttara að sjá, hvernig fer um afkomu ríkisverksmiðjanna næstkomandi síldarvertíð. Veiðist mikið af síld og hafi verksmiðjurnar góða afkomu, vill verksmiðjustjórnin taka þetta mál til athugunar á ný, en ekki binda sig við að þurfa að framkvæma það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þetta er háttur hinna varfærnari manna, og ekkert við því að segja. Síldarverksmiðjustjórnin vill staðbinda þessa verksmiðju fyrst og fremst, þá sem fyrst er byggð, á svæðinu, sem gefur bezta veiði og bezt magn af olíu og lýsi úr síldinni. Það er einnig skoðun fjármálamanna og skoðun hinna ríku og hagsýnu. En þegar það er athugað um leið, að verkefni síldarverksmiðjustjórnarinnar er tvíþætt og hinn þátturinn engu veigaminni, að dreifa iðnaðinum, þá ber einnig að líta á þá hlið málsins engu að síður en þá, sem ég hef lýst og virðast aðalrök hjá stjórn síldarverksmiðja ríkisins fyrir því, að ekki skuli ráðast í að staðbinda verksmiðjuna á Austfjörðum. Nú er það alveg ljóst, að slíkt mannvirki þarf mjög mikinn undirbúning. Nýlega hefur verið rætt um það mál á Alþ., hve gífurlega hinar nýju verksmiðjur á Siglufirði og Skagaströnd hafa farið fram úr áætlun. Og enginn vafi er, að ákaflega mikið af mistökunum þar stafar beinlínis frá undirbúningsleysi. Mér er kunnugt, að það þarf lengri tíma til undirbúnings en menn gera nú ráð fyrir — að velja staðinn, framkvæma dýptarmælingar í sambandi við hafnarmannvirki, leita tilboða um vélar og gera ýmsar jarðrannsóknir til athugunar á því, hvernig bezt skuli komið upp mannvirkjum og hvar bezt að byggja, gera teikningar af verksmiðjunni og framkvæma útreikninga. Þetta þarf allt að liggja fyrir, áður en verkið er framkvæmt. Þó að

það sé sagt, að byggingarframkvæmdir skuli hafnar á árinu 1948, kann svo að fara, að það verði ekki hægt, vegna þess að nauðsynlegum undirbúningi er ekki lokið, sem frv. ætlast til, að framkvæmdur verði á þessu ári. Ég sé þó ekki ástæðu til að gera brtt. vegna þessa og senda málið þar með til Nd. nú undir þinglokin, sem gæti orðið þess valdandi, að málið strandaði. Það er að sjálfsögðu á valdi þess ráðh., sem fer með þetta mál, að flýta undirbúningi svo mjög sem unnt er, einnig að stöðva framkvæmdir, þar til hann hefði lagt fyrir síldarverksmiðjustjórnina annars vegar og Alþ. hins vegar, hvort það væri fjárhagslega skynsamlegt að fara út í þessar framkvæmdir. Þess er vænzt, að ráðh. láti fara fram fullkomna athugun á því, hvort hafizt skuli handa um byggingu, og láti ekki byrja, fyrr en þessi undirbúningur hefur verið gerður nákvæmlega. Það mun koma í ljós, að sé sá háttur hafður á, verður verkið miklu ódýrara en þau mannvirki, sem flanað hefur verið út í og ekki hugsað um annað en koma þeim einhvern veginn á stað, eins og virðist hafa verið um þær tvær verksmiðjur, sem byggðar voru nýlega.

Ég tel svo mikils virði fyrir afkomu þjóðarbúsins annars vegar og öflun erlends gjaldeyris hins vegar að koma sem flestum verksmiðjum upp í landinu og dreifa þeim sem mest, og þess vegna eigi þetta mál að ganga fram á þessu þingi. Við þessar umr. hefur það komið fram, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins telur, að fitumagn síldar fyrir Austurlandi sé mjög miklu lægra en fyrir Norðurlandi, svo að nemi jafnvel 4 kílóum á mál af lýsi. Það kann vel að vera rétt, miðað við beztu síld á Norðurlandi. En það út af fyrir sig mælir ekki á móti síldarverksmiðju á Austurlandi. Meðan ekki veiðist síld fyrir Norðurlandi, verður flotinn að sjálfsögðu að sækja hana austur, ef hún fæst þar, og þannig hefur það oft verið undanfarið. Verður þá að flytja þessa síld, sem er miklu magrari en Norðurlandssíldin, til verksmiðja í Norðurlandi, og mundi það verða óhagstæðara en að geta komið henni í verksmiðju á Austurlandi. Í öðru lagi getur svo farið, að engu lakara verði fyrir báta á Austurlandi að gera út við þá verksmiðju á því svæði, þó að síldin sé magrari. Má benda á, að Færeyingar hafa staðbundið sig um Seyðisfjörð, hvað síldina snertir, og koma sum skip þeirra með allt að 12 þús. mál, þó að mjög léleg skip séu. Enn er athugandi fyrir stjórn síldarverksmiðjanna, hvort ekki er sjálfsagður hlutur að hafa sér rekstrarreikninga og rekstraruppgjör fyrir hverja verksmiðju og miða síðan verð síldarinnar við það, sem hægt er að greiða á hverjum stað, en taka ekki meðalverð, eins og nú er gert yfir allt landið. Ég tel ekki, að það sé rétt að láta þá menn, sem veiða á beztu veiðisvæðunum, endilega þurfa að bera uppi rekstrarhalla á öðrum svæðum, enda mun það verða meir til að knýja þau iðjuver til þess að komast nokkurn veginn af sjálf fjárhagslega, ef þau vissu, að ekki væri staðið undir rekstrarhalla þeirra eða miðlað til þeirra frá öðrum verksmiðjum. En þetta er mál út af fyrir sig.

Ég hef þá gert grein fyrir afstöðu meiri hl. n., sem leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég vænti þess, að d. fallist á þá till.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Þegar fyrst byrjaði síldariðnaður á Norðurlandi, voru stöðvar stofnaðar við Siglufjörð og Eyjafjörð. Þá mun hafa verið lítil trú á, að um verulega síld væri að ræða miklu austar. Það mun hafa verið rétt að farið að byrja á þessum stöðum — líka með tilliti til þess, sem hv. frsm. tók fram, að það er gömul og ný reynsla, að síldin er yfirleitt feitari á vestursvæðinu en austursvæðinu. Það var ákaflega lítil trú á austlægara svæðinu þar til nokkru seinna, að Norðmenn reistu litla verksmiðju á Raufarhöfn og byrjuðu þar síldariðnað. Það kom þá í ljós, að það var oft mikil síld og engu minni á svæðinu við Melrakkasléttu og þar austan við en á svæðinu vestan við. Fyrir þennan skort á þekkingu á síldargöngum austarlega við Norðurland var eingöngu reynt að sjá fyrir verksmiðjuþörfinni á miðsvæðinu og vestursvæði síldveiðanna. Á þingi 1932 flutti ég frv. um það, að ríkið keypti þessa norsku verksmiðju á Raufarhöfn, því að þá var svo komið, að eigendur voru að verða gjaldþrota og gátu ekki haldið rekstrinum áfram. Þessu var ekki vel tekið. Mikill meiri hl. á þingi var á móti, og frv. var látið daga uppi. En 3 árum seinna, að ég hygg á þingi 1935, höfðu augu manna svo mjög opnazt fyrir nauðsyn þess að fá verksmiðju austur þar til þess að grípa til, þegar lítil síld var úti fyrir Norðurlandi, en mikil austar. Gekk því málið svo greiðlega gegnum Alþ., að ríkið keypti þessa litlu verksmiðju á Raufarhöfn. Við það, að ríkið byrjaði á að reka þessa verksmiðju, opnuðust augu manna enn betur fyrir því, að þarna var mikil nauðsyn að auka verksmiðjuafköstin. Leiddi það til þess, að 1940 var hafizt handa um byggingu nýrrar síldarverksmiðju á Raufarhöfn með 5 þús. mála afköstum í viðbót við þessa gömlu, norsku verksmiðju. Þetta var gert fyrir ákaflega eindregin meðmæli eða kröfu sjómanna, sem oft urðu að sækja veiði austur fyrir Sléttu, þegar síld var ekki fáanleg vestar, og voru menn að vonum óánægðir með að fara með hana til Siglufjarðar. Síðan hefur verksmiðjan starfað, og við það að stækka hana mikið, hefur síldveiðiflotanum gefizt tækifæri að nota veiðina á austursvæðinu miklu meir en áður, og hefur það orðið til ómetanlegs hagræðis og skapað stórum aukinn gjaldeyri fyrir íslenzku þjóðina, því að það að sigla með síld frá Þistilfirði og austar svo langt vestur hefði verið bæði feikileg tímatöf og orðið til þess oft og tíðum að eyðileggja vöruna, auk þess sem þetta er mikil eldsneytiseyðsla og í sumum tilfellum hættuleg leið fyrir sökkhlaðin síldarskip, þegar vont er í sjó. Fyrir austan Langanes er oft mikil síld.

Ég held menn geti verið sammála um, að sæmilega sé nú séð fyrir vinnsluþörfinni á miðsvæðinu og vestursvæðinu og engin ástæða sé að bæta þar við. Að þessu leyti er ég algerlega sammála hv. flm. og öðrum, sem talað hafa fyrir því, að verksmiðjuafköstin á Norðausturlandi væru aukin. Þess vegna hef ég skrifað undir þetta nál. Hins vegar skrifaði ég undir með fyrirvara og kem þá að því, að hann gildir lítils háttar breyt. á svæðinu, sem þessari verksmiðju er ætlað að starfa fyrir. Ég legg til, að í stað orðanna „sunnan Langaness" komi „austan Rifstanga". Þetta felur í sér möguleika fyrir Raufarhöfn og Þórshöfn að vera með. Með því að þekking á síldargöngum við Austurland er tiltölulega takmörkuð, álít ég breyt. til mikilla bóta. Það væri alveg skakkt á þessu stigi málsins að útiloka Þistilfjarðarhöfn frá að koma til greina

sem staður fyrir nýja síldarverksmiðju. Það gengu s. l. sumar miklar sögur um nóga síld djúpt út af Norðausturlandi, miklu dýpra en síldveiðiskipin fóru. Má vera, að þetta sé rétt. En ég álít, að áður en því er skilyrðislaust trúað, sé réttara að láta fara fram nýja athugun á þessu. Það mun nú ákveðið, að sérstakt skip verði haft til að annast síldarleit einmitt á þessu svæði, bæði út frá Austfjörðum og á öllu svæðinu út af Norðausturlandi. Ég álít þess vegna langt um heppilegra að slá ekki föstu á þessu augnabliki, hvort verksmiðjan verði reist sunnan Langaness eða norðan, því að ef kæmi í ljós við rannsókn og sennilega mjög auknar síldveiðatilraunir á þessum slóðum, að þar væri um litla síld að ræða, hygg ég það mundi koma nokkuð til álita að flytja frá þessum stað.

Hv. frsm. taldi eitt af því, sem líta þyrfti á við staðsetningu slíkrar verksmiðju, hver væri atvinnuþörf þess fólks, sem á þessum stöðum byggi. Ég vil alls ekki neita því, að taka megi eitthvert tillit til þess. Hins vegar álít ég, að fyrst verði það sjónarmið að ráða, hvar verksmiðjan er bezt staðsett fyrir síldveiðiflotann í heild. Og á þessu augnabliki álít ég of snemmt að slá því föstu. Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem stefna að því að byggja 5 þús. mála verksmiðju á Raufarhöfn í viðbót, ætlist til, að hún sitji fyrir öllum öðrum framkvæmdum á þessu sviði. Að vísu er ekkert nefnt um það í þessum l. En verksmiðjustjórnin hefur ótvíræða heimild til að byrja framkvæmdir þar, ef hún telur það rétt. Ég álít bara, að slík verksmiðja sé ekki nægilega stór fyrir alla þá veiði, sem á austursvæðinu getur komið, þegar síldarlaust er vestarlega og næg síld austur frá. Annars getur Þórshöfn líka komið til greina. Er álíka langt þangað og til Raufarhafnar fyrir skipin, sem stunda veiði kringum Langanes. Á Þórshöfn er léleg höfn, en hana stendur til að bæta, og líður vonandi ekki á löngu, þar til þær framkvæmdir verða. En sá staður hefur alla aðstöðu betri á landi en Raufarhöfn. Þar er mjög byggilegt og feikimikil ræktunarskilyrði fyrir verksmiðjufólkið. Vatnsleiðsla er þar nægileg og ágæt.

Það leggja nú sumir mikið kapp á að fá þessa verksmiðju sunnan Langaness. Virðist mér þeir ekki sýna alveg eins góða trú á málstaðnum með því að vilja slá þessu föstu nú. Ég hef nú talað nokkur orð fyrir till. minni, og vona, að hv. d. taki þessi rök til greina. En ég lýsi yfir, að þó að till. mín verði felld, mun ég samt sem áður greiða atkv. með frv., því að vegna síldveiðanna í heild og aukningar á gjaldeyri, sem ég hygg, að leiði í ríkum mæli af aukningu verksmiðja við Norðausturland, álít ég, að ekki megi fresta framkvæmdum á byggingu einhverrar verksmiðju á þessum slóðum austur frá.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 880 með fyrirvara, og minn fyrirvara er að finna í brtt. á þskj. 871. Það var mjög velt vöngum um þetta mál í virðulegri sjútvn., og mér kom ekki á óvart ræða hv. frsm. Hygg ég, að hún hafi verið sá bezti rökstuðningur fyrir þeirri till., sem ég flyt, því að hans skoðun á málinu er sú, að það eigi ekki að leggja svo mikla áherzlu á að byggja þarna verksmiðju, eins og til er ætlazt, með undirbúningi á yfirstandandi ári og hefja framkvæmdir á næsta ári. Ég hygg, að meiri hl. n. hafi í raun og veru verið þessarar skoðunar, enda kemur það fram í till. okkar, min og hv. 1. þm. Reykv., að við teljum ekki rétt, eins og stendur, að fyrirskipa ríkisstj. eða verksmiðjustjórn, sem mundi inna þetta starf af höndum, án þess að á undan færi fullkomin athugun á því, hvort þetta er kleift. Það varð sú breyt. á þessu, að frsm. n. og form. hefur tekið þann kostinn að vera með frv., eins og það liggur fyrir og með því orðalagi, sem á því er, að hefja framkvæmdir á árinu 1948. Hins vegar er vitanlegt, að sjútvn. Nd. vildi ekki ganga lengra en það að setja inn í síldarverksmiðjul., að það skuli taka inn verksmiðju sunnan Langaness á Norðausturlandi með 5000 mála vinnslumöguleikum. Gegn þessu hefur stjórn verksmiðjanna lagt fram allþung rök, sem sjá má sem fskj. í nál. sjútvn., og ýmis önnur rök, sem ekki koma þarna fram, en komu fram í viðræðum við meiri hl. verksmiðjustjórnar á fundi n. En hvað sem því líður, þá skil ég það vel, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins vill vera mjög varfærin í því að ráðast í fleiri verksmiðjubyggingar, eins og sakir standa, fyrr en séð er á þessu sumri, hvernig síldarvertíð kemur til með að koma út. Eins og kunnugt er, hvílir nú sá baggi á verksmiðjunum að standa undir afborgunum og greiða vexti af ekki minna en 50 millj. kr., og vitanlega verður þessi baggi að leggjast á útvegsmenn og sjómenn, sem síldveiðar stunda, og þar af leiðandi hefur það áhrif á síldarverðið. Þessi gífurlegi kostnaður, sem orðinn er við að byggja síldarverksmiðjur, hlýtur að stafa af tvennu: Lækkuðu meðalverði á síld án hagnaðarmöguleika fyrir þá, sem hafa gamlar verksmiðjur, og ódýrar verksmiðjur, sem skapa þetta almenna verðlag og borga ekki verð til þeirra, sem kaupa síld. Það eru þessi rök, sem gera það að verkum, að við þm. viljum vera mjög varfærnir í þessum efnum að reisa nú fleiri verksmiðjur að lítt athuguðu máli. Ég skal fúslega viðurkenna, að það er ekki nema eðlilegt, að Austfirðingafjórðungur óski þess, að þar verði reist verksmiðja. Þar er vaxandi útvegur með skipum, sem stunda síldveiðar, og hver fjórðungur vill vera sem næst sínum heimastöðvum til þess að geta afsett afla sinn. Nú er það svo, að það er talið, að vinnslugeta allra verksmiðjanna, sem nú eru til og eiga að verða til fyrir næstu síldarvertíð, nemi um 70 þús. málum á dag, og ef við reiknum með 40 vinnsludögum á síldarvertíð, þá eru þetta upp undir 3 millj. mála, sem hægt er að veiða á flotanum. Þeir í verksmiðjustjórninni færa rök fyrir því, að skipakostur landsmanna sé ekki nú meiri en það, að verksmiðjurnar þurfi hans full not. Þetta eru þau rök yfirleitt, sem hníga að því, að menn vilja vera varfærnir í þessum efnum. Ég skal líka geta þess, að síld er misjafnlega verðmæt eftir því, hvar hún veiðist. Síld austan Langaness hefur minna fitumagn en síld, sem veidd er á Húnaflóa. Nú segi ég ekki, að það eigi að hverfa frá því, þó að síldin sé magrari á þessum slóðum, að reisa verksmiðju á þessum stað, því eins og hv. þm. N-Þ. benti á, þá hefur reynslan af verksmiðjunni á Raufarhöfn verið svo góð, að síldarafli landsmanna mundi mörg árin hafa verið mjög miklu minni, ef hennar hefði ekki notið við, og ég var á sínum tíma stuðningsmaður þess, að Raufarhafnarverksmiðjan væri keypt. Nú er meiningin hjá ríkisstj. og verksmiðjustjórn, að jafnvel fyrsta aukningin verði einmitt stækkun verk-

smiðjunnar á Raufarhöfn, og það væri ekki óeðlilegt, þó að Raufarhafnarverksmiðjan væri stækkuð upp í 10 þús. mál.

Eins og sagt hefur verið, þá er þessi till. um síldarverksmiðju fram komin til þess að reyna að skapa atvinnulíf á þessum stöðum. Í öðru lagi vilja þeir, sem eiga skipin á þessum stöðum, gjarnan losna við síldina ekki mjög fjarri sínum heimastöðvum. Ég lít svo á, að það sé ekki nema einn staður á Austurlandi, sem eigi að koma til greina. Það er Seyðisfjörður. Sá staður hefur sjálfgerða höfn, og ætti því að verða lítill kostnaður við hafnarmannvirki. Þar er góð bryggja, svo að þar er hægt að leggja að skipum til þess að losna við síldina, og í öðru lagi er þar vatnsleiðsla og rafmagnsveita. Nú er hugsun mín sú, að rannsakaðir séu allir möguleikar í sambandi við byggingu slíkrar verksmiðju, í fyrsta lagi, hvaða líkur eru til, að hægt sé að reka slíka verksmiðju með góðum árangri, að hún skili því, sem aðrar verksmiðjur geta skilað, með nægilegu vinnslumagni, og annað, sem hv. þm. N-Þ. minntist á, að það er ekki hægt að taka eitt ár til marks um það, hvar vinnslumagnið liggur frá ári til árs. Því hefur verið haldið fram, að órannsakað sé austurhafið milli Noregs og Íslands og þar sé um mikla síldveiði að ræða, sem ekki hafi verið notuð. Ég álít, að rannsókn eigi að fara fram á því, hvað mikið sé upp úr þessu leggjandi að leita eftir síld á þessum austurslóðum. Sú skýrsla, sem hér liggur fyrir um veiðina á Austurlandi, sýnir ekki rétta mynd af síldveiðunum þar. En meðan ekki liggur fyrir þessi athugun, tel ég ekki rétt að fara að byggja 10—15 þús. mála verksmiðju. Ég þykist nú hafa fært nokkur rök að því, hvers vegna ég flyt þessa brtt. á þskj. 871.

Lárus Jóhannesson: Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er flutt í Nd. af þm. úr Austfirðingafjórðungi og var samþ. þar í því formi, sem það liggur hér fyrir, af yfirgnæfandi meiri hl. dm. Þó að þetta mál sé flutt af þm. úr Austfirðingafjórðungi, og þeir hafi lagt niður, meðan málið er fyrir Alþ., allan ágreining um það, hvar væntanleg síldarverksmiðja eigi að vera, þá er þetta mál langtum víðtækara. Það er mál alls landsins og alls síldarflotans. Síldveiðarnar eru nú orðnar svo mikill þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að það má segja, að þær séu einn af aðalatvinnuvegunum og sá atvinnuvegur sem hvað tryggasta sölu hefur á afurðum sínum. En eins og kunnugt er, hafa allar þær síldarverksmiðjur, sem fyrir eru, verið staðsettar á Norðurlandi, sem er ekki nema eðlilegt. En nú er þannig háttað okkar landi og okkar veðráttu, að menn ættu ekki að vera búnir að gleyma því, að það geta komið fyrir þau ár, að allt Norðurland sé lokað af hafís, og hvert á þá sá stóri síldarfloti að snúa sér með afurðir sínar. Eins og kunnugt er, þá byggðust Austfirðirnir aðallega í kringum 1880—1890 og urðu að kaupstöðum, aðallega vegna síldveiða, sem þar voru. Einmitt þessi ár, sem Austfirðir voru að byggjast, voru hafísar fyrir Norðurlandi. Þá var síld inni í hverjum firði og flóa þar, og var ekki til þess komið, að það væri farið að reka neinar verksmiðjur á Norðurlandi. Þetta getur vel komið fyrir aftur. Það verða engar fregnir sendar þar á undan, svoleiðis að þó að aðeins væri litið á byggingu síldarverksmiðju fyrir austan Langanes sem tryggingarráðstöfun fyrir þennan mikla flota, sem yrði atvinnulaus, ef hafís kæmi, þá er það forsvaranleg ráðstöfun, jafnvel þó að verksmiðjan hefði ekkert annað að gera en að vera til tryggingar fyrir flotann, á sama hátt og menn tryggja eigur sínar. En af þessum ástæðum er það, að ég vil mæla á móti till. hv. þm. N-Þ., sem staðsetur verksmiðjuna, af því að ég álít fullkomna nauðsyn á því, að síldarverksmiðjan verði einmitt fyrir sunnan Langanes. En það er svo langt frá því, að ég haldi það, að síldarverksmiðja á Austurlandi þurfi að standa auð og vera einungis sem tryggingarráðstöfun. Ég er sannfærður um það, að hún út af fyrir sig mundi bera sig vel og veita sjómönnum, útgerðarmönnum og þjóðinni í heild bæði gróða og tryggingu. Það er sem sé kunnugt, að íslenzkir sjómenn hafa yfirleitt ekki fengizt til að halda sig á austurmiðum, þó að þar sé meiri og minni síld á hverju vori. Það virðist svo, að síldin sé að breyta göngu sinni og liggi austlægar nú en verið hefur.

Það hefur verið lagt hér fram bréf frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins, þar sem hún mælir á móti, að lagt verði út í þessa verksmiðjubyggingu. Ég verð nú að álíta, að þetta bréf sé eingöngu frá meiri hl. stjórnarinnar, því að bréfið ber það með sér, að till. var samþ. með 3:2 atkv. Það er sem sé vitað, að 2 af 5 stjórnarnefndarmönnum verksmiðjanna eru meðmæltir því, að frv. þetta nái fram að ganga, og ég verð að segja, að þær ástæður á móti því, sem færðar eru fram í bréfinu, eru að mínu áliti ekki veigamiklar. Fyrsta ástæðan er það, að reynsla sú, sem fengizt hafi af rekstri síldarverksmiðjanna í Neskaupstað og á Seyðisfirði, bendi eindregið til þess, að ekki sé hægt að láta slíka verksmiðju bera sig á þessum slóðum. Ég verð að halda á móti því, að þetta sé rétt, og ég álít, að síldarverksmiðjustjórn hefði sem minnst átt að tala um reynsluna af síldarverksmiðjunni á Norðfirði. Eftir því sem mér er sagt af kunnugum, þá var reist slík síldarverksmiðja þar, og hún komst í fjárþröng eins og mörg fyrirtæki þá og var yfirtekin af landsbankanum og rekin með góðum hagnaði í 2 ár. Svo keypti síldarverksmiðjustjórn hana til að selja hana. Um síldarverksmiðjuna á Seyðisfirði er það að segja, að eftir að hún kemst í hendur manna, sem kunnugir voru þessum málum, þá hefur hún borið sig vel öll þessi ár, og ég vil vekja athygli á því, að í þá verksmiðju hafa ekki lagt upp önnur skip en færeysk skip, sem hafa miklu verri útbúnað en íslenzk skip. En þrátt fyrir það að skilyrði til móttöku fyrir austan voru verri en á Norðurlandi, þá hefur útkoman orðið sú síðustu 3 árin, að meðalafli þessara skipa hefur orðið meiri en meðalafli sambærilegra skipa, sem skipt hafa við síldarverksmiðjur ríkisins. Meðalafli þessara skipa hefur verið:

Hjá Seyðisfjarðarverksmiðjunni.

Árið 1944	meðalafli	12244	mál
— 1945	—	3126	—
— 1946	—	5323	—

Hjá síldarverksmiðjum ríkisins:

Árið 1944	meðalafli	10323	mál
— 1945	—	1465	—

Það er því ýmislegt, sem bendir til þess, að þessi síldarverksmiðja geti borið sig, a. m. k. ekki síður en aðrar verksmiðjur, og það er einmitt það, sem

ég vil sérstaklega benda á, að undanfarin síldarleysisár munar þetta miklu á meðalaflanum. Þá má benda á það til þess að sýna, að þessar tölur eru miklu óhagstæðari síldarverksmiðjum ríkisins en Seyðisfjarðarverksmiðjunni, að þessi skip, sem þarna veiddu, hafa ekki þau þægindi, sem önnur skip hafa, t. d. að leitað var eftir síld með flugvélum.

Það er alveg óhætt fyrir hvaða síldarverksmiðjustjórn, sem er, að vera bjartsýn, þegar Austurlandið er annarsvegar, því að í grein, sem Árni Friðriksson skrifaði nýlega í Ægi, heldur hann fram, að sú síld, sem átti að gera aðalveiðina s. l. ár, hafi haldið sig norðar og austar en gert var ráð fyrir, og hann hefur snúið sér til verksmiðjustjórnarinnar og lagt til, að flogið yrði austur frá Langanesi, eins langt og þurfa þætti, til að leita síldar á djúpinu, og einnig norður af landinu, einkum austan til. Þessu hefur þó ekki verið sinnt. Þó er það vitað, að í júnímánuði er alltaf mjög mikil síld í hafinu milli Færeyja og Íslands, en það hefur ekki verið reynt að veiða hana. En nú loks er mér sagt, að fyrir forgöngu Hafsteins Bergþórssonar útgerðarmanns eigi að senda senda skip til að athuga þessar síldargöngur. Þá er einnig vitað, að vetrarsíld er á hverju ári í fjörðunum, og að árin 1931—33 var hún mjög mikil. Torfurnar voru svo þykkar, að lagnet sukku, ef þau voru lögð út, mestan hluta vetrar á sumum fjörðum, en síldin kom ekki að neinum notum. Þá er loks vitað, að togarar, sem hafa verið við veiðar austur af Lónsbugtinni, hafa stundum fyllt vörpur sínar af síld, svo að vitað er, að síld er við botninn síðsumars og á haustin út af Austurlandi. Ég held því, að flest rök mæli með því, að ráðizt verði í þessa byggingu og það sem fyrst.

Hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara og vilja draga úr fyrirskipuninni um að byggja þessa verksmiðju. Ég hef ekki getað fallizt á, að vægar verði orðað í frv. en það kom frá Nd., og er það sérstaklega vegna afstöðu síldarverksmiðjustjórnar. Ég á við, að eins og meiri hl. hennar hefur tekið á þessum málum, sé nauðsynlegt, að fyrir liggi bein fyrirskipun Alþ. En hitt er svo vitanlega annað mál, að þó að lagt sé fyrir að byggja verksmiðju 1948, en fé er ekki fyrir hendi, t. d. ef síldveiði bregzt eða eitthvað kemur fyrir, þá er hægt að leggja þessa ákvörðun undir endurskoðun þingsins aftur. Því hefur verið haldið fram og það sjálfsagt með nokkrum rétti, að fitumagn síldarinnar sé minna á austursvæðunum en vestursvæðunum. Þetta kemur náttúrlega að sök, þegar lýsi er nú í töluvert hærra verði en síldarmjöl. En ég man eftir því, að í skýrslu, sem verksmiðjustjórnin sendi okkur til athugunar, þar sem yfirlit var yfir lýssissölu og mjölsölu, að þá var a. m. k. eitt árið mjölið í helmingi hærra verði en lýsið.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta núna, en vildi mælast til þess, að d. samþykkti frv. óbreytt, eins og það kom frá Nd.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að flytja brtt. við frv. það, sem nú er til umr. á þskj. 869. Legg ég þar til, að síðari málsl. 1. gr. frv. verði felldur niður, þ. e. a. s. að ríkisstj. eða stjórn síldarverksmiðjanna verði eigi gert að skyldu að hafa lokið undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar á árinu 1947 og ekki sé heldur gert að lagaskyldu að hefja framkvæmdir á árinu 1948. Ég þarf í raun og veru mjög lítið um þessa breytingu að segja, því að 1. landsk. hefur í grg. fyrir sinni brtt. jafnframt gert grein fyrir, á hverju mín till. er byggð. Sannast að segja er mjög veigalítill munur á þessum tveim brtt., og ég mun að sjálfsögðu, svo framarlega sem mín brtt. verður felld, greiða atkv. með till. hans og læt mér raunverulega í léttu rúmi liggja, hvor till. verður samþ.

Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi bæta við það, sem hv. 1. landsk. tók fram í sinni ræðu. Ég verð að láta þá skoðun í ljós, að það orki a. m. k. nokkurs tvímælis, hvort Íslendingum sé nú brýnust þörf á auknum síldarverksmiðjum. Hv. 1. landsk. sagði, að afköst verksmiðjanna mundu verða kringum 70 þús. mál, og ég held, að afköst séu frekar yfir það á sólarhring en undir. Á síðustu árum hafa verið byggðar a. m. k. þrjár verksmiðjur, auk þess sem afköst nokkurra verksmiðja hafa verið aukin, og heildarafkastaaukning síðustu þriggja ára er því mjög mikil, svo framarlega sem þær vonir rætast, sem gerðar hafa verið um afköst nýju ríkisverksmiðjanna — og líklega er ekki ástæða til að véfengja, að þær vonir muni rætast.

Mér er að sönnu ljóst, að þó að afköst verksmiðjanna séu milli 70 og 80 þús. mál á sólarhring, þá getur komið fyrir í mjög skörpum síldarhrotum, að einhverjar tafir verði á affermingu skipanna, en hins vegar er ég á þeirri skoðun, að það sé hæpin hagfræði að ætla sér að gera afköst síldarverksmiðjanna svo mikil, að aldrei kæmu fram löndunartafir við þær. Það má ekki gleyma því, að síldarverksmiðjurnar kosta mikið fé, og það var réttilega fram tekið hjá hv. 1. landsk., að því meiri skuldabaggar sem lagðir eru á verksmiðjurnar, þeim mun lægra verð fá sjómenn og útgerðarmenn hlutfallslega fyrir framleiðsluna, því að aldrei verður hjá því komizt, að árlega sé greitt það, sem tilskilið hefur verið og vextir og afborganir af lánum, sem á hvíla. Eins og hann tók fram, mun lánið nema yfir 50 millj. kr., þegar búið er að fullgera nýju verksmiðjurnar. Þótt ef til vill megi segja, að vextir og afborganir af 50 millj. kr. sé ekki svo mjög þungbært, meðan síldarafurðir haldast í því verði, sem nú er, þá ætti hver maður að geta séð í hendi sér, að ef afurðir falla í það normala verð, sem mun vera eitthvað kringum 15 sterlingspund fyrir tonnið af síldarlýsi og eitthvað lægra fyrir mjölið — ef afurðir falla í þetta, getur hver maður séð, hve voðalegur baggi það er fyrir verksmiðjur og eigendur að standa undir 50 millj. kr. láni. Ég held því, ef eitthvað á að horfa fram í tímann, þá sé tryggilegast að gefa síldarverksmiðjunum tækifæri til þess að lækka verulega þær skuldabyrðar, sem á þær hafa verið lagðar.

Það er á það bent, að síldveiðiflotinn hafi stækkað, og það er vitanlega rétt. Bæði hefur skipum fjölgað og þau skip, sem síldveiðar stunda, eru stærri og afkastameiri en þeir bátar, sem við fram að þessum tíma höfum orðið að notast við. En það liggja engin óræk rök fyrir því, að meðalafköst verði eins mikil, þegar nótum fjölgar eins mikið og raun hefur orðið á. Það má vel vera, að munur á meðalafköstum verði mikill, þegar sjór er svartur af síld frá Horni til Langaness, og þá geri ég ekki ráð fyrir, að skipti miklu máli, hvort

150, 200 eða 300 skip stunda veiðar. En þegar síld er á takmörkuðum svæðum eins og venjulega, veldur það því, að meðalafköst skipa minnka verulega þegar mjög stór floti þyrpist að. En ef þessi yrði raunin á, hygg ég, að óhætt sé að fullyrða, að engin óyggjandi rök séu fyrir því, að þau afköst, sem þær síldarverksmiðjur gefa, sem í notkun eru, verði ekki nægileg í allri venjulegri veiði. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að við megum einnig varast það — og láta þá vítin verða til varnaðar — að gera atvinnurekstur vorn of einhæfan. Við megum minnast þess, að þegar þorskveiðin var svo að segja eina atvinnugreinin, sem bar uppi utanríkisverzlunina, þá var þröngt fyrir dyrum hér. Og eins og er, þá er síldarbræðslan orðin svo veigamikill þáttur í atvinnulífi okkar og farin að yfirganga flestar aðrar greinar atvinnulífsins svo mjög, að það getur orkað tvímælis, hve lengi á að halda áfram á þeirri braut. Við munum þá tíma, þegar síldarlýsið var komið í 9 £ tonnið og síldarmálið í 30 kr. Og þó að við óskum þess að sjálfsögðu, að við eigum ekki eftir að lifa þá tíma upp aftur, þá höfum við enga tryggingu fyrir því, að það geti ekki endurtekið sig. Ef það kæmi fyrir og með þeirri þenslu, sem nú er á öllum sviðum þjóðlífsins, þá býst ég við, að það gæti haft sömu afleiðingar fyrir okkur eins og þegar þorsk- og saltfiskverðið féll á sínum tíma úr öllu valdi. Það er eins og það vilji gleymast, sérstaklega þegar vel árar fyrir einhverja atvinnugrein, að í þeim flestum eru miklar sveiflur, og þó að ein atvinnugrein sé álitleg og gefi góðar vonir um arð í ár, er ekki víst að svo verði árum saman. Og ég verð að segja það, að mér finnst því ekki hafa verið nægur gaumur gefinn nú á undanförnum árum, og er mér fullljóst, að við mikla örðugleika er að stríða, að notfæra síld á annan veg en þann eina að búa til úr henni lýsi og mjöl. Það er vitað, að íslenzk hafsíld, sem veiðist hér, er betur fallin til söltunar en líklega nokkurs staðar annars staðar í heiminum, og því er ömurlegt til þess að hugsa, að saltsíldarframleiðslan skuli ekki vera nema lítið brot af framleiðslu hjá öðrum, nálægum þjóðum, sem mikið hafa verið við veiðar nálægt okkur. Ég held, að við ættum, eins og sakir standa, að beina huganum meira að því að auka saltsíldarframleiðsluna og fá nýja markaði fyrir saltsíld og kynna hana í þeim löndum, sem ekki kunna að notfæra sér hana, heldur en halda áfram þeirri gegndarlausu þenslu í verksmiðjuiðnaðinum. Við höfum verið svo lánsöm að koma saltsíldinni á nýja markaði að undanförnu, markaði í fjölmennum löndum, sem án efa gætu notað alla okkar saltsíld, ef hún er seld hæfilegu verði, þó að framleiðsla hennar væri margföld við það, sem nú er. Erfiðleikar á undanförnum árum hafa fyrst og fremst legið í því, að erfiðlega hefur gengið að útvega síldartunnur, en ekki af því að dregizt hafi að selja framleiðsluna, einnig hefur framleiðslan orðið dýrari hjá okkur en góðu hófi gegndi.

Ég skal nú ekki fara að rekja þau rök, sem komið hafa fram, bæði frá stjórn síldarverksmiðjanna og frá einstökum þm. gegn því, að síldarverksmiðja verði byggð austanlands. 1. landsk. hefur tekið fram það, sem ég tel ástæðu til að nefna, og vil ég ekki endurtaka það, sem hann sagði um það. Þrátt fyrir það að margvísleg rök hafa verið lögð fram gegn þessu, hef ég ekki viljað setja mig móti því, að heimild sé í l. til þess að reisa verksmiðju einhvers staðar á Austurlandi. Mér er ljóst, að óskir héraðsbúa á þessum svæðum um að fá síldarverksmiðju eru skiljanlegar, og má vera, að ekki liggi fyrir enn þá sú rannsókn á þessu máli, að hún hafi leitt í ljós með neinu öryggi, að ekki geti verið réttlátt að reisa verksmiðju á þessu svæði. Hins vegar eru rök, sem hafa komið fram fyrir því, að verksmiðju ætti að byggja austanlands, næsta veigalítil, og vil ég í þessu sambandi benda á, að höfuðrökin, sem hv. þm. Seyðf. færði fram fyrir nauðsyn á síldarverksmiðju á Austurlandi, nálgast það að vera brosleg. Hann talaði um, að fyrir hefði komið, þó að það hefði ekki verið síðustu áratugi, að Norðurland lokaðist af hafís. Vissulega getum við ekki fullyrt, að það komi ekki fyrir. Það mun hafa komið fyrir oftar en einu sinni, að hafís væri landfastur fram á höfuðdag. En ég er ákaflega hræddur um það, að þó að 5 þús. mála verksmiðja kæmi á Seyðisfirði, yrði síldveiðiflotinn með 250—300 nótir litlu bættari fyrir það. Þau afköst skipta tæplega neinu teljandi máli fyrir útgerðina eða þjóðarheildina. En á þessu stigi málsins virðist mér það nægilegt að veita ríkisstj. og stjórn síldarverksmiðjanna heimild til að reisa verksmiðju á Austurlandi, ef eftir nákvæma athugun þætti skynsamlegra og arðvænlegra fyrir landið í heild sinni og fyrir atvinnureksturinn, sem hér um ræðir, að svo yrði gert. En að leggja skyldur á þessa ríkisstofnun um að auka skuldirnar, sem þegar eru of háar, í dýrtíðinni og verðbólgunni með því að byggja verksmiðju fyrir 10—20 millj. kr., álít ég ekki verjanlegt. Og þótt mér, af ýmsum ástæðum, hefði verið kærara að geta stutt að þessu máli, þá verð ég að segja eins og er, að vegna sannfæringar minnar í þessu máli, hef ég ekki treyst mér til að gera það. Ég verð að segja, eins og er, að þeir, sem hafa beitt sér fyrir þessu máli, geta fullkomlega sætt sig við þá lausn, sem ég og hv. 1. landsk. höfum stungið upp á. Þeir ættu að geta treyst því, að hafizt yrði handa svo fljótt sem fært þætti um að byggja verksmiðju á Austurlandi, svo framarlega sem einhverjar athuganir á þessu máli leiddu í ljós, að það þætti hyggilegt. En framar skilst mér, að þeir eigi heldur ekki kröfu.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það hafa komið fram ýmis rök móti því hér að ákveða í l. byggingu verksmiðju á þessu svæði og taka fram beint í l., að undirbúningur skuli hafinn og byggingarframkvæmdir hafnar á næsta ári. Ég sé ekki, að ákaflega mikill eðlismunur sé, hvor till. sem verður samþ. Ég held, að við þurfum ekki að líta langt til baka til að fullvissa okkur um, að daglega eru samþ. hér l., þar sem ríkissjóður er bundinn milljónaframkvæmdum og jafnvel án þess, að það sé tekið upp í fjárlögin. Það liggja hér frv. um að leggja 500 þús. í þetta eða hitt, og m. a. eitt frv., sem ætlazt er til, að verði að l., þar sem ákveðið er, að 500 þús. eigi að leggja í ákveðið fyrirtæki næstu 10 árin, hvort sem nokkur möguleiki er til þess eða ekki. Frá því sjónarmiði sé ég ekki, að síldarverksmiðjur ríkisins eða hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma sé meira bundin af þessum fyrirmælum, ef framkvæmd er ógerleg, en af mörgum öðrum, sem gerð eru í sambandi við ýmis önnur mál. En þetta er það eina, sem tryggir, að eitthvað

verði gert og það verði a. m. k. hafizt handa um undirbúning. Það má segja, að þetta verði alveg eins gert, ef samþ. er till. minni hl. n. En þar liggur sú hætta í, að þá nái málið sjálft ekki fram að ganga. Þessi till., sem hér kom fram, breytir þó enn frv. og á kannske ekki nægilegu fylgi að fagna í Nd., til þess að frv. verði þannig samþ. þar, og þá kemur frv. hingað aftur og dagar svo upp, áður en þingi lýkur. Það er þetta, sem vakir fyrir mér, þegar ég vil ekki leggja til, að breyt. sé gerð á frv. Einnig legg ég mjög upp úr því, að þegar verði hafizt handa um rannsókn á, hvar verksmiðjan skuli standa og hver kostnaður muni verða. Það er að vísu ætlazt til, að gert verði, eftir till. minni hl. En það er enn meiri áherzla lögð á það, að því verði hraðað, ef framkvæmdir eru ákveðnar 1948. Ég get ekki hugsað mér, að neinn ráðh. taki á sig þá ábyrgð að láta þjóta í framkvæmdir á árinu 1948, nema því aðeins að málið sé gerhugsað og gerundirbúið, eftir þá sorglegu reynslu, sem fengizt hefur í þessu máli, sem raun ber vitni um á Skagaströnd og Siglufirði. Þá er það alveg sama frá mínu sjónarmiði í höndum framkvæmdarvaldsins, hvort frv. fer í gegn eins og lagt er til af meiri hl. eða með þeim breyt., sem minni hl. ætlast til, að gerðar verði. Hitt er annað mál, og um það má deila, að ef frv. þetta væri samþ. eins og það var afgr. frá hv. Nd., þá gengi þessi verksmiðja fyrir þeim, sem þegar eru fyrir í l., en ef till. minni hl. er samþ., þá segir þar ekkert um, að þessi verksmiðja skuli ganga fyrir, heldur aðeins, að tæknilegum undirbúningi skuli lokið eins fljótt og unnt er.

Ég tel, að ýmis rök hnígi að því, að byggja skuli verksmiðjuna. Í fyrsta lagi er, að því stærra sem veiðisvæðið er, því betra, og við byggingu 5000 mála verksmiðju stækkar veiðisvæðið raunverulega, þ. e. a. s. möguleikarnir fyrir flotann til að nota stærra veiðisvæði verða meiri en ef notazt væri eingöngu við verksmiðjuna á Raufarhöfn, og einmitt af því að nótunum fjölgar, er ef til vill mest aðkallandi að stækka veiðisvæðið. Því fleiri nætur sem eru á óbreyttu veiðisvæði fyrir norðan, því minni meðalveiði.

Þá er annað atriði, og það er, að vitað er, að á Seyðisfirði veiðist oft síld á haustum og fram á vetur, og fyrir stríð var hún flutt þaðan út í ís til Þýzkalands, og enginn vafi er á því, að það er hægt í stórum stíl, þegar veiðin er á annað borð, og í sambandi við það er óhjákvæmilegt að hafa verksmiðju til að taka við því, sem ekki er flutt út og ekki saltað. Tökum t. d. síldveiðina í vetur í Faxaflóa. Hve mikið tapaðist við það, að ekki var hér verksmiðja til að taka við síldinni, og var það þó verri síld en veiðist fyrir norðan? Samt var ráðizt í að flytja hana í bræðslu norður til Siglufjarðar um hávetur, þó að fitumagn hennar væri ekki nema rúmur helmingur á móts við Norðurlandssíldina. Þó að hér hefði þá aðeins verið 2000 mála verksmiðja, hefði veiðin orðið miklu meiri. Ég held því, að þótt talað sé um, að vafasamt sé að byggja fleiri verksmiðjur, þá sé hitt einnig vafasamt að athuga ekki þá staði, þar sem síld veiðist á vissum tímum árs. Hver verksmiðja verður að byggjast upp með það fyrir augum, að hún beri sig, og þó að mikil síld berist ekki í einu á land á sama staðnum, þá gæti langur vinnslutími vegið þar á móti og þannig unnizt upp. Ég legg því eindregið til, að frv. þetta verði samþ. eins og það kom frá Nd. Þetta yrði mikið á valdi ráðh. og hann hefur lýst yfir því við mig sem form. n., að þó að ekki yrði gert annað en samþykkja till. minni hl., mundi hann láta undirbúninginn fara fram á þessu ári og hefja framkvæmdir á næsta ári, ef tiltækilegt yrði fjárhagslega. Og þegar slíkt liggur fyrir frá honum, sé ég ekki eðlismun á leiðum, annan en þann, að öruggt er, að málið nær fram að ganga nú, ef það þarf ekki að ganga aftur til Nd.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera litla aths. út af ræðu hv. þm. Barð. Mér skildist, að rök hans fyrir frv., eins og það er nú, væru þau, að það væri alveg saklaust að samþykkja, að undirbúningi skuli verða lokið 1947 og byggingarframkvæmdir hafnar 1948, af því að ráðh. fari því aðeins eftir þeim l., að skynsamlegt þyki að byggja. En til hvers er þá að lögfesta þessi ákvæði, ef á að brjóta þau, ef svo bíður við að horfa. Er þá ekki betra að samþykkja till. hv. 1. landsk. um að hraða undirbúningnum sem mest, án þess að setja tímatakmark, ef það er hvort sem er tilætlunin að haga þessu þannig. Mér finnst það bæði eðlilegra og virðulegra af Alþ. að ákveða ekki annað í l. en það, sem ætlazt er til, að farið verði eftir.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég get upplýst hv. 1. þm. Reykv. um það, að ef frv. hefði komið þannig frá Nd., að aðeins hefði verið ákveðið þar um undirbúninginn, þá hefði ég ekki viljað breyta því. Aðalrökin fyrir því, að ég vil ekki breyta frv. frá því, sem er, eru þau, að ég óttast, að það kynni að falla við þá breyt. En mér er ljóst, að fjöldi l. hefur verið samþykktur þannig, að tekið hefur verið valdið af þinginu og farið allt öðruvísi að en fyrir hefur verið mælt í l. Ég vil t. d. nefna vegaféð. Það kom upp úr kafinu, að samgöngumrh. hafði s. l. ár (með samþykki hæstv. fyrrv. fjmrh. geri ég ráð fyrir) látið eyða tveimur millj. kr. fram yfir fjárlög, á sama tíma og vanrækt var að vinna fyrir eina millj. á öðrum stöðum. Ef þetta er þinglegt, þá sé ég ekki, að það sé dauðasynd, að ráðh. vanræki að láta byggja verksmiðju, ef sjáanlegt er, að sú framkvæmd muni leiða atvinnuvegina í gönur. Ég sé ekki, að slík tilhögun stríði á móti því, sem er orðin algild regla, sem hver ríkisstj. telur sér heimilt að taka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 139. fundi í Ed., 21. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 872 felld með 10:1 atkv.

— 869 felld með 9:3 atkv.

— 871 felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíG, HermJ, JJós, PM, SÁÓ.

nei: GJ, LJóh, PZ, StgrA, ÁS, KG, BBen, BK, BrB, EE, ÞÞ.

HV greiddi ekki atkv.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með tilvísun til þeirra raka, sem ég hef fært fram í framsöguræðu minni um þetta mál, segi ég nei.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Mér þykir að vísu frvgr. vera of fyrirvaralaus, eins og hún er. En hins vegar sýnist mér brtt. ekki nógu ákveðin, og held ég því, að réttara væri að bíða til 3. umr., ef fram kæmi brtt., sem væri nokkuð mitt á milli frvgr. og brtt., og segi því nei við brtt.

1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 141. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 780, um breyt. á l. um að reisa nýjar síldarverksmiðjur, er nú dálítið hjáróma við l. um byggingu síldarverksmiðja yfir höfuð. Og ég sé nú ekki, að með því sé svo mikill sigur unninn hjá þeim, sem hafa barið þetta mál í gegn þannig, eins og það liggur nú fyrir, eftir að felldar hafa verið brtt., sem áttu fullan rétt á sér, við afgreiðslu þessa máls.

Við 2. umr. þessa máls hér í hv. d. var felld brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. og önnur brtt. frá hv. 1. landsk. Báðar áttu fullan rétt á sér, og hefði átt að samþykkja aðra hvora. Hv. d. hefði sýnt þessu máli miklu meiri sóma með því að samþykkja þær brtt. en með því að afgreiða það eins og það er nú.

Það er í sjálfu sér tilgangslítið að samþykkja hér á Alþ. l. um, að reisa skuli á einhverju ári síldarverksmiðju, án þess að á nokkurn hátt hafi verið séð fyrir því að fá fé til þess að gera það. Ég verð nú að segja það, að mér finnst alveg nægilega mikið fyrir hjá ríkisstj. af ýmiss konar samþykktum frá hv. Alþ., sem þó hafa verið gerðar þannig, að þeim hefur fylgt heimild til lántöku eða því um líkt, en er þó ekki kostur þrátt fyrir það að koma í framkvæmd, vegna þess að peningana skortir til þess, þó að ekki sé verið að bæta þar við á þennan hátt. Ég er þó ekki að bera brigður á það, að þetta mál eigi rétt á sér og það geti verið hyggilegt spor að reisa síldarverksmiðju sunnan Langaness, eins og hér er komizt að orði, en ég álít, að hv. Alþ. eigi við afgreiðslu þeirra mála að taka fullt tillit til alls þess, sem gera þarf, til að vaka yfir því, sem skrifað er á pappírinn um, að skuli gert, og það er þá einkanlega að athuga þann fjárhagslega grundvöll, sem þarf að vera fyrir því, að svona stór fyrirtæki komist á fót. Við erum búnir að fá allátakanlega reynslu um það hér í þessu landi, hvað það getur kostað að byggja síldarverksmiðju, og satt að segja hefði maður getað vænzt þess, að hv. d. hefði verið svo minnug þeirra umr., sem hér hafa farið fram um þann kostnað, sem öllum ofbýður, bæði á síldarverksmiðjunni á Siglufirði og á Skagaströnd — nægilega minnugir þess til þess að afgreiða svona mál með einhverjum ríkari fjárhagslegri forsendum en hv. d. hefur gert.

Nú veit ég það, að brtt. líkar þeim, sem hafa verið felldar, mundu annaðhvort verða felldar aftur eða þær yrðu til þess, að frv. yrði sent aftur til hv. Nd., og gæti það þá ef til vill orðið til þess, að það dagaði uppi. Ég hirði ekki um að vera þess valdandi að svo fari. En ég vil taka það fram um fjárhagshlið málsins, sem reyndar allir hv. þm. hljóta að gera sér ljóst, að því aðeins er hægt að fara út í svona framkvæmdir, að það sé unnt peninganna vegna. Nú, við skulum segja, að það komi að því á síðari stigum þessa máls, að þingið geri ráðstafanir til þess, ef þetta frv. verður að l., sem ég geri ráð fyrir. Ég hef lýst því hér yfir, að ég vil ekki verða til þess að tefja þetta mál eða torvelda það með því að bera fram brtt., sem gæti orðið til þess, að málið færi til hv. Nd. Þegar frv. er afgr. hér og orðið að l., er sjálfsagt að láta fara fram athugun og rannsókn á því, og yrði það hvort sem er fyrsta sporið í þessu máli. En hitt veit ég, að hv. þm. ætlast alls ekki til, að byggingarframkvæmdir hefjist á árinu 1948, án þess að séð sé fyrir sérstöku fé í því efni, enda væri það gagnslítið, þó að til þess væri ætlazt, því að ríkisstj. hefði ekki tök á því að hefja þær framkvæmdir, svo að neinu næmi, og yrði slíkt ekki nema málamyndaframkvæmdir nema því aðeins, að nægilegt lánsfé væri tryggt til þess að koma verksmiðjunni upp.

Ég taldi rétt að lýsa yfir þessu nú, eins og ég hef nú talið fram, þó að það í raun réttri leiði allt af sjálfu sér, þegar málið er afgr. á þann veg, sem hér horfir við.

Ég geri ekki ráð fyrir, að undirbúningur og athugun á þessu máli þurfi að kosta stórfé, svo að út í það sé ekki unnt að fara án frekari aðgerða af þingsins hálfu. En hitt er, eins og ég áður hef lýst, verkefni, sem hlýtur að verða háð því, að aflað hafi verið fjár fyrst til þeirra framkvæmda. Fyrr getur enginn ætlazt til, að því verði hrundið í framkvæmd, svo að neinu verulegu nemi. Ég hef séð opinberar raddir um það, að menn líta á þetta þannig á sumum stöðum, að með því bara að samþykkja þetta frv., þá sé stór sigur unninn í þessu máli. Og stjórn síldarbræðsluverksmiðjanna hefur í því sambandi verið borin sökum um það að hafa viljað spilla fyrir málinu. Ég vil lýsa því yfir, að ég lít alls ekki þannig á afstöðu stjórnar síldarbræðslunnar. Ef sú athugun og sú rannsókn, sem fram verður látin fara, leiðir í ljós, að það verði áframhaldandi talið hyggilegt að reisa þessa verksmiðju, þá hlýtur af því að leiða, að Alþ. geri sína skyldu — hvaða ríkisstj., sem þá verður — og sjái fyrir því fé, sem þarf til þess að koma verkinu í framkvæmd.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, sem hann hefur lýst yfir hér. Það er í raun og veru nákvæmlega í samræmi við það, sem hefur verið gert af meiri hl. sjútvn. í málinu. Hæstv. fjmrh. sagðist ekki hirða um að verða til þess, að málið þyrfti að fara héðan úr hv. d. til hv. Nd., og það er einmitt það, sem n. vildi heldur ekki gera, að setja málið í þá hættu, og þá einnig með tilliti til þess, að nú erum við að ganga frá frv. til l. um fjárhagsráð, sem verður ekki gengið fram hjá. Og að sjálfsögðu verður þetta ekki sett á fjárl. 1947 eða 1948.

Ég vil í sambandi við ummæli hæstv. fjmrh. um það, að það hefði verið sagt, að stjórn síldarverksmiðjanna hefði viljað spilla fyrir þessu máli, taka fram, að þá hugmynd höfum við ekki fengið í

sjútvn. um afstöðu þeirrar stjórnar. Meiri hl. stjórnar síldarverksmiðjanna mætti á fundi í sjútvn., og urðum við ekki varir við neina andúð frá hennar hálfu á þessu máli. Hún lagði fram gögn um það, sem hún taldi fjárhagslegan tilkostnað og því um líkt, og það kom engin andúð fram hjá henni í garð málsins.

Ég lagði mesta áherzlu á það í málinu, að tæknilegur undirbúningur yrði hafinn og að sú rannsókn verði látin fara fram, sem hæstv. ráðh. gat um, og t. d. leitað tilboða um kaup á vélum og síðan verði ekki gerðar neinar framkvæmdir fyrr en bæði ríkisstj. og ef til vill Alþ. getur sjálft tekið frekari ákvörðun um þetta mál.

Ég sé ekki, að beri mikið á milli n. og hæstv. fjmrh. Ég sætti mig fullkomlega við, að ekki verði ráðizt í meiri framkvæmdir en að reynt verði á sem skynsamlegastan hátt að hefja undirbúning, þegar fært er, svo að málið geti orðið sem allra bezt undirbúið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 957).

80. Tollskrá o. fl. (frv. fjhn. Nd.).

Á 107. fundi í Nd., 8. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (þmfrv., A. 583).

Á 109. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 115. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 583, 601, 694).

Ásgeir Ásgeirsson: Fjhn. hefur gert nokkrar breyt. við þetta frv., sem ekki er búið að útbýta, en þar sem þær eru sama efnis og þær brtt., sem fyrir liggja, vildi ég mælast til þess, að þær yrðu teknar aftur til 3. umr. eða málið tekið út af dagskrá.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég hef leyft mér að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 601. Þær eru að efni til frv., sem ég hef áður flutt, en þótti nú þessi leið eðlilegri að bera það fram sem brtt. við þetta frv. Hvort ég vil taka þær aftur til 3. umr., fer eftir efni brtt. fjhn., sem ekki er enn búið að útbýta. Um það get ég ekki sagt fyrr en ég hef heyrt efni þeirra till.

Ásgeir Ásgeirsson: Í þessu sambandi kemur það ekki málinu við, en ég get tekið það fram, að þessar till. eru lægri. Nánari skýringu mun ég ekki gefa að svo stöddu, en óska þess, að forseti taki málið út af dagskrá. [Hlé.]

Það vill nú reyndar svo til, að verið er að útdeila þessum brtt. 1. og 2. brtt. eru um það, sú fyrri að fella niður toll af barnabókum — og sú síðari, fyrri liður að fella niður toll af kortabókum — og síðari liður að fella niður toll af kennsluáhöldum. Hér er um að ræða barnabækur og kennsluáhöld. Er það alþjóðastefna að halda þessum vörum utan við toll, enda um lítinn tekjulið af þeim að ræða. 3. till. er um það að lækka tolla á búsáhöldum og 3. og 4. till. ná yfir búsáhöld, hvort sem eru rafknúin eða ekki. Fyrri till. er um rafmagnsáhöld eingöngu. N. hefur lagt til, að verðtollur af þessum áhöldum verði 8%, og er það lækkun frá 10%, sem hann var áður. Er það til samræmis við annað, en lægra treystist n. ekki til að fara vegna samræmis, ekki vegna þess að hún væri mótfallin fyrri till., heldur vegna þess, að í tollskrá bindur hvað annað, eins og nánar er gerð grein fyrir í grg.

Ég vona nú, að frv. geti komið til afgreiðslu, þar sem brtt. þessar eru einfaldar og menn ættu að vera fljótir að átta sig á þeim.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég er hv. fjhn. þakklátur fyrir það, að hún hefur viljað ganga til móts við frv. mitt, sem ég áður bar fram sem brtt. við þetta frv. En mér þykir leitt, að n. hefur ekki séð sér fært að ganga lengra. Hv. þm. V-Ísf. lét þess getið, að n. væri ekki mótfallin því að færa tollinn lengra niður, en það hefði ekki verið hægt vegna samanburðar við aðrar vélar. Mín till. er gerð með samanburði við landbúnaðarvélar. Hún stefnir að því, að sami tollur verði á landbúnaðarvélum og heimilisvélum, og er það í samræmi við ályktun sem gerð hefur verið af Kron. Ég veit ekki, hvaða vélar aðrar gætu komið til samanburðar, því að þessar vélar eru til starfsléttis í sveit og við sjó, en ég sé ekki, að um aðrar vélar væri að ræða. Mér þykir gott, að n. hefur viljað taka tillit til heimilisvéla, sem ekki eru knúnar rafmagni, og viljað færa þær til samræmis við aðrar heimilisvélar.

Ég sé ekki ástæðu til annars en að sjá nú þegar vilja hv. þd. og fresta ekki atkvgr. um till. mína, en ég vil benda á það, að með þeim tollahækkunum, sem nú hafa verið samþ., verða 8 aurarnir 10 aurar, og 2 aurarnir ekki 2, heldur 6 aurar, svo að á þessu ári verður ekki um mikla lækkun að ræða. Vænti ég þess svo, að hv. d. sjái, að það er sanngjarnt að bera saman heimilisvélar og landbúnaðarvélar.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. Reykv. spurðist fyrir um, hvaða vélar væru teknar til samanburðar um 8%.— Ég vil benda honum á að kynna sér 46. og 47. nr. og 49.—54. nr. í 73. kafla tollskrárinnar, sem hann hefur ekki flutt brtt. um. Í 2% flokki eru aðeins framleiðsluvélar. Ég held, að ekki þurfi fleiri orð um þetta, þar sem n. hefur tekið allar heimilisvélar.

ATKVGR.
Brtt. 694,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 694,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 601 felld með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SB, SG, HermG, AJ.

nei: PÞ, PO, SkG, StgrSt, ÁÁ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GTh, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JS, JörB.

BG greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÓTh, SEH, SK, StJSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EmJ, GÞG, JPálm, JJ, KTh) fjarstaddir.

Brtt. 694,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 694,4 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 118. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 701, 713, 723).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér enn á ný brtt. við 1. gr. frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. Er hér um að ræða í tollskránni nr. 6—9 í 72. kafla og nr. 37—45 í 73. kafla hennar, en undir þessa kafla heyra heimilisvélar.

Eins og hv. þm. vita, var það lagt til grundvallar minni upphaflegu till., að sami tollur skyldi vera á landbúnaðarvélum og heimilisvélum. Hv. þd. hefur nú fellt þessa till. mína, svo að ég hef nú talið heppilegra að breyta þessu nokkuð, þannig að hér er lagt til, að verðtollur verði 4% í stað 2% í upphaflegu till. minni. Það kom fram í umr. hjá hv. frsm. meiri hl. fjhn., þegar málið var hér síðast í d., að það væru ýmis samanburðaratriði í tollskránni, sem gerðu n. ókleift að fallast á mína till. Síðan hef ég athugað þetta nokkuð og get með engu móti fallizt á þær röksemdir, sem hv. meiri hl. n. hafði fram að færa. Í því sambandi vil ég fyrst taka það fram, að þegar verið er að ræða um tolla á heimilisvélum, gegnir alveg sérstöku máli. Svo er mál með vexti, að heimilishald allt er mjög að breytast, einkanlega í kaupstöðunum, en raunar einnig í sveitunum. Í kaupstöðunum er það svo, að þjónustustúlkur eða aðkeypt húshjálp má nú segja, að sé úr sögunni, og ég reikna ekki með því, að þeir tímar komi aftur, að húsmóðirin eigi þess kost að kaupa vinnuafl til heimilisaðstoðar í nokkrum verulegum mæli. Ég harma ekki þá breyt. eða þá þróun, sem hér er á orðin, og álít það sízt æskilegt, að þessi mál færu í sama horf og þau áður voru í. En þessi þróun þýðir það, að heimilisstörfin færast á hendur fjölskyldunnar og þá fyrst og fremst húsmóðurinnar. Það er og alkunn staðreynd, að þegar um fjölskyldu er að ræða, eru þetta allmikil störf, nema tæknin sé hagnýtt í þágu heimilisstarfanna. Ef svo er, er hægt með sæmilegu móti að anna þeim störfum, sem heimilið krefur, jafnvel þótt vinnukraftur sé ekki aðkeyptur, nema um því stærri heimili sé að ræða. Ég held því, að við eigum að gera eins konar byltingu á heimilisverkunum og innleiða tæknina á heimilin, eins og unnt er. Ef ríkisvaldið vildi gera sér grein fyrir þessari staðreynd, ber því að greiða fyrir innflutningi heimilisvéla eins og í þess valdi stendur.

Í þessu sambandi vil ég benda á það, að einmitt sama leiðin hefur verið farin hér áður, hvað snertir landbúnaðinn. Með landbúnaðinn gegndi hér alveg sama máli og með heimilishald, að svo stóð á, að það varð stöðugt minna um það, að bændur gætu keypt sér vinnuafl við sín störf og sízt með því verði, að framleiðsla þeirra þyldi það. Þá þótti rétt að hlúa að því, að véltæknin yrði tekin upp í þágu landbúnaðarstarfanna. Einn liðurinn í þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar, var sá, að verðtollur og vörumagnstollur voru lækkaðir að miklum mun á landbúnaðartækjum, þannig að þessir tollar eru 2%. Mér finnst því, að bera megi þetta tvennt saman, tolla á landbúnaðartækjum og heimilistækjum, og þótt hv. meiri hl. fjhn. geti ekki fallizt á þetta, vil ég enn á ný gera tilraun í þessa átt með brtt. minni, þar sem lagt er til, að vörumagnstollur verði 2% og verðtollur 4% af heimilisvélum. Er þá komið nokkru nær því marki, sem að hefur verið stefnt, ef brtt. mín verður samþ., og vildi ég mega vænta þess, að hv. dm. geri sér vel grein fyrir þeim rökum, sem á bak við þessa till. standa.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli hv. dm. á brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 723. Ég sé, að frsm. meiri hl., hv. þm. V-Húnv. (SkG), er ekki staddur hér, en gert hafði verið ráð fyrir því, að hann minntist á þessa till., sem er í samræmi við aðrar þær till., sem komið hafa frá meiri hl., og það, sem fram hefur verið tekið af hv. frsm. hans. Þarf hún því ekki nánari skýringar við, en ég vil þó aðeins taka það fram til skýringar, að undir c-lið brtt., sem fjallar um nr. 3 í 66. kafla, þar sem rætt er um plötur, þar er átt við aluminiumplötur sem þakjárn.

ATKVGR.

Brtt. 723 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 713 felld með 16:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 123. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 734).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um tollskrá o. fl. var lagt fram af fyrrverandi ríkisstj. og er nú búið að ganga gegnum hv. Nd. — Ég sé ekki ástæðu til að gera frv. að sérstöku umræðuefni við þessa umr. málsins, að því er einstaka liði þess snertir, en vildi mælast til þess, að hv. d. vildi afgreiða málið til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 734, n. 903).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar. Eins og fram kemur í grg. frv., þá er það borið

fram samkvæmt ósk frá félmrn. Frv. er sumpart flutt í tilefni af tilmælum, sem komið hafa frá iðnsambandinu, og sumpart til þess að leiðrétta ýmis ákvæði í núgildandi tollskrá, sem talið er nauðsynlegt að leiðrétta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fylgja þessu frv. frá hendi n. úr hlaði með ýtarlegri framsögu. N. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég vil endurtaka það, sem sagt er í sjálfri grg. frv., að þótt það sé samþ., þá hafi það svo að segja enga breytingu í för með sér fyrir afkomu ríkissjóðs. Í sumum tilfellum felst nokkur hækkun á tollum, en í öðrum tilfellum, og þau eru fleiri, þó nokkur lækkun. En heildarútkoman á þessu er svo smávægileg, að fullyrða má, að frv. hafi í raun og veru enga breytingu í för með sér fyrir ríkissjóð, hvort sem frv. verður samþ. eða ekki.

Með þessum forsendum vil ég fyrir hönd n. leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 141. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 958).

---

81. Fyrningarsjóður ríkisins.

Á 92. fundi í Ed., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fyrningarsjóð ríkisins (þmfrv., A. 512).

Á 93. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Eins og getið er um í grg. fyrir þessu frv., þá er það samhljóða frv., sem lá fyrir síðasta Alþ. og var þá flutt að tilhlutan ríkisstj. Ég hygg, að frv. hafi þá ekki mætt neinni mótspyrnu innan þingsins, en samt sem áður varð það ekki útrætt og er nú flutt aftur að tilhlutan hæstv. fjmrh.

Eins og hv. þm. hafa sjálfsagt kynnt sér, þá er lagt til í frv., að allar fasteignir ríkissjóðs skuli færðar á ríkisreikninginn með fasteignamatsverði, en afskriftir af þeim skuli vera 1% af steinhúsum og 2% af timburhúsum. En aðalnýjungin í frv. er falin í 3. gr., þar sem lagt er til, að þessar fyrningar skuli mynda sérstakan sjóð, sem nefnist Fyrningarsjóður ríkisins og á svo aftur að nota til þess að endurbyggja hinar afskrifuðu fasteignir, þegar að því kemur, að nauðsynlegt er að endurbyggja þær. Hugsunin með þessu er sú, að ríkissjóður smám saman komi sér upp byggingarsjóði, sem verði þess megnugur að endurreisa þær opinberu byggingar, sem nauðsynlegt er talið á hverjum tíma, að reistar séu. Þetta virðist vera að því leyti hentug tilhögun, að það verður ekki stór fjárhæð, sem árlega verður veitt í þessu skyni, og sér ekki svo mikið á í útgjöldum ríkisins, en safnast, þegar saman kemur, og verður með þessu móti léttara að endurreisa byggingarnar en ef veita á í einu lagi háa fjárhæð til þess að koma þeim upp. Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta.

Málið er flutt af fjhn. Ed. Ég skal taka það fram, að þegar gengið var frá málinu, var einn nm., hv. 7. landsk., ekki viðstaddur, en ég ætla, að hann hafi léð málinu fylgi sitt á síðasta þingi, en að sjálfsögðu, ef hann hefur sérstöðu, þá á hann kost á að gera grein fyrir því.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að málinu verði vísað til n. og geri ráð fyrir, að það haldi sína leið án sérstakrar nefndarskipunar hér.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar að fá nánari grg. fyrir tveim atriðum í þessu frv., því að mér er ekki alveg ljóst, hvort þau eiga að vera eins og hér segir. Í 1. gr. er tekið fram, að fasteignir ríkissjóðs skuli taldar fram með fasteignamatsverði, en ef um ríkisstofnun er að ræða, þá má telja eignirnar fram með kostnaðarverði. Af hverju er þessi mismunur? Mér er það ekki ljóst. Mér er ekki ljóst, hvers vegna á að fara að telja útvarpsstöðina og landssímahúsið fram með kostnaðarverði, en hús, sem einhver prestur býr í hér í Reykjavík, með fasteignamatsverði. Hér hefur verið á ferðinni frv. um að byggja prestsseturshús, og fasteignamat þessara húsa, þegar búið er að byggja þau, er í kringum 60—65% af því, sem kostaði að byggja þau 1939, en það er grundvöllurinn undir fasteignamatinu. Þá kemur mikil afskrift árið, sem þau eru byggð, ef telja á þau til eignar á fasteignamatsverði og þau eru afskrifuð strax fyrsta árið niður í það. Hvers vegna á ekki að koma sama afskrift á símahúsið á Akureyri sama árið og það er byggt? Því á ekki að gilda það sama um þetta tvennt? Í öðru lagi held ég, að það sé réttara að láta afskrifa öll hús árlega, hvort sem það eru steinhús eða timburhús eða torfbæir, því að það eru nokkur prestsseturshús, sem eru torfbæir, og það þarf að bæta því inn í lögin, því að þá þarf ekki síður að afskrifa. En því ekki að afskrifa þetta með sömu afskriftarprósentu og er í skattalögunum á hverju ári. Ég á eftir að heyra útskýringu á því, hvers vegna er afskrifað hér með annarri prósentu en hjá hinum almennu borgurum, og hvers vegna ekki á að afskrifa af torfbæjum. Þarf ekki að endurnýja þá eins og hin húsin? Annars er ég meðmæltur frv., en ég held, að þetta séu atriði, sem þarf að athuga og laga og bæta inn í torfbæjunum.

Frsm. (Pétur Magnússon): Það má vel vera, að það sé rétt hjá hv. 1. þm. N-M., að það þurfi að athuga þetta atriði nánar. Út af fyrir sig er það eðlilegt, að ríkisstofnanir fái að bókfæra nýbyggingar með kostnaðarverði. Það liggur í augum uppi, að það getur ruglað mjög hjá þeim reikningana, ef ætti að bókfæra hús með fasteignamats-

verðinu einu án þess að gæta að því, hvað miklu munar á fasteignamatsverði og kostnaðarverði eignar. Fyrir ríkissjóð skiptir þetta minna máli. Það er veitt fé á fjárl. til nýbygginga, og það er um svo margar eignir að ræða hjá ríkissjóði, að hann safnar allálitlegu fé í sinn byggingarsjóð, þó að afskriftin sé á þann hátt, sem fyrir er mælt í l. Hjá einstökum stofnunum gæti það hins vegar orðið til þess, að óeðlilegur halli yrði á eignareikningi, ef nýbyggingar yrðu metnar með fasteignamatsverði. En þrátt fyrir þetta getur komið til athugunar, hvort ekki ætti að afskrifa með fasteignamatsverði einnig hjá ríkisstofnunum. Ég er fús til þess að kalla fjhn. saman til að ræða þetta á milli umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 122. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 124. og 125. fundi í Ed., 2. og 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 126. fundi í Ed., 6. maí, var frv. enn tekið til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar þetta mál var fyrst til umr., benti ég á tvö atriði, sem ég bað menn að athuga. Þegar 2. umr. kom, stóð svo á, að ég var í þjónustu fyrir forseta og var ekki staddur í d., meðan málið var afgr. Gat ég því ekki kvatt mér hljóðs til þess að fá nánari upplýsingar um það, sem ég hafði spurt um. Nú langar mig til að árétta það, sem ég spurði um við 1. umr. Ég vil spyrja að því, hvernig stendur á því, að frv. gerir ráð fyrir í 1. gr., að allar fasteignir ríkissjóðs skuli telja til eignar með fasteignamatsverði. Svo segir, að ríkisstofnunum, sem ekki hafi sameiginlegan fjárhag við ríkissjóð, sé heimilt að telja eignir sínar til eignar með kostnaðarverði. Nú er mér ljóst, að sumar stofnanir hafa ekki sameiginlegan fjárhag við ríkissjóð, svo sem landssmiðjan, póstur og sími o. s. frv. Í 2. gr. segir: Árlega ber að fyrna fasteignir ríkissjóðs þannig, að af húsverði þeirra afskrifast af steinhúsum 1% og af timburhúsum 2%. Nú vil ég spyrja, hvernig standi á því, að ekki eru allar fasteignir afskrifaðar af annaðhvort kostnaðarverði eða fasteignamatsverði. Hvers vegna er verið að leyfa þeim stofnunum, sem ekki hafa sameiginlegan fjárhag við ríkissjóð, að afskrifa með kostnaðarverði? Hvers vegna er ekki látið ganga jafnt yfir alla? Ég viðurkenni, að þegar litið er á endingu steinhúsa og timburhúsa, þá er prósentutalan eðlileg og réttlát. En nú hefur þótt eðlilegt að hækka þessa prósentu til skatts, og því þá ekki að hafa það hér einnig, sem ríkisstj., að vísu ekki núv. og ekki fyrrv., heldur utanþingsstjórnin svokallaða, ákvað, að skyldi vera hjá skattgreiðendum, og hinar stjórnirnar hafa látið líðast áfram án þess að breyta því.

Nú langar mig til að gera þriðju fyrirspurnina. Það er ekki vafamál, að undir fasteignir ríkisins heyrir bunki af jörðum, sem sumar eru taldar eign jarðakaupasjóðs, aðrar bein eign ríkisins sem þjóðjarðir og aðrar óbeint sem kirkjujarðir. Nú eru ýmsar jarðirnar byggðar með erfðaábúð, og þar tekur ríkið afgjaldskvöð, sem lögð er í sérstakan sjóð og í sparisjóðsbók, og fé geymt, þar til byggja á upp á jörðinni. Er nú ástæða til þess, að þessar eignir ríkissjóðs verði afskrifaðar með sérstakri fyrningarprósentu? Þeim er tryggt fé í viðkomandi sparisjóðsbók til þess að byggja upp, þegar á þarf að halda. Ég sé ekki, að nein ástæða sé til fyrningar þarna. Ég hefði mjög óskað eftir því, að n. hefði athugað þetta allt. Ég tel eðlilegast, að fyrningargjald sé reiknað af kostnaðarverði, en ekki fasteignamatsverði. Hins vegar hef ég ekki viljað bera fram brtt. við neitt af þessu, en vildi aðeins, að n. athugaði, hvort hún sæi sér ekki fært að haga þessu á þennan veg. Og torfbæi þarf að fyrna með annarri prósentu en steinhús eða timburhús.

Frsm. (Pétur Magnússon): Það er rétt, að hv. 2. þm. N-M. hreyfði tveim aths., þegar málið var við 1. umr. Hann sýndi réttilega fram á, að í fyrstu gr. væri gert ráð fyrir tvenns konar afskriftarákvæðum. Annars vegar skuli ríkissjóður telja eignir sínar með fasteignamatsverði, en hins vegar skuli þeim stofnunum, sem ekki hafa sameiginlegan fjárhag við ríkissjóð, heimilt að telja fasteignir sínar til eignar með kostnaðarverði. Hin spurningin var varðandi afskriftarprósentuna, þar sem hún er önnur en leyfð er nú samkv. skattal. Um fyrra atriðið er það að segja, að þessi varnagli er settur vegna atvinnustofnana, sem reknar eru af ríkinu. Er þá sérstaklega haft í huga fyrirtæki eins og síldarverksmiðjur ríkisins, landssmiðjan o. fl. Það orkar ekki tvímælis, að það er ófullnægjandi fyrir fyrirtæki eins og síldarverksmiðjur ríkisins að afskrifa byggingar sínar og vélar eftir fasteignamatsverði. Það er óeðlilegt að leyfa ekki ríkisverksmiðjunum að afskrifa verksmiðjurnar á sama hátt og einstaklingsfyrirtæki fá að gera. Varðandi það, að fyrningarprósentan sé lægri hjá ríkinu en það, sem leyft er hjá einstaklingum, þá liggur það í hlutarins eðli, að því hærri sem afskriftarprósentan er, því meiri eru útgjöld fyrir ríkissjóð til þessara hluta. Er því ekki nema eðlilegt, að þessu sé stillt í hóf, eftir því sem hægt er, og ekki lagt meira til hliðar en nauðsynlegt er til þess að endurbyggja þessar stofnanir. Og það er litið svo á, að sú prósenta, sem leyfð er, sé nauðsynleg til þess. Hv. þm. kom nú með þriðju spurninguna, og er hún varðandi leiguliðabótina af jarðeignum ríkissjóðs. Ég ætla, að þessi löggjöf hafi engin áhrif á leiguliðabótina. Ef ég man rétt, er hún miðuð við það, hvað mikið fé ríkissjóður hefur lagt fram til ákveðinna framkvæmda á jörðinni. Ef ríkissjóður byggir á jörðinni fyrir 10 þús. kr., þá sé hún viss hundraðshluti af þeirri upphæð, og það

rennur svo í sérstakan sjóð. Annars held ég, að eitthvað hafi verið áfátt um framkvæmd þessarar löggjafar. Þetta er samningsatriði milli leiguliða og ríkissjóðs í hverju tilfelli. Ég get ekki séð, að frv., þótt að l. yrði, muni hafa áhrif á þetta. Hins vegar mun sennilegt, að eignareikningur ríkisins muni fara fram á afskriftir af húsum í samræmi við frv. Ég persónulega tel, að ákvæði frv., eins og þau liggja fyrir, séu eðlileg og það sé hæpinn ávinningur að breyta frv. frá því, sem það er nú, enda hefur málið fengið gaumgæfilega athugun hjá þeim mönnum, sem bezt skilyrði ættu að hafa til að dæma um það. Að samningu þess stóðu skrifstofustjóri fjmrn., aðalendurskoðandi ríkissjóðs og ríkisbókari.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég þakka fyrir upplýsingarnar, þótt þær séu ekki nægilegar. Ég hef litið svo á, að fyrningarsjóður ríkisins sé stofnaður í því skyni að leggja til hliðar fé, svo að hægt væri að endurbyggja þau hús, sem fyrnt væru. Ef fyrnt er á fasteignamati, þá vil ég spyrja, hvort það komi nóg í fyrningarsjóð til að endurbyggja t. d. eitt hús, sem kostar nú 200 þús. kr. og er úr steini og ætlað að endast í 100 ár. Á fasteignamati mun það sennilega virt á 20 þús. Ég held það muni vanta mikið á, að hægt sé að endurbyggja það, þegar það hefur gengið úr sér, og sé því miklu réttara að fyrna það af kostnaðarverði. Ég mun ekki gera þetta að ágreiningsatriði. Ég vil aðeins benda hv. n. á þetta. En hún gerir kannske ráð fyrir því, að allt fari lækkandi, svo að verðlag nálgist það, að fasteignamatið, sem er 60% af kostnaðarverði 1939, verði eðlilegur grundvöllur. En ég held það verði ekki. Ég hef ekki trú á, að nokkurn tíma komi til slíkrar lækkunar hér á landi. Og þess vegna muni ekki nást nóg í sjóðinn til að endurbyggja, þegar þess verður þörf. Mér er ljóst, að þetta mun ekki hafa nein áhrif á leiguliðabótina, þótt samþ. yrði. En mér er jafnljóst, að af þeim húsum verður fyrnt tvisvar. Annars vegar með því að láta ábúendur fyrna og leggja í sérstakan sjóð og hins vegar með því að láta ríkið fyrna sömu hús og leggja í fyrningarsjóð. Það er áreiðanlegt, að hver jörð hefur leiguliðabót án tillits til þess, hvort ríkið hefur lagt mikið eða lítið til framkvæmda á henni. Þetta get ég borið um af eigin reynslu, þar sem ég hef undirskrifað bréf fyrir 10—20 menn, sem allir hafa verið látnir borga leiguliðabót án tillits til þess, hvort ríkið hefur lagt mikið eða lítið til jarðanna og stundum ekkert. Þá finnst mér vanta, hvernig eigi að fyrna torfbæina, sem ríkið mun eiga. En þeir munu vera um 2000. Það er ekkert talað um, hvaða fyrningarprósenta skuli notuð við þá? Mér finnst þetta þurfi að athuga nánar en gert hefur verið. N. hefur kastað til þessa höndunum og treyst eingöngu á þá menn, sem sömdu frv. Hins vegar mun ég ekki beita mér á móti frv., þótt það verði ekki lagfært.

Frsm. (Pétur Magnússon): Ég þykist hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um það, sem hv. þm. hreyfði aths. um við 1. umr. Hitt má vera rétt, að n. hafi ekki gert sér nægilega ljóst þriðja atriðið, leiguliðabótina. Ég skal síðar en svo hafa á móti að afla frekari upplýsinga, ef hæstv. forseti vill fresta umr. Ég mun þá síðar í dag leita upplýsinga um, hvernig þeir, sem sömdu frv., hafa hugsað sér þetta atriði. Svo mætti taka málið aftur á dagskrá á morgun.

Umr. frestað.

Á 127. fundi í Ed., 7. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 512, 772).

Frsm. (Pétur Magnússon): Hv. þm. hafa veitt því athygli, að útbýtt hefur verið brtt. við þetta frv. frá fjhn. í þremur liðum. Tvo liðina þarf ekki að ræða, þeir eru aðeins leiðrétting, önnur á prentvillu, hin á málfari. Um fyrsta liðinn vil ég aðeins upplýsa það, að eftir fund í gær átti ég samtal við ríkisbókara, og hann skýrði mér frá, að hugsun þeirra, sem frv. sömdu, hefði verið sú, að jarðeignir og hús á þeim féllu ekki undir ákvæði frv. Ég átti í morgun tal við aðra þá, er unnu að samningu frv., og töldu þeir svo miklum vandkvæðum bundið að afskrifa húseignir á þjóð- og kirkjujörðum eftir reglum frv., að ekki væri fært að gera það. Þeir létu þá skoðun í ljós, að ef þingið teldi, að afskriftarreglur ættu einnig að ná yfir hús- og jarðeignir ríkisins, þá væri eini kosturinn að ákveða einhverja fasta afskrift á heildarfasteignamat jarðanna sjálfra að meðtöldum húsum og það þá vitanlega sett lægra en þar, sem afskriftin nær aðeins til húseigna. Eftir að n. fékk þessar upplýsingar, varð hún sammála um, að réttast væri að svo stöddu að draga jarðeignirnar út úr. Ef síðar þætti rétt að bæta því við, þá yrði að athuga, með hvaða hundraðshluta af fasteignamati skyldi afskrifa. Hins vegar taldi n., eins og frv. er nú orðað, þá lægi næst að skilja það þannig, að afskriftirnar næðu eingöngu til húseigna á jörðum ríkissjóðs. En til þess að taka af allan vafa um þetta leggur n. til, að inn í 2. gr. verði bætt orðunum „aðrar en jarðeignir", til þess að það komi skýrt fram, að það er ekki ætlazt til, að afskriftin nái til jarðeigna. Ég held, að eins og komið er a. m. k., sé skynsamlegast að afgreiða frv. á þennan hátt, en eins og ég segi, er auðvelt að bæta við ákvæðum um jarðirnar, ef ástæða þykir til.

ATKVGR.
Brtt. 772,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 772,2—3 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 124. fundi í Nd., 8. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 777).

Á 125. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 138. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 777, n. 937).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. —Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og kunnugt er, hafa fyrningar á eignum ríkisins verið færðar til gjalda á rekstrarreikningi ríkisins nú um langt skeið. Hér er það lagt til, að fyrningarupphæðin skuli lögð inn á sérstakan sjóð.

Frv. er samið af fjmrn. og hefur gengið í gegnum Ed. með fylgi fjhn.

Fjhn. Nd. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 964).

---

82. Framfærslulög.

Á 26. fundi í Sþ., 6. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til framfærslulaga (þmfrv., A. 364).

Á 68. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flytur þetta mál, en n. hefur enn ekki getað tekið það til meðferðar. Á síðasta Alþ. var samþ., er tryggingalögin voru á ferðinni, að taka framfærslulögin til ýtarlegrar athugunar og liggja þau nú hér fyrir í frv.-formi. Í frv., eins og það nú liggur fyrir, eru tvær breyt., og þó sérstaklega ein, þar sem fyrri ákvæði þessara l. um gagnkvæma framfærsluskyldu eru niður felld. N. hefur ekki enn rætt þetta mál, en ég vil leyfa mér að geta þess sem minnar skoðunar, að ég er í nokkrum vafa um það, hvort rétt sé að fella niður framfærsluskylduna. Ég tel mjög vafasamt, að ákvæði almannatryggingal., eins og þau eru nú, geti komið í stað framfærsluskyldu foreldra og barna. Aðrar breyt., sem ekki leiðir beint af almannatryggingunum, eru miklu þýðingarminni, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þær. Ég óska, að þessi hv. d. vísi málinu aftur til heilbr.- og félmn. og 2. umr. Mun þá n. lýsa skoðun sinni nánar við 2. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil taka undir það með hv. frsm., 4. þm. Reykv., að þetta mál verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar í hv. heilbr.- og félmn. Eins og grg. ber með sér, er frv. samið af sérstakri n., sem falið var að gera frv. Ég hef ekki átt þess kost þá fáu daga, sem ég hef haft þessi mál með höndum, að kynna mér frv. og hin nýju ákvæði þess né gera samanburð á því og löggjöfinni um almannatryggingar. En á þessu stigi vildi ég taka undir orð hv. frsm. Og ég fyrir mitt leyti er ekki reiðubúinn til þess, eins og hann lýsti yfir af sinni hálfu, að slá því föstu, að breytt skuli framfærsluskyldu, hvað snertir afstöðu barna til foreldra sinna, eins og lagt er til. Ég hygg, að þetta þurfi rækilegrar athugunar við. Ég óska eftir að hafa samráð við hv. heilbr.- og félmn. um athugun og meðferð þessa máls. Ég vona, að mér gefist kostur á að kynna mér málið nánar fyrir þann tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 69. og 113. fundi í Nd., 11. febr. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 364, 604, 643, 645).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta mál á milli umr., og hefur n. haldið mjög marga fundi um málið og athugað frv. í samvinnu við hina stjórnskipuðu nefnd og forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, en þrátt fyrir það varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. ber fram 3 brtt., sem prentaðar eru á þskj. 604, en minni hl. ber fram brtt. á sérstöku þskj. N. stendur óskipt að 3 brtt. á þskj. 604. Í frv. er gert ráð fyrir þeirri prinsip-breytingu, að framfærsluskyldan sé felld úr gildi, en um það atriði varð n. ekki sammála, og mun ég snúa mér að þeim atriðum, sem n. varð ekki sammála um.

7. gr. núgildandi l. er um framfærsluskylduna. Þessa gr. hafði stjórnskipaða n. fellt niður. Meiri hl. n. vill breyta þessu aftur. Hv. 2. landsk. þm. er sá nm., sem ekki gat orðið samferða meðnm. sínum í þessu. Nú þarf einnig að taka hér inn viðbótarákvæði, sem um getur í brtt. meiri hl. Bak við það standa einnig 4 af 5 nm. Þar er það 2. þm. Eyf., sem er í minni hl. Í 72. gr. frv., eins og það liggur nú fyrir, segir:

„Nú hefur framfærsluþurfi misst rétt til bóta eða lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar, vegna vanskila á iðgjaldi, og getur sveitarstjórn þá keypt honum full réttindi samkvæmt þeim lögum með því að greiða iðgjald hans fyrir næst liðið ár.“

Þetta olli ágreiningi í n. Ræddi ég þetta við framfærslufulltrúa Reykjavíkur og forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Við töldum það óeðlilegt, að hægt væri að kaupa réttindi með því, að sveitarstjórn greiddi aðeins eins árs iðgjald. Við vorum sammála því, að þetta væri andstætt tilgangi l., og lögðum til, að 72. gr. yrði felld úr gildi og að það þyrfti að greiða allt vangoldið iðgjald til þess að ná fullum réttindum. Meiri hl. n. lagði til að gera þetta, en það kom mótstaða gegn þessu frá fulltrúum sveitarstjórnanna, en svo varð samkomulag um, að greiða þyrfti fyrir 5 árin, sem vangoldin væru, til þess að fá full réttindi, í stað eins árs. Hér var því reynt að fara beggja bil. Að

þessu stendur meiri hl. n. að frá töldum 2. þm. Eyfirðinga.

Ég hygg nú, að ég hafi í stuttu máli gert grein fyrir brtt., og fjölyrði ekki frekar um þetta.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Ég er ekki að öllu leyti sammála meiri hl. n. í afgreiðslu þessa máls, eins og þegar hefur verið lýst, en ég er ósamþykkur annarri brtt., við 72. gr. frv. Er frv. kom í Alþ. var svo gert ráð fyrir, að aðili missi réttindi vegna vanskila, en að hann geti endurheimt full réttindi með því, að sveitarstjórn greiði gjald hans fyrir undangengið ár eða eitt ár. Þetta var sjálfsagður hlutur, en meiri hl. taldi það ekki fullnægjandi og vill, að það þurfi að greiða allt að 5 ára gjald til þess að ná aftur réttindum. Ég hef svo farið hér milliveginn og lagt til, að greitt yrði fyrir tvö ár í stað fimm.

Eins og kunnugt er, þá innheimta sveitarstjórnirnar ekki iðgjöldin, heldur trúnaðarmenn Tryggingastofnunar ríkisins, og ég leyfi mér nú að taka dæmi til þess að skýra, hvernig þessi ráðstöfun getur komið niður. T. d. ef við tökum einhvern lítinn útgerðarmann á Akranesi, sem hefur trassað að borga, vegna þess að trúnaðarmaður tryggingastofnunarinnar hefur trassað að innheimta gjaldið, og svo verður þessi sami maður sveitarþurfi vegna heilsubrests eða annarra óhappa, þá verður sveitarstjórnin að greiða iðgjaldið fyrir síðustu 5 árin, og er þar með hreppsnefndin sett í ábyrgð fyrir iðgjöldunum, og horfir þá málið öðruvísi við að mínum dómi. Nú, ef einn maður á að borga 500 kr. á ári í iðgjald og trassar það svo í 4 ár eða tryggingarstofnunin vanrækir að innheimta gjaldið, þá er sú upphæð, sem sveitarstjórn er ætlað að borga, yfir 2 þús. kr., og ef maðurinn veikist svo, þá verður hún að borga 6. árið líka. Það nær því ekki neinni átt að ætla sveitarstjórnum að greiða 5 ára skuld, sem vel má vera vegna lélegrar innheimtu gjaldanna, og hef ég því ekki gert ráð fyrir að skylda sveitarstjórnir að leysa iðgjöldin lengur en til tveggja ára, og er það sýnu skárra, og það nær ekki neinni átt að krefjast 5 ára greiðslu og leysa þannig út þennan eða hinn. Ekki er hægt að banna manni að flytja á milli hreppsfélaga. Og hvaða sanngirni er það að ætlast til þess, að sveitarstjórnir leysi menn út vegna vanrækslu á innheimtu tryggingastofnunarinnar eða trúnaðarmanna hennar?

Ég vænti svo þess, að brtt. mín nái samþykki.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. tók fram í ræðu sinni, þá hef ég ekki getað fylgt meiri hl. í þessu máli, að því er viðvíkur lögskyldaframfærslu. Mér var það gleðiefni, er ég sá frv. til framfærslulaga, þar sem hin stjórnskipaða n., sem um það hafði fjallað, hafði lagt til að fella niður lögskyldaða framfærslu. Mér þótti það sem ánægjulegur vottur um aukinn skilning á kjörum og rétti þeirra, er við erfiðastar ástæður búa. Mér fannst þetta vera ánægjulegur vottur um skilning n. á rétti þessa fólks til að fá styrk úr þeim sameiginlega sjóði, sveitarsjóði, sem er ekki annað en tryggingarsjóður, sem allir greiða í eftir efnum og ástæðum. Hin lögboðna framfærsla hefur alltaf verið erfiðleikum og vandræðum háð. Það eru tiltölulega fá gamalmenni, sem hafa nokkuð fyrir sig að leggja, og sama má segja um það fólk, er við heilsuleysi hefur átt að stríða. Þetta fólk hefur, meðan fjölskyldaframfærslan var lögboðin, orðið að þiggja styrk frá skyldmennum og vandalausum misjafnlega út látinn og misjafnlega fúslega af hendi látinn. Það er ekki neinum til ánægju að vera öðrum til byrði og þá sízt, ef aðstoðin er með illu út látin. Reynslan er sú, að framfærslan hefur lent mjög misjafnt á skyldmennum og oft kannske helzt á þeim, sem minnst voru aflögufærir. Og við vitum það vel, að kjör alls þorra verkalýðs eru þannig, að það er ekki mikið, sem verður umfram það, sem fjölskyldan þarf sér til framfærslu, sérstaklega þegar fyrirvinnan, eins og allir vita, hefur átt við mjög mikla rangsleitni að búa varðandi launakjör. En það er önnur saga og ekki ástæða til að orðlengja um það hér nú. Ég get ekki fallizt á, að réttlátt sé að lögbjóða fjölskyldaframfærslu áfram, og mun greiða atkv. á móti því. Styrkurinn frá almannatryggingunum er svolítil stoð, en ekki svo mikill, að hann nægi, nema kannske þegar keypt er inn á heimilum. Annars eru hér á þskj. 643 nokkrar brtt., sem ég vildi mega fara um nokkrum orðum, vegna þess að þær eru svo seint fram komnar í hv. d., að hv. þm. hafa ekki haft tíma til að kynna sér þær. Fyrsta gr. framfærslulaganna er í tveim málsgr. Þar stendur m. a.: „Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur að dómi sveitarstjórnar eða framfærslun." Það er sveitarstjórn, sem ræður þarna. En hins vegar er ekki neitt tekið fram í l., á hvaða forsendum sá dómur skuli reistur. Ég hef þess vegna bætt þarna inn ákvæði um þetta. Ég legg til, að síðari málsgr. orðist svo: „Skal félagsmrn. skipa n., er gerir í byrjun hvers fjárhagsárs, að fengnum tillögum manneldisráðs, sveitarstjórna og framfærslunefnda, áætlun um nauðsynlega framfærslu heimila samkv. gildandi verðlagi á hverjum stað, er farið skal eftir við úthlutun framfærslustyrks fyrir einn mann, tvo í heimili, þrjá o. s. frv. Allur framfærslustyrkur skal miðaður við gjaldskrá þessa, og fullur framfærslustyrkur skal vera jafnhár og framfærslukostnaður samkv. skránni. N. skal skipuð til fjögurra ára í senn, á þann veg, að prófessorinn í heilsufræði við Háskóla Íslands sé sjálfkjörinn formaður hennar, einn sé tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn af stjórn kvenfélagabandalagsins, einn af tryggingaráði og einn án tilnefningar." Ég ætla, að ef slík n. fjallaði um þessi mál, þá væri meira öryggi fengið fyrir því, að raunverulegur framfærsluþegi fengi það, sem hann þyrfti sér til lífsframfæris, því að annað getur ekki verið ætlun l. En þótt sveitarstjórnir og framfærslun. séu allar af vilja gerðar, þá hafa þær hvorki þá kunnáttu né þekkingu, sem þarf til að vita eða ákveða, hvað til fullkominnar heilsuverndar heyrir. Ég vænti því, að hv. d. verði sammála um, að á þennan hátt geti fengizt fullkomin trygging fyrir því, að heilsu og lífsafkomu framfærsluþega sé ekki stefnt í voða, en fyrir því séð á góðan hátt. Ég hef lagt til, að prófessorinn í heilsufræði við Háskóla Íslands sé sjálfkjörinn form. n. Honum er ætlandi að vita nánust deili á þessum hlutum. Þá skal kvenfélagabandalagið tilnefna einn mann. En það samband hefur mjög látið til sín taka alla bústjórn. Með því móti yrði n. aðnjótandi útsjónarsemi húsmæðurinnar. Alþýðusambandið skal tilnefna einn og tryggingaráð einn og einn skipaður án tilnefningar.

Af öðrum gr. hef ég m. a. flutt brtt. við 9. gr. Ég býst við, að inn í l. sé komið af vangá það, að sjúklingar skuli vera settir á bekk með vandræðamönnum og afbrotamönnum, að því er sveitfesti snertir. Það er oft, þegar menn dvelja langdvölum á sjúkrahúsum, að upplausn kemst á heimili þeirra, þeir verða t. d. að taka tillit til heilsunnar, þar sem hún er oft ekki eins trygg, og af því leiðir, að nauðsyn er að skipta um atvinnu eða vera í námunda við lækni og sjúkrahús. Ég vænti, að hv. d. fallist á þessa brtt. mína. Við 23. gr. hef ég gert brtt. Ég legg til, að beiðnir um framfærsluhjálp séu skriflegar. Ég veit, að hér í Reykjavík hefur því verið þannig háttað á síðustu árum, og ég held það sé öruggara í alla staði, að framfærsluþurfi skrifi sjálfur um kjör sín öll og sendi það svo til framfærslun. og sveitarstjórnar. Við 24. gr. hef ég gert þá brtt., að umkvartanir séu gerðar til n., sem um getur í 1. gr. í stað yfirstjórnar framfærslumálanna. Við 31. gr. hef ég gert þá breyt., að framfærslustyrkurinn skuli greiddur í peningum, nema framfærsluþurfi óski annars. Þetta er í alla staði heppilegra og þægilegra framfærsluþurfa. Einnig hef ég gert þá brtt., að það sé héraðslæknir, sem dæmi um húsnæði framfærsluþurfa. Ég held það sé meiri trygging fyrir því, að vel takist til, ef læknir fjallar um það mál. Tel ég ekki þörf að rökstyðja það, það sést bezt á skýrslum þeim, sem héraðslæknirinn hér í bæ hefur gefið um húsnæðið í bænum. En hann er ekki á sama máli og bæjarstjórnin um það. Þá geri ég brtt. varðandi almenningsmötuneytin, þar sem þau eru starfrækt, varðandi það, að framfærsluþurfi skuli geta fengið mat þar, en hann sé ekki skyldaður til þess. Hér mun ekki vera um neitt mötuneyti að ræða, sem starfrækt sé fyrir styrkþega, svo að lítil reynsla liggur fyrir í því efni. En fyrir nokkrum árum var slíkt mötuneyti í Hafnarfirði, og þótti það ekki gefast vel. Smávegis breyt. hef ég gert við 35. gr. Það er um, að í staðinn fyrir, að innansveitarmenn hafi rétt til að kæra yfir vanrækslu, þá skuli þetta orðað þannig, að hver maður hafi slíkan rétt. Hvað snertir 36. gr., þá vildi ég, að hún orðist á þennan hátt: „Skylt er sveitarstjórn að sjá þeim börnum, sem undir umsjá hennar eru, fyrir þeirri menntun, sem hæfileikar þeirra standa til.“ Ég á þarna við, að þessi börn fái ekki aðeins lögskipaða fræðslu, heldur skuli sveitarstjórnin, ef um sérstök hæfileikabörn er að ræða, vera þeim hjálpleg við að geta stundað framhaldsnám. 42. gr. er að mínum dómi ekki ákjósanleg í frv., þar sem framfærslun. og sveitarstjórn er heimilt að vista menn hvert á land sem þeim sýnist. Ég álít það sé ekki heppilegt og vil, að í stað 1. málsgr. komi tvær málsgr., svo hljóðandi: „Sveitarstjórn skal, svo sem auðið er sjá vinnufærum framfærsluþurfum fyrir viðunanlegri vinnu, sem gerir þeim fært að sjá heimili sínu farborða, enda sé hún greidd með venjulegu kaupgjaldi á staðnum. Skylt er framfærsluþurfa að taka þá vinnu, sem sveitarstjórn hefur vísað honum á, nema hann hafi frambærilegar ástæður til neitunar, svo sem: 1) að hann þoli ekki vinnuna samkv. læknisvottorði, 2) að heimilisástæður hamli því, að hann geti sótt til vinnu langt frá heimilinu, 3) að vinnan sé ekki í hans fagi, ef um fagfólk er að ræða, 4) að atvinnan sé svo léleg eða skammvinn, að hún nægi ekki til lífsframfæris, en geti hins vegar orðið til þess, að hann verði af betri vinnu annars staðar.“ Ég tel þetta svo skýrt, að óþarft sé að orðlengja frekar um það. Í stað orðanna „Á sama hátt getur framfærslusveit styrkþega látið hann“ í upphafi 2. málsgr. kemur: Sveitarstjórn getur látið styrkþega. 45. gr., vil ég, að falli burt, enda er hún óþörf. Bæði l. um lögræði og fleiri l. koma í stað þessa. Og ekki er heldur rétt, að sveitarstjórn geti ein ákveðið um það, hvað séu óknyttir, leti o. s. frv. Það getur orðið til þess að valda miklum deilum, því að litlar líkur eru til þess, að allir verði á eitt sáttir um það. Svo er 56. gr. varðandi endurgreiðslu á styrk. Á eftir 7. tölul. koma þrír nýir tölulíðir: „8. Styrk veittan í veikindum fyrirvinnu. 9. Styrk veittan vegna ómegðar. 10. Styrk veittan mæðrum, sem börn hafa á framfæri og aðeins stunda húsmóðurstörf á eigin heimili.“ Ég legg svo til, að við 57. gr. komi nýr málsliður þannig: „Skal hún (sveitarstjórn) ávallt ákveða innan þriggja mánaða, hvort þeginn framfærslustyrkur skuli afturkræfur af styrkþega.“ Þessi brtt. er flutt að gefnu tilefni. Það hefur oft verið hrúgað upp á styrkþega tugum þúsunda, er þeir hafa enga möguleika að endurgreiða, en þetta hvílir á þeim eins og farg. Það er ekki heldur beint til þess fallið að hvetja þá til að leggja að sér, ef þeir vita, að allt fer til að endurgreiða sveitarstyrk. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Ég vænti, að hv. dm. athugi þessar brtt. og greiði þeim atkv. Ég er sannfærð um, að þær eru allar til bóta. Við 59. og 61. gr. eru svo smáleiðréttingar. Vænti ég, að hv. dm. athugi það.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það var af tilefni út af 72. gr. og brtt., sem ég vildi segja nokkur orð. Ég tel mig hafa til þess nokkrar ástæður að ræða mál þetta, þar sem ég er því persónulega kunnugur frá tveim hliðum, bæði frá hlið stærsta sveitarfélags landsins og tryggingastofnunarinnar.

N. sú, er samið hefur þetta frv., hefur lagt til, að að því ráði sé horfið, ef tryggingaskyldur maður hefur ekki greitt sín tryggingagjöld og verður síðar framfærsluþurfi, þá skuli sveitarfélagi heimilt að kaupa honum réttindi með því, ekki að greiða iðgjöld hans eitt ár aftur í tímann, heldur hefur meiri hl. n. lagt til, að í staðinn fyrir eitt ár komi 5 ára greiðsla. En minni hl. hefur farið bil beggja og vill hafa það 2 ár. Það er í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Eyf., sem ég vil segja nokkur orð. Ef ég hef skilið hv. þm. rétt, þá lítur hann svo á, að sveitarfélagi sé sýnd hér veruleg óbilgirni vegna þess fyrst og fremst, að þar sem svo stendur á, að iðgjöld innheimtast ekki, þá sé það fyrst og fremst að kenna vanrækslu tryggingastofnunarinnar eða þeirra manna, sem innheimtuna hafa með höndum fyrir hana. Í öðru lagi þá sé sveitarstjórnum ókunnugt um, hverjir það eru á hverjum tíma, sem ekki greiða iðgjöld sín. Við skulum taka þetta til athugunar. Eins og hv. þm. er kunnugt, er ákveðið í l. um almannatryggingar, að innheimtumenn ríkisins, sem innheimta opinber gjöld, svo sem sýslumenn og hliðstæðir embættismenn í bæjum, skuli innheimta tryggingagjöldin. Þau eru lögtakskræf, eins og kunnugt er, og hafa allan sama rétt og önnur opinber gjöld. Nú get ég sagt það af nokkurri reynslu, að ég tel ekki, að þessir emb-

ættismenn ríkisins séu ámælisverðir fyrir að hafa ekki gengið vel fram fyrir tryggingarnar til þessa. Og get ég ekki séð, að það þurfi að breyta nokkru, þótt í framkvæmd komi l. um almannatryggingar í stað alþýðutrygginga. Það má vel vera, að svo sé, að sveitarstjórnir viti ekki, hverjir það eru, sem ekki greiða gjöld sín. En ekki þarf það svo að vera. Nú er að vísu ekki ákveðið í l. um almannatryggingar, að sveitarstjórnum skuli tilkynnt, hverjir það eru, sem ekki greiða gjöld sín. En hins vegar er ráð fyrir því gert, að sett skuli reglugerð og það fleiri en ein um framkvæmd þessara l. Og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að í reglugerðina sé sett ákvæði um það, að gerður skuli listi um ógreidd iðgjöld í hverju iðgjaldaumdæmi í landinu og hann birtur sveitarstjórnum. Ég vil mæla með því, að slíkt ákvæði verði fært inn í reglugerðina. Og það má gera sveitarfélagi kleift að fylgjast með því, hverjir það eru, sem ekki greiða gjöld sín. Varðandi menn þá, sem einkum mun ekki innheimtast hjá, þá vil ég benda á 109. gr. l., en þar segir svo: „Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeigandi. Þó á iðgjaldsgreiðandi jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöldin, ef tekjur hans og eignir eru svo rýrar, að honum beri ekki að greiða tekjuskatt né eignaskatt það ár, og má aldrei krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi skattskyldra tekna hans, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Slíkar iðgjaldagreiðslur úr sveitarsjóði teljast ekki framfærslustyrkur.“ Ég tel það engum efa bundið, að töluverðir örðugleikar séu því samfara að innheimta gjöld þeirra manna, sem fallið hafa úr tryggingu vegna vanskila. En ég tel víst, að leitað verði lögtaks hjá þeim til þess að innheimta gjöldin, a. m. k. þar sem einhverju er hægt að ná. En vitanlega er allmikill hópur manna til, sem getur ekki eða getur illa greitt sín iðgjöld. Og fyrir þessu hefur löggjafinn gert ráð og ætlazt til, að sveitarsjóður greiði iðgjöld þessara manna, þótt ekki sé um beina skyldu að ræða nema í þeim tilfellum, þegar tekjur hlutaðeigandi séu fyrir neðan ákveðið lágmark. Nú liggur það í hlutarins eðli, að mörg sveitarfélög mundu vilja komast undan því að nota ákvæði 109. gr. Og væri það svo, að sveitarstjórnir vissu, að áhættan væri engin önnur en sú, að hún þyrfti síðar meir að greiða eitt eða 2 ár aftur í tímann fyrir hlutaðeigandi mann, þá hygg ég, að margur fátækur maðurinn mundi fara bónleiður til búðar, ef hann færi fram á það við sveitarstjórn, að hún greiddi fyrir hann iðgjöldin. Mikill hluti vangreiddra iðgjalda mundi líka geta stafað af því, að sveitarstjórnin notaði ekki 109. gr., eins og löggjafinn ætlast til. Og eini sporinn, sem hægt er að nota á sveitarstjórnir í þessu efni, er sá, að þær beri ákveðnar byrðar af því, ef maður greiðir ekki gjöld sín og skyldi síðar lenda á sveitarframfæri. Ef að því ráði er horfið að heimila sveitarfélögum að kaupa menn aftur inn í tryggingarnar með eins eða tveggja ára tryggingargreiðslum, þá mundi það þýða það, að 109. gr. yrði lítið eða ekkert notuð og mikill hópur manna mundi falla úr tryggingu. Og við vitum, að það er ekki að ástæðulausu, að þörf er á að beita sveitarstjórnir í þessum efnum spora. Það má líka benda á, að tvennt er til um mann, sem fellur úr tryggingu, en vill svo komast inn í þær aftur. Hann getur sjálfur verið fær um að greiða sín gjöld eða hann er ekki fær um það og sveitarfélagið hefur tekið við hans framfærslu. Ef maðurinn er sjálfum sér nógur, þá mun tryggingastofnunin sættast við manninn, og hann greiðir öll sín vangreiddu iðgjöld, svo að tryggingastofnunin verði skaðlaus samkv. tryggingal. En hins vegar, ef maður er á framfæri sveitar, þá á tryggingastofnunin að bíða halla. Ég veit ekki hvers vegna. Meginreglan er sú, að sveitarfélögin taka við mönnum eins og þeir koma fyrir með öllum skyldum og réttindum, sem á þeim hvíla og þeir hafa, og líka þeim skyldum og réttindum, sem á þeim hvíla og þeir eiga gagnvart Tryggingastofnun ríkisins. — Mér hefði þótt langeðlilegast og réttast, að 72. gr. félli niður með öllu, þannig að sveitarfélög yrðu að greiða að fullu iðgjöld þeirra manna, sem óskað er að halda í tryggingu. Ég tel samt, að þetta sé þó ekki fráleitur samkomulagsgrundvöllur með 5 ára frestinn, af því að ég lít svo á, að um sök beggja sé að ræða, sveitarstjórnar og tryggingastofnunarinnar, ef maður fellur úr tryggingu. En yfirgnæfandi líkur tel ég fyrir því, ef maður fellur úr tryggingu, að það komi til af því, að sveitarstjórn komi sér undan sumpart tilmælum og sumpart skyldum gagnvart þessum sama manni. Ég vildi hvetja hv. þdm. til að standa með meiri hl. n. í þessu efni.

Það var ekki fleira, sem ég ætlaði að ræða um, en mér varð núna rétt litið á eina gr. frv., 45. gr. Hv. minni hl. n. leggur til, að hún verði felld niður. Þetta er alveg gersamlega fráleit gr., og ég skil ekkert í, hvernig þessi gr. hefur farið í gegnum hendur svo margra ágætra manna, án þess að þeir leggi til, að hún verði felld niður. Þessi gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur. Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af ríkissjóði.“ Þetta er ekkert smáræðis vald, sem sveitarfélögum er gefið þarna, vald til þess að setja menn í hvorki meira né minna en 3 mánaða fangelsi. Það þarf að vísu til samþykki lögreglustjóra. Mér virðist þetta ákvæði alveg vera í aðra átt en ákvæði þess frv., sem við vorum að afgreiða hér áðan, um lögræði. Það er gengið út frá því í okkar stjskr., eins og kunnugt er, að það megi ekki svipta menn frelsi þeirra, nema leiða þá fyrir dómara innan 24 klst. Í því frv. um lögræði, sem ég nefndi, þá er þetta í einu tilfelli ofurlítið rýmkað, þegar um sjúklinga er að ræða, þó ekki meir en svo, að það er ætlazt til þess, að innan tveggja sólarhringa sé mál mannsins tekið til athugunar af hlutaðeigandi löggæzlumanni. — Mér finnst þetta ákvæði í þessu frv., sem hér liggur fyrir, ekki ná nokkurri átt. Ef á að svipta mann sjálfsforræði um lengri tíma, er sjálfsagt að fara þar um eftir gildandi eða væntanlegum l. um lögræði. En að

gefa sveitarstjórn þetta vald, virðist mér alveg fjarstæða.

ATKVGR.
Brtt. 643,1 felld með 14:6 atkv.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 604,1.a—e (nýjar gr., verða 6.—10. gr.) samþ. með 17:6 atkv.
7. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
8. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 643,2 felld með 15:6 atkv.
9.—18. gr. (verða 13.—22. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
19.—22. gr. (verða 23.—26. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 643,3 felld með 15:6 atkv.
23. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 643,4 tekin aftur.
24.—28. gr. (verða 28.—32. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
29.—30. gr. (verða 33.—34. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 643,5 felld með 15:4 atkv.
31.—34. gr. (verða 35.—38. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 643,6 felld með 14:6 atkv.
35. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 643,7 felld með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, ÁkJ, EOl, GÞG, HermG, KTh.
nei: PÞ, PO, SB, SK, SkG, StJSt, StgrSt, EystJ, GÞ, GSv, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JörB.
12 þm. (ÓTh, SEH, ÁÁ, BÁ, EmJ, FJ, GTh, JóhH, JS, JJ, ArnfJ, BG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Þar sem sú skylda er fyrir hendi, sem hér er rætt um í brtt., tel ég óþarfa að setja þau ákvæði hér inn, og segi því nei.

Jörundur Brynjólfsson: Ég tel ákvæði þessarar gr. í þessu frv. gersamlega óþörf, og væri réttast að fella þessa gr. niður. Hins vegar er þannig lagað orðalag á þessari brtt., að maður getur engan veginn verið öruggur um framkvæmd hennar, eftir því sem hún hljóðar, og tel ég þess vegna ekki unnt að samþykkja hana, þótt maður vildi, og segi ég þess vegna nei.

36. gr. (verður 40. gr.) samþ. með 11:8 atkv.
37.—41. gr. (verða 41.—45. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 643,8 felld með 14:6 atkv.
42.—44. gr. (verða 46.—48. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 643,9 felld með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, HermG, KTh, PÞ, SigfS, SB, SG, StgrSt, ÁkJ.
nei: EystJ, GÞ, GSv, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JörB, PO, SK, SkG, StJSt.
GÞG, JóhH greiddu ekki atkv.
11 þm. (BÁ, EmJ, FJ, GTh, JS, JJ, AJ, ÓTh, SEH, ÁÁ, BG) fjarstaddir.
45. gr. (verður 49. gr.) samþ. með 14:8 atkv.
46.—55. gr. (verða 50.—59. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 643,10 felld með 14:7 atkv.
56. gr. (verður 60. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 643,11 felld með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, ÁkJ, EOl, GÞG, HermG, KTh.
nei: PÞ, PO, SB, SK, SkG, StJSt, StgrSt, EystJ, GÞ, GSv, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JörB.
12 þm. (ÓTh, SEH, ÁÁ, BÁ, EmJ, FJ, GTh, JóhH, JS, JJ, AJ, BG) fjarstaddir.
Brtt. 643,12—13 samþ. án atkvgr.
57.—61. gr. (verða 61.—65. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
62.—69. gr. (verða 66.—73. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
70.—71. gr. (verða 74.—75. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 645 felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞ, GSv, HB, IngJ, JóhH, JPálm, PÞ, PO, SB, SK, StgrSt.
nei: EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JörB, KTh, SigfS, SG, SkG, StJSt, ÁkJ.
11 þm. (BÁ, EmJ, FJ, GTh, JS, JJ, AJ, ÓTh, SEH, ÁÁ, BG) fjarstaddir.
Brtt. 604,2 (ný 72. gr., verður 76. gr.) samþ. með 14:5 atkv.
73.—74. gr. (verða 77.—78. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 604,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 116. og 117. fundi í Nd., 18. og 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 121. fundi í Nd., 5. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 654, 728).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta var upphaflega flutt af heilbr.- og félmn., en frv. sjálft var samið af stjórnskipaðri n., því að það þótti rétt að gerðar yrðu breytingar á núgildandi framfærslulögum. Á milli 1. og 2. umr. frv. tók heilbr.- og félmn. frv. til athugunar og einskorðaði hún athuganir sínar við breyt. þær, sem stjórnskipaða n. hafði lagt til, að gerðar yrðu á núgildandi framfærslulögum. Ein breyt., sem stjórnskipaða n. lagði til, var, að framfærsluskylda barna gagnvart foreldrum sínum yrði felld úr l., og var það gert með tilliti til l. um almannatryggingar, en heilbr.- og félmn. lagði til, að þessi skylda barna til framfærslu foreldra sinna yrði aftur tekin inn í frv. Starf heilbr.- og félmn. var einkum fólgið í því að fara yfir frv. og athuga, hvaða breyt. stjórnskipaða n. hafði gert á gildandi framfærslulögum. Skal ég að nokkru geta helztu breytinganna, sem n. hefur nú lagt til, að gerðar verði á frv., en brtt. n. eru prentaðar á þskj. 728.

1. brtt. er orðalagsbreyting, að í staðinn fyrir orðið framfærsluþurfi komi alls staðar í frv. orðið styrkþegi. 2. brtt. er aðeins sjálfsögð leiðrétting. 3. brtt. miðar í þá átt, að yfirvald ákveði meðlag barna með foreldrum eftir því, sem mælt er í l. um almannatryggingar og l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. 4. brtt. er einnig breyting

frá því, sem áður var, að meðlag, lífeyrir eða barnsfararkostnaður sé með úrskurði valdsmanns lögtakskræft hjá framfærslumanni, sé það ekki greitt. 5. brtt. er um það, að ekki sé Tryggingastofnun ríkisins skylt að greiða aðrar eða hærri fjárhæðir samkv. úrskurði eða samningi um meðlag eða lífeyri með börnum en mælt er í l. um almannatryggingar. 6. brtt. er við 36. gr., 2. málsl. 3. málsgr., og er lagt til, að hún orðist svo: „Húsnæði það, sem styrkþega er útvegað og greitt er fyrir af opinberu fé eða sveitarstjórn leggur til, skal vera sómasamlegt að dómi héraðslæknis.“ Sumt af þessu er í l. um barnavernd, en n. þótti orðalagið ekki fullkomið og kaus heldur að orða gr. á þennan hátt. Sama er að segja um breyt., sem n. hefur gert við 40. gr. frv., að þar eru fyrirmæli varðandi umboð fyrir styrkþega, og er sama að segja um 9. brtt., sem er við 41. gr. frv., en hún er einnig varðandi umboð sveitarstjórna og er umorðun um skyldu sveitarstjórnar til þess að sjá um, að börn, sem eru undir hennar umsjón, njóti lögboðinnar skólafræðslu.

Þýðingarmesta breyt. við l., sem n. leggur til, er við V. kafla l., og eru það þýðingarmiklar efnisbreytingar. Þá er lagt til að heiti V. kaflans verði: Um samskipti sveitarstjórna og styrkþega. Breyt. n. við þennan kafla eru í meginatriðum þessar:

Í gildandi l. hefur sveitarstjórnum verið heimilt að úrskurða styrkþega til þess að greiða sér meðlagskostnað með því að senda þá í ákveðna vinnu, á vinnuhæli eða vinnustofnun. Heilbr.- og félmn. hefur nú fundizt rétt, að sveitarstjórnir skuli leita úrskurðar valdsmanns um þetta, ef styrkþegi vanrækir skyldur sínar um endurgreiðslu. N. þótti rétt að valdsmaður skyldi um þetta fjalla (í Reykjavík sakadómari), en ég segi ekki þar með, að þessu valdi hafi verið misbeitt.

Ég skal einnig fara að nokkru í gegnum aðrar breyt., sem n. hefur lagt til, að gerðar verði á kaflanum. Nú hefur styrkþega verið vísað í vinnu og sé hann vinnufær, en gegni hann ekki þeirri skyldu, þá getur sveitarstjórn aflað sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara), að styrkþegi sé vinnufær. Það eru því þessi fjögur atriði, sem hér er lagt til, að bundið sé sveitarstjórn að fá úrskurð valdsmanns um: 1. að vinnuveitandi styrkþega skuli greiða sveitarstjórn kaup styrkþega; 2. að sveitarstjórn er heimilt, að fenginni staðfestingu valdsmanns, að vísa framfærsluþurfa á tilhlýðilega atvinnu, sem honum er ekki um megn, og styrkþegi er skyldaður til þess að taka henni; 3. að fengnum úrskurði valdsmanns er hægt að senda styrkþega á vinnuhæli; 4. fara skal með fjárræði styrkþega að lögræðislögum.

Þá er það að segja um 50. gr., að hún er orðin úrelt í l. sem þessum, sbr. önnur l., t. d. hegningarlögin nýju, og er gr. því umorðuð. Í 180. gr. nýju hegningarlaganna eru sams konar ákvæði, og vill n. því breyta gr. Þá taldi n. rétt að gera hér það frávik, að maður, sem býðst til þess að vinna þessa refsingu af sér, skuli komast hjá refsingu.

Við 61. gr. frv. gerir n. eina breytingu, en þessi gr. er um rétt til þess að krefjast endurgreiðslu styrks, veitts af sveitarfé. N. leggur til, að á eftir 6. tölul. 61. gr. komi nýr tölul., sem hljóði svo: „Framfærslustyrk, veittan mæðrum, sem hafa fleiri en tvö börn á framfæri og aðeins stunda húsmóðurstörf á eigin heimili. 13. brtt. er aðeins leiðrétting, og sama er að segja um 14. brtt.

15. brtt. felur í sér umorðun. Hin stjórnskipaða n. samdi þetta frv. og endurskoðaði gömul l. varðandi þessi efni og l. um afstöðu til óskilgetinna barna og athugaði í því sambandi vandamálið í sambandi við setuliðsbörnin svo kölluðu. Hér er fjöldi mæðra, sem ekki fá meðlög með börnum sínum, vegna þess að þau eru börn hermanna, sem hér dvöldu á stríðsárunum. Hins vegar hefur verið beiðzt, að meðlagsskylda verði gefin út með börnum 60 mæðra, en þær umsóknir liggja til afgreiðslu hjá sakadómaranum í Reykjavík, en þessi mál liggja enn óafgreidd, og geri ég ráð fyrir, að eitthvað sé til viðbótar af umsóknum hjá héraðsdómurunum. Stjórnskipaða n. lagði til, að þeim mæðrum, sem kenna setuliðsmönnum börn sín, verði gefinn kostur á að vinna eið og síðan fá meðlag með börnum sínum. Nú fannst n. nokkuð langt gengið, að allar stúlkur, sem börn eiga, geti með eiði orðið aðnjótandi styrks. Heilbr.- og félmn. var sammála um það að takmarka þetta við þau börn, sem fædd eru á hernámsárunum. Hins vegar þótti n. það viðurhlutamikið, ef 60 stúlkur eiga að feðra börn sín með eiði hjá sakadómara, og leggur n. því til, að sakadómara sé heimilt að úrskurða, að þær stúlkur skuli fá greiddan lífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins, sem færa gildar líkur fyrir faðerninu. Sakadómari getur því afgreitt þessi 60 barnsfaðernismál, sem liggja fyrir embætti hans, ef hann telur fullkomnar líkur fyrir því, að barn sé rétt feðrað. Sú breyt., sem n. leggur til á þriðja bráðabirgðaákvæðinu, er því sú, að málum þessara barnsmæðra geti lokið án eiðvinningar.

Ég get getið þess, að er þetta var til umr. í heilbr.- og félmn., þá var það ekki talið eðlilegt, að málum þessara barnsmæðra gæti lokið án eiðs, þar sem þær mæður, sem ekki hafa nú þegar sent beiðnir um meðlag, en kynnu að gera það síðar, eru skyldar að vinna eið, og ég get viðurkennt, að mikið er til í því, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði í n., að n. óaði við því, ef 60 barnsmæður ættu að vinna eið til þess að verða meðlagsskyldar, og er hæpið, ef sú eiðvinning verður til gagns, og væri slíkt æríð hæpið, en færði aðeins líkur fyrir málinu. Þetta var rætt alveg sérstaklega í n., og komu þessi tvö sjónarmið fram.

Þá hef ég lokið að ræða þetta. Ég skal að síðustu geta þess, að þar sem form. stjórnskipuðu n., Jónas Guðmundsson, var farinn af landi burt, þá gat n. ekki rætt þetta við hann, en í stað þess ráðfærði n. sig við Ólaf Sveinbjörnsson framfærslufulltrúa.

Það má segja, að allar þessar breyt. séu samdar í samráði við hann, auk þess sem n. hefur notið aðstoðar annarra lögfræðinga, og má því segja, að hann sé fyrir sitt leyti sammála öllum brtt. heilbr.- og félmn., sem gerðar eru við frv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hv. n. fyrir það, að hún hefur lagt mjög mikla vinnu í það að reyna að ná samkomulagi um breyt. varðandi framfærslul. Ég get fyrir mitt leyti mælt eindregið með brtt. á þskj. 728. Eins og tekið hefur verið fram af hv. frsm. n., þá var það mikil nauðsyn vegna hinna nýju almannatrygginga að fá lagfæringar á framfærslul., og einnig hefur um leið verið reynt að sníða af eldri l. nokkra vankanta, sem líka var nauðsynlegt.

Ég vænti þess fastlega, að þetta frv. með þessum breyt. sigli greiðan byr í gegnum hv. d. og verði að lögum.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. hefur tekið fram, hefur n. farið gegnum frv. á milli umr. og átt tal við ýmsa menn um það, m. a. Ólaf Sveinbjörnsson lögfræðing, og telja þeir þær brtt., sem n. hefur gert, til bóta. Ég fyrir mitt leyti tel þær að vísu til bóta, og með þeim verður nokkuð meira aðhald fyrir sveitastjórnir gagnvart styrkþegum en áður. En með eina brtt. er ég ekki vel ánægður, það er 15. brtt. á þskj. 728, í sambandi við það, hvernig kona getur fengið úrskurð um það að fá meðlag með barni sínu frá Tryggingastofnun ríkisins, sem ríkissjóður svo endurgreiðir. Það munu vera um 60 mæður, sem hér er um að ræða.

Í frv., eins og það liggur fyrir, í 3. bráðabirgðaákvæðinu, er gert ráð fyrir því, að þessar mæður hafi gert ráðstafanir til þess að höfða barnsfaðernismál, eins og stendur í niðurlagi gr.: „Greiðslur þessar falla þó niður, ef móðir slíks óskilgetins barns, sem hér um ræðir, tapar barnsfaðernismáli því, er hún hefur höfðað.“ En nú skilst mér, að eftir brtt. á þskj. 729 við frv. til l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, sem er mjög líkt mál, þá sé gert ráð fyrir, að barnsmóðir geti fengið að staðfesta framburð sinn með eiði. Þar stendur: „Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.“ Það er þarna sá munur, að konan þarf að staðfesta framburð sinn með eiði, en hérna er um það að ræða, að höfðað hafi verið barnsfaðernismál. Ég álít, að hér kenni nokkurs misskilnings, og mér finnst í sjálfu sér óeðlilegt, að kona fái að staðfesta framburð sinn með eiði, ef það eiga ekki að vera endanleg úrslit málsins, en það er ekki meiningin, að svo sé, heldur skal þessi skýrsla fara til viðkomandi ráðuneytis, til þess að slíkur eiður fái fulla staðfestingu, og barnið er ekki feðrað, þó að konan hafi unnið eiðinn. Ég tel hæpið að fara þessa leið. Sú leið, sem farin er hér af n. og í samráði við framfærslufulltrúa bæjarins, má telja þá helztu, sem um er að gera í þessum efnum og sennilega gefur réttlátasta niðurstöðu.

Ég mun greiða atkv. með þessum brtt., þó að ég sé ekki fullkomlega ánægður með þær, vegna þess að mér er ljóst, að hér er aðeins um bráðabirgðaákvæði að ræða, því að hér er miðað við þær 60 mæður eingöngu, sem hafa fengið greiddan úr ríkissjóði barnalífeyri. Aðrar koma ekki til greina. Og um mæður óskilgetinna barna er miðað við fastákveðið tímabil, og er þar átt við mæður, sem hafa átt börn með setuliðsmönnum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins beina því til þeirrar hv. n., sem hefur þetta mál til athugunar, hvort ekki væri rétt að athuga betur 57. gr. frv. Í 1. málsgr. þeirrar gr. stendur „þá skal“, en mér skilst, að þetta muni fremur eiga að vera „þó skal“. Þessi gr. er um það, að ef hjón hafa komizt í sveitarskuld eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, skal þeim skylt að endurgreiða hana, báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði, og eins og stendur þarna: „þá skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til þess að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefur einn eða fleiri skylduómaga.“ Mér skilst, að þarna eigi að vera „þó skal“.

Þá vildi ég í öðru lagi benda hv. n. á, að í bráðabirgðaákvæði, 1. tölul., stendur: „Í janúarmánuði 1947 skulu sveitarstjórnir o. s. frv.“ — Er það ekki óviðfelldið með frv., sem nú er verið að samþykkja í maí, að í því sé talað um skyldur sveitarstjórnar til þess að greiða eitthvað í jan. 1947? Mér sýnist ástæða til þess að breyta þessu, og vildi ég þess vegna skjóta því til hv. n., hvort það hafi verið ætlun hennar að hafa þetta þannig og hvort ekki væri rétt að leiðrétta þetta, áður en málið fer út úr hv. d.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Út af aths. hv. þm. V-Húnv. vil ég taka fram, að ég álít rétt að athuga það, hvort það er réttara eða fari betur að breyta þarna um orð í 1. málsgr. 57. gr., það má vera að það sé rétt. **(Helgi J:** Ég efast um, að það sé rétt.) En ég vona, að hv. þm. felli sig við það, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar í hv. Ed., athugi þá þetta atriði.

Út af síðari aths., sem hv. þm. gerði, vil ég segja það, að það var ekki af neinni vangá, að þetta orðalag var haft, það er svona orðað í frv., eins og það var upphaflega samið, en það var gert nokkru fyrir áramót, og það var sent heilbr.- og félmn. þessarar d., að ég held, 13. eða 14. des. 1946. En það vannst ekki tími til þess að ganga frá frv. fyrir lok þess árs, og er þetta ákvæði miðað við það, að l. væru sett fyrir áramót. Þetta bráðabirgðaákvæði fjallar um það, að sveitarstjórnir skuli greiða þeim ellilauna- og örorkubótaþegum, er á árinu 1946 fengu ellistyrk og örorkubætur, einn tólfta hluta þeirrar heildarupphæðar, sem þeir fengu þá, að frádregnu sjúkrasamlagsgjaldi. Þar eð l. voru ekki samþ. 1946, gaf félmrn. tilskipun með bréfi til allra sveitarstjórna um það, að til þess væri ætlazt, að þær skyldu inna þær greiðslur af hendi, og munu flestar þeirra hafa gert það. Einhver undantekning mun þó vera frá því. Og hefur félmrn. óskað eftir því, að þetta bráðabirgðaákvæði stæði til staðfestingar á því bréfi, sem út var gefið í ársbyrjun 1947, til þess að þetta ráðuneytisbréf fengi eins konar löggildingu, þegar þessi l. eru afgr. frá þinginu. Það er því í samráði við ráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins, að þetta bráðabirgðaákvæði er látið standa þarna.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að viðurkenna, að mér er ekki alveg ljóst, hvað þessi 1. liður í bráðabirgðaákvæðinu á að þýða. Ég álít þess vegna, að ástæða sé til þess að laga þetta í frv., af því að það liggur ekki svo ljóst fyrir. Eins og þetta er orðað, þá skilst mér, að með því hafi átt upphaflega að skylda sveitarstjórnir til þess að greiða þessar bætur, sem þarna er talað um, að einum tólfta þeirrar upphæðar, sem þeir styrkþegar hefðu fengið 1946. En hins vegar kveður þetta ekki á um frekari greiðslur til þessara manna, það er bara þessi einn tólfti hluti fyrir janúarmánuð. En ættu þeir þá ekki að fá neitt fyrir hina mánuðina? Það verður ekki séð af þessu ákvæði, að svo hafi verið. Ég óska skýringar á því, hvers vegna hér er sérákvæði fyrir janúarmánuð. Mér finnst eðlilegra að orða þetta þannig, að árið

1947 skuli allar sveitarstjórnir greiða öllum þessum bótaþegum einn tólfta alla mánuði, þá sem líða, þar til þetta frv. verður að l.

Þá vil ég geta þess, að ég held ég muni það rétt, að í eldri l. mun standa „þó skal". Ég hef borið þetta saman, og ég ætla, að það sé ekki misminni hjá mér.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég játa, að ég hefði átt að taka fram, að bótagreiðslur eru greiddar eftir á. Fyrsta greiðsla kemur því ekki til framkvæmda fyrr en 1. febr. 1947. En ef bráðabirgðaákvæðið hefði ekki verið sett, hefði fyrsti mánuðurinn fallið úr, og var þetta ákvæði sett aðeins með tilliti til þessa. Og vegna þess að frv. gat ekki orðið að l. fyrir áramót, var gefið út þetta bréf, sem ég gat um áðan, og félmrn. óskaði eftir því, að það fengi að standa sem nokkurs konar löggilding á þessu bréfi til sveitarstjórnanna.

Umr. frestað.

Á 123. fundi í Nd., 7. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 654, 728, 775).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason) Herra forseti. Ég vil aðeins láta þess getið, að þessar tvær brtt., sem heilbr.- og félmn. flytur á þskj. 775, eru bornar fram í tilefni af ábendingu hv. þm. V-Húnv. við fyrri hluta þessarar umr. Vakti hann þá athygli á prentvillu, sem slæðzt hafði inn í 57. gr. frv., en þar stendur í upphafi 2. málsl. 1. málsgr. orðið „þá", en á að vera „þó". Er þetta leiðrétt hér í fyrri brtt. á þskj. 775.

Þá vakti og hv. þm. V-Húnv. athygli á því í sambandi við ákvæði til bráðabirgða, að orðalag 1. töluliðar væri ekki heppilegt eða formlegt, og er í seinni brtt. á þessu sama þskj. lagt til, að þessi tölul. verði orðaður um. — Vænti ég þess, að sá hv. þm., sem aths. gerði, svo og hv. þd. í heild geri sig ánægða með þessar brtt. og samþykki þær.

ATKVGR.

Brtt. 728,1—2 samþ. án atkvgr.
— 728,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 728,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 728,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 728,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 728,7 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 728,8 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 728,9 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 728,10 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 728,11 og 775,1 samþ. án atkvgr.
— 728,12 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 728,13 samþ. án atkvgr.
— 728,14 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 775,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 728,15 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 128. fundi í Ed., 8. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 782).

Á 129. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 782, n. 973).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem liggur fyrir til umr. nú, er þannig til komið, að í l. um almannatryggingar er gert ráð fyrir því, að þessi l. um framfærslu og fleiri l. yrðu samræmd tryggingal. Út af þessu skipaði þáv. félmrh. n. til þess að endurskoða l. og þau l. önnur, sem þyrftu samræmingar við. Lauk sú n. störfum þannig, að hún samdi þetta frv. og frv. til l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Málið hefur verið mjög vel undirbúið, og ekki hafa verið gerðar aðrar breyt. en þær, sem leiddi beint af setningu l. um almannatryggingar. Málið fór breytingalítið gegnum hv. Nd. Hér hefur málið verið hjá heilbr.- og félmn. og verið rætt á nokkrum fundum. Sumir nm. munu vilja gera nokkuð víðtækar breyt. á því. En þar sem kapp var lagt á, að málið kæmist í gegn á þessu þingi, en það hefði ekki tekizt, ef málið hefði farið aftur til hv. Nd., þá var n. sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt, eins og það kom frá Nd. Ég vildi fyrir hönd n. óska þess, að málið yrði afgr. eins og heilbr.- og félmn. leggur til í nál.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara. Eins og hv. frsm. tók fram, hefði ég kosið að gera mjög víðtækar breyt. á frv., sérstaklega við 62. gr., þar sem rætt er um viðurlög, ef sveitarstjórn er uppvís að því að flytja mann milli sveitarfélaga og halda honum þar uppi á sinn kostnað, til þess að hann geti orðið þar sveitlægur. Ég tel þessi ákvæði óþörf, síðan almannatryggingalögin voru sett. Sama gildir um 7. gr., um jöfnun framfærslukostnaðar. Ég tel, að allur kaflinn eigi að falla niður úr l. Hins vegar vil ég ekki tefja málið, því að það þarf að ná fram að ganga á þessu þingi. Ég treysti því líka, að hæstv. félmrh. láti athuga l. fyrir næsta Alþ. og felli úr þeim þau ákvæði, sem eru orðin úrelt og svo gömul, að þau heyra ekki lengur til nútímanum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
13.—23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
24.—33. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
34.—41. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
42.—48. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
49.—64. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
65.—72. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
73.—77. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 143. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 986).

83. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 125. fundi í Nd., 9. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum (þmfrv., A. 794).

Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál er flutt af fjhn. og er búið að vera til fyrstu umr., en þá gat ég ekki fylgt því úr hlaði, eins og ráð hafði verið fyrir gert, sökum lasleika.

Eins og frv. ber með sér, er tilgangur þess að fá með þessu fé til starfsemi Landssambands íslenzkra útvegsmanna, því að eins og vitað er, þá er starfsemi þess orðin mjög mikil og gerir mikið fyrir útveginn og þá um leið fyrir þjóðina í heild. Það er því nauðsynlegt, að þessi starfsemi hafi nokkurt fé til umráða, en sá er tilgangur þessa frv.

Ég vil svo leiðrétta þann misskilning, að þetta frv. eigi á nokkurn hátt að rýra tekjur fiskimálasjóðs, því að það er algjörlega rangt.

Að lokum vil ég mælast til þess, að frv. verði vísað til 3. umr., og óska eftir, að því verði hraðað eins og auðið er, svo að það nái afgreiðslu á þessu þingi.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að það gæti ekki ósamræmis hjá fjhn. og sjútvn., en óska hins vegar að vita, hvað áætlað er, að þessi upphæð sé mikil eða komi til með að verða. Þá vil ég líka benda á það, að hér er gert ráð fyrir, að landssambandið ráði þessu fé sjálft, en það er hliðstæða við það, að bændur fái einir ráðstöfunarrétt á búnaðarsjóði. Ég mun ekki stofna til deilu um þetta mál, en ég vænti þess, að þeir, sem leggja áherzlu á það, styðji líka lög svipaðs eðlis um búnaðarmálasjóð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 128. fundi í Nd., 14. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég sé ekki beinlínis ástæðu til að biðja hæstv. forseta um að taka mál þetta af dagskrá, en það er ekki aðeins, að þetta frv. komi í bága við 6. dagskrármálið, sem er frv. til l. um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl., sem komið er til 3. umr. hér í hv. d. og ég hafði hugsað mér að biðja hæstv. forseta um að taka af dagskrá, en það er nauðsynlegt, þótt þetta mál fari nú til 3. umr., að þessi tvö mál verði til meðferðar í n. — því að þau eiga heima í sömu n., þótt annað þeirra sé flutt af hv. fjhn. — og reynt verði að samræma þau milli umr.

Forseti (BG): Ég mun verða við ósk hv. 5. þm. Reykv. (SK) um að taka 6. málið af dagskrá, en sé varla ástæðu til annars en að láta atkvgr. fara fram um 3. dagskrármálið, sem hér er til meðferðar, þar sem n. fær þá tækifæri til að samræma bæði þessi frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—15. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 129. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 794, 845).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vildi aðeins gera grein fyrir því, að við 2. umr. var gert ráð fyrir því, að fjhn. athugaði frv. í samráði við sjútvn. í sambandi við frv. um fiskimálasjóð, og hefur orðið samkomulag innan n., og í samræmi við það flytur n. 2 brtt. á þskj. 845. Fyrri brtt. er um það, að gjaldið verði rýmkað þannig, að í stað orðanna „öðrum en síldarafurðum“, komi: öðrum en saltaðri síld —, svo að nú er greitt útflutningsgjald af öllum afurðum öðrum en saltsíld, og er þetta veruleg efling sjóðsins, auk þess sem honum er ætlað gjald úr ríkissjóði. Hin brtt. fjhn. er við 4. gr. b-lið, en þar segir, að til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskirannsókna og fiskifræðirannsókna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans, fari ⅛% fram til ársloka 1949, en eftir þann tíma fellur þessi hluti gjaldsins til fiskimálasjóðs, þá leggur n. til, að síðasti málsl. orðist svo: en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkv. 1. gr. sem þessu nemur. — Þetta eru þær breyt., sem gerðar voru til samræmingar þessara frv., og vænti ég, að málið fái að samþykktum þessum breyt. afgreiðslu frá deildinni.

ATKVGR.

Brtt. 845,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 845,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 134. fundi í Ed., 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 861).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 861, n. 950).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar og leggur til, að frv. nái fram að ganga. Einn nm., hv. 4. landsk., hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun ég síðar gera grein fyrir honum.
Frv. þetta er borið fram að beiðni hæstv. sjútvmrh., en fjhn. Nd. flutti það.
Tilgangur frv. er sá að leitast við að draga saman í eitt öll lagafyrirmæli og reglugerðir um greiðslu og innheimtu útflutningsgjalda af sjávarafurðum, en þau eru nú í mörgum l. og reglugerðum. Þessi dreifðu ákvæði voru til mikilla erfiðleika, bæði fyrir þá, sem eiga að framkvæma þetta, og eins fyrir þá sem eiga við það að búa, og því er rétt og sjálfsagt að taka þetta saman í eina heild, en það er aðaltilgangur frv., og þær breyt., sem gerðar eru á gildandi l. og reglugerðum, eru hverfandi litlar. Gjaldið er það sama eða svipað og framkvæmdarákvæðin svipuð. Eina efnisbreyt. er sú, að útflutningsgjaldinu er að mjög óverulegu leyti breytt. En breyt. er sú, að fjhn. lagði til, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna fengi ½% af útflutningsgjaldinu. Meiri hl. fjhn. telur þetta eðlilegt og sjálfsagt, þar sem L. Í. Ú. er í forsvari fyrir útvegsmenn, það hefur unnið mikið þjónustustarf og því sjálfsagt, að það fái stuðning úr ríkissjóði. Ég vil einnig benda á það, að ekki er gengið á sjóðina, sem ekki mega við tekjumissi. Fiskveiðasjóður hefur allar sínar tekjur, en nokkuð er tekið frá fiskimálasjóði, en honum eru aftur á móti tryggðar áfram það miklar tekjur, að hann getur vel af þessu misst. Á þessum forsendum getur meiri hl. n. fallizt á þetta, en hv. 4. landsk. vill ekki fallast á þessa breyt., og lýtur fyrirvari hans að þessu atriði einu. Hann telur það óeðlilegt, að fénu sé varið þannig til stéttarsamtaka útvegsmanna. En meiri hl. vill samþykkja frv. óbreytt.

Gísli Jónsson: Ég vildi aðeins leyfa mér að leiðrétta það, sem hv. frsm. sagði, að fiskimálasjóður missti nokkuð við þetta, það er misskilningur. Hann hefur haft ½% og hann heldur því, og auk þess fær hann af öllum síldarafurðum nema saltsíld, sem ekki var áður. Gjaldið er því tekið af annarri stofnun, sem fékk það áður.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að fiskimálasjóði eru tryggðar með annarri löggjöf sömu tekjur, en það er misskilningur, að með þessu sé ekki farið inn á þann hluta, sem honum var ætlaður, og vil ég í því sambandi benda á ummæli hæstv. sjútvmrh. í grg. frv., þar sem segir, að tekjur sjóðsins séu lítillega skertar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er aðeins til þess að lýsa ánægju minni yfir því, að þeir menn, sem að þessu frv. standa, sjá nú, að það er rétt að taka gjöldin til stéttarfélags sjómanna — þ. e. Landssambands íslenzkra útvegsmanna — og láta það sjálft ráða, hvernig það ver þeim. Það var sú tíð, að augu hv. þm. voru ekki opin fyrir þessu. Það var sú tíð í sambandi við búnaðarmálasjóðinn, að þá vildi Alþ. líka skipa fyrir, hvernig fénu skyldi varið. Nú hafa þeir séð, að bezt er, að þeir ráði sjálfir, hvað þeir gera við það, því að ekki er ymprað á að setja neinar slíkar fyrirskipanir gagnvart útvegsmönnum sem með búnaðarmálasjóðinn. Það er eftirtektarvert, hversu mikil breyt. hefur orðið á þessu á um það bil 2 árum, og ég vona, að þessir menn beiti nú áhrifum sínum við Nd. varðandi búnaðarmálasjóðinn, þegar þar að kemur. En þessi breyt. er mjög gleðileg, og vonandi stendur hún lengur en í kvöld.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Ég get auðvitað ekki lofað neinu um framgang búnaðarmálasjóðsins í Nd., en ég vil taka það fram, að ekki er um neina hugarfarsbreyt. hjá mér að ræða varðandi gjöld til félagasamtaka, því að ég greiddi atkv. með búnaðarmálasjóðnum, svo að það var óþarft fyrir hv. 1. þm. N-M. að beina þessu til mín, ef það hefur verið þannig hugsað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 143. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 987).

---

84. Loðdýrarækt.

Á 73. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og l. nr. 94 14. maí 1940, um breyt. á þeim l. (þmfrv., A. 397).

Á 74. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af landbn. fyrir tilmæli frá stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands. Í því eru fólgnar nokkrar breyt. frá núgildandi l. um þessi efni. Eins og þm. mun vera kunnugt, voru fyrstu l. um loðdýrarækt sett 1937. Síðan var þeim l. breytt 1940. Árið 1944 kom svo fram stjfrv. um breyt. á þessum l., en því frv. var vísað frá með rökst. dagskrá, eftir að leitað hafði verið um-

sagnar Loðdýraræktarfélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands og þau mótmælt frv.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir nokkrum breyt., sem miða að því, að Loðdýraræktarfélag Íslands fái aukinn íhlutunarrétt um störf loðdýraræktarráðunauts, og eru þau ákvæði í 1., 2., 3., 5. og 6. gr. Í annarri málsgr. 1. gr. er lagt til, að loðdýraræktarráðunautur skuli hafa eftirlit með framkvæmd l., en hann skal starfa í sambandi við Loðdýraræktarfélagið, og er hans eftirlit nýmæli. Í 2. gr. er og gert ráð fyrir, að Loðdýraræktarfélag Íslands, en ekki loðdýraræktarráðunautur segi fyrir um, hvernig þau eyðublöð skuli vera, er þar um getur. Í 5. gr. er aðalákvæðið um að gefa Loðdýraræktarfélagi Íslands íhlutunarrétt um störf ráðunautar, og er það ákvæði nýtt. Í 6. gr. er svo gert ráð fyrir, að loðdýraræktarráðunautur ferðist milli loðdýrabúanna úti um land í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands. Önnur breyt. er svo í 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að menn séu skyldaðir til að hafa tryggari vörzlu um dýrin en hingað til hefur verið með því að setja ytri girðingu það langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Þetta atriði um ytri girðingu er nýtt og sett vegna þess, að mjög ótryggt þykir að hafa aðeins eina girðingu um búrin. Ákvæði er einnig í 3. málsgr. þessarar gr. um það, að viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn geti svipt loðdýraeiganda leyfi til loðdýraræktar, ef hann vanrækir hina lögboðnu vörzlu. Í l. frá 1937 var ákveðið, að menn þyrftu leyfi bæjar- eða sveitarstjórna til þess að rækta loðdýr, en ekkert ákvæði var um sviptingu slíkra leyfa. Þá er í 4. grein það nýmæli, að allir er eiga loðdýr skuli skyldir að vera meðlimir í Loðdýraræktarfélagi Íslands, eins þótt þeir komi dýrunum í vörzlu og fóður hjá öðrum. Sömuleiðis er þar ákveðið, að félagsgjöldum skuli fylgja lögtaksréttur. Í 8. gr. er gert ráð fyrir að fella niður II. kafla laga frá 13. júní 1937, um loðdýralánadeild, og er það gert að ósk bankastjóra Búnaðarbankans. Lánadeildinni var veitt fé úr ríkissjóði, um 50000 kr. næstu 5 árin, en meginið af því er nú tapað, og er því lagt til að fella þennan lagakafla niður. Hins vegar benti bankastjóri Búnaðarbankans á, að ef ástæða þætti að halda greiðslum þessum áfram, væri það athugandi í sambandi við afgreiðslu frv. til l. um ræktunarsjóð, er nú liggur fyrir Alþ.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða þetta öllu meira. N. er fús til að taka þetta frv. til frekari athugunar, en hún flytur það, eins og áður er sagt, að ósk Loðdýraræktarfélags Íslands, og hafa nm. óbundnar hendur við afgreiðslu þess. Ef málinu yrði aftur vísað til n., mundi hún taka það til frekari athugunar og leita umsagnar um það, t. d. hjá búnaðarþingi, er mun koma saman um næstu mánaðamót.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til 1. umr., gerði ég grein fyrir því, í hverju þær aðalbreyt. væru fólgnar, sem samkv. því voru gerðar á þeim l., sem þar á að breyta, og gat þess, að landbn., sem flytur frv., mundi á milli umr. senda málið til umsagnar búnaðarþings, sem þá átti að koma saman. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég sagði þá um efni frv., en vil aðeins geta þess, að nú hafa n. borizt upplýsingar um það, að búnaðarþing mun mæla með því, að frv. verði samþ. Þess vegna væntir n. þess, að hv. þdm. sjái sér fært að mæla með því áfram til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 108. fundi í Nd., 9. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 113. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 131. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 397, n. 864, 795).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þær brtt., sem hér er um að ræða, þar eð þær liggja alveg ljóst fyrir, og vænti þess, að hv. d. fallist á þær og framgang málsins á þeim grundvelli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 795,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 795,2 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 795,3 (7. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 133. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 888).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Meðal þeirra ákvæða, sem tekin eru upp í þetta frv., er það ákvæði í 7. gr., að loð-

dýraræktarráðunautur skuli annast eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, og er ráð fyrir því gert, að hann sé í samvinnu við sýslunefndir landsins um þessa starfsemi, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð um þetta efni. Ég hefði gjarnan viljað óska eftir því, að hæstv. landbrh., sem á að fara með þessi mál, hefði getað verið viðstaddur, ef þess hefði verið kostur, því að ég vil í sambandi við þetta beina nokkrum ummælum til hans, en hann mun ekki vera hér, og verður þá við það að sitja.

Svoleiðis er, að minkafaraldurinn hér á landi er orðinn mesta plága, eins og kunnugt er. Þessi villidýr eru dreifð um alla landsbyggðina og eru farin að valda gífurlegu tjóni. Er nú svo komið, að hænsnastofni landsmanna er mikil hætta búin af völdum villiminka, því að þar sem þeir á annað borð komast í hænsnabú, þá láta þeir ekki staðar numið, fyrr en þeir hafa eytt öllu kviku, sem þar er inni. Þá hefur komið í ljós, að fuglalífi úti í náttúrunni stafar geysileg hætta af þessum skæðu rándýrum, sem herja á fuglinn um varptímann og hafa þá sérstaklega góða aðstöðu til að eyða honum. Er nú svo komið, að varplönd eru víða, þar sem þau eru ekki í eyjum, sem eru langt frá landi, undirlögð af þessari plágu, og sama er að segja um ýmsar aðrar fuglategundir, að þeim fækkar nú óðum af völdum þessara rándýra. Sama máli gegnir með fiskalíf í ám og vötnum, sérstaklega í lækjum, þar sem mikill silungur er, að þar er minkurinn ekki síður aðgangsharður, og gengur nú víða mjög á silungs- og laxastofn af þessum sökum, auk þess sem nú er farið að örla á því, að minkurinn ráðist á lömb, drepi þau og drekki úr þeim blóðið, eins og hann er vanur að gera við þau dýr og fugla, sem verða honum að bráð. Þannig stafar gífurleg hætta af þessum villidýrum. Á þetta var upphaflega bent af Guðmundi Bárðarsyni náttúrufræðingi. Hann gaf fullkomlega aðvörun, þegar farið var að flytja inn þessi dýr, og studdist þar við þá reynslu, sem hafði fengizt í öðrum löndum, að það mundi tæplega takast að halda þessum dýrum svo innan girðingar, að ekki slyppi eitthvað af þeim, og þá mundu þau hafa góð skilyrði til að lifa og tímgast úti í náttúrunni, eins og reynslan hefur fullkomlega sýnt. Hér á þingi hafa verið fluttar till. um að reyna að stemma á að ósi í þessu efni, en Alþingi hefur ekki viljað á það fallast.

Það er því mikil þörf, eins og nú er komið, þó að við megi búast, að það reynist erfitt, jafn mikil útbreiðsla og er orðin á þessum villidýrum og jafn mikill háski og reynslan hefur sýnt, að af þeim stafar í æ ríkari mæli, að gera ráðstafanir til að reyna að hefta þennan faraldur og leita eftir þeim aðgerðum í því efni, sem tiltækilegastar kynnu að reynast. Ég vil þess vegna með þessum orðum mínum vekja athygli hæstv. landbrh., sem kemur til með að gefa út reglugerð um starfssvið loðdýraræktarráðunautar um það, sem beinist að eyðingu villiminka, á því, að það verði ekki tekið neinum vettlingatökum á því máli, heldur gengið að því með festu og einbeitni að reyna að hamla upp á móti þeim háska, sem við okkur blasir sýnilega í þessu efni, og að þar yrði ekki neitt til sparað, því að þar er áreiðanlega mjög mikið í húfi, ef á að láta þennan faraldur vaða svo skefjalaust uppi sem gert hefur verið undanfarið um nokkurt árabil. Búast má við, að það verði ærið kostnaðarsamt fyrir ríkið að hafa þetta með höndum, því að sjálfsögðu verður það að bera uppi kostnaðinn af þessari starfsemi allri, en í það má ekki horfa, svo mikið sem hér er í húfi.

Ég vænti þess, að tekið verði á þessum málum með festu og einbeitni, svo að einhver árangur megi fást í þessu efni og takast megi að fækka þeim vargi, sem nú leikur lausum hala víðs vegar um land.

Í morgun hringdi til mín maður, sem hefur mjög orðið fyrir barðinu á þessum villiminkum. Spurðist hann fyrir um, hvað mundi verða gert í þessu efni, og sagði ég honum, eins og var, að það lægi fyrir till. um að hefjast nú handa um ráðstafanir hér að lútandi. Væntanlega verður það gert, því að eins og nú er komið, verður ekki lengur hægt að láta við svo búið sitja.

Steindór Steindórsson: Herra forseti. Það er ekki margt, sem ég þarf að segja, en vegna sérstöðu minnar hér, þar sem ég á að teljast bera ofurlítið skynbragð á náttúrufræði, þá vil ég undirstrika orð hv. þm. Borgf. um hættu af minkum. Ég hef frá því fyrsta verið sannfærður um, að það var kannske ekki eitt af stærstu óheillasporunum, en vissulega fullkomið óheillaspor, þegar leyft var að flytja inn minka, enda hefur komið í ljós, að þeir menn, sem vöruðu við því, hafa haft fullkomlega lög að mæla. Og þó að sú lýsing, sem hv. þm. Borgf. gaf, sé ófögur og kannske ekki orðið víða jafn vont ástand og hann lýsti, þá er þetta það, sem við fáum, ef svo heldur áfram eins og hingað til hefur verið. Ég harma það, eins og hv. þm. Borgf., að ekki er hægt að tala við hæstv. landbrh. um þessi efni, ef það gæti orðið til að herða á honum með ákvæði reglugerðarinnar, sem sett verður um varnir gegn minkum.

Það er náttúrufræðileg staðreynd, sem hvergi verður mótmælt, að hvar sem er í löndum, þar sem fáskrúðugt dýralíf er, að þegar ný tegund bætist við, þá er fyrir fram ómögulegt að segja, hvernig hún muni haga sér. Hún kemur í ókunnugt umhverfi, og þar vantar þá lögreglu, sem kynni að þurfa til að halda henni í skefjum. Hvar sem lokað landsvæði er, þar eru komin á föst hlutföll milli tegundanna, ein tegundin verður ekki uppi á annarrar kostnað, en þegar þeim hlutföllum er raskað, þá er aldrei hægt að sjá fyrir, hvað af því kann að leiða. Þessum hlutföllum hefur verið raskað hér á landi með innflutningi minka. Það er staðreynd, að hirðusemi Íslendinga er ekki meiri en svo, að það er aldrei svo um búið, að ekki sleppi meira og minna af þessum dýrum, og það er vissulega hættulegt, þegar þarna er um að ræða kykvendi, sem fjölgar geysilega ört og hefur hér óvenjulega góð lífsskilyrði. Þess vegna verður ekki nógsamlega brýnt fyrir þeim, sem um þessi mál eiga að fjalla, að gæta allra fyllstu varúðarreglna, og ég harma það, að hér skuli ekki beinlínis liggja fyrir frv. um að banna minkaeldi hér á landi, svo að mér gæfist tækifæri þá fáu daga, sem ég sit á þingi, til að greiða atkv. með því frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 134. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 138. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 141. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt um miðjan febr. og afgr. til hv. Nd., og þaðan er það nú aftur komið með dálitlum breyt. Í frv., eins og það var afgr. héðan úr d., var ákveðið í 7. gr., að landbrh. sé heimilt að fengnum till. yfirdýralæknis að láta flytja inn loðdýr og reka loðdýrabú á kostnað ríkisins til þess að ala upp fyrsta flokks loðdýr til undaneldis og kynbóta. Þessi ákvæði hefur Nd. felt niður, og er það vissulega allmikil breyt. Enn fremur hefur hún bætt inn nýrri 7. gr., þar sem svo er kveðið á, að loðdýraræktarráðunauturinn skuli annast eyðingu villiminka og annarra loðdýra, sem sloppið hafa úr haldi. Skal hann hafa samvinnu við sýslunefndir, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Nú hefur landbn. þessarar hv. d. tekið málið til athugunar á ný og rætt þessar breyt. við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands, og eftir það varð það að samkomulagi að flytja ekki brtt. til þess að stofna málinu ekki í hættu, en mæla með samþ. þess. N. flytur nú 2 brtt., sem eru aðeins formsbreyt., að 8. gr. falli brott og 10 gr. orðist svo — þessi brtt. er skrifleg, og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp:
„Þá er l. þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli l. nr. 94 1940 inn í l. nr. 38 1937, að slepptum II. kafla síðarnefndra l., sem numinn er úr gildi með l. frá 1947 um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau út svo breytt."
Þessi till. komi í stað 10. gr., sem verður 9. gr. Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram. Ég hef lýst þessari afstöðu n., að hún leggur til, að þessar brtt. verði samþ., því að þær eru aðeins eðlileg formsbreyt., og frv. verði að öðru leyti samþ. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 952) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 952,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 952,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 58. fundi í Sþ., 23. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 953).
Á 141. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1005).

---

85. Lögtak og fjárnám.

Á 127. fundi í Ed., 7. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar (þmfrv., A. 773).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Hermann Jónasson): Þetta mál er, eins og það ber með sér, flutt af allshn. að beiðni hæstv. dómsmrh., og ber grg. með sér, hvaða breyt. það gerir á núgildandi l. um lögtök og fjárnám. Breyt. er sú, að eins og ákvæði l. eru nú, má gera lögtak, ef það er gert áður en ár er liðið frá gjalddaga og lögtakinu síðan framfylgt með hæfilegum hraða.
Það hefur sýnt sig, að þessi frestur er orðinn of stuttur, og það er vegna þess, að mikið er um breyt. á heimilisfangi manna, og þessi innheimta er miklu viðtækari en áður og því erfitt að ljúka henni af á svo skömmum tíma. En ef lögtaksrétturinn fyrnist, er ekki annars úrkosta en fara í mál út af hverri kröfu, en við það er mikill kostnaður. Breyt., sem ætlazt er til, að gerð sé, er sú ein, að lagt er til að bæta úr þessu með því að lengja lögtaksfrestinn upp í tvö ár, en jafnframt setja það skilyrði, að lögtaksgerð sé byrjuð innan þessa frests. Ég held, að það sé tvímælalaust eðlilegt og nauðsynlegt að breyta þessari gr. lögtaksl.
Það er rétt að taka fram, að oft er það svo, að gjalddagar sömu kröfu eru margir. Í þessari breyt. er þá miðað við það, að fresturinn hefjist við síðasta gjalddaga. Ég vil enn fremur taka fram, að þegar þetta mál var tekið fyrir í allshn. og hún samþykkti að flytja það að beiðni hæstv. dómsmrh., þá voru þrír nm. á fundi, en tveir fjarstaddir. Ég geri þó ekki ráð fyrir, að þeir muni hafa neitt við það að athuga að flytja málið, en n. hefur um það óbundnar hendur. Ég fyrir mitt leyti lýsi yfir, að ég tel eðlilegt að gera þessa breyt. og legg til, að málinu verði hraðað.
Ég sé ekki ástæðu til að vísa málinu til n., enda mun lögð nokkur áherzla á, að frv. komist gegnum þingið sem fyrst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 128. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 129. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 125. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 773, n. 949).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv., og ég vil leyfa mér að lýsa því yfir í fjarveru hv. 7. þm. Reykv., sem hefur fjarvistarleyfi, að n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 141. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það frv., sem hér er um að ræða, er flutt af allshn. Ed. að tilhlutun hæstv. dómsmrh., og mun það vera komið fram vegna eindreginna óska ákveðins embættismanns, tollstjóra. Samkvæmt núgildandi l. er nægilegt, að lögtaks sé beiðzt innan eins árs frá gjalddaga og lögtakinu síðan framfylgt með hæfilegum hraða, en í frv. er gert ráð fyrir, að þessi frestur sé lengdur upp í 2 ár, enda sé lögtakinu haldið áfram með hæfilegum hraða. Að öðru leyti vil ég vísa til grg., sem frv. fylgir.
Allshn. var sammála um að leggja til, að þetta frv. væri samþ. Ég var frsm. n., en tilkynnti forföll í gær, þegar málið var til 2. umr. Ég vildi því nú gera þessa stuttu grein fyrir málinu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1006).

---

86. Ríkisborgararéttur (frv. meiri hl. allshn. Nd.).

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 175).

Á 33. og 34. fundi í Nd., 6. og 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Nd., 11. des., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Eins og segir í grg. á þskj. 175, hafa allshn. borizt umsóknir frá 39 mönnum um veiting ríkisborgararéttar. N. var sammála um að veita þeim mönnum, sem greinir á þessu þskj., ríkisborgararétt, 12 að tölu, en var hins vegar ekki sammála um hina aðilana, og n. klofnaði þess vegna um flutning málsins. Minni hl. n. hefur nú borið fram brtt. við frv. á þskj. 200, þar sem óskað er eftir, að 7 mönnum í viðbót verði veittur ríkisborgararéttur. En ég veit ekki, hvers vegna er gerður greinarmunur á þeim og hinum öðrum mönnum, sem sótt hafa um þennan rétt, en ekki eru teknir með í till. minni hl. n. né till. meiri hl. n.
Það er samkomulag um það milli hv. frsm. minni hl. og mín, sem er frsm. meiri hl. n., að fresta umr. um hvern einstakan aðila, sem till. eru hér um að veita ríkisborgararétt, til 2. umr. Ég leyfi mér því að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að segja hér aðeins nokkur orð vegna þess, hvernig mál þetta liggur fyrir. Það er svo einkennilegt, að strax við 1. umr. eru hér komnar fram brtt. við álit meiri hl. n. Það er stílað að vísu sem nál. frá minni hl. n. við frv.
Hv. frsm. meiri hl. hefur sagt, að samkomulag sé milli hans og frsm. minni hl. n. um, að umr. fari ekki fram fyrr en við 2. umr. um það, hverjum skuli veittur ríkisborgararéttur og hverjum ekki. — En það, sem kom mér til að segja hér nokkur orð nú, er það, að ég sé, að hvorki frá meiri hl. allshn. né frá minni hl. n. hefur komið fram till. um, að Volker Lindemann öðlist ríkisborgararétt. Það er kannske eðlilegt, að till. um það komi ekki fram frá hv. meiri hl. n., því að meiri hl. n. virðist hafa miðað sínar till. við það, að þeir einir skyldu fá ríkisborgararétt, sem fæddir eru hér á landi, en hafa misst hann af einhverjum ástæðum. En ég sé, að af minni hl. n. eru teknir upp nokkrir menn, sem óskað er, að fái ríkisborgararétt á öðrum grundvelli, þ. e. þeim, að þeir hafi dvalið hér í minnst 10 ár og uppfyllt þau skilyrði, sem áskilin hafa verið áður í þessu efni. Ég sé, að þarna er þó felldur niður sá maður, sem ég gat um og hefur sótt um ríkisborgararétt undanfarin ár og er búinn, að ég hygg, að vera hér á landi í 12 ár og starfar hér í ábyrgðarmikilli stöðu. Hann er þýzkur maður og hefur starfað í Varmahlíð í Skagafirði og hefur

haft forstöðu þeirrar stofnunar að miklu leyti og er alþekktur sem ráðdeildar- og dugnaðarmaður. Hans nafn er ekki tekið hér upp, hvorki í till. meiri hl. n. né till. minni hl. n., og ég vil vekja athygli á því, að ég mun við 2. umr. málsins, ef ekki næst samkomulag við a. m. k. minni hl. n., að hann flytji till. um það, bera fram brtt. um, að þessum manni verði veittur ríkisborgararéttur.

Ég get verið hv. meiri hl. n. sammála um það, að rétt sé að sýna fulla varfærni um veiting ríkisborgararéttar almennt. Og það mun kannske stundum hafa verið gengið fulllangt í því á Alþ. að veita mönnum ríkisborgararétt — þó að mér sé ekki kunnugt um, að slíkt hafi valdið nokkru tjóni. En ég verð að segja, að ég get alls ekki aðhyllzt þá skoðun hv. meiri hl. allshn., að ekki sé rétt í neinum tilfellum að veita útlendum mönnum ríkisborgararétt, sem starfað hafa hér um langt árabil og sýnt sig jafngóða íslenzkum ríkisborgurum. Mér virðist, að okkar þjóð sé ekki það fjölmenn og að það séu hins vegar það mikil starfsskilyrði hjá okkur, að það sé engin áhætta, þó að slíkum mönnum sé veittur ríkisborgararéttur sem þessum Lindemann. Ég veit t. d. um þennan mann, að ef hann fær ekki ríkisborgararétt, mun hann að líkindum flytja af landi burt, enda mundi hann geta fengið starf víðar en hér á landi. En ég tel skaða fyrir okkur að missa þennan mann, sem búinn er að lifa sig inn í íslenzkt þjóðlíf og störf. Og ég get búizt við, að svo sé um fleiri, sem ekki eru till. komnar fram um, en sótt hafa um ríkisborgararétt. En ég nefni þennan mann, af því að ég er kunnugur honum, og ég hygg, að ég geti fengið meðmæli frá málsmetandi mönnum um mannkosti hans og hæfni.

Ég veit, að hér er um beinlínis meiningamun að ræða milli mín og hv. meiri hl. allshn., sem beinlínis veldur því, að þeir, sem í meiri hl. n. eru, hafa ekki tekið upp nafn Lindemanns, sem ég er hér sérstaklega að bera fyrir brjósti. En hitt skil ég ekki — en skal að vísu ekki ræða frekar um það nú —, hvers vegna hv. minni hl. hefur ekki tekið nafn þessa manns upp í sínar brtt., því að mér þykir ólíklegt, að gögn Lindemanns, varðandi hans fortíð, áður en hann kom til landsins, og þau, sem hann hefur um þann tíma, sem hann hefur dvalið hér á landi, séu ekki eins gild og þeirra, sem teknir eru upp í brtt. á þskj. 200, sem ég þekki ekki, en tek trúanlegt, að séu þeir menn, sem búnir eru að sýna, að ekki sé ósanngjarnt, þótt þeim sé veittur ríkisborgararéttur.

Ég taldi rétt að taka þetta fram við þessa umr. málsins, úr því að málið ber þannig að, að þessar brtt. eru komnar fram við brtt. meiri hl. n.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Góðir þingmenn. N. hefur ekki getað orðið sammála um þetta mál. Meiri hl. vill ekki að svo stöddu veita ríkisborgararétt öðrum en þeim, sem fæddir eru á Íslandi eða hafa dvalið hér frá barnæsku. Minni hl., þ. e. a. s. ég, lítur svo á, að engin rök hnígi að því að taka ekki þá með, sem hér eru búnir að vera 10 ár eða meira og reynzt hafa góðir borgarar. Þeir menn eiga fullkomlega kröfu á að fá hér borgararéttindi. Ég vil benda á, að samkvæmt skoðun meiri hl. gæti það komið svo út, að menn, sem búnir eru að vera hér um 20 ár og hafa starfað á vegum ríkisins og eru raunverulega orðnir Íslendingar, fengju ekki ríkisborgararétt. Ég leyfi mér að benda á nokkra menn, sem ég tel, að eigi skilyrðislausa kröfu á að fá ríkisborgararétt. Ég vil benda á það, að maður, sem kom hingað 1909 og hefur dvalizt í Vestmannaeyjum, Siglufirði og í Reykjavík, hann á skilyrðislausan rétt á að verða hér ríkisborgari.

Meiri hl. hefur lagt mikla áherzlu á, að varlega verði að fara í að veita útlendingum ríkisborgararétt. Hér er ruglað saman mönnum, sem búnir eru að vera hér í mörg ár, og þeim, sem flutzt hafa hingað skipulagslaust eftir stríð. Ég veit vel, að sá innflutningur má ekki halda áfram í því formi sem verið hefur og þeir menn eiga engan rétt á að fá hér ríkisborgararétt. Ég hefði kosið að taka alla þá upp hér, sem rétt og verðleika hafa til ríkisborgararéttar hér, en hef aðeins tekið þá, sem ég veit deili á, en ég legg megináherzlu á það, að þeir, sem dvalið hafa hér 10 ár eða lengur og reynzt góðir borgarar, eigi rétt til að fá borgararétt.

Þeir, sem ég legg til, að veittur verði ríkisborgararéttur, eru: Robert Louis Eugen Abraham söngstjóri, sem hefur dvalið hér síðan 1935. Er hann alþekktur söngstjóri og ágætismaður.

Heinz Karl Friedländer vélstjóri, sem hefur dvalizt hér síðan 1935 og er mjög fær maður, sérstaklega á sviði véltækni. Kvæntur er hann íslenzkri konu.

Peter Sothar Goldstein námsmaður. Um hann er það að segja, að hann er fæddur 1927 og kom hingað 1935, 8 ára að aldri. Hann er því hvergi ríkisborgari. Tel ég því, að þann rétt eigi hann hvergi frekar að fá en á Íslandi, og ég vænti þess, að hv. Alþ. líti svo á.

Harry Otto August Herlufsen rakari kom hingað 1933 og starfaði sem rakari á Siglufirði og Ísafirði og hefur í alla staði reynzt hinn mætasti maður.

Albert Gerhard Ferdinand Klahn hljómsveitarstjóri. Kom hingað 1936. Um hann gildir sama og Robert Abraham, að hann er hinn mesti hljómlistarmaður og vilji flestra, sem framarlega standa í tónlist, að honum verði veitt hér ríkisborgararéttindi.

Aage Laurits Petersen fulltrúi. Á hann hefur þegar verið minnzt.

Kurt Gustav Sommenfeld tannlæknir á Siglufirði kom hingað 1935 og hefur reynzt hinn þarfasti maður.

Ég mun nú ekki hafa þessi orð lengri, en ég vil eindregið beina þeirri ósk til þessarar hv. d., að hún fallist á að veita þeim, sem dvalizt hafa hér lengur en 10 ár, ríkisborgararéttindi.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég talaði í þessu máli í gær hér í deildinni við 1. umr., en þá var frsm. allshn. ekki viðstaddur, og leyfi ég mér því að segja hér fáein orð aftur. Ég er sammála minni hl., að ekki eigi að útiloka menn, þótt erlendir séu, frá ríkisborgararétti, ef það eru góðir menn og hafa unnið með trúmennsku. Ég tel, að ekki eigi að gera hér neinn mannamun, en binda skuli slíka veitingu við ákveðin skilyrði. Í grg. minni hl. og í ræðu frsm. minni hl. er lagt til, að ákveðnir menn verði teknir inn í frv., sem flm. segist hafa haft persónuleg kynni af. Ég leyfi mér nú að

efast um, hvort n. megi eða sé það leyfilegt að gefa út slíkt álit. Ég nefndi hér einn mann í gær, er heitir Volker Lindemann. Hann er nú búinn að dvelja hér í yfir 10 ár, og teldi ég sjálfsagt að veita honum borgararétt. Ég hef síðar komizt á snoðir um mann nokkurn að nafni Jörgensen austur í Ölfusi. Hann hefur unnið hér á landi við smíðar eða eitthvað svoleiðis í um 16 ár. Í frv. er lagt til, að syni þessa manns verði veittur borgararéttur, og legg ég til, að hann verði látinn fylgja með. Ég ræði þetta ekki frekar nú við 1. umr., en beini til minni hl. n. að taka tillit til þessa og bera fram brtt. til 2. umr. um málið.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Skagf. gagnrýndi nál. minni hl., en ég vil benda honum á, að þar sem ég er einn í minni hl., þá er ekki nema von, að álitið sé nokkuð persónulegt. Ég vil tjá hv. 1. þm. Skagf., að ég er fylgjandi því að taka Lindemann og hinn danska mann inn í þetta frv., ef svo sýnist rétt eftir nánari athugun.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Hv. frsm. þessa nefndarmeirihl. er ekki viðstaddur, og vildi ég því leyfa mér að gera nokkra grein fyrir afstöðu meiri hl. Frv. meiri hl. er byggt á mjög ýtarlegum skjölum, sem n. hefur með höndum. N. getur ekki dæmt um einstaka umsækjendur, nema hún fái ákveðin gögn í hendurnar. Við teljum, að sérstakrar varúðar þurfi nú við veitingu ríkisborgararéttar, því að tímarnir eru nú mjög breyttir frá því, sem áður var, og fleira er nú hér af erlendu fólki en nokkru sinni og fleiri umsóknir hafa borizt en nokkru sinni. Menn skyldu því byggja till. sínar í þessu efni á kunnugleika. Nú vantar víða nauðsynleg vottorð með umsóknum, og hefur verið erfitt að afla þeirra erlendis frá sökum ófriðarins, og má hér t. d. nefna hegningarvottorð o. fl. varðandi hegðun manna í heimalandi sínu. Það má vera, að sumir af þeim mönnum, sem nefndir eru í áliti minni hl., eigi fullkomlega rétt á því að fá borgararétt, og þá er það vel gert af hv. þm. að gefa hér upplýsingar um slíkt, og þótt þetta frv. sé flutt af n., þá tekur hún til greina till., sem fram kunna að koma. Það þarf því ekki að telja úrslitaorð n., sem komið er.

Ég get sagt persónulega, að ég vil tryggja það, að veiting borgararéttar sé byggð á fullkomnum kunnugleika. Ég er meðmæltur því að setja það skilyrði, að menn séu búnir að vinna hér 10 ár minnst og hafi á þeim tíma reynzt nýtir og góðir þegnar. Í þeim umsóknum, sem borizt hafa, eru menn, sem vilja í rauninni vera annars staðar í heiminum en hér og vinna þar. Ég veit ekki, hvernig þeir nota sinn íslenzka borgararétt á þeim vettvangi. Hér þarf því varúðar við að gæta sóma landsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 39. og 74. fundi í Nd., 17. des. og 14. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 17. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 175, n. 200, 214, 396, 404).

Frsm. meiri hl. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. Til allshn. hafa borizt um 50 umsóknir um veiting ríkisborgararéttar. N. hefur skilað þessu frv. þannig, að hún stendur öll um að veita þeim mönnum ríkisborgararétt, sem um getur á þskj. 396. En einstakir þm. hafa óbundnar hendur um að bera fram till. um veiting ríkisborgararéttar. Á þskj. 396 er lagt til, að 16 einstaklingum verði veittur ríkisborgararéttur.

Í l. frá 1935 eru sett ýmis skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, og hefur sú regla verið látin gilda sem skilyrði fyrir þeirri veitingu, en síðan hafa ekki alltaf verið sett þau skilyrði, að þeir sýndu hegningarvottorð, þar sem erfitt var að ná slíkum gögnum á styrjaldartímum.

Nú þykir n. sýnt, af því að umsóknir eru margar og af því að hingað til lands sækir meiri fjöldi útlendinga en nokkru sinni áður og menn vita, að líka er að ganga hér í gildi ný tryggingalöggjöf, og þess vegna kannske ríkari tilhneiging manna til þess að öðlast hér ríkisborgararétt, þó að þeir hafi hér dvalarleyfi, að byggja till. sínar um veitingu ríkisborgararéttar á því, hvort umsækjandi er af íslenzku bergi brotinn eða hvort hann er fæddur hér á landi og hefur alizt hér upp.

Þær till., sem á þskj. 396 greinir, um veitingu ríkisborgararéttar eru byggðar á þessu, því að allir þeir aðilar, sem þar greinir, eru annaðhvort af íslenzku foreldri eða fæddir hér og upp aldir. Þó er ein undantekning frá þessu, Robert John Jack, það er till. hér frá n., að honum sé veittur ríkisborgararéttur, en þessi maður hefur tekið guðfræðipróf hér við Háskóla Íslands og hefur verið settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, og þótti n. rétt að mæla með því, að þessum manni yrði veittur ríkisborgararéttur. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lesa hér upp nöfn þeirra manna, sem n. mælir með á þskj. 396, eða hvar þeir eru fæddir og hvernig þeir uppfylla þau skilyrði.

Í l. um veitingu ríkisborgararéttar frá 1935 er gert að skilyrði, að umsækjandi hafi dvalið hér í 10 ár, standi ekki í skuld eða hafi þegið sveitarstyrk, hafi ekki brotið íslenzk hegningarl. En nú þótti meiri hl. n. rétt að takmarka þetta við það, að menn væru fæddir hér og upp aldir eða af íslenzku foreldri, enda þótt þeir uppfylli þau önnur skilyrði, sem sett hafa verið. Og hafa því ekki verið gerðar hér aðrar undantekningar nema með þennan eina skozka mann, sem ég nefndi og vinnur í þjónustu þjóðkirkjunnar. Ég viðurkenni samt sem áður, að margir af þeim mönnum, sem sótt hafa um ríkisborgararétt hér á landi, eru mætir borgarar og hafa verið hér í mörg ár og sumir þeirra hafa unnið hér í mörg ár og rækt sín störf með mestu prýði, en ef á að falla frá þeirri reglu, sem n. hefur sett sér, er ákaflega erfitt að vinza úr, og yrði þá væntanlega að veita nærri öllum, sem um hann sækja.

Það hafa komið fram till. frá minni hl. n. um að veita allmörgum mönnum ríkisborgararétt og auk þess till. frá einstökum þm. á þskj. 410 og 214.

Ég vil svo að síðustu taka fram, að hér er um 50 menn að ræða, síðast í dag barst ein umsókn. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa upp öll nöfn þeirra manna, sem sótt hafa um ríkisborgararéttinn eða gefið skýringar í sambandi við það. En allar umsóknir liggja inni á skrifstofu Alþ., ef hv. þm. vilja kynna sér sérstaklega upplýsingar

um einhvern umsækjanda og bera ef til vill fram brtt.

Ég vil að lokum mæla með því, að till. frá meiri hl. n. á þskj. 396 verði samþ., en hinar brtt. verði felldar.

Frsm. minni hl. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál nú. Það hefur komið á dagskrá hér áður og er á líku stigi nú og þá.

Hv. meiri hl. vill sníða hér nokkuð þröngan stakk um veiting ríkisborgararéttar, og að áliti minni hl. er hann allt of þröngur. Ég fæ ekki séð, að neitt hafi skeð, sem hafi sannfært mig sem minni hl., að ég hafi á röngu að standa, en meiri hl. á réttu. Þvert á móti er ég enn sannfærðari um það, að sú skoðun, sem kom fram hjá meiri hl., sé of þröng. Meiri hl. tók fram sem rök fyrir sinni skoðun, að vegna þeirrar stórfelldu aukningar á innflutningi útlendinga hingað til lands sé ástæða til að takmarka meira ríkisborgararéttarveitingu en áður hafi verið gert. Ástæðan fyrir þeim mikla innflutningi erlendra borgara er, eins og við vitum, ástandsfyrirbæri. Þeir menn, sem við eigum nú að taka ákvörðun um, eru allt annað fólk en þeir, sem hingað hafa flutt síðan stríðinu lauk. Þetta eru allt menn, sem eru búnir að vera hér lengur en 10 ár, allt fólk, sem uppfyllir skilyrði l. frá 1935, og ég fæ ekki séð, að neitt hafi gerzt í þessum málum, sem sýni, að þær reglur, sem farið hefur verið eftir hingað til, séu ekki réttar. Ég tel sjálfsagt að fylgja þeim eins og áður, og þess vegna legg ég til, að þeir menn, sem nefndir eru á þskj. 404, fái nú ríkisborgararétt. Ég hef gert till. um þessa menn, af því að ég veit um þá persónulega, að það er rétt að veita þeim ríkisborgararétt, og ég gæti mælt með flestum af þeim 50, sem hv. frsm. meiri hl. gat um.

Ég vil svo að lokum biðja hv. d. að láta meiri víðsýni ráða starfi sínu en ráðið hefur aðgerðum hv. meiri hl., og ég vænti þess, að ekki verði eingöngu samþ. þeir, sem meiri hl. hefur samþ., heldur einnig þeir, sem fram eru teknir í áliti minni hl. Ég álít, að sú afgreiðsla ein sé samboðin þessari samkomu, að þar ráði víðsýni og réttsýni, en ekki þröngsýni. Þess vegna mæli ég með því, að till. mín verði samþykkt.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er brtt. á þskj. 410 frá okkur þm. Skagf., sem ég hef lýst við 1. umr. málsins og þarf ekki að taka neitt frekar fram en þar var sagt. Ég skal geta þess, að minni hl. allshn. hefur tekið upp þennan mann í brtt. sínar, Albert Volker Lindemann, og er ég minni hl. þakklátur fyrir það. Ég hef kynnt mér nokkuð till. minni hl. allshn. og skal lýsa yfir, að ég mun greiða þeirri till. atkv., eins og hún liggur fyrir. Ég mæli þar fyrir mig. Sérstaklega vil ég þó mæla með þeim manni, sem hér er um að ræða. Það er maður, sem búinn er að starfa 13—14 ár hér á landi við margvísleg störf og hefur á allan hátt sýnt sig að vera góður þjóðfélagsborgari. Ég er hv. frsm. minni hl. sammála um, að þeir menn, sem um svo langt skeið hafa sýnt sig að vera góðir borgarar, eigi að fá íslenzkan ríkisborgararétt.

Það mikla aðstreymi, sem nú er af erlendu fólki hingað til lands, virðist mér ekki þurfa að koma í bága við það, sem hér er um að ræða. Það er langt, þangað til þeir menn eru búnir að vera hér í 12—15 ár, en fyrr er ekki komin reynsla á, hvort þeir ætla sér að samlagast þessari þjóð, og sennilega fer fjölda margt af þessu fólki burt á næstu árum, og þarf þá ekki að taka tillit til þess síðar, þegar kemur til athugunar að veita ríkisborgararétt þá. Ég viðurkenni með meiri hl., að það er nauðsynlegt að viðhafa fulla varfærni í þessum málum, en ég tel, að það sé nokkurn veginn öruggt með því, að þeir, sem íslenzkan ríkisborgararétt vilja fá, sanni það með sínu starfi hér heima, að það sé rétt að veita þeim hann, og ég er sannfærður um, að það er engin hætta með þá menn, sem upp eru taldir á þskj. 404 frá minni hl. allshn. Og þann mann, sem við þm. Skagf. sérstaklega berum fram í okkar brtt. á þskj. 410, er ég sannfærður um, að það er gróði fyrir þjóðfélagið að hafa hann starfandi hér, en ekki tap. Hins vegar er ég hræddur um, að við missum hann burt héðan, ef hann fær nú ekki íslenzkan ríkisborgararétt eftir svo langan starfstíma hér.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil eingöngu út af ummælum hv. 1. þm. Skagf. geta þess, að þótt það sé eðlilegt á venjulegum tímum að miða við þann árafjölda, sem menn hafa dvalið hér, og ef menn hafa verið hér 13—14 ár, þá sé líklegt, að ekkert sé á móti því, að þeir verði gerðir að íslenzkum ríkisborgurum, þá horfir nokkuð öðruvísi við eins og nú standa sakir. Þeir menn, sem hér er um að ræða, áttu þess engan kost öll styrjaldarárin að hverfa héðan, þótt þeir hefðu viljað. Þess vegna er í raun og veru alveg óeðlilegt að telja þau ár með í þessu sambandi. Það er vitað mál, að næstu ár fyrir stríðið komu hingað ýmsir menn, sem ætluðu sér að vera hér skamma hríð, en urðu innlyksa af völdum ófriðarins og hafa eingöngu dvalið hér af þeim sökum. Það er líklegt, að margir þeirra vilji dvelja hér áfram, sérstaklega vegna þess að þeir eiga ekki heimgengt aftur og ekki blæs svo byrlega í þeirra heimalandi. Á það verður að líta, að dvalartíminn er ekki, eins og nú standa sakir, sérstakt vitni þess, að þá fýsi mjög að tengjast böndum við Ísland, heldur geti oft og tíðum verið um bráðabirgðadvöl að ræða. Þess vegna er mjög eðlilegt að halda sér við þær reglur, sem meiri hl. hefur tekið upp og vera enn varfærnari að þessu sinni. Það kann að vera, að með því móti verði einstakir menn sviptir þessum rétti, sem sanngjarnt hefði verið, að þeir hefðu fengið. En þó er á það að líta, að þessir menn njóta nú alls borgaralegs réttar og eru því engu harðrétti beittir, þó að séð yrði til, hvernig fer með dvöl þeirra, eftir að kyrrð hefur komizt á í heiminum á ný. Hitt er vitað og mörgum hv. þm. kunnugt, þar á meðal mér, að sumir þeir menn, sem undanfarin ár hafa sótt á að fá borgararétt, hafa beinlínis gert það í því skyni að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt til þess að fá með honum inngöngu í önnur lönd, sem þeir hefðu ekki getað gert með sínum gamla ríkisborgararétti. Þetta er áreiðanlega staðreynd og gefur fullkomlega tilefni til að fara mjög varlega í það nokkra hríð að veita íslenzkan ríkisborgararétt. Það er engin ástæða til að halda, að svo sé um þann mann, sem hv. 1. þm. Skagf. talaði sérstaklega um. En það er ljóst, að ef menn fara að gera upp á milli manna eftir því, hvernig

þeirra persónulega þekking er hverju sinni, þá er komið mikið handahóf, sem að ýmsu leyti er varhugavert. Þess vegna finnst mér skynsamlegast að halda sér við þá meginreglu, sem hv. meiri hl. n. hefur byggt till. sínar á. Vil ég því mæla með því, að d. samþykki þær og láti sér það nægja að svo stöddu.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Á sínum tíma flutti ég hér brtt. á þskj. 214 um að veita ríkisborgararétt tilteknum manni. Ég fyrir mitt leyti get tekið undir það með hæstv. utanrrh., að það beri að viðhafa alla varfærni með veitingu ríkisborgararéttar nú á þessum tímum, eftir að styrjöldinni er lokið, og bezt mundi vera, að ef hægt væri að fylgja ákveðinni reglu og fara ekki út yfir hana. Nú skilst mér, að eftir að till. meiri hl. á sínum tíma komu fram, hafi ýmsar till. komið fram, einnig frá minni hl. og jafnvel einstökum þm., sem ganga út fyrir þær reglur, sem meiri hl. allshn. vill setja um þetta efni. Þegar ég sá, að svo var komið, flutti ég þessa till. á þskj. 214. Ég mun geta sætt mig við, ef fylgt verður ákveðinni reglu líkt og þeirri, sem hv. meiri hl. allshn. hefur lagt til, að það gangi þá jafnt yfir alla, sem lagt er til, að öðlist borgararétt. Ef hins vegar á að fara út fyrir þá reglu, þá tel ég, að sá maður, sem um ræðir í till. minni, ætti vissulega að fá að njóta þessa réttar. Hér er um að ræða mann, sem löngu fyrir stríð kom til Íslands af þeirri ástæðu, að hann gat ekki verið í Þýzkalandi, eftir að stjórn Hitlers komst að. Þessi maður, Ernst Wilhelm Beckmann, sem hefur staðfest ráð sitt hér á landi, er listfengur maður, kvæntur íslenzkri konu og á hér mörg börn. Hann hefur um margra ára skeið unnið hjá Ríkharði Jónssyni myndhöggvara, því að hann er myndskurðarmaður, og síðar hefur hann haft sérstaka myndskurðarstofu. Hann talar og ritar íslenzku og vill staðfestast algerlega hér á landi. Ég vil því mæla með því, að þessi brtt. verði samþ., ef á annað borð verður farið út fyrir þær reglur, sem meiri hl. allshn. fylgir.

Frsm. minni hl. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hæstv. ráðh. og þær ítrekanir, sem komu fram hjá hv. frsm. meiri hl. um sérstaka varúð í þessum málum. Þær komu mér ekki ókunnuglega fyrir, og ég vissi um afstöðu hæstv. forsrh., þar sem hann átti sæti í allshn. Hæstv. dómsmrh. kemur mér heldur ókunnuglega fyrir sjónir. Það voru orð hæstv. dómsmrh., sem voru frumástæða þess, að ég stóð upp. Hann gaf óbeint í skyn, að þeir menn, sem hér er um að ræða, sæktu um ríkisborgararétt hér til að geta fengið ríkisborgararétt annars staðar. Ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. á hér við. Mér kæmi betur, að hann vildi, áður en málið gengur lengra, skýra frá, hvort einhverjir þeirra manna, sem ég hef gert till. um, væru að þessu, og þá sanna, að svo væri. Annars kann ég illa við að vera með getsakir, sem eru gerðar til að spilla fyrir, að þeir menn, sem till. er gerð um á þskj. 404, verði samþ., ekki sízt af því, að hæstv. dómsmrh. tók fram um einn af þeim mönnum, sem meiri hl. n. gerir ekki till. um, að vel gæti verið, að ekki væri þannig ástatt um hann. Ég hef talað við alla þá, sem standa á þskj. 404, og hygg, að óhætt sé að fullyrða, að þeir óski að verða framvegis íslenzkir ríkisborgarar, en ætli ekki að komast til annarra landa og öðlast þar ríkisborgararétt.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja að svo komnu máli. Ég vil aðeins bæta því við að lokum, að mér finnst ekki þörf þessarar sérstöku varfærni, sem hér á að viðhafa. Ég sé ekki, að ástandið í dag réttlæti það. Það má vera, að sumir þessara manna hafi verið hér vegna þess ástands, sem var fyrir stríðið, en ég hygg þó, að allir, sem eru á þskj. 404, ættu að fá íslenzkan ríkisborgararétt, og ég vona, að d. verði við þeirri ósk og samþykki brtt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hv. frsm. minni hl. hefur misskilið ummæli mín. Ég sagði aldrei, að menn hefðu reynt að fá ríkisborgararétt hér til að geta síðan fengið ríkisborgararétt annars staðar, heldur til þess, ef þeir færu úr landi, að þeir gætu notað íslenzkan ríkisborgararétt annars staðar og komizt áfram á honum, sem þeir hefðu ekki getað á sínum upphaflega ríkisborgararétti. Þetta er sitt hvað. Annars beindi ég þessu ekki sérstaklega gegn þeim mönnum, sem eru í till. hans, heldur hitt, að sumir þeir, sem að undanförnu hafa sótzt eftir að fá íslenzkan ríkisborgararétt, það er mér persónulega kunnugt, hafa gert það af þessari ástæðu, og hefur það orðið til þess, að mér virðist ástæða til að fara varlega í það almennt að veita þennan rétt og þess vegna sé betra, að upp sé tekin slík meginregla, sem hv. meiri hl. allshn. hefur gert, en að velja milli manna af handahófi, eins og mér virðist hv. minni hl. vilja. Það gæti verið ástæða til að fara þannig að, ef það væri níðzt á þessum mönnum, ef þeim væri gert örðugt fyrir, ef þeir væru ofsóttir eða stæði til að flæma þá úr landi. Ekkert slíkt er hér fyrir hendi. Þeir njóta hér fullkomins borgaralegs réttar og á engan veginn að hrekja þá úr landi eða ofurselja þá neinum ofsóknarmönnum þeirra. Þeir njóta íslenzkrar réttarverndar og gestrisni Íslendinga. Virðist mega við það hlíta, þar til séð verður, hvernig skipast, og tel ég því öruggast að fara eftir þeirri reglu, sem hv. meiri hl. allshn. hefur tekið upp.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. og 77. fundi í Nd., 18. og 19. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 20. febr., var frv. enn tekið til frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að nafnakall fari fram um þær brtt., sem hér liggja fyrir, og að þær verði bornar fram sundurliðaðar, þannig að um hvern einstakan lið verði greidd atkv. út af fyrir sig.

Forseti (BG): Það er naumast framkvæmanlegt á þessum fundi að láta fara fram atkvgr. um málið á þennan veg, því að það mundi taka óratíma að hafa nafnakall um hvern einstakan mann, sem á þskj. er till. um að veita ríkisborgararétt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 21. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 175, n. 200, 214, 396, 404, 410).

Skúli Guðmundsson: Sú krafa var borin fram á síðasta fundi, að viðhaft væri nafnakall um hvern lið brtt. Þetta hlýtur að taka æði langan tíma, og sé ég ekki, hvaða þýðingu slík aðferð getur haft. Vildi ég beina því til hæstv. forseta, hvort hann mundi ekki bera það sérstaklega undir hv. d., hvort ætti að viðhafa þessa aðferð.

Forseti (BG): Ef óskir koma fram um það frá 6 þm., að nafnakall verði viðhaft, getur forseti ekki skorazt undan því. En þar sem komið hafa fram mótmæli gegn því að viðhafa nafnakall um alla liði brtt., mun forseti ekki láta nafnakall fara fram, nema óskir komi frá 6 þm., sem verða þá að berast skriflega.

Einar Olgeirsson: Er það meiningin að „praktísera" þau þingsköp að biðja skriflega um nafnaköll? Hingað til hefur það ekki verið venja.

Forseti (BG): Ég skal taka fram, að það er skýrt kveðið á um það í þingsköpum, að ef 6 þm. krefjast nafnakalls, þá sé forseta skylt að verða við því, og yfirleitt hafa forsetar, bæði ég og þeir, sem á undan mér hafa verið, talið sér skylt að verða við óskum þm., ef ekki hafa komið fram mótmæli. En öðru máli er að gegna, ef nafnakalli er mótmælt, þá verður að viðhafa þann hátt, sem nú er stungið upp á.

Skúli Guðmundsson: Það var aðeins til að fyrirbyggja misskilning. Ég mótmæli því ekki, að fram fari nafnakall um þessa till. í heild, en tel hins vegar óþarft að láta fram fara nafnakall um hvern einstakan lið hennar.

Forseti (BG): Forseti óskar eftir að vita ákveðið, hvort það er meining hv. þm. V-Húnv. að mótmæla þeirri ósk, sem fram er komin frá hv. 11. landsk., um, að nafnakall fari fram um alla liði brtt.

Skúli Guðmundsson: Hvern út af fyrir sig? Já.

Hermann Guðmundsson: Ég legg fram óskir frá 6 þm. um, að fram fari nafnakall um hvern einstakan lið.

Forseti (BG): Mér hafa borizt óskir frá eftirtöldum 6 þm. um, að fram fari nafnakall um hvern einstakan lið þeirrar brtt., sem nú liggur fyrir til atkvgr.: Hermanni Guðmundssyni, Sigurði Guðnasyni, Einari Olgeirssyni, Arnfinni Jónssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Katrínu Thoroddsen.

ATKVGR.

Brtt. 404,a samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SB, SG, SEH, StgrSt, ÁÁ, EOl, EystJ, HÁ, HelgJ, HermG, KTh, AJ, BG.

nei: PÞ, PO, SK, SkG, EmJ, FJ, GÞ, GSv, HB, IngJ, JPálm, JS, JörB.

StJSt, BÁ greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÓTh, ÁkJ, GTh, GÞG, JóhH, JJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég hef lýst yfir því áður hér í d., að ég hefði gjarnan viljað, að fylgt væri þeirri reglu, sem meiri hl. allshn. tók upp á sínum tíma, en ef sú regla yrði rofin, væru nokkrir menn, sem ég væri fús að veita íslenzkan ríkisborgararétt. Einn þessara manna er sá, sem brtt. fjallar um á þskj. 404, og mundi ég, ef reglugerðin yrði rofin, greiða atkv. með því, að honum yrði veittur ríkisborgararéttur. Ég mun því bíða átekta og sjá, hvern endi þetta hefur, og greiði því ekki atkv. um það á þessu stigi.

Brtt. 214 samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, SEH, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, KTh, AJ, BG.

nei: PÞ, PO, SB, SK, SkG, FJ, GÞ, GSv, HB, IngJ, JPálm.

JS, JörB greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓTh, ÁkJ, GTh, JóhH, JJ) fjarstaddir.

Brtt. 404,b felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KTh, AJ, SigfS, SG, SEH, StgrSt, ÁÁ, EOl, GÞG, HÁ, HermG, BG.

nei: JörB, PÞ, PO, SB, SK, SkG, BÁ, EmJ, FJ, GÞ, GSv, HB, IngJ, JPálm, JS.

StJSt, EystJ, HelgJ greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓTh, ÁkJ, GTh, JóhH, JJ) fjarstaddir.

Brtt. 404,c felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, KTh, AJ, SigfS, SG, SEH, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HermG, BG.

nei: JS, JörB, PÞ, PO, SB, SK, SkG, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞ, GSv, HB, IngJ.

StJSt, StgrSt, HelgJ greiddu ekki atkv.

4 þm. (JóhH, JJ, ÓTh, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 404,d felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SB, SG, SEH, StgrSt, ÁkJ, EOl, GÞG, HÁ, HermG, KTh, AJ.

nei: PO, SK, SkG, ÁÁ, BÁ, EmJ, FJ, GÞ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, JS, JörB, PÞ.

StJSt, EystJ, JPálm, BG greiddu ekki atkv.

4 þm. (GTh, JóhH, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 404,e felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, SEH, StJSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl, GÞG, HÁ, HermG, KTh, AJ.

nei: PO, SB, SK, SkG, EmJ, FJ, GÞ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ.

BÁ, EystJ, BG greiddu ekki atkv.

4 þm. (GTh, JóhH, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 404,f samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HermG, KTh, AJ, SigfS, SB, SG, SEH, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ.

nei: EmJ, FJ, GSv, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SK, SkG.

GÞ, HB, StJSt, BG greiddu ekki atkv.

4 þm. (GTh, JóhH, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 410 tekin aftur.

— 404,g samþ. með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JS, JörB, KTh, AJ, PÞ, SigfS, SB, SG, SEH, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, BG.

nei: EmJ, FJ, GÞ, GSv, IngJ, JPálm, PO, SK, SkG.

HB, StJSt greiddu ekki atkv.

4 þm. (GTh, JóhH, JJ, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 404,h samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, SEH, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl.
nei: GÞ, GSv, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SK, SkG, EmJ.
EystJ, HB, StJSt, BÁ, BG greiddu ekki atkv.
5 þm. (GTh, JóhH, JJ, ÓTh, SB) fjarstaddir.
Brtt. 404,i samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, HermG, JörB, KTh, AJ, SigfS, SG, SEH.
nei: EmJ, GÞ, GSv, IngJ, JPálm, JS, PO, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, PÞ, BG greiddu ekki atkv.
5 þm. (GTh, JóhH, JJ, ÓTh, SB) fjarstaddir.
Brtt. 404,j felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, EOl, GÞG, HÁ, HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, SEH.
nei: EmJ, FJ, GÞ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SK, SkG, StJSt.
BÁ, EystJ, BG greiddu ekki atkv.
4 þm. (GTh, JóhH, JJ, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 404,k felld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, HermG, KTh, AJ, SigfS, SG, SEH, StJSt, ÁkJ, EOl.
nei: FJ, GÞ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, PÞ, PO, SB, SK, SkG.
StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, BG greiddu ekki atkv.
5 þm. (GTh, GÞG, JóhH, JJ, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 200 tekin aftur.
— 396 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 30:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SB, SG, SEH, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, GÞG, HÁ, HB, HelgJ, HermG, IngJ, JPálm, JS, JörB, KTh, AJ, PÞ, SigfS, BG.
nei: PO.
4 þm. (GTh, JóhH, JJ, ÓTh) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 439, 441).

Jörundur Brynjólfsson: Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við frv. það er hér um ræðir og er hana að finna á þskj. 441. Það er um að veita Jörgensen, Alfred Christian húsgagnasmið hér í bæ ríkisborgararétt. Hann er fæddur í Danmörku, en fluttist hingað 1929. Það að hann var ekki tekinn með af meiri hl. allshn. stafar af því, að upphaflega var ætlunin að fylgja þeirri reglu að veita aðeins fólki af íslenzkum foreldrum ríkisborgararétt. Nú, en við 2. umr. um frv. var nokkrum fleiri bætt við, sem öðruvísi var ástatt um, og þar með vikið frá hinni upphaflegu reglu. Þegar þannig var komið, sýndist mér ekki hægt annað en verða við ósk þessa manns. Hann á íslenzka konu og uppkomin börn og hefur dvalið hér að staðaldri síðan 1929. Ég þekki ekki manninn, en þeir, sem hann hafa umgengizt, bera honum bezta orð, telja hann góðan þegn, trúverðan starfsmann og háttprúðan. Þar sem hann óskar nú að dvelja hér áfram með fjölskyldu sína, tel ég ekki rétt, úr því sem komið er, að synja honum um ríkisborgararétt. Fyrir þessar sakir ber ég þessa brtt. fram og vænti, að d. fallist á hana. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta.

Arnfinnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að flytja þá brtt. við frv., sem prentuð er á þskj. 459, en hún er um það, að í 1. gr. bætist eftir stafrófsröð Göhlsdorf Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, f. 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi. Hún fluttist hingað til lands 6. apríl 1935 og hefur dvalið hér síðan. Hún var áður alltengd Jóhanni Jónssyni skáldi, og bjuggu þau saman. Þá kynntist hún Íslandi og Íslendingum. Ég tel, þótt ekki væri nema fyrir þeirra samveru, Jóhanns og hennar, þá sé það skylda að verða við beiðni þessarar konu. Þegar Jóhann stundaði nám í Þýzkalandi, veiktist hann og sótti því um styrk til ríkisstj., en var synjað þrátt fyrir meðmæli frá rektor háskólans, sem hann stundaði nám við. Þegar svo Jóhann sýndi rektor synjunarbréfið, sagði hann: „Þó að þjóðin þín hafi ekki ráð á að styrkja þig, þá hefur háskólinn þinn ráð á því“ — og fékk hann styrk frá háskólanum í veikindum þeim, er hann átti við að stríða. Hann náði aldrei heilsu eftir þetta, en vegna hjálpar Göhlsdorf lifði hann sæmilegu lífi til dauðadags. Fyrir þetta tel ég það sjálfsagða viðurkenningu, að þessi kona fái ríkisborgararétt.

Umr. frestað.
Á 83. fundi í Nd., 28. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 439, 441, 459).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 84. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 85. fundi í Nd., 4. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 459 felld með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, HermG, KTh, AJ, SG, ÁkJ, EOl.
nei: FJ, GÞ, GSv, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, PÞ, PO, SEH, SK, SkG, StJSt, EmJ.
GÞG, HÁ, JörB, StgrSt, ÁÁ, EystJ, BG greiddu ekki atkv.
6 þm. (GTh, JJ, ÓTh, SigfS, SB, BÁ) fjarstaddir.
Brtt. 441 felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JörB, KTh, AJ, SG, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ.
nei: FJ, GÞ, GSv, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, PO, SB, SEH, SkG, StJSt.
EmJ, PÞ, BG greiddu ekki atkv.
6 þm. (BÁ, GTh, JJ, ÓTh, SigfS, SK) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 86. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 140. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 439, n. 889, 890).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Allshn. hefur átt allmarga fundi um þetta mál, og hefur að lokum komizt að þeirri niðurstöðu, sem þskj. 889 og 890 bera með sér. Það er um þetta mál að segja, að afgreiðsla þess í Nd. hefur verið með þeim hætti, að allshn. þeirrar hv. d. hefur fylgt þeirri reglu, að því er virðist, að mæla með þeim umsækjendum einum, sem eru af íslenzku bergi brotnir eða fæddir á Íslandi. Þetta virðist hafa verið sú meginregla, sem n. hefur farið eftir. En við afgreiðslu málsins í hv. Nd. komu fram brtt., sem röskuðu þessari reglu, þannig að nokkrir menn — ég man ekki hvað margir, frekar fáir —, sem sótt höfðu um íslenzkan ríkisborgararétt og hvorki voru af íslenzku bergi brotnir né fæddir á Íslandi, voru samþ. við meðferð málsins þar og gegn till. n. Það var því auðsætt, að ef átti að fylgja þeirri reglu, sem fylgt hafði verið við afgreiðslu málsins í Nd., þá varð ekki komizt hjá því að taka upp í n. þessarar d. önnur vinnubrögð, aðrar reglur um veitingu ríkisborgararéttar en n. hafði fylgt í hinni d. Og um þær reglur höfum við orðið sammála í aðalatriðum. Að vísu skrifaði einn nm. undir nál. með fyrirvara, sem hann þá gerir grein fyrir. Höfum við fylgt þeirri meginreglu að mæla með því, að þeim mönnum væri veittur ríkisborgararéttur, sem hafa dvalið hér á landi lengur en 10 ár og uppfylla að öðru leyti þau skilyrði, sem nauðsynleg eru talin til þess, að ríkisborgararéttur verði veittur. Þessir menn hafa flestir skilað til dómsmrn. gögnum, þ. á m. skýrslu um dvöl sína hér og ýmislegt fleira, og þessi gögn og þessar skýrslur bera það með sér, að þeir uppfylla þau skilyrði, sem gert er ráð fyrir, að þeir þurfi að uppfylla, sem ríkisborgararétt fá veittan, eftir að þeir hafa dvalið hér í 10 ár, samkv. l. um veitingu ríkisborgararéttar. Og um flesta þessa menn, sem n. mælir með á þskj. 890, gildir sú regla, að dómsmrn. hefur mælt með því, að þeim verði veittur ríkisborgararéttur. Þó eru undantekningar frá þessu, þar sem einstakir umsækjendur hafa sent umsóknir sínar beint til n., og þegar svo hefur staðið á, að þeir hafa dvalið hér lengur en 10 ár, og þar sem gögn þeirra eru í lagi, þá hefur n. í flestum tilfellum fallizt á að veita þeim ríkisborgararétt.

Þetta eru þá þær meginreglur, sem n. hefur farið eftir. Og fyrst horfið er frá þeirri reglu að veita þeim einum ríkisborgararétt, sem fæddir eru á Íslandi eða af íslenzku ætterni, þá er ekki auðvelt að taka upp aðra reglu en þá, sem við höfum gert við afgreiðslu málsins í n. Annars ber að taka það fram, að ég tel, að það sé dálítið varhugaverð afgreiðsla, sem þessi mál fá nú í seinni tíð hér á Alþ. Það var áður, að þeir, sem sóttu um íslenzkan ríkisborgararétt, sendu gögn sín til dómsmrn. og það hafði síðan, eftir að þessar umsóknir og þau gögn, sem fylgja þurftu, höfðu legið fyrir, samið frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, sem síðan var lagt fyrir Alþ. sem stjfrv. Nú á seinni árum hefur verið horfið frá þeirri reglu, og ég álít það miður farið, því þegar frá henni er horfið, þá leiðir af því það, að sumt af umsóknunum kemur með meðmælum frá dómsmrn., en aðrar eru sendar beint til þingsins og til þeirrar n., sem er að starfa í þessu máli í annarri hvorri d. Þetta er afgreiðsla, sem ég álít, að eigi að hætta við, og ætti að taka upp þá meginreglu, að þeir, sem um íslenzkan ríkisborgararétt ætla að sækja, sendi umsóknir sínar og gögn fyrir vissan tíma, til þess að hlutaðeigandi ríkisstj. hafi tíma til að ganga frá frv. um málið og senda það frá sér sem stjfrv., og engar aðrar umsóknir verði teknar til greina en þær, sem koma fyrir þann vissa tíma.

Ýmsar af umsóknunum uppfylltu ekki skilyrðin. Í sumum voru ekki nægilegar upplýsingar, þ. á m. í umsóknum manna, sem eðlilegt virðist, að veittur sé ríkisborgararéttur, ef þau gögn, sem lögboðin eru, hefðu fylgt. N. fór þess vegna þá leið að senda allar umsóknirnar til dómsmrn., og það tilkynnti umsækjendum, að gögnin vantaði, og ef þeir legðu áherzlu á að framfylgja umsóknunum, þá kæmu þessar umsóknir aftur nú eða á næsta þingi með fullnægjandi gögnum.

Ég hef ekki mörgu við þetta að bæta, sem ég hef sagt. Ég geri ráð fyrir, að svo kunni að fara, að einhver hafi við afgreiðslu n. að athuga, og gefst mér þá tækifæri til að svara því, eftir því sem hægt er. En sem sagt, n. telur rétt, að þeirri meginreglu, sem sett er í íslenzkum l., verði fylgt, að þeir, sem dvalið hafa hér á landi í 10 ár eða lengur og uppfylla öll skilyrði, sem lög ætlast til, að þeir fái ríkisborgararétt, ef ekki er hægt að færa sérstakar ástæður fyrir því, að þeim skuli ekki veittur sá réttur.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um málið meir á þessu stigi.

ATKVGR.
Brtt. 890,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 890,2 samþ. með 11:1 atkv.
— 890,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 890,4 samþ. með 12:1 atkv.
— 890,5 samþ. með 12:1 atkv.
— 890,6 samþ. með 11:1 atkv.
— 890,7 samþ. með 12:1 atkv.
— 890,8 felld með 9:5 atkv.
— 890,9 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HermJ, StgrA, ÁS, KG, BrB.
nei: GJ, JJós, SÁÓ, BBen, BK, EE, ÞÞ.
GÍG, LJóh, PZ greiddu ekki atkv.
1 þm. (PM) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ég tel, að með þessu frv. sé opnað of mikið fyrir útlendinga að fá hér ríkisborgararétt, og mun ég greiða atkv. gegn öllum, sem ekki eru fæddir á Íslandi, og segi því nei.

Brtt. 890,10 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 890,11 samþ. með 12:1 atkv.

— 890,12 samþ. með 12:1 atkv.
— 890,13 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 890,14 samþ. með 12:1 atkv.
— 890,15 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 890,16 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 890,17 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 890,18 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 890,19 samþ. með 10:1 atkv.
— 890,20 samþ. með 10:1 atkv.
— 890,21 samþ. með 9:4 atkv.
— 890,22 samþ. með 10:1 atkv.
— 890,23 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 12:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 141. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 939).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

Á 139. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 140. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Ég sé, að Ed. hefur allmikið brugðið út af þeirri reglu, sem meiri hl. allshn. Nd. tók upp við meðferð málsins í þessari d. Ég vil ekki gera um það ágreining eða vekja upp þær umr., sem þá urðu, þó að full ástæða væri til fyrir Alþ. að taka nokkuð til athugunar, hvort ekki þyrfti að setja nýjar reglur, eitthvað strangari en nú gilda, um veitingu ríkisborgararéttar með tilliti til þess mikla aðstreymis, sem nú er til landsins af útlendingum, þar sem nú eru hér að staðaldri um 3 þús. erlendir ríkisborgarar.

Í öðru lagi vil ég leyfa mér að benda á, að viðvíkjandi 21. lið, Róbert Jack, liggur fyrir bréf á skrifstofu Alþingis, dags. 27. sept. 1946, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: Vegna ófyrirsjáanlegra ástæðna óska ég þess, að Alþingi fresti veitingu á íslenzkum ríkisborgararétti handa mér þangað til seinna.

Róbert Jack.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða fyrir Alþ. að vera svo örlátt í veitingu ríkisborgararéttar að þröngva honum upp á þá, sem ekki óska þess. Ef til vill liggja fyrir einhver nýrri gögn í þessu máli, en þau eru ekki finnanleg í skjölum þessa manns. Það er síður en svo, að ég vilji hafa nokkuð á móti því að veita viðkomandi manni ríkisborgararétt, en ég tel þó rétt, áður en þessi d. gengur frá málinu, að það liggi fyrir, hvort eitthvað nýtt hefur komið fram, sem geri það að verkum, að viðkomandi óski ekki lengur eftir, að frestað sé að veita honum íslenzkan ríkisborgararétt. (GSv: Er ekki ósk hans fullnægt frá því í september?) Það má vera, en ég fyrir mitt leyti get ekki greitt atkv. um þetta mál, fyrr en fyrir liggja eitthvað nánari upplýsingar en hér liggja fyrir. Ég tel, að það hafi ekki komið neitt annað frá umsækjanda en hér liggur fyrir, og þá álít ég, að ekki sé viðeigandi að setja hann inn í frv., sem byrjar svo: „Ríkisborgararétt skulu öðlast". Ég vil ekki, að gengið sé frá þessu, fyrr en vitað er, hvort nokkuð annað liggur fyrir í þessu máli. Ég veit, að skrifstofan hefur ekki fengið annað, en hún vakti athygli á þessu, að beiðnin hefur verið afturkölluð. Ég vil, að það sé haft samráð við hv. frsm. málsins í Ed. og vitað, hvernig í þessu máli liggur.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Það er að vísu rétt, að þetta bréf liggur fyrir frá settum presti austur á landi, nú presti í Grímsey. Það má vera, að honum hafi ekki verið mikið áhugamál, þegar hann getur þjónað embætti, hvort hann hefur ríkisborgararétt eða ekki. Þetta bréf var lesið og í það vitnað á fyrra ári, og þá var þess getið við nm. og sjálfsagt hv. frsm., að það væri einfalt ráð til að fylgjast með þessu. Það var ekkert annað en hv. frsm. vildi ómaka sig að spyrja um þetta á biskupsskrifstofunni, hvort þessi þjónn kirkjunnar vilji ekki íslenzkan ríkisborgararétt. Ef svo er, þá er ekki um neitt að sakast, og þá mætti fella þetta úr, þó að ég telji vafa, að það beri að breyta frv., eins og Ed. hefur gengið frá því, því að það er virkilega svo, að fjöldi fólks hefur mikinn áhuga fyrir, að þessir menn gætu fengið ríkisborgararétt nú. Ég tel þetta ekki svo mikils vert, þegar það er upplýst, að þessi maður, sem ætlaði sér burt, er nú kominn í annað embætti norður í Grímsey. Ég tel þetta aukaatriði, ef til vill er það fyrir misskilning hjá þessum framandi manni. Ég vildi því leggja til, að séð yrði yfir þetta og látið við það sitja, sem Ed. hefur gert, en gera ekkert það, sem gæti orðið til þess, að málið kynni að daga uppi, því að það er mikið í húfi fyrir allan þorra þeirra, sem nú eiga að öðlast ríkisborgararétt.

Finnur Jónsson: Af því að hv. þm. minnist á, að spyrja megi biskupsskrifstofuna í þessu sambandi, þá vil ég geta þess, að þetta bréf er sent til forseta Nd. með sérstöku bréfi frá dóms- og kirkjumrn. sjálfu. (GSv: Hvenær?) 12. okt. 1946. Eftir því sem ég hef heyrt, mun allshn. Ed. ekki hafa tekið eftir, að þetta bréf lá fyrir á þennan veg.

Ég hef enga löngun til að tefja þetta mál, en ég tel, að það sé tæplega boðlegt, að Alþ. sé að lögfesta ríkisborgararétt til handa mönnum, sem óska ekki eftir að fá hann. Ég mun þess vegna leggja fram skrifl. brtt. og óska, að hæstv. forseti gefi mér frest í eina mínútu til að semja hana.

Gísli Sveinsson: Væri ekki öllu betra fyrir hv. frsm. að nota þessa mínútu til að ná sambandi við skrifstofu biskups og fá þær upplýsingar, sem eru í gildi nú á þessum degi, en ekki þær, sem fyrir lágu fyrir ári síðan. Það virðist svo, að báðar n. hafi látið þetta bréf liggja hjá sér án þess að grennslast eftir, hvort breyttar ástæður væru hjá þessum framandi manni. Það er síður en svo, að hann sé að fara úr landi, heldur hefur hann látið setja sig í annað embætti. Hv. frsm. er sjálfráður,

hvað hann gerir, en ég vil mælast til þess, að frv. verði samþ. óbreytt.

Gylfi Þ. Gíslason: Það eru örfá orð. Mér er áhugamál, að frv. nái fram að ganga, það er mikið í húfi, að það dagi ekki uppi á þessu þingi. Ég átti tal við form. allshn. Ed. og fékk hjá honum þær upplýsingar, að að þessu leyti hefði frv. verið afgr. frá Ed. eins og það kom frá Nd., og ég sé, að meiri hl. allshn. þessarar d. hefur lagt til, að nefndur maður öðlaðist ríkisborgararétt. Og þó að ég að vísu geti ekki séð, hvenær hann hefur lagt þá beiðni fram, þá hygg ég, að það hafi verið alllöngu eftir dagsetningu þessa bréfs. M. ö. o. allshn. þessarar d. hefur lagt til, að hann fengi ríkisborgararétt og það eftir að bréf það, er hér hefur verið um rætt, barst d., svo að ég hygg, að það hljóti að vera, að einhverjar aðstæður hafi breytzt í millitíðinni, sem ómerki þetta bréf, þó að ég vilji ekki fullyrða það, enda því ekki kunnugur. En það, sem ég vildi vekja athygli á, er það, að mér sýnast málavextir þannig, að þessi maður hljóti að hafa afturkallað bréf sitt, því að það er sannanlegt, að n. hefur lagt til, að hann hlyti ríkisborgararétt, eftir að það bréf barst Alþ., að hann óskaði eftir, að sér yrði ekki veittur þessi réttur að svo stöddu. Ég hygg því, að rétt sé að láta málið ganga fram eins og það er.

Steindór Steindórsson: Ég þarf ekki að vera margorður, enda er ég nýgræðingur hér og veit ekki, hvað á undan er gengið í þessu máli. Ég hef oft fylgzt með því, þegar ríkisborgararéttur hefur verið veittur á undanförnum þingum, og mig hefur oft undrað á því, hversu Alþ. hefur verið örlátt að veita ríkisborgararétt, og mér sýnist það sama vera í því frv., sem hér liggur fyrir, sem komið er frá Ed. Ég veit ekki heldur gerla, hvaða reglum er fylgt hér á þingi í þessu sambandi, en ég hef einu sinni sjálfur bitið mig í þá skoðun og mun aldrei frá henni víkja, að ekki eigi að veita íslenzkan ríkisborgararétt öðrum en þeim, sem ríkið eða stofnanir þurfi að fá hingað til að gegna ákveðnum störfum, því að ég er í hjarta mínu fullkomlega á móti því að veita ríkisborgararétt öðrum en þeim, sem eru komnir af íslenzkum foreldrum. Ég sé, að á þessum lista er talsvert margt fólk, sem ekki heyrir undir það. Ég mun því greiða atkv. á móti frv., fyrst allir liðirnir verða bornir upp í einu lagi.

Finnur Jónsson: Ég vil taka fram út af ummælum hv. þm. V-Sk., að ég er ekki frsm. allshn. og n. hefur ekki haft tækifæri til að athuga þær breyt., sem á þessu frv. hafa verið gerðar í Ed. Frv. er þannig breytt alveg nýkomið til d., og ekki hefur unnizt tími til að athuga það. Hv. form. n. og frsm. er ekki hér staddur til fyrirsvars um það, hvernig á því stendur, að þessi maður virðist hafa slæðzt inn í till. n. gegn vilja sínum. Ég get enga skýringu á því gefið. Hins vegar get ég vel fallizt á, að það sé rétt að leita upplýsinga hjá biskupi landsins um þetta mál, en til þess að svo megi verða, þarf að fresta málinu um eitthvert skeið. Annars skildist mér á hv. þm. V-Sk., að við getum verið sammála um það að leggja til að breyta frv., ef upplýsingar liggja ekki fyrir frá þessum manni nema þetta eina bréf. (GSv: Nei.) Það er upplýst, að hann hefur óskað, að málinu sé frestað, það er það eina, sem fyrir liggur. Ég hef sem sagt brtt. tilbúna og óska eftir við hæstv. forseta, að hann fresti málinu, þangað til eitthvað liggur nánara fyrir um það.

Umr. frestað.

Á 141. fundi í Nd., 23. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

Finnur Jónsson: Allshn. hefur síðan málið var á dagskrá í gær athugað það nokkuð, sérstaklega út af þeirri aths., sem kom fram viðvíkjandi Róbert Jack, og hefur upplýstst, að hann heldur fast við sína fyrri umsókn og óskar eftir því að fá íslenzkan ríkisborgararétt.

Þetta frv. hefur tekið talsverðum breyt. í Ed., þannig að bætt hefur verið inn í frv., frá því að það fór héðan, allmörgum mönnum, og að nokkru leyti gengið í bága við þau skilyrði, sem þessi d. setti fyrir till. sínum um veitingu ríkisborgararéttar. Allshn. vill ekki leggja stein í götu þess, að þetta frv. nái fram að ganga, eins og það kemur frá Ed., og vill eftir atvikum mæla með því, þar sem hlut eiga að máli mjög margir íslenzkir menn eða menn, sem eru ýmist fæddir hér á landi eða af íslenzkum foreldrum erlendis. En ég vil fyrir mitt leyti gera um þetta mál þann fyrirvara, að ég tel, að mjög nauðsynlegt sé, að Alþ. komi sér niður á enn fastari reglur en áður hafa gilt um veitingu ríkisborgararéttar og þá með sérstöku tilliti til þess, að hér dvelja nú í landinu um 5 þús. erlendir ríkisborgarar, og gæti komið í ljós, að ekki væri æskilegt að láta 10 ára búsetu endilega ráða því, hvað af þessu fólki fengi íslenzkan ríkisborgararétt, heldur hitt, hversu æskilegir innflytjendur þetta væru til landsins. Þetta tel ég rétt að taka fram, um leið og ég skýri frá afstöðu allshn. til þess frv., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1007).

---

87. Óskilgetin börn.

Á 67. fundi í Nd., 5. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (þmfrv., A. 365).

Á 68. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það stendur eins á um þetta mál og það, sem var hér til umr. næst á undan (frv. til framfærslulaga). Heilbr.- og félmn. flytur það eftir beiðni hæstv. félmrh., og er það samið að tilhlutun hans af sérstakri n. Málið hefur ekki enn verið tekið til athugunar í n., og mun ég því að þessu sinni fylgja því úr hlaði með örfáum orðum. Frv. þetta er samið af sömu n. og frv. til framfærslulaga. Það er að langmestu leyti bein afleiðing af þeim breyt., sem gerðar voru á alþýðutryggingal. við setningu

löggjafarinnar um almannatryggingar. Aðalviðfangsefnið við setningu þessa frv. var það, hvernig mætti tryggja meðlög til þeirra mörgu barna, sem hér hafa fæðzt, meðan erlendur her dvaldi í landinu, og erlendir menn hafa verið lýstir feður að. N. tók því inn í frv. nokkur ákvæði, sem beinlínis eru sniðin með þetta fyrir augum. Frv. gerir ráð fyrir, að í slíkum tilfellum skuli málið vera rannsakað með sama hætti og ef varnaraðili væri látinn eða farinn af landi burt og skuli valdsmanni heimilt að leyfa barnsmóður að staðfesta framburð með eiði, ef fram hafa komið þær líkur fyrir faðerninu, sem hann telur nægilegar. Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Þessa vildi ég láta getið við þessa umr. Annars vildi ég óska þess fyrir hönd hv. n., að þessu máli verði vísað til 2. umr. og n. gefi fyrirheit um að taka það til athugunar milli umr. Mun hún þá við 2. umr. flytja brtt., ef hún æskir þess.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil aðeins óska eftir því, að hv. heilbr.- og félmn. hafi samráð við mig, er hún tekur mál þetta til athugunar á milli umr.

Finnur Jónsson: Ég vil aðeins í sambandi við þessi mál taka það fram, að bæði þessi frv. voru lögð fram meðan ég var erlendis, og hef ég því ekki haft tækifæri til að fylgjast með þeim til hlítar. En ég hafði rætt um aðalatriði frv. við n., sem hafði þessa lagaskoðun með höndum. Það er áríðandi, að bæði þessi frv. nái fram að ganga á þessu þingi, einkanlega má segja um annað frv., að það innifeli ýmsar lagfæringar á ástandi, sem hefur dregizt allt of lengi fyrir Alþ. að lagfæra. Ég vil í því sambandi beina því til hv. frsm., að hann beiti áhrifum sínum í n. til þess, að sú athugun, sem hann gaf loforð um, dragist ekki of lengi. Þessi frv. hafa legið hjá n. síðan í nóv. eða byrjun des., og kemur það mér því óvart að heyra, að n. skuli ekki hafa tekið þau til alvarlegrar athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 69., 121. og 122. fundi í Nd., 11. febr., 5. og 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 123. fundi í Nd., 7. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 365, 729).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. flytur brtt. við það frv., sem hér um ræðir, á þskj. 729. Frv. er, eins og kunnugt er, samið af stjórnskipaðri n., sem hefur haft þessi mál til athugunar, og er það samið með tilliti til nýju löggjafarinnar um almannatryggingar. Ég vil nú leyfa mér að gera nokkra grein fyrir þeim brtt., sem hér liggja fyrir.

Fyrsta brtt. er við 12. gr., og er hún gerð eftir ósk forráðamanna tryggingarstofnunarinnar, en þess efnis að lengja þann frest, sem tryggingastofnunin hefur til þess að tilkynna dvalarsveit móður eða framfærslusveit föður um þá greiðslu, sem hún hefur innt af hendi, úr 6 vikum í 3 mánuði.

Um 2. brtt. er það að segja, að n. leggur til, að hún verði felld niður, en í stað gr. leggur n. til, að bætt verði við frv. ákvæðum til bráðabirgða. Hin stjórnskipaða n. var í allmiklum vanda vegna þeirra barnsmæðra, sem kenna erlendum setuliðsmönnum börn sín. Allmargar þessara barnsmæðra hafa þegar hafið mál hjá sakadómaranum í Reykjavík, en ekki fengið neinn úrskurð. Hins vegar mun Reykjavíkurbær hafa veitt 60 barnsmæðrum meðlag sem lán í von um, að þessum málum mundi bráðlega ljúka. N. þótti nokkuð mikið að láta þessar 60 barnsmæður vinna eið að barnsfaðerni og leit svo á, að slík notkun á eiðnum væri óheppileg. Þess vegna leggur n. til, að þessi leið verði ekki farin, heldur verði látinn nægja úrskurður sakadómara eða annars, sem um þessi mál fjallar, ef hann telur sterkar líkur fyrir, að framburður barnsmóður sé réttur. Aðrar breyt. eru mjög smávægilegar og skýra sig sjálfar. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 729,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 729,2 (14. gr. falli burt) samþ. með 20 shlj. atkv.
15. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 729,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
16. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
17. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 729,4 (18.—19. gr. falli burt) samþ. með 18 shlj. atkv.
20.—21. gr. (verða 17.—18. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 729,5 (ný gr., verður 19. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
22. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 729,6 (ný 23. gr., verður 21. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
24. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 729,7 (ný 25. gr., verður 23. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 729,8 (ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 781).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 128. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 129. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 141. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 781, n. 927).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og hér hefur verið skýrt frá við 1. umr. og grg. þessa frv. ber með sér, er það samið og flutt að tilhlutan félmrn. Það er fyrst og fremst fram borið til þess að samræma lög um óskilgetin börn þeim ákvæðum, sem nú eru í l. um tryggingar, enn fremur um leið að taka til endurskoðunar nokkur atriði, sem ekki snerta tryggingar, og breyta sumum þessara eldri ákvæða eða fella niður. Í þriðja lagi eru í þessu frv. ákvæði, sem sérstaklega eru við það miðuð, að skapazt hefur ástand í landinu vegna veru herliðsins, sem nauðsynlegt er að setja lagaákvæði um.

Ég sé ekki ástæðu til að tefja hv. d. með því að ræða þessi atriði í löngu máli, en þó skal ég benda á örfá atriði, sem eru markverðustu nýjungarnar og skipta verulegu máli.

Það er þá fyrst viðvíkjandi 3. gr. Eins og síðari málsgr. hennar ber með sér, eru settar ákveðnar reglur barnsmóður til hagræðis til að bera fram sannanir fyrir faðerni, sem dómstólunum er skylt að taka til greina, en þau ákvæði eru, að ef foreldrar hafa búið saman tiltekinn tíma fyrir barnsburð, er það talin nægileg sönnun fyrir faðerni ef annað sannast ekki.

Í 10. gr. er breytt greiðslufyrirkomulagi barnsmeðlaga, og er það eðlilegt hagræði fyrir barnsmóðurina, og 12. gr. er einnig miðuð við það að samræmast lögum um almannatryggingar. Eins og dm. vita er það ákvæði nú í l., að barnsmóðir getur snúið sér til dvalarsveitar og fengið meðlagsgreiðslu þar, en nú er þessi skylda hér með lögð á almannatryggingarnar, og móðirin snýr sér til þeirra.

Enn fremur eru í 13. og 14. gr. ákvæði, sem snerta sérstaklega viðhorfið, sem skapazt hefur vegna dvalar erlends herliðs í landinu, óskilgetin börn hermannanna hér. Um þetta eru settar tvær meginreglur. Í fyrsta lagi (samkv. 13. gr.), að ef faðerni er sannað, eru ákvæði þar, sem veita móðurinni það hagræði að eiga kröfu á úrskurði íslenzks stjórnarvalds um meðlagið, og síðan getur hún notað þann úrskurð til að fá greitt samkvæmt honum, sem henni væri ella illkleift, þar sem hermennirnir eru ekki undir íslenzkri dómsögu. 14. gr. fjallar hins vegar um það, er vafi leikur á faðerninu, og eru þar ákvæði, sem eru allmikil nýjung í lögum hér, en nýjungin er sú, að ef móðir getur frammi fyrir dómara fært líkur fyrir faðerni barnsins, sem hann telur eða metur nægilega sterkar, þá er dómaranum heimilt að veita móðurinni rétt til að staðfesta framburð sinn með eiði, og ber að taka það gilt sem sönnun frá hennar hendi.

Nú, í 16. gr. eru einnig ákvæði varðandi tryggingar. Samkv. l. nr. 46 frá 1921 hvílir sú skylda á barnsföður að greiða kostnað við framfærslu barnsmóður tiltekinn tíma fyrir fæðingu. Nú á Tryggingastofnun ríkisins að greiða mæðrum tilteknar fjárupphæðir vegna fæðingar og meðgöngutíma, en vegna þess að þær bætur eru misjafnar eftir því, hvort mæðurnar stunda atvinnu innan heimilis eða utan, er jafnframt ákveðið í þessari gr., að barnsfaðir á að greiða barnsmóður nokkra upphæð til viðbótar, ef hún fær lægri upphæðina frá tryggingastofnuninni, sem bætur fyrir meðgöngutíma og barnsburð, en það er í því tilfelli, að hún vinni á heimilinu samkvæmt ákvæðum í tryggingalöggjöfinni.

Þá er enn fremur smávægileg breyting í 19. gr., að barnaverndarnefnd kemur í stað valdsmanns í gömlu lögunum frá 1921.

Ég held, að þessi grg. fyrir þeim nýjungum, sem í frv. felast, verði að nægja af minni hendi. Eins og ég sagði í upphafi, eru þessar breyt. aðallega gerðar til að samræma þessi lög tryggingalöggjöfinni, en jafnframt að sníða annmarka af gömlu lögunum, og í þriðja lagi eru svo ákvæði í sambandi við það sérstaka tilfelli, að útlendir hermenn eiga hér allmikið af óskilgetnum börnum. Ég held, að frv. sé yfirleitt til bóta, og nm. eru sammála um að mæla með því. Þó hefur einn nm. áskilið sér rétt til að koma fram með brtt., ef ég man rétt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara, og er sá fyrirvari miðaður við það, sem nú skal greina:

Í 11. gr. eru ákvæði um það, að ef meðlagsskyldur faðir óskilgetins barns deyr, þá skuli greiða úr dánarbúinu meðlag með barninu til 16 ára aldurs. Það meðlag má ekki vera lægra en barnalífeyrir samkv. l. um almannatryggingar og ekki hærra en barnið fengi, ef það væri arftækt. Þó má gera undantekningu frá þessu, ef ekkja barnsföður situr í óskiptu búi og valdsmaður ákveður annað með rökstuddum úrskurði. Þess utan er einnig sagt í þessari grein, að deyi óskilgetið barn, áður en eytt er fé því, sem greitt hefur verið með því úr dánarbúi föður þess, komi það fé, sem óeytt er, til skipta milli erfingja hans. Ég tel, að þessi gr. sé algerlega óþörf og röng, og legg ég til, að hún verði felld. Samkv. 27. gr. tryggingalaganna fær barnsmóðir barnalífeyri, er þannig stendur á, frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt úrskurði, og það jafnt þótt þessi gr. verði felld. Þó að barnsfaðir deyi áður en barnið er 16 ára, er hægt að gera kröfu í dánarbúið samkvæmt l. frá 1921, sem nú á að afnema. Það er því aðeins verið að tryggja tryggingastofnuninni fé, en ekki barninu. Það fær aldrei þetta fé til uppeldis, heldur tryggingastofnunin. Ég skal koma með dæmi. Hugsum okkur, að maður félli frá konu og fjórum börnum þeirra og ætti húsakrokk, sem metinn væri á 100 þús. kr., og ekki aðrar eignir. Ekkjan yrði þá að borga út 10 þús. kr. eindagaskuld úr búinu, ef maður hennar hefði átt barn, sem væri ekki arftækt en meðlagsskylt. Þessar 10 þús. kr. gengju þá til Tryggingastofnunar ríkisins á kostnað ekkjunnar. Þetta vilja meðnm. mínir ekki taka með í reikninginn. Fulltrúar sósíalista og Alþfl. í n. virðast meta hér meira rétt tryggingastofnunarinnar en ekkjunnar. Ef faðirinn hefði átt 50 þús. kr. og eitt barn, þá hefði ekkjan orðið að borga út 8 þús. kr., og ef hann hefði látið eftir sig 50 þús. kr. og 4 börn, hefði ekkjan samt orðið að snara út 5000 kr. Þetta er ranglátt, og mun ég bera fram skriflega brtt. um, að gr. falli niður. Einnig mun ég bera fram aðra.

brtt. við 17. gr. Þar segir, að barnaverndarnefnd sé jafnan heimilt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fari vel um það, enda þótt sá, sem foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því. Ég hef aldrei viljað viðurkenna vald neinna nefnda yfir foreldrunum í þessum lagabálkum, og skal ég ekki eyða tíma í að deila nú um það atriði hér, en þetta er aðeins í framhaldi af minni stefnu. Það verður svo að fara um það sem fara vill, en ég legg afar mikla áherzlu á, að 11. gr. verði felld. Ég mun þó ekki greiða atkv. á móti frv., þó að hún verði ekki felld, því að það er síðar hægt að taka upp barátttuna fyrir smælingjunum í þessu sambandi, en ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að hv. dm. samþykki þessa grein.

Forseti: Mér hafa borizt hér tvær skriflegar brtt. frá hv. þm. Barð. Þessar tillögur eru bæði skriflegar og of seint fram komnar, og þarf því að leita tvöfaldra afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 969) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er viðvíkjandi þessum brtt. Ég held að till. um að fella 17. gr. sé nú mjög vafasöm, því að það kemur ákaflega oft í ljós, að eftir að ung börn hafa dvalizt hjá fósturforeldrum nokkurn tíma, þá veldur það oft óeðlilegri röskun í lífi barnsins og fósturforeldranna að taka það burtu. Ég get því ekki mælt með þeirri brtt. Ég viðurkenni, að lífið er svo margbreytilegt, að ýmis tilvik geta valdið því, að óeðlilegt er, að foreldrar geti tekið barn sitt úr fóstri, enda er ekki komið í veg fyrir það, þó að 17. gr. verði lögfest. Hitt er fullvíst, að oft er mörgum illa við að taka ungbörn úr löngu fóstri, og því tel ég rétt, að þessi heimild verði í l. fyrir barnaverndarnefnd, ef foreldrar hafa ekki haft tök á að sinna uppeldi barns.

En það eru þó sérstaklega ákvæðin í 11. gr., sem ég vildi segja nokkur orð um. Ég var ekki á fundi allan tímann, er þetta mál var rætt í n., en ég þekki nokkuð inn á slík lagaákvæði, vegna þess að ég hef verið fulltrúi bæjarfógetans í Reykjavík og dómari hér um skeið og haft með mörg þau mál að gera, sem þessi löggjöf fjallar um, og ég þarf því minni tíma til að átta mig á þessari brtt. og málinu í heild en ella hefði verið. Ég hef ekki gert neinn fyrirvara um atkvgr., en ég held satt að segja, að hv. þm. Barð. hafi mjög mikið til síns máls í því atriði, að fella beri þessa gr. Og ástæðan er sú, að við getum sett okkur í þau spor, er þannig stendur á, að giftur maður á óskilgetið barn, áður en eða eftir að hann kvænist. Hann sér um meðlagsgreiðsluna, á meðan hann er á lífi, án þess að það komi beint við fjölskyldulífið, og því fylgir lítill sársauki, það fer eftir atvikum. Og því er það ef til vill vanhugsað í 11. gr. að ákveða, að er faðir fellur frá, sé það eitt af fyrstu verkunum, sem ekkjan þarf að standa í, að taka við kröfum vegna óskilgetins barns eiginmanns hennar. Þetta er atriði, sem ekki er hægt að komast hjá að taka til greina og hugleiða, enda er það rétt, sem hv. þm. Barð. tók fram, og það dæmi, sem hann tók, rétt valið. Það getur verið óþægilegt fyrir konur að þurfa að greiða 10 þús. kr. Og við vitum, að við höfum löggjöf, sem heimilar eftirlifandi maka að sitja í óskiptu búi, þannig að hann þarf ekki að svara út arfi, og getur verið, að það komi ákaflega óþægilega við hinn eftirlifandi maka, sem þarf að sjá um framfæri barna, að svara út verulegum fjárhæðum. Með því að þurfa að svara út þessari fjárhæð sérstaklega til meðlags með óskilgetnu barni þá er í raun og veru sá réttur, sem l. um það heimila, skertur. Ég held þess vegna, að þetta tvennt séu nokkuð veigamikil atriði og svo í þriðja lagi, að það er dálítið óeðlileg reikningsfærsla að þurfa að reikna allt meðlagið fyrir fram og svara því öllu út í einu og síðan, ef barnið fellur frá, að fara að gera kröfu um að fá það fé endurgreitt einhvern tíma síðar sem einhvers konar orlof eftir þetta óskilgetna barn. Þetta er allt saman held ég öðruvísi en mannlegast er að hafa það í þessu máli, því að eðlilegast er það, að ekkjan fái tækifæri til þess að gleyma því, sem skeð hefur, eftir lát mannsins — hún ætti helzt ekki að þurfa að verða fyrir óþægindum af þessari framfærslu.

Ég fékk ekki tækifæri til þess að athuga þetta gaumgæfilega, en ég held, að það væri mjög athugandi hvort ekki ætti að fella þessa gr. niður. Og þó að ég skrifaði undir þetta fyrirvaralaust, mun ég greiða atkv. með því, að hún verði felld niður, vegna þess að ég tel það eðlilegast, og ég tel fyrir mitt leyti mestu varða að hafa það, sem ég tel réttast vera í þessu máli.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Str. fyrir þessar undirtektir, sem hann hefur tekið til málsins, og þann skilning, sem hann hefur lagt í þetta, og ég vænti þess, að aðrir hv. þm. fylgi hans fordæmi og felli þessa gr.

Það er meginatriðið, að það er verið að taka frá búinu og greiða inn í tryggingarnar. Það má kannske segja, að þetta hafi verið eðlilegra eftir eldri l. eða þar sem um er að ræða sveitarfélög. En sá grundvöllur er fallinn burt, þess vegna á þetta að falla niður.

Það er kannske eins með 17. gr., það má deila um hana fram og til baka. En mér er meira áhugamál, að 11. gr. sé felld niður, og vænti ég þess, að brtt. mín um það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 969,1 (11. gr. falli niður) samþ. með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, HermJ, JJós, PZ, PM, StgrA, ÁS, KG, BK, GJ.

nei: LJóh, SÁÓ, BBen.

HV greiddi ekki atkv.

3 þm. (BrB, EE, ÞÞ) fjarstaddir.

12.—16. gr. (verða 11.—15. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 969,2 felld með 9:1 atkv.

17.—23. gr. (verða 16.—22. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðab. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 970).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 141. fundi í Nd., 23. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Ed. hefur gert eina breyt. á þessu frv., fellt niður 11. gr., eins og það var afgr. frá Nd. Ég er þeirrar skoðunar og hef rætt um það við menn í heilbr.- og félmn., að það sé misráðið að fella þessa gr. niður. Hún fjallaði um afstöðu Tryggingastofnunar ríkisins til dánarbúa feðra óskilgetinna barna. Í núgildandi l. er svo ákveðið, að deyi faðir óskilgetins barns, skuli tryggingastofnunin engu að síður halda áfram lífeyrisgreiðslunum o. s. frv., en eiga endurkröfurétt í dánarbúið. Þessi réttur er felldur niður með niðurfellingu þessarar gr. Við teljum þetta óeðlilegt, en engu að síður höfum við, sem erum í n., ekki talið rétt að gera tilraun til að breyta þessu aftur, því að við teljum, að með því væri málinu ef til vill stefnt í hættu, því að það mundi ekki vera tími til að afgreiða það, og því leggjum við í n. til, að frv. verði afgr. eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1010).

---

88. Fiskimálasjóður.

Á 4. fundi í Nd., 16. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um fiskimálasjóð, markaðsleit sjávarafurða, útflutning á fiski o. fl. (þmfrv., A. 8).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Gert er ráð fyrir, að þetta frv. komi í stað gildandi laga um fiskimálasjóð og þar að lútandi. Miklar breytingar felast í þessu frv., og skal ég rekja þær helztu. Í fyrsta lagi er ráðgert, að ríkissjóður leggi til fiskimálasjóðs 1½ milljón króna á næstu 10 árum. Í öðru lagi, að ríkisstj. sé heimilt að taka allt að 10 millj. króna lán til eflingar sjóðnum. Ef þetta nær fram að ganga, þrefaldast næstum tekjur sjóðsins og eykst hann þó enn meira, ef lánsheimildin er notuð. Ég flutti frv. um sama efni á síðasta þingi, en það var fellt. Var því haldið fram, að ekki væri hægt að efla fiskimálasjóð vegna stofnlánadeildarinnar. Þó að þessi deild sé góð, er ekki þess vegna hægt að ganga fram hjá fiskimálasjóði. Stofnlánadeildin lánar ⅔ út á vélbáta, en meira út á vinnslustöðvar, en ¾, ef ríkisábyrgð er fyrir hendi. Hefur deildin þar fyrir utan enga aðra starfsemi. Augljóst er, að fjármagn þarf í fleira en það, sem stofnlánadeildin lánar út á. Því er gert ráð fyrir, að fiskimálasjóður vinni framvegis við hlið stofnlánadeildarinnar og að öðrum verkefnum og veiti styrk umfram stofnlán, t. d. til rannsóknarstarfa og nýjunga, sem þannig eru vaxnar, að lánsstofnanir geta ekki lánað til þeirra á byrjunarstigi. Ég held því, að þetta sé að sumu leyti óskylt stofnlánadeildinni og heppilegt, að starfsemin sé í tvennu lagi, annars vegar stofnlánadeild, en hins vegar fiskimálasjóður, sem veiti styrk til tilraunastarfsemi, en þá þarf að auka fiskimálasjóð.

Keypt hafa verið inn í landið mörg skip og bátar, en mörg önnur verkefni eru óleyst, sem nú þarf nauðsynlega að vinna að. Má þar nefna leit að fiskimiðum, og geta einstaklingar ekki lagt fram fé í því skyni, enn fremur nýjar og betri veiðiaðferðir, og hafa einstaklingar nokkuð gert í því efni, og er eðlilegt, að það sé stutt af ríkinu. Erfiðleikar eru á að veiða helztu nytjafiska okkar, þorskinn og síldina, og erfitt mun úr því að bæta, en að því ber að starfa og styrkja þá starfsemi með auknum fjárframlögum. Hvað viðvíkur meðferð og verkun sjávarafurða, þurfum við fljótari aðferðir. Má í því sambandi minna á, að saltfiskverkun var hér mikil fyrir stríð. Ef við nú aftur þurfum að verka í salt, er það ógerlegt með sömu aðferðum og fyrir stríð, og þarf að leita nýjunga í saltfiskverkun. Mér finnst þessu máli hafi verið of lítið sinnt, því að ekki er síður nauðsyn á nýjum aðferðum við fiskverkun en veiðiaðferðum og sífellt þarf að finna upp nýjar aðferðir til að gera fiskinn að söluvöru, t. d. með niðursuðu, reykingu o. fl. en allt kostar þetta dýrar tilraunir, sem einstaklingum er um megn að gera. Þá er og nauðsynlegt að hefja markaðsleitir fyrir sjávarafurðir okkar. Að vísu hefur nokkuð verið gert í því skyni, en framkvæmdirnar hafa verið í molum og allt of litlar, enda gert ráð fyrir í þessu frv., að fiskimálasjóður veiti stuðning við öflun nýrra markaða fyrir sjávarafurðir. Nauðsynlegt er einnig að veita styrk til bátakaupa umfram það, sem stofnlánadeildin og bankarnir veita, því að enda þótt allmargir hafi getað keypt báta undanfarið, er ekki allt hreint eða ljóst með þau kaup, og ganga þrálátar sögur um, að kaupin séu ófullger. Margir hafa eignazt allgóða báta, en í smáþorpunum var ástandið þannig, að menn höfðu ekki fé til að kaupa stóra báta, og ástandið er enn svo, að ekkert gerist til bóta. Ég held, að ástandið sé sums staðar svo alvarlegt, að útgerð leggist alveg niður, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til úrbóta. Þetta vandamál leysist kannske að nokkru vegna verðfalls á allgóðum, notuðum bátum, en þó aldrei að öllu leyti, og tel ég því, að fiskimálasjóður eigi að veita sérstakan styrk til bátakaupa á þessum stöðum.

Þá vil ég benda á, að í frv. felst auk þessa, er áður er talið, tvö önnur nýmæli. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að félögum sé ætlaður forgangsréttur til að fá styrk, þar sem heppilegt er talið, að samvinna sé meðal útgerðarmanna um sjávarútvegsmál. Félögum er aðeins ætlaður forgangsréttur, en með því eru einstaklingar ekki útilokaðir frá því að fá styrk, en Fiskifélag Íslands leiti fyrir sér um félagsstofnanir, áður en

styrkur er veittur. Sé þá ekki vilji fyrir hendi til að stofna slík félög, er heimilt að lána einstaklingum. Loks er ákvæði um, að fiskimálanefnd skuli lögð niður, en fiskifélagið taki forustuna í þeim málum, er hún áður fjallaði um, og að stjórn fiskimálasjóðs sé skipuð 5 mönnum til að ákveða fjárveitingar, er fiskimálanefnd áður stjórnaði og ráðherra hafði úrslitavaldið í. Ég ætla ekki að tefja með lengri framsöguræðu, en leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 816).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Það er ástæða til þess þegar í upphafi að afsaka það, að n. hefur haft þetta mál miklu lengur til meðferðar en venja er um mál. En það stafar einkanlega af því, að n. þótti ástæða til að gera talsverðar breytingar á frv. N. hefur enn fremur reynt að fá till. frá þeim aðilum, sem mest hafa um þessi mál hugsað, og eins og tekið er fram hér í grg., hefur það verið sent ýmsum aðilum til athugunar, og hefur n. nokkuð stuðzt við þessi álit.

Niðurstaða n. var nú sú, að skipta upphaflega frv. og láta löggjöfina aðeins ná til fyrri hluta þess, þ. e. til fyrri hlutans eða fiskimálasjóðs og þeirrar starfsemi, sem sá sjóður hefur haft og mun hafa í framtíðinni. Af þessari ástæðu hefur verið sniðinn aftan af frv. 2. kaflinn og nokkuð af þeim þriðja, en það er sá kaflinn, sem fjallar um leyfi til útgerðar, verkunar, sölu og útflutnings á sjávarafurðum. En eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefur nú fyrir 6—7 árum ríkið eða löggjafarvaldið tekið þetta úr höndum n. og lagt það í hendur ríkisstj., þannig að enginn maður hér á landi má bjóða né selja né heldur flytja út úr landinu neinar slíkar afurðir nema ríkisstj. ein og þeir, sem ríkisstj. hefur gefið heimild til slíks. Ákvæðin, sem gilda um fiskimálan., eru þess vegna, að því er þetta snertir, og hafa verið síðan 1940 eiginlega dauður bókstafur. Nú má vel vera að þetta breytist og ríkisstj. afsali sér eða löggjafarvaldið taki af ríkisstj. þetta vald, sem hún hefur gagnvart þessum útflutningi. En þá er sjálfsagt að setja nýjar reglur ef þess þykir þörf. Þessar breytingar eru nú að lokum ákveðnar á frv. frá hendi n. Að vísu voru tveir hv. nm. ekki viðstaddir, þeir hv. þm. Ísaf. og hv. 2. þm. S-M., þegar gengið var frá því, en þeir hafa unnið mikið með n. að þessu máli, og þeir geta þá gert sínar aths. við þær, ef þær eru einhverjar. Hins vegar átti n. samstarf við flm., hæstv. menntmrh., og sagði hann sig vera eftir atvikum samþykkan þeim breyt., sem meiri hl. n. leggur hér til, að gerðar verði á frv. Ég vænti þess, að hv. meðnm. mínir, hv. þm. Ísaf. og hv. 2. þm. S-M., muni ekki taka það neitt illa upp, þó að það standi á nál. að það sé frá sjútvn. Nd., vegna þess að þeir voru með í öllum undirbúningi n. um brtt. En samt sem áður var það kannske ekki rétt að hafa þetta ekki aðeins frá meiri hl. n., og ég bið afsökunar á því, ef þeir eru óánægðir með þetta.

Ég held, að þessar breyt. þurfi ekki mikilla skýringa við. Í frv. er svo til ætlazt, að ríkissjóður leggi fiskimálasjóði til eina og hálfa millj. kr. á ári í 10 ár. N. hefur nú fært þetta niður í hálfa millj. kr. á ári í 10 ár, og skal ég taka það fram, að mér persónulega, og ef til vill fleirum í n., þótti það kannske fullmikið, þegar það aftur er athugað, að mikil útgjöld hlaðast alltaf á ríkissjóð, og í öðru lagi af því að n. hefur áætlað tekjuvonir sjóðsins verulegar að öðru leyti, m. a. ná nú útgjöldin, sem renna til sjóðsins, til síldarafurðanna, en það hafa þau ekki gert áður, og þessi breyt. er gerð nú, af því að talið er, að ekki sé óarðvænlegra að afla síldar en annarra sjávarafurða. Það er líka meiningin, að fiskimálasjóður standi undir þörf síldveiðanna, ekki síður en annarra greina sjávarútvegsins, bæði hvað snertir síldarleit og markaðsleit. Það er auðvitað ekki síður sjálfsagt að standa undir þörf þeirra, sem gera út skip á síldveiðar, en hinna. En ástæðan til þess, að fram hjá síldveiðum var gengið fram að þessu, þegar sjóðnum voru ákveðnar tekjur, var það, að þá var svo lélegur markaður fyrir síldarafurðir og lítil sala síldar, og þótti því ekki ástæða til þess að taka tillit til síldarinnar. Þetta hefur nú snúizt við, og ekki er meiri eftirsókn á erlendum markaði eftir öðrum vörum okkar en síldarafurðum.

N. hefur raðað hér niður og tilgreint verkefni sjóðsins, og ég vænti þess, að hv. þdm. hafi kynnt sér það. Því er raðað niður þannig: til hafrannsókna, rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum, tilrauna til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum, tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða, markaðsleita fyrir sjávarafurðir og til annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins. Markaðsleitin mun ef til vill verða þarna fjárfrekasta verkefnið.

Það skal tekið fram, að 4. brtt. er ekki nýmæli, þó að hún kunni að koma hv. þdm. nýstárlega fyrir sjónir. Þar er gert ráð fyrir, að úr fiskimálasjóði megi veita lán. Lán þessi eru viðbótarlán, eins og fram kemur í gr., og fiskimálasjóður hefur einmitt veitt þessi lán hingað til. Hann hefur veitt þessi viðbótarlán gegn síðari veðrétti. Okkur nm. sýndist rétt að láta þetta haldast áfram, og það má kannske segja, að það sé ekki óeðlilegt um sjóð, sem er ætlaður til styrktarstarfsemi eins og þessi sjóður er í raun og veru. Þessi sjóður er eingöngu ætlaður til að styrkja rannsóknir og markaðsöflun, þó að hann veiti lán, sem með nokkrum sanni má segja, að séu styrktarlán, sem aðallega eru þó oftast gegn heldur lélegum tryggingum. En þetta hefur verið gert, og mér vitanlega hefur sjóðurinn ekki tapað neinu á þessum viðbótarlánum, og hefur hann þó veitt þau gegn 2. veðrétti allt upp í 80% af kostnaðarverði þess, sem hann hefur lánað til. Hér er nú talað um að fara upp í 85%, sem er nokkru hærra, og liggur það vitanlega undir mati hv. þm., hvort þeir fallast á það. En sá ljóður er að sjálfsögðu á þessu, að það, sem lánað er til, er nú sem stendur í ákaflega háu verði, og mundi kannske með nokkrum sanni mega segja, að hér sé lánað upp í allt að 100%, ef skynsamleg afskrift kæmi til greina. En eins og ég tók fram áðan, þá hefur sjóðurinn oft lánað, en þau lán hafa verið endurgreidd og hafa oft

orðið til þess að hjálpa mönnum mikið og heilum byggðarlögum og hafa því í raun og veru verið til hagsbóta fyrir þjóðfélagið í heild. Og ég vil taka það fram hér, að þessi starfsemi sjóðsins hefur á engan hátt komið að sök hingað til, því að það hefur aldrei orðið tap á þessum lánum.

Samkvæmt frv. þessu sjá menn, að það er ætlazt til þess, að fiskimálan. verði nú stjórn fiskimálasjóðs og í þeirri stjórn verði fjölgað úr 3 mönnum í 5 menn og enn fremur að breytt verði þannig til, að Alþ. kjósi nm., en áður hefur ríkisstj. skipað þá. Ég skal taka það fram, að mér hefur verið bent á, að í frv. þessu er ekki talað um varamenn í stjórn sjóðsins, og ég held, að það sé rétt og sjálfsagt sé að gera það. En það verður hægt að koma þeirri breyt. inn í gr. fyrir 3. umr.

Ég vildi svo að lokum, um leið og ég óska, að málinu verði vísað til 3. umr., bera fram þá ósk við hæstv. forseta, að hann taki málið eins fljótt og hægt er á dagskrá aftur, því að það er ætlazt til þess, að málið fái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Sú ákvörðun er tekin af n. í samráði við hæstv. ríkisstj.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að fara fram á það, ef hæstv. forseti sæi sér það fært, að fresta umr. þessa máls nú um einn dag eða svo. Eins og fram kemur í nál., þá var ég ekki viðstaddur við afgreiðslu málsins í n., þegar endanlega var gengið frá því, og mér hefur ekki unnizt tími til þess að fara svo í gegnum brtt. sem skyldi, en þó þykist ég sjá það strax, að þær séu þannig, að óhjákvæmilegt sé að breyta þeim nokkuð, því að þær breyt. gera ráð fyrir að fella niður svo og svo mikið af gildandi lagaákvæðum, sem ég álít, að ekki hafi vakað fyrir meiri hl. n. að fella niður, án þess að nokkuð komi í staðinn.

Ég vil mælast til þess, að hæstv. forseti fresti umr. þessa frv. í það minnsta til morguns til þess m. a., að mér gefist kostur á að athuga málið betur. Í trausti þess ætla ég ekki að ræða nál. frekar að sinni.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins benda hv. 2. þm. S-M. á það, hvort hann sjái sér ekki fært að gera þær aths. og koma fram með brtt., sem hann kynni að vilja gera, fyrir 3. umr., þó að málið fari nú til 3. umr. Það mundi flýta fyrir málinu. Hins vegar held ég, að það mundi ekki spilla fyrir samþykkt brtt., þó að þær kæmu ekki fyrr en við 3. umr. Og ég mun sjá til þess að koma n. saman til þess að ræða þar hans brtt., ef hann kæmi með þær.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég geri það ekki að kappsmáli að fresta þessari umr. En mér finnst eðlilegra og meira til öryggis um, að vel sé gengið frá málinu, að þær brtt., sem fram kunna að koma, komi fram við 2. umr. Ég hef ekki óskað þess áður, að þetta mál væri dregið, en mér finnst það ekki gera svo mikið til, þó að það yrði dregið nú um einn einasta dag að afgreiða það. Margir munu hafa búizt við því, að þetta yrði ekki tekið nú til umr.

Ég hef verið fjarverandi og var ekki við, þegar endanlega var gengið frá málinu, og vildi ég þess vegna mjög gjarnan fá tækifæri til þess að athuga það nánar.

Forseti (GÞ): Þetta er 8. málið, sem lagt hefur verið fyrir þetta þing. En ég vildi spyrja hv. frsm. að því, hvort ekki væri hægt að ganga þá millileið, að brtt. allar verði teknar aftur til 3. umr. og n. athugaði brtt. á milli 2. og 3. umr., og þá býst ég við, að vilja hv. 2. þm. S-M. væri fullnægt.

ATKVGR.
Brtt. 816 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17:1 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 17:1 atkv.
8.—16. gr. samþ. með 17:1 atkv.
17.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 128. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 129. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 8, 816, 843).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 843,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 816,1, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
— 843,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 816,2, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
— 816,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 816,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 816,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 816,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 816,7 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 816,8 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 816,9 tekin aftur.
— 816,10 samþ. án atkvgr.
— 816,11 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um fiskimálasjóð.

Á 134. fundi í Ed., 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 865).

Á 136. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 865, n. 976).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mál þetta hefur verið til athugunar í sjútvn. Fjórir nm. hafa lagt til, að málið yrði afgr. með nokkrum breyt., en einn nm., hv. 6. landsk., hefur viljað láta undirbúa málið nánar, og mun hann gera grein fyrir sínum fyrirvara. Þetta frv. kemur í staðinn fyrir l. um fiskimálan., og falla úr gildi m. a. ýmis ákv. önnur í sambandi við fiskframleiðsluna. Sú breyt.,

sem sjútvn. þessarar hv. d. vill gera á frv., er við 2. gr. 3. tölulið. Þar stendur, að árlegt framlag úr ríkissjóði skuli þó eigi vera undir 500 þús. kr. á næstu 10 árum eftir gildistöku þessara l. Fiskimálasjóður mun með þessum l. töluvert auka tekjur sínar. Hann mun fá útflutningsgjald af sjávarafurðum, öðrum en saltsíld, er nemi ½% af verðmæti þeirra, miðað við fob.-verð. Munar þetta töluvert miklu fyrir sjóðinn. Hins vegar eru verkefni sjóðsins mikil, eins og sjá má á 4. gr. Þess vegna þykir rétt að heimila ríkisstj. að veita til sjóðsins, eftir því sem veitt er á fjárl., allt að einni millj. kr. á ári. Hv. þm. N-Þ. hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir því. Ég mun svo ekki ræða nánar um þetta. Ég vil geta þess, að raunverulega hefur verið um þetta samkomulag við Nd., svo að málinu er tryggður framgangur, þótt þessi breyt. verði samþ. Vænti ég svo, að hv. d. samþykki frv. með þeirri breyt., sem n. leggur til.

Björn Kristjánsson: Eins og frsm. n. gat um og nál. ber með sér, skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Og eins og hann gat um, er þessi fyrirvari viðvíkjandi brtt. á þskj. 976 um það, að í staðinn fyrir, að í frv. er ákveðið lágmarksframlag ríkissjóðs til fiskimálasjóðs 500 þús. kr., leggur meiri hl. til, að það verði allt að einni milljón. Hér er um heimild að ræða, en ekki skyldu. Mér finnst aftur á móti, að það þurfi að tryggja sjóðnum árlegar tekjur, og fellst á, að 500 þús. kr. séu hæfileg upphæð. Mér er að vísu ljóst, að samkv. breyt., sem gerð er á útflutningsgjaldi sjávarafurða, fær hann auknar tekjur, því að síld er gjaldskyld til sjóðsins. En þar sem þessi sjóður hefur svo feiklega mörg og stór verkefni, held ég honum veiti ekki af því, þó að honum væri líka tryggð þessi hálfa milljón úr ríkissjóði, og er þess vegna á móti brtt. n. Hins vegar mun ég, þó að sú brtt. verði samþ., greiða atkv. með frv. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta og læt máli mínu lokið.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja afgreiðslu þessa frv. með löngu máli, en aðeins gera grein fyrir, hvers vegna ég hef þá afstöðu til málsins, sem nál. á þskj. 976 ber með sér, að óska eftir, að afgreiðslu málsins verði frestað og það látið fá ítrekari undirbúning. Er það fyrst og fremst af því, að mér er kunnugt, að núverandi sjútvmrh. hefur fyrir nokkru skipað n. manna til þess að athuga alveg sérstaklega og gera till. um, á hvern hátt yrði haganlegast fyrir komið stjórn þeirra mála, sem frv. þetta fjallar um. Og þar sem þessi n. hefur enn ekki lokið störfum, tel ég æskilegt að bíða með afgreiðslu málsins, þar til till. n. lægju fyrir. Nú var upplýst í sjútvn., að vera mundi nokkur ágreiningur meðal nm. um það, á hvern hátt ætti að skipa þessum málum. Einmitt vegna þessa ágreinings meðal þeirra, sem eru kunnugir málinu, tel ég enn frekari ástæðu til að hraða málinu ekki svo mjög sem hér á að gera. Ég sé ekki heldur neina hættu fyrir þann atvinnuveg, sem þetta varðar sérstaklega, þótt skipulagsbreyt. yrði frestað til næsta þings, en stjórninni falið að halda í sama horfi og verið hefur. En ekki hefur orðið neitt samkomulag um þetta, heldur er því haldið fast fram af stuðningsflokkum stjórnarinnar, að málið fengi þegar afgreiðslu á þann hátt, sem hér er lagt til.

Ég vil einnig taka fram, að ég er sömu skoðunar og hv. þm. N-Þ., að sú breyt., sem lagt er til að gera á 2. gr. frv., sé til hins lakara. Ég hefði talið miklu ákjósanlegra, að þeirri starfsemi, sem hér um ræðir, að fiskimálasjóður standi straum af, væri algerlega tryggð lágmarksupphæð sú, sem í frv. stendur. Ég tel lakara að eiga undir geðþótta fjárveitingavaldsins hverju sinni, að hve miklu leyti heimildin fyrir einni milljón, sem nefnd er, sé notuð. Ef þetta ákvæði er sett í frv., er kannske engin skylda að leggja neitt fé, a. m. k. getur það verið svo lítið sem verkast vill. Ég mun því greiða atkv. móti þessari brtt., þó að ég hafi ekki séð ástæðu til að vera að flytja frávísunartill. um málið í heild sinni, eins og því er komið.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. 6. landsk. og hv. þm. N-Þ. í sambandi við fyrri brtt. á þskj. 976 get ég ekki fallizt á þau rök, sem hafa verið borin fram frá þeirra hendi, bæði í d. og eins í n. Það er alveg jafnmikið undir fjárveitingavaldinu komið á hverjum tíma, hvort orðalagið sem viðhaft er. Ef fjárhagurinn er þannig, að ekki er hægt að láta þessar 500 þús. kr., sem á að gera samkv. 3. tölul. 2. gr. á þskj. 865, þá hefur fjárveitingavaldið nákvæmlega sama vald til að breyta sjálfum l. Ég hef alltaf talið það mjög hæpið að binda í lögum stórar upphæðir, hvort sem fé er fyrir hendi eða ekki í ríkisféhirzlunni, nema því aðeins, að séð sé fyrir því samtímis, hvernig féð eigi að koma, eins og gert er í 2. lið. Það er alveg ákveðinn tekjustofn, og gjaldið skal renna inn, hvernig sem fjárhagur ríkisins er að öðru leyti. Hitt er bara dauður bókstafur að ákveða, að ríkið geri eitthvað, hvort sem það getur það eða ekki. Valdið liggur hjá þinginu að gera þetta, ef nauðsyn krefur, áður en fjárlög eru gefin út. Enda kom fram hjá hv. þm., að alltaf mætti setja „bandorma" aftan í, ef nauðsyn krefði. Ég legg því til, að breyt. þessi verði gerð. Það er bezt, að vilji þingsins sjáist fyrir því, að leggja skuli fram ekki aðeins 500 þúsundir, heldur eina milljón, ef möguleikar eru fyrir á hverjum tíma í ríkisféhirzlunni.

Ég gleymdi að geta þess, að 2. brtt. er bráðabirgðaákvæði. Er þar gert ráð fyrir, að kosning gildi til ársloka 1950. Er þetta gert samkv. leiðbeiningu skrifstofustjóra Alþingis.

Björn Kristjánsson: Hv. frsm. sagði, að hægt væri að breyta þessum l. og fella niður þetta tillag, þó að það sé sett inn í lögin nú. Rétt er það, að Alþ. hefur á hverjum tíma rétt til að breyta hvaða l. sem er. En hinu verður ekki neitað, að það liggur ekki eins laust fyrir að lækka tillagið, ef upphæðin stendur í l. Meðan hún stendur í l., er það skylda að leggja hana fram. Hv. frsm. sagði, að ég hefði haldið því mjög fram í n., að alltaf væri hægt að setja „bandorm". Ég vil ekki kannast við, að ég hafi haldið því mjög fram. Þá sagði hann, að ekkert vit væri að binda ríkissjóði þennan bagga án þess að sjá fyrir tekjum á móti. Ég viðurkenni það sjónarmið. En ég vil halda fram, að það sé búið að gera þetta svo oft, að það muni minnstu um þessar 500 þús. kr. til svo þýðingarmikils málefnis. Út frá þessu var það, að ég skaut því fram í n., að

ef eitthvert neyðarárferði væri fjárhagslega séð, væri alltaf möguleiki til að gera þetta. En ekki hélt ég þessu mjög fram. Þegar hin mikla fjárhagskreppa gekk yfir eftir 1930, voru sett ákvæði í sérstökum l. um að fella niður skyldu ríkissjóðs til ýmissa framkvæmda, til byggingar- og landnámssjóðs o. fl. Það geta alltaf komið þeir tímar, að þetta sé óhjákvæmilegt, engin ráð til að fullnægja kröfum um greiðslur ríkissjóðs samkv. l. En það verður ekki gert nema á mjög alvarlegum tímum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 976,1 samþ. með 8:3 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 976,2 (bráðabirgðaákvæði) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 144. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 984).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 142. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1015).

---

89. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands.

Á 39. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (þmfrv., A. 231).

Á 41. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 231, um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, er flutt af meiri hl. fjhn. Eins og hv. d. sér, er mál þetta gamall gestur og hefur verið flutt allt frá því 1928, þó með nokkrum breyt. og þá sérstaklega frá 1944. Grg., sem fylgir þessu frv., er mjög stutt, en skýr og augljós öllum. Hvað efnishlið málsins snertir, þá er það þannig með þetta fyrirtæki, að öllu því, sem því hefur áskotnazt, er raunar aftur varið til samgöngumála. Félagið hefur alltaf leitazt við að fara svo eftir óskum og þörfum þjóðarinnar í einu og öllu sem frekast hefur verið kostur. Eins og ég tók fram áðan og frv. ber með sér, er það flutt af meiri hl. fjhn., en aðrir nm. munu auðvitað við síðari umr. eða þegar n. tekur þetta frekar til athugunar, koma fram með sína grg. eða álit.

Að svo komnu máli álít ég ekki þörf á að hafa lengri framsögu með þessu frv., en mælist til að það gangi sína leið til 2. umr. og eins og leið liggur til afgreiðslu hjá hv. d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil beina því til hæstv. forseta, að mér hefði fundizt vel við eiga, að þessu máli verði frestað. Það er að vísu komið frá meiri hl. n., en ekkert nál. hefur komið frá minni hl., og er því ekki eðlilegt að afgreiða það, fyrr en það er komið fram.

Forseti (BG): Ég mun verða við ósk hv. 1. þm. S-M. um að fresta umr. um mál þetta.

Umr. frestað.
Á 49., 50., 52. og 54. fundi í Nd., 8., 9., 13. og 15. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 126. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. þetta, sem flutt er af meiri hl. fjhn., er um það að framlengja til ársloka 1948 þau lög, sem í gildi hafa verið um alllangan tíma um skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands. Síðan þetta frv. var til 1. umr. hefur það ekki verið athugað nánar í fjhn. Ég hafði hugsað mér að hreyfa brtt. við frv., en þar sem það hefur ekki verið rætt frekar í n., þá mun ég flytja skrifl. brtt., með leyfi hæstv. forseta: Við 1. gr. bætist ný málsgr. svo hljóðandi: Ákvæði laga þessara um skatt- og útsvarsgreiðslu skulu einnig gilda fyrir útgerð flutningaskipa í eigu Sambands íslenzkra samvinnufélaga eða sambandsfélaga þess, enda verði útgerð skipanna reikningslega aðgreind frá öðrum rekstri félaganna. Við fyrirsögn frv. bætist: o. fl. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur Samband ísl. samvinnufélaga fest kaup á skipi, sem verða mun eitt stærsta skipið í ísl. skipaflotanum, og hefur félagið í hyggju að eignast fleiri skip. Þetta er alþjóðarfélagsskapur á sama hátt og Eimskipafélagið og því ekki nema sanngjarnt, að eins verði hagað til um skattgreiðslu hjá báðum félögunum.
Ég vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á þetta, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessar brtt. mínar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 818) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Hallgrímur Benediktsson): Herra forseti. Ég vildi segja hér nokkur orð í sambandi við brtt. þá, sem hv. þm. V-Húnv. bar hér fram skriflega, vegna þess skattfrelsis, sem Eimskipafélagið hefur notið. Mér skildist, að hv. þm. vildi rugla hér saman skipum samvinnufélaganna, sem þó er ekki nema eitt, og virðist mér það horfa allt öðruvísi við. Ég vildi leyfa mér að víkja nokkrum orðum að því, hvernig þessu hefur verið háttað frá byrjun. Eimskipafélagið hefur notið frá 4. júní 1924 undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatts. Þetta gilti til ársins 1928, en síðan hefur þessi undanþága alltaf verið framlengd. Í maí 1928 var félagið þegið undan skattgreiðslu árin 1929—1930 gegn því, að það greiddi ekki hærri arð til hluthafa en 4% á sama tíma og að það veitti samkv. úthlutun menntamálaráðs 60 mönnum á ári hverju ókeypis far til útlanda og heim aftur. M. ö. o. þessi kvöð, að ekki mætti greiða hærri arð en 4% til hluthafa er frá árinu 1928. Allir flokkar hafa verið sammála um að framlengja þessar skattaívilnanir, sem félagið hefur notið.

Eins og kunnugt er, á félagið að greiða í stað útsvars 5% af nettóágóða, þar sem það hefur aðalaðsetur sitt. Tala hluthafa er tæp 14000 og öll hlutafjárupphæðin nemur 1680750 kr., þar af eiga Vestur-Íslendingar 66 þús. kr. en ríkissjóður 100 þús. kr.

Um leið og stríðið hætti, hóf Eimskipafélagið siglingar til allra þeirra landa, sem áður var sigit til, Norðurlandanna, Englands, Belgíu, Frakklands, Rússlands og Ameríku, en þangað hafa skip félagsins sigit öll stríðsárin. Samvinna félagsins við hið opinbera hefur alltaf verið góð, og vegna hlutafjáreignar ríkissjóðs á ríkið 1 mann í stjórn félagsins og auk þess einn endurskoðanda. Félagið hefur annazt strandferðirnar að miklu leyti síðan árið 1916, en hefur löngum tapað á þeim. Þó hefur það hagnazt um það bil 30 millj. kr., og hefur því fé verið varið til þess að bæta skipakostinn og samgöngurnar yfirleitt. Matvörur, fóðurvörur og áburð hefur félagið flutt fyrir svo lágt verð, að það hefur valdið því milljónatapi.

Í framhaldi af þessu lauslega yfirliti má geta þess, að viðkomustöðum skipa félagsins fer sífellt fjölgandi. Árið 1945 voru þeir 232, en árið 1946 voru þeir 321. Ég þarf ekki að taka það fram, að það hefur verið ákaflega mikið magn, sem flutt hefur verið með skipum félagsins.

Það, sem ég vildi benda á í sambandi við till. hv. þm. V-Húnv., er það, að á þessu stigi málsins býst ég varla við, að Samband ísl. samvinnufélaga vilji taka á sig þær kvaðir að binda sitt eina skip við 2—3 hafnir í ferð. Og ég býst tæplega við, að fyrir hendi sé yfirlýsing frá samvinnufélögunum um þetta efni né hitt, að ekki megi borga nema ákveðinn arð til hlutafjáreigenda. Það er skoðun mín, að ef samvinnufélögin á þessu stigi málsins fara fram á skattfrelsi vegna þessa eina skips síns og þeim verður veitt það, þá er hætt við, að fleiri komi á eftir og heimti slíkt hið sama, auk þess sem — eins og ég hef áður sýnt fram á — Eimskipafélagið hefur tekið á sig svo miklar kvaðir gegn þessum skattaívilnunum, að ég sé ekki, að hægt væri að leggja þær á þetta eina skip samvinnufélaganna. Ég vildi bæta því hér við í sambandi við rekstur Eimskipafélagsins, að það hafði um skeið nokkurn framkvæmdastyrk, en hann kom ekkert upp í kostnaðinn, svo að hann var felldur niður. Það hefur heldur ekki verið farið fram á strandferðastyrk, þó að félagið stórtapaði á siglingum sínum til hinna smærri hafna úti um land, en það hefur alltaf verið áhugamál félagsins að vera landsmönnum að sem mestu liði og efla samgöngurnar einnig til hinna afskekktu hafna, og mér er óhætt að fullyrða, að það er áhugi og vilji félagsins að hafa sem nánasta samvinnu við alla aðila um samgöngur og samgöngubætur.

Ég vildi beina þeirri spurningu til hv. þm. V-Húnv., hvort hann vilji ekki taka till. sínar aftur við 3. umr. Ég vona, að 2. umr. sé þá lokið, því að ég tek þessar till. hv. þm. alls ekki svo, að hann sé á móti skattfrelsi Eimskipafélagsins, og vona ég, að hann sjái, að till. hans geta ekki komið til mála á þessu stigi málsins.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur nú gefið margar upplýsingar varðandi Eimskipafélagið fyrr og síðar, og er honum vitanlega mjög kunnugt um það, þar sem hann hefur lengi átt sæti í stjórn félagsins. Mér heyrist á hv. þm., að hann vilji ekki á það fallast að svo stöddu, að skip samvinnufélaganna njóti sömu kjara og skip Eimskipafélagsins, og taldi hann mikið um þær kvaðir, sem hvíldu á Eimskipafélaginu. Það er að sjálfsögðu rétt, að félagið hefur ýmsar kvaðir, en ég hef þó ekki orðið var við, að félagið hafi tekið upp áætlunarferðir til hinna smærri hafna. Á margar hafnirnar koma skipin mjög sjaldan, og vörur, sem þangað eiga að fara, liggja tímunum saman í pakkhúsinu í Reykjavík og bíða flutnings. Hv. þm. sagði, að Samband ísl. samvinnufélaga hefði aðeins þetta eina, stóra skip. Ég vil benda á það, að t. d. eitt af kaupfélögunum, Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri, á a. m. k. eitt flutningaskip, sem sömu reglur ættu að gilda um og um skip sambandsins eiga að gilda eftir minni till. Það liggur í hlutarins eðli, að meðan sambandið á svo fá skip, getur það ekki haldið uppi siglingum á borð við Eimskipafélagið, en þetta breytir því ekki, að það er í alla staði eðlilegt, að sömu reglur gildi um skattgreiðslu þessara fyrirtækja. Í báðum þessum tilfellum er um alþjóðarfélagsskap að ræða, því að eins og hv. 3. þm. Reykv. er kunnugt, starfa kaupfélög svo að segja á hverri höfn, og er því þar ekki síður um alþjóðarfélagsskap að ræða en Eimskipafélagið. Það virðast því öll rök hníga að því, að eðlilegt sé, að útgerð þessara félagssamtaka njóti sömu kjara og Eimskipafélagið. Þá var hv. þm. að tala um það, að heppilegra væri, að ég tæki till. mína aftur til 3. umr. Út af fyrir sig get ég ekki séð, að það geti haft mikla þýðingu, nema svo færi, að einhverjar líkur væru til þess, að hv. þm. vildu frekar á það sjónarmið fallast, sem fram kemur í till., ef málið fengi athugun í n., sem við eigum sæti í. — Hv. þm. sagði, að þetta mál hefði oft verið tekið af dagskrá. Ég held, að það hafi ekki verið gert eftir minni beiðni, og efast um, að það flýti nokkuð fyrir málinu, þótt till. mín verði látin bíða til 3. umr., því að eins og nú er háttað í d., finnst mér vafamál, að hægt verði að koma málinu áleiðis til 3. umr. Hvort svo verð-

ur eða ekki, gæti það komið til athugunar, að till. væri tekin aftur til 3. umr., ef líkur væru til, að það hefði einhverja þýðingu fyrir afgreiðslu málsins.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins, áður en þetta mál er afgr. í d., skýra frá því, að öll þau skilyrði, sem sett voru, þegar þessi l. eða tilsvarandi voru samþ. hér fyrir 2 árum, hafa verið uppfyllt að svo miklu leyti sem ég hef getað fylgzt með. Eins og hv. 3. þm. Reykv. minntist á, hefur verið samin sérstök skrá yfir hluthafa Eimskipafélagsins og hlutafjáreign hvers þeirra, sem eiga yfir þúsund krónur, með þeim árangri, sem hann lýsti. Það hefur komið mjög greinilega í ljós, að hlutafjáreignin er ákaflega dreifð og virðist ekki vera á neins eins manns eða fyrirtækis hendi. Vil ég láta þetta koma fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls hér. Ég hef áður verið því samþykkur og er eins eindregið með því nú, að þessi skattaundanþága verði veitt, og vænti þess, að hv. d. samþykki málið nú eins og áður. Hvað viðvíkur þeirri brtt., sem hér hefur verið lögð fram skriflega, tel ég hana þess eðlis, að heppilegra væri, að hún væri athuguð í næði, t. d. hvort hún gæti ekki haft í för með sér fordæmi fyrir fleiri skipafélög en það, sem í till. greinir, og kæmi hér ýmislegt annað til greina, sem rétt væri að athuga, áður en till. væri borin undir atkv. Hef ég vissa tilhneigingu til að vera með henni, ef ekkert það kæmi fram við athugun, sem benti í þá átt, að samþ. hennar mundi draga einhvern óheppilegan dilk á eftir sér, en tel rétt, að n. fái hana til athugunar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Út af þeim orðum, sem síðast féllu í ræðu hæstv. samgmrh., skal ég taka það fram, að ef til þess kæmi, að mál þetta komi undir atkv. í dag í d., mun ég taka till. mína aftur til 3. umr., þannig að hún geti legið prentuð fyrir, þegar hún kemur undir atkv., í þeirri von, að hæstv. ráðh., samkvæmt því sem orð féllu frá honum, vildi taka málið til nánari athugunar.

ATKVGR.
Brtt. 818 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, PÞ, SB, SK, SkG, StJSt, StgrSt, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GÞG, HÁ, HB.

KTh, SG, HermG greiddu ekki atkv.

17 þm. (JóhH, JPálm, JJ, JörB, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SEH, ÁkJ, ÁÁ, EOl, GSv, GTh, HelgJ, IngJ, BG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Ég vil, að málið komist til 3. umr., og segi því já.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 231, 818).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 818 samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, JörB, KTh, PÞ, SigfS, SkG, StgrSt, ÁkJ.

nei: GTh, HB, IngJ, JóhH, JPálm, ÓTh, SB, SEH, SK, GÞ.

GSv, HermG, JS, LJós, PO, SG, StJSt greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁÁ, EmJ, FJ, HelgJ, JJ, BG) fjarstaddir.

Við nafnakallið gerðu svo grein fyrir atkv.:

Einar Olgeirsson: Ég er ekki samþykkur því frv., sem hér liggur fyrir. Ef því sú brtt., sem hér liggur fyrir, verður samþ., mun ég ekki síður greiða atkv. á móti því sem heild. En ef frv. verður samþ., álít ég rétt, að útgerð Sambands ísl. samvinnufélaga fylgi með í þessu skattfrelsi, sem hér er um að ræða, og segi því já.

Ólafur Thors: Ég álít, að þessi brtt., ef samþ. verður, hljóti að leiða til þess, að það skattfrelsi, sem samvinnufélögum hefur nú verið gefið, verði tekið til algerrar athugunar. Það getur verið, að það verði gert hvort sem er. En þetta yrði til þess að gera þá athugun aðkallandi nauðsyn. Ég hygg, að það væri því ekki greiði fyrir samvinnufélögin að samþykkja þessa brtt., og segi því nei.

Sigfús Sigurhjartarson: Með tilvísun til grg. hv. 2. þm. Reykv. segi ég já.

Sigurður Kristjánsson: Ef þessi brtt. verður samþ., þá mun ég að sjálfsögðu greiða atkv. á móti frv. Og ég leyfi mér að gera grein fyrir því nú þegar, að ef þann hátt á nú að hafa í sambandi við þetta mál sem er eðlilegt mál, að veita Eimskipafélaginu þetta skattfrelsi gegn öðrum kvöðum, sem á það eru lagðar af ríkinu — ef þann hátt á nú að hafa hér að hnýta við þetta mál öðru alveg óskyldu máli, þá mun verða þar hnýtt aftan í heilli lest af málum um að fella niður skattgreiðslur annarra félaga, sem rekin eru í gróðaskyni, sem sagt algerlega óskyldum málum því, sem liggur fyrir, og slíkt hlyti að horfa til stórvandræða. Ég segi því nei.

Skúli Guðmundsson: Það gegnir allt öðru máli um þennan rekstur S. Í. S. en þann, sem rekinn er í gróðaskyni, því að ágóða af rekstri þeirra skipa, sem þetta félag rekur, er skipt milli allra félaganna, sem eru í þessu eina félagi. Ég segi því já.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það er ekki rannsakað mál, hvort þetta gæfi ekki fordæmi gagnvart fleiri félögum, ef þessi brtt. væri samþ.

Ég greiði ekki atkv. um málið, eins og það liggur fyrir.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 132. fundi í Ed., 14. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 829).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 142. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 829, n. 961).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Frsm. (Pétur Magnússon): Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og sjá má á nál. á þskj. 961, hefur hún ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Einn nm., hv. 4. landsk. þm., vill, að frv. verði felt, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Hinir 4 eru sammála um að leggja til, að frv. nái fram að ganga, en með þeirri breyt., að síðari málsgr. 1. gr. frv. falli niður.

Frv. er þannig til komið, að síðan 1928 hefur Eimskipafélag Íslands notið skattaívilnana, en frá 1933 var félagið undanþegið tekju- og eignaskatti og hefur ekki greitt útsvar eftir efnum og ástæðum, heldur aðeins 5% af nettótekjum. L. þessi voru upphaflega til tveggja ára, og síðan hafa þau ætíð verið framlengd og ávallt til tveggja ára. Þau runnu út um s. l. áramót, og er þetta frv. til að framlengja þessa ívilnun um næstu 2 ár. Eins og öllum þingheimi er kunnugt, hefur Eimskipafélag Íslands á s. l. ári gert samning um smíði 6 flutningaskipa og nú fyrir skemmstu fest kaup á flutningaskipi frá Ameríku. Þess vegna er því nú, þó að fjárhagur þess megi teljast góður, þörf á miklu fé, því að öll þessi skip eru nú á tímum mjög dýr, og er hætt við, að sjóðir félagsins tæmist, áður en öll þessi skip hafa verið greidd að fullu. Nokkrar kvaðir eru svo á félaginu í sambandi við þessar skattaívilnanir, og er þá fyrst, að það skal veita árlega 60 mönnum ókeypis far til útlanda, og má nú vissulega segja, að það sé ekki þung kvöð, en hitt er aftur þyngra, að það skal halda uppi siglingum á hafnir víðsvegar um landið, sem að öðrum kosti fengju ekki vöruflutninga nema með miklum fjárveitingum úr ríkissjóði. (PZ: Hefur Eimskipafélagið sinnt þessu nú undanfarið?) Já, hv. þm. veit, að það hefur annast vöruflutninga til fjölda hafna og ekki hlíft sér í samgöngumálum innanlands. Þá er einnig á það að líta, að fjöldi manna á hlut í því, og var það þó enn meira í öndverðu, og félagið því fyrst og fremst rekið með hagsmuni almennings fyrir augum, en ekki sem gróðafyrirtæki, enda væri rekstri félagsins þá hagað á annan hátt. Ég býst því við, að flestir muni fallast á það, að ástæða sé til skattaívilnana, ekki síður nú en undanfarin 20 ár. Um brtt. er það að segja, að n. vill að svo stöddu ekki taka afstöðu til þess, hvort rétt sé að veita öðrum aðilum svipuð hlunnindi, ef þeir halda uppi samgöngum milli landa eða á hafnir innanlands, en meiri hl. er sammála um það, að ekki sé rétt að blanda því saman við skattfrelsi Eimskipafélags Íslands. Ef sú skoðun verður ofan á, að veita beri útgerð samvinnufélaganna skattfrelsi, þá er eðlilegt, að það sé gert með sérstökum l., en ef almenn l. yrðu um þetta samin, er eðlilegt, að Eimskipafélag Íslands félli þá undir þau ákvæði. Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Þetta er mál, sem hv. þm. kannast vel við, þar sem það hefur verið til umr. annað hvert ár nú síðustu 20 árin, vil aðeins endurtaka það, að meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, að því er snertir Eimskipafélag Íslands.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum, þegar ég sá þetta nál., því að fjhn. leggur til, að till. sú, sem samþ. var í Nd., yrði felld niður. Eins og kunnugt er, er skipaútgerð samvinnufélaganna nýstofnuð og á því við ýmsa byrjunarörðugleika að stríða. Hún hefur keypt dýrt skip, og nú á tímum er allur kostnaður við skipakaupin miklu hærri en áður. Þess vegna hlýtur þetta félag að eiga við mikla byrjunarörðugleika að etja og því nauðsynlegt að fá ívilnanir frá skatt- og útsvarsgreiðslu. Hér er því um sanngirniskröfu að ræða, ekki síður en með Eimskipafélag Íslands, og þær ástæður, sem færðar eru fram fyrir Eimskipafélag Íslands, að rétt sé að láta það njóta ívilnana, eru ekki síður fyrir hendi um þetta félag. Eimskipafélag Íslands var stofnað með óvenjulegri þátttöku og áhuga almennings, og landsmenn lögðu fram til þess ríflegt fé miðað við þá tíma. En þetta sama gildir um þetta nýja félag samvinnufélaganna. Í samvinnufélögunum er mikill hluti þjóðarinnar, og þeir, sem skipta við kaupfélögin, skipta tugum þúsunda, þeir eru í öllum héruðum, kauptúnum og kaupstöðum landsins, og allt þetta fólk hefur tekið þátt í þeirri áhættu, sem þessum skipakaupum var samfara. Þar sem um svona mikið fjölmenni er að ræða, má segja um þetta félag eins og Eimskipafélag Íslands, að það sé félag landsmanna. Það er ekki félag neinna stétta eða manna, heldur eign manna úr flestum stéttum víðs vegar á landinu. Þetta liti allt öðruvísi út, ef félagið væri stofnað í gróðaskyni, en því fer svo fjarri, þetta félag er eingöngu stofnað til þess að greiða fyrir flutningum til hinna dreifðu byggða á landinu. En á því er mikill misbrestur, að Eimskipafélag Íslands sjái fyrir því sem skyldi eða sjái á nokkurn hátt svo fyrir flutningaþörf landsmanna, sem nauðsyn er til. Er það varla ofmæli, að mjög strjál sigling sé á margar hafnir hinar smærri, og má kalla gott, ef komið er á hinar beztu hafnir einu sinni í mánuði. Þegar komið var til Reykjavíkur á stríðsárunum, mátti sjá skip Eimskipafélags Íslands, bæði leiguskipin og Fossana, liggja hér í höfninni, jafnvel vikum saman, vegna þess, hve herinn tók mikið pláss í höfninni. Þá hefði óneitanlega verið hagur að því að láta a. m. k. Fossana sigla til annarra hafna úti á landi, þar sem þeir hefðu fengið fljóta afgreiðslu. Því þótti öðrum landshlutum það ekki gera nægilega mikið til þess að greiða fyrir flutningum út á landið, og ekki hvað síst af því, að Eimskipafélag Íslands var nú einmitt stofnað til þess að greiða fyrir flutningum út um landið. En ég neita því ekki, að Eimskipafélag Íslands hefur margar afsakanir, og ég er mjög vinveittur því og átti hlut í því, þó að lítill væri, og veit vel, hversu mikla þýðingu það hefur haft fyrir landið, að þetta félag var til í báðum styrjöldunum, og þó að ég sé óánægður með till. n., mun ég greiða frv. atkvæði, þó að till. n. verði samþ., svo að það er ekki af óvild í garð Eimskipafélags Íslands, að ég felli mig ekki við þessa till. n. í máli skipaútgerðar samvinnufélaganna.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið sammála meðnm. mínum í þessu máli, því að ég tel enga þörf á að veita Eimskipafélaginu

styrk. Auk þess tel ég, ef farið verður inn á þá braut, þá sé engu síður ástæða til að veita hinu nýja félagi S. Í. S. sams konar styrk. Ég mun því greiða atkv. á móti till. meiri hl.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það mun flestum kunnugt, sem sæti eiga í þessari d., að ég hef alltaf verið á móti sérréttindum fyrir Eimskipafélagið og tel í hæsta máta frekju að fara fram á slíkt nú. Því er borið við, að félagið hafi svo mikinn kostnað í sambandi við strandferðir hér, en þó munu börn 6 til 7 ára, sem eiga heima meðfram ströndum eða á fjörðunum fyrir austan, alls ekki hafa séð skip frá Eimskipafélaginu. Og hafi það komið fyrir, að það hefur látið flytja eitthvað að austan, þá hefur flutningskostnaðurinn verið svo mikill, að t. d. kartöflur hafa étið upp verðið sitt í flutningsgjald. Sömuleiðis flutti það kjöt að austan, og flutningsgjaldið á því var 40 aurar á kg. Svona er nú starfsemi þessa góðgerðarfélags, sem sumir kalla. Nei, það eru til margs konar öfugmæli. Eimskipafélagið er fyrst og fremst gróðafélag, sem lætur sér litlu skipta hag þjóðarinnar. Það sást bezt, þegar það notaði aðstöðu sína eftir mætti til þess að auka dýrtíðina bæði með leyfilegum og óleyfilegum ráðum. Nei, það er svo fjarlægt, sem það getur verið, að þetta félag beri hag þjóðarinnar fyrir brjósti. Ég mun því greiða atkv. á móti þessu frv. Það geta aðrir en ég kropið að gullkálfinum, en það gera þeir, sem vilja Eimskipafélagið ríkara en það nú er.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ræða síðasta ræðumanns rak mig til þess að biðja um orðið. Það er margt, sem hægt er að bera á borð fyrir þm., en þegar maður heyrir aðrar eins fjarstæður eins og þær, sem síðasti ræðumaður bar fram, þá verður maður að kveðja sér hljóðs. Það er svo í þessu máli sem öðru, að bezt er að segja sannleikann. Síðasti ræðumaður sagði, að börn, sem ættu heima á fjörðunum fyrir austan og orðin væru 6 til 7 ára, hefðu ekki séð skip Eimskipafélagsins. Það, sem hann á við, er auðvitað það, að á styrjaldarárunum sigldu skip Eimskipafélagsins til Ameríku og Bretlands og gátu þess vegna ekki haldið uppi siglingum með ströndum fram, en þau fluttu vörur bæði til okkar hér í Reykjavík og til þeirra, sem búa úti á landi, þó að það yrði að fá smærri skip til þess að koma þeim á hinar ýmsu hafnir. Þá varð félagið líka fyrir því óláni að missa tvö af sínum beztu skipum. Það er því ómaklegt að kasta því fram, þó að ekki hafi sézt skip í strandferðum á þessum tíma. En varðandi flutningsgjaldið, þá veit ég ekki betur en að það hafi verið alveg eins og hjá Skipaútgerð ríkisins, en öllum er kunnugt um, að hún hefur tapað, enda er það vitað mál, þó að flutningsgjöld séu há meðfram ströndunum, þá er tap á slíkum flutningum. Það hefur mikið verið hamrað á því, bæði fyrr og síðar af sumum mönnum, að Eimskipafélagið sé gróðafélag, en hvernig hefur þeim gróða verið varið. Honum hefur verið varið í ný skip, og það á að verja honum í ný skip, en það eru einmitt ný skip, sem við þurfum, bæði til fólks- og vöruflutninga. Ég tel mig því ekki krjúpa að neinum gullkálfi, þó að ég greiði atkv. með skattfrelsi fyrir Eimskipafélagið.

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Það eru aðeins fá orð út af ræðu þm. N-M. Hann sagði, að S. Í. S. hefði stofnað útgerðarfélag og ætti í erfiðleikum vegna þess, en hann gætti þess að geta þess ekki, að útgerð af þessu tagi væri ekki arðvænleg nú. En varðandi skipakaup S. Í. S. og skattfrelsi þess þá tel ég að það hafi enga sérstaka þýðingu nú, því að eftir núgildandi l. er heimilt að draga 20% af skipsverðinu frá tekjunum, áður en þær koma til skatts, og má hagurinn verða góður á árinu, ef nettótekjur verða meiri en því nemur. Þetta er aftur á móti allt öðru máli að gegna með Eimskipafélagið. Það er að kaupa skip og það skip, sem enginn neitar, að séu nauðsynleg, en til þessara kaupa þarf það á öllum sínum tekjum að halda. Það ætti að vera og er raunar okkar metnaðarmál að geta í framtíðinni flutt allar okkar vörur og þær vörur, sem við þurfum að fá erlendis, með eigin skipum, en því marki náum við fyrst með því að tryggja hag Eimskipafélags Íslands. Annað í ræðu þm. N-M. er ekki svaravert. Hann er stundum að stilla sér upp og vera sérstaklega „original", en vegur hans vex ekki með því að ráðast að þessari þörfu stofnun, sem hefur verið landi og lýð til farsældar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ef 1. landsk. þm. heldur, að hann fái hagkvæmari samninga hjá Eimskipafélaginu með því að styðja að því, að það fái skattfrelsi, þá má kannske afsaka málflutning hans. Hann sagði, að það væri svo dýrt að sigla með ströndum fram. En hvað hafa þeir gert til þess að bæta úr því. Var ekki frv. um að byggja flóabát dreplð bæði 1944 og 1945? Stjórnin vildi byggja fyrir fólkið til að leika sér — en fyrir hag alþjóðar? Það var ekki verið að hugsa um stór skip þá. Nei, það var eitthvað annað. Og það var á Skúla Guðmundssyni, sem það strandaði, að ekki var farið að byggja þetta stóra skip.

Nei, það er svo fjarlægt því, að stjórn Eimskipafélagsins hafi nokkurn tíma, a. m. k. nú á síðari árum, starfað með hag almennings fyrir augum. Það hefur haft sinn eigin hag fyrir augum og þeirra manna, sem hafa dansað kringum gullkálfinn. Ef hugsað væri um almenning, mundu skipin koma inn á hafnir úti um land og fólk þar ekki vera látið greiða tvöföld farmgjöld. Þetta stendur líka í sambandi við hitt, að það sé Reykjavík, sem Eimskipafélagið fyrst og fremst starfi fyrir, og Reykvíkingar taki sínar prósentur af hverju „kolli", sem kemur hér í land. Félagið er rekið með hag þessara manna fyrir augum, en úti um landsbyggðina sjást skip þess ekki. Og svo á að fara að styrkja þetta.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal fyllilega játa, að Eimskipafélagið hefur innt af hendi gagnlegt hlutverk fyrir þessa þjóð, síðan það fyrst var stofnað, en hins vegar má benda á, að því hlutverki hefur nú á síðari árum verið þannig fyrir komið milli þess og ríkisins, að raunverulega hefur það aðeins annazt þann hluta samgangnanna, sem arðbærastar hafa verið, þ. e. a. s. milli útlanda og Íslands og á stóru hafnirnar. Hins vegar hefur Skipaútgerð ríkisins tekið að sér hitt, sem ekki er eins arðvænlegt, og annazt vörudreifinguna til hinna smærri hafna. Skipaútgerðin er svo rekin með tapi, en Eimskip græðir. Ríkið hefur þrátt fyrir þetta lítið til með Eimskipafélaginu og veitt því skattfrelsi frá 1928.

En ríkið hefur gert meira. Á þeim árum, sem Eimskip græddi mest, útvegaði ríkið með sinni milligöngu stór leiguskip, sem önnuðust að miklu leyti flutningana milli Íslands og Ameríku, og hefði verið miklu ódýrara, að ríkið hefði sjálft tekið að sér reksturinn á stóru leiguskipunum og notað gróðann af þeim til þess að standa undir tapinu á skipaútgerðinni, sem heldur uppi samgöngum við smáhafnirnar. Raunverulega hefur ríkið veitt Eimskip stórkostlega hjálp með þessu og hefur félagið grætt milljónir kr. á þessari aðstoð. Þetta nemur meiru en þeirri skattaupphæð, sem hér er um að ræða. Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram, því að ekki þarf Eimskip að kvarta um, að það sé olnbogabarn íslenzka ríkisins. En ég hefði talið réttast, að ríkið hefði sjálft haft rekstur leiguskipanna, því að þau eru útveguð fyrir milligöngu íslenzka ríkisins, og ætti ríkið enn að hafa þennan rekstur.

Ég gæti þó fallizt á, að Eimskip væri veitt skattfrelsi, ef það tæki á sig að annast flutninga á smærri hafnirnar, en hitt skil ég ekki, þegar þörf Eimskip er rökstudd með því, að það sé búið að leggja í kostnað með rándýr skip, þó að það séu á sama tíma aðilar, sem hafa tekið upp þann hátt að láta skip sín sigla — ekki aðeins á stóru hafnirnar heldur einnig á smáu hafnirnar. Það mun vera ætlun Sambands íslenzkra samvinnufélaga með sitt stóra skip. Ég held, að við verðum að unna þessum tveim aðilum sams konar aðstöðar fyrir sams konar þjónustu. Kannske væri ríkisvaldið til með að hjálpa sambandinu um leiguskip og sýna þannig, að það bæri sama hug til þessara aðila. Ég tel víst, að þetta verði gert, og tel þess vegna rétt, að fríðindin gangi til beggja aðila eða til hvorugs.

Ég vil taka það fram, að þó ég greiði kannske í þetta sinn atkv. með því, að Eimskip verði leyst undan skattgreiðslu, þá geri ég það í því trausti, að sambandið fái þau sömu fríðindi, því þótt Eimskip kaupi skip, þá gerir Samband íslenzkra samvinnufélaga það líka.

Ég sé ekki, að í þessu verði samræmi, nema hið sama verði veitt fyrir sams konar þjónustu, og þannig haga ég atkvæði mínu.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki lengja þessar umr. Hvað viðvíkur ræðu hv. 1. þm. N-M., fannst mér hann ganga fram hjá aðalatriðinu. Eimskip rekur enga aðra starfsemi. Sambandið rekur aðra starfsemi líka. Það selur t. d. bíla og er skattskylt á þeim rekstri. Félagið, sem á þetta nýja skip, er skattskylt fyrir aðra starfsemi. Þetta getur ekki átt sér stað hjá Eimskip. Við skulum hugsa okkur, að þetta félag, sem á þetta nýja skip, þéni ekki á því nema 100 þúsund, en þá getur það bara þénað á annarri starfsemi, svo að það verði ein milljón. Þetta er atriði, sem miklu varðar um það, hvort þetta félag á að fá sama skattfrelsi og Eimskip. Ég vil benda á, að þetta félag hefur skattfrelsi um 33% í nýbyggingarsjóði, og er það meira en önnur félög hafa.

Hvað viðkemur siglingum Eimskips, vil ég segja það, að mþn. í strandferðamálum ræddi þetta mál, og kom þá fram ósk forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um það, að skipaútgerðin hefði þetta hlutverk í framtíðinni, og það er fyrir þetta, að Eimskip hefur nú ekki tekið að sér þetta hlutverk. Það ætti því ekki að vera hægt að ófrægja Eimskip áfram, eins og gert hefur verið, því að það er fyrir aðgerðir stjórnarinnar eða skipaútgerðarinnar, að félagið hefur ekki gert þetta. Það má ekki blanda saman verkefni Eimskip og strandferðaskipanna, því að það þurfti að koma vörum milli landa, og án þess hefði hin íslenzka þjóð ekki lifað neinu menningarlífi. Þess vegna undrar mig sá hugsanagangur, sem kom fram í ræðu hv. þm. N-M., því að hér er um að ræða eitt af aðalatriðunum til þess að íslenzka þjóðin geti verið sjálfstæð. Það var öllum kunnugt, að það var hægara að flytja vörur milli hafna landsins en að ná þeim til landsins.

Hv. þm. N-M. hélt því fram, að Eimskip hefði átt sök á því, að kostnaður við að flytja vörur utan af landi til Reykjavíkur var 40 aurar á kg., og síðan nær 400 þús. kr. í Reykjavík. En samkv. upplýsingum frá búnaðarráði til landbrh. var allur kostnaður við flutning, geymslu og annað, alls kr. 348.863.16, og hygg ég, að þessar upplýsingar hafi við meiri rök að styðjast en þau orð, sem féllu um þetta áðan.

Páll Zóphóníasson: Ég get ekki gert að því, þótt hv. þm. Barð. skilji ekki tölur. Ég nefndi þessa 40 aura sem dæmi um það, hvað dýr væri flutningskostnaður til Reykjavíkur á framleiðsluvörum utan af landi, þegar hann væri 40 aurar á kg. Þetta veit hann.

Honum finnst ekki rétt að láta Samband ísl. samvinnufélaga fá sams konar skattfrelsi fyrir sitt skip og Eimskip fær, af því að það reki margháttaða starfsemi. Nú ætla ég ekki að mæla með því. Ég er alveg á móti öllum slíkum undanþágum. En ég vil benda á það, að Alþ. hefur samþ. l. um það, að Eimskip byggi hótel hér í Reykjavík og reki það. Ég geri ráð fyrir, að farið verði að vinna að því, að byggt verði hótel fyrir 15 millj. kr. og að Eimskip geri það að ⅓. Það er talað um, að Eimskip leggi sig eftir flugferðum. Það er búið að samþykkja það á aðalfundi. Á ekki að vera skattfrelsi af því líka? Eimskip er komið inn á ýmislegt fleira en siglingar.

ATKVGR.
Brtt. 961,1, samþ. með 10:6 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11:5 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 961,2 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:4 atkv.

Á 144. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 981).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:4 atkv. og endursent Nd.

Á 142. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1016).

90. *Hreppstjóralaun.*

Á 4. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (þmfrv., A. 23).[1])

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 122).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:1 atkv.

Umr. frestað.
Á 18. fundi í Ed., 22. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 122 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 131).

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 26. fundi í Nd., 28. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

1) Á öndverðu sumri 1947 voru ræðuhandritin að beiðni þáv. fjmrh. léð landbúnaðarráðuneytinu, en þeim hefur ekki verið skilað og ekki til þeirra spurzt síðan þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan. Verður hér þess vegna aðeins greint frá úrslitum málsins í deildunum samkv. gerðabókum.

Á 76. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 131, n. 405, 408).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Fram kom skrifl. brtt. frá þm. Borgf. (sjá þskj. 421). — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

ATKVGR.
Brtt. 421 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 408 felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrSt, EystJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JS, JörB, AJ, PÞ, SigfS, SkG.
nei: StJSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GÞ, GSv, GÞG, HB, JóhH, KTh, SB, SG, SEH.
PO, BG greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁkJ, BÁ, EOl, GTh, HermG, JPálm, JJ, ÓTh, SK) fjarstaddir.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 121., 122. og 123. fundi í Nd., 5., 6. og 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 124. fundi í Nd., 8. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 131, 421, 753).

ATKVGR.
Brtt. 421 samþ. með 13:7 atkv.
— 753 samþ. með 15:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 129. fundi í Ed., 9. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 793).
Á 131. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Umr. frestað.
Á 144. fundi í Ed., 23. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 793, 965).

ATKVGR.
Brtt. 965,1 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, PM, KG, GJ, GÍG, JJós, ÞÞ.
nei: PZ, StgrA, ÁS, BK, BrB, HV, HermJ.
SÁÓ, BBen, EE greiddu ekki atkv.
Brtt. 965,2 samþ. með 9:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 142. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 1004).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1017).

91. Afgreiðslustöðvar fyrir ásetlunarbifreiðar.

Á 52. fundi í Nd., 13. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um afgreiðslustöðvar fyrir ásetlunarbifreiðar (þmfrv., A. 278).

Á 53. fundi í Nd., 14. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Eins og grg. ber með sér, er frv. þetta flutt af samgmn. að ósk samgmrh., og hafa nm. óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Það er ekki ósk n. að málinu verði vikið í annan farveg, og ég fyrir mitt leyti felli mig að öllu leyti við það eins og það er. Það er kunnugt, að þetta er í raun og veru ekki nýtt mál. Þörfin fyrir þær ákvarðanir, er frv. felur í sér, hefur undanfarið verið brýn og orðið æ berari með hverju ári. Menn getur náttúrlega greint á um, hvernig haga skuli framkvæmdinni, en ég held, að hér sé rétt af stað farið. Einhvers staðar verður að byrja, og þar eð ég tel, að með þessu frv. sé farið inn á rétta braut, mæli ég eindregið með því.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka samgmn. fyrir að taka að sér flutning þessa frv. Þetta mál er ekki nýtt að því leyti, að mönnum var orðið ljóst, að hér þurfti úr að bæta. Einhver staður þurfti að vera fyrir hendi handa sérleyfisbifreiðum. En stöðvarnar hafa verið óeðlilega margar og dreifðar um bæinn. Til úrbóta í því efni er því frv. flutt. Víðast hvar erlendis, þar sem ásetlunarbifreiðar annast fólksflutninga, eru þær afgreiddar frá einni stöð, og er enn ríkari ástæða til þess hér, þar sem við höfum engar járnbrautir. Það hefur farið fram athugun á, hvernig framkvæmd þessa máls yrði hagað hér í Reykjavík, og skal ég upplýsa, að góð samvinna hefur tekizt milli bæjaryfirvaldanna, skipulagsnefndar og póststjórnarinnar, og mun bæjarstjórn gefa kost á góðri lóð undir stöðina. Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta öllu nánar. Aðalatriðið er, að ríkið reisi umrædda stöð og sjái um rekstur hennar. Þörfina fyrir framgangi þessa máls held ég allir sjái og viðurkenni. Endurtek ég svo að lokum þakkir mínar til samgmn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Á 144. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 278, n. 972).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið rætt á mörgum fundum n., og hefur orðið langur dráttur á afgreiðslu þess, sem ekki mun vera afsakanlegur, en þó samt að vissu leyti. Það hefur verið nokkur ágreiningur af og til innan n., og er það þá sérstaklega út frá því, að sérleyfishafarnir komu til okkar á fund og óskuðu mjög eindregið eftir því, að málið yrði afgr. á nokkurn annan veg en gert er ráð fyrir í frv., sem hér liggur fyrir. Þá hefur einnig hæstv. samgmrh. átt tal við n. um þetta. Þetta allt hefur leitt til þess dráttar, sem orðið hefur á þessu máli, og einnig til þeirra breyt., sem fram koma í nál. samgmn.
Ég vil strax taka það fram, að ég held, að innan n. hafi enginn ágreiningur orðið um það, að nauðsyn sé á því að koma öllum þessum afgreiðslum ásetlunarbifreiða á einn stað, en aftur munu hv. þm. ekki vera á einu máli um það, hvernig eigi að ráða fram úr þessu og hvernig fyrirkomulag eigi að hafa, t. d. hvort ríkið eigi að taka þetta að sér, eins og gert er ráð fyrir í frv., eða hvort eigi að taka tillit til óska sérleyfishafanna sjálfra eða formanna þeirra félaga, sem hafa mætt á fundum n. og mæltust til þess, að þeim yrði gefinn kostur á því að reisa sjálfir afgreiðslubyggingu og reka það fyrirtæki, sem vitanlega yrði að heyra undir viðkomandi ráðuneyti. Það er margt, sem mælir með þessum óskum þeirra, ef það brýtur ekki í bág við eðlilega afgreiðslu þessara mála. Og miðað við þær óskir, hefur n. gert brtt., þar sem umorðuð er 1. gr. frv., en það er ef til vill að ræða um meginatriði í meðferð þessa máls, að í stað þess, að ríkið fái heimild til að reka þessar stöðvar, þá skuli eftir till. n. sérleyfishöfum fyrst verða gefinn kostur á því að taka byggingu þeirra að sér á sinn kostnað og reka þær, en heyri samt undir samgmrn. Þetta er mergurinn málsins. En það er látið skína í það, að ef þetta er þeirra heita áhugamál og sérleyfishafarnir byggi þetta sjálfir, þá verði þeir styrktir úr ríkissjóði, og yrði það þá að vera ákveðið á fjárl. En þeim er gefinn eins árs frestur til þess að sýna, hvað þeir geta. En verði aftur ekki neitt úr þessum framkvæmd-

um hjá þeim, þá er gert ráð fyrir því, að ríkið taki við sama þræðinum, sem frv. er spunnið úr, og fái heimild til þess að byggja stöðvarnar og reka þær.

Þá vil ég geta þess, að í frv. er gert ráð fyrir að verja ⅘ af sérleyfisgjaldinu til niðurgreiðslu byggingarkostnaðar, en við höfum í samráði við samgmrh. fært þennan lið nokkuð niður og gerum ráð fyrir, að samin verði af ráðuneytinu reglugerð um gjaldskrá og afgreiðslu bíla, og hafi það alveg yfirumsjón með þessu, hvort sem það verður ríkið sjálft, sem tekur þetta að sér, eða sérleyfishafar.

Þó að allir nm. hafi skrifað undir nál. með fyrirvara, þá eru nú samt ekki allir jafnánægðir með þessa afgreiðslu, en þó vona ég, að sá skoðanamunur sé ekki svo mikill, að hann geti orðið til þess að hindra það, að þetta mál nái fram að ganga, því að það er mikið nauðsynjamál, sem þarf að fá afgreiðslu nú, svo að á einhvern hátt verði bætt úr þeirri neyð, sem ríkir í þessum efnum.

Ég get svo látið máli mínu lokið og óska, að málið nái fram að ganga með þeirri breyt., sem er á þskj. 972.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að þetta frv. var lagt fram á sínum tíma, en það var samið af samgmrn. og flutt af samgmn., var sú, að það var talið óviðunandi, hvernig hagað væri afgreiðslu sérleyfisbifreiða, og þó kannske sérstaklega hér í Reykjavík. Það hefur verið svo, að menn hafa orðið að leita uppi afgreiðslustaðina, sem hafa verið settir sinn í hvert horn bæjarins, og aðbúnaður þar verið með ýmsu móti og ekki alltaf viðunandi.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. beiti sér fyrir þessum úrbótum á þann hátt að standa að byggingu þessara afgreiðslustöðva og reka þær. En hins vegar hefur samgmn. þessarar hv. d. ekki viljað fallast á þetta sjónarmið, heldur viljað, að einstaklingar þeir, sem sérleyfisleiðirnar hafi, reki þetta fyrirtæki eða verði gefinn kostur á því að annast þetta.

Ég hef mætt á fundum n., þar sem þetta mál hefur verið rætt, og hef ég af eðlilegum ástæðum, þar sem ég stóð að samningi frv., ekki óskað eftir því, að þessu yrði breytt. En hins vegar hef ég heldur en að stofna málinu í voða gengið til samkomulags við n. og get sætt mig við þessa málsmeðferð. Ég hefði sem sagt helzt kosið, að sá háttur yrði á hafður um lausn málsins, sem frv. gerir ráð fyrir. En ef hv. d. vill heldur gefa sérleyfishöfunum kost á að reyna sig á því, geri ég það ekki að neinu aðalatriði við afgreiðslu málsins. Í rauninni býst ég við, að sérleyfishafarnir séu nú kannske ekki alveg undir það búnir að hefja framkvæmdir í málinu, nema þeir fái til þess verulegan styrk úr ríkissjóði, sem ég ætlast ekki til, þó að þessi breyt. verði samþ. Ef þeir eiga að fá kost á að leysa málið, tel ég eðlilegast, að þeir eigi þá sjálfir, a. m. k. að mestu leyti, að annast fjárhagshlið málsins og ríkið komi þar ekki til greina nema að mjög litlu leyti. Ef þeir geta ekki tekið að sér þetta verkefni af einhverjum ástæðum, gerir frv. ráð fyrir, að það opinbera taki við.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar.

ATKVGR.

Brtt. 972,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
— 972,2 ((ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
— 972,3 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, JJós, LJóh, SÁÓ, KG, BBen, BK, ÞÞ.
nei: HV, PZ, StgrA, ÁS, BrB.

4 þm. (GJ, GÍG, HermJ, PM) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 972,4 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 12:1 atkv.
— 972,5 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 145. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 1002).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og endursent Nd.

Á 142. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1019).

---

92. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. fjhn. Ed.).

Á 8. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 84).

Á 12. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af fjhn. eftir beiðni hæstv. fjmrh. Það skal tekið fram, að nm. hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins. Einn nm., Ásmundur Sigurðsson, var ekki viðstaddur, er n. ákvað að flytja málið, en hefur tjáð sig samþykkan því, að málið væri flutt af n. Það virðist sem breyt. á skattalögunum með l. frá 20. maí 1942 hafi, um leið og nokkrar breyt. voru gerðar, gengið fram hjá einum lið í l. frá 1941, ákvæðum 2. málsgr., c-liðar, sem undanskildi hlutafélög, sem ættu varasjóði,

ráðstöfunartakmörkunum til að kaupa opinber verðbréf. Þetta ákvæði var í l. frá 1941, en hefur fallið niður í l. frá 1942. Þetta gerir það að verkum, að hlutafélög, sem eiga varasjóði, eru ekki frjáls að kaupa opinber verðbréf án þess að falla undir refsiákvæði skattalaganna. Þetta dregur mjög úr vilja manna til að kaupa opinber verðbréf og er síður en svo heppilegt nú, þegar brýn nauðsyn ber til, að opinber verðbréf séu keypt. Þetta frv. er því borið fram til þess að bæta inn í skattal. því ákvæði, sem féll niður við gildistöku l. frá 1942, en var hins vegar í l. frá 1941. Ég mun svo ekki orðlengja þetta miklu meir.

Fjhn. sér ekki, að sú breyt., sem gerð var 1942, sé á nokkurn hátt rökstudd. Við nm. leituðum í frv. frá 1942, en fundum engin rök fyrir niðurfellingu fyrrnefnts ákvæðis. Þar sem málið er borið fram af fjhn., álít ég ekki þörf að vísa því aftur til n., enda skal ég sjá til, að málið verði rætt í n. fyrir næstu umr. Að svo mæltu óska ég, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv.

Á 13. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér hefur verið tjáð, að starfandi sé hér í bænum n., sem skipuð hafi verið í sumar til að endurskoða útsvarsl. og skattal. Um sönnur á þessu veit ég ekki, hef ekki heyrt það frá ráðuneytinu, en mér hefur verið tjáð þetta og tilgreindir þeir menn, sem í n. ættu sæti. Nú eru komnar fram hér á Alþ. 3 brtt. við skattal. Nú vildi ég vita frá hæstv. ríkisstj., sem reyndar sést aldrei í Alþ., hvað satt er í þessu um þessa nefndarskipun. Og ef það væri satt, að starfandi væri n., sem ætti að athuga um breyt. bæði á útsvarsl. og skattal., hefði ég viljað, að ríkisstj. gerði till. um það, að sú n. fengi þessar brtt., sem fram eru komnar, til umsagnar. Mér er sagt, að n. sé skipuð til þess að endurskoða skattal. og útsvarsl., og er mér sagt, að í henni séu Gunnar Viðar, Adolf Björnsson, Jón Gauti Pétursson og Ingólfur Jónsson, og á hún að hafa haldið fundi hér í 2—3 vikur.

Sé þetta ekki rétt og þessi n. fæst ekki til að athuga málið, þá vildi ég benda á það, að varasjóðir þeirra félaga, sem hér ræðir um, eru undir ólíkum l. Það orkar ekki tvímælis, að fyrir þann hluta af varasjóðnum, sem til var fyrir 1942, er þeim heimilt að kaupa eins og þeir vilja. Fyrir þann hluta, sem til hefur orðið eftir þann tíma, orkar það aftur tvímælis, og getur því verið, að til þess, að það sé óumdeilanlegt, að fyrir þann hluta megi kaupa bréf, þá sé rétt að samþykkja þessar brtt. Því er gert ráð fyrir, að þau bréf, sem hér verða keypt, verði handbær fyrir félögin til að grípa til, ef á þarf að halda, og á því geta þau þurft að halda.

En sem sagt, það, sem ég vildi vita hjá ríkisstj., er það, hvort þessi n. er til, sem á að endurskoða útsvarsl. og skattal., og ef svo er, er eðlilegt, að hún athugi þetta ásamt öðru, sem hún endurskoðar í sambandi við l. Sé þetta missögn, þá nær það ekki lengra, en mér hefur verið tjáð þetta.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef ástæðu til að halda, að þetta, sem hv. 1. þm. N-M. sagði um opinbera n., sem rannsakaði þessi mál, sé á misskilningi byggt. Sé svo, sem ég held, þá er ekki ástæða til þess að tefja þetta mál vegna þess misskilnings.

Páll Zóphóníasson: Mér þykir leitt að fá ekki úr þessu skorið. Tveir menn, sem ég hef talað við, telja, að þeir séu starfandi í n. Það er undarlegt að geta ekki fengið úr því skorið, hvort n. er til eða ekki.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil stinga upp á, að hv. 1. þm. N-M. verði gefinn kostur á að finna vizkusteininn í þessu máli milli umr., og sé ekki ástæðu til, að málið verði ekki afgr. til 3. umr., þó að ekki sé úr því skorið, hvort þetta hugboð hans um n. er rétt eða ekki, enda skiptir það engu máli í sjálfu sér. Mælist ég því til þess, að frv. fái að ganga áfram til 3. umr., og verður þá væntanlega hv. þm. leiddur í allan sannleika fyrir þann tíma.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Mér skildist, að hv. 1. þm. N-M. hefði gert fyrirspurn um það, hvort n. hefði verið skipuð til að endurskoða útsvarsl. og skattal. Ég skal upplýsa, að af hálfu fjmrn. hefur engin slík nefndarskipun átt sér stað. Hins vegar hef ég heyrt, að félmrn. hafi falið einhverjum mönnum að samræma alþýðutryggingalöggjöfina við skattalöggjöfina eða gera einhverjar athuganir um samræmingu milli þessara tveggja l. En því miður hef ég ekki fengið neina tilkynningu og get ekki gefið frekari upplýsingar um það. Hitt er víst, að af hálfu fjmrn. hefur ekkert slíkt átt sér stað.

Ég sé ekki ástæðu til að gera þetta frv., sem hér liggur fyrir, að umræðuefni að svo stöddu. Frsm. hefur gert grein fyrir því. Það mun vera fyrir vangá eina, að svo er tekið til, að l. samkv. er hlutafélögum ekki heimilt að verja varasjóðum sínum til þess að kaupa ríkistryggð skuldabréf. Þetta er á alla lund óeðlilegt. Það er ekki hægt að sjá, að skynsamlegar ástæður mæli með því, að varasjóðir séu geymdir öðrum sjóðum fremur, og ég álít, hvað sem þessu líður, að það sé sjálfsagt að gera þessa lagfæringu á skattalöggjöfinni nú. Má segja, að það hafi dregizt of lengi, en skiptir einkum máli nú vegna þess, hve aðkallandi er að afla fjár til stofnlánadeildarinnar, en erfitt mun reynast að fá hlutafélögin til að taka þátt í því án þessarar breyt. á skattalöggjöfinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. akv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 20. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 143. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Mér kemur þetta dálítið einkennilega fyrir sjónir. Þetta mál er flutt af fjhn. Ed. Það fór í gegnum þá d., og ég hygg, að því hafi verið vísað til fjhn. þessarar hv. d. á sínum tíma. En ekki liggur fyrir neitt nál. frá henni, og vildi ég gjarnan heyra, af hvaða ástæðu það hefur ekki verið lagt fram.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Fjhn. hafði lokið störfum, er þess var farið á leit, að hún afgreiddi málið frá sér. En þar sem í frv. felst aðeins leiðrétting, hygg ég, að það valdi ekki neinum truflunum, þó að það sé ekki athugað í n. í þessari hv. deild.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 144. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1018).

---

93. Embættisbústaðir dómara.

Á 130. fundi í Nd., 17. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um embættisbústaði dómara (þmfrv., A. 856).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram af hv. allshn., en ég hef látið semja það í samráði við aðalmeðlimi ríkisstj. — Efni frv. er það að breyta l. um embættisbústaði héraðsdómara, sem sett voru á síðasta þingi, þannig að l. nái einnig til embættisbústaða hæstaréttardómara og héraðsdómara í Reykjavík, sem nú eru brogardómari, borgarfógeti og sakadómari. Þar sem sett hafa verið svipuð ákvæði um bústaði embættismanna í öðrum tilfellum, hefur Reykjavík ekki verið undanskilin í þeim l., t. d. um opinbera aðstoð við byggingu prestssetra. Þykir því ekki ástæða til þess að hafa þá undanþágu áfram í l. varðandi héraðsdómara í Reykjavík, enda er sannast bezt um það að segja, að a. m. k. tvö af þessum embættum hér í Reykjavík, sakadómaraembættið og borgardómaraembættið, eru í raun og veru miklu verr launuð en mörg bæjarfógetaembætti úti um land, því þótt þau embætti hafi að vísu lægri fastar tekjur, þá hafa þau þeim mun meiri aukatekjur, og þess vegna er mjög sanngjarnt að láta héraðsdómaraembættin í Reykjavík, sem eru hin veglegustu og vandasömustu, verða aðnjótandi þessara hlunninda, sem frv. gerir ráð fyrir, að því leyti sem um hlunnindi er að ræða. Það er því vitað, að þar sem hæstaréttardómarar, sem eiga að vera fremstu menn sinnar stéttar, eru bæði tekjulægri en t. d. bæjarfógetar úti um land og eins tekjulægri en jafnvel miðlungs málflutningsmenn hér í bæ, er að sjálfsögðu erfitt að halda fyrsta flokks mönnum í þessum stöðum til lengdar, ef ekki er búið þannig um stöðu þeirra, að þeir geti a. m. k. keppt við beztu embætti hér í Reykjavík, enda þótt ekki sé miðað við þær hæstu tekjur, sem menn geta haft af lögfræðistörfum með sjálfstæðum „praxis". Það er og vitað, að allir eða a. m. k. flestir hæstaréttardómarar nú eru annaðhvort eignalitlir eða gersamlega eignalausir menn, miðað við núverandi fjárhagsástand, og þeim ókleift að koma upp húsum yfir sig af eigin rammleik.
Eins og sakir standa, er það mjög mikil nauðsyn fyrir suma þessara manna að koma yfir sig íbúðarhúsi, en fjárhagslegir erfiðleikar slíkir, að þeir eiga erfitt með það af eigin rammleik.
Ég vil svo vænta þess, að þetta mál mæti velvilja hv. d. og að það geti náð fram að ganga á sem stytztum tíma.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 131. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 856, er um breyt. á l., sem samþ. voru á síðasta þingi, um embættisbústaði héraðsdómara, en þau voru samþ. fyrir atbeina hv. þm. V-Sk., sem er formaður sýslumannafélags Íslands. Þessi l. eru ekki nema ársgömul og hafa því næsta lítið komið til framkvæmda, og meira að segja finn ég ekki í fjárl. fyrir þetta ár neina upphæð til að byggja fyrir þessa embættisbústaði.
Mér virðist það helzt liggja til grundvallar fyrir þessu frv., sem fer fram á að bæta inn í þessi l., að hæstaréttardómarar og aðrir embættismenn í Reykjavík skuli sitja fyrir um slíka bústaði, því að reynslan vill vera sú, þegar um er að ræða embættismenn úti á landi annars vegar og í Reykjavík hins vegar, þá gengur þeim, sem eru í Reykjavík, oftast betur að koma málum sínum áfram. Og þar sem hér er um að ræða embættismenn, sem eru í þeim embættum, sem eru með þeim allra hæst launuðu og mest eftirsóttu, þá tel ég óþarft að

bæta þeim inn í þessi l., meðan þau eru ekki komin til framkvæmda meira en orðið er. Ég get þess vegna ekki fylgt þessu frv. eins og sakir standa, þó að það kynni að vera rétt að samþykkja það síðar, þegar núgildandi l. hafa náð tilgangi sínum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Eins og ég tók fram við 1. umr., þá er það misskilningur, að hæstaréttardómarar séu þeir bezt launuðu dómarar í landinu, og ef ætti að undanþiggja menn eftir þeim embættistekjum, sem þeir fá, þá væri langtum nær að taka undan ýmsa utan Reykjavíkur. Það má endalaust deila um tekjur manna og aðstöðu, en það er staðreynd, sem ég skýri frá, að sumir embættisdómarar eru hærra launaðir en hæstaréttardómarar, og af þeim sökum er engin ástæða til að undanþiggja dómara hæstaréttar, en ekki hina. Auk þess verður að líta á eðli og vanda hvers starfs út af fyrir sig, og þá þori ég að fullyrða, eins og ég gerði grein fyrir við 1. umr., að það er sízt minni ástæða til þess að styðja hæstaréttardómara í þessu efni en ýmsa aðra í þessari stétt, auk þess sem það er þannig varðandi suma hæstaréttardómara, þó að það sé ekki geðfellt að gera persónulegan efnahag manna að umræðuefni, þá stendur svo á, að rík ástæða er til að breyta l. í þessu efni. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til að láta þessa Reykjavíkurdómara sitja á hakanum í þessu efni gagnstætt því, sem gert hefur verið með prestastéttina, þó að vitað sé, að prestar í Reykjavík séu tekjuhæstu prestar á öllu landinu, gagnstætt því sem er um þessa embættisdómara hér. Allir embættisdómarar hér að undanteknum borgardómara eru í raun og veru tekjulægri en þeir, sem eru í beztu bæjarfógetaembættunum úti á landi og njóta þessara hlunninda. Ef það er ætlunin að láta eitt yfir menn ganga um byggingu embættisbústaða og ef ekki á frekar að mismuna dómurum en prestum, þá er það fullkomið ranglæti að láta hæstaréttardómara og dómara í Reykjavík sitja á hakanum.

Jón Pálmason: Út af því, sem hæstv. dómsmrh. tók fram varðandi tekjur manna utan Reykjavíkur og í Reykjavík, þá skal ég ekki fara beint inn á samanburð um það, af því að ég hef ekki þá reikninga við hendina, en ég geng að því sem sjálfsögðu varðandi prestana, að Reykjavíkurprestarnir séu þeir tekjuhæstu á landinu, og ég hygg, að það sé alls ekki sanngjarnt, þó að það hafi verið sett í l., að taka þá fram yfir og byggja yfir þá á undan þeim prestum, sem eru úti á landi, því að við þekkjum það, að mörg prestaköll úti á landi eru auð og gengur illa að fá presta þangað vegna þess, hve húsakynni eru þar léleg. Það hefði því verið fullkomin þörf að láta þá sitja fyrir og byggja yfir þá, áður en farið var að byggja yfir presta í Reykjavík.

Varðandi dómarana er sama máli að gegna. L. voru samþ. fyrst og fremst vegna sýslumanna, og það var talið spursmál, hvort bæjarfógetar, sem margir eru vel launaðir menn, ættu að vera með. En það er alveg víst, að sýslumenn í héruðum landsins eru verr launaðir en flestir embættismenn í Reykjavík, sem á að taka hér með, og ég fyrir mitt leyti efast um, að bæjarfógetar úti á landi séu hærra launaðir en hæstaréttardómarar, þegar allar þeirra aukatekjur eru taldar með. A. m. k. sér maður nokkuð háa reikninga fyrir matsgerðir, sem hæstaréttardómarar hafa verið með að vinna að. Þess vegna finnst mér ekki rétt rök mæla með því að gera þessa breyt. á l., meðan þau eru ekki ársgömul og lítt eða ekki komin til framkvæmda varðandi sýslumenn landsins.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég er ekki að halda þessu máli til streitu. Ætlunin var aðeins að breyta l „setja nýjar reglur, af því að þær, sem nú gilda, þóttu ekki sanngjarnar, og það er ekkert sérstakt við það, þótt svo sé gert.

Ég vil aðeins ítreka það, og ég er alveg hissa á því, að hv. þm. A-Húnv., sem hefur verið yfirskoðunarmaður landsreikninga, skuli ekki vita, að hæstaréttardómarar hafa minni tekjur en sumir þeirra manna, sem eru bæjarfógetar úti á landi, en það er enginn vafi, að svo er, og það var í raun og veru upplýst við meðferð launal. á sínum tíma. Mín vitneskja um þetta stafar að mestu frá þeim tíma, svo að þar kemst enginn vafi að. Hitt er annað mál, að sumir dómarar hæstaréttar hafa stundum aukatekjur, eins og sumir bæjarfógetar hafa aukatekjur fyrir utan sitt embætti. Þær ganga misjafnt yfir, og sumir hafa ekki slíkar aukatekjur. Ef hv. þm. vill útiloka þá, sem hafa betri laun, frá þessum hlunnindum, þá lægi nær fyrir hann að flytja brtt. um að fella bæjarfógetana niður, svo að þessi lagasetning nái þá eingöngu til sýslumannanna.

Það, sem gerði að verkum, að ég ákvað að flytja þetta frv., var það, að ég hafði kynnt mér, að sumir hæstaréttardómararnir voru ákaflega illa staddir í þessum efnum. Hitt er vitað, að það kostar gífurlega mikið fé, ef menn ráðast í að koma upp íbúð yfir sig á þessum tímum, eins og ég tel þessum mönnum nauðsynlegt. Ég tel, að það sé ákaflega óviðeigandi fyrir ríkisvaldið, að þannig sé búið að æðstu dómurunum, að þeir séu illa staddir, í fjárhagsvandræðum og skuldugir upp fyrir eyru. Þetta frv. er því flutt til að stuðla að því, að þeir geti verið óháðir fjárhagslega. Aðalatriðið er sú nauðsyn, sem er á, að þessir menn séu fjárhagslega óháðir, og ég fullyrði, að það er bein þjóðfélagsleg nauðsyn, að þannig sé að dómurunum búið.

Jón Pálmason: Það er örstutt. Ég þekki ekki inn á það, hvernig efnahagur hæstaréttardómara muni vera, en ég veit, að þetta eru embætti, sem eru einna mest eftirsótt í landinu, og það er það, sem ég í þessu sambandi miða við. Aðalatriðið er það, að mér virðist, að samþ. þessa frv. muni hafa það í för með sér að gera l. óvirk langan tíma fyrir sýslumenn landsins, vegna þess að embættismenn í Reykjavík sitji fyrir eins og á flestum sviðum, þegar líkt stendur á.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil leiðrétta það, að því miður er það svo, að hæstaréttardómaraembætti eru ekki þau mest eftirsóttu embætti þessa lands. Þó að það séu ágætir menn, sem þau embætti skipa nú, þá varð að taka í þau menn, sem voru um þrítugt og höfðu tiltölulega litla æfingu, vegna þess að það voru ekki nógu margir af hinum eldri og reyndari lögfræðingum í embættismannastétt eða málfærslumannastétt, sem sóttu um þessi helztu embætti í lagastétt. Þessi embætti

þykja mjög virðuleg og sæmd að vera í þeim, en þau eru ekki eftirsótt, og það getur verið, að menn telji sig neydda til að hverfa frá þeim, ef ekki verður betur að þeim búið en gert hefur verið, — svo að þarna kom líka fram algerður misskilningur hjá hv. þm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:6 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv.

Á 132. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forseti (BG): Hv. þm. A-Húnv. hefur afhent mér skrifl. brtt. við frv. það, sem fyrir liggur. Brtt. hljóðar svo:

„Við 1. gr. Orðin „og hæstaréttardómara" í fyrsta málslið greinarinnar falli burt."

Þar sem brtt. þessi er of seint fram borin og auk þess skrifleg, mun ég leita afbrigða, til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 901) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Svo sem hæstv. forseti hefur lýst, hef ég leyft mér að bera fram litla brtt. við þetta frv. Ég sá það hér í dag, að mikill meiri hl. þm. var með því að samþykkja þessa breyt. á l., sem upphaflega voru ætluð til að tryggja hag sýslumanna landsins, sem eru af þessari stétt manna lakast settir. Brtt. mín er um það, að taka hæstaréttardómara út, en láta sakadómara, lögreglustjóra og borgardómara vera undir ákvæðum l., og er það náttúrlega sanni nær. En ég tel, að ef á að ganga svo langt, að ríkið byggi á sinn kostnað yfir hæstaréttardómara landsins, sem eru einhverjir hæst launuðu embættismenn á landinu, hljóti það að boða, að ríkið eigi samkv. þeirra áliti, sem þetta samþykkja, að byggja yfir alla embættismenn á landinu. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa brtt. Málið liggur ljóst fyrir, og ættu menn að geta gert sér grein fyrir því, án þess að frekar sé um það rætt.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Af því að hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur á fundi, vil ég gjarnan upplýsa það, að af hans hálfu var lögð veruleg áherzla á það, að ákvæðin næðu til hæstaréttardómara, og höfum við rætt nokkuð um þetta í ríkisstj. Það má að vísu segja, að hæstaréttardómarar séu hvað föst laun snertir bezt launaðir allra dómara landsins. En þess er þó vert að geta, að þeir eru sökum stöðu sinnar í verulegum atriðum afskornir því að hafa aukastörf með höndum. Og það er alveg lífsnauðsynlegt fyrir þá að geta verið fjárhagslega óháðir til þess að geta gegnt fullkomlega sínu dómarastarfi. Og þó að hæstaréttardómarar hafi 15 þús. kr. í grunnlaun, hygg ég, að æði margir af héraðsdómurunum hafi í raun og veru jafnmiklar tekjur og þeir. Og mér er kunnugt, að hæstaréttardómarar hafa talið sig mjög illa setta með þetta, sérstaklega þeir, sem verða að sæta mjög dýru húsnæði eða þurfa að reyna að koma upp mjög dýru húsnæði fyrir sig. Sjá þeir sér þess varla kost á eigin spýtur, en þeir vilja ekki leita til Péturs eða Páls út af lánveitingum í þessu skyni.

Jón Pálmason: Mér þykir rétt að taka það fram, að það er svo fjarri því, að þetta mál sé á nokkurn hátt persónulegt frá minni hendi. Mér er það kunnugt, eins og öðrum, að þessir menn, sem um ræðir, eru ágætir menn, og ég er meira að segja í vináttu við suma þeirra. En ég tel bara, að þetta sé ekki sanngjarnt mál. Það þýðir ekki fyrir hæstv. forsrh. eða neinn annan að segja mér það, að hæstaréttardómarar hafi engar aukatekjur. Ég hef séð reikninga yfir matsgerðir frá þeirra hálfu, sem sanna, að þetta er ekki rétt hermt.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vildi aðeins leiðrétta það hjá hv. þm. A-Húnv., sem hann sagði um aukatekjurnar. Ég sagði ekki, að hæstaréttardómarar hefðu aldrei neinar aukatekjur. Ég sagði aðeins, að þeir vegna stöðu sinnar yrðu að sætta sig við það, þó að þeir oft og tíðum hefðu engar aukatekjur, og gætu ekki eins og margir aðrir embættismenn snapað eftir slíkum aukatekjum. Þeir fá tiltölulega mjög fá viðfangsefni, sem eru þannig vaxin, að þeir geti tekið þau að sér vegna stöðu sinnar.

ATKVGR.
Brtt. 901 felld með 12:7 atkv.
Frv. samþ. með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÁ, EystJ, FJ, GSv, HB, JS, JörB, PÞ, PO, StJSt, StgrSt, StdSt, GÞ.
nei: JPálm, LJós, SigfS.
ÁkJ, SnJ, KTh greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁÁ, EmJ, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, IngJ, AuA, JJ, ÓTh, SB, SG, SEH, SK, SkG) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 138. fundi í Ed., 20. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 139. fundi í Ed., 21. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta flutti allshn. Nd. samkvæmt beiðni minni, en ég hafði látið semja það með tilliti til hæstaréttardómaranna eða sumra þeirra. Efni frv. er að láta embættisdómara í Reykjavík, bæði héraðsdómara og hæstaréttardómara njóta sömu hlunninda og héraðsdómara úti á landi. Í lögum um embættisbústaði er ekki varðandi aðra embættismenn gerður munur á embættismönnum hér í Reykjavík og annars staðar. Ég held, að það sé t. d. jafnt með skólastjóra og presta. Það sýnist ekki vera meiri ástæða, nema síður sé, að gera þennan mun frekar um dómara, úr því að það hefur á annað borð þótt ástæða til að setja fyrirmæli um embættismannabústaði. En úr því að

ákvæði þessi hafa verið sett, fyndist mér eðlilegra að láta þau jafnt ganga yfir alla dómara og láta þá ekki síður hæstaréttardómara njóta þessara hlunninda. Það á við um þá hið sama og á við um alla héraðsdómara í Reykjavík, að þrátt fyrir hærri krónutölu að nafninu til, sem þeir fá í föst laun, heldur en héraðsdómarar úti á landi, þá hafa þeir raunverulega lægri laun en a. m. k. bæjarfógetar í þeim kaupstöðum, sem mestar tekjur gefa. Eins og lögin eru nú, er lægra settum embættismönnum með hærri tekjur veitt meiri hlunnindi en æðstu dómurum landsins, og er ljóst, að slíkt ranglæti fær ekki staðizt til langframa. Þar við bætist svo, að ef hæstaréttardómarar, sem í húsnæðisvandræðum kunna að vera nú — og sumir þeirra eru það —, ætla að ráðast í að koma upp íbúð yfir sig, eins og sakir standa, mundu þeir binda sér slíka fjárhagslega bagga, að þeir yrðu fjárhagslega ósjálfstæðir menn. Það er áreiðanlega ekki heppilegt fyrir réttarvelsæmið í landinu, ef æðstu dómararnir hljóta að verða skuldum vafðir, ef þeir reyna að fá sér viðunanlegt húsnæði. Og þó að ekki væri önnur ástæða en það að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði þessara manna, teldi ég vera þörf á að setja þessi lagafyrirmæli. Þau gengu tiltölulega ágreiningslítið gegnum Nd. á skömmum tíma, og þætti mér vænt um, að þessi d. sýndi málinu sama velvilja.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9:5 atkv.

Á 145. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 856, n. 996).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur haldið fund um mál þetta og athugað það. Eins og sagt er á nál. 996, þá leggur hv. 8. landsk. til, að frv. verði felld. En hinir 4 nm. leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frv. þetta er, eins og grg. fyrir því á þskj. 856 ber með sér, flutt af hv. allshn. Nd. eftir beiðni hæstv. dómsmrh., og gerði hann grein fyrir því utan dagskrár, að hann óskaði eftir því, að það yrði tekið til afgreiðslu, og lét í ljós ósk um það, að frv. væri samþ. óbreytt.

Vil ég leyfa mér að leggja til við hv. d., að hún samþykki það óbreytt.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal gera grein fyrir því, hvers vegna ég er andvígur þessu frv. og legg til, að það verði felld. Ég tel, að hér sé um embættismenn að ræða, sem munu yfirleitt hafa það háar tekjur, að það væri ástæða til þess að byggja fremur yfir ýmsa aðra en þá, og í öðru lagi það, að þótt að vísu hafi verið gengið dálítið inn á þá braut að byggja yfir embættismenn, þá hefur fyrst og fremst verið gengið inn á þá braut vegna embættismanna úti á landi, þar sem búast má við, að þeir verði ekki nema um tíma í embætti þar. Og þess vegna er ástæða til þess, að bústaðir fyrir embættismenn séu byggðir þar.

Hins vegar álít ég, að allt öðru máli gegni um embættismenn hér í Reykjavík, þar sem ekki er um slíkt að ræða og húsin eru jafnmikils virði fyrir manninn, sem á þau, hvort sem hann skiptir um starf eða ekki. En það er ekki hægt að segja það sama um presta, lækna eða aðara embættismenn úti á landsbyggðinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar við hér í vetur höfðum til meðferðar frv. til l. um hýsingu prestssetra, þá margbenti ég á það, að nauðsynlegt væri að gera eina allsherjar löggjöf um byggingu íbúðarhúsa opinberra starfsmanna og samræma þetta, svo að ekki verði þar hver höndin upp á móti annarri og sífelldur metingur um það og óánægja út af því, að þessi aðilinn hafi það betra en hinn, en þá vildi enginn á þetta hlusta. Frv. um hýsingu prestssetra var sett í gegnum þingið og er víst orðið að l. — og eftir því sem mér finnst, að mörgu leyti slæmum og fjarstæðum því rétta.

Nú kemur hér annað frv., sem er alveg ný skipun, um bústaði fyrir héraðsdómara, hvar sem þeir eru á landinu. Og þeim er ætlað að búa við allt önnur kjör en prestunum. Þar eru engar reglur um það, eins og gagnvart prestunum t. d., þegar húsin verða mjög dýr, og ekkert minnzt á viðhald þeirra í því sambandi, heldur á ráðh. að setja slíkar reglur. Það má ekki fara þarna eftir venjulegum l. og reglum, sem gilda í landinu. Ég vona, að menn sjái, hvað getur komið næst á eftir. Líklega skólastjórar, og þeir eru líka komnir sumir hverjir inn í skólahúsin og það án þess, að nokkrar reglur séu þar um. Svo rekur hver stéttin aðra — því þá ekki að setja eina allsherjar löggjöf um þetta. Ég býst við, að þetta frv. og l. um hýsingu prestssetra sýni mönnum, hvað þetta er vanhugsað að taka svona hverja stétt út af fyrir sig og gera l. um það. Og menn eiga áreiðanlega eftir að sjá það betur, hve kostnaðarhliðin verður miklum mun meiri fyrir ríkissjóð.

Ég mun greiða atkv. á móti þessu frv., eins og frv. um hýsing prestssetra í vetur. Þessir menn eiga í minum augum að búa við sömu kjör allir. Þarna á ekki að skapa hverri stétt fyrir sig slík kjör og reglur sem ekkert samræmi er í, svo að menn séu alltaf að rífast um það, að þessi eða hinn hafi það betra en þeir sjálfir, eins og oft vill koma fyrir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera hér grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Þegar frv. um hýsingu prestssetra var til umr. í vetur, þá bar ég fram meðal annars brtt. um, að jarðir ríkissjóðs skyldu ganga fyrir byggingu annarra prestsseturshúsa. Ég er þeirrar skoðunar, að rétt sé að halda þeirri stefnu áfram, sem hér hefur verið upp tekin, til þess að séð verði, hvað það kostar ríkissjóð að lokum, og mun ég þess vegna segja já við þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

Á 146. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1021).

94. Vatnsveitur.

Á 61. fundi í Nd., 29. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um styrk til vatnsveitna (þmfrv., A. 331).

Á 62. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 331 er flutt af heilbr.- og félmn. Nd. eftir ósk samgmrn., og hefur n. fallizt á, að það verði samþ., þótt hins vegar einstakir nm. áskilji sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Tildrög þess, að þetta frv. er fram komið, eru þau, eins og í grg. segir, að á Alþ. 1945 var samþ. þál. þess efnis að skora á ríkisstj. að láta athuga og gera yfirlit um, hver af kauptúnum og kaupstöðum landsins búa við óviðunandi neyzluvatn og hvaða úrræði komi helzt til greina á hverjum stað, og enn fremur að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt þing löggjöf um stuðning ríkisins við vatnsveitur fyrir þau kauptún og kaupstaði, sem eiga svo erfiða aðstöðu, að þeim er algerlega um megn að ráðast í slík fyrirtæki af eigin rammleik. Í grg. segir líka, að ráðuneytið hafi beðið vegamálastjóra að safna skýrslum um þessi mál í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum landsins, og hefur vegamálastjóri gert heildaryfirlit, er fylgir grg. þessari. Af yfirliti þessu sést, að aðeins í 2 kaupstöðum, Siglufirði og Akureyri, er vatnsveitan talin fullnægjandi. Og að því er kauptúnin snertir, þá er vatnsveitan talin nægileg í 11 kauptúnum, í 15 kauptúnum ófullnægjandi vatnsveita. Í 6 kauptúnum voru aðeins sérveitur í fleiri eða færri hús, en í 11 kauptúnum voru engar veitur, aðeins brunnar.

Má af þessu sjá, að þessu máli eða þessum þætti í heilbrigðislífi þjóðarinnar er ekki of vel á veg komið og því full nauðsyn til, að ríkið hlaupi undir bagga og styðji að endurbótum á þessu sviði. Gengur þetta frv. út á það á ýmsa vegu, sem þó sérstaklega kemur fram í 1. gr., þar sem stendur, að ríkissjóður veiti styrk til vatnsveitna, er sveitarfélög láta gera, samkvæmt þeim reglum, er í l. þessum segir. Enn fremur er ríkisstj. samkv. 6. gr. heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til stofnæðar vatnsveitunnar. En hér er þó þess að gæta, að í 4. gr. þessara l. er það tekið fram, að styrkur ríkissjóðs nái til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, þar með taldir vatnsgeymar, dælur og jarðboranir.

Annars þarf ég ekki að halda hér langa framsöguræðu, því að grg. er glögg og ber með sér það, sem hér er farið fram á, og málið sjálft þess eðlis, að ég geri ráð fyrir, að þm. telji það skyldu sína að fylgja því fast fram, og vænti ég, að það gangi fljótt gegnum þessa d. og verði vísað til 2. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. heilbr.- og félmn. og frsm. hennar fyrir að hafa tekið að sér flutning málsins og koma því hér á framfæri í d. Hv. frsm. n. hefur nú skýrt þau rök, sem liggja til þess, að þetta frv. er fram komið, svo að ég hef aðeins litlu við að bæta. Það er þál., sem borin var hér fram fyrir rúmu ári og fór í þá átt að hefja undirbúning undir þetta mál, sem er sú eiginlega orsök til þess, að málið er flutt hér nú í þessu formi, þó að ýmsum hafi áður verið og sé enn ljós nauðsyn þess, að á þessum málum sé ráðin bót. Menn kunna að segja eða kann að finnast, að ríkið teygi sig smátt og smátt inn á mörg þau svið, sem það ekki hefur áður gert, og bindi sér fjárhagslega bagga á mörgum sviðum. En um þetta mál vil ég segja það, að hér er kannske nauðsynin hvað brýnust á því, að ríkið grípi inn í. Það er áreiðanlega eitt af frumskilyrðum þess, að menn geti lifað saman í samfélagi, að hafa neyzluvatn. Ríkið sér ástæðu til að leggja vegi, byggja brýr og leggja síma út um landið, og allt er þetta þarft og gott. En ég vil þó segja, að ekkert þessara atriða sé eins nauðsynlegt og það að hafa gott neyzluvatn, en ástandið í þessum efnum er svo slæmt, eins og hv. frsm. hefur tekið fram, að aðeins 2 af kaupstöðum landsins hafa sæmilega vatnsveitu, en allir hinir lélega og sumir enga, og í kauptúnum úti um land er ástandið sízt betra, þar sem fólk verður sums staðar að nota vatn úr brunnum, þar sem hætta er á, að afrennsli ofanjarðar berist í brunnana og spilli þannig neyzluvatninu. Það er þess vegna ekki unnt að neita hinni miklu nauðsyn á afgreiðslu þessa máls og að úr þessu ástandi verður að bæta, en að því á frv. að miða.

Að sjálfsögðu má deila um það, á hvern hátt ríkið eigi að hlaupa hér undir bagga og veita aðstoð sína, en þegar verið var að semja þetta frv., gátum við ekki komið auga á aðra leið en þá, að ríkissjóður tæki að sér einhvern hluta kostnaðarins við það að koma vatninu frá uppsprettu þess og til kauptúnanna, því að með því væri jöfnuð nokkuð aðstaðan milli þeirra innbyrðis. Sumir kaupstaðirnir eiga í þessum efnum hægt um vik, þannig að kostnaður við þessar framkvæmdir er lítill, því að þeir eiga skammt að sækja í vatn, en á öðrum stöðum er kostnaðurinn við þetta gífurlegur. Ég veit t. d. um einn kaupstað, þar sem ekkert vatnsból er nærri og þarf að leiða til sín vatn úr 10 km fjarlægð og hefur þar af leiðandi þurft að leggja í mikinn kostnað við þetta. Úr þessu mætti hins vegar bæta með ákvæðum þessa frv., ef að l. verður, því að með því er jafnaður nokkuð aðstöðumunur hinna ýmsu kauptúna og kaupstaða og dregið úr kostnaðinum við að koma þessu í framkvæmd og þeim veitt mjög veruleg aðstoð í þessu skyni. Síðan yrði einnig heimild í l. til að veita ábyrgð fyrir láni til þessara framkvæmda, sem náttúrlega getur orðið mjög verulegt. En allt eru þetta till., sem ég fyrir mitt leyti

vil segja, að séu til athugunar og umr. og engan veginn neinar úrslitatill., og mun ég fúslega ræða brtt., ef fram kunna að koma og virtust heppilegar til að leysa málið eftir öðrum leiðum. Höfuðatriðið er það, að fjöldi hreppa, kauptúna og kaupstaða víða um land eiga þessi mál óleyst og er ofviða að leysa þau af eigin rammleik og verða að fá hjálp. Það er ekki aðalatriðið, hvort farin verður sú leið, er frv. gerir ráð fyrir, til þess að veita þessa aðstoð eða einhver önnur, en ég legg ríka áherzlu á, að einhver lausn fáist á málinu og helzt á þessu þingi. Það hefur dregizt nokkuð meir en æskilegt hefði verið að koma þessu máli fram, en ástæðan fyrir því er sú, að það tók vegamálastjóra langan tíma að afla nýrra upplýsinga, sem hann þurfti til að afgreiða málið og hann hefur nú fengið miklu ýtarlegri en liggur fyrir í frv. Það hefur því verið reynt að gera sér grein fyrir kostnaðinum, sem þessu yrði samfara, og liggja nú fyrir hjá vegamálastjóra skýrslur um þetta, en drátturinn á málinu hefur eingöngu orðið vegna þess, að ekki tókst að afla þessara skýrslna fyrr en nú rétt fyrir áramótin. Strax og þessar skýrslur lágu fyrir, var farið að vinna að samningu þessa frv. og það sent hv. Alþ. Ég vildi aðeins láta þessi ummæli fylgja frv. við 1. umr. þess og vil vona, að málið fái einhverja fyrirgreiðslu sem fyrst hér á Alþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. samgmrh., sem hefur átt frumkvæði þessa máls, er ekki viðstaddur. Ég ætlaði að beina til hans fyrirspurn um, hvernig bæri að skilja ákvæði gr. í frv., og tel, að á svari hans velti, hvort ég tel nauðsynlegt að bera fram brtt. við þá gr. Ég vil þess vegna leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá að þessu sinni, þannig að mér gefist kostur á að beina fyrirspurn til hæstv. ráðh., svo að ég geti fengið upplýsingar um þetta atriði og úr því skorið, hvort nauðsynlegt verður fyrir mig að bera fram brtt.

Forseti (BG): Ég tel ástæðu til að verða við ósk hv. þm. N-Ísf. og tek því málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 5. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 331, 361).

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Samgmrh. var ekki viðstaddur hér í d., þegar mál þetta var síðast á dagskrá, en umr. ekki lokið vegna þess, að ég hafði óskað að gera fyrirspurn til ráðh. áður. Nú er ráðh. viðstaddur, og vil ég því leyfa mér að bera fram þá fyrirspurn, hvort ráðh. telur, að 4. gr. frv. nái til þeirra vatnsveitna, sem nú eru ónógar og þurfa skjótra endurbóta við, eða hvort hún eigi aðeins við nýjar veitur. Þetta atriði getur skipt verulegu máli, því að það mun nú allvíða í þorpum og kauptúnum, að brýn nauðsyn er að endurbæta vatnsveitur og endurbyggja, og er kostnaður við slíkar endurbætur oft ekki fjarri því, sem um nýjar veitur væri að ræða.

Ég vil nú þegar láta í ljós þá skoðun mína, að ég tel nauðsynlegt, að slíkar vatnsveitur, sem hér um ræðir, falli undir þessa gr., því að víða mun þörfin fyrir endurbætur vera eins mikil og fyrir nýjar vatnsveitur á öðrum stöðum. Vegna þess taldi ég rétt að fá yfirlýsingu ráðh. um þetta.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og segir í grg. frv., eru ýmissa orsaka vegna á mörgum stöðum ófullnægjandi vatnsveitur, og var það hugsun mín, að ákvæði 4. gr. frv. næði jafnt til þeirra og nýrra, því að víða mun mikil þörf endurbóta. Þess vegna lít ég svo á, að það beri að veita jafnan styrk til endurbygginga og nýbygginga, því að það er oft á tíðum ómögulegt að segja, hvor þörfin er brýnni.

Ef einhverjir hafa fleiri fyrirspurnir varðandi frv., er ég fús að svara þeim, en með því á ég við allt það, er við kemur veitunum sjálfum, en ekki neitt viðkomandi vatnsleiðslunni innan sveitarfélaganna, því að það heyrir undir sveitarfélögin sjálf.

Pétur Ottesen: Það leiðir af sjálfu sér, að við afgreiðslu þessa máls er nauðsynlegt að láta það koma skýrt fram, að 4. gr. á líka við um þær vatnsveitur, sem auka þarf og endurbyggja. Víða er svo komið í kaupstöðum, að þær vatnsveitur, sem fyrir eru, eru algerlega ófullnægjandi. Sums staðar eru pípurnar svo mjóar, að þær flytja ekki nóg vatn, á öðrum stöðum leka þær og skila því ekki nema hluta af því vatni, sem rennur í þær. Af þessu leiðir, að það er brýn ástæða til, að 4. gr. eigi líka við um þær veitur, sem þarf að endurbæta eða endurbyggja. Ef óskað er, teldi ég rétt að taka málið nú út af dagskrá, svo að n. gæti bætt þessu ákvæði í frv., áður en það er afgr. frá þessari hv. d. Ég tel hyggilegt að ganga örugglega frá þessu.

Sigurður Bjarnason: Ég vil þakka samgmrh. fyrir yfirlýsingu hans. Ég tel hana fullnægjandi, þar sem líka engar raddir hafa heyrzt í d. um annan skilning á umræddri gr., og mun ég því láta vera að flytja brtt.

Helgi Jónasson: Nefndin flytur brtt. við 7. gr., um það að sleppa orðunum „í kauptúninu eða kaupstaðnum", en í stað þeirra komi: er vatnsins njóta. Og er þar átt við allar húseignir. Með þessu vildi n. slá því föstu, að þessi l. næðu einnig til sveitaþorpa og sveitabýla, og hefur samgmrh. fallizt á brtt., að þessi ákvæði nái líka til þeirra sveitaþorpa, sem upp kunna að rísa, sem og kaupstaða. Ég vænti, að þessi brtt. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 361 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Sþ., 6. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 371).

Á 66. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið samkv. ályktun, sem gerð var hér á Alþ. fyrir nokkru um þetta efni. Ástæðan til þess, að sú ályktun kom fram, er sú alkunna staðreynd, að mörg þorp, og sérstaklega sjávarþorpin, hafa enga vatnsveitu eða mjög lélega. Þetta er vitaskuld óviðunandi ástand. Víða notar fólk vatn úr brunnum, sem eru ekki nægilega vel einangraðir frá frárennslisæðum.

Vegamálastjóra var falið að gera athugun á þessum málum um land allt, og birtist nú nokkur hluti af niðurstöðum hans. Af þeim má sjá, að víða um land er pottur brotinn í þessu efni, og til þess að ráða bót á þessu ástandi er frv. þetta flutt. Það er farið fram á, að ríkið styrki þær vatnsveitur, sem sveitarfélög gera, og að sá styrkur nemi allt að helmingi stofnkostnaðar við stofnæðina til bæjarins, en bæjarkerfið greiði bæirnir sjálfir.

Víða er mjög erfitt um vatnsveitu, t. d. í Stykkishólmi, sem er nú að leggja vatnsveitu, og er vatnið tekið úr uppsprettu sem er 10 km frá bænum.

Þess er að vænta, að þetta frv. bæti nokkuð úr því ástandi, sem er í þessum málum, og vænti ég þess, að hv. d. sjái sér fært að afgreiða það svipað og Nd. gekk frá því.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er rétt, sem tekið var fram hjá hæstv. ráðh., að það er undir ýmsum kringumstæðum nauðsynlegt að geta stuðzt við l. eins og þessi við lagningu vatnsveitna, og það er rétt, sem hæstv. ráðh. tók fram, að ástandið í þessum málum er mjög slæmt í mörgum þorpum — og aðstaðan getur verið erfið, þó að löng leið sé ekki fyrir hendi.

Það er eitt atriði, sem ég vildi minna á. Ég sé ekki, að í þessu frv. felist nein heimild til þess að styrkja vatnsveitur, sem nýbúið er að ljúka við eða nú eru í framkvæmd, og getur þó verið fullkomin ástæða til þess, þar sem slíkar framkvæmdir hafa verið gerðar á síðustu árum. Ég tel það ekki síður nauðsynlegt og hefði því kosið, að frv. yrði breytt í það horf, að heimilt sé að styrkja vatnsveitur, sem hafa verið framkvæmdar á síðustu 2 árum eða eru nú í framkvæmd, og mætti setja þess konar skilyrði, að verkið sé þannig unnið, að það sé styrkhæft samkv. öðrum ákvæðum frv. Ég taldi rétt að breyta þessu nú þegar við 1. umr., því að ég tel þetta réttlætisatriði.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. þm. Str. taldi rétt að taka með þær vatnsveitur, sem þegar er búið að gera. Ég skal engan dóm á það leggja, en það, sem mér virtist, að mundi þurfa þröng ákvæði um, eru hinar ónógu vatnsveitur. Það eru víða komnar vatnsveitur, sem eru gersamlega ófullnægjandi og þurfa viðbætur. Það er ekki hægt að segja, að það heyri undir 2. gr. Þar sem vatnsveitur eru til, þarf víða að taka upp pípurnar o. s. frv., og þá þarf að vera fast ákvæði um það í 1., en að þessu leyti er þetta frv. ófullnægjandi. En ég vildi gjarnan vita, hvort ætlazt er til, að l. beri að skilja svo, að þetta heyri undir það, sem þar er sagt, eða hvort meiningin er að leggja það í vald ráðh. Ég vildi gjarnan heyra álit hæstv. ráðh. um þetta, og n. ætti að athuga þetta atriði vel. Mér er kunnugt um staði, þar sem miklu þarf að breyta og gera við, og svo aðra, þar sem lítið þarf að gera við, en ekki þörf nýrrar veitu. Nú vildi ég heyra, hvernig þetta atriði er hugsað og hvar markalínan er dregin og hvort viðgerðir koma hér undir eða ekki.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, skal ég segja það, að í Nd. var nokkuð rætt um þetta atriði, og var samhljóða álit þeirra, sem um það fölluðu, að frv. mætti skilja svo, að heimilt væri að veita styrk til endurbóta, ef þær endurbætur færu fram þannig, að samkv. ákvæðum frv. væri vatnsveitan styrkhæf, en vera má, að það þurfi að orða það greinilegar.

Út af því, sem hv. þm. Str. sagði, þá er það rétt, að ekki er gert ráð fyrir því að styrkja þær vatnsveitur, sem þegar er búið að gera, og ef svo ætti að vera, að veita styrki aftur í tímann, yrði vitanlega að breyta frv.

Það, sem áherzla er lögð á, er að styrkja fyrst og fremst þá staði, þar sem engin vatnsveita er fyrir. En ég get vel trúað, að ýmsir hafi skapað sér þungar skuldabyrðar, en það er ekki hægt að fara ótakmarkað aftur í tímann. Aðaláherzluna verður að leggja á að hjálpa þeim, sem mest þurfa þess með í svipinn, og draga úr þeim fjárhagslegu erfiðleikum, sem víða eru á því að koma upp viðunandi vatnsveitum. En um hitt má svo deila, hvort hlaupa skuli undir bagga með þeim, sem þegar hafa ráðizt í framkvæmdir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. er flutt af heilbr.- og félmn., en gert ráð fyrir því, að það heyri undir hæstv. samgmrh.

Ég hef hugsað mér að bera fram nokkrar brtt. við þetta frv., og vildi ég gjarnan minnast á þau atriði við hæstv. ráðh., áður en málið fer í n., m. a. vegna þess, að ég hef tekið sæti í heilbr.- og félmn. Mér þætti þess vegna vænt um að heyra afstöðu hæstv. ráðh. í meginatriðum gagnvart þeim brtt., sem ég hef hugsað mér að bera fram við þetta frv.

Ég hef hugsað mér, að inn í frv. verði tekið að styrkja megi einnig aðalæð gegnum þorp. Víða er svo háttað, að stutt er til sjálfs upptökusvæðisins, en aðalkostnaðurinn fyrir þorpið getur legið í því, hversu leiðslan gegnum það er löng, kannske 1000 m.

Í öðru lagi tel ég nauðsynlegt, að tekið sé inn í frv., að heimilt sé fyrir þorp að kaupa vatnsveitur einstaklinga, því að í framtíðinni verður það vitanlega þannig, að bæir og sveitarfélög eiga að eiga vatnsveiturnar, en ekki einstaklingar. Og verði um

það ágreiningur, þá sé heimild í þessum l. fyrir því, að einstaklingar, sem eiga veiturnar, megi leggja sama vatnsskatt á vatnsveitur til þess að standa undir kostnaði við þær, þar til samkomulag hefur náðst við þorp eða sveitarfélag um kaup á vatnsveitunni.

Í þriðja lagi tel ég rétt, að sett sé í frv., að sami styrkur sé veittur til sveitarstjórna, þar sem einn eða fleiri bæir í sveit koma að sér vatni. Það er engu síður nauðsyn á aðstoð til sveitabæja, og það er jafnmikið heilbrigðisatriði fyrir þá eins og aðra og knýjandi þörf. Ég álít, að það verði heldur ekki tiltölulega meiri kostnaður að koma vatninu heim að hverjum bæ í sveit en að hverju húsi í bæ. Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta eða hvernig mætti koma þessu fyrir, því að ég mun tala um þetta nánar í n.

Ég mun einnig bera fram brtt. um það, að í staðinn fyrir styrk sé veitt vaxtalaust lán, sem sé það endurgreiðist, ef vatnsveitan sjálf getur orðið fjárhagslega sterkt fyrirtæki innan ákveðins tíma. Mér er ljóst, að í langflestum tilfellum eru vatnsveitur fjárhagslega sterk fyrirtæki, þó að ekki sé tekinn þungur vatnsskattur. Þá er eðlilegt, að lánið sé endurgreitt vaxtalaust til ríkissjóðs, þegar svo er komið, að vatnsveiturnar eru færar til þess, og sé þá ákveðið um leið, að vatnsskatturinn verði ekki lægri en í bæjum eða því sem næst, sem lagt er á fasteignir þar. Vatnsskattur, sem þannig yrði tekinn af jörðum í sveit, yrði sennilega bezt innheimtur á sama hátt og í þorpum, og jarðeigendur bæru ábyrgð á gjaldinu, en leigjandinn borgaði þá þeim mun hærri leigu eða afgjald sem því svaraði, og er þetta þá líkt og tíðkast í kaupstöðum, að húseigendur bera ábyrgð á þessu gjaldi. Ég mun síðar ræða þetta í n., en ég vildi gjarnan fá að heyra álit hæstv. samgmrh. um þetta.

Þá vil ég breyta 7. gr. nokkuð, og tel ég að hún verði að breytast aftur í sitt fyrra horf.

Mér er ljóst, að víða út um land eru til vatnsveitur, sem eru svo ófullnægjandi, að vart verður unað við, þar sem hvert hús hefur orðið að taka vatn fyrir sig. Slíkar vatnsveitur eru ekki nema til bráðabirgða. Það er nauðsynlegt, að sveitastjórnir hafi rétt til þess að taka skatt af þessum húsum og krefjast þess, að þau falli inn í kerfið, eins og gert er samkv. l. um vatnsskatt fyrir Reykjavík.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég skil það nú svo, að hæstv. ráðh. taki þessum bendingum, sem ég gaf í sambandi við umr. um þetta frv., ekki ólíklega, enda mun það sjást, þegar málið verður athugað, að þetta er sanngirnismál, sem ég hreyfði hér. Það fylgja þær skýringar þessu frv., að endurbætur á vatnsveitum séu styrkhæfar og aðstoðarhæfar samkv. 6. gr. frv., og er því auðsætt, að veitur, sem gerðar eru t. d. fyrir styrjöld, og kosta ekki nema lítið brot af því, sem þær vatnsveitur kosta, sem gerðar hafa verið á síðustu árum, hafa allt aðra og miklu betri fjárhagslega aðstöðu. Og þess vegna hafa þær í raun og veru miklu minni þörf fyrir styrk eða lán, þó að gerðar séu einhverjar endurbætur á þeim, sem kosta bæjarfélagið ekki svo mjög mikil fjárútlát. Slíkt væri miklu minni þörf en að styrkja vatnsveitur, sem gerðar eru á styrjaldartímabilinu, þegar allar framkvæmdir hafa orðið svo dýrar og sveitafélögunum um megn. Ég skildi þetta líka svo, að hæstv. ráðh. tæki þessu vel, ef nokkrar veitur væru styrktar, en því væri mjög þröngur stakkur sniðinn í l., hvaða veitur, sem þegar hafa verið byggðar, komi þar til greina. Í þessu sambandi minntist hæstv. ráðh. á vatnsveituna í Stykkishólmi, en í Stykkishólmi stendur alveg sérstaklega á. Þar voru að vísu vatnsveitur, en mjög ófullkomnar, og ég geri ráð fyrir, að allmörgum hv. þm. sé kunnugt það mál. Þar var lagt í á styrjaldarárunum að byggja vatnsveitu, sem reynzt hefur svo dýr framkvæmd, að menn geta ekki risið undir slíkum kostnaði, sem af henni leiðir. Það stendur einnig líkt á á Hólmavík. Þar hefur verið ráðizt í að gera vatnsveitu, og hefur verið ráðizt í báðar þessar framkvæmdir á þeirri forsendu, að lagaákvæði svipuð þeim, sem nú á hér að samþ., yrðu samþ. Ég ætla ekki að rekja neitt þetta mál, en ég veit, að hv. dm., kannske öllum, er það í fersku minni, að það var um það deila í hv. Nd., af hverju það stafaði, að ekki kæmi fram frv. um þetta atriði, áður en vatnsveitan í Stykkishólmi væri byggð. En þess gerist ekki þörf að ræða það að öðru leyti hér. Þessar vatnsveitur eru þess vegna byggðar eftir þeirri forsendu, að svipuð lagaákvæði sem hér eru á ferðinni kæmu til framkvæmda, áður en þær yrðu fullgerðar. Samkvæmt frv., ef að l. verður, finnst mér vafasamt og reyndar augljóst, að veitan í Stykkishólmi kemur ekki undir þessi ákvæði. En hún var einmitt nefnd af hæstv. ráðh. sem dýr veita, og það réttilega, sem þörf væri að styrkja, sem er alveg rétt, og mér hefur verið skýrt frá, að þessi vatnsveita sé svo dýr, að hún sé þorpsbúum þungur baggi, ef ekki of þungur baggi. Sama máli gegnir um þá vatnsveitu, sem ég ber fyrir brjósti, vatnsveituna á Hólmavík, sem hefur orðið nokkuð kostnaðarsöm, og er sérstaklega óþægilegt fyrir þorpið að geta ekki fengið hagkvæmt lán til hennar vegna annarra framkvæmda, sem þorpið þarf að ráðast í. Ég þarf ekki frekar að eyða orðum að þessu. Ég geri ráð fyrir því eftir undirtektum hæstv. ráðh., að auðvelt verði að ná samkomulagi um þetta. En ég er honum sammála um, að takmörkin fyrir því, að veitur, sem nú er verið að ljúka eða verið að gera og nái undir þessi ákvæði, verði að vera mjög þröng. Og mér er vel ljóst, að vatnsveitan í Stykkishólmi ætti að ná undir ákvæði frv. eftir eðli málsins, en vafasamt, hvort hún getur verið það eftir ákvæðum frv., eins og það liggur fyrir.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég þarf ekki að taka til máls út af því, sem hv. þm. Str. sagði, því að það má svo heita, að við séum í aðalatriðum sammála. Ég fyrir mitt leyti get fallizt á, að þetta verði látið eitthvað ná til þeirra vatnsveitna, sem búið er að ljúka við og er nýlokið, ef þessu yrði haldið innan þröngra marka og það verður ekki til þess að taka það fé, sem fyrir hendi er, til þeirra framkvæmda, sem búið er að gera fyrir nokkru síðan.

Ég vil hins vegar fara nokkrum orðum um brtt. hv. þm. Barð., sem hann boðaði hér áðan og voru fjórar að tölu. Fyrsta brtt., sem hann nefndi, var sú, að hann vildi leggja til, að auk þess sem styrktar væru aðalæðar til bæjar og sveitar og boranir í sambandi við þær, þá yrði einnig styrkhæf ein aðalæð gegnum þorp. Út af fyrir sig má vitanlega deila um það, hvar eigi að setja mörkin í þessu, en ef farið verður út í það að styrkja eitthvað af bæj-

arkerfinu, þá fer fyrst fyrir alvöru að verða erfitt að setja mörkin, því að stundum er það svo, eins og hv. þm. veit og lýsti, að það er ein ákveðin aðalæð, sem liggur gegnum þorpið og hefur þann eiginleika, sem aðalæð hefur. En eins oft, þegar ein aðalæð er komin til þorpsins eða bæjarins, kvíslast hún í margar æðar, sem eru svo jafnar, að það er mjög erfitt að setja þar mörkin. Mér virðast aðalrök hv. þm. Barð. fyrir þessu vera þau, að það gæti verið um tilfelli að ræða, þar sem stutt væri í vatnsbólið og aðalkostnaðurinn lægi þess vegna í þessari aðalæð. En um slík tilfelli vil ég þá segja það, að þeir staðir, sem þannig eru settir, eru svo vel settir samanborið við hina, að þeir ættu ekki að þurfa á miklum styrk að halda. Ég vil, í það minnsta á þessu stigi, ekki slá því föstu, hvort hægt væri endanlega að gera þetta upp vegna tekniskra örðugleika, hvað er aðalæð og hvað er aukaæð, og af því tel ég, að dæmi það, sem hv. þm. tók, sanni ekki, að það beri skilyrðislaust út í þetta að fara.

Þá minntist hv. þm. Barð. á það, að hann mundi bera fram brtt. um að heimila einstaklingum að leggja á vatnsskatt, þar sem þeir stæðu undir eða hefðu með þennan rekstur að gera og sveitarfélög hefðu ekki haft með málið að gera, eins og sveitarfélögum mundi vera heimilt, ef þau hefðu þann rekstur með höndum. Ég fyrir mitt leyti vildi mega vænta þess, að þessi vatnsveitumál væru yfirleitt í höndum sveitarfélaga, og það er áreiðanlega sú eðlilegasta lausn málsins (GJ: Ég sagði, að ég vildi leggja til, að sveitarfélögin gætu keypt), en þar sem málið væri ekki komið á þann rekspöl, skildist mér hv. þm. vilja leyfa einstaklingum að leggja á vatnsskatt, ef þeir rækju vatnsveitu. Það má út af fyrir sig greiða þeim einstaklingum og náttúrlega sjálfsagt, að þeir þurfa að fá sinn kostnað endurgreiddan, en ég held, að það væri rétt að miða þessa lagasetningu við það, að sveitarfélögin væru þeir aðilar, sem rækju þessi fyrirtæki, en síður hitt, að það væru einstaklingar. Og væru l. miðuð við sveitarfélög, yrði það til þess að færa veiturnar úr höndum einstaklinga til sveitarfélaganna og þá hygg ég að sé rétt stefnt.

Þá sagði hv. þm. Barð., að hann mundi flytja brtt. um það, að þar sem einn eða fleiri sveitabæir legðu í vatnsveituframkvæmdir, yrðu þær vatnsveitur jafnt styrkhæfar og þær veitur, sem styrktar væru í þorpum og sveitarfélögum, og hv. þm. sagði, að það væri ekki síður nauðsynlegt og jafnmikið heilbrigðisatriði fyrir bæina eins og þorpin. Það kann nú að vera, að þetta sé svo. En ég vildi segja, að í þorpum væri margfalt meiri sýkingarhætta en á sveitabæjum, og þá sérstaklega í þeim þorpum og þéttbýli yfirleitt, þar sem frárennsli er kannske ekki í bezta lagi. Þar er miklu meiri hætta, sem stafar af ófullnægjandi drykkjarvatni, t. d. yfirborðsvatni, heldur en á sveitabæjum, þar sem jarðvegurinn er yfirleitt hreinni og ósýktari. En um það má líka deila, hvort ekki á líka að hjálpa á einhvern hátt sveitabæjum í þessum efnum, en ég er ekki viss um, að rétt sé að bæta því hér inn í frv. og hvort það á að vera vaxtalaust lánað er í sjálfu sér styrkur, og hvort heldur verður gert, verður hv. d. að meta. En ég held, eða styrkur. Vaxtalaust lán eins og þetta er orðað hér, yrði styrkurinn ekki meiri en svo, að vatnsveitur gætu orðið fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og gætu staðið undir kostnaði. Tel ég það þó mjög vafasamt með núverandi verðlagi, að þær gætu það, nema afskrifað sé svo og svo mikið af stofnkostnaðinum.

Annars er ekki gott að taka afstöðu til brtt., nema maður viti, hvernig þær eru formaðar. Og ég áskil mér rétt til þess að taka ákvörðun um þær, þegar þær liggja fyrir.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Á ýmsum tímum hafa verið lagðar fram óskir um, að eitthvað svipuð löggjöf og hér liggur fyrir í frvformi næði lögfestingu. Ég vildi út af því, sem sagt hefur verið, og þá sérstaklega út af því, sem sagt var um Stykkishólm, geta þess, að þó að svo kunni nú að vera, að þetta frv. nái ekki til þess mannvirkis, sem þar hefur verið framkvæmt og er nærri fullgert og hefur orðið þorpsbúum þungur baggi, þá er ég sammála þeim, sem hafa minnzt á þann stað, að slík mannvirki ættu að geta notið styrks. Hér var í þessu sambandi minnzt á Hólmavík. Ég vil geta þess líka, að í mínu kjördæmi, Vestmannaeyjum, er mikil þörf á því að ná til vatns á einhvern hátt, og hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til þess. Ég vil líka viðurkenna, að hv. Alþ. hefur á ýmsum tímum litið í náð til Vestmannaeyinga, hvað snertir styrk til vatnsleiðslu þeirra, með sérstökum framlagsákvæðum.

Það hefur verið gert talsvert að því í Vestmannaeyjum á þessu ári undir handleiðslu rafmagnseftirlits ríkisins að bora eftir vatni, og þær aðgerðir hafa orðið talsvert kostnaðarsamar, en það sorglega er, að þær hafa ekki borið þann árangur, sem jarðfræðingar, sem þar hafa verið ráðgjafar, höfðu gefið vonir um, svo að það horfir svo við þar, að einhvern tíma í framtíðinni mun sennilega verða snúið sér að því, að tekin verður upp önnur leið, t. d. að leiða vatnið frá landi, ef það væri hugsanlegt, sem sennilega er hugsanlegt frá tæknilegu sjónarmiði. En um það skal ég ekki ráðgera neitt að þessu sinni. En hvað Stykkishólmi viðvíkur, sem hér hefur verið minnzt á, þá bar það mál þannig að, að hv. þm. Snæf. flutti till. um það hér, ef ég man rétt, fyrir 3 árum eða svo, að ríkissjóður skyldi ábyrgjast lán vegna fyrirhugaðrar vatnsveitu í Stykkishólmi. Þetta mál náði af einhverjum ástæðum ekki fram að ganga. Svo var það snemma á starfstíma nýbyggingarráðs, að oddvitinn í Stykkishólmi kom á fund ráðsins til þess að ræða vandræði sín í þessu efni. Nú er það að vísu svo, að ef til vill hefði nýbyggingarráð mátt þá segja strax, að slíkt mál væri ekki innan ramma þess l. að athuga um vatnsveitu Stykkishólms. En sú löggjöf, sem nýbyggingarráð starfaði eftir og starfar enn, var landslýðnum tiltölulega lítið kunn, og menn gerðu sér margir hverjir rangar hugmyndir um, hvers sú stofnun væri megnug og hvað hún mætti sín. Ég þekkti vel að mörgu leyti þetta mál sem þm. og vissi, að það hafði verið leitað til hv. Alþ. að fá styrk á einhvern hátt til þessara framkvæmda, og einnig varaformaður ráðsins, hv. 2. þm. Reykv. Við vorum kunnugri því máli en sumir aðrir, og þess vegna var það svo, að þegar oddvitinn í Stykkishólmi og fleiri góðir menn úr því héraði komu til okkar og lögðu fyrir okkur skýrslur um ástandið þar í vatnsveitumálum þorpsins, fannst okkur í nýbyggingarráði, þrátt fyrir það að á einhverjum forsendum væri hægt fyrir okkur að segja, að það lægi ekki fyrir okkur að skipta okk-

ur af því máli, ástandið þar svo alvarlegt, að við gætum ekki látið það fram hjá okkur fara, úr því að til okkar væri leitað. Og ég hygg, að Alþ. eða ríkisstj. hafi ekki líkað það illa. Okkur datt í hug að benda þeim á að leita fyrirheits stjórnmálaflokkanna um eðlilega afgreiðslu á þingi og ráðlögðum þeim að hefjast handa í málinu, þegar það fyrirheit væri gefið. Eftir þessari ráðleggingu fóru þeir svo, og ég hygg, að hver og einn í nýbyggingarráði hafi stutt að því við sinn flokk, að greitt væri fyrir íbúum Stykkishólms, eins og ég greindi. Það má segja, að þar hafi líka mikla nauðsyn borið til, því að í þessu þorpi er um 700 manns og enn fremur sjúkrahús, en ekkert vatn. Það ástand fannst okkur svo slæmt, að ekki mætti dragast að bæta úr því. Svo var ráðizt í að panta vatnsleiðslupípur, og hefur það kannske gengið seinna með það en menn gerðu sér vonir um í fyrstu. En stjórnmálafl. tóku allir jákvætt undir það að styðja þetta mál. En íbúar Stykkishólms eru þarna, eins og bent hefur verið á, með fyrirtæki, sem er tilkomið á annan hátt en rætt er um að styrkja samkvæmt ákvæðum þessa frv. Ég fyrir mitt leyti álít, að þá ættu þeir aðrir, sem líkt er ástatt fyrir og þessum aðilum — og þar á ég við þá staði, sem hv. þm. Str. minntist á, og mitt kjördæmi — slíkir staðir, sem hafa varið miklu fé í þessu skyni, þar sem annað hvort vatnsveita er komin langt eða komin á veg, ættu að minni hyggju, ef unnt er, að njóta einhverra fríðinda af þeirri nýju löggjöf. Vonast ég til þess, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi þessa hlið málsins.

Mér fannst rétt að skýra frá því, hvernig þetta mál bar að, sérstaklega viðkomandi Stykkishólmsvatnsveitunni, aðdraganda þess máls og hvernig stuðningur Alþ. við það mál var undirbúinn, af því að hér var stigið ákaflega stórt spor, hvað þetta pláss snertir. Og ekki síst fannst mér rétt að taka þetta fram vegna þess, að það var stofnun, sem ég veitti forstöðu, sem tók að sér að standa við hlið Stykkishólmsbúa í þessu þeirra mikla vandamáli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 371, n. 546).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta mál ýtarlega á nokkrum fundum, og er hún öll sammála um, að nauðsyn beri til, að það nái fram að ganga á þessu þingi, og væntir þess, að hv. dm. fallist á brtt. hennar og samþykki þetta frv. Eins og þetta frv. er nú, er ætlazt til, að ríkið veiti sveitarfélögum óafturkræft framlag til að koma upp vatnsveitum eða til að standast kostnað af stofnæðum eða aðalæðum, og eru þar með taldir vatnsgeymar, dælur og jarðboranir, en ekki er ætlazt til aðstoðar ríkisins við dreifingu vatnsins um bæjarkerfi. Nú er það ljóst, að þannig hagar til á sumum stöðum, að kostnaður við byggingu geyma, boranir og aðalæðar er ef til vill hverfandi lítill, en kostnaður við dreifingu vatnsins um götur og inn í húsin er ef til vill meginkostnaðurinn við vatnsveituna. Þegar svo hagar til, er eðlilegt, að sveitarfélagið greiði sjálft kostnað við aðalæðar eða stofnæðar, en þó að ríkið gerði það, en veitti enga aðstoð við dreifingu vatnsins um bæjarkerfi, er hætt við, að dreifingin á þessum stöðum kæmist ekki í viðunandi horf svo fljótt sem æskilegt væri. Þess vegna vill n. fá þessu breytt í það horf, að ríkið veiti ekkert óafturkræft framlag til stofnæða vatnsveitna, heldur lán, allt að helmingi stofnkostnaðar við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir, ef nauðsyn krefur eða sannað þykir, að vatnsveitan standi ekki undir sér sjálf með hæfilegum vatnsskatti. Má veita lánið vaxtalaust og afborgunarlaust fyrstu 10 árin, en eftir þann tíma skal það endurgreitt á 20 árum með jöfnum afborgunum og 4% ársvöxtum. Auk þessa er ríkisstj. heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu, að svo eða svo stórum hluta dreifingarkostnaðar vatnsins, en þó má vaxtalaust lán til stofnæða og ríkisábyrgð á dreifingarkostnaði í bæjarkerfum aldrei fara samanlagt yfir 85% af stofnkostnaði allrar veitunnar, og er í þessu sambandi miðað við hliðstæður í l. um rafveitur og raforkuver. N. leggur áherzlu á það, að áður en slík aðstoð sé veitt, verði látin fara fram fullkomin kostnaðarrannsókn eða áætlun um það hvort fyrirtækið muni bera sig fjárhagslega. Og ef það sýnir sig, að það muni bera sig, veiti ríkið ekki neitt lán, svo framarlega sem ábyrgðin ein dugar og er nægileg aðstoð. Sé hins vegar sjáanlegt, að slík fyrirtæki muni ekki bera sig, þá verði farið inn á þá braut að veita vaxtalaus lán.

N. þótti ekki ástæða til, að í þetta frv. yrðu sett ákvæði um það, hvernig haga skuli undirbúningi vatnsveitufram kvæmda, eins og hv. Nd. tiltók, vegna þess að slík fyrirmæli hafa þegar verið sett inn í vatnalögin, og þar er tekið fram allt, sem máli skiptir um slíkan undirbúning.

Þá þótti n. rétt, að fjárhagsleg aðstoð ríkisins næði til allra sveitarfélaga, sem komið hafa upp vatnsveitum síðan 1942, ef vitað er, að þau eiga í fjárhagsörðugleikum vegna þeirra framkvæmda, og loks þótti n. rétt að aðstoða sveitafélög við kaup á vatnsveitum í eigu einstakra manna eða félaga innan sveitafélagsins, þótt sumpart séu þessar veitur ef til vill aðeins fyrir einhvern hluta af viðkomandi þorpi. Og til þess að ekki sé unnt að koma í veg fyrir, að þær séu endurbættar og stækkaðar, svo að þær nái ekki aðeins til alls þorpsins, heldur sé og gert ráð fyrir stækkun þorpanna, þarf ríkið að aðstoða sveitarfélög við að eignast þessar veitur, og náist ekki samkomulag við eigendur um sölu þeirra, er heimilt að beita eignarnámi. N. hefur á því fullkominn skilning og leggur áherzlu á, að lífsnauðsyn sé fyrir bæi og þorp að hafa vatnsveitur í lagi og nægilegt og gott vatn fyrir alla íbúa sveitarfélagsins, bæði með tilliti til hreinlætis og þæginda, lífs og heilsu íbúanna. N. leggur því áherzlu á, að sem flest sveitarfélög njóti aðstoðar við framkvæmdir í þessu efni, ef þau þurfa á aðstoð að halda, og heldur því fram, að með breyt. þeim, sem hún leggur til, að gerðar verði á frv. frá því, sem Nd. gekk frá því, verði aðstoðin við sveitarfélögin sjálfum þeim notadrýgri en jafnframt áhættuminni fyrir ríkið. N. leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi breyt., sem ég skal nú drepa á:

Við 1. gr. Þeirri gr. er breytt þannig, að ríkissjóður veitir fjárhagslega aðstoð í stað styrks.

Við 2. gr. Þar er gert ráð fyrir, ef sveitarfélag vill koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, að sveitarstjórn leiti samþykkis ráðh. til framkvæmdanna að loknum undirbúningi, eins og fyrir er mælt í 28. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, því að í þessari lagagr. þykir n. skýrar tekið fram, hvernig öllum undirbúningi skuli háttað, en í 2. gr. frv. á þskj. 371.

Við 4. gr. Þessi gr. er umsamin. Er þar komið inn á, að ríkið veiti fjárhagslega aðstoð, ef vatnsveitan fær ekki nægilegar tekjur af vatnsskatti, vaxtalaust og afborganalaust lán fyrstu 10 árin, er endurgreiðist eftir þann tíma á 20 árum með jöfnum afborgunum og 4% vöxtum. En ef sýnt er, að vatnsveitan muni standa undir sér fjárhagslega, þykir engin ástæða til aðstoðar í því efni.

Við 5. gr. Þessi gr. er einnig orðuð um, og fjallar hún um það, að ríkinu sé heimilt að ábyrgjast allt að 85% allrar veitunnar, og nær það einnig til dreifingarkerfis vatnsins, þar eð hjálpin er ekki alls staðar nægileg, ef aðeins er átt við stofnæðar eða aðalæðar.

Við 6. gr. Þar er sett inn það fyrirmæli, að aðstoð ríkisins skuli einnig ná til vatnsveitna, sem sveitarfélög hafa eignazt síðan 1942, ef þau fyrirtæki geta ekki staðið undir sér fjárhagslega, enda uppfylli þau fyrirmæli l. að öðru leyti.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, þar sem svo er fyrir mælt, að ríkið veiti sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð til að kaupa vatnsveitur, ef þau óska þess. Samþykki ráðh. slík kaup, nýtur sveitarfélag í slíku tilfelli sama réttar til fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr., og einnig er veitt heilmild til eignarnáms, ef sveitarfélag kemst ekki að samkomulagi við eigendur um kaup á veitu.

Þá var gerð sú breyting á 7. gr. í Nd., frá því sem sú gr. var áður, eins og segir á þskj. 361 með leyfi hæstv. forseta: „Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta.“ N. þótti sem þetta orðalag gæti valdið misskilningi og það gæti valdið togstreitu í þá átt, að menn gætu neitað að leiða inn vatn hjá sér og þættust ekki skyldugir til þess né að greiða vatnsskatt. N. óskar því eftir, að gr. sé orðuð öðruvísi, að í stað orðanna „er vatnsins njóta“ komi: á veitusvæðinu — og verður þá ekki deilt um, að leyfilegt sé að leggja vatnsskatt á hvert hús á veitusvæðinu, og hverfur þar með sá möguleiki til togstreitu, að einhverjir gætu neitað að notfæra sér vatnsveitu sveitarfélags.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar, en vænti þess, að allar brtt. heilbr.- og félmn. verði samþ. Um þetta mál var enginn ágreiningur í n., allir nm. hafa undirritað nál. og eru samþykkir því, að frv. verði afgr. með þessum breyt.

Umr. frestað.

Á 100. fundi í Ed., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni var haldinn fundur í heilbr.- og félmn. um það, hvort ekki væri rétt að láta hluta af sveitarfélögum hafa í þessu efni sama rétt og heil sveitarfélög, ef þau fullnægðu vissum skilyrðum og rík þörf væri fyrir vatnsveitur. N. sá ekki ástæðu til þess að flytja brtt. um þetta, en álítur hins vegar sjálfsagt, að hluti af sveitarfélagi hafi sama rétt til að koma upp vatnsveitu. Ég tel ekki ástæðu að ræða þetta frekar.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að ég vil aðeins minnast á eitt atriði, sem þm. Barð. kom inn á. Samkv. þessu frv. er aðstoð við vatnsveitur bundin við sveitarfélög, en ég held, að það geti komið þau tilfelli, að ástæða sé að veita styrk til vatnsveitu, þó að ekki standi að henni heilt sveitarfélag. Ég veit um eitt dæmi um þetta, það er Glerárþorp. Það þurfti að koma upp vatnsveitu, en hafði hins vegar ekki það sterka aðstöðu í sveitarstjórninni, að hún tæki málið að sér. Þess vegna var stofnað félag í þorpinu til þess að koma þessu í framkvæmd. Verkið var hafið nú á stríðsárunum, og vegna dýrtíðar og óhappa varð verkið óeðlilega dýrt, t. d. voru skurðir grafnir að hausti í von um, að vatnsrörin kæmu þá þegar, en sú von brást með þeim afleiðingum, að skurðirnir féllu saman um veturinn, og varð að grafa þá að nýju um vorið. Þessa vatnsveitu er því rík þörf að styrkja. Eftir frv. virðist mér, að sveitarstjórnin verði að hafa forgöngu um að fá slíkan styrk, en ef til vill gerir hún það alls ekki. Ég tel því nauðsynlegt, að skýr ákvæði séu um, að þessi l. nái líka til vatnsveitufélaga.

Það má vera, að eftir að búið er að setja í l., hvaða skilyrði viðkomandi einstaklingar og héruð þurfi að uppfylla til að geta notið þessa stuðnings, þá sé hægt að koma því þannig fyrir, að hluti úr sveitarfélagi yrði þess aðnjótandi, án þess að slík breyt. sé sett í l., en a. m. k. varðandi framkvæmdir, sem gerðar hafa verið og eðlilegt er, að séu styrktar samkv. tilgangi frv., þá held ég, að sé eðlilegt að gera þá breyt., sem ég hef talað um. Ég ætla samt ekki að flytja brtt. við 2. umr., vegna þess að það þyrfti kannske að orða hana inn í fleiri gr. og mundi verða ýmist við frv., eins og það er flutt, eða brtt. n., og mun ég því geyma til 3. umr. að flytja brtt., en vil þó minnast á það þegar við þessa umr. Ég veit ekki, hvort n. sér ástæðu til þess, en þó mundi mér þykja það til bóta, ef hún vildi athuga þetta nánar en hún hefur gert, áður en málið kemur aftur til meðferðar við 3. umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil benda hv. 6. landsk. á, að ég hygg, að þetta komi undir 6. brtt. á þskj. 546, þar sem stendur: „Nú óskar sveitarfélag að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga, sem fyrir kann að vera á veitusvæði þess o. s. frv.“ Ef þetta er hluti af hreppi, kemur það undir 6. gr. Annars hlýtur sá skilningur að vera hjá hverju sveitarfélagi, að það mundi uppfylla það form, sem þarf til þess, að hluti sveitarfélagsins gæti notið þessa styrks. Mér er ómögulegt að skilja, að sá einstrengingsháttur sé fyrir hendi hjá nokkru sveitarfélagi, að það mundi neita um slíkt. Það stendur líkt á um lendingarbætur. Það eru stundum hafnarbætur á fleiri en einum stað í sama hrepp. Ég þekki til, að það séu lendingarbætur á þremur stöðum í sama hrepp, en þeir verða allir að hafa framkvæmdirnar undir forustu hreppsn., og það hefur verið höfuðsjónarmið hjá þeim að útiloka frá öllum styrk einstaklinga, hvort

sem það hafa verið einstakir menn eða félög einstakra manna, ef það hefur ekki verið fullkomlega undir stjórn hreppsfélagsins. Ég er þess vegna fús til að taka til athugunar hverja þá brtt., sem kemur fram, sem gæti gert þetta mál ljósara, svo að það geti betur náð þeim tilgangi, sem til er ætlazt í frv. N. mun athuga það milli umr., og getur hv. 6. landsk. rætt um þetta sérstaklega. Mér hefur aldrei dottið annað í hug en að Glerárþorp ætti að njóta þessa stuðnings. Það stendur svipað á um fleiri staði, t. d. Vík í Mýrdal. Mér er ekki kunnugt um, hvort það kauptún er sérstakur hreppur, en ég hygg, að svo sé ekki. Búðardalur hefur enga vatnsveitu enn. Mér dettur ekki í hug annað en að hann eigi að fá styrk samkv. þessum l. Bíldudalur er partur úr hreppi. Þar er einkaveita. Þetta ákvæði er sett m. a. til þess, að hreppur geti keypt slíka vatnsveitu, til þess að ekki sé hægt að stöðva framkvæmd vatnsveitu, því að það getur verið vatnsveita um meginhluta þorps og svo kæri viðkomandi aðilar sig ekki um að halda áfram. Þá er gert ráð fyrir, að hægt sé að taka slíka vatnsveitu eignarnámi og hún njóti þá sömu hlunninda og aðrar veitur. Sem sagt, ef brtt. kemur um þetta milli 2. og 3. umr., þá skal hún verða tekin til athugunar í n. og reynt að ganga svo frá því, að enginn vafi sé á, að þetta þorp eigi rétt á þessu, en það verður þá að uppfylla öll eðlileg skilyrði og m. a. það, að bak við liggi samþykki hreppsins, því að það er hann, sem á að ábyrgjast. Ríkissjóður á að ábyrgjast allt að 85% og á kröfu fyrst og fremst á hreppinn. Það er ekki hægt að ábyrgjast svona framkvæmdir fyrir einstaklinga, þar sem hægt er að skipta um eigendur ár frá ári.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil taka strax fram, að ég er dálítið hræddur við till., ef fram kæmi, líka þeirri, er hv. 6. landsk. hefur boðað. Það eru mýmörg dæmi um einstaklingaveitur, sem í sumum tilfellum eru gamlar og ófullnægjandi og ná til hluta af kauptúni, sem er hluti af hreppsfélagi. Ef slíkar gamlar veitur eiga að fá sama rétt og heildarveitur sveitarfélaga, þá geta þær um ófyrirsjáanlega framtíð staðið í vegi fyrir, að hægt sé að koma á heildarveitu fyrir sveitarfélag eða þorp. Það er vel hugsanlegt, ef þarna er sett inn í frv., að vatnsveitufélög skuli hafa sama rétt og sveitarfélög, þá taki 10—15 menn sig saman um að mynda slíkt félag, leggi vatnsveitu um hluta þorps, en vilji ekki taka á sig kostnað af að leggja um allt kauptúnið og standi þess vegna í vegi, að hægt sé að koma á fullkominni veitu. Það væri einkennilegt, ef ætti að gefa gömlum, úreltum og ófullkomnum vatnsveitum, sem ekki uppfylltu heilbrigðiskröfur, fullkomin réttindi og láta þær standa í vegi fyrir nauðsynlegum framkvæmdum þessara mála.

Viðvíkjandi dæminu um Glerárþorp vil ég segja, að eftir að slíkt frv. sem þetta er orðið að l., gæti ég ekki skilið mótiveringu hreppsn. fyrir að standa í vegi fyrir, að hluti hreppsins gæti orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, sem hér er um að ræða, því að þá gæti ekki verið um að ræða nema skilningsleysi eða fullan fjandskap.

ATKVGR.

Brtt. 546,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 546,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 546,3 (ný 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 546,4 (ný 5. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 546,5 (ný 6. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 546,6 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 546,7 samþ. með 10 shlj. atkv.
7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 109. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 577, 593).

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vakti máls á því við 2. umr. þessa máls, að ég teldi það til bóta, að hlutum úr hreppum væru opnir möguleikar til að njóta þeirra hlunninda, sem l. þessi gera ráð fyrir, við að koma upp hjá sér vatnsveitu. Ég benti þá á ákveðið þorp, þar sem komin er upp vatnsveita fyrir samtök þorpsbúa, án þess að sveitarfélagið sem heild standi að henni. Hv. frsm., þm. Barð., gaf þá yfirlýsingu, að hlutar úr sveitarfélögum, og þar á meðal þetta þorp, kæmu undir þessi l. og nytu hlunninda samkv. þeim, án þess að þeim sé breytt. Ég dreg mjög í efa, að þessi skýring sé rétt, og ber því fram brtt. á þskj. 593 varðandi þetta atriði. Í frv., eins og það liggur fyrir, fæ ég ekki betur séð en að það sé skilyrði til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða, að sveitarfélagið eigi vatnsveituna, sem um er að ræða, og það sé sá eini lántakandi, sem til greina geti komið. Í þessu sambandi veit ég a. m. k. um þetta eina dæmi, þar sem sveitarfélagið á ekki vatnsveituna, heldur hafa þorpsbúarnir, sem í þessu sambandi hafa sérhagsmuna að gæta umfram aðra íbúa sveitarinnar, stofnað með sér félag, og ég býst við, að það verði að breyta frv. frá því, sem nú er, til þess að þetta félag yrði hinn lögformlegi aðili. En einnig gagnvart fjárhagsatriðunum verður það form heppilegra, að þorpsbúar myndi félag, sem verði aðilinn að láninu með ábyrgð viðkomandi sveitarfélags að baki. Ég held, að það yrði vænlegra til framkvæmda og auðveldara að fá ábyrgð, ef gengið er frá þessu eins og gert er ráð fyrir í brtt. minni, að ríkisstj. sé heimilt að láta ákvæði l. einnig ná til vatnsveitufélaga, sem hafa eftir 1942 gert eða gera vatnsveitur fyrir hluta úr sveitarfélagi, án þess að sveitarfélagið sé eigandi veitunnar, ef viðkomandi sveitarstjórn mælir með því og veitir ábyrgð fyrir láni ríkissjóðs til vatnsveitufélagsins, því að mér skilst, að þetta sé vænlegra til framkvæmda en ef það er fastbundið við sveitarfélagið. Ég veit ekki, hvort hv. félmn. hefur rætt þessa till., síðan hún kom fram fyrir páskaleyfi, en ég vildi mælast til þess, að hv. þdm. leggi þetta mál niður fyrir sér og athugi, hvort ekki er heppilegra, að slík heimild sé fyrir hendi, a. m. k. gagnvart þeim stöðum, þar sem þegar hefur verið ráðizt í framkvæmdir, og ég vænti þess, að þeir

sjái, að þetta form, sem felst í brtt. minni, er öllu heppilegra. Ég skal ekki segja, hvort ástæða er til að fresta umr. eða hvort n. telur ástæðu til að athuga till., en væntanlega segir hv. frsm. til um það.

Frsm. (Gísli Jónsson): Hv. form. n. er ekki viðstaddur, en ef þess verður óskað, að umr. verði frestað, skal ég sjá til þess, að n. taki till. til meðferðar á næsta fundi í n., ef flm. óskar þess. Ég get hins vegar ekki fylgt þessari brtt. Ég sé enga skynsamlega ástæðu til þess að setja ákvæði um þetta inn í l. Um þetta hefur verið rætt í n., en ekki var lagt til, að slíkt ákvæði yrði sett í l. Meginatriðið um þetta í frv. er í 7. gr., þar sem sveitarfélögum er heimilt að eignast vatnsveitur einstaklinga eða félaga og þá í þessu tilfelli vatnsveitufélaga. Ég sé ekki, hvað því er til fyrirstöðu, að sveitarfélagið ábyrgist lánið gagnvart ríkinu, eða hvað er á móti því, að sveitarfélagið eigi vatnsveituna, eða að munur sé hér á, og sé ekki hægt að ná samkomulagi um það, þá er eitthvað annað, sem þarf að laga, einhver togstreita, sem er af öðrum rótum runnin. Ég sé því ekki ástæðu til að samþykkja þessa till., en ef flm. óskar þess eindregið, mun form. sem nú er kominn leyfa það, að hún verði tekin fyrir á næsta fundi.

Steingrímur Aðalsteinsson: Brtt. mín er nú einmitt fram komin vegna þess, sem hv. þm. Barð. lagði áherzlu á, að ákvæði frv. eru bundin við, að vatnsveitur séu eign sveitarfélaga. En mín skoðun er sú, að oft geti svo staðið á, að meiri hluti íbúa sveitar og sveitarstjórnir hafi engan áhuga fyrir vatnsveitu, og er þá nauðsyn, að svo sé frá gengið frv., að íbúar þorpsins, sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta fram yfir aðra sveitarmenn, hafi opna möguleika til að njóta hlunnindanna, án þess að sveitarfélagið standi að því sem heild. Hv. þm. Barð. taldi lítinn mun á þeirri ábyrgð, sem sveitarfélögin tækju að sér. Það er þó um allmikinn mun að ræða. Þó að sveitarfélögin taki að sér ábyrgð lánsins, er það ekki nema nokkur hluti stofnkostnaðarins. Fyrir hinum hlutanum stendur félagið eitt, sem svo væri eigandi að vatnsveitunni sem heild. Ég held því, að með þessu formi, að heimila ríkisstj. — því að aðeins er um heimild að ræða og á valdi ríkisstjórnarinnar að meta þetta í hverju tilfelli og ákveða það að lokum — að veita slíkum félögum lánið, sé viðkomandi þorpi opnir möguleikar til að fá viðunandi vatnsveitur fyrr en ella. Ég vil svo fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti umr. og n. taki þessa till. til athugunar, því að hún er í nokkuð öðru formi en ég fitjaði upp á henni í fyrstu og n. sá þá ekki ástæðu til að fallast á.

Forseti (ÞÞ): Ég get orðið við þeim tilmælum að fresta umr., ef félmn. samþykkir að taka brtt. til athugunar.

Umr. frestað.

Á 112. fundi í Ed., 10. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur tekið til athugunar brtt. á þskj. 593 frá hv. 6. landsk. og hefur ekki getað fallizt á að leggja til, að brtt. verði samþ. En í tilefni af þessari fram komnu brtt. vil ég leyfa mér að benda á, að í 2. gr. frv., eins og það nú liggur fyrir á þskj. 577, stendur: „Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði“: Og það er að minnsta kosti meining n., að þegar hér er talað um að koma upp vatnsveitu, þá sé einnig átt við, að sveitarfélagið geti komið upp hluta af vatnsveitu, sem sveitarfélagið þarf, þó að það þurfi ekki að koma upp vatnsveitu fyrir allt sveitarfélagið. Í 7. gr. frv. stendur: „Nú óskar sveitarfélagið að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga“. Með þessu er átt alveg eins við hluta úr sveitarfélagi, sem þarf vatnsveitu, þannig að það verður veittur alveg eins styrkur til þeirra framkvæmda, þó að það sé ekki allt sveitarfélagið. En hvort sem um hluta úr sveitarfélagi er að ræða eða allt, þá þarf sveitarstj. að senda ráðh. um þetta beiðni samkv. 7. gr. frv.

Nefndin sér ekki annað en að þetta sé nægilega tryggt á þennan hátt, t. d. fyrir Glerárþorp, en það mun hv. 6. landsk. bera þarna sérstaklega fyrir brjósti, að ef hluti sveitarfélagsins vill kaupa vatnsveitu, og það sjálfsagt sveitarfélaginu að skaðlausu, þá getur sá hluti fengið sveitarstj. til þess að mæla með því að gera slík kaup fyrir hönd sveitarfélagsins eða hluta úr sveitarfélaginu. Og vegna þess að n. vill ekki stuðla að því, að einstaklingar eða félög séu eigendur að slíkum fyrirtækjum innan sveitarfélaga, þá getur hún ekki mælt með, að till. hv. 6. landsk. verði samþ., eins og hún liggur fyrir. N. álítur, að það geti haft óheppilegar afleiðingar að stuðla að því, að einstaklingum eða félögum sé veittur styrkur til slíkra fyrirtækja. Það getur staðið í vegi fyrir því, að fullkomin vatnsveita komi í þorp eða sveitarfélag, ef t. d. einstaklingur eða félag væri búið að leggja slíka vatnsveitu, og svo stækkað þorpið, þá er ekki víst, að slíkir aðilar teldu sér nokkurn hag í því að leiða vatnið í þau úthverfi, því að slík félög mundu ef til vill ekki telja sér skylt að leggja í kostnað vegna borgaranna í þeim hluta þorpsins, sem þeir sæju sér ekki hag í að gera. Aftur á móti mundi sveitarfélag vilja leggja í slíkt til hagsbóta fyrir borgarana. N. getur ekki skilið, að það sé neinum erfiðleikum bundið fyrir þetta þorp eða önnur að komast að samkomulagi við sveitarstj. um að gera þetta vatnsveitufyrirtæki. Einstakir nm. eru frjálsir um sín atkv. í málinu. En n. sem heild leggur á móti því, að brtt. á þskj. 593 verði samþ., með þeim rökum, sem ég þegar hef lýst.

Umr. frestað.

Á 113. fundi í Ed., 11. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Mér ber að sjálfsögðu að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir það, að hún hefur lagt á sig það ómak að athuga þessa brtt. mína á þskj. 593. Hins vegar verð ég að harma það, að mér virðist ekki hafa tekizt að gera hv. n. skiljanlegt, hvað fyrir mér vakir með þessari litlu brtt., eða a. m. k. hefur n. ekki viljað fallast á það sjónarmið, sem ég var hér að reifa í þessu máli. Sú yfirlýsing, sem hv. frsm. n. flutti hér fyrir hönd n., um, að n. legði þann skilning í frv., að hlutar úr sveitarfélögum gætu orðið aðnjótandi styrks til þess að koma upp vatns-

veitum, virðist mér vera alveg ófullnægjandi og í raun og veru alveg út í hött, því að mér hafði aldrei dottið í hug, að sveitarfélag, sem gerði vatnsveitu, yrði ekki styrks aðnjótandi eftir þessum l., þó að vatnsveitan sjálf næði ekki út í hvern krók og kima í því sveitarfélagi. Mér hafði aldrei dottið í hug t. d. um Glerárþorp í Glæsibæjarhreppi, að til þess að Glæsibæjarhreppur gæti fengið styrk til vatnsveitu, þá þyrfti að leggja vatnsleiðslu til allra bæja í hreppnum, vestur að Bægisá, norður að Glæsibæ og fram að Lögmannshlíð. En það stendur óhaggað samkv. þessu frv., að því aðeins geti þessi hluti af Glæsibæjarhreppi, Glerárþorp, orðið aðnjótandi styrks að l., að sú veita, sem gerð er, sé gerð af sveitarfélaginu og sé eign þess.

Í fyrsta lagi er það svo um Glerárþorp, að þar hefur vatnsveitan ekki verið gerð af sveitarfélaginu, heldur af félagi þorpsbúanna, sem hefur verið gert vegna þess, að sveitarfélagið fékkst alls ekki til þess að ráðast í þetta fyrirtæki. Og þrátt fyrir það að Glerárþorp sé nokkur hluti af Glæsibæjarhreppi og sveitarstjórninni beri því að taka tillit til hagsmuna þeirra, sem þar búa, þá eru þorpsbúar aðeins minni hluti hreppsbúa. En sá meiri hluti hreppsbúa, sem býr utan Glerárþorps og ekki hefur neinna hagsmuna að gæta í sambandi við útvegun vatnsins í þorpið, hafði engan áhuga fyrir því, að ráðizt yrði í þetta fyrirtæki. Það hefði því ekki verið ráðizt í það nema fyrir atbeina þorpsbúa sjálfra, þannig að þeir mynduðu félag til þess að hrinda þessu í framkvæmd. Mér er kunnugt um, að alveg eins og ekki var hægt að fá fram ákvörðun um þessa framkvæmd, alveg á sama hátt mundi nú ekki vera hægt að fá allan Glæsibæjarhrepp til þess að kaupa þessa vatnsveitu með það fyrir augum, að hún þá gæti orðið styrkhæf samkv. þeim l., sem nú er verið að setja um þetta efni. Og þótt ég hafi nefnt Glerárþorp sem dæmi í þessu efni, af því að mér er kunnugt um það, að sú framkvæmd hefur þegar verið gerð þar, þá held ég, að óhætt sé að fullyrða, að mjög svipað standi á á öðrum stöðum, þar sem tiltölulega lítil þorp eru í sveitarfélögum, en meiri hluti hreppsbúa býr í strjálbýli, sem ekki kemur til mála að leggja vatnsveitur um. Ég býst við, að það komi til með að sýna sig, þegar til framkvæmdanna kemur, að á ýmsum stöðum verði erfiðleikar á því og sums staðar ekki framkvæmanlegt að fá ákvörðun sveitarstjórnar með því að leggja vatnsveitur þar, vegna þess að þorpsbúar eru í minni hluta í sveitarfélaginu. Ég held þess vegna enn þá, að það mundi verða til þess að gera þessar framkvæmdir auðveldari, ef opnuð væri leið í þessu frv. til þess, að hlutar úr sveitarfélögum stæðu að framkvæmdum þessum á hverjum stað. — Nú hefur hv. félmn. haldið því fram, að ef slíkt ákvæði sem þetta væri sett í frv., þá mundu verða tök á því að misnota það á ýmsan hátt, og virðist hv. n. vera hrædd um, að það mundi verða misnotað, t. d. á þann hátt að verzlunarfélög, eins og hv. frsm. orðaði það, eða sárfáir einstaklingar mundu ráðast í það að koma upp slíkum veitum til þess að ná í þessa aðstoð úr ríkissjóði og nota síðan fyrirtækið til fjáröflunar fyrir sjálfa sig — eða ég hef skilið þessa túlkun þannig, því að ef enginn möguleiki til fjáröflunar væri fyrir hendi í þessu sambandi, þá skil ég ekki, að félög eða einstaklingar færu að beita sér fyrir framkvæmdum til þess að verða þessara hlunninda aðnjótandi. Ég held, satt að segja, að ekki geti verið mikil ástæða til slíks ótta í sambandi við þetta. Ég get ekki ímyndað mér, að veitur um slík þorp, sem hér koma til greina, geti verið fjáröflunarfyrirtæki. Og ég held, að einmitt þetta frv., sem hér er lagt fram fyrir atbeina hæstv. ríkisstj., sé full sönnun fyrir því, að hér sé ekki um fjárgróðafyrirtæki að ræða, þar sem vatnsveitur eru yfirleitt, því að annars væri ekki ástæða til þess, að ríkið styrki þessi fyrirtæki á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Það er þvert á móti vegna þess, sem þetta frv. er komið fram, að það eru fjárhagslegar byrðar, sem fylgja því að koma þessum vatnsveitum upp, vegna þess, hvað þær eru litlar og staðhættir víða þannig, að það er tiltölulega kostnaðarsamara að gera slíkar vatnsveitur fyrir lítil þorp, óreglulega byggð og strjálbýl, heldur en kaupstaði. Það er einmitt vegna þess, að á slíkum stöðum er þetta kostnaðarsamara en annars staðar, að verið er að setja slík lög sem þessi. Með því tel ég nægilega vísað á bug þeim röksemdum, sem færðar hafa verið fram fyrir því, að í því að opna þessa leið, sem brtt. mín er um, felist hætta á, að einstaklingar eða félög mundu nota þessa aðstoð ríkisins til fjáröflunar og til eigin hagsmuna. En jafnvel þó að einhverjar slíkar ástæður væru fyrir hendi, sem n. hér færir fram, þá væri ákaflega auðvelt að koma í veg fyrir, að hægt yrði að misnota þetta á nokkurn hátt, t. d. með því að setja sem skilyrði fyrir viðurkenningu á slíkum félögum, að þau væru mynduð af t. d. meiri hluta þorpsbúa í viðkomandi þorpi. Með því væri útilokað, að verzlunarfélög réðust í að framkvæma svona fyrirtæki eða nokkur önnur félög en samtök þeirra manna sjálfra, sem þurfa að ná sér í vatn með því að leggja slíkar veitur, og þess vegna hefðu skilyrðislaust a. m. k. siðferðislegan rétt til þess að fá þessa aðstoð eins og um sveitarfélög væri að ræða. Og til þess að útiloka þá hættu, sem hv. n. hyggur, að sé fyrir hendi í þessu efni — þó að ég viðurkenni ekki, að hún sé fyrir hendi —, ætla ég að flytja enn brtt. við brtt. mína á þskj. nr. 593, sem felur það í sér, að því aðeins verði vatnsveitufélög aðnjótandi þessara hlunninda á sama hátt og sveitarfélög, að þau séu stofnuð af a. m. k. helmingi íbúðarhúsaeigenda á viðkomandi veitusvæði. Með því held ég, að sé alveg útilokuð sú hætta, sem hv. n. taldi, að kæmi til greina, ef samþ. væri brtt. mín. En hins vegar tel ég alveg réttlátt, ef meiri hluti íbúðarhúsaeigenda á viðkomandi stað binzt samtökum um að hrinda í framkvæmd vatnsveitu um þorp og fær til þess samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og ábyrgð viðkomandi sveitarstjórnar fyrir því láni, sem ríkið veitir til fyrirtækisins, að þá verði þeir, sem þannig bindast samtökum um þetta, látnir njóta sams konar hlunninda eins og um sveitarfélög væri að ræða. Sú brtt., sem ég leyfi mér að flytja skrifl., er á þessa leið: Í stað orðanna „eftir árið 1942 hafa“ komi: stofnuð eru af a. m. k. helmingi íbúðarhúsaeigenda á veitusvæðinu og hafa eftir árið 1942.“

Ég geri ekki ráð fyrir því, að það sé ástæða til að tefja málið frekar vegna þessarar brtt., sem ég nú ber fram. Ég býst ekki við, að mér takist að gera hv. n. eða þeim öðrum hv. þdm., sem á mál mitt hafa hlýtt, frekari grein fyrir eða geti gert þeim skiljanlegra en nú er orðið, hvað fyrir mér vakir í þessu efni. En ég held, að það sýni sig, þegar

til framkvæmda þessara l. kemur, að það muni vera heppilegra, að ríkisstj. hafi þó heimild til þess að veita félögum, sem hér um ræðir samkv. þessum brtt. mínum, þennan rétt, og að ef það er ekki gert, þá muni sýna sig, að ýmsum þorpum verður óþægilegra en efni standa til að geta náð til sín sæmilega viðunandi neyzluvatni. En á því er allmikill misbrestur, mjög víða um landið, eins og kunnugt er. Ég vil þá leggja fram þessa skrifl. brtt.

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 593 frá hv. 6. landsk. þm., um, að í stað orðanna „eftir árið 1942 hafa" komi: stofnuð eru af a. m. k. helmingi íbúðarhúsaeigenda á veitusvæðinu og hafa eftir árið 1942.

Þessi brtt. er skrifl. og of seint fram komin, og fyrir henni þarf tvenn afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 625) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er annað skylt mál þessu, sem ég flutti hér fyrir, að ég held, tveimur mánuðum í hv. Ed., ákaflega einfalt, en mjög nauðsynlegt, varðandi breyt. á vatnsskatti fyrir Reykjavíkurkaupstað. Að því fer að líða, að aukningu á vatnsveitu hér í Reykjavík verði lokið, og þá er alveg brýn nauðsyn á, að þau l., sem ég gat um, að frv. hefði komið um, verði komin til framkvæmda nokkru áður, svo að hægt sé að undirbúa þá hækkun, sem kemur fram á vatnsskattinum, áður en vatnið kemur til bæjarins. Ég álít bagalegt, að þetta mál, sem ég gat um, dragist í n. Nú kann að vera, að nál. sé komið um það mál. Ég vildi spyrja hv. nm., hvað máli þessu líði, og vil, að það mál komi hér til umr. Annars mun ég fylgja dæmi góðra manna hér og heimta málið á dagskrá.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég skal með ánægju svara hæstv. dómsmrh. um þetta. Heilbr.- og félmn. hefur þetta mál til meðferðar og lítur svo á, að ef þetta mál, sem hér liggur fyrir, nær fram að ganga, sé hitt frv. óþarft. Það er álitið, að það frv., sem spurt var um, sé óþarft, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samþ. til viðbótar ákvæðum vatnalaga, sem í gildi eru. Og það er ekki af tilhneigingu til að tefja málið, sem spurt var um, að það hefur ekki komið fram, heldur af þessari ástæðu, sem ég hef greint.

Ég sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta mál, sem hér liggur fyrir, og ég sé ekki ástæðu til að biðja um, að málið fari til n. aftur vegna skrifl. brtt., sem fram kom. Ég tel, að sú brtt. sé til bóta, ef á annað borð brtt. á þskj. nr. 593 nær fram að ganga. Ég mun því greiða atkv. með skrifl. brtt., en á móti brtt. á þskj. nr. 593 á eftir. Ég skil ekki rök hv. 6. landsk. þm. í þessu máli, sem flytur þessar brtt. Hann segir, að viðkomandi sveitarfélag hafi ekki viljað byggja vatnsveitu í Glerárþorpi, og þetta er staðreynd. Hitt er byggt á getgátum, að sveitarfélagið vilji ekki taka að sér og kaupa vatnsveituna nú, þegar fyrir liggja lagafyrirmæli um, að það geti fengið hagkvæmt lán til 10 ára vaxtalaust, sem síðan endurgreiðist á 20 árum með jöfnum afborgunum og 4% ársvöxtum. Ég veit ekki, hvaðan hv. 6. landsk. þm. kemur heimild til þess að fullyrða það, að þegar sveitarfélag á að velja um að taka á sig alla fjárhagslega ábyrgð, en fær þá fyrirgreiðslu, sem þessi l. veita, þá vilji það ekki einnig taka á sig það, sem því fylgir að eignast vatnsveituna. Ég skil ekki þann fjandskap, sem ríkir hjá þessu sveitarfélagi þarna nyrðra, ef það vill neita þessum íbúum sínum, sem í þorpinu eru, um þetta. Ég hygg, að hv. 6. landsk. þm. mæli ekki fyrir munn þessara manna, heldur séu þetta getgátur. Komi það hins vegar fram, að þessi fjandskapur ríki hjá þessari sveitarstjórn, að hún vilji ekki hjálpa meðlimum síns sveitarfélags, þó að í minni hluta séu, til þess að verða aðnjótandi þessara kjara, sem þessi l. veita, ef frv. verður samþ., þá þarf að taka málið til athugunar. En mér dettur ekki í hug, að svo fari hér eða í nokkru sveitarfélagi. Ég vil, í sambandi við fullyrðingu hv. 6. landsk. þm. um, að slíkt mundi koma fyrir hjá mörgum öðrum sveitarfélögum, alveg mótmæla því. Í langflestum tilfellum eru þorpin, þar sem þau eru hluti af sveitarfélagi, meiri hl. viðkomandi sveitarfélags. Og í flestum tilfellum er svo mikil samvinna milli íbúa í sveitarfélögum, að slíkur fjandskapur er ekki til, sem hér er lýst. Það er hins vegar ekkert nýtt, að menn hafi yfir að ráða hluta úr vatnsveitu, sem væri miklu betur komin í höndum sveitarfélagsins sjálfs. Og frv. er allt byggt upp á þeim forsendum, að sveitarfélögin eigi þessi fyrirtæki sjálf sem heild, en ekki hluti úr viðkomandi sveitarfélagi á hverjum stað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég þakka hv. frsm. n. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf varðandi frv. um vatnsveitu Reykjavíkur. Ég hafði ekki látið mér koma til hugar þessa afgreiðslu málsins og hef þess vegna ekki borið saman Reykjavíkurfrv. og þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það er sjálfsagt að gera það. En ég efast um, að mér veitist næði til þess undir umr. En ég tek strax eftir því í síðustu gr. þessa frv., að þar eru ekki felld niður þau sérákvæði, sem gilda um vatnsskatt í Reykjavík. En þannig stendur á, að þegar vatnal. voru sett 1923, voru látin halda sér sérlög um vatnsskatt í Reykjavík, sem mig minnir, að séu frá árinu 1907. Nú er að vísu ráðgert, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, komi í stað þess ákvæðis vatnal., sem hér á við, og þar er reyndar almennt ákvæði. Fljótt á litið virðist mér vera ástæðulaust að halda þessum sérákvæðum fyrir Reykjavík. En meðan þau eru látin vera í gildi og ekki felld formlega niður með þessum l., þá öðlast Reykjavík ekki rýmri heimild, samkvæmt því, sem talið er, heldur en er í sérlögunum fyrir Reykjavík. Þess vegna er nauðsynlegt, ef hv. n. ætlar að stöðva Reykjavíkurfrv., að fella sérákvæðin niður með þessu frv. Ég vildi, að gengið yrði úr skugga um, hvort ekki sé óþarfi að hafa Reykjavíkurfrv. sem sérmál, en ef svo er, þurfa sérákvæðin að falla niður með þessu frv. Ég vildi því skjóta því til hv. frsm. n., hvort ekki væri hægt að fresta 3. umr., svo að tóm gæfist til að athuga þessa möguleika.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr., en vildi leiðrétta eitt atriði hjá hv. frsm., þar sem hann endurtekur það, og það er, að enginn munur sé á því, hvort viðkomandi sveitar-

félag tekur ábyrgð á láni hjá ríkinu eða hvort sveitarfélagið á vatnsveituna. Samkv. frv. er í 4. gr. ákveðið, að styrkur ríkisins nær aðeins til hluta af kostnaðinum, og í niðurlagi segir, að styrkurinn sé ekki meiri en helmingur kostnaðar. Þetta hlýtur hv. frsm. að vera ljóst og að kostnaður við vatnsveituna er meiri en nemur þessu láni. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að áhætta sveitarstjórnar gagnvart vatnsveitufélagi yrði miklu minni en ef sveitarfélagið ætti vatnsveituna sjálft. Það er mín skoðun, að ýmsum þorpum, sem eru lítill hluti sveitarfélaganna, reynist örðugt að fá sveitarstjórnir til að samþykkja að sveitarfélögin láni til vatnsveitu fyrir þorpið. Þetta segir hv. frsm., að séu getgátur, en þetta er mín skoðun, og held ég henni hiklaust fram. Einnig mótmæli ég því, að það væri fjandskapur sveitarstjórnar að vilja ekki gera vatnsveitu fyrir þorpið, heldur væri það miklu fremur skortur á skilningi, hvað sem hv. frsm. segir um það.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Viðvíkjandi ræðu hæstv. dómsmrh., tel ég ekki rétt að stöðva málið. Við vitum ekki, hvort þetta verður samþ. í Nd., en ef það verður ekki, þá tefur það tímann, en það þarf að hraða vatnsveitumáli Reykjavíkur. En ef engu verður breytt í Nd., þá er hægt að ráða fram úr þessu á einum fundi, en þörf er á að kanna þingvilja fyrir málinu. Svo vildi ég taka það fram, að allur misskilningur hv. 6. landsk. stafar af því, að hann er með allt annað frv. en rætt er um hér, því að hann er með frv. eins og það var í Nd. Í þessu frv. á þorpið að geta fengið 85% ábyrgð fyrir láni til dreifingarkostnaðar og enn fremur stuðning fyrir öllum kostnaðinum. Ég sé svo ekki ástæðu til að þrátta um þetta, þar sem menn lesa upp af allt öðrum þskj. en greiða á atkv. um.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tel eðlilegra, ef á að fella Reykjavíkurfrv. undir þetta frv., að þá sé það fært í það horf, áður en það er sent héðan. Ef frv. stöðvaðist í Nd., þá mætti taka Reykjavíkurfrv. sérstaklega. Nú og ef hv. frsm. hefur ekkert á móti, þá vildi ég beina því til hæstv. forseta, að málinu sé frestað (GJ: Ég hef ekkert á móti því.) svo að mönnum gæfist tóm til að semja brtt., ef þörf þykir vera til þess.

Forseti (ÞÞ): Þessu máli hefur nú þegar verið frestað tvisvar, en þar eð samkomulag hefur orðið um það milli hæstv. ráðh. og hv. frsm., þá fellst ég á það, og verður umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 117. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 119. fundi í Ed., 16. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 577, 593, 625, 649).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram tvær brtt. á þskj. 649, sem miða að því, að vatnsveita Reykjavíkur komi undir frv. Önnur till. er nú kannske ekki nauðsynleg í því skyni, en hún gerir ráð fyrir því, að sveitarstjórn sé heimilt að selja vatnið eftir mæli samkv. gjaldskrá, sem ráðh. setur. Í frv. var að vísu gert ráð fyrir að innheimta gjaldið eftir mæli, en mér þótti það ekki nógu skýrt tekið fram. Ég geri ráð fyrir, að þessar brtt. geti ekki valdið ágreiningi, og vænti því, að þær verði samþ.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umræðum, af því að ég hef hlustað á þær og talið, að hv. 6. landsk. hafi túlkað nægilega þann málstað, sem ég styð. Ég vildi aðeins minnast á ummæli hv. þm. Barð., sem gerði ráð fyrir einhverjum fjandskap milli bænda í Glæsibæjarhreppi og íbúa Glerárþorps, ef farið væri inn á brtt. hv. 6. landsk. á þskj. 593. Ég er nákunnugur þarna og hef ekki orðið var við neinn fjandskap. Mig minnir, að þegar vatnsveita þorpsins var gerð, þá hafi 3 hreppsnefndarmenn verið úr þorpinu, en nú eru 2 nefndarmenn úr þorpinu, en 3 úr sveitinni, og veit ég ekki um neinn ágreining. En það getur verið ýmislegt annað en fjandskapur, sem veldur því, að meiri hluti hreppsnefndar finnur ekki ástæðu til að leggja í framkvæmdir, er aðeins koma við parti af hreppnum, og getur meira að segja verið, að þessi hreppspartur sjái ekki ástæðu til að fara fram á það. Hv. þm. Barð. tók það fram, að víðast, þar sem þorp og sveit séu saman í hrepp, þá sé þorpið í meiri hluta og alls ráðandi í hreppnum. Þetta, hygg ég, að sé rétt, og þar af leiðandi hygg ég, að ákvæðin í brtt. hv. 6. landsk. komi tæplega annars staðar til greina en í Glerárþorpi, eða a. m. k. mjög óvíða, og sé ég ekki, hvaða hætta geti af brtt. stafað og því, að vatnsveitufélagið hafi sama rétt og sveitarfélög samkv. frv. Hv. þm. Barð. hefur tekið fram, að n. vilji ekki veita þennan rétt öðrum en sveitarfélögum, en það hefur minna heyrzt af rökum fyrir því, hvers vegna vatnsveitufélög eigi ekki að hafa réttinn. Ég álít það sérstakt réttlætismál að samþykkja brtt. á þskj. 593 með þeirri breyt., sem flm. sjálfur hefur lagt til á þskj. 625, og tel, að það geti á engan hátt orðið til tjóns, þó að svo sé gert. Það hefur komið í ljós, að þar sem þorp vaxa upp í sveitum, myndast sums staðar vandræðaástand, og nauðsynlegar framkvæmdir eru ekki gerðar. Því var á síðasta reglulegu þingi stofnaður með l. nýr hreppur fyrir austan fjall úr þorpi, sem þar hafði vaxið upp, og nú stendur til að fara eins með annað þorp á Austurlandi. En hvað snertir Glerárþorp og Glæsibæjarhrepp, þá er þar auðvitað engin framtíðarlausn önnur en skilja að sveitina og þorpið, og sýnist þá eðlilegast, að þorpið sameinist Akureyrarkaupstað, því að það er ekki annað en úthverfi kaupstaðarins, eins og allir sjá, er þar fara um. En þetta er ekki orðið, og þorpið er í vandræðum með sína vatnsveitu, og hygg ég, að þorpið eigi fullan rétt á að njóta sömu hlunninda og íbúar annarra þorpa.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér síðast til umr., kom til nokkurra orðaskipta milli mín og hv. þm. Barð. út af mismuninum á skuldbindingum sveitarfélagsins eftir því, hvort sveitarfélagið á vatnsveituna eða hún er í eign sérstaks vatnsveitufélags. Hv. þm. hélt því þá fram, að munurinn á þessu væri lítill eða enginn. En ég tel, að þessi munur sé mikill, af því að ef sveitarfélagið á vatnsveituna, ber það allar fjárhagslegar skuldbindingar, en ef um vatns-

veitufélag er að ræða, þá á sveitarfélagið að vísu að ábyrgjast það lán, er vatnsveitufélagið fengi úr ríkissjóði, en eins og frv. ber með sér, þá er það lán aðeins helmingurinn af kostnaði við stofnæðar, boranir og geyma. Í nál., sem ég hygg að hv. þm. Barð. hafi skrifað, segir, að þetta sé aðeins hluti kostnaðarins og geti verið mjög lítill hluti. Á þessu er því mikill munur. Í síðustu ræðu hv. þm. Barð. taldi hann skoðanir mínar byggjast á misskilningi og vitnaði í það, að ég læsi upp af því þskj., sem útbýtt var eftir 3. umr. í Nd. Það vildi nú svo til, að ég las upp úr því þskj., en þessi aths. hv. þm. var þó óþörf, því að niðurstaðan var sú sama eftir 2. umr. hér og þegar málið kom frá Nd. um það atriði, að lán til vatnsveitna er aðeins 50% út á höfuðæðar, geyma og því um líkt. Í 5. gr. er svo ákveðið, að til viðbótar sé ríkissjóði heimilt að lána vegna kostnaðar við dreifingu innanbæjar, þannig að stofnlán megi vera allt að 85% kostnaðarins. En ef mín till. yrði samþ., þá er það vatnsveitufélagið, en ekki sveitarfélagið, sem bæri að fá þessa ábyrgð ríkissjóðs, þannig að kvaðir sveitarfélagsins yrðu aldrei aðrar en að ábyrgjast þessi 50%. Röksemdir hv. þm. Barð. og orð hans um misskilning minn eru því alveg staðlaus. Ég taldi rétt að leiðrétta þetta af því að í sambandi við afgreiðslu þessa máls taldi ég þetta geta haft nokkra þýðingu, enn fremur af því, að hv. þm. Barð. notaði það sem röksemd í öðru máli, að ég læsi upp af öðrum þskj. en við ættum og vissi því yfirleitt ekki, um hvað ég væri að ræða við afgreiðslu þingmála, svo að það væri ekki mikið mark takandi á því, sem ég segði. Ég viðurkenni takmörkun á þekkingu minni, og ef til vill hefur hann betri þekkingu á þessu máli en ég, en þó fullyrði ég, að þm. Barð. veit ekki alla hluti og segir stundum meira en hann veit, að því þykist ég hafa fært rök, auk þess sem brtt. hans ber þess vitni. — Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar.

Forseti (ÞÞ): Það eru ýmsir búnir að tala oft í þessu máli, og vænti ég, að hér eftir verði menn stuttorðir.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég skal verða við ósk forseta og vera stuttorður. Um brtt. á þskj. 649 vil ég segja það, að ég get fallizt á hana, en tel hana ekki nauðsynlega, þó að hún megi heita skaðlaus. Hvað viðvíkur fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf., þá hlýtur hún að vera komin fram af því, að þm. hefur ekki heyrt rök mín í málinu. Nefndin lítur svo á, að með því að leyfa vatnsveitufélög, þá sé horfið frá þeirri stefnu, að bæirnir eigi vatnsveiturnar, og hvar eru takmörk þessara vatnsveitufélaga? — Þau geta farið niður í fáa menn, og þá er algerlega breytt um stefnu í þessu máli. Ég skil ekki þá andúð hjá sveitarfélaginu á Glerárþorpi, ef það vill ekki nú, þegar ríkið leggur svo mikið fé til þessara mála sem hér er gert ráð fyrir, taka að sér þessa vatnsveitu.

Ég mun ekki misnota þolinmæði forseta og því láta bíða að svara þeim persónulegu ádeilum á mig, sem fram hafa komið. Væntanlega gefst tækifæri til þess síðar, þó að það verði í einhverju öðru máli.

Forseti (ÞÞ): Brtt. á þskj. 649 hefur verið útbýtt á þessum fundi, og vil ég leyfa mér að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég hef heyrt um þetta mál frá þm. Barð., þó að ég geti ekki fallizt á það sem rök í málinu. Ég skal ekkert um það atriði segja, nema Glæsibæjarhreppur sé fús til þess að kaupa vatnsveituna í Glerárþorpi, en ég geri ráð fyrir, að skilnaður verði í náinni framtíð milli þessara aðila, og þess vegna tel ég ekki heppilegt, að hreppurinn eignist þessa vatnsveitu. (**GJ:** Það er þá bezt að binda þetta atriði við Glerárþorp). Þm. Barð. var að tala um, að farið væri inn á hála braut með því að samþ. till. á þskj. 593, en mér virðist hún takmarkast mjög, ef till. á þskj. 625 verður samþ., þar sem áskilið er, að helmingur af íbúum svæðisins skuli vera stofnendur. Þess vegna tel ég þessa afstöðu þm. Barð. aðeins meinbægni eins og nú stendur.

ATKVGR.
Brtt. 649,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 625 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 593, svo breytt, samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, BrB, EE, HV, HermJ, PZ, PM, SÁÓ, StgrA, ÁS, BSt, ÞÞ.
nei: GJ.
4 þm. (BBen, GÍG, JJós, LJóh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Þar sem mér skilst, að átta hreppar muni vera eins stæðir og Glerárþorp og njóti því góðs af, ef þessi till. er samþ., þá segi ég já.

Hannibal Valdimarsson: Með þeim takmörkunum, sem gerðar hafa verið, segi ég já.

Brtt. 649,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 43. fundi í Sþ., 17. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 660).
Á 116. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 117. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Gunnar Thoroddsen: Á Alþ. 1945 flutti ég till. til þál. um að skora á ríkisstj. að undirbúa l. um vatnsveitur. Það var þá komið í ljós, að ýmis kauptún áttu við þann skort að búa, að þau gátu ekki veitt sér þá miklu nauðsyn, sem vatnsveita er. Tilgangurinn var að láta ekki þetta viðgangast, en setja l. til styrktar þessu nauðsynjamáli, og því er þetta frv. fram komið. Í grg. er tekið fram að meiningin sé, að ríkið styrki vatnsveitur með ábyrgð á lánum og styrk. Athugun á þessum málum fór fram og segir svo í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Aðstaða kauptúnanna til þess að ná í gott neyzluvatn er allmisjöfn, en þó yfirleitt nokkuð örðug. Er augljóst, að sumum kauptúnanna er algerlega um megn að standa undir þessum kostnaði án aðstoðar ríkissjóðs, sérstaklega með ábyrgð á lánsfé

eða jafnvel með beinum styrk.“ Í frv. er gert ráð fyrir, að ríkið veiti bein fjárframlög til stofnæða, þegar þær eru svo dýrar, að tekjur þær, sem vatnsveitan gæti fengið með vatnsskatti o. fl., geta ekki risið undir því. Frv. hlaut auðveldlega samþykki í þessari hv. d., en það fór um það eins og mörg önnur frv., að það spilltist mjög í hv. Ed., en hún hefur svo farið að, að styrkurinn hefur verið felldur niður, en í þess stað tekið upp lán, sem sé vaxta- og afborganalaust fyrstu 10 árin. Eins og frv. er nú, er það bersýnilegt, að það mundi stoða lítt og verða því til lítils gagns. Ég tel sjálfsagt, að þessi hv. d. færi það aftur í sama horf, og vil því mælast til þess, að hæstv. forseti fresti umr. og frv. verði vísað til heilbr.- og félmn.

Umr. frestað og frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 126. og 142. fundi í Nd., 12. og 23. maí, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 144. fundi í Nd., 23. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 660, 883).

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta frv. er flutt samkv. minni ósk og fer fram á, að hreppsfélögum verði veittur styrkur utan við hið almenna vatnsveitufrv. Þessu frv. var breytt þannig í Ed., að í staðinn fyrir, að það opinbera legði fram styrk til þessara framkvæmda, þá legði það fram vaxtalaust lán. Ég fyrir mitt leyti tel, að frv. nái betur tilgangi sínum, ef það er veitt sem styrkur, en ekki vaxtalaust lán. — Það líður nú að þinglokum, og ef breyt. verða á frv. í þessari hv. d., þarf það að fara aftur til Ed., en ég vildi vona, að um þetta mætti nást samkomulag, þannig að málið þyrfti ekki að daga uppi eða flækjast meira milli d., og legg til, að till. heilbr.- og félmn. verði samþ. óbreytt.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins á þessu stigi málsins geta þess, að mér er það mjög mikið áhugamál, að hér á þessu þingi, áður en því er lokið, verði samþ. frv. um aðstoð við hreppsfélög í svipuðum anda og það frv. er, sem í fyrstu var lagt hér fram á Alþ. fyrir atbeina hæstv. samgmrh. Og ég skal gjarnan fallast á, að það sé vissulega bezt, að frv. sé í því formi, sem það var upphaflega, að um beinan styrk sé að ræða til vatnsveitnanna, en ekki lán á þeim grundvelli, sem hv. Ed. hefur lagt til og orðið hefur að deilumáli milli d. En fyrir mér er þetta mál þannig, að ég vil miklu heldur fá málið fram í því formi, eins og hv. Ed. hefur gengið frá því, en það dagi nú uppi á þingi, og því vildi ég leyfa mér, af því að það kom ekki ljóst fram, að spyrja hæstv. samgmrh., hvort hann telur víst, ef frv. verður nú breytt í það horf, sem það var upphaflega, að það nái þá fram að ganga, áður en þessu þingi er slitið, og skal ég þegar geta þess, að stuðningur minn við brtt. er mjög bundinn við það, hvað ráðh. segir um þetta. Ég vil heldur fylgja frv. eins og því var breytt í d. en eiga á hættu, að það dagi uppi, ef það verður enn rekið á milli deilda.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég get nú ekki gefið hv. 1. þm. Skagf. tryggingu fyrir því, hvað hv. Ed. kann að gera í þessu máli, en vil geta þess, að nú milli umr. hefur verið rætt um málið við fjmrh., sem var áður á því, að málið yrði afgr. í því formi, sem það nú liggur fyrir í frv. En hann hefur tjáð mér, að hann fyrir sitt leyti gæti fallizt á að breyta því í það form, sem hér er lagt til. Virðist mér þá nokkur trygging fengin, þar sem hann bæði á sæti í Ed. og er auk þess fjmrh. og hefur lofað að fylgja málinu eftir á þann hátt.

ATKVGR.

Brtt. 883,1 samþ. með 21:1 atkv.

— 883,2 samþ. án atkvgr.

— 883,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 883,4 (fyrir „styrk“ í fyrirsögn kemur: aðstoð) samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 146. fundi í Ed., 24. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 1020).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar, eins og það er á þskj. 1020 eftir breyt., sem á því var gerð í Nd., og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það er á þskj.

Steingrímur Aðalsteinsson. Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að gera neinar aths. við þær breyt., sem gerðar hafa verið á þessu frv. í Nd., en ég vil benda á það, þótt ekki sé tækifæri til þess að bæta úr því, úr því sem komið er, að það er ósamræmi í frv. vegna þess, að þegar því var breytt, hefur þess ekki verið gætt að samræma 9. gr. Þegar frv. fór frá þessari d., var ákveðið, að styrkur yrði fólginn í því, að ríkissjóður lánaði til þessara fyrirtækja, og samkvæmt því var ákvæði í 9. gr., sem fjallaði um það, að sams konar hlunnindi skyldi veita vatnsveitufélögum, en sett þau skilyrði, að hlutaðeigandi sveitastjórn mælti með því, að veitt væri ábyrgð ríkissjóðs. Nú hefur Nd. fellt niður, að lána skuli nokkuð til þessara framkvæmda, heldur skuli aðeins vera ríkisábyrgð, og þá á ákvæðið ekki við. Nú ætla ég ekki inn á þetta frekar, þó að í þessu sé misræmi, en vildi benda á þetta, þó að ekki sé hægt að leiðrétta það, úr því sem komið er, og vil vonast eftir því, að við framkvæmd l. verði þetta ekki látið koma að sök og sveitarfélögin látin gjalda þessa.

Frsm. (Gísli Jónsson): N. var kunnugt um þetta misræmi, en eins og hv. 6. landsk. tók fram, er of seint að laga það, svo að annaðhvort verður að gefa út bráðabirgðal. um þetta eða laga það á næsta þingi, en n. vildi ekki stöðva svo mikils vert mál og láta þetta verða til trafala.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1024).

95. Ný orkuver og orkuveitur.

Á 138. fundi í Nd., 22. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur raf-magnsveitna ríkisins. (A. 921).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Fjhn. flytur þetta frv. eftir beiðni hæstv. atvmrh., og mun hann sjálfur gera nánari grein fyrir frv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Hv. fjhn. hefur orðið við beiðni minni að flytja þetta frv. Frv. þetta er flutt í samræmi við 9. gr. raforkul., þar sem gert er ráð fyrir því, að stjórnin afli sér árlega heimildar til aðgerða í raforkumálum, eftir að hún hefur komið sér niður á, hvað gera skuli í þeim efnum á næstunni.

Raforkumálastjóri hefur gert áætlun um framkvæmdir í þessu efni á næstu árum og lagt fyrir stjórnina. Þetta hefur sömuleiðis verið lagt fyrir raforkumálaráð, og hefur það fallizt á hinar fyrirhuguðu framkvæmdir í stórum dráttum og stjórnin sömuleiðis. Það, sem hér er farið fram á, er það, sem stjórnin hafði hugsað sér að framkvæma á næsta ári.

Það kom til orða milli mín og raforkumálastjóra að tengja þessi mál við fjárl. hvers árs, þannig að aflað sé í sambandi við fjárl. þeirra heimilda, sem þarf til þess að geta framkvæmt þessi mál. Ég ræddi þetta við fjvn., en það varð að samkomulagi milli mín og hennar, að eðlilegra væri að leggja fyrir hvert þing frv. viðvíkjandi þeim framkvæmdum, sem ætlazt er til, að gerðar verði á hverju ári. Það var því samþykkt að hafa þennan hátt á og að bera þetta fram með þessu móti.

Þetta er nokkuð síðbúið, en ég vænti, að takast megi að koma þessu fram á þeim fáu dögum, sem þing á eftir að standa, og vænti þess, að ekki verði fremur mótmælt hér á þingi en í raforkumálastjórn og raforkumálanefnd, að þessar framkvæmdir fari fram. Vona ég, að hv. d. geri sitt til þess að hraða málinu, svo að það komist í gegn á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 139. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 140. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 142. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 146. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 921, n. 1013).
Of skammt var liðið frá útbýting nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, hafa þegar verið ákveðnar af raforkumálastjóra og raforkuráði, en samkv. 9. gr. raforkul. þarf samþykki Alþingis til slíkra framkvæmda. N. mælir einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 147. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 1026).

Önnur mál.

I. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., utan dagskrár, mælti

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mig langar til þess að gera hér fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega til tveggja ráðherranna, hæstv. dómsmrh. og hæstv. kirkjumrh. Fyrirspurn mín er þessi: Hverjir hafa rétt til þess að ráðstafa leifum framliðinna manna hér á landi? Ég mun ekki og vil ekki tala um tilefnið til þess, að ég spyr um þetta. Það ættu allir að fara nærri um og skilja.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Fyrirspurn þessi á ekki heima hér, þótt vera megi, að hv. 1. þm. Eyf. ætlist til þess, að dómsmrh. geti gefið hér greið svör við þessu. Ég tel, að það væri eðlilegast fyrir þennan hv. þm. að snúa sér til lögfræðings með þetta, sem gæti gefið honum svör við þessari fyrirspurn hans.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mér hefur verið tjáð, að hv. 1. þm. Eyf. hafi komið hér fram með fyrirspurn til ríkisstj. og þá sérstaklega til hv. dómsmrh. og kirkjumrh. Ég átti í morgun alllangt samtal vegna þeirra atburða, sem gerzt hafa nú undanfarið, og er ég mönnum sammála um það, hversu smánarlegt og fyrirlitlegt athæfi það er, sem sumar persónur leika hér við mestu menn þjóðar vorrar líðna. Ég nota tækifærið, þótt ég sé undir sök að ósekju, og leyfi ég mér að segja þetta:

Það mun vera meira en eitt ár síðan þingkjörin nefnd sneri sér til forsrh. með þau tilmæli, að bein Jónasar Hallgrímssonar skálds yrðu flutt hingað heim til fósturjarðar hans, og einkum var þetta gert vegna þess, að breyta átti kirkjugarði þeim, sem skáldið hvíldi í, í almenningsgarð. Í júnímánuði s. l. skrifaði Þingvallanefnd mér svo bréf og knúði fast á, að ég leyfði, að okkar hjartkæra skáld yrði flutt heim og herra Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði yrði falið að rannsaka þetta og flytja jarðneskar leifar skáldsins heim. Aðrir menn komust svo í þetta og þar á meðal herra Sigurjón Pétursson verksmiðjustjóri.

Ég þarf svo ekki að lýsa þeim atvikum, sem hafa gerzt í máli þessu. Þau eru þjóðarskömm. Það var mikil dirfska af hv. 1. þm. Eyf. að hlaupa með þetta mál inn í þingið, en fyrir utan stjórnmáladeilur ættu okkar dýrmætustu eignir að standa og okkar heitt elskaða skáld. Mér finnst það hefði borgað sig fyrir þennan virðulega þm. að loka ekki augunum fyrir þessu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. var ekki staddur hér, er ég gerði fyrirspurn mína, en ég býst við því, að ef hann hefði verið viðstaddur, þá hefði hann ekki í slíkum tón talað. Ég tel það hvorki ósóma né sóma, þótt ég beri fram fyrirspurn á Alþ. og ég ætlaði mér ekki að ræða þetta á hv. Alþ. En ástæðan fyrir fyrirspurn minni er sú, að nánir ættingjar dáins manns hafa beðið mig um að grennslast fyrir sig um það, hver réttur þeirra væri í slíku tilfelli. Hæstv. forsrh. getur kallað þetta hræsni, ef hann vill. Hæstv. dómsmrh. segist ekki vera lögfræðingur, en mér finnst nú, að hann ætti að geta gefið hér upplýsingar sem æðsti maður dómsmála í landinu. Ég neita mér um að ræða það mál, sem var leitt hér inn í umr. Auðvitað get ég kannazt við það, að þetta mál var orsök fyrirspurnarinnar, en ég hlíðra mér hjá að ræða um það. Ég hefði haldið, að nánustu ættingjar ættu að ráða því, hvað gjört sé við leifar látins manns. Hæstv. dómsmrh. vísaði mér til lögfræðings, og ég get sagt það, að ég hef spurt marga lögfræðinga, en án árangurs. Og þess vegna fannst mér rétt að spyrja tvo æðstu menn í landinu, sem þessi mál heyra undir, ráða.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég gat ekki skilið, að fyrirspurnin ætti við annað mál en ég drap á áðan, og mér þótti vænt um að heyra, að þessi hv. þm. ætlar ekki að fjölyrða um það. Hins vegar mátti honum það ljóst vera, að hann mundi beina athygli manna að þessu máli og engu öðru, þótt það hafi ekki verið tilgangur hv. þm. að ræða þetta mál út af fyrir sig, eins og hann sagðist hafa ætlað, og hann hafi gert þessa fyrirspurn vegna þess, að nánustu ættingjar hafi óskað eftir að vita, hver réttur þeirra væri í þessum efnum. Hv. þm. segist hafa reynt að fá þessari spurningu svarað með því að leita til þekktustu lögfræðinga, en orðið fyrir vonsvikum og þess vegna komið hingað. Þá hélt ég nú, að þessi hv. þm. og aðrir, sem hafa athugað þetta mál, og mætti bæta við, að þeir, sem þessa samkundu þekkja, búist varla við, að svör við slíku geti komið í umr. á Alþ., heldur í viðræðum við þekktustu lögfræðinga, sem mér skilst, að hv. 1. þm. Eyf. hafi leitað til.

Ég skal svo ekki frekar gera þetta að umræðuefni hér, en ég er sammála því, að nánustu ættingjar ættu að hafa mestan rétt í þessu efni, jafn-

vel þótt um alþjóðareign sé að ræða, eins og slíkan andans jöfur sem hér er um að ræða. Það mun ekki hafa verið rannsakað, hvort um slíka nána ættingja er að ræða, en ég vil leyfa mér að vona, að ég hafi ekki meitt tilfinningar neins náins ættingja, þar sem svo langt er liðið frá dauða skáldsins. Ég tel það náttúrlega mjög miklu máli skipta, hvort öld eða meira er liðið frá andláti eða nokkur ár. Það munu ef til vill vera skiptar skoðanir um það, hvað megi telja nána ættingja, en ég tel, að hér sé ekki um slíka að ræða, þar sem svo langt er um liðið.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég geri þá skilyrðislausu kröfu til ríkisstj., að hún í ráðstöfunum sínum geri sér grein fyrir því, hvort l. heimili henni gerðir, og vegna þess, að ég gat ekki fengið svör hjá lögfræðingum, sem ég leitaði til, hef ég borið þessa spurningu fram á Alþ., og það er ekki mín sök, að þessar umr. hafa gengið lengra en ég ætlaðist til. Ég spurði aðeins um þetta lögfræðilega atriði, sem ég fyrir mitt leyti verð algerlega að gera kröfu til, að æðsti maður dómsmála í landinu og æðsti maður kirkjumála í landinu geti svarað.

Ég ætla enn algerlega að neita mér um það að tala um málið, sem hæstv. forsrh. minntist hér á hvað eftir annað í sínum ræðum, og það þurfti aldrei að koma hér neitt inn í umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég svara hv. 1. þm. Eyf. sem kirkjumrh., því að hann spurði mig sem slíkan. Það kom ekki til minna kasta að gera neinar ráðstafanir í slíku máli, sem fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf. kemur við, og þess vegna hef ég ekki tekið þetta mál til athugunar. Hins vegar, ef hann hefði óskað að fá frá mér eða öðrum svör hér að lútandi, þá hefði hann væntanlega getað sýnt okkur þá kurteisi, liggur mér við að segja, að áður en þessi fyrirspurn kæmi hér fram, hefðum við átt kost á því að kynna okkur þessi efni og þar af leiðandi átt hægara með að svara. En eins og ég sagði áðan, hefur þetta mál ekki verið lagt fyrir mig, og þar af leiðandi hef ég ekki haft tækifæri til þess að kynna mér það og þá ekki heldur fær um að svara því að sinni.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal aðeins geta þess, að ég fyrir mörgum dögum og oftar en einu sinni hef persónulega spurt hæstv. kirkjumrh. um skoðun hans í þessum efnum, en það fór þannig, að loks var ég neyddur til þess að bera þetta fram hér í opinberri fyrirspurn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef aldrei orðið þess var, þó að hv. 1. þm. Eyf. minntist á þetta mál við mig, að hann bæri þetta fram sem fyrirspurn í því formi, sem hann nú hélt fram. Og þótt tveir menn hittist á götu og ræði eitthvert mál, — og ég skal viðurkenna að einhver orð hafa fallið um þetta milli okkar, — þá álít ég, að þar sé langt bil á milli, þegar menn ræða þannig saman og þegar gerð er fyrirspurn í því formi, sem hv. þm. hefur nú gert. Ef hv. 1. þm. Eyf. hefði verið áhugamál að fá svar við þessari fyrirspurn og ég hefði átt að standa til forsvars, þá hefði hann gjarnan mátt láta mig vita, að hann bæri fram þessa fyrirspurn.

Á 15. fundi í Sþ., 5. des., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hefði viljað bera fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. út af því, sem hefur verið hér í blöðunum undanfarið.

Það hefur verið rætt undanfarið í blöðunum um vopnasmygl, og virðist sú fregn hafa komið frá Morgunblaðinu, og í blaði hæstv. dómsmrh. er verið að nota frásögnina um vopnasmyglið, að því er virðist í pólitískum tilgangi og bendla þetta við Sósfl. Ég vil leyfa mér að koma fram með þá fyrirspurn, hvort rannsókn hafi farið fram í þessu máli og hvað hefur verið gert. Það er undarlegt, að lögreglustjóri hefur talað um þetta við blað ráðh. og síðan er farið að rita um málið í leiðara pólitísks blaðs. En svo veit maður ekki til, að neitt hafi verið gert í málinu. Hvorki rannsóknarlögreglan né sakadómari vita neitt um þetta. Það er ekki brugðið við, eins og þegar sumar símahringingar eiga sér stað, hvað þá þegar skammbyssuskotin hvína í Hafnarfirði. Þetta þarf að upplýsa, og fyrst farið er að hagnýta svona sögur í pólitískum tilgangi, er nauðsynlegt að fá það upplýst, hvað yfirvöldin hafa gert í þessu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég er alveg óviðbúinn að svara fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv., en strax og ég sá í einu blaði bæjarins, að hér hefði átt sér stað smygl til bæjarins á vopnum, sem varla má hugsa sér, að séu notuð til annars en að drepa menn með, því að þau vopn, sem þar var um að ræða, eru ekki notuð til annars, þá bað ég skrifstofustjóra í dómsmrn. að athuga, hvað lægi fyrir í málinu, og gerði hann það.

Það fyrsta, sem mér var kunnugt um málið, var ekki það, sem birtist í blaði Alþfl., heldur var það fyrsta, sem kom fram í þessu máli, í Morgunblaðinu um helgina, og þar sá ég fregnina fyrst, og var mér þá sagt, að lögreglustjórinn í Reykjavík hefði gefið blaðamanninum þessar upplýsingar. Hvað blaði Alþfl. viðkemur, sem hv. 2. þm. Reykv. vitnaði til, og hvaðan það hefur fengið sínar upplýsingar, er mér ekkert kunnugt um, að minnsta kosti hafa þær upplýsingar ekki komið frá mér. Og eins og ég sagði áðan, strax og ég las þetta í Morgunblaðinu, bað ég skrifstofustjórann í dómsmrn. að athuga þetta, og hann gerði það á þann hátt, sem hann taldi réttast, og sneri sér til lögreglustjórans í Reykjavík og fékk hjá honum þær upplýsingar, sem þar lágu fyrir, og gaf mér þær. Ég hef hins vegar ekki fengið neina skriflega skýrslu um málið og bið eftir að fá hana, en þangað til sú skýrsla liggur fyrir, get ég ekki gefið neinar frekari upplýsingar en ég hef nú gert. Það kom þó fram í þessu sambandi, að nokkuð væri síðan þetta vopnasmygl hefði átt sér stað, og þá hefði verið skerpt eftirlit í tollinum á varningi, sem gæti verið grunsamlegur.

Ég get ekki gefið frekari upplýsingar að sinni, en ef þess er óskað, mun ég láta skriflega skýrslu lögreglustjórans koma hér fram.

Hvað viðvíkur skothríðinni í Hafnarfirði, sem hv. 2. þm. Reykv. minntist á, þá hygg ég, að hún eigi ekkert skylt við það, sem hér er um að ræða, og sú rannsókn, sem gerð hefur verið út af henni, er ekki gerð af lögreglustjóranum í Reykjavík, heldur lögreglustjóranum í Hafnarfirði, og er þegar tekin fyrir af honum.

Annað, sem hv. þm. minntist á, um hagnýtingu í pólitískum tilgangi og fleira þvílíkt, sem hann lét sér um munn fara, skal ég ekkert segja um að svo stöddu, því að það kemur ekki beinlínis þessu máli við.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar, en mér skilst á þeim, að rannsóknarlögreglunni hafi ekki verið fengið þetta mál til meðferðar, og enn fremur, að þetta vopnasmygl hefur átt sér stað fyrir nokkrum tíma síðan. En það væri gott að fá upplýsingar um, hvers vegna lögreglustjóra hafi fundizt ástæða til þess að skýra Morgunblaðinu frá þessu, en ekki ástæða til þess að afhenda rannsóknarlögreglunni málið. Síðan er farið að reyna að nota þessa fregn á mjög pólitískan hátt. Mér finnst það mjög undarleg aðferð hjá lögreglustjóra, að á þeim tíma, sem hann ætti að vera að rannsaka þetta mál, skuli hann upplýsa eitt pólitískt blað um það, enda þótt hann ef til vill teldi það heppilegt augnablik til þess, en gefur rannsóknarlögreglunni engar upplýsingar eða fyrirskipanir um það.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að skýrsla sú, sem hæstv. ráðh. talaði um, verði birt, þegar hún kemur.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Mér er það jafn mikill leyndardómur eins og hv. 2. þm. Reykv., af hverju lögreglustjóranum í Reykjavík hefur fundizt þessi tími heppilegur til þess að skýra frá málinu. Mér er slíkt alls ekki kunnugt. Það er honum einum kunnugt eða þá einhverjum, sem honum fannst ástæða til að taka tillit til eða hefur staðið að því, að það væri gert. Ég skal ekkert um það segja. En þetta mál kom fyrst fyrir mín augu, er ég las það í Morgunblaðinu um helgina. Ég man ekki, hvern daginn það var.

Hermann Jónasson: Þetta mál, sem hér er um að ræða, er að mínu áliti mjög alvarlegs eðlis, því að okkur getur ekki verið sama um það, borgurum landsins, hvort byrjað verður á því, þegar þannig stendur á, að menn telja hentugt, að nota þessi vopn til þess að afgera mál manna á milli. En það er annað, sem kom mér til þess að segja hér nokkur orð, og það er um það, hvernig þessi fregn mundi vera til komin. Þegar ég sá þetta í Morgunblaðinu, þá þótti mér fregnin það merkileg, að ég vildi fá meira um hana að vita, og hringdi ég því til lögreglustjóra og spurði hann um málið. Hann sagðist ekki vita, hvernig Morgunblaðið hefði fengið að vita um þetta mál, en frá því var hringt til lögreglustjóra til þess að fá að vita, hvernig lægi í málinu, og virtist það vita talsvert um málið, og hann hefði þess vegna gefið nokkra skýringu á því. Hitt þykir undarlegt, hvers vegna hann afhenti ekki rannsóknarlögreglunni málið, eins og kom fram hjá hv. þm. og hæstv. ráðh. tók nokkuð upp. En þannig stendur á því, eftir því sem hann segir mér, að skýrsla um þetta atriði hafi verið send dómsmrh. alllöngu áður en hann fór vestur um haf og sér hafi ekki dottið í hug að skýra neinum frá þessu máli. En hjá Morgunblaðinu muni á þessum tíma hafa legið fyrir vitneskja um það, þannig að það þyddi í raun og veru ekkert fyrir lögreglustjóra að þræta fyrir staðreyndir, en hins vegar mun hann hafa gefið mjög takmarkaðar upplýsingar. Ég áleit rétt að taka þetta fram.

Annars er það rétt, ef ég hef skilið hæstv. ráðh. rétt, að nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar, sem hæstv. ráðh. lýsti hér yfir, að gerðar hefðu verið, þ. e., að hafa gefið fyrirskipun um það, að tolleftirlitið hefði strangara eftirlit með innflutningi, þó efast ég um það, þó að það hafi verið gert, ef ekki hafa verið gerðar neinar ráðstafanir um vinnubrögð tollgæzlumanna, að þær fyrirskipanir komi að liði. Ég álít, að þetta mál, sem ég tel eitt hið alvarlegasta mál, sem hefur komið hér í dagsljósið, hefði átt að vera sent rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, þegar það barst í hendur dómsmrn. Og ég býst við, að það séu fáir eða enginn borgari í þessu landi, sem ekki gerir kröfur til þess, að slíkt mál eins og þetta sé rannsakað.

Þetta vildi ég taka fram, jafnframt því að ég hef talið mér skylt vegna þeirrar vitneskju, sem ég hafði um þetta mál, að skýra frá því, fyrst byrjað hefur verið á því að ræða þetta mál, eftir að það hafði legið í þagnargildi sennilega um mánaðartíma, og vitnið, sem kemur fram í dagsljósið, er Morgunblaðið, hvaðan sem það er þangað komið.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það var aðeins út af ræðu hv. þm. Str., sem ég vildi segja nokkur orð. Mér virðist, að aðgerðir í þessu máli hljóti að vera tvíþættar. Annars vegar þær að reyna að komast fyrir, hvernig sá innflutningur hefur átt sér stað, sem þegar er orðinn, og í öðru lagi að hindra, að frekari innflutningur eigi sér stað, og það virðist þá liggja beinast fyrir að hindra frekari innflutning með strangara tolleftirliti. Hins vegar ef hv. þm. Str. gæti bent á einhverjar öruggari leiðir til þess að hindra þennan innflutning, væri æskilegt, að hann skýrði frá því, en ég skil ekki, hvers vegna hann telur vafa á því, að tolleftirlitið komi að miklu liði.

Þá vík ég að hinu, hvernig á því stæði, að ekki hefði verið farið strax út í opinbera rannsókn, en það er ekki hægt að gera það að svo stöddu eða ekki fyrr en ég hef fengið tækifæri til þess að fá skýrslu frá lögreglustjóranum.

Annars var eitt, sem mér kom spánskt fyrir í ræðu hv. þm. Str., að hann skyldi halda fram, að lögreglustjórinn hefði ekki gefið þessar upplýsingar, sem komu í Morgunblaðinu. Frá skrifstofustjóra í utanrn. hefur mér verið tjáð, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafi gefið Morgunblaðinu þessar upplýsingar.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég verð að segja, að mér finnst ákaflega eðlilegt, að þetta mál, sem hefur verið skýrt frá í blöðum bæjarins, um vopnainnflutning hingað til landsins, væri rætt hér á Alþ. Og ég vissi það vel, að þegar fregnin um þetta kom fyrst fyrir almennings sjónir í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum, þótti mörgum þetta dálítið einkennilegt og ekki vel viðkunnanlegt að heyra hana flutta á þennan hátt. Hv. þm. Str. sagði, að lögreglustjórinn hefði ekki gefið þessar upplýsingar, sem komu í Reykjavíkurblöðunum, fyrstur, en eins og hæstv. dómsmrh. hefur bent á, þá hygg ég, að fyrsta fregnin um þetta hafi komið frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Hvort Morgunblaðið hefur komizt að því eftir einhverjum bæjarsögum, að hingað til landsins hefðu komið vopn, það skal

ég ekki um segja, en í Morgunblaðinu sér maður fyrst fregnina um það, og lögreglustjórinn er borinn fyrir þeirri fregn, að teknar hafi verið þrjár hríðskotabyssur af dönskum mönnum, sem komu hingað til landsins, og þess einnig getið, að ekki væri loku fyrir það skotið, að fleiri slík vopn hefðu verið flutt til landsins. Mér er kunnugt um það, að önnur dagblöð í Reykjavík, sem leituðu til lögreglustjórans, gátu engar upplýsingar um það fengið, hvernig þessir vopnaflutningar hefðu verið, hvað hefði komið í ljós, eða nokkuð nánar í því sambandi. Og ég vil segja það, að mér finnst það miður, þegar farið er að segja frá þessu í blöðum, ef ekki er hægt að gefa um það nákvæmar og skýrar upplýsingar. Mér finnst það leitt, að lögreglustjórinn í Reykjavík skuli gefa einu dagblaði bæjarins upplýsingar um það, að teknar hafi verið hríðskotabyssur, sem hingað hefðu verið fluttar í óleyfi, án þess að gefa neinar frekari skýringar á því máli. Ég veit með vissu, þar sem ég hef talað um það við hæstv. samgmrh., sem nú gegnir störfum hæstv. dómsmrh., að hann vill óska eftir, að nánari upplýsingar komi fram um þetta mál. Og það er þörf á því. Mér fannst það undarlegt hjá hv. þm. Str., að hann skyldi halda því fram, að upplýsingarnar um málið væru ekki runnar frá lögreglustjóranum, heldur öðrum aðila, sem sagt hefði Morgunblaðinu frá þessu. En Morgunblaðið ber lögreglustjórann í Reykjavík einmitt fyrir fregninni. Ég vil skora á lögreglustjórann að gefa nánari upplýsingar um það, hvort fluttar hafi verið til landsins 3 hríðskotabyssur og ef til vill fleiri vopn. Og ég vil skjóta því til þess hæstv. ráðh., sem fer með dómsmálin, að hert verði á því, að glöggar og skýrar upplýsingar komi fram um þetta mál. Okkur lesendum blaðanna í Reykjavík finnst það óneitanlega stór fregn, að hingað skuli hafa verið fluttar inn byssur, sem ekki eru ætlaðar til þess eins, sem byssur eru notaðar hér á landi, til þess að deyða skepnur, heldur til þess eins ætlaðar að drepa menn. Það er því ekki vanþörf á því, að birtar verði sem fyllstar upplýsingar um þetta mál, úr því sem komið er. Lögreglustjórinn þarf að gefa um það skýrar upplýsingar, hvar þessar byssur hafi fundizt og af hverjum þær voru teknar. Það er ekki nóg að gefa þær upplýsingar, að teknar hafi verið 3 byssur í Reykjavík, sem líkur bentu til, að ekki hefðu verið inn fluttar til minja, heldur af einhverjum mönnum til þess að nota þær, er þeir teldu sig þurfa. Við þekkjum allt of mörg slík dæmi utan úr löndum til þess, að við ættum ekki að gjalda fullan varhuga við slíku. Ég óska því fullkominna upplýsinga um þetta frá aðila, sem með þetta hefur að gera, og það tel ég vera lögreglustjórann í Reykjavík.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég álít, að það, sem hér hefur komið fram, bendi til þess, að það muni vera vilji Alþ., og ég geri ráð fyrir vilji þjóðarinnar, að fréttir um þetta mál hefðu verið birtar strax, og að það sé ekki vítavert að birta fregnina, hvorki af lögreglustjóra né Morgunblaðinu, heldur sé það vítavert, að þetta skuli hafa dregizt. Það virðist vera skoðun blaðanna, að þjóðin eigi kröfu til að fá að vita þetta strax. Það, sem ég sagði áðan, stafaði af því, að ég vildi fá að vita meira, eftir að ég komst á snoðir um þetta, og til þess að vera viss um, að mig misminnti ekki, þá hringdi ég til lögreglustjóra núna. Hann sagði, að Morgunblaðið hefði hringt í 3 daga og sagzt birta þessa fregn, en hún var orðum aukin, eins og það hafði hana. Morgunblaðið hringdi til lögreglustjórans til þess að láta hann staðfesta fregnina og til þess að sannfærast um það, hvort það færi með rétt mál, enda stendur það ekki í fregninni, eins og sagt er frá henni í blaðinu og hv. 5. landsk. talaði um, að fyrstu heimildir séu frá lögreglustjóranum. Það er alveg þvert á móti sagt, að Morgunblaðið hafi komizt að þessu. Hæstv. dómsmrh. fékk um þetta að vita, og það er bersýnilegt, að lögreglustjóri telur ekki rétt að ræða gang málsins. Hann afhendir dómsmrh. málið og lætur hann ráða því. Hins vegar hafa dómsmrh. og lögreglustjóri séð, að þegar fregnin er komin út og mikluð, þá er miklu betra að draga úr fregninni og fá hana birta óbrenglaða en stimpast við lengur.

Lögreglustjóri sagði, að Morgunblaðið hefði hringt til sín í 3 daga og sagt, að það vissi fregnina og mundi birta hana. Ég vænti, að þessu verði ekki mótmælt framar og þessar upplýsingar verði teknar gildar. Ef menn efast um þetta, geta þeir hringt til Morgunblaðsins eða lögreglustjóra, þar sem báðir þessir aðilar hafa síma. Ég undirgengst það, sem hér hefur komið fram, fyrst lögreglustjóri hefur gefið upplýsingar um þetta, að þá beri honum að gefa frekari upplýsingar. Þjóðin á heimtingu á að fá að vita um þetta. En ég sé ekki, að rétt sé að ásaka lögreglustjóra út af því, að ekki koma frekari upplýsingar, svo framarlega sem hann hefur ekki fengið fyrirskipanir um það frá dómsmrh. að gefa þær. Þaðan eiga upplýsingarnar að koma.

Varðandi það, sem gert hefur verið í málinu, þá vil ég segja það, að ég vantreysti tollinum. Ég álít, að hann hafi ekki nægilegt starfslið til þess að framkvæma slíka leit og sjá um það eftirlit, sem kæmi að gagni. Það þarf ýtarlegt eftirlit, ef hægt á að vera að koma í veg fyrir þetta. Ef þetta á að vera fullnægjandi, verður að auka starfslið tollgæzlunnar, og væri slíkt fyrirskipað, bæri að fagna því. Í annan stað ætti að vera búið að fyrirskipa rannsókn. En ég get vel skilið það, að sá dómsmrh., sem gegnir störfum um stundarsakir og tekur við málinu, eftir að það hefur legið í stjórnarráðinu, að hann geri það ekki. Í þriðja lagi ætti að gefa frekari upplýsingar um málið, svo að það drægi úr hræðslu, sem vakin hefur verið. Sé slíkt hægt, ætti dómsmrn. að láta lögreglustjóra gera það. Í fjórða lagi ætti að rannsaka, hvort nokkur frekari vopn hafa verið flutt inn í landið. Þetta eru þær ráðstafanir, sem ég álít að beri að gera. Hins vegar álít ég það miður farið, að verið sé að drótta því að vissum flokkum, að þeir standi að þessum innflutningi. Ég hygg, að það sé ekkert upplýst, sem gefi nokkurt tilefni til þess.

Einar Olgeirsson: Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim undirtektum, sem þessi fyrirspurn hefur fengið, og þeirri kröfu, að þetta mál verði rannsakað og birt þingheimi. Það hefur komið fram í umr., að það er sýnilegt, að alltaf er mánuður síðan um þetta mál hefur vitnazt, og það hlýtur þá að hafa verið á vitund dómsmrh. Ég er ekki að ásaka þann, sem nú fer með dómsmálin. En eftir þessu að dæma eru mánuðir, síðan mál þetta kom á döfina, og enn er ekkert farið að gera í því. Rannsóknarlögreglan hefur ekki einu sinni fengið málið í hend-

urnar. Allir vita, hvað þetta er alvarlegt mál, en samt er ekki farið eftir eðlilegustu leiðum um rannsókn málsins. Blað dómsmrh. notar málið til óviðeigandi dylgna, en hefur samt dregið, svo mánuðum skiptir, að láta rannsaka það.

Ég vil svo víta þá óviðeigandi málsmeðferð, sem þetta mál hefur hlotið, og óska eftir upplýsingum um það, hvernig þessu alvarlega máli er háttað.

Stefán Jóh. Stefánsson: Varðandi ræðu hv. þm. Str. vil ég segja nokkur orð til að byrja með. Hv. þm. sagði, að það væri miður farið, að því skuli vera dróttað að einstökum flokkum, að þeir væru viðriðnir þetta mál, og það hefði ekkert upplýstst í þessu máli, sem benti til þess. Ég tel, að því hafi ekki verið dróttað að einstökum flokkum, að þeir stæðu fyrir vopnaflutningum til landsins. En í þeirri frásögn, sem blöðin birtu og rakin var til lögreglustjóra, voru engar upplýsingar gefnar um það, hvort einstakir menn stæðu fyrir þessu, hverjir þeir væru né hvar vopnin hefðu fundizt. Sögusagnir hlutu því að myndast um það, á hvern hátt þessi vopn hefðu verið flutt til landsins og hverjir væru valdir að vopnaflutningunum. Ég álít því, eins og fram kom í fyrri ræðu minni, að það sé mjög miður farið, að lögreglustjóri skuli gefa frá sér upplýsingar um þetta mál án þess að gefa frekari upplýsingar um það, hverjir standi að þessu, hvar vopnin fundust og þess háttar. Frekari upplýsingar vantar frá lögreglustjóra eða dómsmrn. eða báðum þessum aðilum. En úr því að birt var um þetta í blöðunum eftir þeim yfirvöldum, sem hafa með þetta að gera, lögreglustjóranum í Reykjavík, þá átti að fylgja því frekari upplýsingar. Blöðin í Reykjavík fengu að vita, að fluttar hefðu verið inn 3 hríðskotabyssur, og það gefið í skyn, að þær gætu verið miklu fleiri. Það var einnig gefið í skyn, að byssurnar væru ekki fluttar til landsins sem minjagripir. Slíkar upplýsingar, sem fengnar eru hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, hljóta að vekja tilgátur almennings. Það, sem ég tel rétt, er, að frá ábyrgum aðila, lögreglustjóranum í Reykjavík, á annaðhvort að gefa engar upplýsingar eða upplýsa málið nánar. Þær upplýsingar, sem fyrir lágu, hlutu að leiða til þess, að menn reyndu að ráða kollgátuna og geta sér til, hverjir væru líklegastir til að flytja inn byssur. Og þótt einhverjum dytti í hug einhverjir flokkar, þá var það ekki með neinum ólíkindum eftir þeim sögum víðs vegar úr heiminum, sem maður hefur heyrt. Menn hlutu að spyrja, og menn spyrja í dag og óska svars. Því fyrr sem svarið kemur, því betra fyrir alla, bæði Alþ. og aðra til að reyna að gera ráðstafanir til þess, að þetta komi ekki fyrir aftur. Ég vil bókstaflega ekkert um það segja, hverjir eru líklegastir til að flytja hríðskotabyssur til Íslands. Ég veit bara, að það eru vissir aðilar úti í heimi, sem eru líklegir til að flytja inn hríðskotabyssur til síns lands.

Hermann Jónasson: Ég vil geta þess, að ég sagði ekki, að ákveðinn flokkur væri nefndur í sambandi við þetta, heldur ákveðnir flokkar, því að þessar ásakanir hafa komið fram sín úr hvorri áttinni til skiptis, og skal ég ekki fara nánar inn á það. Sá hv. þm., sem var að ljúka máli sínu, mætti heyra það rétt. (**StJSt:** Ég heyrði það rétt.) Hér í fregninni stendur, að ekki hafi verið hægt að upplýsa, hver hafi flutt þessi vopn inn. Ég skil ekki blásturinn út af þessu. Hvað hefði þessi hv. þm. gert, ef hann hefði verið í aðstöðu þessa embættismanns? Blað veit um fréttina og hringir dag eftir dag og segist skuli birta hana. Hvað á þá viðkomandi embættismaður að gera annað en að sjá þó um, að hún komi ekki úr lagi færð fyrir sjónir almennings? En fregnin er ekki komin til blaðsins frá lögreglustjóranum, en það er eðlilegt, að stórblað vilji birta þessa fregn. Það ber ekki að lasta, heldur hitt, að fregnin skyldi ekki koma strax.

Nú hefur dómsmrh. verið send um þetta skýrsla. Hvers vegna gefur dómsmrh. ekki um þetta skýrslu? Sér hv. þm. ekki, að hér var tilvalið fyrir dómsmrh. að grípa inn í og upplýsa málið nánar? Það hafa engar upplýsingar verið gefnar um það, hvernig málið liggi fyrir. Lögreglustjóri og hans menn eru engir rannsóknardómarar. Ef rannsóknarlögreglan getur ekki gefið upplýsingar um svona hluti, þá getur lögreglustjóri það ekki. Hann getur ekki gefið þær upplýsingar, sem hann ekki hefur. (**StJSt:** Hvers vegna gefur hann hálfar upplýsingar?) Hann gefur aðeins þær upplýsingar, sem til eru, og það var gert til þess að koma í veg fyrir, að birtar væru villandi upplýsingar. Vill þessi hv. þm. halda því fram, að það hefði átt að þegja, þangað til hægt var að upplýsa málið að fullu, þangað til vitað var, hver flutti vopnin inn o. s. frv., og þegja alveg yfir því, ef ekki var hægt að upplýsa það? Það var sagt samvizkusamlega, sem vitað var, þegar blað, sem vissi um fregnina, spurði eftir því. Vitanlega gat dómsmrh. gripið inn í á sínum tíma og gert sínar ráðstafanir gagnvart þjóðinni og þeim, sem eiga að rannsaka málið. Ég sé ekki ástæðu til að dæma embættismann, sem hefur aðeins gert það, sem skylda hans var að gera. Ég vænti þess, að ég þurfi ekki að tala frekar í þessu máli, enda tel ég þetta mál liggja það ljóst fyrir, að ekki sé hægt að ásaka lögreglustjóra fyrir rangar sögusagnir.

Einar Olgeirsson: Hv. 5. landsk. hefur nú þegar tekið undir þær dylgjur, sem flokksbræður hans hafa haldið uppi í sambandi við þetta mál. En þetta kemur úr hörðustu átt, þegar það er vitað, að þessir sömu menn hafa legið á málinu, án þess að þing eða blöð hafi nokkuð um það fengið að vita. Meðferð þess hefur verið slík, að það hefur ekki einu sinni verið látið ganga eftir einföldustu réttarfarsleiðum. En meðan slík vinnubrögð eru viðhöfð af dómsmrh. notar blað hans málið til pólitískra dylgna og getsaka. Það er nú vitað, að ekki er enn farið að fá rannsóknarlögreglunni málið í hendur. Og sér nú ekki hv. þm., hvar svona vinnubrögð koma fyrst niður? Sé það virkilega meining þessara manna að vinna gegn því, að inn séu fluttar byssur til að drepa menn með, þá verður að gera ráðstafanir til þess að rannsaka það mál, en ekki liggja endalaust á því til þess að geta í skjóli þess haldið uppi pólitískum getsökum í garð andstæðinganna.

Stefán Jóh. Stefánsson: Hv. þm. Str. veit það manna bezt, að ef eitthvert blað hringir til lögreglustjóra eða einhvers annars manns, sem getur gefið upplýsingar um eitthvert mál, og óskar eftir upplýsingum um slíkt mál, þá segir sá, sem til er hringt, annaðhvort ýtarlega um málið eða þá ekkert, ef hann telur sér ekki fært að segja neitt um það — ef hann fer rétt að —, heldur en að gefa þær upplýsingar, sem ekki eru tæmandi um málið,

en eru nægar til þess, að um málið skapist alls konar sögusagnir og tilgátur. (**HermJ**: Hvað sagði flokksblað hæstv. dómsmrh. og hv. 5. landsk. um, að svo og svo margir bæir í Gullbringu- og Kjósarsýslu væru sekir í öðru máli, sem eins gátu myndazt um alls konar sögusagnir og tilgátur?) Mér er ekki kunnugt um þetta mál sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu né það, sem sagt var um það í blöðunum hér í Reykjavík. En hitt er víst, og hefur ekki verið leiðrétt af lögreglustjóranum í Reykjavík, að það hefur verið gefið upp af honum, að hingað hafi verið fluttar til landsins þrjár hríðskotabyssur. Hann hefur gefið þær upplýsingar, að inn hafi getað verið fluttar ólöglega fleiri byssur og ólíklegt sé, að þessar hríðskotabyssur hafi verið fluttar hingað til landsins sem minjagripir. Og ef á að gefa þessar upplýsingar, þá verður að mínum dómi að gefa meiri upplýsingar í málinu, og ég veit, að hv. þm. Str. kann vel að meta það sem gamall rannsóknardómari.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði í sambandi við þau orð, sem ég lét falla í minni ræðu, vil ég segja það, að ég stend fullkomlega við það, sem ég sagði, og ég veit, að hv. 2. þm. Reykv. neitar því ekki, að það eru fyrst og fremst tveir flokkar í hverju þjóðfélagi sem er, jafnvel á Íslandi, sem líklegir eru til þess að flytja inn skotvopn til síns eigin lands, þessir flokkar, sem staðnir hafa verið að því um heim allan að hafa notað skotvopn og vilja nota skotvopn frekar en atkvæði þjóðfélagsþegnanna til að ráða málum til lykta. (**GJ**: Vill ekki hv. ræðumaður segja, hvaða flokkar þetta eru?) Það eru kommúnistar og nazistar, ef hv. þm. Barð. vill taka eitthvað upp hanzkann fyrir þá. (**EOl**: Er flokkur hæstv. dómsmrh. að flytja inn skotvopn í blóra við þetta?) Ég veit, að flokksmenn hæstv. dómsmrh. vita, að enginn í þeim flokki lætur sér detta slíkt í hug. (**EOl**: Flokkur dómsmrh. er einn allra flokka á Íslandi, sem hefur beitt hervaldi og látið flytja menn af landi burt.) Þessi framítaka hv. 2. þm. Reykv. kemur úr hörðustu átt, því að hann fyllir þann flokk manna, sem heldur því fram, að einn flokkur eigi að vera til í þjóðfélaginu og eigi öllu að ráða í hverju landi og aðrir flokkar eigi ekki að líðast. (**EOl**: Þetta er uppspuni.) Það er ekki uppspuni. Hv. 2. þm. Reykv. þekkir vel, hvað félagi Stalin lét fylgja þeirri stjórnarskrá, sem gildir í þeirri samkundu, þar sem alltaf eru réttar upp allar hendur með þeim málum, sem stjórnarvöldin vilja, að gangi fram (**EOl**: Menn þekkja, hvernig stjórnarhættirnir voru í alþýðusambandinu, meðan flokkur hæstv. dómsmrh. og hv. 5. landsk. þm. réð þar.), og það er talið af þessum hv. þm., 2. þm. Reykv., og hans nótum, að það sé það fyllsta lýðræði. Og þó að þeir alltaf skreyti sig með orðinu „lýðræði" og haldi því fram í orði kveðnu, að lýðræði eigi að ríkja í landinu, þá verður það svo, að það er í raun og veru ekki annað lýðræði en kommúnistiskt „lýðræði", sem þeir vilja, — og það vitum við, hvernig er. Það vilja þeir innleiða einnig hér á Íslandi, eins og ég tók fram.

Á 18. fundi í Sþ., 13. des., utan dagskrár, mælti

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég hef um nokkra daga undanfarið ætlað mér — en hef ekki getað það af sérstökum ástæðum — að beina örlítilli fyrirspurn til þess hæstv. ráðh., sem í stað annars ráðh. gegnir störfum dómsmrh., þ. e. til hæstv. samgmrh. Fyrirspurnin er tvíþætt. Í fyrsta lagi þannig, hvort hæstv. ráðh. viti, hvenær Finnur Jónsson dómsmrh. muni koma hingað og taka við störfum sem dómsmrh., ef svo fer, að hann gegni þeim framvegis. Og í öðru lagi, hvort sá hæstv. ráðh., sem hér er nú staddur og fer með dómsmál í stað Finns Jónssonar, treystir sér til þess eða ekki að taka ýmis þau mál fyrir, sem heyra undir dómsmálin og þannig er háttað um, að hæstv. dómsmrh. hafði haft með þau að gera, en hefur yfirgefið þau að nokkru leyti í miðjum klíðum. Af því, sem ég á hér við um slík mál, skal ég nefna aðeins eitt, hið svo kallaða rannsóknarmál á sakadómarann í Reykjavík. Um málefnislega hlið þess máls er mér ekki kunnugt, enda fer ég ekki út í það, heldur hitt, að nú er liðið á sjöttu viku síðan hæstv. dómsmrh. lagði leið sína vestur um haf, og bæði mér og öðrum, sem kunnugir vorum hans för, kom ekki til hugar, að dvöl hans yrði svo löng vestur þar, því að annars hefði verið innt eftir því, hvort hann ekki sæi sér fært að inna af hendi aðkallandi mál, áður en hann færi, heldur en láta þau liggja í salti á óheppilegum tíma og óheppilega lengi. Þó að nú sé komið á sjöttu viku síðan þessi hæstv. ráðh. fór frá embætti sínu hér, þá er enn lengra síðan málið kom fyrir, sem varð til þess, að sakadómarinn veik úr embætti, — af því að það hefur þótt rétt, þegar eitthvað þarf að rannsaka í fari embættismanns, að heimila að víkja honum frá um stundarsakir. Og er það ekkert, sem til ósóma má verða viðkomandi embættismanni út af fyrir sig, því að komi hann aftur heill til embættis, er hans heiður hinn sami sem áður var eða meiri. En þegar slíkri rannsókn er lokið sem þessari, þá er tilætlunin, ef ekki verður úr, að málshöfðun snúist um sjálfa embættisfærsluna, þ. e. ekki sýnist, að um nein mistök eða misgáning sé að ræða í henni, að viðkomandi embættismaður eigi þess kost að halda sínu starfi áfram, þangað til þá frekar yfir lýkur. En ef á að höfða mál gegn embættismanni, þá á það að gerast svo fljótt sem unnt er. Og ef ekki á að höfða mál, þá á það líka strax að afgerast. En þetta, að dómari sé látinn svífa þannig milli himins og jarðar svo lengi, nálgast að vera það, sem kallað er taugastríð og menn með nokkurri æru forðast að láta eiga sér stað. Ég hefði álitið æskilegast, að þetta hefði verið látið afgerast, áður en Finnur Jónsson fór af landi burt. Það virðist eðlilegast, þangað til andsvör liggja fyrir, að maður, sem í hans stöðu er sem dómsmrh. í fjarvist hans, gæti ákveðið um gang málsins frekar. Það væri miklu eðlilegra en að láta þetta mál bíða á þá lund sem verið hefur, enda má líka höfða mál gegn manni, sem er í störfum sem embættismaður, alveg eins og gegn manni, sem er frá störfum þeim vikinn.

Nú er þetta, sem ég spyr um, hvort sá hæstv. dómsmrh., sem hefur verið falið að fara með dómsmálin sem ráðh. í fjarveru Finns Jónssonar, treysti sér ekki til þess að gera einhverja réttingu þessa máls, sem ég nú hef rakið, og þá hvers vegna hann hefur ekki treyst sér til þess fram að þessu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég get svarað þessum spurningum í þeirri röð, sem þær eru fram bornar.

Mér hefur borizt skeyti frá hæstv. dómsmrh.,

Finni Jónssyni, sem nú dvelur í Ameríku, um það, að hann muni í síðasta lagi leggja af stað heim á leið 17. þ. m. Í dag er 13. des. Það munu því vera í mesta lagi 4 dagar, þangað til hann leggur af stað, og væntanlega vika, þangað til hann kemur heim, því að ferðin mun verða flugleiðis.

Hitt atriðið, sem hv. þm. V-Sk. spyr um, er, hvort ég muni treysta mér til í fjarveru hans að afgreiða það mál, sem hv. þm. V-Sk. minntist á. Um þetta skal ég aðeins geta þess, að það var svo um talað milli hans og mín. að þó að ég færi með þessi störf, dómsmálin, til bráðabirgða og afgreiddi þau mál, sem ekki þyldu bið, heldur krefðust bráðrar úrlausnar, þá yrði látin bíða afgreiðsla þeirra mála, sem ekki krefðust bráðrar úrlausnar, þangað til hann kæmi heim aftur eða öðruvísi skipaðist um embættið. Ég hef þess vegna engar ráðstafanir gert til þess að hafa afskipti af þessu máli, sem hv. þm. V-Sk. spyr um, og mun ekki gera, nema ég fái einhverjar nýjar fregnir um það, að heimkomu hæstv. dómsmrh., Finns Jónssonar, muni seinka. Þar sem líka er líklegast, að ekki verði nema örfáir dagar þangað til, er tæpast ástæða til þess.

Hv. þm. V-Sk. sagði, að ekki hefði verið gert ráð fyrir svo langri fjarveru hæstv. dómsmrh. eins og komið hefði á daginn. Það er rétt, að formi til a. m. k., að það sé komið á sjöttu viku síðan hann fór til útlanda, en nákvæmlega er það fimm vikur og einn dagur. En með hliðsjón af því, að heimkoma hans hefur ekki dregizt nema litlu lengur en gert var upphaflega ráð fyrir um hans heimkomu, sé ég ekki ástæðu til þess fyrir mig að hafa sérstakar framkvæmdir í málinu og mun ekki gera það, nema sérstakar ástæður verði fyrir hendi, eins og ég hef tekið fram. Þessi afstaða mín er þannig sérstaklega vegna þess, að hæstv. dómsmrh. er aðili í þessu máli.

Gísli Sveinsson: Herra forseti. Ég hef nú heyrt andsvör hæstv. ráðh., og hafði ég að vísu grun um, að svona mundi vera um búið, eins og hann nú skýrði frá. En ég vildi láta það koma fram á réttum vettvangi, sem er hæstv. Alþ., er nú situr, sem er hinn venjulegi og rétti vettvangur fyrir slík mál sem þetta, hverjir sem í hlut eiga.

Ég býst við, að hæstv. ráðh. hafi nú verið áður sömu skoðunar og ég um það, að þessi dvöl hæstv. ráðh. (FJ) yrði nokkru skemmri en hún hefur orðið. Og ég fyrir mitt leyti get sagt, að ég átti, sama daginn og hæstv. burtfarandi dómsmrh. fór af landi burt, tal við hann — eða öllu heldur hann við mig — og reyndar oftar en einu sinni, um þetta mál, en síðast sama daginn sem hann fór. Kvaðst hann þá að vísu vera óákveðinn um, hvað hann gerði í málinu, en hann vildi gera eitthvað í málinu, áður en hann færi. En hann kvaðst búast við, að hann mundi ekki verða lengur að heiman en tvær til þrjár vikur. Skal ég engan dóm á það leggja, hversu mikil þörf er á þessari dvöl þessa hæstv. dómsmrh. þar vestra. Það kemur ekki nema óbeinlínis þessu máli við. En það kemur því óbeinlínis við á þann hátt, að m. a. vegna þessa máls verður hver tími, sem þessi dvöl lengist að nauðsynjalausu, ef um slíkt væri að ræða, sem ég legg ekki dóm á, leiðinleg bið á heimkomu þessa manns. — Ég hafði búizt við, að Finnur Jónsson mundi koma miklu fyrr heim en raun hefur á orðið, og vildi ég því ekki ónáða þann hæstv. ráðh., sem situr í hans stað hér sem dómsmrh., með því að vekja máls á þessu. En síðan í byrjun þessarar viku hef ég ætlað að vekja máls á þessu. En mér hefur ekki auðnazt að finna þennan hæstv. ráðh., sem gegnir nú störfum dómsmrh., hér í stólnum síðustu daga — og má reyndar vera, að hann hafi þá stundum verið hér, en ég þá ekki á fundi. Ætla ég ekki að della á hann sérstaklega fyrir það.

En þessi aðferð öll í sambandi við það mál, sem ég hef gert að umtalsefni, er yfirmáta leiðinleg. Enginn veit, ef slíkt ætti að verða regla, að fara þannig að við héraðsdómara t. d., eða þá aðra embættismenn í landinu, hvar slíkt mundi lenda né hverjar afleiðingar, persónulegar og stjórnmálalegar, geta af slíku hlotizt, því að það er að sjálfsögðu þannig, að embættismenn þjóðarinnar hafa sinn fulla rétt, ef ekki sannast sök á hendur þeim — eins og þeir líka á sínum tíma verða að svara til saka á réttan hátt, ef þeim mistekst í störfum. Og það var ekkert komið fram um það opinberlega a. m. k., að sá embættismaður, sem hér á hlut að máli, hafi neitt misgáð sig í embættisverkum sínum, heldur munu það vera önnur, utanaðkomandi, tilfallandi atriði, sem fóru hér á milli. Þó að hæstv. samgmrh., sem fer með dómsmálin nú, hafi að því vikið, að þetta mál, sem ég hef minnzt á, snerti Finn Jónsson dómsmrh. persónulega, þá er því til að svara, að slíkt mál sem þetta er meira mál en að það sé persónulega snertandi Finn Jónsson, vegna þess að slík meðferð, sem höfð hefur verið á þessu máli, getur snert meðferð mála gagnvart hverjum, sem er, af embættismönnum landsins. Þess vegna er þessi frammistaða, ef hún yrði regla, sem almenn regla alls kostar óhæf.

Nú ætla ég ekki að ræða þetta frekar, en mun eftir atvikum láta mér lynda svör hæstv. ráðh. Hann hefur ekki gert annað en það, sem hann hefur tekið að sér, sem sé að fást ekkert við þetta mál, og verður, úr því sem komið er, ekkert við því gert.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég get ekki alls kostar setið hjá, þegar minnzt er á þetta mál og því er hreyft fyrst og fremst af formanni Héraðsdómarafélags Íslands, því að það má öllum vera ljóst, og ekki sízt honum, bæði sem forvígismanni héraðsdómaranna og einnig sem reyndum manni, eins og hann líka hér hefur bent á, hvers konar fordæmi er verið að skapa hér, ef það á að líðast, sem hér hefur átt sér stað í þessu máli, eða verða enn þá meir áberandi en það er orðið nú þegar.

Ég ætla ekki að ræða efnishlið þessa máls. Ég álít það ekki á þessu stigi viðeigandi, en vil þó geta þess, að það er alls ekki útilokað, að svo verði gert, þótt ekki verði það að þessu sinni, því að auðsætt mál er það, að það er atriði, sem snertir dómgæzlu og réttargæzlu í þessu landi ekki lítið, að dómgæzlan gangi jafnt yfir alla borgara í þessu þjóðfélagi. Sú krafa, sem efnislega er gerð til þess manns, sem þarna á hlut að máli, hlýtur þess vegna að dómi þessarar virðulegu samkundu að vera gerð samstundis gagnvart öllum öðrum embættismönnum í þessu landi. En um það ætla ég ekki að ræða, heldur áskil mér rétt til þess að benda á þau atriði síðar. Efnishlið þessa máls, álít ég, að eigi að liggja á milli hluta, meðan ekki er lengra komið, en ég hef alveg nægilegt efni í þann þátt umr.

Ég ætla svo aðeins að víkja að því, hvers konar málsmeðferð þetta er, sem um er rætt hér. Það er nú eitt út af fyrir sig, að hlutaðeigandi dómara er vikið frá um stundarsakir, meðan rannsókn fer fram. Það er nú yfirleitt ekki siður í þessu landi, þar sem ekki hefur verið tekið með sérstökum krafti á málum, sem ég skal hvorki lofa né lasta, að víkja mönnum frá embætti, þótt hafin sé rannsókn á málum þeirra, nema maðurinn sé hættulegur fyrir embættið, meðan rannsókn á sér stað. Það mætti nefna fjölda mörg dæmi í þessu sambandi, þar sem rannsókn hefur verið hafin gegn embættismanni út af tilteknu atriði og ekki hefur þótt ástæða til að víkja honum frá um stundarsakir, heldur láta rannsókn fara fram og bíða úrskurðar dóms um það, hvort þess sé þörf að víkja embættismanninum frá um stundar sakir. En hér er farið þannig að, sem ég skal ekki fetta fingur út í út af fyrir sig, ef ekki væri fleira athugavert við málið, að manni er vikið frá embætti meðan rannsókn fer fram um það, hvort höfða eigi mál eða ekki. Við skulum segja, að sú rannsókn sé ekki ýkja flókin. Hún er sett til dómara, sem settur er til þess að framkvæma þessa rannsókn, og ef dómarinn hefur málið 7—8 daga — eins og hér átti sér stað, að sá tími var liðinn síðan málið, sem ég hef nefnt, var sett til dómara og þangað til hæstv. dómsmrh. (FJ) fór úr landi —, þá er sá tími, 7—8 dagar, vissulega miklu meira en nógur tími til þess að ákveða, hvort málssókn skuli hafin um svona mál eða málshöfðun skuli falla niður. Þetta er ástæðan til þess, að þessi meðferð þess máls, sem ég hef minnzt hér á, er ekki aðeins mjög óviðfelldin, heldur alveg óforsvaranleg, því að það er ekki hægt fyrir neinn dómsmrh. að afsaka sig með því í svona máli, að hann hafi þurft að fara úr landi. Dómsmrh. í einu landi er embættismaður, eða hvað maður vill kalla það — institute —, sem alltaf er til og heldur alltaf áfram að vera það, hvort sem þessi eða hinn maðurinn er utan lands eða innan. Það er ekki til, að einn dómsmrh. geti beðið góðvin sinn að taka mál og leggjast á það, — það er ekki til í landi, þar sem er réttarfar í lagi. Ég held, að við verðum að gera okkur ljóst, að þær afsakanir, sem hér hafa komið fram, eru alveg óframbærilegar og mega ekki heyrast hér í sölum Alþ. Mál á að afgreiða að réttum l., hver sem er dómsmrh., en ekki eftir því, hvort einn kunningi dómsmrh. tekur við embætti hans og lofar ráðh., sem frá fer um stund, eins og t. d. vegna utanferðar, að leggjast á eitthvert tiltekið mál. Hvar erum við eiginlega komnir með réttarvenju, ef slík réttarvenja skapast? Væri þá ekki hægt að taka hvern embættismanninn eftir annan og setja frá embætti „um stundarsakir". Hefði þá ekki t. d. alveg eins verið hægt að setja vitamálastjóra frá embætti um stund og gefa honum að sök, að hafnargarðurinn í Hafnarfirði, sem hann á að sjá um byggingu á, sökk niður að framan? Ég nefni þetta sem dæmi, en ekki af því, að ég álíti, að svona hefði átt að fara að né að það ætti að gefa vitamálastjóra sök á þessu. En væri ekki alveg eins hægt að gera þetta og tortryggja, að vitamálastjóri hefði undirbúið verkið með nægilegri rannsókn á botninum, ef venja ætti að skapast á þá lund eins og meðferð þess máls, sem hér hefur verið rætt, málsins gagnvart sakadómara? Er ekki hægt að taka prófessor við háskólann fyrir það, að hann hafi ekki haft eftirlit með unglingunum á einhverju ferðalagi, og víkja honum frá um stundarsakir, fá svo rannsókn í málinu, en svo er hikað við að höfða mál, vegna þess að grundvöllur er ekki fyrir hendi? En að bíða með hvort tveggja, láta mann bíða í 1—2 mánuði og halda honum utan við embætti, þetta er nákvæmlega hliðstætt við að setja mann af án þess að láta ganga dómsúrskurð. Það má halda manni utan við embætti án þess að fella úrskurð um það, að málið skuli niður falla eða að það skuli höfða mál.

Það hefur verið talað um það, að ekki hafi verið spurt um þetta mál fyrr. Vitanlega hefði átt að spyrja um það fyrr, því að úrskurður hefði átt að vera kominn fyrir löngu. En við verðum að gæta að því, að því lengur, sem mál dregst, því meir óviðunandi er málsmeðferðin, og því mun nú verða fylgzt með þessu máli upp frá þessum degi.

Ég hefði gjarnan viljað taka þátt í umr. um þetta mál, en við hæstaréttarmálaflutningsmenn tökum annað slagið þátt í dómstörfum í hæstarétti, og hef ég fengið skilaboð um að vera þar kl. 2 og verð því að fara, enda vænti ég, að svo margir séu samþykkir þeim sjónarmiðum, sem ég hef viljað setja hér fram, að þau muni ekki vanta málsvara, þótt ég fari.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Mér þykir verra, ef hv. þm. Str. getur ekki dokað við augnablik.

Hv. þm. V-Sk. flutti hér fyrirspurn áðan, svo sem venja er, og eftir að hann hafði fengið þau svör, sem mér virtist hann eftir atvikum sætta sig við, var hann ánægður, en það var ekki alveg því að heilsa með hv. þm. Str. Hann kom hér fram í annað sinn, frá því hæstv. dómsmrh. fór af landi burt. (**HJ:** Hvenær var hitt skiptið?) Þegar ráðizt var á dómsmrh. út af vopnaflutningsmálinu. Ég upplýsti, að von væri á dómsmrh. innan 3—4 daga. Mér hefði fundizt það sæmra fyrir þennan hv. þm. að bíða með að hella úr skálum reiði sinnar, þangað til hæstv. dómsmrh. var til staðar. Ég lýsti því yfir, að ég hefði ekki sett mig inn í málið, vegna þess að dómsmrh. hefði óskað eftir að það væri látið bíða, þangað til hann kæmi. Ég get ekki svarað öðru til, en get þó upplýst, að hann fékk málið í sínar hendur aðeins skömmu áður en hann sigldi. Það var ekki aðeins, að hann fjallaði um málið. Honum var það skylt, og hann vildi afgreiða það og ákvað, að það skyldi bíða eftir sér. „Hvar er okkar réttarfar", segir hv. þm., „ef á að liggja á málum í lengri tíma?" Ég vil nú benda honum á það, að oft hefur verið legið á málum í lengri tíma en hér hefur átt sér stað. Það er ekki til eftirbreytni, en ég vil halda því fram, að oft hafi dregizt lengur en þessu sinni að afgreiða mál. Það mætti þessum hv. þm. vera kunnugra en mér. Það hefur nú að vísu liðið meira en mánuður, en ég ætla, að það hafi oft áður komið fyrir hér á Íslandi. Ég get ekki játað, að hér sé um vítavert athæfi að ræða, og ítreka það, sem ég sagði áðan, að þar sem dómsmrh. er fjarverandi í opinberum erindagerðum, frá því að úrskurðurinn féll, er ekki undarlegt að málið hefur dregizt. Ég sé ekki að neinn sérstakur voði hefði verið á ferðum fyrir réttarfarið í landinu, þótt hv. þm. hefði látið það bíða í 3—4 daga að hella úr skálum reiði sinnar. Ég býst við, að þegar dómsmrh. kemur, geti hann gefið full og skýr svör, t. d. um það, hvers vegna ekki féll úrskurður í

málinu þessa fáu daga, sem hann var við, eftir að rannsókn var lokið. Ég álít sem sagt, að það hafi ekki verið hv. þm. samboðið að ráðast að hæstv. dómsmrh., eins og hann gerði, þegar þm. vissi, að hans var von á hverri stundu.

Hermann Jónasson: Það á víst að vera eitthvert óratóriskt tiff að halda því fram, að ég hafi ráðizt á dómsmrh. að honum fjarstöddum. Það vita allir, að ég hef ekki ráðizt á hann, heldur þann dómsmrh., sem alltaf er til staðar hjá íslenzka ríkinu, hvort sem hann heitir Emil, Finnur eða eitthvað annað. Það, sem ég vítti, var það að taka við máli og gera það sem vinargreiða að setjast á það, og ég held, að það verði erfitt að koma því inn hjá fólki, að ég hafi ráðizt á dómsmrh., af því hann var ekki viðstaddur. Ég hef ekki heldur ráðizt á hann í vopnasmyglunarmálinu. Það var talað um það, á meðan lögreglustjóri lá í rúminu, eftir að upplýst hafði verið um það samkvæmt Morgunblaðinu. Ég deildi ekki með einu orði á dómsmrh. — minntist ekki á hann einu orði, nema það, að hann ætti að fyrirskipa réttarrannsókn í málinu. Ráðh. sagði, að ekki hefði borizt nein skýrsla, bara bréf. Ég get ekki nema brosað að því, því að hvað er bréf nema skýrsla. Ég réðist ekki á dómsmrh., en ég hélt því fram, að réttarrannsókn hefði átt að fara fram í málinu. En þessi dómsmrh., sem hér er, hefur gert árás á dómsmrh., því að hann fyrirskipaði rannsókn. Sá eini maður, sem hefur gert árás á fyrrverandi dómsmrh., er núverandi dómsmrh.

Ég skal ekki koma inn á þetta mál á þessu stigi, því að það er hægt að gera síðar. Dómsmrh. segir, að það hafi ekkert gert til, þótt það hafi dregizt í nokkrar vikur, en hann gerir sér ekki grein fyrir því, að hér er embættismanni vikið frá um stundarsakir og honum haldið utan við embættið. Það kann að vera, að mál hafi dregizt hér lengur en þetta, en það hefur oft ekki varðað neinu, en þessi dráttur varðar miklu. Og það er ljóst, að dómsmrh. á að svara til saka um mál, sem hann hefur tekið við, á meðan annar var ekki heima. Hann hefur tekið við málunum og á að afgreiða þau á réttum tíma. Það kom ekki fram nema tilraun til að svara í þessu máli. Það er óviðunandi, að embættismaður sé settur frá um stundarsakir, dómsmrh. hafi málið hjá sér í 7 daga, eftir að rannsókn er lokið, neiti að úrskurða málið í dómsmrn. og biðji kunningja sinn að setjast á málið, á meðan hann er fjarverandi — og á meðan á þessu stendur, er embættismaðurinn utan við embættið. Þetta er mál, sem þingið getur ekki látið afskiptalaust.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég þarf ekki að svara mörgu af því, sem fram kom, en nokkru. Þm. var að reyna að halda því fram, að hann hefði ekki verið að ráðast á dómsmrh. Það er rangt. Hann heldur því fram, að dómsmrh. hafi legið á málinu, en hann hefur áreiðanlega sjálfur haft lengur en þetta mál í sínum vörzlum. Það var ekki hægt að fella úrskurð í málinu, áður en ráðh. fór, og þarf ég ekki að skýra það nánar. Hann var með ádeilu á mig, og hún var sú, að ég hafi látið málið liggja. Þetta er líka rangt. Hæstv. dómsmrh. ákvað það, áður en hann fór, að málið skyldi liggja. (BSt: Það getur enginn bundið eftirmann sinn.) Það getur enginn bundið eftirmann sinn, en dómsmrh. getur sagt fyrir um störf, meðan hann er fjarverandi.

Um vopnasmyglunarmálið er það að segja, að áður en úrskurður hafði verið gefinn um opinbera rannsókn, hafði ráðuneytinu ekki borizt skýrsla, heldur bréf. Það, sem fyrir lá, var það, að það hafði borizt bréf frá lögreglustjóra um, að tolleftirlitið yrði skerpt. Þetta aukna tolleftirlit fékk hann. Bréf hans gaf ekki tilefni til annars eða meira. Morgunblaðið, sem lögreglustjóri hafði gefið upplýsingar, kom svo fram með greinar um málið, og það var vegna þeirra greina, en ekki bréfs lögreglustjóra, sem fyrirskipuð var rannsókn í málinu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, líka vegna þess, að hv. þm. Str. hefur ekki viljað — eða ekki getað verið viðstaddur. En þetta mál er svo einfalt, og umr. um það — eins og ég tók fram áður — virðast ekki einasta tilefnislausar, heldur sprottnar af hneigð til þess að fara óviðurkvæmilegum orðum um dómsmrh. fjarverandi, að ég sé ekki ástæðu til að deila um það lengur.

Eysteinn Jónsson: Ég ætla að segja aðeins örfá orð, af því að hv. þm. Str. er fjarverandi, og ég hef ekki orðið var við, að hæstv. samgmrh. tæki tillit til þess í ræðu sinni, þótt hann ætlist til þess, þegar dómsmrh. á í hlut. Þessar umr. hafa verið alleinkennilegar og sérstaklega það, sem sagt er um dómsmálastjórn landsins. Hver er dómsmrh.? Ég efast ekki um, að það sé samgmrh., sem ber ábyrgð á þessu máli, og að honum beri að stefna þeirri gagnrýni, sem hér hefur komið fram, og það er þess vegna ekkert óviðurkvæmilegt í því, að hún er látin koma hér fram.

Mér finnst þetta mál horfa þannig við, að ef Finni Jónssyni dómsmrh. og flokksmönnum hans fannst nauðsynlegt að senda hann af landi burt til Ameríku, þá átti hann að fela öðrum manni sín störf, og brottför hans átti ekki að hafa nein áhrif. Nú hefur brottför hans haft áhrif á mál dómsmrn., þannig að mál er dregið, sem átti að vera búið að afgreiða. Eftir því, sem upplýst er, fór Finnur Jónsson út og lagði fyrir eftirmann sinn, að hann gerði ekkert í málinu. Það hefði verið rétt, ef Finnur Jónsson hefði lagt fyrir, að málið yrði afgr. á eðlilegan hátt og með eðlilegum hraða. Ég get ekki séð annað en að afgreiðslu mála eigi að haga á sama hátt, hvaða dómsmrh. sem situr, og þess vegna er það engin afsökun fyrir þessum drætti, að dómsmrh. hafi verið fjarverandi. Brottför dómsmrh. átti ekki að hafa áhrif á það, hvort málið væri afgr., og þess vegna er það líka fjarstæða hjá hæstv. samgmrh. að halda því fram, að ekki eigi að fara fram umr. um málið, af því að dómsmrh. sé ekki viðstaddur. Slíkar umr. eiga rétt á sér, hvernig sem á stendur, vegna þess, að einhver verður að vera hér í forsvari fyrir ráðuneytið, og þann, sem við er, á að víta fyrir það, að það, sem gera á, er ekki gert, eins og vera ber. Störf ráðh. hljóta náttúrlega að fá gagnrýni, þótt þeir séu fjarverandi, og ættu menn ekki að vera með neina kveinstafi út af því. Það er ekki hægt að fara af landi burt og vera svo með kveinstafi út af því, að öðrum séu falin störf þeirra. Það, sem hér er gagnrýnt, er það, að fjarvera dómsmrh. skuli hafa haft áhrif á það, að mál er látið liggja, og dómsmrh. og samgmrh. hafa báðir átt þátt í því, sá fyrri með því að óska eftir, að mál væri dregið á langinn, og sá síðari með því að gera það. Þess vegna er þetta gagnrýnt.

Eins og hv. þm. Str. sagði, hefði ekkert verið við

þessu að segja, ef hér hefði verið um venjulegan málarekstur að ræða. En eins og vitað er, er hér um það að ræða, að embættismanni hefur verið vikið frá um stundarsakir, og var skylt að láta málið ganga með eðlilegum hraða, en ekki að láta einkamál eða fjarvistir tefja það. Það var í lófa lagið að láta slíkt engin áhrif hafa. Það hefur verið gert, og það er að því, sem er fundið.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Hv. þm. S-M. vildi halda því fram, að embættisstörf ættu ekki að geta stöðvazt af brottför. Það þyrfti alltaf að vera dómsmrh. í landinu og málin að ganga sinn gang, hver sem í hlut ætti. Þetta getur verið rétt, en ég vil undirstrika þann mun, sem er á því, að Finnur Jónsson eða ég geri þetta, því að málið er honum ekki einasta skylt, heldur er hann aðili. Ef ég hefði átt að sjá um málið, hefði ég orðið að kynna mér það, og það er ekki víst, að það hefði gengið fljótar á þann hátt en með því að láta það bíða. Finnur Jónsson dómsmrh. ákvað, að málið skyldi liggja, þangað til hann kæmi heim, og þá skyldi það tekið upp. Það er einkennilegt, að þetta mál skuli vera tekið upp nú, þegar ekki eru nema 3—4 dagar, þangað til ráðh. kemur heim, og þá getur úrskurður fallið í málinu.

Eysteinn Jónsson: Ég vil út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það væri einkennilegt, að þessar umr. skuli vera teknar upp nú, segja það, að mér skilst, að fyrirspurn hafi komið frá hv. þm. V-Sk. um þetta mál og þá hafi þm. Str. virzt eðlilegt að láta í ljós álit sitt á þessu. Og ég vil segja það, að ég sé ekkert óviðurkvæmilegt í þessu, heldur tel ég það þvert á móti rétt.

Hæstv. samgmrh. segir, að það sé að sumu leyti óþægilegt fyrir sig að úrskurða um þetta málefni, vegna þess að dómsmrh. hafi verið svo vel inni í þessu máli og verið, eins og hann sagði, „aðili í málinu". Að vissu leyti má þetta til sanns vegar færa, að dómsmrh. hefur nokkuð komið inn í málið, en ég segi það sem mína skoðun, að mér sýnist, að hæstv. samgmrh. hefði verið betur fallinn til þess að ákvarða um framhaldsmeðferð málsins en hæstv. dómsmrh. vegna þess, að hann var ekki á neinn hátt aðili að þessu máli. Og vegna þess að hæstv. dómsmrh. telur sig aðila að þessu máli, þá væri bezt viðeigandi, að einmitt maður eins og hæstv. samgmrh. hefði úrskurðað um framhaldsmeðferð þess, þannig að það, sem hæstv. samgmrh. finnst verr viðeigandi, er í mínum augum ástæðan fyrir því, að ég hefði talið æskilegt, að hann hefði farið með framhaldsmeðferð málsins. Ég segi þetta ekki til að kasta rýrð á hæstv. dómsmrh., heldur leiðir það af eðli málsins. Nú segir hæstv. samgmrh., að sér hafi verið svona allt að því meinað að kveða upp úrskurð um málið af því að hæstv. dómsmrh. hafi verið búinn að ákveða, áður en hann fór, að málið skyldi bíða eftir því, að hann kæmi til baka. Ég verð að undirstrika það, að þetta finnst mér ámælisvert, að hæstv. dómsmrh. skuli fara af landi um óákveðinn tíma, vera búinn að víkja embættismanni úr starfi og láta fara fram rannsókn, hefur síðan athugað þá rannsókn í 6—8 daga, en fer samt burtu óákveðinn tíma og ákveður, að þetta skuli óafgert, og enginn viti, hvenær það mundi verða. Þetta finnst mér ámælisvert í þessu máli, einmitt að svona hefur verið að farið. Auðvitað hefði það verið rétta meðferðin, að settur dómsmrh. færi með málið og úrskurðaði það, ef nokkuð drægist, að dómsmrh. kæmi til baka. Það er þessi málsmeðferð, sem hér hefur verið gagnrýnd, og svo það, að hæstv. samgmrh. skyldi taka við málinu, en hafa það ekki til úrskurðar. Það hefði verið viðurkvæmilegra, að þannig hefði verið á málinu haldið, og það er ekki viðeigandi af hæstv. samgmrh. að hreyta svona í menn fyrir það að benda á það, að þessi málsmeðferð er ekki viðeigandi. Það voru svo ríkar ástæður til að finna að þessu, að ástæða var til að vona eftir slíkar aðfinnslur, að hæstv. ráðh. tæki þessu með rökum, en ekki með neinum svigurmælum um það, að það sé óeðlilegt, að að þessu sé fundið. Ég skal svo ekki orðlengja um þetta, því að það er ekki tilefni til þess.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það eru aðeins örfá orð. Ég var ekki að finna að því eða hreyta í menn fyrir það, þó að þeir spyrðust fyrir um afgreiðslu málsins. Hér var spurt og svarað, og þar með átti málið að vera úti. En þegar fyrirspurnin var notuð til árása, eins og hv. þm. Str. gerði, þá gat ég ekki orða bundizt. Hvað því viðvíkur, að hér sé um ósæmilegan drátt að ræða, þá hef ég lýst því áður, að ég get ekki séð, að dráttur inn hafi verið annar og meiri en oft hefur átt sér stað í mörgum svipuðum tilfellum áður, svo að ég get ekki séð að með þessum drætti hér hafi nokkuð óvenjulegt komið fyrir. Þvert á móti er þetta svipað því, sem komið hefur fyrir í öðrum tilfellum. Hitt er nýtt, að þessi dráttur, sem orðið hefur af eðlilegum ástæðum, vegna þess að hæstv. dómsmrh. er í annarri heimsálfu, sé notaður til þess að víta hann fyrir þá afgreiðslu málsins, sem hann viðhafði, áður en hann fór af landi burt. Annað hef ég ekki ástæðu til að ræða.

Páll Zóphóníasson: Ég vil leyfa mér að beina einni fyrirspurn til hæstv. samgmrh. Hann hefur hvað eftir annað tekið það fram í þessum umr., að Finnur Jónsson sé aðili í þessu máli. Mig langar því til að fá að vita, hvort hann á hér við persónuna, manninn Finn Jónsson eða dómsmrh. Finn Jónsson, því að þetta skiptir verulegu máli.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það, sem ég meinti með því að segja, að dómsmrh. væri aðili að málinu, er það, að það var hann, sem fyrirskipaði þá opinberu rannsókn, sem gerð var. Þess vegna var það hann, sem upphaflega hafði kynnt sér það, hvaða rök lágu til þess, að málið fór inn á þá braut, sem það gerði, og var á þann hátt sá aðili, sem hafði tekið afstöðu og ákvörðun um það, að málinu var beint inn á þá braut, sem það fór. Þetta meinti ég með þessu, og ætti það að vera hv. þm. skiljanlegt, því að hann ætti að vita þetta.

Eysteinn Jónsson: Það voru aðeins nokkur orð út af því, sem hæstv. samgmrh. sagði, að hann hefði ekkert við það að athuga, þó að um þetta kæmu fram fyrirspurnir, en það hefði ekki átt að ráðast á neinn í þessu sambandi. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að það er mjög varhugavert þetta tal, sem nú tíðkast, um árásir. Allir skapaðir hlutir eru kallaðir árás. Ef menn leyfa sér að láta í ljós þá skoðun, að einhver stjórnarherra fari öðruvísi að en æskilegt væri, þá er það kallað árás,

hvað hógværlega sem að er farið. Þetta er ákaflega varhugaverður tónn. Það er varhugavert að vera sífellt að hreyta í menn, þótt fundið sé að einhverju í embættisrekstri eða framkvæmd ráðh., og ég get ekki fundið, að hægt sé að kalla það árás, þótt bent sé á það, eins og hér hefur verið gert, að hér sé ekki að dómi ýmissa farið rétt að.

Svo er aðeins ein setning um málið sjálft. Hæstv. ráðh. sagði, að hér hefði orðið dráttur af eðlilegum ástæðum, en um þetta er meiningamunur, því að hér hefur verið bent á það, að þessi dráttur hafi orðið af óeðlilegum ástæðum. Hæstv. ráðh. segir, að þessi dráttur hafi orðið af eðlilegum ástæðum, af því að dómsmrh. hafi þurft að fara til Ameríku. Hitt er aðalatriðið að utanför hæstv. dómsmrh. átti ekki og mátti ekki hafa áhrif á það, hvernig þetta mál væri rekið, og hún þurfti ekki að hafa áhrif á það, vegna þess að hæstv. samgmrh. var fyllilega maður til þess að úrskurða um málið, eftir að hann hafði tekið við stjórnardeildinni. Þetta er aðalatriðið og það, sem hér hefur verið fundið að. Það vildi ég undirstrika í lokin.

Á 31. fundi í Sþ., 26. febr., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. mun kunnugt, hefur komið fram á þingi Bandaríkjanna till. frá einum þingmanni um að bjóða Íslandi að gerast fylki í Bandaríkjunum. Þó að ég þykist vita, að ekki aðeins allir hv. þm., heldur líka öll þjóðin telji þetta slíka fásinnu, að þess háttar till. komi fram, að við Íslendingar eigum erfitt með að taka svona hluti alvarlega og erfitt með að skilja, að mönnum hjá þjóð, sem vill vera frjáls, skuli geta dottið í hug slíkt skilningsleysi gagnvart rétti okkar til þess að lifa sem frjáls þjóð, — finnst mér samt rétt, að fram á okkar þjóðþingi komi — eins og víðar í löndum hefur komið, þegar svipað hefur komið fyrir — skoðun okkar á þessu, þó að manni finnist reyndar málið vera langt fyrir neðan það, að það sé endilega sjálfsagt, að þær skoðanir okkar komi þannig í ljós.

Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort hún muni ekki einmitt nú nota tækifærið til þess að gefa slíka yfirlýsingu til þess að tala hér fyrir þjóðarinnar hönd um málið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Jafnskjótt og ég sá þessar fréttir um þetta mál, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um hér, gerði ég ráðstafanir til þess að hafa samband við sendiherra Íslands í Washington til þess að fá hjá honum fregnir af því, hvað þarna væri um að vera, og átti ég samtal við hann nú alveg nýlega. Hann kannaðist við þetta mál og sagði, að þessi þingmaður hefði flutt till. um það, að bjóða Íslandi að gerast fylki í Bandaríkjunum, skilst mér, og enn fremur, að Bandaríkin skyldu kaupa Grænland og í þriðja lagi kaupa allar eyjar, sem væru í nánd við Bandaríkin. Og sendiherrann sagði, að hann, þingmaðurinn, hefði farið ákaflega vinsamlegum orðum um Íslendinga í þessu sambandi og talað um, hversu þýðingarmikið það væri, að þessar tvær miklu þjóðir gætu sameinazt. En að öðru leyti sagði sendiherrann, að þessi till. hefði alls ekki verið tekin alvarlega í þingi Bandaríkjanna og verið meðhöndluð þar af öllum sem hver önnur fjarstæða og að litið hefði verið á hana þar í því ljósi af stjórnarvöldunum. Hitt bæri að líta á, að stjórnarvöldin þar gætu ekki hindrað, að slíkar till. kæmu fram. En okkur talaðist svo til, sendiherranum og mér, að sendiherrann skyldi fara beint til viðkomandi stjórnarvalda í Bandaríkjunum og láta það uppi af okkar hálfu, hversu illa til fundið við teldum það, að Íslandi væri blandað inn í þeirra mál á þingi þeirra á þennan hátt, jafnvel þó að ljóst sé, að ríkisstj. þar hafi ekki vald til þess að stöðva það. Hitt, eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði, er vitanlegt, að við lítum á þetta eins og hverja aðra fjarstæðu, og ég hef ekki á þessu stigi málsins séð ástæðu til að hafa í þessu frekari aðgerðir. Hins vegar lofaði sendiherrann að senda heim grg. um málið, þannig að skýrt lægi fyrir allt, sem gerzt hefur í málinu fram að þessu, og einnig, hvað í því kynni að gerast. Vænti ég, að menn telji þetta fullnægjandi grg., eftir því sem þetta mál hefur komið fram.

Á 82. fundi í Nd., 27. febr., utan dagskrár, mælti

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í morgun barst skeyti frá sendiherra Íslands í Washington, þar sem m. a. segir: Tillaga Gerharts congressmanns felur í sér „heimild fyrir forseta U. S. A. til að bjóða Íslandi að verða ríki í Bandaríkjunum (the American Union), enn fremur til að hefja samninga við Danmörku til að kaupa Grænland, enn fremur til að semja við Stóra-Bretland, Frakkland og önnur ríki um kaup á öllum eyjum undan strönd meginlands Bandaríkjanna í Karabiska hafinu og Kyrrahafinu."

Í ræðu í þinginu í fyrradag mælti Gerhart á þessa leið: „Við höfum heyrt uggvekjandi fregnir um, að Rússland krefjist umboðsstjórnar yfir Dardanella-sundum, herstöðva í Spitsbergen, veðurathugunarstöðva á Íslandi og Grænlandi. Enn fremur er sagt, að Rússland hafi hernumið tilteknar eyjar í Skagerak og Kattegat og heimti Kurileyjar og aðra staði, sem hafi hernaðarlega þýðingu. Enn fremur segir Gerhart: „Ísland og Grænland liggja í leið hvers þess rángjarns stórveldis, sem hefur í hyggju að leggja undir sig heiminn. Ef Ísland stæði eitt, þegar það yrði fyrir árás, þá mundi það vera máttvana. Í heimsstyrjöld, sem við (Bandaríkin) lentum í, þá eru þeir (sennilega Íslendingar) ómissandi fyrir vernd okkar og Íslands. Íslendingar og Ameríkanar komast ekki hjá því að skilja nauðsyn félagsskapar til gagnkvæmra varna. Við höfum mikið að bjóða Íslandi: hervernd, virðuleik og frelsi til handa borgurum þess, nýting hafna og auðlinda landsins, aðgang að beztu mörkuðum heimsins fyrir afurðir þess. Þegar íslenzki og ameríski fáninn blakta hlið við hlið, þá mun harðstjórinn vissulega skjálfa og einræðisherrarnir örvænta, en frelsisunnandi þjóðir hvarvetna gleðjast, því að vegna sameiningar þessara tveggja miklu þjóða, þá mun hverfa úr huga þeirra, sem sækjast eftir heimsyfirráðum, eitt af því, sem freistar þeirra einna mest til að ráðast á hinar máttarlitlu þjóðir heimsins".

Þá segir Thor Thors sendiherra frá því, er hann í gær fór í utanrn. Bandaríkjanna til að láta þar uppi skoðun Íslendinga á tiltæki Mr. Gerharts á þá leið, sem ég lýsti á fundi sameinaðs Alþingis í gær. Í því tilefni lét Dean Acheson, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, það uppi, að samkv.

stjórnarfyrirkomulagi Bandaríkjanna væri hvaða þingmanni, sem er, algerlega frjálst að stinga upp á hvaða löggjöf sem hann óskar, alveg á sama hátt og í öðrum lýðfrjálsum löndum, svo sem á Íslandi, þar sem hvaða alþingismaður sem er má láta uppi einkaskoðun sína á hverjum sem er. Enn fremur lýsti Mr. Acheson yfir því, að tillaga Mr. Gerharts um, að Ísland gerðist eitt af Bandaríkjunum, lýsi hvorki skoðunum, tilgangi né stefnu Bandaríkjastjórnar fremur en talið verði, að ýmsar fullyrðingar, er hafi í sér fólgnar árásir á Bandaríkin og einstakir alþingismenn hafi haft í frammi, lýsi skoðunum íslenzku stjórnarinnar eða yfirgnæfandi meiri hluta íslenzku þjóðarinnar.

Þessi skoðun Mr. Achesons og þar sem hann þar með fyrir hönd Bandaríkjastjórnar ótvírætt afneitar tillögu Mr. Gerharts og íslenzka stjórnin hefur þegar látið uppi, hve illa hún telur til fundið, að slík fjarstæða sem tillaga Mr. Gerharts skuli borin fram á Bandaríkjaþingi, og þar sem ummæli tillögumannsins sjálfs sanna það, sem ég sagði hér í gær eftir sendiherra Íslands í Washington, að tillöguna er ekki unnt að taka alvarlega, þá sé ég ekki ástæðu til að aðhafast frekar í þessu máli nema nýtt tilefni gefist.

Á 97. fundi í Nd., 17. marz, utan dagskrár, mælti

Jónas Jónsson: Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvernig ríkisstj. hugsar sér yfirfærslur margra þeirra útlendinga, sem hér eru í vinnu og hafa allt upp í 8000 kr. á mánuði, þar eð nú eru fyrirsjáanleg gjaldeyrisvandræði. Það er fullkomin ástæða til að athuga, hvernig firra megi landið þessari hættu. Ég óska því, að hæstv. fjmrh. skýri þetta mál við fyrsta tækifæri.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þessi fyrirspurn hv. þm. S-Þ. ætti helzt að fara til viðskmrh., sem hefur umsjón gjaldeyris. Hins vegar álít ég, að þessi fyrirspurn varði Alþingi og þjóðina í heild, og skal ég sjá um, að þetta verði tekið til athugunar af réttum aðilum, og mun þá upplýsast, hvað stjórnin hyggst fyrir í þessu máli. Meira treysti ég mér ekki að segja á þessu stigi málsins.

Á 108. fundi í Nd., 9. apríl, utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. nokkurra spurninga í sambandi við frétt í erlendum blöðum, er snertir flugvallarsamninginn við Bandaríkin. Þessi blöð hafa túlkað þennan samning sem herstöðvasamning, og kemur berlega fram í viðtölum nokkurra sænskra blaða, að forsrh. landsins hafi látið í ljós, er hann átti viðtal við sænsku blaðamennina, að hann væri ekki í neinum vafa um það, hvernig skilja bæri samninginn, og að hann teldi hann vera herstöðvasamning.

Í öðru lagi er sagt frá því, að forsrh. hafi fullyrt, að ef Bandaríkin hefðu ekki fengið umráð yfir Keflavíkurflugvellinum, þá hefðu Sovétríkin sótt um sams konar réttindi hér á landi. Ég held, að þetta sé nú í bága við greinilega yfirlýsingu sendiherra Ráðstjórnarríkjanna í Moskvu, að Ráðstjórnarríkin hefðu engan hug á því að sækjast eftir landsréttindum á Íslandi. Ég vildi nú fá upplýsingar um þetta hjá hæstv. forsrh.

Þá kemur það fram í ummælum sænsku blaðanna, að undirstrikað er mjög greinilega, hver notkun gæti orðið af Keflavíkurflugvelli, ef til árásar kæmi á Evrópu, og er því ekki nema maklegt að spyrja hæstv. ríkisstj., hvaða aðgerðir hún ætli að nota til þess að „dementera" ummæli sænsku blaðanna eða hvaða hlut hún á í þessum ummælum blaðanna.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það er ekki nema gott um það að segja og er ánægjulegt, að hv. 2. þm. Reykv. hefur vakið hér máls á því, hvað fram hefur komið í sænskum blöðum út af viðtali, sem ég átti við sænska blaðamenn. Blaðamennirnir áttu allir sameiginlegt viðtal við mig, þótt einn blaðamannanna, frá stórblaðinu Morgontidningen, hafi haft nokkru ýtarlegra viðtal við mig en blaðamenn hinna blaðanna. Út af ummælum Stockholmstidningen, þá hef ég ekki séð þau nema í lauslegri þýðingu í Þjóðviljanum í dag. Tvennt er það í viðtalinu, sem er haft alveg rangt eftir mér, en í Morgontidningen hefur ekkert slíkt fram komið. Þar er sagt rétt frá því, sem ég lét uppi við sænsku blaðamennina, en Svenska Dagbladet, Dagens Nyheter og Stockholmstidningen hafa alrangt eftir mér, og það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að það var ekki nema eðlilegt, að hér kæmi eitthvað fram um þetta, og vil ég því taka þetta fram:

Í fyrsta lagi á ég að hafa sagt, að ef við hefðum ekki gert samninginn við Bandaríkin, þá hefðu Rússar komið hingað. Ég lét ekkert orð uppi, sem gat miðað í þessa átt. Í öðru lagi er það ólíklegt, að þessir blaðamenn gætu haft nokkuð slíkt eftir mér, en þeir virðast hafa blandað inn í viðtalið sínum eigin athugunum og ályktunum, og segir t. d. í Dagens Nyheter, að samningurinn við Bandaríkin sé frávik frá pólitísku sjálfstæði Íslands. Ég hef ekkert látið uppi eða sagt í þá átt, enda brýtur það líka í bága við fyrri yfirlýsingar mínar í þessu máli og afstöðu mína til málsins hér á Alþingi. — Þetta tvennt í sænsku blöðunum er því byggt á misskilningi og er komið annars staðar frá en frá mér, og má segja, að fullyrðingar sænsku blaðanna brjóti í bága við mína skoðun. Í Morgontidningen er í stórum dráttum rétt með farið. Í blaðaviðtalinu er sagt, að ég telji, að við Íslendingar hefðum gert rétt sem einn meðlimur og ein hinna sameinuðu þjóða er við tókum þá ákvörðun að greiða fyrir ferðalögum milli ríkja og að gera Ameríkumönnum hægara um vik að halda uppi samgöngum milli Ameríku og Þýzkalands, á meðan þeir hefðu þar eftirlit með höndum, en okkur sé, og hafi alltaf verið ljóst, að lega Íslands sé með tilliti til hernaðar hættuleg, en við hefðum fulla tiltrú til hinna sameinuðu þjóða, að sú alþjóðastofnun mundi skapa okkur sjálfstæði. Það er eftirtektarvert að bera saman, hvað Morgontidningen segir í sambandi við Rússa. Þar segir, að afstaða okkar til Rússlands sé hin bezta og að við hefðum þar verzlunarnefnd. Hér er líka farið rétt með, og önnur orð hef ég aldrei hér við haft.

Ég geri nú ráð fyrir, að hv. 2. þm. Reykv. þekki innlenda og erlenda blaðamenn það vel, að hann kannist við það, hve þeir reyna oft að segja sem

sögulegast frá og fá þá oft stærstu fyrirsagnirnar með því að rangfæra staðreyndir eða upplýsingar. Ég geri t. d. alls ekki ráð fyrir því, að hv. 2. þm. Reykv. hafi sagt kommúnistablaðinu í Ósló, að hann væri ráðh. í íslenzku ríkisstjórn., eins og þetta blað þó sagði frá. Af þessu mætti hv. þm. álykta, að innlendir og útlendir blaðamenn eru sízt alltaf sannsögulir. Þeir fara ekki alltaf rétt með. Ég vil svo þakka hv. þm. fyrir það, að hann gaf mér tilefni til þess hér á Alþ. að leiðrétta ummæli sænsku blaðamannanna. Ég sagði ekkert saknæmt við þá, og það er helber skáldskapur, þau ummæli, sem þrjú blöðin segja eftir mér varðandi stefnu okkar gagnvart Rússum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér látið í té. Við skulum nú athuga þetta mál nánar, og er þá í fyrsta lagi þetta: Munu þessir blaðamenn, sem eiga allir viðtal við forsrh. í einu, ekki geta haft rétt eftir honum. Mér finnst nú harla einkennilegt, ef þrjú blöðin, Dagens Nyheter, Stockholmstidningen og Svenska Dagbladet, koma upp með það sama, alveg sömu ummæli, ef svo enginn fótur er fyrir þeim upplýsingum, sem þau segjast hafa fengið. Og ég skil ekki annað en að við þetta komi „dementeri", svo fremi að þetta væri fram borið við amerískan blaðamann. Við vitum mæta vel, hvernig svona orð eru uppblásin. Ég er nú hræddur um, að lík orð hafi áður fallið frá öðrum ráðh. Alþfl., að er flugvallarsamningurinn var gerður við Bandaríkin, hafi verið valið á milli Rússa og Bandaríkjamanna. Að minnsta kosti hafði hv. þm. Ísaf., fyrrv. dómsmrh., slík orð í frammi hér á Alþingi í umr. um þennan samning. Og ég er smeykur um, að blaðamaður frá Alþýðublaðinu, sem er einn blaðamaður Alþfl., hafi látið líkt í veðri vaka, er hann fór til Norðurlanda í boði flugfélagsins ameríska, og virðist hér því vera um pólitíska ráðstöfun að ræða. Svo bætist það við, að þrír blaðamenn frá sænskum blöðum, sem eru nú ekkert slæm út í hæstv. forsrh., sem er nú mikill vinur Svía og er í miklum hávegum hafður þar, ég skil varla, að þessir blaðamenn hafi ástæðu til þess að snúa út úr eða rangfæra framburð hans svona. Ef svo er, þá á að „dementera" þessa hluti. Það kunna að koma fram vitleysur í einstökum blöðum, cg er það mál út af fyrir sig, en það er alvarlegt atriði, þegar þrjú stærstu blöð Svía taka upp ummæli, sem geta haft mjög slæmar afleiðingar fyrir íslenzka ríkið og Íslendinga. Þá er það skylda íslenzku ríkisstj. að „dementera" það mjög skarplega. Að öðrum kosti verður Alþ. að hindra, að svona lagað geti komið frá ríkisstj. landsins. Þetta verður að „dementera", svo framarlega sem það er sýnt og sannað, að þessi blöð hafi haft þetta ranglega eftir hæstv. forsrh. En það er eins og ég sagði sýnu alvarlegra, þar sem þessi skoðun hefur komið fram áður af hálfu Alþfl., og þessi skoðun er útbásúnuð, sérstaklega í Bandaríkjunum, eins og stendur. Við vitum, að þótt svona málum sé mjög skarplega fylgt á eftir, þá er miklu hægara að skapa rangt almenningsálit en að leiðrétta slíkt með því að „dementera". Það er sérstaklega varhugavert, að annað eins skuli koma fram, og ég er hræddur um, að sams konar skoðun hafi einmitt verið ítrekuð af hálfu eins blaðamanns frá Alþbl., sem var á ferð í Stokkhólmi um sama leyti. Ég held það sé nauðsynlegt, að ríkisstj. geri ráðstafanir, sem heimurinn taki eftir, viðvíkjandi þessum málum. Það er ánægjulegt, að hæstv. forsrh. skuli neita því að hafa sagt á þá lund, að þetta væri herstöðvasamningur og hann bryti í bága við sjálfstæði Íslands. Og það þyrfti ekki sízt að „dementera" slíkt. Í þessum blöðum er einnig upplýst, að einn af færustu herforingjum ameríska flugflotans hafi verið gerður að yfirmanni Keflavíkurflugvallarins. Þetta er einn af þeim mönnum, sem sérstaklega hefur haft með höndum sprengjuflugvélar og hafði undir sinni stjórn flugvélar þær, sem flugu frá Bandaríkjunum til Englands. Blöðin enda öll á því sama, að þegar nauðsyn krefji, þá geti Bandaríkin fyllt Keflavíkurflugvöllinn með flugvélum B-29, hlöðnum atomsprengjum, og öðrum langdrægum orrustuflugvélum, og að frá Keflavíkurflugvellinum sé hægt að leggja í rústir iðnað Vestur-Evrópu og öll rússnesk iðnaðarhéruð, bæði í Síberíu og Úral. Ég held það sé einmitt sérstök nauðsyn fyrir ríkisstj. að gefa einhverjar skýringar á þessu.

Hæstv. forsrh. sagði, að það fengju engir landgönguleyfi af starfsmönnum American Overseas Airlines nema með samþykki dómsmrh. Það væri gott að fá upplýst, hvort búið væri að veita slík leyfi, og ef svo væri, þá hvort það væri rétt, að slíkt leyfi hefði verið veitt einhverjum þekktasta herforingja ameríska flughersins. Sannleikurinn er sá, að full ástæða er til að neita um slíkt leyfi. Það er engin ástæða til að setja meiri hernaðarlegan blæ á þennan flugvöll en nauðsynlegt er varðandi þær ferðir, sem farnar eru til Þýzkalands. Það er ekki nóg að „dementera", það verður að gera ráðstafanir til þess, að Keflavíkurflugvellinum verði stjórnað þannig, að ekki sé hægt að koma fram með annað eins og nú hefur verið gert í blöðum og það auk þess stutt við ummæli forseta Íslands og forsrh. Það er svo annað mál, að þegar íslenzkir ráðh. eða embættismenn láta blaðamönnum í hendur slík viðtöl sem þessi, þá er nauðsynlegt, að þau séu látin af hendi skrifleg. Annað er í raun og veru ófært. Við verðum að reyna að hindra það, að sú aðstaða, sem Ísland er nú í, sé misnotuð út á við eins hræðilega og nú er gert. Í raun og veru er verið að skapa það álit út á við, að Íslendingar hafi neyðzt til að semja við Bandaríkin vegna þess, að Sovétríkin hafi verið í þann veginn að fá herstöðvar hér. Þess vegna er það, að þegar við sem smáþjóð komumst inn í heimsstjórnmálin, þá er nauðsynlegt að viðhafa alla gætni. Ríkisstj. ber því að gera ráðstafanir vegna þessara ummæla voldugustu blaða Svíþjóðar. Þessi ummæli verða ekki aftur tekin, og það þarf skynsamlegar ráðstafanir til þess að breyta þessu almenningsáliti.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að það væri einkennilegt, að tveimur eða þremur sænskum blöðum skyldi hafa borið saman um nokkur atriði, sem ég teldi þó, að ég hefði ekki sagt. Þegar að er gáð, þá er þetta ekki þannig. Eins og ég hef þegar rakið, sagði blaðamaðurinn við Morgontidningen, en hann átti við mig ræðilegast viðtal, ekkert í þessa átt. Var hann þó viðstaddur, þegar hinir blaðamennirnir voru hjá mér. Af þeim blaðaúrklippum, sem ég hef séð, er það að sjá, sem aðeins Dagens Nyheter hafi það eftir mér, að ég hafi gefið það til kynna,

að samningurinn við Bandaríkin væri frávik frá pólitísku sjálfstæði okkar. Svenska Dagbladet segir ekkert um það, og hinum blöðunum ber ekki saman um þetta atriði. En hvað sem þessu líður, þá er þó það aðalatriði málsins, að ég hef ekkert slíkt sagt, enda er það, eins og ég hef áður bent á, mjög ólíklegt og óhugsanlegt, að ég hafi viljað láta hafa það eftir mér í erlendum blöðum, að bandarísk samningurinn væri frávik frá pólitísku sjálfstæði Íslands. Það er í fullu ósamræmi við skoðun mína og málflutning varðandi mál þetta. Það má segja, að þessi frásögn beri með sér, að hún sé röng.

Mér er ekki kunnugt um neitt viðtal við flokksbræður mína á Íslandi í sænskum blöðum, þar sem svipuð skoðun eigi að hafa komið í ljós, og ég get ekkert um það sagt, en tel það ólíklegt. En sé það hins vegar, mun það koma í ljós, og einnig hvort þá sé rétt eftir þeim mönnum haft. Og það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þegar slíkt kemur fyrir í erlendum blöðum og ég er borinn fyrir þessu, þá er full ástæða til að andmæla, enda hef ég þegar undirbúið viðtal við mig í Alþýðublaðinu, þar sem ég mótmæli þessum frásögnum sænsku blaðanna. Hv. 2. þm. Reykv. sagði það réttilega, að hættulegt væri vegna erlendra dóma að láta í ljós þá skoðun, að samningurinn um Keflavíkurflugvöllinn væri herstöðvarsamningur og þar væri bandarísk herstöð. Það er skaðlegt fyrir sjálfstæði Íslands. En mér hefði ekki dottið í hug, að hv. 2. þm. Reykv. væri að ávíta aðra fyrir að láta í ljós þá skoðun, því að hv. 2. þm. Reykv. og flokksbræður hans hafa látið þessa skoðun í ljós svo ákveðið og endurtekið hana svo oft, að það er áreiðanlegt, að hún er kunn á erlendum vettvangi. Ég vil taka undir með hv. þm., að slíkt er hættulegt. Vænti ég því, að hv. 2. þm. Reykv. og félagar hans hætti þessum óþurftarverkum gegn Íslandi og áliti landsins erlendis. Það mundi gleðja mig, ef þeir gæfu ekki framar meira og minna óvönduðum erlendum blaðamönnum vopn í hendur til að halda því fram, að hér væri herstöð erlends stórveldis. Það er mín skoðun, að víðs fjarri sé, að svo sé, og verður það okkur einungis til tjóns, ef á lofti er haldið.

Einar Olgeirsson: Ég held það sé ástæða til að ræða öll þessi mál betur en hægt er að gera utan dagskrár. Í ræðu hæstv. forsrh. hefur það ekki komið í ljós, að ríkisstj. hafi gert nokkrar ráðstafanir til að „dementera" vegna þessara ummæla sænsku blaðanna. Það er ekkert „dementeri", þótt eitthvað sé sagt við Alþýðublaðið. Það er ekkert „dementeri" af hálfu ríkisstj. í svo stóru utanríkismáli sem þetta er. Ég spurði að því, hvað íslenzka ríkisstj. hefði gert til þess að koma í veg fyrir, að því væri haldið fram, að Ísland væri herstöð fyrir Bandaríkin, þar sem það hefur sýnt sig, að blaðamenn styðja sig í því efni við viðtal við hæstv. forsrh. Og það viðtal virðist hafa leitt það í ljós, að forsrh. hafi gert sér ljósa grein fyrir þessu eðli samningsins. Allir blaðamennirnir virðast einmitt undirstrika þetta. Þessu hefur ekki verið svarað. Eins spurði ég að því, hvort það væri satt, að helzti flughershöfðingi Bandaríkjanna væri hér. Því var heldur ekki svarað. Einnig spurði ég, hvað liði reglugerðinni um framkvæmd samningsins við Bandaríkin. Þar er margt í óvissu um ýmis framkvæmdaratriði. Ég held það sé einmitt full ástæða til að taka upp sérstakar umr. um þetta, séð út frá því ástandi, sem nú ríkir, og vitna ég til þess, að hæstv. fyrrv. forsrh. mótmælti einmitt þessum skilningi á samningnum, sem sænsku blaðamennirnir hafa eftir hæstv. núverandi forsrh., er hann kom fram hjá hæstv. fyrrv. dómsmrh. undir umr. um samninginn á sínum tíma. Það er óhjákvæmilegt að taka þetta til nýrrar athugunar, þegar því er haldið fram, að Íslendingar hafi hagað málum sínum þannig, að flugvöllurinn sé orðinn einn af hættulegustu stöðum jarðarinnar fyrir meiri hluta mannkynsins.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég ætla ekki að lengja þessar umr., en vil aðeins fullvissa menn um, að hershöfðingi sá, sem hér um ræðir, er alls ekki búsettur hér á landi eða hefur slíka stjórn á flugvellinum sem hv. 2. þm. Reykv. hafði eftir hinum erlendu blaðamönnum. Þessi maður var staddur hér sömu dagana og þessir blaðamenn, en er nú farinn af landi burt. Það mun rétt vera, að maður þessi hafi verið hershöfðingi í bandarískra hernum, en hann fór úr herþjónustu löngu áður en félag það, er hann starfar hjá, fékk umboð Bandaríkjastjórnar til að taka við þessum velli. Þetta er mér af tilviljun kunnugt af samtölum við hann og aðra, þótt ég hafi ekki kynnt mér þetta sérstaklega. Mér þótti rétt að svara þessari fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv., og ég vil geta þess, að það, sem blöðin segja um þennan mann, er mjög málum blandað, hvað svo sem um hitt má segja, er þau skýra frá. Ég hef ekki séð nema lítið af þessum viðtölum. En þar er talað um einhvern dósent Sigurð Guðmundsson, sem ég kannast ekki við. Hins vegar kannast ég við blaðamann hjá Þjóðviljanum, sem heitir Sigurður Guðmundsson. Ég skal samt ekkert fullyrða um það, hvort hann sé upphaflega sögumaður þess, sem þar er greint frá. En það er auðséð, að hér er eitthvað málum blandað, þar sem þessi dósent, Sigurður Guðmundsson, sem blaðið gerir að heimildarmanni sínum, er alls ekki til, þótt annar pólitískur maður sé hér með því nafni.

Ólafur Thors: Ég vil aðeins gera örstutta aths., vegna þess að mín hefur verið getið í umr. um þetta mál. Ég er meðal þeirra manna, sem ekki láta sér til hugar koma, að hæstv. forsrh. hafi sagt neitt af því, sem hér um ræðir og eftir honum er haft. Það er rétt, eins og hann tók fram, að Íslendingum er kunnugt um, að hann hefur ekki þessar skoðanir og þessi ummæli standa öll í öfugu hlutfalli við stefnu hans og framkomu í þessu máli. Varðandi efnishlið málsins má slá því föstu, að eðli málsins mælir gegn því, að hæstv. forsrh. hafi sagt það, sem honum er lagt í munn. Og þótt einhverjir blaðamenn, meira og minna merkilegir og ómerkilegir, komi hingað og fari að segja okkur, hvað liggi í samningi, sem við höfum gert og þekkjum út í yztu æsar og vitum, undir hvaða kringumstæðum er gerður og hvað í honum felst, þá finnst mér ekki, að það gefi tilefni til að ætla, að um nýtt andlegt Heklugos sé að ræða, og það mætti æra óstöðugan að rjúka upp í hvert skipti og andmæla. Ég mundi svara Svíunum, er þeir töluðu um frelsisskerðingu okkar: Maður líttu þér nær. Þeim er bezt að hugsa um, undir hvern þeir eru farnir að þjóna, ef þeir hafa of þungar áhyggjur af okkur.

Það er bezt, að þeir láti okkur í friði og við þá. Hitt er svo annað mál og kemur þessu máli ekkert við, hvort við ræðum hér í þinginu framkvæmd þessa samnings og málið í heild sinni.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það eru aðeins örfá orð viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Ég get ekki að því gert, þótt hann af pólitískum ástæðum vilji láta líta svo út sem sænsku blöðin hafi rétt eftir mér. Það verður að hafa það, og hann verður að sitja við sinn keip, ef hann vill, og ég býst við, að þess muni sjást merki í blaði hans. En það er ekkert óvenjulegt, að svona frásagnarvillur eigi sér stað hjá blaðamönnum, sem hingað koma. Blaðamaður, er kom hingað af tilefni Heklugossins, sendi t. d. út skeyti til blaðs síns, þar sem hann sagði, að þjóðarsorg væri hér vegna Heklugossins. Hann sá nefnilega, að flaggað var í hálfa stöng um allan bæinn, er hann leit yfir hann á föstudaginn langa. Þessir blaðamenn eru að skapa „senation", og til þess búa þeir til æsingafregnir í blöð sín. En varðandi spurninguna um það, hvað íslenzka ríkisstj. hefði í hyggju að gera til þess að stöðva það álit erlendis, að hér væri um bandarískan herstöðvasamning að ræða, þá býst ég við, að erfitt muni vera að stöðva það, sérstaklega vegna þess, að hér er starfandi stjórnmálaflokkur, sem heldur þessu fram, og það er kunnugt á erlendum vettvangi. Hins vegar vil ég taka undir það, er hv. þm. G-K. sagði, að það mundi æra óstöðugan, ef mótmæla ætti öllu því fleipri, sem hinir og þessir blaðamenn erlendir segja um íslenzk málefni. Og ég sé ekki, að íslenzka ríkisstj. hafi nú frekar en endranær tilefni til þess að láta koma fram mótmæli út af þessu fleipri erlendu blaðamannanna, sérstaklega þar sem stórblaðið, sem ég átti nákvæmast viðtal við, Morgontidningen, skýrir frá viðtalinu við mig með fjögra dálka fyrirsögn, sem ætti að falla hv. 2. þm. Reykv. vel í geð: Ryssarna avstängdes ej från Island. Þetta er höfuðatriðið, og það sýnir, að það hefur ekki verið ætlunin að útiloka Rússa frá Íslandi. Sem sé þetta telur blaðamaðurinn það merkasta úr viðtalinu við mig, fyrir Morgontidningen.

Einar Olgeirsson: Viðvíkjandi því, er hæstv. dómsmrh. sagði varðandi fyrirspurnina um hershöfðingjann yfir Keflavíkurflugvellinum, þá vil ég geta þess, að tekið var fram, að hann væri í þjónustu American Overseas Airlines og væri „civilklæddur". Og það er sagt, að þótt hann sé í þjónustu þessa félags, þá sé hann í beinu sambandi við stjórn hermálaráðuneytisins í Washington. Þetta er tekið fram í blöðunum. Og þótt hann sé ekki búsettur hér, getur hann haft yfirstjórn þessa flugvallar. Hæstv. forsrh. hefur lýst yfir, að ekki sé ástæða til að „dementera", að ekki sé ástæða til að lýsa yfir af hálfu ríkisstj., að það, sem blaðamennirnir hafa eftir hæstv. forsrh., sé ósatt. Mér finnst þetta mjög varhugavert af hálfu hæstv. forsrh. Mér finnst ekki rétt að mótmæla aðeins í Alþýðublaðinu, þegar stærstu fulltrúar sænsku pressunnar hafa eftir forsrh. landsins mjög villandi ummæli varðandi afstöðu Íslands til alþjóðamála.

Varðandi það, sem hæstv. dómsmrh. sagði viðvíkjandi Sigurði Guðmundssyni dósent, er vitnað væri til í sænsku blöðunum, þá vil ég aðeins víkja að því. Það er verið að tala um amerísk áhrif á æskuna, og er þar talað um Sigurð Þórarinsson dósent í því sambandi, ef ég man rétt.

Varðandi það, sem hv. þm. G-K. sagði, þá held ég, að því miður verði ekki hjá því komizt að taka upp ýtarlegar umr. um samning þann, er gerður var í haust. Mér virðist það óumflýjanlegt, þar sem t. d. ekki er enn búið að gefa út reglugerð, sem nú átti að vera búið að gefa út, um framkvæmd þessa samnings. En eins og allir vita, er slíkrar reglugerðar mikil þörf, þar sem samningurinn er mjög óljós í ýmsum atriðum. Í haust var sagt, að þetta mundi allt verða gert í reglugerð, og gengið alveg út frá, að sú reglugerð kæmi út áður en herinn færi burt af landinu, en ég veit ekki til, að sú reglugerð hafi verið gefin út enn þá. Og úr því að hv. þm. G-K. minntist á þetta, held ég, að ástæðan sé komin á það stig, að full ástæða sé til, að þessi reglugerð komi út. Ég mun bíða og sjá, hvort hún kemur, en annars mun gefast tækifæri til að ræða þetta nánar.

Ólafur Thors: Ég vildi ekki hafa sagt neitt um það, hvort hæstv. forsrh. hefur látið hafa eftir sér það, sem nú er haft eftir honum á erlendum vettvangi. Það, sem ég vildi segja, er það, að ég tel, að blaðaflugufregnir sænsku blaðanna geti ekki orðið til ásteytingar hér á Íslandi, þar sem menn þekkja betur til. Það kemur þessu ekkert við, hvort hv. 2. þm. Reykv. vill ræða flugvallarsamninginn. Það er honum í sjálfsvald sett. En frá mínu sjónarmiði séð er ástæðulaust að koma hér með tvo til reiðar vegna vitlausra ummæla sænskra blaða út af máli, sem við hér þekkjum miklu betur til en þessir blaðamenn.

Umr. utan dagskrár lokið, en síðar á sama fundi mælti

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Í framhaldi af umr. þeim, sem urðu hér áðan, og vegna þess, að ég hafði þá ekki blöð við hendina, vildi ég segja nokkur orð. Hv. 2. þm. Reykv. vefengdi, að ég hefði farið rétt með það, sem ég sagði áðan, er ég skýrði frá, að í úrklippu, sem ég hef nú í höndunum, væri vitnað í dósent Sigurð Guðmundsson, sem er til frásagnar um nokkurn hluta af því, sem þar er sagt. En það er einkennilegt, að í úrklippu úr Þjóðviljanum, sem ég hef hér, er þessu breytt í Sigurður Þórarinsson, breyting, sem sýnir það, að þeir Þjóðviljamenn taka að sér þýðingar á nöfnum.

Þá vil ég í framhaldi af því, sem ég sagði áðan, skýra frá því, að í New York Times 20. febrúar 1947 er sagt, að samkvæmt skeyti frá London 24. febrúar hafi Einar Olgeirsson hælt sér af því á þingi þann dag, að íslenzkir kommúnistar æstu alla þjóðina til baráttu gegn heimsveldismönnum úr Bandaríkjunum, sem leituðust við að nota Ísland sem herstöðvar í næsta ófriði, og að þessi Sameiningarflokkur, sósíalistar, hefði unnið að því að hindra samninga, sem hefðu haft í sér fólgna afhendingu herstöðva til Bandaríkjanna fyrir 99 ár. Herra Olgeirsson hafi sagt, að hinn sameinaði Sósfl. hafi 1400 meðlimi og réði yfir verkalýðsfélögunum og að hann hafi hafið baráttu til þess að koma á fullkomnu sjálfstæði Íslands í sambandi þess við Danmörku.

Það er þess vegna vitnað í ræðu, sem herra Olgeirsson hélt fyrir mörg hundruð mönnum á þingi

brezka kommúnistaflokksins. Hann hefur ekkert sagt um þetta, eða ekki hefur borizt nein tilkynning um það, að honum hafi þótt ástæða til að „dementera" það, sem hann sagði fyrir fjölda manns, á sama hátt og hann heimtar, að hæstv. forsrh. „dementeri" það, sem hann hefur sagt fyrir 3—4 mönnum.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram til sönnunar því, að ég hafi farið rétt með.

Einar Olgeirsson: Það er út af spursmálinu um þetta nafn. Dómsmrh. segir, að það hafi verið maður, sem hét Sigurður Guðmundsson, og þykir honum undarlegt, að þessir sænsku blaðamenn hafi haft samband við hann, og að annað föðurnafn hafi verið sett í blöðin. Ég skal þá taka það fram, að hér er talað um tvo menn, annar þeirra er Sigurður Guðmundsson. og út af þessum misskilningi hringdi blaðið Þjóðviljinn til þessara manna til þess að grennslast fyrir um, við hvern væri átt, og þá kemur í ljós, að það er dósent Sigurður Þórarinsson. Til þess svo að fullvissa mig um þetta, átti ég tal við Sigurð Guðmundsson og spurði hann að þessu, svo að þarna fer ekki milli mála.

Viðvíkjandi því, hvort ég og mínir líkar ættu að hafa fyrir því að „dementera" þá vitleysu, sem eftir okkur er höfð, þá mætti það æra óstöðugan, því að meira að segja í þessu litla viðtali, sem forsrh. hefur átt við blaðamenn, hefur hann ekki getað látið vera að skrökva til um afstöðu okkar sósíalista. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þótt ég hafi ekki fyrir að „dementera". Ég er ekki forsrh. á Íslandi, og þess vegna er ekki lagt svo mikið upp úr því, sem kann að hafa verið eftir mér haft. Hitt er allt annað mál, hvað sjálfur forsætisrh. segir og „dementerar".

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég hef ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Hitt vil ég benda á, að það skiptir í tvö horn um vinnubrögðin hjá því góða blaði, Þjóðviljanum, þar sem það aflar sér upplýsinga út af því, sem eftir Sigurði Guðmundssyni er haft, og breytir svo um föðurnafn, en hefur ekki svo mikið við forsrh. að spyrja, hvort rétt sé eftir honum haft.

Á 50. fundi í Sþ., 5. maí, utan dagskrár, mælti

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Hinn 9. apríl var minnzt á hér á Alþingi, að komið hefðu viðtöl við mig í sænskum blöðum, sem gæfu tilefni til, að þau væru rædd. Ég lýsti því þá þegar yfir, að í þessum blaðagreinum skakkaði mörgu frá því, sem ég hefði sagt, og tók það fram, að ég mundi leiðrétta það. Þann 10. apríl kom svo leiðrétting á þessu í Alþýðublaðinu, þar sem sérstaklega tveim atriðum var mótmælt. Annað atriðið var það, að ég hafi átt að segja, að ef Bandaríkin hefðu ekki fengið samning um afnot af Keflavíkurflugvellinum, þá mundu Rússar hafa krafizt þess. Hitt var það, að flugvallarsamningurinn væri frávikning frá sjálfstæðispólitík Íslands. Samdægurs sendi ég svo bréf til sendiherra Svía, þar sem ég óskaði eftir, að hann kæmi þessum leiðréttingum til blaðadeildar sænska utanrn. Þá sendi ég líka sendiherra Íslands í Stokkhólmi skeyti varðandi þetta mál. Þann 12. apríl fékk ég bréf frá sendiherra Svía, þar sem hann kvittar bréf mitt og getur þess, að sér sé ljúft að verða við þessum óskum mínum, o. s. frv. Nú hefur mér enn borizt bréf frá sendiherra Svía ásamt úrklippum úr sænsku blöðunum, þar sem birtar eru afsakanir og leiðréttingar á umræddum missögnum og rangfærslum. Hér fara á eftir þessar leiðréttingar blaðanna í lauslegri þýðingu, með leyfi hæstv. forseta.

Dagens Nyheter, 28/4 1947: Í viðtali, sem hin þrjú stóru morgunblöð í Stokkhólmi áttu við forsrh. Íslands, Stefán Jóh. Stefánsson, voru ummæli um Keflavíkurflugvöllinn. Forsrh. hefur látið þess getið við þessi þrjú blöð, að hann hafi aldrei sagt, að ef ekki hefði verið gerður samningur við Bandaríkin um afnot af Keflavíkurflugvellinum, mundu Rússar hafa krafizt þess að fá afnot. Forsrh. hefur ekki heldur sagt, að samninginn við Bandaríkin mætti skilja sem frávik frá sjálfstæðispólitík Íslands. Dagens Nyheter harmar fyrir sitt leyti, að viðtölin skyldu fá þetta form.

Svenska Dagbladet, 27/4 1947: Forsrh. Íslands, Stefán Jóh. Stefánsson, hefur beint því til þriggja stórblaðanna í Stokkhólmi, sem hinn 29. marz s. l. birtu viðtal við hann, að leiðrétta frásögn, sem þar var birt. Forsrh. mótmælir því, að hann hafi sagt, að ef Bandaríkin hefðu ekki fengið samning um afnot Keflavíkurflugvallarins, þá mundu Rússar hafa krafizt þess að fá að nota hann.

Stokkholmstidningen, 27/4 1947: **Viðtal um Keflavíkurflugvöllinn.** Í viðtali, sem fulltrúar fyrir stórblöðin í Stokkhólmi áttu við forsrh. Íslands, Stefán Jóh. Stefánsson, var meðal annars að finna ummæli um Keflavíkurflugvöllinn. Forsrh. hefur beint því til þessara blaða, að hann hafi ekkert sagt um það, að Rússar mundu hafa krafizt þess að fá löndunarrétt á Íslandi, ef Bandaríkin hefðu ekki gert samning um það. Að sjálfsögðu harmar Stokkholmstidningen það, að þessi ummæli skyldu af misskilningi hafa slæðzt í viðtalið.

Þannig hljóða leiðréttingar blaðanna. Ég hef aðeins viljað láta þetta koma fram, af því að þessu máli var hreyft hér á Alþ. og það á þann hátt, að það skyldi notað sem pólitísk sprengja, en ég vænti, að allir sjái, að sú bomba hefur sprungið án þess að af henni hlytist tjón nema fyrir þá, sem henni vörpuðu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt, að forsrh. hefur séð ástæðu til þess að „dementera" út á við. Þegar ég vakti máls á þessu hér á Alþ., mótmælti ráðh. að vísu, að hann hefði sagt það, sem sænsku blöðin höfðu eftir honum, og kvaðst mundu mótmæla því, en þegar ég spurði frekar um þetta mál og hvort ráðh. mundi ekki mótmæla því á erlendum vettvangi, þá taldi hann þess ekki þörf. Það er þess vegna út af fyrir sig ágætt, að forsrh. hefur séð að sér og „dementerað" erlendis, en hins vegar er aldrei hægt að taka algjörlega aftur það, sem einu sinni hefur skeð, enda finnur hver maður, sem heyrir þessar leiðréttingar sænsku blaðanna, að þær eru aðeins bornar fram af kurteisisskyldu við einn æðsta mann Íslands og eingöngu til þess að skapa ekki „irritation" milli ríkja.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af orðum 2. þm. Reykv. um það, hverju ég hafi svarað fyrirspurnum hans, þá vil ég taka það fram,

að ég sagðist mundu gera ráðstafanir til þess að mótmæla, enda var sú leiðrétting birt í Alþýðublaðinu daginn eftir. Síðan lét ég þetta fara eðlilegar leiðir, eins og ég hef nú þegar tekið fram. Hins vegar vil ég geta þess, að blaðaummæli þessi hefðu aldrei vakið slíka eftirtekt, ef hinum erlendu blöðum hefði ekki verið gefið í skyn, að þau hefðu á réttu að standa, en ég hefði rangt fyrir mér. Svo er líka annað atriði, að blöðum er yfirleitt ekki ljúft að birta leiðréttingar á missögnum sínum. Annars vænti ég, að íslenzkum málstað sé sómasamlega borgið með því, sem nú hefur verið birt um þetta mál.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, að það er mjög erfitt að fá blöð til þess að leiðrétta það, sem þau hafa sagt. En mér hefði þótt eðlilegra og áreiðanlega heppilegra fyrir málstað Íslands, að þessi mótmæli hefðu komið strax frá forsrh. í stað þeirra orðalenginga, sem hann hafði, þegar ég vakti máls á þessu fyrst, því að þá sagði hann, að hann teldi óþarft að mótmæla erlendis, þó að ég óskaði eftir því, enda þótt hann kannist ekki við það nú. Hins vegar, eins og ég áður tók fram, verða ummæli, sem einu sinni hafa komið fram, ekki kveðin niður, þó að þeim sé mótmælt, og sízt þegar þau eru þess eðlis, sem hér um ræðir.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég hafði strax mín ákveðnu áform í þessu máli, þ. e. að mótmæla þessum röngu ummælum, og þurfti ekki til þess neinar ráðleggingar frá 2. þm. Reykv. Um hitt atriðið, hvaða áhrif blaðaummælin geta haft, er ekki hægt að segja, en hitt er vitað, að það eru ekki missagnir erlendra blaða einar, sem birt hafa þá skoðun, að flugvallarsamningurinn væri brottvikning frá sjálfstæðispólitík Íslands, því að það hefur eitt dagblaðanna gert, eins og kunnugt er. Slík ummæli eru hættulegri fyrir þjóð vora en þessar missagnir sænsku blaðanna, sem nú hafa verið leiðréttar. Þetta ætti 2. þm. Reykv. að athuga og koma í veg fyrir, að endurtaki sig, ef honum er svo annt sem hann lætur.

Einar Olgeirsson: Aðeins örfá orð út af því, hvort Keflavíkursamningurinn sé frávik frá íslenzkri sjálfstæðisákvörðun. Þær heimildir eru frammi á Reykjanesi, og þar er hægt að sjá, hvernig erlendur her stjórnar á Íslandi í staðinn fyrir íslenzka ríkisstj. Þar blasa lögbrotin við okkur, ekki aðeins okkur til skammar, heldur líka útlendingum.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég mótmæli því sem ósannindum, að Keflavíkurflugvellinum sé stjórnað af erlendum her. Það eru hrein ósannindi.

Einar Olgeirsson: Vill hæstv. ríkisstj. láta stöðva í dag alla herbíla, sem hér sjást stundum, og allan innflutning þar, sem fer ekki gegnum íslenzkt tolleftirlit, og innflutning á mönnum, sem klæddir eru amerískum einkennisbúningum og koma hingað án þess að fá landvistarleyfi? Vill hún láta stöðva öll lögbrot, sem fara fram á Keflavíkurflugvellinum nú sem stendur, brot á öllum l., sem yfirleitt er hægt að brjóta þar? Þegar íslenzka ríkisstj. hefur gert þetta, skal ég tala nánar um þetta.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ósannindi verða ekki að sannleika, þó að þau séu margendurtekin. Og það, sem gerzt hefur í sambandi við Keflavíkurflugvöllinn, er samkvæmt þeim samningi, sem við Íslendingar höfum fúsir og óþvingaðir gert, bæði löggjafinn og ríkisstj. Það hefur ekki komið neitt fram, sem bendi til þess, að sá samningur verði ekki haldinn af gagnaðilanum.

Einar Olgeirsson: Ég vil aðeins mótmæla því, að samningurinn við Bandaríkin hafi verið gerður frjálst og óþvingað af íslenzkum valdhöfum. Hann var gerður undir þeirri þvingun, að það lá fyrir, eftir því sem sá meiri hluti, sem samþykkti hann á þingi, gerði grein fyrir, að ameríski herinn færi ekki burt af Íslandi, nema því aðeins að þessi samningur væri gerður. Og það voru einmitt rökin, sem sá meiri hl. hafði fyrir því að gera þennan samning. Hann sagðist ekki geta fengið herinn til að fara burt nema með því móti að gera þennan samning. Þess vegna var samningurinn ekki gerður með frjálsu samkomulagi. Og samningurinn er ekki haldinn, heldur hefur gagnaðili okkar að samningnum brotið, eftir því sem hann hefur séð sér fært, það, sem í samningnum stendur.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil taka það skýrt fram, að það eru hrein ósannindi, að samningurinn, sem gerður var um afnot Bandaríkjamanna af Keflavíkurvellinum, hafi verið gerður undir nokkurri þvingun eða að það hafi átt að beita nokkurri þvingun í sambandi við hann af hálfu gagnaðilans. Ég fylgdist nokkuð vel með meðferð þess máls, og ég get vottað, að það var laust við, að nokkurri slíkri þvingun væri beitt eða að nokkur hótun væri höfð í frammi eða neitt hið minnsta í þá átt. Hitt skal viðurkennt, að það var dálítið sitt á hvað skilningurinn á því hjá Bandaríkjamönnum og Íslendingum, hvenær ætti að vera lokið brottflutningi hersins. Um það var aðeins dálítill ágreiningur. En það kom ekki fram þannig, að Íslendingar væru í minnsta máta í sambandi við það þvingaðir til að segja já við nokkru í þessum samningi, enda hygg ég, að rök okkar, sem studdum þetta mál, hafi verið á þá leið og skýr frá okkar hálfu, að við töldum, að við værum að gera þennan samning ekki hvað sízt vegna íslenzkra hagsmuna og án nokkurrar þvingunar af hálfu erlends valds.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er furðulegt, að hv. 2. þm. Reykv. skuli halda því fram, að samningurinn um afnotin af Keflavíkurflugvellinum hafi ekki verið haldinn af hálfu Bandaríkjastjórnar, því að enn þá hefur ekki neitt komið fram, sem bendir til þess, að samningurinn verði ekki haldinn. Það er rétt, að það er eftir að koma ýmsum atriðum, sem þessi samningur er um, í það lag, sem ætlun og samningar standa til, þarna suður frá. En það stendur í því sambandi á því, að af hálfu flugmálastjóra hefur vantað til skamms tíma alla skynsamlega grg. og till. um fyrirkomulag flestra atriða þarna suður frá, þannig að það gæti orðið stoð ríkisstj. til þess að semja reglur um þetta efni.

Í Þjóðviljanum í gær var sagt, að ríkisstj. hafi stöðvað hjá sér uppkast að reglugerð, sem hefði komið um þessi efni frá flugvallarstjóra og flug-

málastjóra. Eftir því sem mér er tjáð, barst eitthvert frumuppkast að meginreglum um þetta til stjórnarinnar fyrir tveim dögum, og það er öll stöðvunin, sem hefur orðið á því máli hjá ríkisstj.

Einar Olgeirsson: Ég vildi rétt í sambandi við þetta beina því til hæstv. utanrh. í sambandi við upplýsingar, sem hann gefur, hvort þeim samningum, sem átti að framkvæma samkv. l. um Keflavíkurflugvöllinn, sé lokið. Það var sett sérstök n. af hálfu ríkisstj. til þess að semja um yfirtökuna, og fróðlegt væri að heyra, hvort þessari yfirtöku væri lokið, og samningnum um það, hvað Íslendingar eiga að reka þarna, og annað slíkt. Ég lagði áherzlu á það, þegar frv. til þeirra l. var rætt, að þau l. væru gerð nákvæmari, til þess að ekki yrðu mjög mörg reglugerðarákvæði í þessu sambandi. Það var fellt. Og mér er ekki kunnugt um, að reglugerð sé enn komin um þetta.

Ég þekki ekki rekstur flugvallarins nú. En það, sem gert var ráð fyrir af alþm., er ekki klárað í sambandi við flugvöllinn. Hitt stendur óhaggað, að aðalrök þeirra hv. þm., sem greiddu atkv. með Keflavíkurflugvallarsamningnum 5. október í haust, voru þau, að svo framarlega að þessi samningur væri ekki gerður, væri ekki víst, hvenær hinn ameríski her færi burt héðan af Íslandi, og þeir túlkuðu það sem sigur fyrir íslenzkan málstað, að þessi samningur væri gerður, af því að nú, eftir samningsgerðina, flyttist ameríski herinn burt. M. ö. o., rökin voru, að bandarískri herinn sæti utan við lög og rétt, ef Bandaríkin fengju ekki samning viðkomandi Keflavíkurflugvellinum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Eftir því sem ég bezt veit, er búið að semja um allar yfirtökur, sem áttu að hafa á þessum tíma átt sér stað eftir Keflavíkurflugvallarsamningnum. Og það er orðið ljóst, hvaða eignum Íslendingar taka við, sem er langsamlega mestur hlutinn af því, sem var á vellinum, allt annað en það, sem hægt var að flytja burt óskemmt.

Um fyrirkomulag á rekstri vallarins er ekki búið að semja til hlítar enn, vegna þess að vantað hefur fullnægjandi till. og grg. um það frá ýmsum viðkomandi stjórnarvöldum til ríkisstj., þannig að hún gæti til hlítar áttað sig á því og sett sínar till. og sín sjónarmið fram. En það er óðum verið að vinna að þessu og fundir haldnir öðru hvoru, og með hverjum deginum er þetta að færast í það horf, sem ætlun okkar stendur til. Það kunna svo að verða einhver ágreiningsefni, sem upp koma, áður en lýkur. Ég skal ekki segja um það. En þau verða leyst samkvæmt samningnum. Við höfum ekki séð nein ágreiningsefni í þessum efnum, sem til vandræða mundu horfa. En það er ekki búið að leysa öll mál, sem þarna koma til greina, en það er verið að vinna að því, og ég vil ekki segja, að það sé ríkisstj. að kenna með þeim starfskröftum, sem hún hefur haft, að ekki er búið að þessu enn. Og ég vil ekki heldur segja, að hægt sé að ásaka Bandaríkjastjórn með því að segja, að hún fullnægi ekki samningi, vegna þess að það mundi þá fyrst gerast, ef Íslendingar hefðu sett fram ákveðnar kröfur, sem Bandaríkjastjórn hefði ekki gengið að. — Það eru aðeins fáir dagar síðan samningurinn raunverulega tók gildi. Það er og verður svo, að jafnóðum og þau ýmsu atriði koma fram í sambandi við samninginn, sem ágreiningur getur orðið um, þá eru þau tekin upp til umræðu og úrlausnar, og mér er vandséð, með hverjum hætti öðrum væri hægt að leysa þetta mál til þess að koma því í rétt horf.

Á 109. fundi í Nd., 10. apríl, utan dagskrár, mælti

Áki Jakobsson: Ég ætlaði að leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. fors.- og félmrh. í sambandi við l. um verkamannabústaði.

Þannig er ástatt á Siglufirði, að það er verið að byggja 30 íbúðir af Byggingarfélagi verkamanna þar, sem munu kosta um tvær millj. kr. allar saman upp komnar. Það mun vera á aðra millj. kr., sem Byggingarsjóður verkamanna á að lána til bygginga verkamanna þarna á staðnum, þegar þær eru komnar upp. Nú eru þessar byggingar mjög langt á veg komnar, og er búizt við, að þær verði í maí n. k. tilbúnar til íbúðar. En ekki hefur fengizt lánað nema rösk ein millj. kr. til þessara bygginga hjá Byggingarsjóði verkamanna, og þeir, sem tekið hafa að sér stjórn byggingarnna, standa með stórar kröfur gagnvart byggingarfélaginu, og þeir eru komnir í þrot og hafa tilkynnt félaginu, að þeir verði þess vegna að gera einhverjar ráðstafanir. Og þó að þeim þyki það leiðinlegt, sjá þeir sér ekki fært annað en að rifta samningi og ganga að félaginu. Á Sauðárkróki, í Ólafsfirði, á Dalvík og Húsavík gengur þetta, að því er mér er tjáð, einnig þannig.

Ég hef staðið í stöðugu stappi við byggingarsjóðsstjórnina. En formaður hennar, Magnús Sigurðsson bankastjóri, er ekki á landinu nú. En hún getur ekkert úr þessum vandræðum greitt, nema hún hefur nú fyrir þremur eða fjórum vikum fengið 600 þús. kr. til þess að lána, og hefur hún útbýtt þessu fé að láni. Í hlut Siglufjarðarfélagsins kom af því 200 þús. kr., en skuldir munu hafa verið orðnar eitthvað á sjötta hundrað þús. kr. Þetta lán hrökk því mjög skammt. Ég hef líka átt samtal við starfsmann þessarar byggingarfélagsstjórnar, og eftir því sem nú liggur fyrir, veit hann ekki til, að nein ráð séu fyrir hendi til að greiða úr þessum vandræðum. Það segir sig sjálft, að við svo búið má ekki standa í þessu efni, að þessar verkamannabústaðabyggingar verði stöðvaðar. Og það er ekki vafi á því, að ef farið verður að rifta samningi um byggingu þessara íbúða og farið út í málaferli út af greiðslum, þá er það ófyrirsjáanlegur skaði, sem byggingarfélögin, sem í hlut eiga, verða fyrir.

Ég vil út af þessu ástandi bera fram við hæstv. félmrh. þá fyrirspurn: Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. að gera til þess að fyrirbyggja, að byggingar verkamannabústaða stöðvist? — Hvað byggingarfélagið á Siglufirði snertir, þá er óhjákvæmilegt, að það verður að fá peninga þegar í stað, því að búið er að þenja þetta eins og mögulegt er. Þeir menn, sem tóku að sér byggingar þessar á Siglufirði, eru komnir í þrot, og sparisjóðurinn á Siglufirði er búinn að leggja fram þegar að láni mikið fé, og hann veit ekki, hvenær hann fær þær kröfur greiddar, og hann getur ekki meira.

Vandræði eru mikil á Siglufirði nú, m. a. vegna þess að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa keypt upp undir 20 íbúðir og í þessar íbúðir hefur flutt aðkomufólk, sem eru ýmsir fagmenn, sem vinna fyrir

síldarverksmiðjurnar, og fólk þeirra. Þetta hefur að þessu leyti tekizt af þeim íbúðum, sem fast búsett fólk á Siglufirði annars hefði notað. Og þó að Síldarverksmiðjur ríkisins hefðu að vísu átt að byggja sjálfar yfir þetta fólk sitt, þá er ekkert við því að segja, þótt þær gerðu það ekki, ef aðrir hefðu í stað þess getað byggt á Siglufirði. En þessi íbúðarkaup síldarverksmiðjanna gera byggingar verkamannabústaðanna miklu meir aðkallandi en annars hefði verið.

Ég vildi mælast til þess við hæstv. félmrh., að hann gefi upplýsingar um það, hvað ríkisstj. muni gera í þessu efni, af því að honum er kunnugt um, hvað í l. stendur um skyldur ríkisvaldsins í þessu efni.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. þm. Siglf. skal ég leyfa mér að geta þess, að það eru allmikil vandkvæði, eins og nú standa sakir, um lánaútvegun til bygginga verkamannabústaða. En það hefur verið reynt að vinna að því, eftir því sem föng frekast hafa leyft, að afla þó fjár til þeirra bygginga, sem nú eru í gangi af verkamannabústöðum.

Fyrir einu eða tveimur árum síðan var gerð veruleg tilraun með það að bjóða út stórt lán fyrir Byggingarsjóð verkamanna. Sáralítið af þessu láni fékkst. Sjóðurinn hefur ekkert fé, eins og sakir standa, en Landsbankinn hefur lánað honum um 4 millj. kr. eins og nú er. — Mér er kunnugt um, að þessi vandræði steðja að á Siglufirði, sem hv. þm. hefur hér lýst, og ég hef líka vonir um, að það verði hægt að ráða fram úr því á þann veg, að verktaki haldi áfram byggingum þarna á Siglufirði, en á því er mikil nauðsyn, eins og undirstrikað var af hv. þm.

Annars er það svo um byggingar verkamannabústaða, eins og hv. þm. Siglf. veit, að í löggjöfinni um það mál er gert ráð fyrir, að byggingarsjóður fái lán til þess að veita einstökum byggingarfélögum verkamanna hingað og þangað um landið. Þetta hefur sjóðurinn reynt, árangurslítið eða jafnvel árangurslaust, og hefur þess vegna orðið að grípa til þess til bráðabirgða að fá lán í Landsbankanum til þess að geta haldið áfram þeim byggingum, sem eru nú á ferð, einkum á Norðurlandi, einmitt á þeim stöðum, sem hv. þm. taldi upp. — Ég vil vænta, að það takist að útvega svo lán til þessara bygginga, að þær geti haldið áfram, því að það er mikil nauðsyn á því. En hvað snertir útvegun á miklu stærri lánum til bygginga verkamannabústaða, þá er ekki hægt að segja um það mál á þessu augnabliki. En mér er kunnugt um, að stjórnin muni á sínum tíma taka til athugunar, hvaða möguleikar væru á því að útvega lán í stærri stíl til þessara bygginga, og hefur þegar athugað það að nokkru. En ég sem sagt vænti þess, að bæði á Siglufirði og annars staðar á Norðurlandi geti þessum byggingum verið haldið áfram og stöðvist ekki, því að þess er mikil þörf, ekki síst á Siglufirði, því að þar býr talsverður fjöldi fólks í síldarbröggum, eins og hv. þm. þekkir, og allir, sem þekkja til á Siglufirði, vita, að þeir eru ekki hæfir til íbúðar til vetrarsetu, enda ekki til þess byggðir, heldur til þess, að verkafólk noti þá til íbúðar yfir blásumarið. En það var búizt við, að þessir verkamannabústaðir, sem nú er langt komið að byggja, mundu létta nokkuð þar á.

Annars er það svo, viðkomandi því, sem hv. þm. minntist á, að þegar Síldarverksmiðjur ríkisins neyddust til þess að taka upp stórkostlegt húsnæði á Siglufirði, til þess að fagmenn, sem unnu fyrir þær, gætu haft húsnæði, þá gekk það út yfir fast búsett fólk á Siglufirði. Og gæti verið spurning um það, hvort ríkisverksmiðjurnar ættu ekki að reyna að reisa eitthvað af íbúðum sjálfar fyrir starfandi fagmenn sína, eins og sakir standa nú á Siglufirði.

En ég vonast til þess, að hægt verði að greiða úr þessum vandamálum á Siglufirði og annars staðar á Norðurlandi, þannig að byggingar þær á verkamannabústöðum, sem nú eru í smíðum, geti haldið áfram.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans. Ég vil bara benda á það að lokum, að þörfin er orðin svo brýn, að í þessum efnum er nauðsyn aðgerða nú tafarlaust, og ef þessir verktakar á Siglufirði neyðast til þess að grípa til róttækra aðgerða, þá skaðast byggingarfélögin á Siglufirði um líklega hundruð þúsunda króna. Það verður því að fá einhverja bráðabirgðalausn á þessum málum fyrst í stað, meðan verið er að finna einhverja varanlega lausn málanna. Þeim, sem sáu það fyrir, að þessir örðugleikar gætu orðið á framkvæmd þessara l. um verkamannabústaði, og málin heyra undir hjá ríkisvaldinu, ber skylda til að greiða úr eftir föngum. Á það var bent hér í þinginu, að það þyrfti að ákveða, að Landsbankinn skyldi vera skyldugur til að lána til þeirra bygginga, sem byggðar væru samkv. þeim l. og vitað var, að byggðar yrðu á næstunni, til þess að bygging þeirra þyrfti ekki að stöðvast. Þá áleit meiri hl. hv. þm., að slíkt væri ekki tiltækilegt og að ekki væri þörf á því. En það hefur komið á daginn, að það hefur verið full þörf á því, og ég sé ekki annað en að ríkisstj. þurfi að fara fram á það við Landsbankann, að hann leggi fram það fé að láni, sem nauðsynlegt er að leggja fram til þess, að þarna verði ekki úr málaferlum á Siglufirði, vegna þess að verktakar þurfa að fá kröfur sínar vegna þessara bygginga greiddar.

Ég vænti þess, að eitthvað verði í þessu gert af hálfu hæstv. ríkisstj. nú sem allra fyrst.

Á 126. fundi í Nd., 12. maí, utan dagskrár, mælti

Jónas Jónsson: Ég vildi mega beina því til hæstv. ríkisstj. í fyrsta lagi, hve mörgum millj. kr. er búið að eyða í framkvæmdir á báðum flugvöllunum. Mér er sagt, að það sé á 7. milljón. Í öðru lagi vil ég svo spyrja hæstv. ríkisstj., hve margir starfsmenn eru á Reykjavíkurflugvellinum og Keflavíkurflugvellinum, íslenzkir, og hvaða tekjur þeir hafa. — Ég þykist vita, að ríkisstj. sjái ekki ástæðu til að leyna neinu í þessu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það fór nú því miður dálítið fram hjá mér, sem hv. þm. sagði, en mér heyrðist þó, að hann væri að spyrja um það, hvort verið væri með stórar framkvæmdir á flugvöllum ríkisins, en þar er ekki um neinar stórframkvæmdir að ræða af Íslendinga hendi. Raunar var nokkur fjárlagaheimild veitt í þessu skyni í fjárlfrv. til endurbóta, sem vafalaust verður notuð. En engin stórvirki standa þar fyrir dyrum.

Jónas Jónsson: Ef hæstv. ráðh. hefur ekki tapað heyrninni, vona ég, að hann geti svarað betur, og endurtek spurninguna: Hve margar millj. er íslenzka ríkið búið að leggja í báða flugvellina? Er rétt, að það sé á 7. milljón? Hve margir menn eru að störfum á hvorum flugvellinum fyrir sig, og hve miklar tekjur hafa þeir?

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. verður að koma með fyrirspurnina skriflega samkv. þingsköpum, ef hann getur vænzt þess að fá svar við henni.

Jónas Jónsson: Það getur farið svo, að ég geti upplýst innan skamms, hve mörgum millj. ráðh. er búinn að eyða í þetta, ef hann treystir sér ekki til að svara. Geta þá spunnizt um það ýtarlegar umr., ef honum vex kjarkur.

Á 141. fundi í Nd., 22. maí, utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það er nú orðið kunnugt, að hér eru staddir nokkrir Bretar, sem vinna að athugun á Þjórsá, en meira vita menn ekki. Sumir hafa getið sér þess til, að hér sé að verki brezkur alúmíníumhringur, sem hafi í hyggju að athuga möguleikana á virkjun Þjórsár í því augnamiði að hefja hér alúmíníumvinnslu. Nú eru ákvæði um það í l. nr. 68 frá 1940 að rannsóknarráð ríkisins skuli hafa forgöngu eða vera til ráða kvatt við allar náttúrufræðilegar rannsóknir. Ég hef því snúið mér til formanns rannsóknarráðs ríkisins og spurt, hvort hann væri hér með í ráðum, en hann kveðst ekki hafa neitt verið til kvaddur í þessu máli og sama segir raforkumálastjóri. Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., og þá sérstaklega hæstv. atvmrh., sem ég geri ráð fyrir, að þessi mál heyri undir, hverju þetta sæti, hvort þessar rannsóknir hafi verið leyfðar og hvort það hafi verið gert í samráði við rannsóknarráð, ef þetta reynist vera gert samkvæmt leyfi, og enn fremur, að hverju þessar rannsóknir beinist.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal gjarnan gefa þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru í þessu máli. Þessu máli var hreyft í einu dagblaðanna í gær, og var ætlunin, að ríkisstj. gæfi um það opinbera tilkynningu, en vegna þess að í gær var fundur hér í þinginu, sem stóð fram á nótt, hefur ekki unnizt tími til þess að koma þessari tilkynningu út.

Nokkru eftir, að ég tók sæti í ríkisstj., var mér tjáð, að fyrir lægi beiðni frá ensku verkfræðingafirma að fá að gera athuganir á Þjórsá, og við nánari athugun fékk ég að vita, að á síðasta sumri kom hingað til lands fulltrúi frá ensku alúmíníumfirma, sem vildi fá að gera athuganir á vatnsmagni Þjórsár. Þá var þetta mál lagt fyrir ríkisstj., og hún taldi ekkert athugavert við það, þó að vatnsmagnið væri athugað, og samkvæmt því mun hafa verið greitt fyrir þessum manni. Hann flaug m. a. yfir vatnasvæðið og gerði einhverjar athuganir úr lofti, en fór síðan aftur til Englands. Það næsta er svo í þessu máli, að það kemur beiðni um, að firmað megi halda þessum athugunum áfram. Sú beiðni var því næst rædd í ríkisstj., og féllst hún á að leyfa áframhaldandi athuganir, en þó án skuldbindingar um nokkur frekari réttindi í framtíðinni. Enn fremur var þannig frá gengið, að ríkisstj. fengi að fylgjast með þessum rannsóknum og niðurstöður þeirra yrðu eign Íslendinga. Tveimur embættismönnum var falið að fylgjast með og semja um, hvernig þessu yrði fyrir komið, en það eru vegamálastjóri og raforkumálastjóri. Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að svara í þessu sambandi, en þó vil ég aðeins geta þess í sambandi við það, að 6. þm. Rvk. taldi þessar rannsóknir heyra undir l. um náttúrurannsóknir, að ríkisstj. leit svo á, að hér væri ekki um vísindarannsóknir að ræða, heldur væru þetta fyrst og fremst tæknilegar mælingar, þó að ef til vill mætti heimfæra þær undir umrædd lög.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. og tel hann hafa gefið greinargóðar upplýsingar, en það er þó eitt atriði, sem ég get ekki fallizt á, og það er, að þetta eigi ekki skylt við náttúrurannsóknir. Það vita allir þm., að þessi umræddu lög voru einmitt sett vegna þess, að nokkur brögð voru að því, að erlendir aðilar vildu rannsaka auðlindir landsins, en til þess að varna frekari íhlutun voru þessi ákvæði sett í l. um náttúrurannsóknir. Nú vita allir, að eftirsóknarverðustu gæði þessa lands er raforkan, og þegar erlendir aðilar fara að sækjast eftir að rannsaka hana, þá er hætt við, að fleira búi undir. Að vísu er bót í máli, að þessum erlendu mönnum er skylt að hafa samstarf við íslenzka aðila. En þrátt fyrir það, tel ég, að hér sé farið inn á mjög varhugaverða braut og ekki sízt, þegar jafnvel getur leikið vafi á um eignarrétt okkar á vatnsorkunni í Þjórsá. Mér er ekki kunnugt um, að eignarréttur Títan-félagsins svo nefnda, sem einu sinni keypti vatnsréttindi í Þjórsá, sé niður fallinn, þó að svo kunni að vera. En ég vil þó benda á það, að ekki er allsendis óhugsandi, að á bak við þessar rannsóknir sé á einhvern hátt gamla Títan og að þeir gerðu sér hugmyndir um, að þeir ættu þarna einhvern rétt. Ríkisstj. er skylt að vera á verði, og sem betur fer eigum við marga og góða verkfræðinga, sem geta framkvæmt mælingar og rannsóknir, og að minnsta kosti undir þeirra stjórn eiga allar rannsóknir á auðlindum okkar að fara fram.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það má segja, að þessar mælingar, sem hér um ræðir, heyri að nokkru leyti undir náttúrurannsóknir, en þó eru þær eingöngu tekniskt atriði, og á þeim forsendum telur ríkisstj., að þær heyri ekki undir umrædd l. Hitt er annað mál, að það er sjálfsagt að fara gætilega með þessi mál, og það hugsar ríkisstj. sér að gera og þá á líkan hátt og þau heyra undir umrædd l. Um eignarréttinn á vatnsorkunni er það að segja, að þetta umrædda Títan-félag keypti hann og þetta félag er til enn og starfandi, en um það, hvar þessi vantsréttindahlutabréf eru niður komin, er ekki hægt að segja. Sennilega eru þau í Noregi, því að þetta félag er norskt. En raunverulega svífur eignarréttur félagsins í lausu lofti, því að félagið hefur engan rétt til virkjunar, og til þess að fá hann yrði það að hefja algerlega nýja samninga, sem væru þá á valdi Íslendinga eingöngu.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég þakka ráðh. enn fyrir góðar upplýsingar. Það er þá vitað,

að félagið Títan er enn starfandi og að það vantar ekki annað enn virkjunarleyfi í Þjórsá. Í því sambandi vil ég leyfa mér að óska þess, að ef til þess kemur, að Títan sæki um það leyfi, þá verði haldið betur á en verið hefur. Hér er erlendum aðilum veitt tækifæri til þess að rannsaka mesta orkuvatn landsins fyrirstöðulaust, og af því hlýtur að leiða, að knúið verður á um frekari ítök og aðgerðir, en þá verður að halda betur á málstað Íslands, ef ekki á illa að fara. Mér fyndist standa nær ríkisstj. að láta sjálf rannsaka íslenzku fallvötnin, þar sem *stofnað* hefur verið embætti í því skyni, þar sem er raforkumálastjóri, þó að til þess þyrfti að ráða erlenda verkfræðinga, heldur en segja já og amen, þegar erlendir auðhringar sækjast eftir að rannsaka íslenzku fallvötnin.

II. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hef flutt á þessu þingi tvær fyrirspurnir, og er önnur á þskj. nr. 19, en hin á þskj. nr. 20. Það er nú nokkuð langt liðið, síðan ég lagði þessar fyrirspurnir fram. Önnur er til ríkisstjórnarinnar, en hin til atvmrh. Nú vil ég leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann geri ráðstafanir til þess, að þessar fyrirspurnir gætu orðið hér til umr. hið fyrsta. Og vil ég spyrja hæstv. forseta að því, hvort hann geti sagt nokkuð um það nú, hvort svo geti orðið, en annars, ef hann getur það ekki, mælast til þess, að hann vildi taka þessar fyrirspurnir á dagskrá næstu daga.

Forseti (BG): Út af aths. hv. 1. þm. S-M. skal ég taka fram, að hlutaðeigandi ráðh. hefur verið skrifað og þeim tilkynnt, að fyrirspurnir þessar hafi komið fram, en enn hefur ekki komið svar frá þeim. En forseti mun á næstunni athuga, hvað málunum líður og hvort ekki megi vænta þess, að hæstv. ráðh. séu tilbúnir að svara fyrirspurnunum.

Á 22. fundi í Nd., 22. nóv., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég tek nú til máls, er sú, að ég á hér á dagskrá tvær fyrirspurnir, sem lagðar voru fram fyrir mörgum vikum og hæstv. forseti hefur tekið af dagskrá dag eftir dag, án þess að sá ráðh., sem hlut á að máli, hafi verið viðstaddur til að svara þeim. — Út af þessu vil ég benda hæstv. forseta á, í hversu mikið óefni er komið þeim þætti þingstarfanna, að þm. eigi kost á að fá svarað þeim fyrirspurnum, er þeir bera fram, af hálfu viðkomandi ráðh. Þegar ég þekkti betur til þessara mála, var sá háttur við hafður, að viðkomandi ráðh. var skriflega tilkynnt um fyrirspurnir, er bornar voru fram til hans, og hann svaraði forseta síðan skriflega og tilgreindi, hvenær hann yrði reiðubúinn til þess að svara fyrirspurninni, þannig að forseti gæti þá sett fyrirspurnina á dagskrá í samræmi við það. Vil ég nú eindregið beina því til forseta að reyna að fá þessu kippt í lag með því að leiða viðkomandi ráðh. það fyrir sjónir, að með þeirri aðferð að hrúga upp fyrirspurnum og láta þær liggja vikum saman og skeyta því engu, þótt þær séu settar á dagskrá, er þm. sýnd hin mesta fyrirlitning, en ég vil þó trúa því, að ef hæstv. forseti fengi hina starfsbræður sína hér — þ. e. hina forsetana — til þess að leiða ráðh. þetta fyrir sjónir, þá hlyti slíkt að bera árangur. Ég get hugsað mér, að hér sé fremur um að kenna áhugaleysi heldur en ásetningi, að þessi háttur hefur á orðið gegn virðingu þingsins, og vil því skora á hæstv. forseta að fá þessu máli kippt í lag með samstarfi við hina forseta Alþingis.

Á 28. fundi í Ed., 4. des., utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þann 16. okt. var vísað til samgmrh. 2 frv., sem ég er flm. að: Frv. á þskj. 6, um breyt. á vegal., og frv. á þskj. 7, um breyt. á brúal. Það hefur nú ekkert heyrzt frá viðkomandi n. um þessi mál, og vildi ég gera þá fyrirspurn til hv. form. n., hvers vænta megi um afgreiðslu þeirra. Það er mikils virði fyrir okkur að vita um það, hvaða afgreiðslu þetta fær í þinginu, með tilliti til afgreiðslu 13. gr. fjárl., og vænti ég að geta fengið greið og góð svör í sambandi við þetta.

Eiríkur Einarsson: Mig furðar ekki, þótt hv. þm. Barð. spyrji um þetta, þar sem liðinn er þetta langur tími síðan málinu var vísað til n. Ég hef ekki sem form. n. boðað til fundar og málið þannig ekki tekið fyrir í n. En þessi dráttur af minni hálfu að taka málið til meðferðar þar stafar eingöngu af því, að mér var kunnugt um það, að vegamálastjórnin hafði á prjónunum till. til Alþ., hver sé hennar vilji um heildarafstöðu til slíkra mála, sem fyrir þingið kunna að koma núna, svo sem um frv. um nýja þjóðvegi. Þar sem ég hafði ástæðu til að ætla, að vegamálastjórn landsins mundi bera fram þessar till. og þær gætu orðið þeirri n., sem um slík mál fjallaði, til leiðbeiningar, hef ég dregið að kalla saman fund til þess að sjá, hvort þessar till. kæmu ekki fram. Ég vil svo vona, að hv. fyrirspyrjandi skilji, að enn sem komið er stafar þetta af þessum orsökum, en ekki af öðru.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Af því að mér er kunnugt um, að í samgmn. Nd. hefur verið á ferð frv. um sama efni og sú n. stendur í nánu sambandi við vegamálastjóra um þær breyt., þá vil ég beina því til hv. form. samgmn. hér, að n. vilji báðar sameina sig um þessi mál, svo að það fari ekki tvöfaldur tími í þetta hjá vegamálastjóra, en ekki, eins og mér skildist á hv. form. hér, að ekkert sé farið að gera í málinu í þessari d., meðan hin d. er búin að sitja á mörgum fundum með vegamálastjóra til þess að heyra hans till. um málið.

Gísli Jónsson: Ég er undrandi yfir þessum upplýsingum. Þegar ég var form. samgmn., var venja, að slíkar till. voru sendar vegamálastjóra til umsagnar og hann beðinn að gefa upplýsingar um, hvort hann gæti fallizt á, að réttmætt væri að gera slíkar breyt. á vegal. Nú skilst mér, að ekki sé farið að halda einn einasta fund um þetta í tvo

mánuði. Ef þetta er rétt, vænti ég þess, að hæstv. forseti áminni þá þm., sem fara þannig með málin. Ég vænti því, eins og hv. 1. þm. N-M. sagði, að þetta verði tekið til athugunar og samvinna geti hafizt milli samgmn. beggja d., sem sameinist til áframhaldandi flutnings í annarri hvorri d.

Eiríkur Einarsson: Hv. tveir þm. hafa tekið í sama streng og lagt það af speki sinni til málanna, að samstarf verði milli samgmn. beggja d. um þetta mál. Það getur að vísu verið gott, að samráð séu milli d. um meðferð mála. En þó hygg ég, að flestir þm. séu um það sammála, að sú sé venjan um þingmál, að tilsvarandi n. hvorrar d. fer sínu fram til að byrja með, þó að það geti endað með eðlilegu samstarfi milli n. Hvort það hefur ekki verið minnzt á þetta við vegamálastjóra? Ég veit ekki betur en ég hafi gert það. Vegamálastjóri veit vel, að það er beðið eftir þessu, og ég mun ýta eftir þessu, eins og ég get. En hvort að svo komnu máli er ástæða til, að n. beggja d. fjalli um málið sameiginlega, hvað það snertir, mun ég fara mínu fram.

Forseti (ÞÞ): Ég hef talað við form. samvn. og hef ástæðu til að ætla, að mjög fljótlega verði haldinn fundur í samvn., enda verður að gera eitthvað í þessu máli bráðlega.

Gísli Jónsson: Ég vil þakka forseta fyrir það, sem hann hefur gert í þessu máli, og skal ekki deila um þetta atriði, en vildi beina þeirri spurningu til form. n., hvort hann vildi nú ekki ljá þessu máli sams konar samúð og Austurvegi. (**EE:** Er ekki bezt, að hvor fari sinn veg?)

Á 17. fundi í Sþ., 12. des., utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi var lögð fram till. til þál. um greiðslu ríkissjóðs til jöfnunarsjóðs kjötsins. Þetta var gert í þeim tilgangi, að hægt væri að reikna út kjötverð til bænda fyrir áramótin með því verði, sem sá útreikningur sýndi, og þess var vænzt, að það fengi þá afgreiðslu, að það gæti komið bændum til góða á ársreikningum þeirra 1946. Um svipað leyti var lögð fram till. til þál. um kaup ríkissjóðs á ull, sem ég er meðflm. að. Það var gert til þess, að bændur gætu fengið verð fyrir ullina sína síðustu fjögur árin, sem ekki er enn búið að gera upp, og það var upplýst, að um litla ullarsölu væri að ræða frá fyrri tveimur árunum, en nokkru meiri frá hinum síðari. Þessu var vísað til fjvn. Nú er komið nærri áramótum, svo að ég finn ástæðu til þess að spyrja að því, hvers vegna þetta mál fái ekki afgreiðslu, en sé saltað svona í n. Ég vil vænta þess, að hv. fjvn. sjái um, að þetta mál fái afgreiðslu þingsins, hvort sem hún verður sú, að það verði látið viðgangast, að bændur fái ekki uppgert sitt ullarverð, eða ekki. Ég geri ráð fyrir, að aðrar stéttir þjóðfélagsins gerðu sig ekki ánægðar með það að bíða eftir kaupgreiðslu í 4 ár, en hér hefur það verið gert af ríkissjóði að þvinga bændur til þessa. Ég vil vona, að hv. fjvn. sjái um, að þetta verði gert fyrir næstu áramót.

Gísli Jónsson: Út af fyrirspurn hv. 1. þm. N-M. vil ég upplýsa það, að þetta mál, sem hann talaði um, hefur ekki legið í salti í fjvn. Það hefur verið sent til umsagna viðkomandi aðila. Þeirra umsagnir liggja fyrir og hafa verið ræddar á fundi n. Annað þetta mál var á dagskrá í dag, en hinu málinu var frestað samkvæmt ósk frá einum manni í n., og hefur ekki verið gerður ágreiningur út af því. Og getur hv. 1. þm. N-M. fullvissað sig um þetta hjá flokksbróður sínum, sem á sæti í n. Ég mun ekki fara efnislega út í málið nú, enda þótt hv. þm. gerði það, en ég mun athuga, hvort hægt er að afgreiða málið nægilega snemma.

Á 81. fundi í Nd., 25. febr., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi flutti ég frv. til l. um Byggingarstofnun ríkisins og byggingarfélög. Það var 73. mál þingsins og prentað á þskj. 107. Þann 18. nóv. í haust var málinu vísað til hv. heilbr.- og félmn., og hefur sú hv. n. þannig haft málið til meðferðar nú á þriðja mánuð. Álit hefur enn ekki komið frá hv. n. um þetta mál, og ég vildi nú leyfa mér að spyrjast fyrir um, hvað liði afgreiðslu þessa máls, og jafnframt beina þeim tilmælum til form. þessarar hv. n., að hann sem allra fyrst sæi til þess, að n. gæti tekið þetta mál til meðferðar og afgreiðslu.

Um sama leyti flutti ég annað frv. á þskj. 108 um breyt. á l. nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa. Þetta er 74. mál þingsins. Þessu máli var þann 24. nóv. vísað til hv. fjhn. d. Það gegnir sama máli um þetta mál eins og fyrra málið, sem ég nefndi, að n. hefur haft það til meðferðar í þrjá mánuði og hefur enn ekki skilað áliti um það. Vil ég beina því til hv. form. fjhn., hvort ekki sé von á áliti um málið bráðlega, og bera fram þá ósk, að hann stuðli að því, að álit um þetta mál gæti komið sem fyrst.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Þessari síðari fyrirspurn var beint til mín, en ekki til hæstv. forseta. Hv. fyrirspyrjanda er kunnugt um það, að n. hefur nýlega borizt umsögn frá landsbankastjórn, en landsbankastjórn fékk þetta mál til álita. Það kom álit frá meiri hl. og minni hl. bankaráðs Landsbankans, og ég hef séð um það, að hv. flm. frv. fengi þetta til lestrar. Að sjálfsögðu verður þetta allt athugað í n., þegar allir nm. eru búnir að sjá þessar umsagnir.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Viðvíkjandi þessari fyrirspurn hv. 6. þm. Reykv. um frv. það, sem hann hefur lagt fram hér í hv. d., um Byggingarstofnun ríkisins og byggingarfélög, sem vísað var til heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. þann 18. nóv. s. l., vil ég taka fram, að á fundi 3. des. s. l. var málið sent félmrn. til umsagnar, svo og stjórn Byggingarsjóðs verkamanna, stjórn verkamannabústaðanna og stjórn Samvinnubyggingarfélags Reykjavíkur. Til þessara stofnana var málinu vísað til umsagnar 3. des., og n. hefur ekki fengið enn neina umsögn um málið. — Á fundi, sem við héldum í n. í morgun, kom til orða að afgreiða mál þetta án þess að fá neinar umsagnir, án þess að bíða lengur eftir þeim. Hins vegar er sá háttur hafður hér á hæstv. Alþ., að nm. leita

umsagnar þeirra stofnana, sem þeir álíta, að hafi vit á málinu, til rökfærslu fyrir hv. nm. Ég vona, að hv. 6. þm. Reykv. geri sig ánægðan með þessa afgreiðslu að svo komnu í trausti þess, að n. taki þetta mál til sinnar eigin athugunar. Ég geri ráð fyrir, að n. muni ekki bíða lengi eftir þessum umsögnum, sem hún hefur leitað og ég gat um, því að allt virðist benda til þess, að þau álit muni ekki eiga að koma eða ætla að koma til n.

Á 95. fundi í Ed., 17. marz, utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. hefur spurzt fyrir um nefndarafgreiðslu á frv. sínu um breyt. á l. um útsvör, og vil ég í tilefni af því inna eftir máli nr. 104, um byggingu íbúðarhúsa og skipulag byggingarframkvæmda, sem er í n. síðan í nóv., og bólar ekki á því enn þá. Það hefur að vísu ekki verið eins lengi og frv. hv. þm. Barð., en ætti þó að vera búið að hljóta afgreiðslu.

Ennfremur vil ég spyrja um mál í Sþ. Ed. er hluti af því, svo að það mætti um það spyrja. Þetta var 21. mál, till. til þál. um greiðslu úr ríkissjóði til verðjöfnunarsjóðs, og var vísað til fjvn. sama dag og frv. hv. þm. Barð., en n. hefur sofið á því hingað til. Hvers vegna svo er, ætti hann að láta koma fram.

Forseti (ÞÞ): Ég vil taka það fram, að hér er ekki til umr. meðferð mála í Sþ., en um mál d. geta hv. þdm. rætt.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég vil í tilefni af fyrirspurn hv. 1. þm. N-M. geta þess, þar sem formaður n. er ekki viðstaddur, að n. tók málið fyrir og sendi það til umsagnar félmrn. og sambandi byggingarfélaga, og þegar ég fór úr heilbr.- og félmn. vegna mannaskipta, sem þar urðu, hafði hvorugur aðilinn skilað áliti um það, og mun það líklega ekki komið enn þá. Það er ef til vill ekki ástæða til þess að láta málið bíða lengur í n., en frekari upplýsingar get ég ekki gefið, þar sem ég á ekki sæti í n. nú.

Á 126. fundi í Ed., 6. maí, utan dagskrár, mælti

Forseti (ÞÞ): Ég vil taka fram við hv. þdm., þar sem farið er að líða á þingtímann, að ég skora á hv. nefndir, sem hafa mál enn til athugunar, að hafa þau ekki lengi í höndum enn og hraða afgreiðslu þeirra. Ég játa, að ég er í n., þótt ég sé þar ekki form., sem ekki hefur hreinar hendur í þessu efni. Ég vil taka fram við hv. allshn., að mjög er knúð á framgang frv. varðandi Sauðárkrók, en það er ekki komið frá hv. n. enn. Sama gildir um frv. um borgararétt o. fl. Þetta vil ég biðja form. n. að athuga og afgreiða sem fyrst þau mál, sem ætlað er að ná fram að ganga á þessu þingi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það skal verða tekið til greina, er hér var farið fram á. Í því sambandi er ekkert, sem ég hef með að gera í sjútvn., nema eitt mál um landshöfn í Hornafirði, og hefur orðið samkomulag um afgreiðslu þess máls. Mun nál. koma í dag eða á morgun. En verið er að ganga frá nál. um fiskiðjuver á Ísafirði. Málið varðandi Sauðárkrók liggur hjá félmn., en ekki allshn. Form. hennar er hv. 4. landsk., og ég hygg hann muni taka það mál fyrir strax og n. hefur fengið upplýsingar því viðkomandi hjá hæstv. dómsmrh. Mér er ekki kunnugt um, að n. hafi enn fengið þær. Annað, held ég, að sé ekki þessu viðkomandi í n., sem ég starfa í.

Á 141. fundi í Ed., 22. maí, utan dagskrár, mælti

dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það eru tvö mál, sem ég hef áhuga fyrir og ekki eru komin frá n. Annað þeirra flutti ég skömmu eftir jól í vetur, um breyt. á vatnsveitul. fyrir Reykjavík, og varð að samkomulagi hér á deildarfundi að láta þessi l. bíða, þar til sæist um afdrif frv. um opinbera aðstoð við vatnsveitur. Nú er það frv. að vísu komið til einnar umr. í Nd., en mér skilst, að ekki sé öruggt um framgang þess máls. Frv. varðandi Reykjavík er hins vegar þess eðlis, að það getur naumast staðið í mönnum að samþykkja það hér, og hefur bæjarstjórn og bæjarráð Reykjavíkur eindregið mælt með framgangi málsins. Nú er ekki þörf á þessu, ef hitt málið nær fram að ganga, en þar sem ekki er víst, að svo verði, en komið að þinglokum, vil ég biðja þá n., sem hefur það til meðferðar, að afgreiða það frá sér til 2. umr. í kvöld, þannig að það gæti gengið til Nd. og hún afgr. málið, ef hitt málið nær ekki fram að ganga, í samræmi við það, sem lofað var af hálfu þessarar n. í vetur, og ég hefði ekki sætt mig við stöðvun málsins, ef það loforð hefði ekki verið gefið. Nú blasir sá möguleiki við, að hitt málið kunni að stöðvast, og vil ég þá, að nm. standi við loforð sín að afgreiða málið. Annars vildi ég beina til forseta, að hann taki málið til afgreiðslu í d. nefndarlaust.

Hitt málið, sem ég vildi minnast á, er frv. um breyt. á l. um embættisbústaði héraðsdómara. Það var komið til n. fyrir mjög skömmu, og mér er ljóst, að ef n. krefst þess, á hún rétt á að athuga það lengur. En málið hefur gengið fram ágreiningslaust í Nd., og væri ég þakklátur, ef menn treysta sér til að gefa d. kost á að taka afstöðu til þess, en játa þó, að n. hefur haft svo skamman tíma, að ekki er hægt að ásaka hana fyrir vanrækslu.

Forseti (ÞÞ): Út af ræðu hæstv. utanrrh. skal ég upplýsa, að form. allshn. hafði boðað fund kl. 5, en ekki hefur verið unnt að halda þann fund vegna starfa í þessari d. Hins vegar skal ég koma þessum boðum til hans eins fljótt og unnt er.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er einnig utan dagskrár. Í byrjun þessa þ. flutti ég fyrirspurn um það, hvað gerzt hefði í stjórnarskrármálinu, en við því fékkst aldrei svar. Nú er komið að þinglausnum, og það er samningsbundið hjá hinni nýju ríkisstj. að leysa stjórnarskrármálið eins fljótt og verða má. Mér er ekki kunnugt um, að neinar slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar, og vil ég spyrja, hvað ríkisstj. hyggst að gera til þess að hraða aðgerðum í stjórnarskrármálinu, sem hefur dregizt, áður en þessu þ. lýkur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Þetta mál heyrir að vísu undir forsrh., en þar sem hér eru ekki aðrir ráðh. en ég einn, skal ég svara þessu eftir beztu getu. Ég get skýrt hv. þd. frá því, að undirbúningur er hafinn um skipun nýrrar stjórnarskrárnefndar, sem komi í stað þeirra tveggja, sem starfað hafa að undanförnu, en það fyrirkomulag virtist of þungt í vöfum og ekki bera árangur. Ég geri ráð fyrir, að þessi till. komi fram, áður en langt um líður, ef samkomulag næst um hana, en annars er ég ekki reiðubúinn að gefa svör, af því að mér hefur ekki verið gefið færi á að bera mig saman við aðra.

Hannibal Valdimarsson: Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, að málið sé þó á leiðinni og till. frá ríkisstj. komi áður en lýkur.

Á 58. fundi í Sþ., 23. maí, utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Mig langar til að frétta af till., sem 24. okt. s. l. var vísað til n., sem hv. þm. Barð. er form. fyrir, og hefur legið þar síðan. Þetta er till. á þskj. 29, um greiðslu ríkissjóðs til verðjöfnunarsjóðs. Vil ég vænta þess, að n. sé búin að hafa nógan tíma til að athuga till.

Í byrjun febr. var vísað til n. öðru máli, sem fyrir liggur, að allir þm. nema fimm eru með. Þetta var till. um það að gefa eftir toll af sænskum húsum, og var hún samþ. með öllum atkv., nema fimm sátu hjá. Þessari till. var vísað til fjvn. 5. eða 6. febr., og hún liggur hjá n. enn.

Tveim öðrum till. var vísað til n., annarri í nóv., en hinni í okt., um endurgreiðslu á tolli vegna innflutnings á bátum. Mig langar til að frétta af þessum till. hjá hv. form. fjvn. Ég ætla ekki að gera þá kröfu til hæstv. forseta, að hann taki þessar till. á dagskrá, en vil vænta þess, að n. þingsins breyti þeim vinnubrögðum að sitja á málum allt þingið.

III. Stjórnarskipti.

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil leyfa mér að tilkynna hæstv. Alþingi, að ríkisstj. hefur í dag beðizt lausnar og að hæstv. forseti Íslands hefur fallizt á lausnarbeiðnina, en hefur beðið stjórnina að gegna áfram störfum, unz ný stjórn hafi verið mynduð.

Forseti (JPálm): Hv. alþm. hafa heyrt tilkynningu hæstv. forsrh. Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði rætt nú.

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var tekin til meðferðar
tilkynning um nýja ríkisstjórn (útvarpað).

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti, hv. alþm. Forseti Íslands hefur í gær á ríkisráðsfundi skipað þessa ríkisstjórn, með þeirri verkaskiptingu, er hér greinir:

I. Forsætisráðherra Stefán Jóhann Stefánsson. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskrá in, Alþingi, nema að því leyti, sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla. Enn fremur félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál, félagsdómur, almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingarsjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingarsjóðir, þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir, byggingarfélög.

II. Ráðherra Bjarni Ásgeirsson. Undir hann heyra landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þar á meðal skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál, Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þar á meðal rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu, námurekstur, kaupfélög og samvinnufélög, landssmiðjan, Atvinnudeild háskólans, Rannsóknarráð ríkisins, mælitækja- og vogaráhaldamál.

III. Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyrir dómaskipun, dómsmál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsidóma, hegningarhús og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, önnur en gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sifjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignarréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir verzlunarskólar. Enn fremur utanríkismál.

IV. Ráðherra Emil Jónsson. Undir hann heyra samgöngumál, önnur en flugmál, þar á meðal vegamál, skipagöngur, atvinna við siglingar, Stýrimannaskólinn, skipaskoðun ríkisins, póst- og símamál, loftskeytamál, vitamál, hafnarmál, iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög, eftirlit með verksmiðjum og vélum, einkaréttarleyfi. Enn fremur viðskiptamál, þar undir innflutningsverzlun og utanríkisverzlun, önnur en verzlun með sjávarafurðir, bankamál, sparisjóðir, gjaldeyrismál, verðlagsmál (dýrtíðarráðstafanir).

V. Ráðherra Eysteinn Jónsson. Undir hann heyra menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun, barnaverndarmál, menntamálaráð, leikhúsa- og kvikmyndamál, kirkjumál, ríkisprentsmiðjan, veðurstofan, heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli. Enn fremur flugmál, þar undir flugvallarekstur, svo og gæzla landhelginnar.

VI. Ráðherra Jóhann Þ. Jósefsson. Undir hann heyra fjármál ríkisins, þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna. Undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjáraukalög

og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð, eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, sem varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Þá heyra einnig undir hann hagstofan, mæling og skrásetning skipa og enn fremur sjávarútvegsmál, þar undir fiskifélagið og fiskimálanefnd, síldarútvegsmál (síldarverksmiðjur og síldarútvegsnefnd), svo og utanríkisverzlun með sjávarafurðir.

Ríkisstjórnin hefur komið sér saman um málefnagrundvöll, og mun ég hér á eftir lesa upp þá stefnuskrá, er stjórnin leggur til grundvallar starfi sínu og fyrirætlunum:

Það er höfuðhlutverk ríkisstjórnarinnar: að vernda og tryggja sjálfstæði landsins, að koma í framkvæmd endurskoðun á stjórnarskránni, að tryggja góð og örugg lífskjör allra landsmanna og áframhaldandi velmegun og að halda áfram og auka nýsköpun í íslenzku atvinnulífi.

Í samræmi við þetta hlutverk verði lögð megináherzla á eftirfarandi:

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að kappkosta að hafa sem bezta sambúð við aðrar þjóðir og að leggja sérstaka áherzlu á samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar. Hún mun af alefli vinna að því að afla sem víðast markaða fyrir íslenzkar framleiðsluvörur og vinna að stækkun íslenzkrar landhelgi.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að lokið verði endurskoðun stjórnarskrárinnar og setningu nýrrar stjórnarskrár hraðað, eftir því sem frekast er unnt.

Ríkisstjórnin telur, að á meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir, þurfi að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, svo að þær verði gerðar eftir fyrirfram saminni áætlun, þar sem einkum sé lögð áherzla á:

að öll framleiðslustarfsemi sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna,

að öllum vinnandi mönnum, og þá sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku,

að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt,

að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafl leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum,

að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, þannig að þær séu seldar úr landi eins fullkomnar og frekast er kostur, og við staðsetningu verksmiðjanna verði tekið tillit til hvors tveggja í senn, framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga,

að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar,

að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.

Til þess að semja áætlun þá, sem að framan greinir, skal skipuð sérstök nefnd, er heiti fjárhagsráð og komi m. a. í stað viðskiptaráðs og nýbyggingaráðs. Skal nánar mælt fyrir um það í lögum. Í áætluninni skal gerð grein fyrir kostnaði við hverja framkvæmd svo og, með hverjum hætti fjárins skuli aflað, enda skal kveðið á um það, í hverri röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafl og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að. Í því sambandi skal lögð megináherzla á byggingu íbúðarhúsa við almenningshæfi, bæði til sjávar og sveita, m. a. með útvegun lánsfjár og byggingarefnis. Fjárhagsráð skal hafa með höndum framkvæmd áætlunarinnar, eftir því sem nánar verður mælt fyrir í lögum, svo og veitingu fjárfestingarleyfa, innflutningsleyfa og gjaldeyrisleyfa og verðlagseftirlits. Ríkisstj. í heild hefur yfirstjórn fjárhagsráðs og tekur ákvarðanir um höfuðatriði og sker úr þeim ágreiningsmálum, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hennar.

Til þess að tryggja rétt framtöl til skatts og afla fjár til nýsköpunar verði sett löggjöf um eignakönnun og skyldulán. Gerðar verði ráðstafanir, að eignakönnuninni aflokinni og í sambandi við hana, til þess að hafa betra og öruggara eftirlit með skattframtölum, enda fari þá og fram heildarendurskoðun á skattalöggjöfinni.

Ríkisstjórnin leggur á það áherzlu, að innflutningsverzluninni verði háttað svo, að verzlunarkostnaðurinn verði sem minnstur. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu, hvort sem þar er um að ræða einstaklinga eða félög. Sérstök innkaupastofnun á vegum ríkisins verði sett á stofn og annist hún um innkaup til ríkisstofnana (vita-, hafna-, vega- og brúargerða, verksmiðja, opinberra bygginga, sjúkrahúsa, skóla o. fl.). Sú deild fjárhagsráðs, sem hefur með höndum veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, skal taka til athugunar og rannsóknar, á hvern hátt takast mætti að haga innkaupum og vörudreifingu á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðina í heild, einnig með hliðsjón af samningum við erlend ríki um sölu íslenzkra afurða.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að vinna að því af alefli að stöðva hækkun dýrtíðarinnar og framleiðslukostnaðar og athuga möguleika á lækkun hennar. Í því skyni verði leitað til samtaka launastéttanna og samtaka framleiðenda til sjávar og sveita til þess að gera ráðstafanir gegn frekari vexti dýrtíðarinnar og um leiðir til lækkunar.

Það er samkomulag milli stjórnarflokkanna að greiða niður fyrst um sinn vöruverð af ríkisfé svo mikið, að vísitala hækki ekki frá því, sem nú er. Verðlagseftirlitið verði skerpt og aukið og tekið til athugunar að miða ákvarðanir þess við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Afurðasölulög landbúnaðarins verði endurskoðuð á þessu þingi og þeim breytt á þann hátt, að stéttasamtök bænda fái í sínar hendur framkvæmd afurðasölunnar. Verðákvörðun landbúnaðarafurða verði gerð með það fyrir augum, að tekjur þeirra manna, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

Þeirri skipan verði komið á, að verðlag landbúnaðarafurða verði ákveðið með samkomulagi milli fulltrúa, sem tilnefndir eru annars vegar af stéttasamtökum bænda og hins vegar af félagssamtökum neytenda. Ef samkomulag verður með öllum þessum fulltrúum, er það bindandi. Á meðan greitt er niður með ríkisfé verð landbúnaðarafurða eða útflutningsuppbætur greiddar á þær, gildir eftirfarandi skipan: Rísi ágreiningur af hendi eins eða fleiri fulltrúa við samkomulagstilraunir, þá sker úr nefnd, skipuð þremur mönnum, einum af stéttarsamtökum bænda, einum af neytendasamtökunum og hagstofustjóra sem oddamanni.

Samþykkt verði á þessu þingi frv. til laga um ræktunarsjóð, í meginatriðum samhljóða frv. því, er nú liggur fyrir Nd. Lögin um jarðræktarstyrk verði endurskoðuð með það fyrir augum, að jarðræktarstyrkurinn verði hækkaður hlutfallslega og samræmdur núgildandi vinnulaunum og breyttum jarðvinnsluaðferðum.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að afgreiða að minnsta kosti rekstrarhallalaus fjárlög, og í því skyni taki hún strax til athugunar fjáröflunarleiðir, ef þörf þykir fyrir hendi vegna afgreiðslu fjárlaga.

Sett verði löggjöf, er tryggi bæjum og atvinnustöðvum hagkvæm afnot af lendum og lóðum í nánd við þær.

Undirbúin verði og sett löggjöf um stjórn og rekstur flugvalla.

Eins og kunnugt er Alþ. og alþjóð, baðst ráðuneyti Ólafs Thors lausnar hinn 10. október 1946. Ástæðan til þeirrar lausnarbeiðni var sú, að þegar Alþ. hafði samþykkt flugvallarsamninginn við Bandaríkin, rufu fulltrúar Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins, samvinnu í ríkisstj. Ríkisstj. gegndi þó störfum áfram, eins og venjulegt er, að beiðni forseta Íslands. En skömmu eftir að lausnarbeiðnin hafði verið til greina tekin, hófust viðræður með fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna í hinni svokölluðu tólf manna nefnd. En þó að mál væru þar ýtarlega rædd, ýmissa gagna aflað og mörg sjónarmið dregin fram, leiddu þau störf þó ekki til neinnar jákvæðrar niðurstöðu.

Þegar störfum tólf manna nefndarinnar lauk, fór forseti Íslands þess á leit við formann Sjálfstæðisflokksins, fyrrverandi forsætisráðherra Ólaf Thors, að hann tæki að sér að gera tilraun til þess að mynda ríkisstj. Hann varð við þessari beiðni og miðaði tilraunir sínar við það að koma á stjórn sömu flokka, er áður höfðu unnið saman í ríkisstj. um tveggja ára skeið. En þær ýtarlegu tilraunir, sem þá voru gerðar, tókust, sem kunnugt er, ekki. Samtímis fóru og fram viðræður á milli annarra flokka um stjórnarmyndun, en þær báru ekki árangur.

Forseti Íslands óskaði þá eftir því, að ég tæki að mér að reyna að mynda ríkisstj. Með samþykki flokks míns tók ég þetta að mér. Ég sneri mér þá tafarlaust til allra stjórnmálaflokkanna og óskaði eftir því, að þeir nefndu fulltrúa til þess að ræða við mig um myndun samstjórnar, ef samkomulag næðist um málefni og önnur atriði. Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkurinn urðu þegar við þessum tilmælum, en eftir stutta umhugsun, tilkynnti Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn, að hann vildi engar viðræður við mig eiga um stjórnarmyndun. Að því búnu hófust umræður á milli mín og meðstarfsmanna úr flokki mínum við fulltrúa frá Sjálfstæðis- og Framsóknarflokknum. Þessar viðræður stóðu lengi yfir, og var þó tíminn notaður út í yztu æsar og alla daga haldnir fundir og margir suma daga, og var gengið að þeim störfum frá öllum flokkunum þremur með mikilli atorku.

Mér var það ljóst í upphafi, er viðræður þessar byrjuðu, að ýmsir örðugleikar, erfiðir að yfirstíga, yrðu á þessari samningaleið. Stjórnmálaflokkarnir, sem nú hafa tekið saman höndum um stjórnarmyndun, hylla ólíkar stefnur og hafa áður átt í allhörðum deilum sín á milli. En frá mínu sjónarmiði og þess flokks, sem ég veiti forystu, bar brýna nauðsyn til þess að leggja allt kapp á að mynda þingræðisstjórn. Stjórnarkreppan var orðin löng og alvarleg og hafði auk þess áður verið næsta erfið og óviðfelldin, að ekki sé meira sagt, fyrir 2—3 árum síðan. Af þessu ástandi hefur það leitt nú undanfarið, að Alþ. gat alls ekki nægilega sinnt störfum og bráðabirgðaríkisstj. ekki tekið vandasöm og aðkallandi viðfangsefni þeim tökum, sem venjuleg ríkisstj. verður að gera. Og þótt Alþýðuflokkurinn sé minnstur stjórnmálaflokkanna á Alþ., taldi hann það skyldu sína og í samræmi við stefnu sína og starfsaðferðir að stuðla að því af öllum mætti, að komið yrði á þingræðisstjórn. Sama hugsunin og sama ábyrgðartilfinningin réð því og í hinum samstarfsflokkunum, að að lokum tókst að ná samkomulagi um myndun ríkisstj.

Það ræður af líkum, að þegar þrír ólíkir flokkar taka höndum saman um ríkisstj., þá sé málefnasamningurinn og stjórnarstefnan ekki eingöngu mótuð af einum flokki, heldur eru ólík sjónarmið samhæfð. En það er öllum stjórnarflokkunum sameiginlegt, að þeir byggja störf sín og stefnu á lýðræði og þingræðisstarfsemi. Og ekki hvað síst þess vegna náðu þeir samkomulagi, þar sem þeim var öllum ljóst, að þingræðinu og jafnvel lýðræðinu væri háski búinn, ef ekki tækist mjög brátt að ráða fram úr öngþveiti stjórnarkreppunnar.

Málefnasamningur sá, er ég hef lesið upp hér á undan, skýrir sig sjálfur í öllum aðalatriðum. Ríkisstj. er það ríkt í huga að vernda og tryggja sjálfstæði hins unga íslenzka lýðveldis. Það verður að byggjast á þeim hornsteinum og skilningi, hversu mikils virði það sé og nauðsynlegt, að þjóðin geti lifað lífi sínu frjáls og sjálfstæð í hinu tigna og fagra landi sínu. Og ríkisstj. vill einnig stuðla að góðum skiptum við öll önnur ríki, en leggur sérstaka áherzlu á samstarf við frændþjóðirnar á Norðurlöndum.

En til þess að hægt sé að njóta frelsis og sjálfstæðis, verður að tryggja örugg lífskjör allra landsmanna og halda áfram nýsköpun og framförum í atvinnuháttum, og þá þarf einnig að haga rekstri þjóðarbúsins á skipulagðan hátt og notfæra til hins ýtrasta með samtökum almannavalds og einstaklinga fjármagn og vinnuafl þjóðarinnar. En til þess verður sömuleiðis að afla tekna hjá þeim, sem frekast eru aflögufærir, og nota þær til hagsmuna fyrir þjóðarheildina.

Dýrtíð og verðbólga er orðin ískyggileg. Þess vegna vill ríkisstj. vinna að því af alefli að stöðva hækkun dýrtíðar og framleiðslukostnaðar og leita að leiðum til lækkunar, allt til þess að tryggja hagkvæman og arðvænlegan rekstur atvinnuveganna.

Ríkisstj. er það vel ljóst, að við marga örðugleika er að etja og þörf er góðs samstarfs þjóðarinn-

ar og atvinnustéttanna. Hún mun gera sér far um að sameina öll þau öfl í þjóðfélaginu, er vilja berjast fyrir því að tryggja sjálfstæði landsins, öruggan atvinnurekstur, áframhaldandi velmegun, aukna menningu og réttlæti í þjóðfélagsmálum. Hún óskar eftir stuðningi og samvinnu Alþ. til fulltingis og framkvæmda áformum sínum, og hún heitir einnig á þegnskap manna um land allt til þess að mæta og yfirstíga örðugleika þá, er fram undan kunna að bíða.

Þær eru ánægjulega stórstígar félagsmálaframkvæmdir síðustu ára. „Þeir, sem útskaga áður of byggðu", geta nú notið annarrar aðbúðar og aukins öryggis. En til þess að hinar miklu réttarbætur geti orðið varanlegar og öryggi fengizt í framtíðinni, þarf að byggja traustan grundvöll í efnahagsmálum og atvinnurekstri. Það „varðar mest til allra orða, að undirstaða rétt sé fundin". Ríkisstj. vill leggja fram orku sína til þess, að sá grundvöllur verði skapaður, — grundvöllur aukins öryggis og réttlætis í þjóðfélagsmálum.

Einar Olgeirsson: Sósialistaflokkurinn er í andstöðu við þessa ríkisstj. Heildsala- og landsbankavaldið, peningavaldið í Reykjavík, hefur lamið þessa stjórn saman þvert ofan í vilja þjóðarinnar, eins og hann birtist í síðustu kosningum. Með þessari stjórn taka þeir menn, sem samþykktu flugvallarsamninginn, einir við völdum á Íslandi. Með þessari stjórn taka þau öfl, sem fjandsamlegust hafa verið nýsköpuninni, yfirráðin. Fagrar yfirlýsingar um nýsköpun, jafnvel góður ásetningur í þessum stjórnarherbúðum, mun ekkert duga, meðan hugrekki og vilja vantar til þess að lyfta þeirri loppu dauðans af atvinnulífi þjóðarinnar, sem hvíldi eins og mara á stórhuga framfaraviðleitni fráfarandi ríkisstj., brjóta landsbankavaldið á bak aftur. En um það er ekki orð í stjórnarsamningnum.

Þessi ríkisstj. mun geta lifað góðu lífi á verkum fráfarandi ríkisstj., líkt og heildsalarnir lifa góðu lífi á vinnu þjóðarinnar. Togarar nýsköpunarstjórnarinnar munu nú sigla í höfn, einn til tveir á mánuði, en hve marga mun þessi stjórn kaupa sjálf? Það heyrist ekki orð um það né nokkrar raunhæfar nýsköpunarráðstafanir í yfirlýsingu ríkisstj. Hvað er nú orðið um skilyrði þess flokks, sem áður þóttist öll skilyrði hafa sett fyrir nýsköpun atvinnulífsins og öðrum umbótum, Alþfl.? Eru þau nú gleymd, af því að kosningar eru nýafstaðnar, en ekki fram undan eins og í fyrra?

Þessi stjórn tekur við á mestu uppgangstímum, sem yfir Ísland hafa komið. Fram undan er hækkandi verð á öllum okkar afurðum og ótakmarkaðir markaðsmöguleikar, ef hagnýttir eru. En þjóðin þarfnast þess, að sá auður, sem streymt hefur inn í landið og getur haldið áfram að streyma inn í það, verði fyrst og fremst í höndum þjóðarheildarinnar, en safnist ekki á örfáar hendur og 'skapi hér og viðhaldi efnahagslegu einræði nokkurra auðmannafjöldskyldna. Þjóðin þarfnast þess, að gróðamöguleikar verzlunarauðvaldsins hverfi úr sögunni, en fjármagninu sé í enn stærra stíl en hingað til beint til framleiðslunnar til þess að auka velferð almennings á öllum sviðum.

En með þessari stjórn fá þau öfl, sem enga trú hafa á landi og þjóð, heildsalarnir og bankavaldið, — afæturnar í þjóðfélaginu, völdin yfir framleiðendunum, jafnt launþegum sem eigendum atvinnutækjanna. Bankavaldið er farið að láta framleiðendurna finna það nú þegar. Vér efumst ekki um vilja afturhalds þessa til þess að leggja til atlögu við alþýðu landsins og leiða aftur atvinnuleysi og kauplækkun yfir fólkið. Alþýðan er reiðubúin að taka á móti, hvenær sem á hana yrði ráðizt. En réttlætisgrundvöll mundi skorta fyrir öllum slíkum ráðstöfunum gegn henni. Nú væri þvert á móti hægt að skapa efnahagslegan grundvöll til þess að útrýma með öllu fátæktinni úr landi voru, versta bölinu, sem þjóðin hefur þekkt. Sósialistaflokkurinn vildi vinna að því að það væri gert. Nú er í staðinn mynduð stjórn til þess að viðhalda og efla auð og völd nokkurra afturhaldssamra kaupsýslumanna og voldugra, þröngsýnna embættismanna í bönkum ríkisins.

Sósialistaflokkurinn mun berjast gegn þessari ríkisstj. Hann mun hins vegar láta málefni ráða um afstöðu sína til frv. hennar og aðgerða og styðja það, sem nýtilegt kynni að koma frá henni. Hann mun, áður en langt um líður, rannsaka, hverju fylgi þessi stjórn eigi að fagna á Alþ., og kærast væri honum, að það yrði einnig reynt sem fyrst, hvert fylgi hennar væri með þjóðinni.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég flyt hinni nýju ríkisstj. beztu óskir. Fari allt með felldu, er nú óvenju bjart fram undan í atvinnulífi þjóðarinnar. Óðum er verið að taka hin mikilvirku, nýju framleiðslutæki í notkun, afköstin munu stóraukast og verðlagið er hækkandi, einkum þó á síldarlýsinu. En þetta er aðeins önnur hliðin. Fjöldi vandasamra viðfangsefna bíður stjórnarinnar. Öll þjóðin á mikið undir, að stjórninni takist sem allra bezt að leysa þann vanda. Ég vona og óska, að gifta fylgi störfum hv. ríkisstj.

Jónas Jónsson: Það eru nú liðin liðlega tvö ár síðan ég flutti vantraust í þessum sal móti þeirri stjórn, sem þá var að taka við völdum. Það reyndist að vísu ekki mikill liðsstyrkur á móti, því að ég var einn á bát um það að halda því fram, að sú stjórn hefði ekki lífsmöguleika, eins og hún var mynduð. Nú eru liðin tvö ár, og þessi tvö ár hafa, því miður fyrir landið, en kannske því betur fyrir mig í ýmsum skilningi, sýnt, að ég hafði á réttu að standa. Það, sem ég benti þá á, hefur reynzt rétt, að stjórn, sem annars vegar er mynduð af rótum hins austræna valds, byltingavaldsins, en hins vegar af vestrænum, borgaralegum hugmyndum, hefði ekki lífsmöguleika. Og það er einmitt þetta, sem komið hefur fram og einkennt alla baráttu og viðleitni stjórnarinnar. Ég vil taka það fram, að þótt ég sé skoðanalega mjög mótfallinn Sameiningarflokki alþýðu og teldi það aðalástæðuna til að vara við stjórninni fyrir tveimur árum, þá er rétt að viðurkenna það, þótt þessi flokkur hafi ekki að líkindum meiri hæfileikamönnum á að skipa en aðrir flokkar, að hann hefur haft miklu meiri tækni og stuðzt þar við tækni síns alþjóðlega flokks, og hann hefur verið stefnufastari, af því að hann veit, hvað hann vill, þ. e. að breyta því skipulagi, sem hér hefur þróazt á vestræna vísu, í það horf, sem Rússar hafa tekið upp og

nokkrar aðrar þjóðir. Það er óhjákvæmilegt að athuga það, um leið og hér er nú mynduð ný stjórn, að þessi flokkur hefur sýnt mikla lagni í tvö ár við að grafa undan okkar vestræna þjóðfélagi. Það þarf ekki annað en minna á það, sem flokkurinn byggði í 2 ár, og lokasteinninn í þeirri byggingu var það, að fyrir jólin samþ. allt Alþ. nema ég till. þess efnis, að ríkið keypti stærstu framleiðsluvöru landsmanna með miklu yfirverði, þótt nú hafi verið tekið fram af tveimur þm., og að því er virðist réttilega, að útlit sé fyrir betra verð á íslenzkum vörum en kannske nokkru sinni áður. Það er algerlega dæmalaust, að nokkur frjáls þjóð hafi gert þetta, að ríkið keypti aðalframleiðsluvöru sína til að selja með tapi, og það hefði áreiðanlega ekki komið til greina, ef sá flokkur, sem vill umbreyta þjóðskipulaginu, hefði ekki á mjög sniðugan hátt verið búinn að láta sér verða svo mikið ágengt sem reynslan sýnir. Ég vil því benda á það frammi fyrir þjóðinni og þinginu, ég vil benda ríkisstj. á, að fyrir henni liggi nú sá vandi að bæta og lækna á komandi árum mjög mikið af þeim stóru misfellum, sem Sósíalistaflokkurinn hefur komið til leiðar á þessum tveimur árum, bæði í andlegum málum og fjárhagsmálum.

Ég vil aðeins taka það fram hér, af því að hv. 2. þm. Reykv. minntist á bankavaldið, að þá er rétt, að menn viti það, að þessi flokkur sóttist eftir því allan þann tíma, sem verið var að leitast við að mynda ríkisstj., að leggja landsbankann að velli og taka af honum seðlana, sem allir þjóðbankar hafa, og taka af honum húsið. Þetta hefði samt sem áður verið mjög hyggileg aðgerð frá sjónarmiði þess flokks til að leysa upp þjóðskipulag okkar, og þess vegna kom það fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv., að hann harmaði, að þetta skyldi ekki hafa tekizt.

Einn af þeim fáu mönnum í okkar samtíð, sem bæði var heimspekingur og stjórnmálamaður í Evrópu, Balfour lávarður, sagði: Þingræðisskipulagið gengur vel á meðan allir flokkar í þjóðfélaginu vilja hlýða reglum þess. Þetta er vitaskuld óhrekjandi sannleikur. Og ástæðan til þess, að svo illa hefur gengið að mynda hér þingræðisstjórn, er sú, að hér var kominn einn þingflokkur, óaðfinnanlegur að öðru leyti en sínum skoðunum, sem ekki vildi hlíta reglum parlamentarismans. Þess vegna er það, að þjóðin, hún þarf að skilja, að ástæðan til þess, að hér hefur ekki verið mynduð þingstjórn síðan 1942 nema með höppum og glöppum, er sú, að einn flokkur, ekki mjög stjór, en áhrifamikill á ýmsa lund, hefur eyðilagt allt þetta vitandi vits. Hið merkilega við þessa stjórnarmyndun nú, og kannske það eina merkilega, er það, að þjóðin hefur að mjög verulegu leyti breytt um stefnu, að miklu leyti undir áhrifum frá borgurum utan þings. Nú er reynt að mynda stjórn á þingræðisgrundvelli, þannig að nú styðja ekki aðrir flokkar stjórnina en þeir, sem viðurkenna leikreglur þingræðisskipulagsins. Og það, hver gæfa fylgir þessari stjórn, er fyrst og fremst komið undir því, hvort henni tekst, hvort flokkunum tekst, fullt svo mikið utan þings sem innan, að halda saman um það að standa á íslenzkum, þjóðlegum og vestrænum grundvelli.

IV. Minning Árna Jónssonar frá Múla.

Á 42. fundi í Sþ., 8. apríl, mælti

forseti (JPálm): Ég hef boðað til þessa fundar í dag að loknu páskahléi til þess að minnast nokkrum orðum nýlátins fyrrverandi þingmanns, Árna Jónssonar frá Múla. Hann andaðist hér í bænum aðfaranótt 2. þ. m., rúmlega hálfsextugur að aldri.

Árni Jónsson fæddist á Reykjum í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu 24. ágúst 1891, sonur hins nafnkunna merkismanns Jóns bónda þar og alþingismanns, síðar í Múla, Jónssonar bónda á Helluvaði í Mývatnssveit Hinrikssonar, en móðir Árna og kona Jóns í Múla var Valgerður Jónsdóttir bónda og þjóðfundarmanns á Lundarbrekku í Bárðardal Jónssonar prests í Reykjahlíð Þorsteinssonar.

Árni lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1908, stúdentsprófi í Reykjavík 1911 og ári síðar prófi í forspjallsvísindum við háskólann hér. Þá hvarf hann frá frekara námi og vann í verzlunarskrifstofu í Englandi næstu 3 árin, 1912—1915. Næsta ár, 1916, stundaði hann verzlunarstörf á Seyðisfirði, en ári síðar, 1917, varð hann verzlunarstjóri á Vopnafirði og gegndi því starfi um 7 ára skeið, til 1924. Í rúm 3 næstu árin, 1925—1928, var hann forstjóri Brunabótafélags Íslands. Þegar hann lét af því starfi, tók hann mjög að leggja stund á blaðamennsku, var ritstjóri Varðar 1928—1929, stjórnmálaritari Ísafoldar 1930 og ritstjóri Austfirðings á Seyðisfirði 1930—1932. Eftir þann tíma hafði hann um skeið á hendi skrifstofustörf í Reykjavík hjá Sambandi íslenzkra fiskframleiðenda og gaf sig jafnframt að blaðamennsku, allt til 1944, ritaði stjórnmálagreinar í Vísi til 1942, gerðist þá ritstjóri Þjóðólfs og síðan Íslands. Frá því er hann hætti blaðamennsku, fékkst hann við ritstörf hér í bænum, einkum þýðingar bóka. — Á Alþ. átti hann sæti alls um 9 ára skeið, var fyrst 2. þm. N-M. 1924—1927 (kosinn 1923), og 10 árum síðar, 1937, tók hann hér sæti að nýju sem landsk. þm. (varaþm.), þegar Magnús Guðmundsson féll frá, og sat á þingi til 1942. Fyrra tímabilið, 1924—1927, átti hann sæti í neðri deild, en hið síðara, 1937—1942, í efri deild. — Af öðrum störfum, sem hann var kosinn til þess að gegna í almenningsþarfir, má nefna, að hann sat í útvarpsráði 1939—1943 og var yfirskoðunarmaður ríkisreikninganna 1925, 1926 og 1927.

Árni Jónsson var gjörvilegur maður, stórbrotinn í lund, þó að hann væri hversdagslega gæfur og glaðlyndur, miklum gáfum gæddur, eins og hann átti kyn til, söngmaður ágætur, hagorður og listfengur. Honum var frábærlega létt um að rita og var bæði hugkvæmur og orðsnjall. Blaðagreinar hans margar voru hnittnari og hæfnari en almennt gerist hjá íslenzkum blaðamönnum. — Hin síðari ár naut hann sín ekki svo sem atgervi hans hæfði sakir heilsubrests. Þessi vel gefni og mikilhæfi maður er nú hniginn í valinn fyrir aldur fram.

Ég vil biðja hv. þm. að votta minningu Árna Jónssonar virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

V. Minning Kristjáns konungs tíunda.

Á 44. fundi í Sþ., 21. apríl, mælti

forseti (JPálm): Kristján hinn tíundi, konungur Dana, er látinn eftir 35 ára ríkisstjórn. Hann var jafnframt konungur Íslands, hinn síðasti konungur þess, frá 1912, er hann settist að völdum, til 1944, er íslenzka lýðveldið var stofnað, eða í 32 ár, þó að konungsvaldið væri ekki í hans höndum hin fjögur síðustu árin af þeim tíma, eins og alþjóð er kunnugt.

Þessi góði lýðstjórnarkonungur mun jafnan verða Íslendingum minnisstæður. — Undir stjórn hans fengum vér fullveldi landsins viðurkennt, og var þá Ísland sérstaklega tekið upp í heiti konungs. Á ríkisstjórnarárum hans hafa með vaxandi sjálfstrausti þjóðarinnar orðið hér meiri framfarir en á nokkru tímabili í sögu vorri. — Vér erum þess minnugir, að Kristján konungur lagði mikla rækt við Íslendinga, heimsótti landið fjórum sinnum, bar velvildarhug til lands og þjóðar og kynntist hér hverjum manni vel. Þó að skilnaður Íslendinga við Dani yrði, fyrir rás viðburðanna, með öðrum hætti en hann hefði kosið, þá sýndi hann þó á úrslitastundu með heillaskeyti sínu til Alþingis og íslenzku þjóðarinnar, á Þingvöllum 17. júní 1944, lýðræðishug sinn gagnvart einhuga vilja Íslendinga.

Kristján konungur tíundi var sá þjóðhöfðingi, sem dönsku þjóðinni hefur þótt vænst um og ógleymanlegur mun verða í sögu hennar, ekki sízt vegna karlmennsku þeirrar og staðfestu, sem hann sýndi í raunum þjóðarinnar á styrjaldarárunum.

Alþingi minnist hins látna konungs með virðingu og þökk og vottar vinum hans og dönsku þjóðinni innilega samúð. — [Stutt þögn var að lokinni ræðu forseta, og risu þingmenn úr sætum.]

VI. Slysfarir — minning.

Á 11. fundi í Nd., 6. nóv., utan dagskrár, mælti

forseti (SB): Áður en fundarstörf hefjast í dag, vil ég minnast hörmulegs sjóslyss, sem varð í gær við Hornafjarðarós, er vélbáturinn Borgey fórst og með honum fimm menn, fjórir karlmenn og unglingsstúlka.

Enda þótt slíkir atburðir séu ekki ótíðir hér á landi, eru þeir þó jafnan sorgarfregn og sár harmur kveðinn ekki aðeins að vinum og venzlamönnum, heldur og þjóðinni allri. Svo er einnig í þetta sinn, 4 vaskir sjómenn og ung stúlka hafa horfið í kaldan faðm Ægis. Íslendingar eiga flestum þjóðum meira undir baráttu sjómanna sinna. Hún er nátengd örlögum þjóðarinnar allrar. — Vér vottum ástvinum hins drukknaða fólks innilega samúð.

Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn að rísa úr sætum sínum í virðingarskyni við minningu þessa. [Allir dm. risu úr sætum.]

Á 10. fundi í Ed., s. d., minntist forseti einnig slyssins, og tóku deildarmenn undir með því að rísa úr sætum.

Á 95. fundi í Nd., 14. marz, utan dagskrár, mælti

forseti (BG): Hörmulegt flugslys hefur orðið á Hvammsfirði, nálægt Búðardal, þar sem fjórir menn létu lífið, en þrír komust lífs af. Sú gæfa hefur fylgt flugferðum okkar, að aðeins einu sinni áður hefur flugvél hlekkzt svo á, að manntjón hefur af orðið. — Vil ég sérstaklega biðja hv. þingdeildarmenn að votta hinum látnu virðingu sína og ástvinum þeirra hluttekningu með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Á 94. fundi í Ed., s. d., minntist forseti einnig flugslyssins, og risu þingdeildarmenn úr sætum í virðingar- og samúðarskyni.

VII. Varamenn taka þingsæti.

Á 10. fundi í Sþ., 12. nóv., var tekin til meðferðar
rannsókn kjörbréfs.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt svohljóðandi bréf frá forseta Ed.:

„Frá 10. landsk., Bjarna Benediktssyni, hefur mér borizt svolátandi bréf:

„Með því að ég er á förum til útlanda í erindum ríkisstj. og mun dveljast erlendis næstu vikur, óska ég þess með skírskotun til 144. gr. l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður minn taki þingsæti mitt í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að rannsókn kjörbréfs varamanns, Kjartans Jóhannssonar, verði látið fara fram á fundi sameinaðs þings í dag.

Þorsteinn Þorsteinsson."

Samkvæmt þessu liggur fyrir að rannsaka þetta kjörbréf, og vil ég gefa hlé um stundarsakir, svo að hv. kjörbréfan. geti athugað kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Nefndin hefur athugað kjörbréf Kjartans J. Jóhannssonar og hefur ekkert við það að athuga, og þar sem honum er úthlutað eina uppbótarvaraþingsæti Sjálfstfl., þá höfum við fjórir nm., sem mættir voru, verið sammála um að mæla með því, að samþ. verði að taka kjörbréf hans gilt. Og leggjum við til, að Kjartan J. Jóhannsson taki sæti hv. 10. landsk., Bjarna Benediktssonar, sem varamaður hans.

ATKVGR.

Samþ. að taka kjörbréfið gilt með 28 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Þá mun hinn nýi hv. þm., Kjartan Jóhannsson, undirskrifa eiðstaf um fylgi við stjórnarskrána. — [Kjartan Jóhannsson undirskrifaði eiðstafinn.]

Þar sem Kjartan Jóhannsson hefur undirskrif-

að þennan eiðstaf, tekur hann sæti á Alþ., og vil ég leyfa mér að bjóða hann hingað velkominn til starfs.

Á 22. fundi í Sþ., 10. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Mér hefur borizt svohljóðandi bréf frá forseta neðri deildar:

„Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf., hefur ritað mér svolátandi bréf, dags. 14. f. m.:

„Með því að ég þarf að takast á hendur ferð til útlanda og mun dveljast erlendis næstu vikur, óska ég þess með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður taki þingsæti mitt í fjarveru minni."

Með því að varamaður þingmannsins, Stefán Stefánsson, bóndi í Fagraskógi, er nú kominn til bæjarins til þess að taka þingsætið, er þess óskað, að þér, herra forseti, látið fara fram rannsókn á kjörbréfi varamanns á fundi í sameinuðu þingi í dag."

Kjörbréfanefnd hefur fengið kjörbréfið til athugunar, og mun frsm. n. gera grein fyrir niðurstöðu hennar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfan. hefur athugað kjörbréf Stefáns Stefánssonar frá Fagraskógi og er sammála um, að ekkert sé athugavert að leggja til, að kjörbréfið sé tekið gilt og hann taki þingsæti í stað hv. 2. þm. Eyf. sem varamaður hans. Það eru því eindregin meðmæli kjörbréfanefndar að samþykkja bréfið, og er ekki fleira um það að segja.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um að taka kjörbréf gilt samþ. með 28 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Þessi hv. þm. hefur áður átt sæti á Alþingi og því undirritað eiðstaf um að halda stjórnarskrána. Leyfi ég mér að segja hann velkominn til þingsetu á ný.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var tekin til meðferðar
rannsókn kjörbréfs.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt bréf frá hæstv. forseta Nd., og hljóðar það svo:

„Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Með því að ég fer til útlanda á morgun á vegum ríkisstj. og verð fjarverandi næstu vikur, óska ég þess, með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður minn, Arnfinnur Jónsson skólastjóri, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér boðið sem skjótast til fundar í sameinuðu þingi til þess að rannsaka kjörbréf þessa varaþingmanns.

Barði Guðmundsson."

Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf hv. varaþm., sem staddur er hér á fundinum, og mun frsm. nefndarinnar gera grein fyrir niðurstöðu hennar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Nefndin hefur rannsakað á fundi sínum kjörbréf Arnfinns Jónssonar, og þar eð ekkert athugavert kom í ljós við það, leggur n. til, að þingseta Arnfinns Jónssonar verði samþykkt.

ATKVGR.

Kjörbréfið samþ. með 27 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Hinn nýi þingmaður undirritar nú eiðstaf um að halda stjórnarskrána. — [Arnfinnur Jónsson undirritar eiðstafinn.]

Þm. hefur nú undirritað drengskaparheit sitt, og býð ég hann velkominn til þings.

Á 54. fundi í Sþ., 17. maí, var tekin til meðferðar
rannsókn kjörbréfs.

Forseti las upp fjögur bréf frá deildarforsetum, þar sem frá því er skýrt, að eftirtaldir þingmenn, sem til þess voru nefndir að sækja 40 ára minningarhátíð finnska þingsins, hefðu óskað þess bréflega, með skírskotun til 144. gr. kosningalaganna, að varamenn tækju sæti þeirra á þingi á fjarvistartímanum:

1. Barði Guðmundsson, 9. landsk. þm., — varamaður: Steindór Steindórsson menntaskólakennari.
2. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., — varamaður: Snorri Jónsson járnsmiður (1. varamaður, Grímur Þorkelsson skipstjóri, forfallaður).
3. Jóhann Hafstein, 7. þm. Reykv., — varamaður: frú Auður Auðuns (1. varamaður, Björn Ólafsson stórkaupmaður, erlendis).
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., — varamaður: dr. Kristinn Guðmundsson.

Frsm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haldið fund vegna fjarvistar þeirra fjögurra hv. þm., sem tilkynnt hefur verið, að farið hafa til útlanda í dag. Þegar n. hélt fundinn, voru fjórir nm. viðstaddir, en einn nm., hv. þm. Dal., var fjarstaddur. Fyrir lá að athuga kjörbréf Steindórs Steindórssonar, sem kemur í stað hv. 9. landsk., Barða Guðmundssonar, Auðar Auðuns í stað Jóhanns Hafsteins, 7. þm. Reykv., Snorra Jónssonar í stað Einars Olgeirssonar, 2. þm. Reykv., og dr. Kristins Guðmundssonar í stað Bernharðs Stefánssonar, 1. þm. Eyf. Kjörbréf lágu fyrir n. um þrjá hina fyrst töldu menn, en um kjörbréf dr. Kristins Guðmundssonar er það að segja, að það lá fyrir staðfest vottorð frá formanni kjörstjórnar um niðurstöður kosninga í Eyjafjarðarsýslu. N. mælir með, að kjörbréf hinna þriggja manna verði tekin gild og einnig áður nefnt vottorð, sem má skoðast sem kjörbréf. Þetta er að segja f. h. nefndarinnar, og voru nm. sammála um þessa niðurstöðu.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Tveir hinna nýju varamanna, sem nú taka sæti á þingi, þeir, dr. Kristinn Guðmundsson og Steindór Steindórsson, eru ókomnir til þings, og mun ég skjóta á fundi síðar í dag til þess að þeir megi undirrita skuldbindingu sína um

að halda stjórnarskrána. Hins vegar hafa þau Auður Auðuns og Snorri Jónsson þegar undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins, og leyfi ég mér að bjóða þau velkomin til starfsins.

Á 55. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (JPálm): Ég hef skotið á þessum fundi til þess, að þeir tveir varaþm., dr. Kristinn Guðmundsson og Steindór Steindórsson, sem ekki voru komnir til þings fyrr í dag, gætu undirritað heitvinningu sína. Kjörbréf þeirra voru samþ. hér á fundi fyrr í dag.

Þá hafa þessir tveir hv. varaþm., þeir dr. Kristinn Guðmundsson og Steindór Steindórsson, undirritað sitt drengskaparheit, og taka þeir nú sæti á þingi. Ég leyfi mér að bjóða þá velkomna til starfsins.

Á 57. fundi í Sþ., 22. maí, var tekin til meðferðar
rannsókn kjörbréfs.

Forseti (JPálm): Mér hefur í dag borizt bréf frá hæstv. forseta Nd., er hljóðar svo:

„Reykjavík 22. maí 1947.

Jón Sigurðsson, hv. 2. þm. Skagf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna annríkis heima fyrir, m. a. vegna opinberra starfa, verð fjarverandi næstu vikur, óska ég eftir, með skírskotun til 144. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður minn, Pétur Hannesson bankaritari, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Forseti neðri deildar.

Garðar Þorsteinsson."

Hv. kjörbréfanefnd hefur fengið umrætt kjörbréf til athugunar, og mun hv. frsm. nefndarinnar gera grein fyrir niðurstöðu hennar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Péturs Hannessonar og finnur ekkert við það að athuga. Leggur hún því til í einu hljóði, að kosningin sé tekin gild og hann taki sæti hér á Alþ. sem varaþm. 2. þm. Skagf.

ATKVGR.

Samþ. að taka kjörbréfið gilt með 26 shlj. atkv.

Hinn nýi þm. undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (JPálm): Hinn nýi þingmaður hefur nú undirritað drengskaparyfirlýsingu sína, og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Á 58. fundi í Sþ., 23. maí, utan dagskrár, var tekin til meðferðar
rannsókn kjörbréfs.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt bréf frá hæstv. forseta Nd., dags. í dag, og hljóðar það svo:

„Hallgrímur Benediktsson, 3. þm. Reykv., hefur 21. þ. m. ritað mér á þessa leið:

„Með því að ég fer til útlanda á morgun í viðskiptaerindum og verð fjarverandi næstu vikur, óska ég þess, með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að varamaður, Axel Guðmundsson skrifstofumaður (1. varamaður, Björn Ólafsson stórkaupmaður, er forfallaður), taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Forseti neðri deildar.

Garðar Þorsteinsson."

Kjörbréfanefnd hefur fengið umrætt kjörbréf til athugunar, og mun hv. frsm. nefndarinnar gera grein fyrir niðurstöðu hennar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Nefndin hefur athugað kjörbréf Axels Guðmundssonar og leggur einróma til, að það verði tekið gilt.

ATKVGR.

Kjörbréfið samþ. með 27 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Ég býð hinn nýja þingmann, Axel Guðmundsson, sem nú hefur undirritað drengskaparyfirlýsingu sína, velkominn til starfa á Alþingi.

VIII. Kosningar.

1. Nýbýlastjórn.

Á 3. fundi í Sþ., 22. okt., var tekin á dagskrá
kosning nýbýlastjórnar, 5 manna og jafnmargra varamanna, allra til 4 ára, frá 1. jan. 1947 til 31. des. 1950, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9., 17. og 18. fundi í Sþ., 11. nóv., 12. og 13. des., var kosningin enn tekin á dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna, hvorra um sig, komu fram fjórir listar, A, B, C, D, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því fóru kosningar fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Aðalmenn:
- Jón Pálmason alþm. (D),
- Steingrímur Steinþórsson búnaðarmstj. (B),
- Ásmundur Sigurðsson alþm. (C),
- Jón Sigurðsson alþm. (D),
- Helgi Hannesson kennari (A).

Varamenn:
- Ingólfur Jónsson alþm. (D),
- Bjarni Ásgeirsson alþm. (B),
- Tryggvi Pétursson bankafulltrúi (C),
- Þorsteinn Þorsteinsson alþm. (D),
- Haraldur Guðmundsson forstjóri (A).

2. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á 17. fundi í Sþ., 12. des., var tekin á dagskrá

kosning 5 manna í stjórn síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til 3 ára, frá 1. jan. 1947 til 31. des. 1949, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 1 5. jan. 1938 og l. nr. 43 s. á.

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór og á 18. og 24. fundi, 13. des. og 22. jan.

Á 27. fundi í Sþ., 10. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Við báðar kosningarnar, aðalmanna og varamanna, komu fram fjórir listar, A, B, C, D, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Sveinn Benediktsson (D),
Eysteinn Jónsson menntmrh. (B),
Þóroddur Guðmundsson (C),
Erlendur Þorsteinsson framkvæmdastj. (A),
Júlíus Hafstein sýslumaður (D).

Varamenn:
Jón Þórðarson (D),
Jón Kjartansson skrifstofustjóri (B),
Haraldur Guðmundsson skipstjóri (C),
Finnur Jónsson alþm. (A),
Elías Þorsteinsson (D).

3. **Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.**

Á 17. fundi í Sþ., 12. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1945, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór enn á 18., 24., 27., 30. og 33. fundi, 13. des., 22. jan., 10., 20. og 28. febr.

Á 34. fundi í Sþ., 4. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista var SÁÓ, á B-lista JörB, á C-lista ÁkJ, á D-lista JPálm. — A-listi hlaut 13 atkv., B-listi 12, C-listi 10 og D-listi 16 atkv. Kosnir voru samkv. því alþingismennirnir

Jón Pálmason,
Sigurjón Á. Ólafsson,
Jörundur Brynjólfsson.

4. **Síldarútvegsnefnd.**

Á 17. fundi í Sþ., 12. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til 3 ára, frá 1. jan. 1947 að telja til 31. des. 1949, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.**

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór enn á 18., 24., 27., 30. og 33. fundi, 13. des., 22. jan., 10., 20. og 28. febr.

Á 34. fundi í Sþ., 4. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, A og B. Voru á A-lista Jón Þórðarson, Björn Kristjánsson og Erlendur Þorsteinsson, en á B-lista Áki Jakobsson. — A-listi hlaut 37 atkv. og B-listi 12 atkv.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi, er á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa.

Samkv. framanskráðu lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Aðalmenn:
Jón Þórðarson framkvæmdastjóri,
Björn Kristjánsson alþm.,
Erlendur Þorsteinsson framkvæmdastjóri.

Varamenn:
Óli Hertervig bakari,
Þorsteinn M. Jónsson skólastjóri,
Birgir Finnsson.

5. **Fyrri varaforseti Sþ.**

Á 26. fundi í Sþ., 6. febr., var tekin til meðferðar kosning fyrri varforseta.

Kosningu hlaut
Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,
með 23 atkv. — Barði Guðmundsson fékk 1 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

6. **Stjórn landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.**

Á 37. fundi í Sþ., 21. marz, var tekin til meðferðar **kosning eins manns í stjórn landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum til ársloka 1949, sbr. 4. gr. og bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 23. apríl 1946, í stað Einars G. Sigurðssonar skipstjóra.**

Samkv. þeirri einu uppástungu, er fram kom, lýsti forseti yfir, að kosinn væri án atkvgr.:
Alfreð Gíslason lögreglustjóri.

7. **Úthlutunarnefnd skáldastyrks og listamanna.**

Á 50. fundi í Sþ., 5. maí, var tekin til meðferðar **kosning 4 manna nefndar samkv. 15. gr. A. fjárlaga fyrir árið 1947 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.**

Fram komu fjórir listar, A, B, C, D, með einu nafni á hverjum. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, fór kosningin fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:
Þorsteinn Þorsteinsson alþm. (D),
Þorkell Jóhannesson prófessor (B),
Magnús Kjartansson ritstjóri (C),
Ingimar Jónsson skólastjóri (A).

8. **Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.**

Á 138. fundi í Ed., 20. maí, var tekin á dagskrá **kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir þann tíma, sem eftir er árabilsins frá 1. jan. 1946 til 31. des. 1949, sbr. 7. gr. laga nr. 2 10. febr. 1888, í stað Sigurðar Ólafssonar gjaldkera.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 139. fundi í Ed., 21. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram kom aðeins ein uppástunga og samkv. því kosinn án atkvgr.:
Garðar Jónsson, ritari Sjómannafélags Reykjavíkur.

9. **Flugráð.**

Á 59. fundi í Sþ., 24. maí, var tekin til meðferðar **kosning þriggja manna í flugráð og jafnmargra varamanna, allra til ársloka 1951, samkv. 1. gr. sbr.**

bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá þinginu um viðauka við og breytingar á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru nöfn þriggja manna, í sömu röð og tilgreint er hér á eftir, og hlaut listinn 37 atkv. B-listi, er á var Áki Jakobsson, fékk 11 atkv.

Við kosningu varamanna kom fram einn listi, er á voru nöfn þriggja manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og fór kosning því fram án atkvgr.

Samkv. framanskráðu lýsti forseti yfir, að kosnir væru í flugráð:

Aðalmenn:
Bergur Gíslason fulltrúi,
Þórður Björnsson fulltrúi,
Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti.

Varamenn:
Örn Johnson flugmaður,
Friðjón Sigurðsson fulltrúi,
Baldvin Jónsson lögfræðingur.

10. **Stjórn fiskimálasjóðs.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning stjórnar fiskimálasjóðs, 5 manna og jafnmargra varamanna, allra til ársloka 1950, samkv. 1. gr. sbr. bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá þinginu um fiskimálasjóð, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Við kosningu aðalmanna og varamanna, hvora um sig, komu fram fjórir listar, A, B, C, D, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa hvoru sinni. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.

Aðalmenn:
Þorleifur Jónsson bæjarfulltrúi (D),
Þórarinn Þórarinsson ritstjóri (B),
Lúðvík Jósefsson alþm. (C),
Sverrir Júlíusson útgerðarmaður (D),
Jón A. Pétursson bæjarfulltrúi (A).

Varamenn:
Davíð Ólafsson fiskimálastjóri (D),
Jón Sigurðsson útgerðarmaður (B),
Áki Jakobsson alþm. (C),
Jakob Hafstein framkvæmdastjóri (D),
Óskar Jónsson framkvæmdastjóri (A).

IX. Olíustöðin í Hvalfirði.

Á 116. fundi í Nd., 18. apríl, utan dagskrár, mælti

dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í tilefni af ummælum, sem fram hafa komið í dagblaðinu Þjóðviljanum í morgun og hafa í sér mikla og geigvænlega árás á ríkisstj., ef sönn væru, þá þykir mér rétt að fara um það mál, er þar um ræðir, nokkrum orðum.

Í blaðinu er gert að árásarefni á ríkisstj., að hún hafi fyrir nokkru samþ. sölu á olíustöðinni í Hvalfirði til tveggja félaga, Olíufélagsins h/f annars vegar og Hvalveiðafélagsins h/f hins vegar. Gangur þessa máls er sá, að í desember var ríkisstj. boðin til kaups olíustöðin í Hvalfirði, sem þá var í eign Bandaríkjastjórnar. Það tókust þegar samningaumleitanir um þetta, og þeim lyktaði með samningi, sem var undirritaður 30. jan. s. l. Var kaupverðið 2 millj. ísl. kr. Kaupverðið er svona lágt vegna þess, að af hálfu Íslendinga var því haldið fram, að stöðin væri illa sett og óhentug til varanlegs rekstrar og yrði því að miða kaupverðið við niðurrif. Voru öll olíufélögin hér á landi sammála um, að ekki væri vænlegt til frambúðar að starfrækja olíustöð þarna, a. m. k. ekki í eins stórum stíl og þar er nú. Hins vegar hefur komið fram, að það voru einkum þrír aðilar, er höfðu áhuga á að fá þessa stöð eða einhvern hluta hennar í sínar hendur. Sá fyrsti var Hvalveiðafélagið, nýstofnað félag, í öðru lagi Olíufélagið h/f, hlutafélag, sem S. Í. S., samband kaupfélaganna og olíusamlög víða um land hafa stofnað ásamt nokkrum einstaklingum, eingöngu í því skyni að fullnægja formi laganna. Annars er félagið í raun og veru eign sambands kaupfélaganna og olíusamlaganna. Þetta er algerlega íslenzkt félag í einu og öllu og hefur þann eina tilgang eins og önnur hliðstæð félög að verzla með olíu. Hefur það í því augnamiði gert samning við erlent olíufélag um kaup á olíu um nokkurt skeið. Félagið sjálft er algerlega íslenzkt og ekki að neinu leyti í höndum erlendra manna, hvorki beint né óbeint. Sama er hægt að segja um Hvalveiðafélagið. Þriðji aðilinn, sem hafði áhuga fyrir málinu, var Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda eða einstakir meðlimir þess. Var það vegna hinna nýju togara, sem nú eru að koma til landsins. Um öll þessi félög er svo ástatt, að þau hafa fram að þessu ekki haft neinn stað fyrir starfsemi sína. Ég hygg, að allir séu sammála um, að Hvalfjörður sé vel í sveit settur einmitt fyrir Hvalveiðafélagið. En hins vegar hvað snertir Olíufélagið og Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, þá hafa þeir aðilar báðir litið svo á, að þessi stöð væri ekki líkleg í núverandi formi til þess að verða heppileg fyrir framtíðarrekstur þeirra. Hins vegar er mjög mikill skortur á olíugeymum hér á landi, og má í raun og veru segja, að starfsemi Olíufélagsins og hinna nýju botnvörpuskipa mundi að verulegu leyti hafa lamazt, ef þessir geymar hefðu ekki verið fyrir hendi, því að það tekur áreiðanlega fleiri en eitt ár eða tvö að koma upp nægum geymum, eins og nú standa sakir. Af þessum orsökum var það, að þessir aðilar lögðu á það mikla áherzlu að fá olíustöðina í Hvalfirði. Af hálfu ríkisstj. var lögð á það áherzla, að þessir þrír aðilar kæmu sér saman um óskir sínar til ríkisstj., svo að ekki þyrftu að verða árekstrar þeirra í milli. Niðurstaðan af þeim samningaumleitunum varð sú, að 11. marz 1947 ritar Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda ríkisstj. bréf, þar sem segir m. a.: „Togaraeigendur mæla með því, að Olíufélaginu h/f verði seld nefnd olíustöð með öllum mannvirkjum og tækjum, sem eru nauðsynleg til þess að reka stöðina á öruggan og tryggilegan hátt.“ Bréfið er undirritað af Kjartani Thors fyrir hönd félagsins. Þetta var gert, eftir að þeir einstaklingar í félaginu, sem höfðu hagsmuna að gæta í þessu sambandi, höfðu náð samkomulagi við Olíufélagið h/f um sameiginlega þjónustu fyrir báða þessa aðila um tiltekinn tíma. Og það má fullyrða, að ef geymarnir hefðu verið rifnir niður og ekki látnir þessum félögum í té, þá hefði það orðið til stórkostlegs baga eða stöðvunar fyrir hina nýju togara, eins

og nú standa sakir, og hefði það haft í för með sér stórt fjárhagslegt tjón fyrir landið. Einnig hefði það dregið mjög úr starfsemi Olíufélagsins, sem í raun og veru er ekkert annað en samtök kaupfélaganna og olíusamlaganna víðs vegar í landinu. Þegar þetta bréf frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda var komið í hendur stjórnarvaldanna, þá skrifaði nefnd setuliðsviðskipta ráðuneytinu bréf, dags. 14. marz 1947, og leggur þar til, að þessar eignir verði seldar Hvalveiðafélaginu h/f og Olíufélaginu h/f. Síðar í marz áréttar nefndin þessa till. í ódagsettu bréfi, er barst ráðuneytinu síðustu dagana í marz, og gerir um leið frekari grein fyrir málinu. Var þessu þannig til hagað, að ⅓ verðmætisins féll í hendur Hvalveiðafélagsins, en ⅔ í hendur Olíufélagsins, auk nokkurra lausra muna, svo sem tankskips, sem ráðgert var að selja öðrum aðilanum, þannig að upp úr öllum eignunum, sem kostuðu nokkuð yfir 2 millj., fengist ríflegt kostnaðarverð, eða 2—3 hundruð þús. fram yfir.

Nú var mér kunnugt um, að nokkurrar tortryggni gætti af hálfu sumra varðandi mál þetta. Vildi ég af þeim orsökum fara varlega í þetta og krafðist þess vegna grg., áður en geymarnir voru afhentir, af hálfu þessara aðila um það, með hverjum hætti þessa geyma ætti að nota. Slík grg. var mér síðan send með bréfi, dags. 20. marz 1947, af hálfu Olíufélagsins, og fékk ég sérfróða menn, eftir því sem völ er á hér á landi, til þess að athuga hana í einstökum atriðum. Það var álit þessara manna allra, að grg. væri ekki hægt að hnekkja í neinu verulegu atriði. Það er að vísu svo, að þarna er um allmikla geyma að ræða, sem taka mikið olíumagn. En bæði er það, að þeir eru ýmissa tegunda og margs konar olíumagn þarf að geyma, og verður því geymslurúmið ekki notað að fullu og því ódrýgra en ella. Botnvörpuskipaeigendur töldu sig á þessu stigi eiga erfitt með að segja um, hversu mikið rúm þeir þyrftu fyrir sig í þessum geymum. En óskir þeirra, sem þeir höfðu borið fram í bréfi 1. jan. 1946, voru á þá leið, að þeim yrði ætlað pláss fyrir 30 þús. smál. af olíu. Það er ljóst, að ef veruleg breyting yrði á togaraflotanum frá því, sem nú er búið að semja um, þá þyrfti geymslurúmið að vera mun meira, og ef flotinn verður aukinn, eins og nú er talað um, þá mundu eftir þessu hlutfalli að dæma geymarnir í Hvalfirði ekki hrökkva til. Sýnir það glöggt, um hversu háar tölur er hér að ræða varðandi hugmyndir útvegsmanna í þessu efni. En í grg. Olíufélagsins, sem þeir sérfræðingar, sem ég hef leitað til, hafa ekki treyst sér til að hnekkja í einstökum atriðum, er því lýst yfir af hálfu félagsins, að þeir geymar, sem ekki þyrfti að nota við rekstur stöðvarinnar, yrðu rifnir niður og fluttir til annarra staða á landinu eða ráðstafað á annan hátt eftir því, sem félagið teldi æskilegt.

Ég athugaði það verulega, hvort hagkvæmt væri fyrir ríkið að halda þessum eignum og ef til vill leigja þær til þessara nota, en þeir menn, sem vanir eru meðferð þessara mála af hálfu ríkisins, mæltu gegn því og töldu, að geymar þessir væru í því ástandi, að það væri ekki fengur fyrir ríkið að þurfa að halda þeim við. Auk þess væri það sýnilegt, að fjárhagslegur kostnaður við niðurrif og flutninga væri svo mikill, að mjög hæpinn vinningur væri að leggja út í slíkt. Mér sýndist engu að síður sjálfsagt að búa þannig um hnútana vegna þeirrar tortryggni, sem ég vissi, að af hálfu sumra manna var í þessu efni, að ríkið hefði sjálft úrslitatök í því, að þarna væru ekki geymar, sem ætla mætti, að notaðir yrðu til annarlegra þarfa. Þegar ég var búinn að kynna mér öll gögn í þessu máli og bera mig saman við ýmsa aðila um þetta efni, þá ritaði ég 31. marz 1947 bréf til setuliðsnefndarinnar, er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til bréfs n. frá 14. marz s. l. og síðari grg. n., dags. í marz, hefur ráðuneytið ákveðið að heimila n. að selja olíustöðina í Hvalfirði ásamt tilheyrandi eignum, öðrum en landinu, er stöðin er á, svo sem nánar er greint í framangreindum till. nefndarinnar. Um þann hluta stöðvarinnar, sem ráðgert er að selja Olíufélaginu h/f, skal þó tekið fram, að geymarnir eru seldir til eðlilegs rekstrar félagsins og til niðurrifs að öðru leyti, og hefur ríkisstj. heimild til þess að þrem árum liðnum að krefjast þess, að stöðinni verði komið í það horf, sem samsvarar þeim rekstri, er reynslan hefur sýnt, að þörf er á. Þennan fyrirvara verður að gera á fullnægjandi hátt, þegar salan fer fram."

Eins og málið lá fyrir, var ekki unnt á þessu stigi að gera sér grein fyrir, hver eðlilegur rekstur stöðvarinnar yrði eða hversu rúmfrekur. Taldi ég því skynsamlegast að láta reynsluna skera þar úr og áskildi ríkinu vald til þess að koma stöðinni í það horf, sem reynslan sýndi, að hæfilegum tíma liðnum, að væri heppilegt. Hitt fannst mér ekki koma til mála, að rífa niður þá olíugeyma, sem nú eru uppistandandi, er mundi leiða til stöðvunar á hinum nýja togaraflota og setja bátaflotann í augljós vandræði. Ég vildi ekki láta ímyndaða hræðslu eða uppgerðarhræsni ýta mér út í svo þjóðskaðlegan verknað.

Þjóðviljinn segir, að samningar þessir séu gerðir fyrir Bandaríkjaher og ákveðinn amerískur borgari hafi staðið að þeim. Ég lýsi því hér með yfir, að við lögðum embættisheiðri mínum, að þau ummæli eru tilhæfulaus með öllu. Síðan ég tók við starfi utanrh., hefur Bandaríkjastjórn aldrei sýnt nokkurn áhuga fyrir því, hvort olíustöðin í Hvalfirði yrði látin standa eða hún yrði lögð niður. Ég mun óhræddur leggja það undir rannsókn, sem gerzt hefur í þessu máli.

Því hefur verið haldið fram, að tortryggilegt sé, að engin opinber tilkynning hafi verið gefin út um þetta mál. En hér er um hliðstætt mál að ræða og afhending annarra setuliðseigna, sem farið hefur fram, án þess að nokkur tilkynning hafi verið um það gefin, enda eru slíkar tilkynningar ástæðulausar fyrr en að gefnu tilefni, eins og nú er orðið. Það, sem skeð hefur, þolir hvers konar gagnrýni, enda geta þeir menn, er þess óska, kynnt sér gögn málsins. En þeir vinna þjóðhættulegt starf, er með ósönnum ásökunum reyna að telja umheiminum trú um, að útlend herstöð sé hér á Íslandi til notkunar í styrjöld, er sömu menn halda fram, að sé í uppsiglingu. Þeir menn, sem sífellt bera fram þær upplognu sakir, stofna öryggi og sjálfstæði þjóðarinnar í hættu. Ég tel mér skylt hér á Alþingi að afhjúpa blekkingar þessara manna fyrir þingheimi og alþjóð og lýsa því hættulega starfi, sem þeir hafa með höndum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér heyrðist á hæstv. utanrrh., að hann væri að víkja að ein-

hverju, sem okkur hefði milli farið út af einhverju, sem hefði gerzt í Hvalfirðinum, og hann fann ástæðu til að taka það fram, að Bandaríkjamenn óskuðu ekki eftir, að þessi mannvirki stæðu, þannig að það væri úr lausu lofti gripið, að Bandaríkin hefðu óskað eftir flotastöð í Hvalfirðinum, og þeir menn, sem héldu því fram, þyrftu að standa alstrípaðir frammi fyrir þjóðinni. Ég verð að segja það, að ég er undrandi á þessum ummælum ráðh. Mér finnst engin ástæða fyrir hann að taka fram neitt um það, hvað Bandaríkjastjórn kann að hafa talið nauðsynlegt. Hitt er annað, hvað við kunnum að halda. Við vitum, að Bandaríkjastjórn hefur lagt svo mikla áherzlu á flugstöð, flotastöð, sem hún gæti notað, þegar henni þóknaðist, og í þriðja lagi stöð í Skerjafirðinum, að hún hefur farið fram á að fá slíkar stöðvar leigðar sér til 99 ára, og þegar þjóðin veit, að farið hefur verið fram á slíkt með þeim afleiðingum, sem það kann að hafa, kemur það úr hörðustu átt, þegar hæstv. ráðh. fer að lýsa því yfir, að Bandaríkjastjórn óski ekki eftir að hafa mannvirki í Hvalfirðinum. Bandaríkjastjórn hefur haft svo mikinn áhuga fyrir þessu, að hún hefur viljað fá þrjú landsvæði á Íslandi leigð og undan íslenzkri yfirstjórn. Ég vil segja það, að mér þykir það í hæsta máta undarlegt, þegar því er haldið fram, að Íslendingar þurfi ekki að vera á verði gegn slíku, og ég álít, að þann 1. október 1945 hafi Bandaríkjastjórn sýnt sig svo aðgangsfreka gagnvart sjálfstæði Íslendinga, að það sé ekki nema eðlilegt, að við verðum á verði, hverju sem slík stjórn kann að lofa. Ég geri þetta að umtalsefni vegna þess, að ráðh. hefur farið hér hörðum orðum um það, orðum, sem ég álít, að alls ekki eigi hér heima. Það mætti vera blind þjóð, sem eftir till. um 99 ár hefði ekki í huga, að sú stjórn, sem fer fram á slíkt, gæti haft áhuga fyrir að tryggja sér það síðar meir. Ég veit ekki, hvaða ástæða er til að vera að hvítþvo Bandaríkjastjórn gagnvart okkur og ætla að reyna að telja þjóðinni trú um, að hættan sé um garð gengin. Mér finnst hættan vera meiri en áður, enda er það vitað, að Bandaríkjastjórn fékkst ekki til að flytja her sinn héðan af Íslandi, nema hún fengi samning til 6½ árs um flugstöð á Keflavíkurflugvelli, sem gæti verið til taks fyrir Bandaríkjastjórn, hvenær sem Bandaríkjaher væri skipað að gera árás. Ég á þess vegna bágt með að skilja það, að hæstv. utanrrh., sem á fyrir hönd þjóðarinnar að „spesialísera“ í því að athuga þær hættur, sem kynnu að vera búnar frelsi hennar, að hann skuli vilja vísa með svo ákveðnum orðum á bug allri hugsanlegri tortryggni, sem fram kæmi hjá þjóðinni eða einstökum mönnum gagnvart Bandaríkjastjórn. Án þess að ég vilji ræða meira um þetta, vil ég ganga út frá þeirri staðreynd, að Bandaríkjastjórn hafi áhuga og að það sé eðlilegt, að Íslendingar séu tortryggnir. Eftir að Íslendingar höfðu neitað Bandaríkjastjórn um þessar herstöðvar til 99 ára, hefur það gerzt, að Bandaríkjastjórn hefur tryggt sér réttindi á Keflavíkurflugvellinum, sem okkur greinir ekki á um. Það, sem hér liggur fyrir í Hvalfirðinum, — það, sem veldur þeirri tortryggni, sem kom fram hjá Sósfl., eru tilmæli Bandaríkjastjórnar frá 1. október 1945 og sú hætta, sem í því felst, ef Hvalfjörðurinn yrði gerður að flotastöð. Út frá þeirri viðleitni, sem kom fram frá Bandaríkjastjórn, hefði verið eðlilegt að líta svo á, að hún hefði áhuga, og út frá Keflavíkurflugvellinum og þeim aðferðum, sem þar voru notaðar, er ekki óeðlilegt að líta svo á, að svipað gæti skeð með Hvalfjörðinn. Þess vegna þætti mér vænt um að heyra, hvað þessir olíugeymar taka mikið af olíu. Það er vitað, að þeir eru miklir og stórir. Ég hef að vísu heyrt, að þeir muni sumir ekki endast nema nokkur ár, en aðrir lengur. Það væri praktiskt að kryfja þetta til mergjar og fá upplýsingar um það, hve mikið magn af olíu kemst í þessa tanka. Það má vera, að það séu ekki höfð nema fáein tonn í sumum af þessum tönkum, en ekki hafa nú verið svo margar tegundir af olíu, sem hafa verið fluttar inn, þó þessi nýja tegund af „fueloil“ bætist við. Það væri líka gott að fá upplýsingar um, hvað væri hið raunverulega verðmæti þessara eigna. Ég veit ekki um það. Mig minnir, að blöðin hafi verið að tala um, að þessar eignir væru 40 milljón kr. virði eða að tilboð hafi verið um þá upphæð. Ég þori samt ekki að fara með þetta, en held að það hafi staðið í Morgunblaðinu, að eignirnar væru þess virði, og vitað er það, að þetta eru náttúrlega gífurlega miklar eignir og þeim er mjög vel fyrir komið. Hins vegar var þetta selt á 1—2 milljónir, þegar stjórnin keypti það. Hvernig stendur á þessum breytingum á verðmætum? Það, sem Morgunblaðið segir, að sé 40 milljóna virði, er keypt á 2 milljónir og svo selt aftur á 2 milljónir.

Það mun vera rétt, að í þessu félagi, sem keypti, séu aðalhluthafar sambandið og eitthvað af kaupfélögum. Þó munu vera í því nokkrir einstaklingar. Hæstv. ráðh. segir, að það sé aðeins vegna hlutafélagal., af því að það séu einstaklingar, sem eiga að mynda hlutafélög. En hinu hafa menn veitt eftirtekt, að samhliða þessu olíufélagi starfar annað hlutafélag, sem heitir Hið íslenzka steinolíuhlutafélag og mun hafa haft umboð fyrir Standard Oil hér á landi. Ég hef þess vegna fengið þá hugmynd, að þessi tvö félög, Olíufélagið h/f og Hið íslenzka steinolíuhlutafélag, væru í rauninni tvö félög, sem að mjög miklu leyti væru sömu eigendur eða ráðamenn að, — og eins og menn vita, getur oft verið hentugt að geta beitt tveim mismunandi félögum fyrir sig. En það, sem við þyrftum að vita, væri, hvaða samband er á milli Olíufélagsins h/f og Standard Oil, og þá sérstaklega, hvaðan Olíufélagið h/f hefði hugsað sér að kaupa olíu, bæði togaraolíu og aðra olíu, vegna þess að hæstv. ráðh. segir, að engin tengsl séu milli Olíufélagsins h/f og erlendra félaga, og skilst mér, að það, sem hefur verið gert fyrir félagið, hafi verið gert vegna þess, að það hefur engin sérstök tengsl við erlend olíufélög. Þó sýnist mér, að gegnum Hið íslenzka steinolíuhlutafélag séu bein tengsl milli þessa félags og Standard Oil, og ef Standard Oil lætur alla olíu til þessa félags, þótt það sé gegnum Hið íslenzka steinolíuhlutafélag, þá er ekkert undarlegt, þó að menn langi til að vita eitthvað nánar um það. Það er vitað, að Standard Oil hafði mjög mikið að gera með olíubirgðir og olíusölu til Bandaríkjastjórnar á stríðsárunum, og svo mikið er víst, að amerísk olíufélög hafa mikilla hagsmuna að gæta fyrir botni Miðjarðarhafs og að það hefur áhrif á pólitík Bandaríkjastjórnar. Ef nú Standard Oil hefur hagsmuni gagnvart Olíufélaginu og annast um leið útvegun á olíu fyrir Bandaríkjaflotann, þá er ekkert undarlegt, þótt manni detti í

hug stórpólitík í sambandi við þetta. Það væri gott að fá þetta upplýst, og þegar það lægi fyrir, væri ekkert að því að taka þetta til rólegrar umr. hér á nýjan leik.

Ég býst við því, að við viljum sem flestir vera á verði gegn því, að með hjálp auðhringa verði sett hér upp flotastöð fyrir ameríska flotann. Nú upplýsir hæstv. ráðh., að í bréfi, sem skrifað var út af þessum eignum, hafi verið ummæli um það, að stjórnin mætti innan þriggja ára fyrirskipa að rífa þessa geyma, ef þeir væru ekki notaðir. Nú skilst mér, að það sé alveg vandalaust fyrir olíufélagið, ef það vill það við hafa, að hafa alltaf not af þessum tönkum. Það er alltaf hægt að segja, að hér þurfi að vera 30 þús. tonn af olíu. Það er alltaf hægt að geyma nógu mikið af olíu, ef félaginu finnst það borga sig, og þá yrði erfitt að skipa að rífa niður tankana. Hér liggur fyrir frv. um einkasölu á olíu, og hafa verið sett sérstök l. um að taka olíutanka eignarnámi. Og það var engin ástæða til þess að selja þessa tanka án þess að láta Alþingi vita af því áður. Því held ég, að það væri gott fyrir hv. þm. að fá upplýsingar um verðmæti þessara hluta, geymslupláss tankanna og samband Standard Oil við íslenzka olíufélagið.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. Það var auðheyrt, að hann vildi fara ofurlítið hægar en blað hans Þjóðviljinn, enda mun hann hafa fundið, að grundvöllurinn undir ásökunum blaðsins er ekki svo sterkur. Ég vil leyfa mér að benda á, að það, sem hér er að gerast, er það, að sósíalistar ásaka ríkisstj. fyrir að láta dulbúa herstöð í Hvalfirði og halda því fram, að Olíufélagið h/f sé leppfélag fyrir ameríska „interessur". En hverjir standa að þessu olíufélagi? Það eru S. Í. S. og nokkur sambandskaupfélög, ásamt félögum útgerðarmanna. Það eru þessir aðilar einir, og nú er það borið á þessi félög, að þau hafi léð sig til leppstarfsemi fyrir hagsmuni erlends ríkis. Þykir mönnum nú ekki trúlegra, ef Bandaríkin væru á annað borð að leita hér eftir leppfélögum, að fyrir valinu hefðu orðið einhverjir aðrir aðilar? Mér er kunnugt um, eins og hæstv. utanrrh. tók fram, að milli Olíufélagsins h/f og Standard Oil eru engin tengsl nema þau, að Olíufélagið kaupir af Standard Oil, en félagið hugsar sér að kaupa í framtíðinni frá Alþjóðasambandi samvinnumanna, en þau samtök eru enn ekki orðin nægilega sterk. Þetta er mér alveg sérstaklega kunnugt. Mér skilst, að afstaða sósíalista sé, að vegna þess að Bandaríkjaflotinn geti tekið stöðvarnar í Hvalfirði í sína þjónustu, þá eigi að rífa geymana. Þá mætti allt eins segja, að ef Bandaríkjamenn kæmu, þá gætu þeir tekið stöðvar, sem annars staðar eru. Ef Bandaríkin gerðu hér innrás, heldur þá hv. 2. þm. Reykv., að þau gætu ekki notað aðrar stöðvar en þær, sem eru í Hvalfirði? Að halda slíku fram er of heimskulegt fyrir jafngreindan mann.

Það er kunnugt, að þær olíustöðvar, sem nú eru til, eru allt of litlar. Og á þá að rífa niður þessar stöðvar í Hvalfirði og neyða menn til að byggja stöðvar annars staðar eða á að banna mönnum að hafa olíustöðvar í Hvalfirði? Ef menn eru svo hræddir við alla tækni, að hún verði misnotuð af erlendu ríki, þá held ég, að ekkert dugi til að fyrirbyggja þennan ótta annað en að færa allt aftur á bak til frumstæðara ástands og eyða allri tækni okkar. Ef ríkisstj. hefði tekið þá afstöðu að láta rífa stöðina í Hvalfirði, þá þurfti Olíufélagið að reisa nýja. En þess var það ekki megnugt að svo stöddu, og hefði þá starfsemi þess fallið niður á næsta sumri. Félagið ætlaði að reisa nýja stöð, en það var svo miklum erfiðleikum bundið, að ógerlegt reyndist í bráð, og þá var fyrst farið að athuga olíustöðina í Hvalfirði. En þetta er aðeins bráðabirgðaráðstöfun, því að félagið hefur í hyggju að reisa nýja stöð, eins og ég hef áður tekið fram. Hæstv. utanrrh. hefur nú upplýst, að félagið muni láta rífa þá tanka, sem ekki er þörf fyrir.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði, hvað geymarnir tækju mikið, og mun hæstv. utanrrh. svara því. Það þarf auðvitað tanka fyrir margar tegundir, og svo getur staðið á, að heildargeymsluplássið sé óþarflega mikið.

Það getur verið ýmislegt, sem kommúnistar reyna að nota til árása og æsinga, þó að það skipti ekki máli í augum venjulegra manna. Ég býst við, að þeir, sem standa að olíufélaginu, kunni að meta aðdróttanir sósíalista og svara þeim á viðeigandi hátt, og hæstv. utanrrh. hefur svarað fyrir hönd ríkisstj., svo að ég þarf ekki að orðlengja þetta mikið. Ég vil aðeins benda á, að sósíalistar reyna af veikum mætti að kynda að hatursbáli gegn Bandaríkjunum og reyna að gera ríkisstj. tortryggilega og láta þar stjórnast af fjandskap gegn þeim félögum, sem eru aðilar að olíufélaginu. Hins vegar mætti búast við því, að þeir, sem fegurst tala um nauðsyn útgerðarmanna til að styrkja samtök sín og taka olíuverzlunina í sínar hendur og hafa talið sig hlynnta samvinnumönnum, þá mætti búast við því, að þeir hefðu fagnað því, að svona félag fengi olíustöðina. En þeir, sem þekkja sósíalista og vinnubrögð þeirra í garð samvinnufélaganna, eru ekki undrandi yfir þessum úlfaþyt, ekki sízt, þegar um leið er reynt að blása að hatri gegn Bandríkjunum og gera núverandi ríkisstj. tortryggilega í augum þjóðarinnar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. talaði mjög í öðrum anda en flokksblað hans í morgun. Hann talaði um, að sala olíustöðvarinnar í Hvalfirði væri tortryggileg vegna þess, að Bandaríkin hefðu einu sinni óskað þar eftir herstöðvum. Í Þjóðviljanum var allt annað upp á teningnum en tortryggni eða spurningar. Þar eru fullyrðingar og frásagnir af atburðum, sem aldrei hafa skeð í þeirri mynd, sem blaðið segir. Ég vil nú leyfa mér að lesa hér upp ummæli Þjóðviljans, með leyfi hæstv. forseta, þar segir svo: „Þá var gripið til þess ráðs að senda herra Huge S. Comming, háttsettan embættismann í utanríkisráðuneytinu, til Íslands á nýjan leik, en eins og kunnugt er, samdi hann Keflavíkursamninginn ásamt Ólafi Thors og leiddi það herstöðvamál til lykta eins og Bandaríkjastjórn óskaði. Herra Cumming kom til Íslands 18. marz s. l. og krafðist þess, að Hvalfjarðarmálið yrði leyst á „viðunandi" hátt, áður en hin formlega „brottför" Bandaríkjahers ætti að fara fram, 5. apríl. Eins og í fyrra skiptið gekk för herra Cummings að óskum. Ríkisstj. „leysti" Hvalfjarðarmálið 4. apríl — föstudaginn langa — samkvæmt óskum bandarísku stjórnar-

innar. Með þessari sölu hefur ríkisstj. hinna þrjátíu og tveggja leitt óvéfengjanlega í ljós, að hún lítur á sig sem bandaríska leppstjórn. Fyrst „kaupir" hún eignir Bandaríkjahers í Hvalfirði fyrir 2 milljónir króna í blekkingarskyni, — en afhendir þær síðan umboðsfélagi Standard Oil fyrir 1,3 milljónir. Hún kemur þannig fram sem umboðssali á herstöðvunum í Hvalfirði í því skyni einu að tryggja, að þær standi óhaggaðar og til taks handa bandarískra hernum. Þessi svik eru í beinu samræmi við aðrar aðgerðir ríkisstj., m. a. í markaðsmálum, sem miða að því að gera Ísland algerlega háð auðvaldi Bandaríkjanna. Ríkisstj. hefur með sölunni á Hvalfirði gengið í berhögg við vilja íslenzku þjóðarinnar og er nú fyrirlitin af öllum nema amerískasta hluta yfirstéttarinnar." Þarna er ekki um að ræða varfærni eða eðlilegar fyrirspurnir, heldur er þetta ákveðin frásögn, sem haldið er fram, að styðjist við staðreyndir, og inn í þetta er svo dregið viðkvæmt markaðsmál. Við eigum nú í samningum við Rússland, og þegar því er lýst yfir í Þjóðviljanum, að hér sé ríkisstj. vísvitandi að setja upp herstöð gegn Rússlandi, þá spillir það beinlínis þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru um viðskiptasamband við Rússa. Og ég lít þannig á, að þegar slík frásögn kemur fram, alveg úr lausu lofti gripin, þá sé ástæða til, að hv. Alþ. sem og allur almenningur fái vitneskju um hið rétta samhengi málsins. Hv. 2. þm. Reykv. taldi ástæðu til að ræða hér ummæli, sem ranglega voru höfð eftir hæstv. forsrh. En hversu líklegri er ekki þessi grein til þess að hafa skaðsamleg áhrif fyrir Ísland en hinn rangi fréttaburður, sem hv. 2. þm. Reykv. fann ástæðu til að gera að umtalsefni? Þessar fullyrðingar eru hættulegar fyrir afstöðu Íslands út á við auk þess, sem þær eru, eins og nú standa sakir, beinlínis lagaðar til að spilla fyrir viðskiptasamningum okkar. Það er því fullkomin ástæða til að ræða þetta og láta hið sanna koma í ljós. Það var ekkert athugavert, ef hv. 2. þm. Reykv. hefði í utanrmn. eða hér á Alþingi reynt að grennslast eftir hinu rétta samhengi málsins. Ef tregða hefði þá orðið á upplýsingum, þá var ástæða til getsaka. En hitt, að koma með svona geipilegar fullyrðingar án þess að kynna sér málið, það eru fáheyrð vinnubrögð og vafalaust í illu skyni gerð.

Hæstv. menntmrh. hefur svarað fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. og gert grein fyrir sambandi Olíufélagsins við Standard Oil. Ég hef hér hluthafaskrána, og má hv. þm. Reykv. líta á hana. Það eru í þessu félagi samvinnufélög, olíusamlög útgerðarmanna og nokkrir einstaklingar. (**ÁkJ**: Megum við heyra nöfnin?) Það er sjálfsagt. Skráin er svo hljóðandi:

Samband ísl. Samvinnufélaga	kr.	240000,00
Kaupfélag Eyfirðinga	—	195000,00
Kaupfélag Ísfirðinga	—	50000,00
Olíusamlag Keflavíkur	—	90000,00
Samvinnufél. útgerðarm. á Norðf.	—	45000,00
Olíusamlag Vestmannaeyja	—	90000,00
Togarafélagið Helgafell h/f	—	95000,00
Ástþór Matthíasson Vestme.	—	5000,00
Elías Þorsteinsson	—	5000,00
Karvel Ögmundsson	—	5000,00
Kjartan Guðmundsson Ve.	—	5000,00
Skúli Thorarensen Rv.	—	5000,00
Halldór Jónsson	—	5000,00
Jakob Frímannsson	—	5000,00
Egill Thorarensen	—	5000,00
Vilhjálmur Þór	—	5000,00
Kristján Kristjánsson	—	15000,00
Bifreiðastöð Akureyrar h/f	—	10000,00
B. S. A. Verkstæði	—	5000,00
Helgi Benediktsson Ve.	—	5000,00

Þessi skýrsla sannar glögglega, að það er rétt, að úrslitayfirráðin eru hjá S. Í. S. og K. E. A. og nokkrum olíusamlögum útgerðarmanna, og án þess að ég sé sérstakur vinur eða talsmaður S. Í. S., þá finnst mér heldur óeðlilegt að leita til svo víðtækra samtaka um leppmennsku fyrir Bandaríkin, samtaka, sem Kron stendur að með hv. 6. þm. Reykv. í broddi fylkingar.

Varðandi stærð geymanna virðist mér, að þeir muni taka 70—80 þús. tonn. 8 þeirra eru logsoðnir og 34 skrúfaðir. Ég hef hér sundurliðun um það, hvernig geymarnir skuli notaðir, og ég hef enn fremur bent á, að það er aðeins einn annar aðili en Olíufélagið, sem óskað hefur eftir geymsluplássi í Hvalfirði, en það er Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, sem hefur viljað áskilja sér 30 þús. tonn af geymslurúminu. Það kemur fram í skýrslu Olíufélagsins, að það telur þessa áætlun nokkuð freklega, en þetta voru óskir botnvörpuskipaeigenda. Það er ekki á mínu færi eða manna yfirleitt að gera sér fulla grein fyrir, hve þörfin verður mikil, og því er gert ráð fyrir, að endurskoðun fari fram eftir þrjú ár. Það má minna á, að þegar Shell byggði geymana í Skerjafirði, ætluðu ýmsir að ærast yfir þeirri hættu, sem sjálfstæði landsins væri þar með sett í. Þessir menn töldu, að geymarnir nægðu fyrir allan brezka sjóherinn, og eigendur þeirra áttu að vera leppar Breta. Reynslan sýndi, að geymarnir voru allt of litlir, og stöðin er nú úrelt fyrir íslenzkar þarfir.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt því fram, að með vinsamlegu samstarfi íslenzkra og amerískra félaga væri hægt að láta líta svo út, að þörfin væri meiri en hún væri í raun og veru. Um þetta segir í bréfi ráðuneytisins, dags. 31. marz 1947, með leyfi hæstv. forseta: „Um þann hluta stöðvarinnar, sem ráðgert er að selja Olíufélaginu h/f, skal þó tekið fram, að geymarnir eru seldir til eðlilegs rekstrar félagsins og til niðurrifs að öðru leyti, og hefur ríkisstj. heimild til þess að þrem árum liðnum að krefjast þess, að stöðinni verði komið í það horf, sem samsvarar þeim rekstri, er reynslan hefur sýnt, að þörf er á. Þennan fyrirvara verður að gera á fullnægjandi hátt, þegar salan fer fram." Þarna er beinlínis talað um eðlilegan rekstur félagsins á stöðinni, og það er á valdi ríkisstj. að segja til um, hvað sé eðlilegur rekstur, og ef ósamkomulag yrði, þá mundi það koma til endanlegs úrskurðar dómstólanna, og er því tortryggni í þessum efnum ástæðulaus, einkum þegar Olíufélagið er þannig byggt upp, að þar getur ekki verið um leppmennsku að ræða.

Þá talaði 2. þm. Reykv. um það, hvert verðmæti væri í geymunum. Fyrst mun hafa verið talað um, að þeir væru 1 milljón dollara virði, síðar var rætt um 6 milljónir, en loks voru þeir seldir fyrir 2 milljónir. Hvort það er óeðlilegt verð eða ekki, má deila um, en þó ber þess að gæta, að þessir geymar eru ekki heppilegir, nema hægt sé að nota þá þar á staðnum. Margir aðilar hafa athugað þessa tanka og allir verið sammála um það, að þeir

séu lítils virði til niðurrifs. Hitt, að Bandaríkin hafi gert einhverjar kröfur í sambandi við þessi kaup, er fjarstæða, og þessi sala miðast við fullkomlega eðlilegar ástæður, en verðmunurinn stafar af því, að verðmætin reyndust allt önnur en fyrst var ætlað. Ég bjóst við fyrirspurn um þetta, enda er síður en svo, að ég hafi nokkuð við það að athuga, en vegna þeirrar tortryggni, sem gætt hefur í þessu máli, hef ég gætt þess vandlega, að ekki væri hægt að finna á því réttmætan höggstað. Það verður því að finna að því, sem Þjóðviljinn gerir, þar sem hann ekki einungis notar þetta sem árás á ríkisstj., heldur líka til þess að spilla fyrir eðlilegum viðskiptum þjóðarinnar.

Einar Olgeirsson: Hæstv. utanrh. vill halda því fram, að þau orð, sem stóðu um þetta mál í Þjóðviljanum, hafi verið til þess að spilla fyrir utanríkisviðskiptum við Sovétríkin, og er með áminningar í því sambandi. En ég held, að hann hefði átt að líta sér nær og gefa fyrst sessunaut sínum áminningu, því að enginn hefur eins greinilega reynt að spilla fyrir utanríkisviðskiptum okkar eins og forsrh., sem hefur leyft sér að láta það í ljós við sænska blaðamenn, að við hefðum orðið að veita Bandaríkjunum herstöðvar, því að annars hefðu Rússar heimtað þær. Og svo greinilega hafði forsrh. gert þetta, að blaðamaðurinn frá blaðinu, sem vinveittast er forsrh., Morgentidningen, reyndi ekki að breiða yfir þessa skoðun ráðh. Þegar ég svo fer að ræða þetta hér á Alþ., þá neitar ráðh. að hafa sagt þetta, en neitun hans er ekki sterkari en það, að þegar ég krefst þess, að hann „dementeri" og það erlendis, þá lætur hann nægja að mótmæla með viðtali í Alþýðublaðinu. Ef slík framkoma er ekki beinlínis tilraun til þess að spilla fyrir samningum við aðrar þjóðir, þá veit ég ekki, hvernig það er hægt. Ég býst við, að núverandi ríkisstj. verði oft í vandræðum, ef þessar tvær línur í Þjóðviljanum marka afstöðu hennar út á við, enda er forsrh. hræddur, en hann er ekki hræddur við þessar tvær línur í Þjóðviljanum, því að hann veit, að ummæli eins blaðs, sem auk þess er í stjórnarandstöðu, setja ekki Sovétríkin á annan endann. Allt öðru máli gegnir um það, sem forsrh. lætur hafa eftir sér. Þess vegna geta ummæli forsrh. haft mikil og ill áhrif fyrir viðskipti okkar við aðrar þjóðir og miklu alvarlegri afleiðingar en tvær línur í Þjóðviljanum. Hæstv. dómsmrh. hefði því átt að líta sér nær með sínar föðurlegu áminningar. Þær hefðu betur átt við sessunaut hans, hæstv. forsrh.

En ef við ræðum áfram um það, sem blöðin hafa sagt, þá langar mig að spyrja, hvað liði 40 millj. kr. boðinu í þessa umræddu tanka, sem Morgunblaðið gat um á sínum tíma, og hvaðan það tilboð var. Viðvíkjandi því sem ráðh. upplýsti, að tankarnir tækju 70 til 80 þús. tonn, þá er neyzla togara á einu ári, ef hann kaupir alla olíuna hér heima, ríflega áætluð með 2 þús. tonnum. Það gera því 60 þús. tonn í allt. Nú veit ég ekki um verðlag hér, en venjulega er olía ódýrari erlendis og þess vegna alltaf óhætt að gera ráð fyrir, að helmingur olíunnar sé keyptur erlendis af togurunum sjálfum. Það er því ekki nema um 30 þús. tonna neyzlu að ræða. Þess vegna eru geymarnir óeðlilega stórir fyrir okkar þörf. Það má náttúrlega segja, að það sé praktiskt að taka stóra slumpa af svona vöru, en borgar sig þá að láta þessa stóru slumpa liggja. Til þess þarf að minnsta kosti mjög mikið kapítal, sem þjóð okkar hefur ekki of mikið af til þess, sem nauðsynlegt er að gera. Það má segja, að það sé hægt að taka í taumana eftir þrjú ár, ef geymarnir reynast of stórir fyrir þörf okkar, en þá geta viðkomandi aðilar komið með alls konar mótbárur, sem verða ekki niður kveðnar.

Menntmrh. þykir það furðulegt, að nokkur skuli láta sér detta í hug, að þau samlög og félög, sem standa að Olíufélaginu h/f, muni ljá sig til nokkurs, sem verði okkur til tjóns. Ég skal viðurkenna, að það mun vera andstætt vilja slíkra samlaga. En nú eru tíu hluthafar í þessum félagsskap, og það má ekki kjósa aðra en þessa tíu hluthafa í stjórn. Eða má kannske kjósa hvern sem er í stjórn? Ég er hræddur um, að það megi ekki kjósa nema persónulega hluthafa, og með allri virðingu fyrir þeim ágætu mönnum, þá er ekki víst, að ætlun samlaganna, sem hluti eiga í þessu félagi, ráði alltaf því, sem þessir hluthafar gera. Frá sjónarmiði auðhringanna er það hámark „diplomati" að tryggja sér völd í gegnum umboð annarra félaga. Það er langt frá því, að ég haldi því fram, að þetta erlenda fyrirtæki muni nota þessa aðstöðu sína nú, þvert á móti mun það að líkindum láta okkur sæta góðum kjörum, jafnvel þó að það tapi á því, til þess að skapa sér sterka pólitíska aðstöðu og vinsældir. Vegna höfuðtilgangs Standard Oil getur slíkt verið mjög sniðugt, því að auðvitað er aðalatriðið, að geymarnir standi áfram. Þessar aths. menntmrh. eru því úr lausu lofti gripnar. Það eðlilega og sjálfsagða var og er, að þessir geymar séu rifnir niður eða að minnsta kosti sá hluti þeirra, sem við alls ekki höfum not fyrir.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það var mjög eðlilegt, að 2. þm. Reykv. í rökþrotum sínum út af sölu olíutankanna í Hvalfirði reyndi að leita liðsauka annars staðar. En það, sem fyrir honum varð, voru nokkur miður vönduð erlend blaðaummæli, en sum þeirra blaða hefur hann áður lýst óð og ómerk fyrir nazistaáróður. Þegar ég svo hef gefið yfirlýsingu, sem gengur í öfuga átt við þann óvandaða málflutning, sem þar er rekinn, virðir þessi þm. þá yfirlýsingu mína að vettugi, en reynir að vekja tortryggni í sambandi við þennan óvandaða fréttaflutning þessara blaða, sem hann þó áður hefur lýst ómerk. Hv. 2. þm. Reykv. vildi halda því fram, að þessi ómerki fréttaflutningur mundi vera hættulegur fyrir okkur gagnvart erlendum ríkjum. Og hann og félagar hans halda því fram, að það, sem þessir erlendu blaðamenn hafa eftir mér ranglega, hafi þeir samt sem áður haft rétt eftir mér. Ef nokkuð væri hættulegt gagnvart viðskiptum okkar við erlend ríki, þá væri það þessi afstaða hv. 2. þm. Reykv. og félaga hans og flokksbræðra, því að það má segja það um þessa flokksbræður og félaga hv. 2. þm. Reykv., að þeir sjái ekki eins og menn, heldur blindist þeir í ofsa sínum og — ja — ég vil segja hatri, bæði gagnvart núverandi ríkisstj. og þó einkum einstökum mönnum í henni sérstaklega, því að með því að rita á þennan hátt, eins og þeir nú rita í Þjóðviljanum svo að segja daglega, þá væri það vissulega til þess að spilla milli Íslands og Rússlands, ef því væri ekki mótmælt af ábyrgum íslenzkum blöðum og ábyrgum íslenzkum aðilum.

Hæstv. utanrh. minntist á það, að greinin, sem birtist í Þjóðviljanum í morgun, gæti verið hættuleg, ef hún væri tekin alvarlega, og líka, að sum ummæli í Þjóðviljanum út af frásögn sænskra blaða, gætu verið hættuleg, ef þau væru tekin alvarlega. Og þó að þessir sænsku blaðamenn hafi verið miður vandaðir, þá eru kollegar þeirra á Íslandi miklu óvandaðri. Nú er jafnvel svo langt gengið í þessu blaði, að því er haldið fram, að ég hafi sagt í viðtali við sænska blaðamenn, að flugvöllurinn í Keflavík væri upplögð stöð til þess að eyðileggja bæði Sovétríkin og England. En þetta voru hugleiðingar hins „góða nazista", eins og til orða er tekið í Þjóðviljanum, sem skrifaði í sænskt blað umrædda grein, sem ritstjórarnir íslenzku eru nú að eigna mér, þ. e. ummælin, þó að hann taki skýrt fram sjálfur, að þetta séu hans eigin hugleiðingar. Ef nú þetta, sem Þjóðviljinn sagði um þetta atriði í gær eða fyrradag, væri tekið trúanlegt, að ég hefði sagt, að flugvöllurinn í Keflavík væri upplagður til þess og þá væntanlega til þess byggður að nota hann, þegar til þess kæmi, til þess að eyðileggja atvinnukerfi Bretlands og Sovét-Rússlands, þá mætti nú segja, að þar væri haldið fram dálítið hættulegum hlut, sem gæti verið hættulegur bæði viðskiptum okkar við Sovétríkin og England. En blað hv. 2. þm. Reykv. hikaði ekki við í sinni hatrömmu árás að ganga lengra en hinn „góði nazisti" í Svíþjóð, þótt óvandaður væri, í því að eigna mér ummæli, sem ég aldrei nokkru sinni hef talað. Maður gæti ályktað og manni þyrfti ekki að koma það á óvart, að til væru óvandaðir blaðamenn í Svíþjóð, þegar maður þreifar á því daglega og les í Þjóðviljanum, að það er notað hvert einasta tækifæri til þess að tortryggja Ísland sem ríki og íslenzk stjórnarvöld og hið íslenzka Alþ. á þann hátt að reyna að koma því að, að við höfum gengið í þjónustu erlends stórveldis gegn öðru stórveldi. Ef slíkum fullyrðingum væri trúað, sem væru í Þjóðviljanum, væri það vissulega hættulegt fyrir viðskipti okkar, m. a. við Sovét-Rússland. En ég vil ganga út frá því, að umboðsmenn Sovét-Rússlands muni ekki mikið upp úr því leggja, sem í Þjóðviljanum stendur um þetta, því að það er nauðsynlegt, að þessir umboðsmenn líti réttilega á þessi skrif í Þjóðviljanum, ef þau eiga ekki að vera hættuleg afstöðu okkar gagnvart Sovét-Rússlandi. Ég verð að segja það, að með því áframhaldi, sem er í Þjóðviljanum til þess að reyna að koma því inn, bæði í Íslendinga og jafnvel erlenda menn, að íslenzka ríkisstj., bæði fyrrv. og núverandi, og íslenzka löggjafarþingið geri yfirleitt allt, sem þessir aðilar geti, til þess að aðstoða ákveðið stórveldi til árása á annað stórveldi, þá geta þær blekkingar orðið hættulegar, ef á þær er lagður nokkur trúnaður. En ég hygg, að það muni nú vera svo, að menn að gefnu tilefni verði varfærnir að trúa þessu. Ágætt dæmi um ábyggileik þessara frásagna í Þjóðviljanum er einmitt Þjóðviljinn í dag, samanborinn við þá skýrslu og skýringar og frásögn, sem hæstv. utanrh. hefur komið með hér á þingi, því að af þeirri skýrslu, sem styðst við skjöl og skilríki, má sjá, að allar ásakanir Þjóðviljans í dag eru annaðhvort vísvitandi rangar eða þá byggðar á svo mikilli fljótfærni og svo miklu fleipri, að þær eru alveg ósæmilegar.

Ég mun á þessu stigi málsins ekki sjá ástæðu til að hafa þessi orð mín fleiri. Ég geri ráð fyrir því, að við og við gefist tilefni hér á Alþ. og á annan hátt til þess að afhjúpa þær rangfærslur, sem fram eru bornar af flokki hv. 2. þm. Reykv., sérstaklega varðandi afstöðu íslenzka ríkisins út á við. Það má margt segja um afstöðu til málefna inn á við og er ekki svo alvarlegt, og það er ekki mjög óeðlilegt, þó að um þau sé deilt. En einhver ofurlítill snefill af ábyrgðartilfinningu ætti að vera til hjá manni eins og hv. 2. þm. Reykv., sem gjarnan hefði viljað vera utanrh. í dag, ef hann hefði átt sér þess nokkurn kost. (**EOI**: Ég hef aldrei sótzt eftir því.) Hann auglýsti sig, að því er sagt var, sem utanrh. í norsku blaði.

Ég held þess vegna, að ef hv. 2. þm. Reykv. og sálufélagar hans vilja leita sér skjóls og styrks meðal þeirra manna, sem þeir stimpla sem „góða nazista", þeirra manna, sem staðnir eru að því að fara með rangt mál, þá sé þeim það velkomið — og verði þeim að góðu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það væri alls ekki meiningin að veitast neitt að félögum, sem stæðu að kaupum á olíugeymum í Hvalfirði — öðru nær. En hvað liggur fyrir í blaði þessa hv. þm.? Þar er því dróttað að nýja olíufélaginu og þeim samtökum, sem reka þetta olíufélag, að þau séu búin að setja á stórt leppfyrirtæki fyrir bandarískt hervald og ætli sér að skjóta lokum frá hurðum Íslendinga í þessum efnum, hvenær sem hinu bandaríska hervaldi þykir við þurfa. Þetta er efnið í aðdróttunum Þjóðviljans, og þó að hv. 2. þm. Reykv. hafi verið hikandi við þetta mál hér, þá hefur hann verið með sífelldar dylgjur í sömu átt. Hann hefur því tekið undir þetta, þegar lögð eru saman þau ummæli, sem hann hefur hér haft í dag.

Nú er það svo með þessi félagasamtök, að þeir, sem fara með umboð nýja olíufélagsins, eru kjörnir af forráðamönnum Sambands íslenzkra samvinnufélaga og forráðamönnum olíusamlags útgerðarmanna og bera ábyrgð á gerðum sínum gagnvart S. Í. S., sem er einhver fjölmennustu félagssamtök landsins, og gagnvart olíusamlagi útvegsmanna. Og hvernig er hægt að tryggja betur heilbrigðan rekstur í öllu tilliti heldur en með því, að þeir, sem hafa hann með höndum, beri ábyrgð gagnvart slíkum félagasamtökum? Það er þýðingarlaust fyrir hv. 2. þm. Reykv. að ætla að reyna að komast nú undan því, að að þessum félagsskap hefur verið dróttað landráðabrigzlum í blaði hans. Það er alvarlegasti hluturinn, sem í þessu efni hefur átt sér stað, og það getur verið, að hv. 2. þm. Reykv. og hans flokkur sé ekki alveg búinn að bíta úr nálinni út af þessu. Það kynnu að vera ýmsir hér í þeim félagsskap, sem ekki þykir það neitt sérlega vel við eigandi, að slíku sé dróttað að þeim félagsskap, sem þeir hafa áhuga á, og þeir taki upp þykkjuna, þegar þannig er á málum haldið.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri sjálfsagt að greiða fyrir því, að þetta nýja olíufélag fengi að byggja nýja tanka. En má ég spyrja: Sér ekki hv. 2. þm. Reykv. það, sem allir aðrir sjá, að ef fyrir þessum olíusamtökum standa einhverjir voðamenn, sem jafnvel hafi nú þegar gert þá hluti, sem hann dylgjar um, þá væru þeir reiðubúnir til að gera þá, þó að ekki væri nákvæmlega á sama hátt, því að þeir hefðust þetta sennilegast alveg eins að, þó

að þeir fengju enga stóra tanka fyrir olíu. Ég lagði áherzlu á þetta áðan, og þessu hefur hv. 2. þm. Reykv. engu svarað. Og er ekki fyrir hendi alveg sama hætta á, að því væri til að dreifa, sem hv. 2. þm. Reykv. dylgjar um, þó að aðrir aðilar fengju leyfi til að byggja olíugeyma? Ef þessi hugsanagangur hv. 2. þm. Reykv. ætti nokkurn rétt á sér, að tankar þessir yrðu teknir og misnotaðir af herstjórn Bandaríkjanna, þá gætu þeir líka orðið teknir til þess, þótt þeir væru ekki í Hvalfirði. Ef nokkur heil brú væri í þessum hugsanagangi hv. 2. þm. Reykv., þá ætti að setja l. um að banna, að nokkur mannvirki væru reist í Hvalfirði. En það hefur þessi hv. þm. ekki flutt frv. um. Eftir því sem þetta mál er betur rætt, sést betur, hvert frumhlaup hér er um að ræða af hendi Þjóðviljans og hv. 2. þm. Reykv., enda er ekki stuðzt við annað en dylgjur og getsakir í þessu efni. Hefur það og fullkomlega verið upplýst, sérstaklega af hæstv. utanrh., hvernig málið er vaxið, þannig að allir, sem ekki láta stjórnast af blindu hatri eða fordómum, hljóta að sjá, að hér er vel haldið á málum. Því að hvaða vit hefði verið í því að meina þessu nýmyndaða olíufélagi að kaupa þessa stöð, þegar það var eina leiðin til þess, að þetta félag gæti samið við erlend olíufélög? Og hvaða vit var í því að rífa svo tankana niður? Það var ekkert vit í því. Það hefði verið gagnstætt hagsmunum landsins, og það lá ekki við, að slíkar ráðstafanir hefðu bjargað landinu úr nokkurri hættu, því að ef Bandaríkin eða aðrar stórþjóðir fara á næstu áratugum að vaða inn í lönd annarra þjóða og taka þar aðstöðu fyrir heri sína og hernaðarframkvæmdir, þá geta þær tekið þá aðstöðu, hvar sem hana er að finna í hlutaðeigandi landi, enda er nú hv. 2. þm. Reykv. kominn það langt í þessu, að hann er hættur að halda fram, að það hefði átt að rífa geymana í Hvalfirði niður strax. Í síðustu ræðu sinni sagði hann, að það hefði ekki verið aðalatriðið, heldur að koma tryggilega fyrir forráðum geymanna. Nú er að mínu áliti yfirumsjón þessara geyma alveg eins vel komin í höndum þessa félagsskapar eins og þótt ríkið hefði haft með umsjón þeirra að gera.

Loks vil ég segja það, að það er engu líkara en að hv. þm. Sósfl. eða Sósfl. sé að gera ýtarlegar tilraunir til að spilla sambúð Íslendinga og Rússa með dylgjum sínum og rógi um afstöðu þeirra manna og þeirra flokka, sem nú ráða málum hér í landi. T. d. þegar sænsku blaðamennirnir fóru skakkt með ummæli hæstv. forsrh., þá var það vitanlega skylda allra ábyrgra íslenzkra blaða að hjálpa til að leiðrétta þessa missögn, þegar upplýst var, að rangt hafði verið sagt frá því, sem hæstv. forsrh. hafði talað, og það hafa líka öll önnur blöð í landinu, sem ræða slík mál, gert, nema blað Sósfl. En þó að hæstv. forsrh. hafi upplýst hvað eftir annað, að þetta væri rangt eftir sér haft, er þó haldið áfram í blaði Sósfl., Þjóðviljanum, að gera hæstv. forsrh. upp orðin, eins og þessi erlendi blaðamaður gerði, og gengið þó feti lengra. Hver óspilltur blaðamaður finnur, að þegar skakkt er haft eftir hæstv. forsrh. og hann upplýsir það rétta, þá er öllum skylt að hafa þann hátt á að hjálpa hæstv. forsrh. til þess að koma leiðréttingunni fram í íslenzkum blöðum, og síðan kemur hún fram á erlendum vettvangi, eins og ég geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh. hafi gert ráðstafanir til. En blað hv. 2. þm. Reykv. hefur farið öfugt að. Það reynir aftur og aftur að fá menn til að trúa því, að hæstv. forsrh. ljúgi, en sænski blaðamaðurinn segi satt. Það er það, sem hv. 2. þm. Reykv. og hans blað telur, að þjóni bezt íslenzkum hagsmunum í þessu máli, og þessir menn gera það vegna þess, að þeir vilja endilega láta líta svo út út í frá, að þeir, sem nú stjórna á Íslandi, séu leppar erlends ríkis. Þeir telja það í beztu samræmi við hagsmuni okkar, bæði í sambandi við samningana við Rússa og það að halda uppi áliti íslenzku þjóðarinnar, að halda þessu fram, og vinna það til til þess að reyna að rótfesta þessa skoðun að halda því fram dag eftir dag, að íslenzki forsrh. hafi sagt ósatt, en hinn sænski blaðamaður satt, sem sagt, að íslenzki forsrh. sé lygari, sem ekki sé mark á takandi. Svona langt er ekki hægt að ganga, nema með því að verða sér til skammar fyrir það, vegna þess að það eru viss takmörk í þessum efnum, sem menn mega ekki fara út fyrir. Við getum rifizt hér heima og borið hver annan brigzlum út af hreinum innanríkismálum. En við ættum að reyna að sýna þann manndóm að standa saman út á við og gera ekki þjóðina að viðundri út á við, eins og hv. 2. þm. Reykv. hefur staðið fyrir í blaði sínu, bæði í sambandi við mál það, sem hér hefur verið rætt, og líka í sambandi við það frumhlaup, sem sænska blaðamanninum varð á að taka. Það er verið að reyna að láta rússnesku þjóðirnar standa í þeirri meiningu, að þessari ráðstöfun, að selja olíugeymana í Hvalfirði þessu olíufélagi, sé beint gegn Rússum, og það er ekki annað að sjá en að þessi rógur, sem í raun og veru er gegn íslenzkum hagsmunum, sé rekinn á skipulagðan hátt af Sósfl. og forráðamönnum hans. Það getur verið, að þeim verði ágengt í því að spilla fyrir hagsmunum Íslands með því að þjóna lund sinni með þessum rangfærslum sínum. En þeim hefur verið bent á það, hvað eftir annað, hvað af þessu getur leitt. Og ekki veldur sá, er varar.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. talaði um það í lok ræðu sinnar, að við Íslendingar ættum að standa saman út á við, þó að við rifumst innbyrðis um innanríkismál. Þetta er rétt. Þetta væri ágæt regla, ef hægt væri að hafa hana. En hæstv. núverandi menntmrh. var einn af þátttakendum í því að draga lokur frá hjá okkar íslenzku þjóð og opna dyr fyrir erlendri ásælni á síðasta hausti. Hann var þar einn af þeim 32, sem þá opnuðu landið fyrir erlendri ásælni.

Það er nú hlaupið hér upp til handa og fóta af hæstv. ríkisstj. og talað um, að það sé verið að skaða hagsmuni Íslands með fleipri. Svo skaðleg sem orð eru í þessum efnum, þá eru þó athafnirnar hættulegastar. Það þýðir ekkert fyrir þessa menn, hæstv. ríkisstj., að ætla að bera það á borð fyrir Íslendinga í því skyni að geta losnað þannig við opinberar umr. um athafnir þeirra í opinberum málum, að það sé hættulegt þjóðinni, að henni sé sagður sannleikurinn. Þeir hafa sagt: Keflavíkursamningurinn gefur ekki rétt, sem jafnast á við herstöðvar. En þetta er ekki nema fyrirsláttur. Hvaða blað frá Ameríku sem maður grípur niður í og um þetta ræðir, telur þetta herstöðvar. Getur það verið, að þeir, sem í þau blöð skrifa, geti gert íslenzku þjóðinni óskunda með þeim skrifum?

Varðandi Hvalfjörð stakk það mig sérstaklega, þegar hæstv. dómsmrh. talaði um, að þrír aðilar hefðu haft áhuga fyrir kaupum á eignum í Hval-

firði, nefnilega Olíufélagið h/f, Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og hvalveiðahlutafélagið Hvalur, að hæstv. ráðh. gleymdi fjórða aðilanum, sem áhuga hafði á að fá þessar eignir keyptar, og það var Bandaríkjastjórn, sem var sá fyrsti umsækjandi. Hæstv. utanrh. minntist ekkert á það. En sökum þess að Bandaríkjastjórn hefur farið fram á það — það er opinberlega vitað um allan heim, að hún hefur farið fram á það —, þá þarf íslenzka ríkisstj. að taka á þessu með sérstakri varkárni. Sem sagt, málið byrjar þannig, að Bandaríkjastjórn fer fram á það að fá Hvalfjörðinn sem flotastöð fyrir sig, og það þýðir ekkert fyrir hæstv. menntmrh. að tala um það, að Bandaríkjastjórn geti tekið olíustöðvar hvar sem er á landinu. Það vita allir, að Hvalfjörðurinn er nefndur öðrum stöðum fremur hér á landi í þessu sambandi, af því að hann er skipalægi, og það er ekki nema útúrsnúningur, sem hæstv. menntmrh. ber fyrir sig í þessu efni. Frá hendi Bandaríkjastjórnar var stöðugt ríkjandi mikill áhugi fyrir því að fá flotastöð í Hvalfirði, og það er ekki vafi á því, að Bandaríkjastjórn var ekki af baki dottin með það að reyna að komast að sama marki, þó að það væri eftir annarri leið. Þess vegna var um að gera að vera sérstaklega á verði. — Nú skeður það, að Olíufélagið h/f, sem er umboðsmaður fyrir Standard Oil, þó að það sé alveg með íslenzkum hluthöfum, það sækist eftir að fá þessa stöð. En það var tekið fram af hæstv. menntmrh., að þetta olíufélag hefði ekki ætlað sér upphaflega endilega að vera umboðsmaður eða umboðsfélag fyrir Standard Oil til þess að fá þessa stöð í Hvalfirði. Það væri fróðlegt að fá upplýst, hvort það var jafnsnemma, sem það ætlaði að vera umboðsfélag fyrir Standard Oil og það einnig fékk áhuga fyrir Hvalfirði. En hvað sem því líður, þá er það staðreynd, að þetta félag sækist mjög eftir að fá þessa olíustöð, og það er látið hafa þessa stöð fyrir skömmu. Skömmu eftir að einn af æðstu embættismönnum Bandaríkjastjórnar er búinn að dveljast hér á landi, þá er þetta félag látið fá þessa stöð með þeim einkennilega hætti, að í næstu þrjú ár eigi íslenzka ríkisstj. ekki að staðreyna, hvort þessir tankar í Hvalfirðinum séu í samræmi við olíubirgðir þessa félags, sem kaupir þá. Ég sé ekki annað en það sé eðlilegt, að þm. séu tortryggnir á svona hluti. Allt þetta tal um hlutafélagið og það sé trygging fyrir, að þar séu ekki leppar fyrir aðila í Ameríku, er mesta fásinna, eftir að sannað er, að í svo að segja hverju hlutafélagi er það einn eða örfáir menn, sem ráða öllu í félaginu, en alls ekki hluthafarnir. Það eru þeir, sem hafa aðstöðu til að hafa yfirráð yfir hlutabréfunum, sem ráða þar. Þarna eru ekki nema tíu menn, sem eru persónulegir hluthafar. Ég veit, að í sumum félögum er það svo, að enginn fær að kjósa í stjórn nema hann sé persónulegur hluthafi. Það er álíka félagsskapur og hæstv. forsrh. kannaðist við og keypti Iðnó á sínum tíma, áður en Alþfl. tapaði, af því að Dagsbrún, þótt það sé hluthafi, getur ekki stillt upp til stjórnarkosningar, af því að enginn þar er persónulegur hluthafi. Er þannig ástatt með þetta hlutafélag, að stjórnin sé einungis kosin af persónulegum hluthöfum? Ef það er, þá er hrein fjarstæða að nefna hluthafa eins og S. Í. S. og útvegsmannafélögin. Þá hafa þau ekkert þar að segja, geta engin áhrif haft á stjórnarkosninguna.

Við skulum segja, að það sé of mikil illgirni að ætla hverjum af þessum mönnum, sem ráða í félaginu, að þeir séu amerískir leppar, en mönnum er ekki láandi, þó að þeir hafi misjafnar skoðanir um þessa menn eins og aðra, en við skulum sleppa því í bili. Aðalatriðið er, að hæstv. ríkisstj. bar skylda til að halda svo á málunum, að það væri ekki undir neinum persónum komið, hvort einhverjum vissum persónum tækist að vera leppar fyrir Ameríku eða ekki. Ef hæstv. stjórn hefði talið nauðsynlegt að nota tankana, án þess að af því gæti hlotizt, að önnur þjóð blandaðist inn í hagsmuni Íslands, þá átti hún að hafa þarna fullan ráðstöfunar- og eftirlitsrétt. En nú er þetta selt, og vitanlega er fjárhæðin svo lág, að hún skiptir engu máli. Hún tekur fram við þann, sem kaupir, að hún muni staðreyna að þremur árum liðnum, hvort félagið þurfi til rekstrar síns eins mikla tanka og þarna eru. Þetta er ámælisvert, og hæstv. stjórn getur ekki komizt hjá að sæta áminningu fyrir. Þetta hefur skaðað hagsmuni Íslendinga miklu meira en jafnvel þau orð, sem hæstv. forsrh. hefur gloprað út úr sér í góðu skapi við nokkra blaðamenn.

Ég vil að lokum beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., hvort hann sjái sér ekki fært að birta öll skjöl varðandi þessi mál, þar á meðal samninginn við Olíufélagið um þetta frá orði til orðs, það bréf, sem hann las kafla úr, og enn fremur ýmis atriði, sem skipta máli og sýna, hvernig þetta olíufélag er saman sett, því að um leið og búið er að selja félaginu svona hluti, þá á almenningur á Íslandi og jafnvel víðar mikið undir, hvernig stöðinni er stjórnað og hvernig hún er notuð, en það er með svona möguleikum, að kannske einn maður getur með árangri verið leppur fyrir Bandaríkin til að leppa herstöð í Hvalfirði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ræða hv. þm. Siglf. sannar, hvaðan sú rödd er runnin, sem birzt hefur í Þjóðviljanum um þetta mál. Honum rann blóðið meir til skyldunnar en hv. 2. þm. Reykv., og getur það gefið skýringu á þessu máli.

Varðandi það, að félaginu hafi verið fengin heimild til að ráðstafa þessum eignum þrjú ár, en ríkisstj. hafi enga heimild til að skipta sér þar af, þá er það algerlega ósatt. Það stendur í samningnum, að eignirnar séu seldar til eðlilegs rekstrar og stjórnin hafi heimild til að fylgjast með þessum rekstri. Og þar til viðbótar kemur það, að ríkisstj. hafi heimild til að þremur árum liðnum að sannprófa, hvort reksturinn sé kominn í það horf, að félagið hafi þörf fyrir allar þessar eignir.

Varðandi það, að ég hafi gleymt áhuga Bandaríkjanna fyrir Hvalfirði, vil ég taka fram, að eftir að ég kom í þetta embætti, hafa Bandaríkin engan áhuga haft fyrir þessu máli. Það var fyrrverandi forsrh., Ólafur Thors, sem fékk Bandaríkin til að falla frá þeim óskum, sem þau höfðu flutt fram í þessu efni. Ásakanir hv. þm. Siglf. um, að ég hafi gleymt Bandaríkjamönnum og áhuga þeirra fyrir stöðinni í Hvalfirði, eru því alveg út í bláinn og styðjast ekki við neitt atriði þessa máls, því að Bandaríkjamenn hafa engan áhuga sýnt fyrir þessu máli, hvorki Bandaríkjastjórn eða einstakir menn.

En þar sem hv. þm. var að biðja um, að öll skjöl málsins yrðu birt, þá hef ég lesið það upp, sem mestu máli skiptir, og lýst yfir, að hv. þm. megi

skoða þau, eins og þá lystir. Ég hef lesið upp bréf, sem segir fyrir um söluna, ekki part af því, eins og hv. þm. segir, heldur allt. Ég hef lesið upp alla hluthafaskrá þessa félags, og er þar ekkert að dylja. Samt heldur hv. þm. því fram, að þessum gögnum sé enn leynt, þó að þau hafi verið lesin upp fyrir þingheimi.

Að lokum vil ég segja það, að menn kann að furða mjög á því, að þessar árásir koma nú fram og inn í þær blandað mörgu öðru, svo sem afurðasölu landsmanna, og af hverju hv. þm. Siglf., fyrrv. hæstv. atvmrh., hefur staðið hér upp og flutt þann róg, sem hér á sér stað. Skýringin er ákaflega einföld. Því miður hafa verzlunarsamningarnir austur í Moskvu gengið miklu verr en vonir manna stóðu til og miklu verr en hv. þm. Siglf. hafði reynt að telja þjóðinni trú um. Samningarnir hafa gengið á þann veg, að það er ekki hægt að segja, að þeir horfi vel fyrir Ísland, eins og sakir standa. Við skulum vona, að úr þessu rætist. Ég skal ekki fara um það fleiri orðum, en allt, sem hv. þm. Siglf. hafði sagt um sölumöguleika þar austur frá, hefur reynzt vera staðlausir stafir, sem ekki hafa við neitt að styðjast. Þessi hv. þm. er þess vegna nú vísvitandi og vitandi um það blaður, sem hann hefur gert sig sekan um, að reyna að koma því fram, að það sé íslenzku ríkisstj. að kenna og athöfnum hennar, ef þessir samningar takast verr en skyldi. En hv. þm. skal ekki takast það, gögnin liggja of skýrt fyrir til þess.

Einar Olgeirsson: Mér virðist, að þessi síðustu orð hæstv. dómsmrh. gefi til kynna, hvernig á því stendur, að hæstv. ríkisstj. er svona viðkvæm út af yfirlýsingu hæstv. forsrh. Hæstv. dómsmrh. upplýsir, að samningarnir í Moskvu hafi ekki gengið vænlega, og samtímis skýra blöð út um allan heim frá því, að hæstv. forsrh. Íslands hafi sagt við sænska blaðamenn, að Íslendingar hafi neyðzt til að láta Bandaríkjamenn setja hér flugstöðvar, af því að annars hefðu Rússar komið hingað. Í því blaði, sem hæstv. ráðh. segir, að sé áreiðanlegasta blaðið, og hann segir, að fari rétt með, standa þessi orð, að ef Íslendingar hefðu ekki látið Bandaríkjunum í té flugvelli á Íslandi, þá hefðu Rússar „anlangt en linja hit". Þetta eru þau orð, sem hæstv. forsrh. segir rétt eftir sér höfð. Ójá. Sænski blaðamaðurinn reynir að túlka orð hæstv. forsrh. eins vel og vingjarnlega og honum er frekast unnt. En hvaðan stafa þessi orð? Nú hefur hæstv. forsrh. lýst yfir, að þetta sé ósatt, en hins vegar undirstrikað, að Morgentidningen hafi sagt satt. En hann hefur ekki fengizt til að gefa yfirlýsingu um, að þessi áreiðanlegi fréttamaður hafi minnzt á þetta líka. En hvernig stendur á því, að hæstv. forsrh. hefur ekki fundið ástæðu til að mótmæla? Hæstv. forsrh. er sannur að því að hafa logið upp á Sósfl. (**Forseti** hringir: Fyrir þessi orð er þm. víttur.) í sambandi við sænsku blaðamennina, en ekki fengizt til að „dementera" þessi ummæli út um heim. Nú höfum við fengið góðar sannanir í þessu máli, þegar hæstv. ríkisstj. upplýsir, að samningarnir þar eystra hafi gengið illa, þá vill hún reyna að finna átyllu til að kenna öðrum aðilum um, að þeir hafi spillt fyrir, að samningar gætu tekizt, en það er hún sjálf, sem með framkomu sinni hefur hagað sér þannig, að ekki er við því að búast, að hægt sé að fá góða samninga.

Í öðru lagi vil ég segja út af ræðu hæstv. forsrh., að það kemur úr hörðustu átt, þegar hæstv. ráðh. er að vanda um við blaðamenn, sem ræða um stjórnmál. Hann sagði, að menn ættu þar að gæta að sér, ef þeir hefðu einhvern snefil af ábyrgðartilfinningu. En hvað segir hæstv. ráðh. sjálfur? Hann og hans flokksbræður segja, að við séum í Þjóðviljanum að spilla fyrir, að samningar náist við Sovétríkin. Ég verð að segja, að svona menn eru furðulegir. Hæstv. forsrh. er sér þess meðvitandi, að það er hann, sem hefur orðið til að spilla fyrir þessum samningum, hvort sem það er vísvitandi eða ekki, enda er vitað, að hann og hans flokkur eru því mótfallnir, að samningar takist við Sovétríkin. Þess vegna held ég, að hæstv. forsrh. farist manna sízt að tala um, að menn verði að vera vandir að blaðamennsku.

Og svo að síðustu var hæstv. forsrh. að tala um, að menn ættu að vanda framkomu sína út á við — eftir þann feril, sem hann hefur sjálfur að baki sér. Honum finnst undarlegt, að til skuli vera íslenzkir stjórnmálamenn, sem halda fram, að það sé skaðlegt fyrir landið, að menn eins og hæstv. forsrh. geti setið í slíku embætti og spillt fyrir landinu á þann hátt, sem hann hefur gert. Hæstv. menntmrh. minntist á, að hæstv. forsrh. hefði gert ráðstafanir til, að þessi ummæli væru „dementeruð" erlendis. Fram að þessu hefur hæstv. forsrh. neitað að gera slíkt, en það væri æskilegt, að hann gerði það, því að það er betra fyrir íslenzku þjóðina, að hæstv. forsrh. sé lýstur ómerkur að orðum út á við en að þetta standi ómótmælt erlendis og sé tekið sem sannleikur.

Ég vil vísa þeim orðum hæstv. ráðh., þegar hann var að tala um það í vandlætingartón, að ég væri að spilla fyrir hagsmunum landsins, heim til föðurhúsanna. Það er fyrst og fremst hann með sínum ummælum og framkomu, sem hefur gert ítrekaðar tilraunir til að spilla fyrir þeim samningum, sem Íslendingar leggja svo mikla áherzlu á, að geti gengið. Ég ætla engu að svara dylgjum hans, að ég hafi upplýst mig fyrir norskum blöðum sem væntanlegan ráðh. Þetta blað, sem þarna er um að ræða, sagði frá því daginn áður en ég kom, að ég mundi kannske verða ráðh. En í viðtali, sem ég átti við blaðið, skýrði ég frá, að það kæmi ekki fyrir, og gerði ráðstafanir til, að ég væri ekki titlaður þannig ranglega. Hæstv. ráðh. talaði síðan langt mál um, að ég hefði titlað mig þannig fyrir erlendum blöðum. Þetta sýnir, hvað það er lítilfjörlegt, sem reynt er að grípa til af hæstv. forsrh.

Að öðru leyti eigum við vafalaust eftir að ræða um Hvalfjarðarstöðina. Þau sterku orð, sem um það hafa verið höfð, að Íslendingar eigi að vera þar alls ráðandi, mættu gjarnan verða veruleiki. Ég er hins vegar hræddur um, að ekki fari ósvipað um það og þau sterku orð, sem voru látin falla um flugvöllinn í Keflavík. Reynslan, sem um hann er fengin, bendir ekki til þess, að þau sterku orð, sem um það voru höfð, að Íslendingar ættu þar öllu að ráða, verði sönn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það er aðeins að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Reykv., af því að hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur, en af því að fundartími er löngu liðinn, skal ég aðeins láta nægja að minnast á eitt atriði af því, sem þessi

hv. þm. sagði hér. Hv. þm. sagði, að Alþfl. hefði alltaf verið á móti, að nokkrir samningar væru gerðir við Rússa, og sagðist vita, að hæstv. forsrh. hefði beitt sér fyrir, að þeir tækjust ekki. Ég lýsi þetta vísvitandi ósannindi hjá hv. þm. Ég veit, að Alþfl. hefur aldrei beitt sér á móti því, að þessir samningar væru gerðir. Ég hef beitt mér gegn því, að Rússar væru einu viðskiptamenn Íslendinga, og það er annað. Það hefur ævinlega verið ósk Alþfl. að hafa vinsamleg skipti við Rússa eins og aðra. Þetta er óvandaður málflutningur, en þó ekki óvandaðri en annar málflutningur sósíalista um þessi mál fyrr og síðar. Þessu vildi ég ekki láta ómótmælt.

Forseti (BG): Þá er þessum umr. hætt í bili.

X. Samningar við Tékka.

Á 30. fundi í Sþ., 20. febr., utan dagskrár, mælti

dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í tilefni af því, að í grein í Þjóðviljanum þann 19. febr. s. l. eru bornar fram ásakanir gagnvart ríkisstj. út af því, að samninganefnd skuli ekki hafa verið send til Tékkóslóvakíu jafnhliða því, sem sendar hafa verið samninganefndir til þess að semja um sölu íslenzkra sjávarafurða til Sovétríkjanna og Englands, skal þetta tekið fram:

Á fundi utanrmn. hinn 10. þessa mán., þar sem rætt var um þessar sendinefndir, spurði, samkvæmt fundargerðinni, Einar Olgeirsson á þessa leið: „Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það, hvort þessi samninganefnd eigi einnig að fjalla um samninga við Tékkóslóvakíu.“ Þessu svaraði ég á þessa leið: „Út af fyrirspurn um samningana við Tékka vil ég geta þess, að núgildandi viðskiptasamningur rennur út um mánaðamótin. Hefur verið ráðgert, að sendiherra, Pétur Benediktsson, komi við í Praha á leiðinni austur eða hafi samband við stjórnina til bráðabirgða, en endanlegir samningar yrðu ekki gerðir, fyrr en sýnt er, hvernig fer með hina stærri samninga. Þetta sýndist ekkert óskynsamlegt, ef tékkneska stjórnin féllist á það. Ef ekki er gerð aths. við þetta, mun sendiherrann, sem nú er í Róm, hafa samband við stjórnina í Praha og leita eftir samkomulagi um þetta.“ — Hvorki Einar Olgeirsson né neinn annar fundarmanna gerði neina aths. við þetta, og tóku þó ýmsir síðar til máls, þar á meðal Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra. Samkvæmt þessu varð ekki litið öðruvísi á en svo, að allir utanrmnm. og aðrir þeir, sem staddir voru á þessum fundi, væru ríkisstj. sammála um, að þessi háttur á samningagerðinni við Tékka væri eðlilegur. Í samræmi við það var svo Pétri Benediktssyni þegar sama dag símað og hann beðinn um að hafa samband við stjórnina í Praha til að koma þessu fram. Mun sendiherrann að sjálfsögðu gera það á þann veg, sem hann telur vænlegastan, en hann er þessa dagana að ljúka samningagerðum við stjórnina í Róm fyrir hönd íslenzku þjóðarinnar.

Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram, að sá háttur, sem hafður var um þessa samningagerð, var ákveðinn með vitund og ég vil segja beinu samþykki utanrmn. allrar og reyndar einnig þeirra manna, sem áttu að fjalla um samninga við hinar þjóðirnar, sem ég nefndi. — Er því ekki ástæða til að sakast neitt sérstaklega við neinn yfir þeim hætti, sem upp hefur verið tekin í þessu efni.

XI. Mjólkureftirlit.

Á 52. fundi í Sþ., 16. maí, utan dagskrár, mælti

menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hef séð það í blöðunum, að í fyrradag hefur það verið tekið fram hér á Alþ., að ég hafi vikið frá embætti Sigurði Péturssyni gerlafræðingi. Hér hlýtur að vera um einhvern meiri háttar misgáning að ræða, sem mér er áhugamál, að verði leiðréttur. Vil ég því leyfa mér að gefa þinginu skýrslu um það, sem gerzt hefur í þessum mjólkurmálum, og sérstaklega þá, hvernig málavextir eru.

Sigurður Pétursson er skipaður starfsmaður atvinnudeildar háskólans og heldur því starfi áfram. Það er byggt á fullkomnum misskilningi, að honum hafi verið vikið úr því. Hann mun vinna þar framvegis sömu störf og áður, en það mun m. a. vera verkefni hans þar að rannsaka þau mjólkursýnishorn, sem þangað eru send. Jafnhliða aðalstarfi sínu í atvinnudeildinni hefur Sigurður annazt upptöku mjólkursýnishorna hér í bænum sem aukastarf. Þegar ég tók við starfi heilbrmrh., hafði verið gefin út ný heilbrigðisreglugerð, þar sem ákveðið var, að héraðslæknar önnuðust þetta verkefni. Enn fremur var ákveðið í reglugerðinni, að ráðh. skipaði eftirlitsmann, er væri heilbrigðisyfirvöldunum til aðstoðar á þessu sviði, bæði hér í Reykjavík og úti á landi. Mér bárust tilmæli frá ýmsum aðilum, m. a. Húsmæðrafélagi Reykjavíkur, að láta þetta ekki verða aukastarf, þar sem hér væri um svo mikið verkefni að ræða, og féllst ég á þá skoðun. Í samræmi við það réð ég Þórhall Halldórsson mjólkurfræðing til að taka þetta starf að sér, en honum barzt tilboð um annað starf, sem hann kaus heldur. Réð ég þá Edvard Friðriksson mjólkurfræðing til að gegna þessu starfi.

Aukastarf Sigurðar Péturssonar féll raunverulega niður með setningu nýju reglugerðarinnar, þar sem héraðslæknum var falin upptaka sýnishorna af mjólk. Hins vegar mun Sigurður halda áfram aðalstarfi sínu, sem er m. a. efnagreining mjólkursýnishornanna. Með hinni nýju skipan er ráðgert að auka og fullkomna mjólkureftirlitið, þar sem yfirumsjón samkv. hinni nýju reglugerð er falin manni, sem ræður það sem aðalstarf.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vildi aðeins upplýsa þetta, til þess að menn standi ekki í þeirri meiningu, að hér hafi eitthvað sérstakt gerzt, eins og það væri, ef embættismanni hefði verið vikið frá starfi fyrirvaralaust.

XII. Þinghátíð Finna.

Á 58. fundi í Sþ., 23. maí, utan dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Svo sem Alþingi er kunnugt, stendur í dag þinghátíð Finna, í minningu þess, að 40 ár eru liðin frá því að finnska þingið var gert að einni málstofu. Hafa forsetar af því tilefni sent ríkisþinginu málverk eftir Ásgrím Jónsson og jafnframt svo hljóðandi ávarp:

Finnland og Ísland skilja fjöll og lönd og mikil höf. Þó hafa finnska þjóðin og hin íslenzka um langan aldur vitað vel hvor til annarrar. Þegar í hinum elztu sögum Íslendinga er þess víða getið, að Finnland byggi harðfeng þjóð, sem varði land sitt af hreysti og ættjarðarást.

Finnar og Íslendingar eiga það sameiginlegt að vera útverðir norrænna þjóða og norrrænnar menningar, Finnar í austri, Íslendingar í vestri, og eiga þar báðar þjóðir mikilsverðu hlutverki að gegna. Þá er norrænar þjóðir finnast allar og talaðar eru þrjár þjóðtungur Norðurlanda, á og hvor þessara tveggja þjóða sína sérstöðu og séreign, Íslendingar sína fornu tungu, Finnar hina finnsku tungu. Báðar hafa þessar þjóðir löngum orðið að reyna erfið kjör og þurft vel að gæta frelsis síns og þjóðernis. Vér ætlum, að Finnum hafi vel að haldi komið að sínu leyti sú arfleifð norrænnar menningar, sem Íslendingar geymdu Norðurlandaþjóðum, og á Íslandi eru nokkur hinna mestu skálda Finnlands hverju barni kunn af þýðingum íslenzkra skálda. Og svo sem Finnar vita vel, að bókmenntir Íslendinga og forn menning varð þeim jafnan hið sterkasta vopn í baráttu sinni til sjálfstæðis og velgengni, svo vitum vér og, Íslendingar, hver arfur yður Finnum var gefinn í fornum menntum og hinum dýrustu ljóðum, sem enginn kann að greina höfund að. Þau ljóð hefur þjóðin öll átt og ódauðleg gert sem snaran þátt menningar sinnar og tilveru, eins og var um Eddukvæði og hinar fornu sögur Íslendinga úti á Íslandi.

Hin síðari ár hafa tekizt meiri kynni en fyrr með Finnum og Íslendingum. Þjóðirnar hafa átt viðskipti saman, báðum til hagræðis. Hvor þjóðin um sig hefur kynnzt nýrri menningu hinnar, og Íslendingar hafa ekki miður en aðrir undrazt afrek hinnar finnsku þjóðar í listum og skáldskap, í hagnýtum verkum, og svo þar sem íþrótt eða atgerfi skyldi þreyta.

Þjóðþing yðar Finna fékk á örlagatímum þá skipan, sem nú er. Það var þá endurvakið í nýrri mynd, af djörfum hug, af miklu frjálslyndi og víðsýni, til þess að verða brjóstvörn fyrir frelsi þjóðarinnar, framtíð hennar, menningu og velferð.

Þér Finnar gerið nú hátíðlega fjörutíu ára minningu þessa atburðar. Alþingi Íslendinga og alþjóð manna á Íslandi færir þjóðþingi Finna og finnsku þjóðinni hinar beztu árnaðaróskir og bróðurkveðjur á þessari þjóðarhátíð. Megi heill og hamingja fylgja þjóðþingi Finnlands og friður og blessun hinni finnsku þjóð. Megi yður Finnum auðnast að standa frjálsir og sterkir í bræðrafylkingu hinna norrænu þjóða í baráttunni fyrir betra heimi, fyrir frelsi og mannhelgi með öllum þjóðum.

Alþingi Íslendinga
Jón Pálmason
forseti sameinaðs Alþingis
Þorsteinn Þorsteinsson
forseti efri deildar
Barði Guðmundsson
forseti neðri deildar

XIII. Orðsending ítalska stjórnlagaþingsins.

Á 43. fundi í Sþ., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

forseti (JPálm): Mér hefur borizt bréf frá utanrmn., sem ég hef látið þýða á íslenzku. Bréf þetta hljóðar þannig á íslenzku:

„Orðsending ítalska stjórnlagaþingsins til löggjafarþinga sameinuðu þjóðanna.

Ítalska stjórnlagaþingið hefur falið mér að koma til löggjafarþinga allra sameinuðu þjóðanna málaleitun, sem skýrir hug og óskir allrar þjóðarinnar um að milda þegar strangustu skilmála friðarsamnings vors og þá einkum, að komizt verði hjá landaafsali, sem er svo mikið áfall fyrir þjóðarmetnað vorn, niðurlægingu þeirri, sem ítalski landherinn, flotinn og flugherinn, sem börðust hraustlega við hlið bandamanna, hafa orðið að þola, og loks, að ekki verði framfylgt fjárhagskvöðum og viðskipta, sem þjóð, er hefur orðið fyrir eyðileggingum styrjaldar og er nú að leitast við að rétta við, getur ekki risið undir.

Löggjafarsamkoman fer enn fremur fram á, að viðurkennd verði sú grundvallarregla, að unnt sé að endurskoða friðarsamning vorn með friðsamlegum gagnkvæmum samningum milli þeirra landa, er hagsmuna hafa að gæta, og innan vébanda sameinuðu þjóðanna, og lætur í ljós þá trú, að löggjafarþing þeirra þjóða, sem þátt tóku í styrjöld fyrir frelsi og réttlæti, muni taka til íhugunar þessa málaleitun ítölsku þjóðarinnar og gefa henni betra tækifæri til að festa í sessi nýja lýðveldið og lýðræðisskipulagið með þjóðfélagslegu öryggi og árangursríku starfi.

Undirskrift: Terracini
forseti ítalska stjórnlagaþingsins."

XIV. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir lausir starfsmenn þingsins:

Skrifstofan og prófarkalestur.

Sigríður Bjarklind, Snæbjörn Jóhannsson, Halla Briem. — 25. okt. var ráðin til aðstoðar við vélritun: Unnur Árnadóttir.

Skjalavarzla og afgreiðsla.

Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla.

Pétrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

Innanþingsskrifarar.

Ólafur Tryggvason (verkstjóri skrifara), Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Ólafur Sigeirsson, Róbert Bjarnason, Auðbjörg Tryggvadóttir, Björn Svanbergsson, Ólafur Jónsson, Sigfríður Bjarnar, Emil Björnsson, Rannveig Þorsteinsdóttir, Már Jóhannsson, Þórir Daníelsson, Gísli Jónsson, Björn Baldursson, Halldór Ó. Jónsson. — 29. okt. var ráðin Þórunn Bjarnadóttir (í stað Más Jóh.) og 16. maí Þuríður Kristjánsdóttir (í stað Halld. Ó. Jónss.).

Dyra- og pallavarzla.

Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Sigvaldi Indriðason, Guðmundur Davíðsson, Einar Blandon, Jón Hjartarson, Páll Stefánsson, Þórður Jónsson, Einar Ólafsson.

Þingsveinastörf.

Gunnar Helgi Valdimarsson, Bragi Leópoldsson, Tryggvi Hjörvar, Stefán Kristjánsson. — Síðar voru ráðnir til lengri eða skemmri tíma: 2. nóv. Sveinn Bergmann Þórðarson, 10. jan. Páll Jónsson og Sigurður Karlsson, 5. febr. Val-Gard Jörgensen, 14. maí Sveinn Aron Bjarklind, 22. maí Sveinn Þórarinsson.

Símavarzla.

Ingibjörg Pétursdóttir, Halldóra B. Björnsson, Þorlákur Haldorsen.

Fatagæzla.

Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi.

Helgi Hjörvar.

XV. Þinghlé.

Á 20. fundi í Sþ., 22. des., mælti

forseti (JPálm): Verkefni þessa fundar er það eitt að lýsa yfir frestun á fundum Alþ. Það er komið að jólum, og mun nú hefjast þinghlé til 7. janúar.

Vil ég því leyfa mér að árna hv. þm. gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þakklæti fyrir hið liðna, og utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér — og tala ég þar í nafni alls þingheims — að þakka hæstv. forseta fyrir hans hlýju óskir og árna honum gleðilegra jóla og góðrar heimferðar. Vil ég biðja hv. þm. um að taka undir þessa ósk með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hv. 1. þm. S-M. hans góðu óskir og öllum hv. þm. fyrir að hafa tekið undir þær. Ég vona, að við hittumst allir heilir þann 7. janúar næstkomandi að afloknu þessu jólafríi.

Á 21. fundi í Sþ., 7. jan., mælti

forseti (JPálm): Þingstörf hefjast nú að nýju, og vil ég bjóða hv. þingmenn velkomna til starfs og óska þeim og starfsmönnum öllum gleði og farsældar á þessu nýja ári og þakka góða samvinnu á liðna árinu.

XVI. Starfslok deilda.

a. Í neðri deild.

Á 145. fundi í Nd., 24. maí (kl. 0.20), mælti

forseti (GÞ): Síðan síðasta fundi var slitið, hef ég fengið allörugga vissu fyrir því, að til d. muni ekki koma fleiri mál, og þess vegna sé ég ekki ástæðu til að halda hv. dm. hér tilbúnum til fundarstarfa, en vil hins vegar taka fram, að ef breyting kynni að verða gerð á máli í Ed., sem ætti að afgreiða sem lög, gæti orðið að setja fund á ný í fyrramálið. Ég tek því 3. málið út af dagskrá.

Þetta er þá síðasti fundur í þessari deild. Ég er hér í sporum 1. forseta d., en hann er, eins og kunnugt er, fulltrúi Alþingis á þinghátíðinni í Helsingfors. Ég vil fyrir hans hönd og einnig fyrir mína þakka þm. fyrir góða samvinnu, lipurð og þolinmæði. Hvítasunnuhelgin fer nú í hönd, og ég óska öllum þm. gleðilegrar hátíðar og að þeir muni allir koma heilir heim til ástvina sinna og annarra vina. Og ég vil vona, að þm. muni á hausti komanda, þegar þingið kemur saman á ný, allir hittast endurnærðir á sál og líkama af geislum sumarsólarinnar.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka forseta fyrir góða og röggsama fundarstjórn og ráðdeild í þessu starfi og biðja hann að bera fjarverandi forseta d. kveðju með þakklæti fyrir starf hans. — [Deildarmenn tóku undir með því að rísa úr sætum.]

Forseti (GÞ): Ég þakka innilega fyrir, og mun ég skila kveðjunni. Segi ég svo fundi slitið.

b. Í efri deild.

Á 147. fundi í Ed., 24. maí (kl. 3.20), mælti

forseti (ÞÞ): Nú mun vera komið hér að fundalokum. Þetta mun vera síðasti fundur, sem haldinn verður í þessari d. Um leið og ég þakka dm. ágætt samstarf á þessu lengsta þingi, sem haldið hefur verið, þakka ég þeim þolinmæði við fundarstjórn mína, ef einhverju hefur verið ábótavant.

Ég óska utanbæjarþm. góðrar heimkomu og öllum þm. og fjölskyldum þeirra allrar ánægju á þessu sumri. — Hittumst allir heilir aftur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég ætla, að ég muni mæla fyrir hönd dm., er ég þakka forseta fyrir góða og röggsama fundarstjórn á þessu þingi og sömuleiðis fyrir góðar óskir hans í garð okkar, sem hér eigum sæti, og um leið óska ég þess, að hæstv.

forseti megi heill heim koma og heill aftur koma til þings, og óska ég honum og fjölskyldu hans alls hins bezta á þessu sumri og gleðilegrar hátíðar. — [Dm. tóku undir með því að rísa úr sætum.]

Forseti (ÞÞ): Ég þakka góðar óskir til mín og segi fundi slitið.

XVII. Þinglausnir.

Á 61. fundi í Sþ., 24. maí, mælti

forseti (JPálm): Ég mun nú samkvæmt venju lesa yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. 1946 til 24. maí 1947, eða alls 227 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	145
– efri deild	147
– sameinuðu þingi	61
Alls	353 þingfundir.

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	17		
b. — — efri deild	8		
c. — — sameinað þing	2		
		27	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	106		
b. — — - efri deild	35		
		141	
			168
Þar af			
a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	26		
Þingmannafrumvörp	69		
	alls	95	lög
b. Felld:			
Þingmannafrumvörp		4	
c. Afgr. með rökst. dagskrá:			
Þingmannafrumvörp		9	
d. Vísað til ríkisstj.:			
Þingmannafrumvörp		2	
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvarp		1	
Þingmannafrumvörp		57	
		168	

II. Þingsályktunartillögur:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi		85
Þar af:		
a. Ályktanir Alþingis	21	
b. Felldar	1	
c. Afgr. með rökst. dagskrá	1	
d. Ekki útræddar	62	
	85	

III. Fyrirspurnir:

a. Bornar fram í neðri deild	8	
b. — — - efri deild	4	
		12
Þar af:		
a. Svarað	2	
b. Ekki svarað	10	
	12	

Mál til meðferðar í þinginu alls 265
Tala prentaðra þingskjala alls 1034.

Háttvirtu alþingismenn. — Það Alþingi, sem nú er að enda, er lengsta samfellt þing, sem nokkru sinni hefur verið haldið hér. Höfuðorsök þessa er sú, að fyrrv. hæstv. ríkisstj. sagði af sér á síðasta hausti og ekki tókst að mynda nýja ríkisstj., fyrr en komið var fram í febrúar. Þetta hafði í för með sér langa vafninga og síðan nýjan og margbreytilegan stjórnarsamning um afgreiðslu þjóðmálanna. Sá samningur kostaði síðan eftir valdatöku núv. hæstv. ríkisstj. tímafrekan undirbúning nýrrar löggjafar á ýmsum sviðum og síðan langan tíma til afgreiðslu, eins og venja er til, þegar ný stjórnarstefna er upp tekin. Allt þetta hefur kostað fast að því hálfu lengri þingtíma en þarf að vera, þegar engin stjórnarkreppa er, á meðan Alþingi situr.

Á þinginu hefur verið afgreiddur fjöldi nýrra laga og breyt. á eldri löggjöf, svo sem þegar hefur verið fram talið. Aðalmál þessa þings, sem annarra aðalþinga, voru fjárlögin, og reyndist afgreiðsla þeirra tafsöm og örðug af áður töldum orsökum. Þau eru líka hin langhæstu, sem nokkru sinni hafa verið afgreidd. Veldur því einkum þrennt: Í fyrsta lagi fjárfrek umbótalöggjöf frá síðustu þingum. Í öðru lagi það, að nú eru 35 millj. kr. ætlaðar til dýrtíðarráðstafana, og er það miklu hærri upphæð en nokkru sinni fyrr. Í þriðja lagi er svo það, að hærri fjárframlög en áður eru ætluð til ýmissa framkvæmda og ráðstafana. Þess vegna varð svo þingið að afgreiða mjög verulega hækkun á tollum og fleiri tekjum, sem ríkinu eru ætlaðar.

Af öðrum áhrifamiklum lögum, sem þingið hefur afgreitt, má einkum nefna þessi:

1. Lög um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.
2. Lög um eignakönnun.
3. Lög um Ræktunarsjóð Íslands.
4. Lög um eftirlit með skipum.
5. Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.
6. Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.
7. Lög um aðstoð til vatnsveitna.
8. Lög um fiskimálasjóð.

Öll þessi lög hafa kostað mikið starf og víðtæka samninga, sem langan tíma hefur þurft til. Eru þó hér eigi talin nema fáein helztu lögin, sem þingið hefur afgr. Hefur, eins og að líkum lætur, verið um mörg þessi lög mikill ágreiningur, en hitt er víst, að öll sú löggjöf, sem þingið hefur afgr., mun marka djúp spor í atvinnu- og framkvæmdalífi þjóðarinnar á næsta tímabili. Vil ég óska, að svo mikil gæfa hljótist af störfum þessa

Alþingis, sem þeir menn gera ráð fyrir, sem bjartsýnastir eru á þau.

Nú þegar þessu langa þingi lýkur, fer hátíð í hönd, og vorsólin og vorylurinn lofar björtu sumri. Ég þakka hv. alþingismönnum og hæstv. ríkisstj. og öllu starfsfólki Alþ. góða og ánægjulega samvinnu við mig sem forseta. Ég óska öllum gleðilegrar hátíðar og gæfuríks sumars.

Öllum utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og lýsi þeirri von, að þm. hittist heilir, þegar haustar og Alþ. hefst að nýju.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans til okkar þm. Ég vil þakka honum fyrir réttláta og ágæta fundarstjórn og hygg, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þm. Ég óska honum gleðilegrar hátíðar og árna honum og fjölskyldu hans allra heilla og bið hv. þm. að taka undir þær óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum sínum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hæstv. ráðherra hlýleg orð í minn garð svo og undirtektir hv. þingmanna og endurtek árnaðaróskir mínar þeim til handa.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Í ríkisráði í dag var gefið út svo hljóðandi bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands (forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar) gera kunnugt:

Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Stefáni Jóh. Stefánssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 66. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Ritað í Reykjavík 24. dag maímánaðar 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson, Jón Pálmason,
Jón Ásbjörnsson."

Samkvæmt þessu umboði lýsi ég hér með yfir, að þessu 66. löggjafarþingi, sem nú hefur lokið störfum sínum, er slitið.

Um leið og ég óska hv. þingmönnum velfarnaðar, vil ég biðja þá að rísa úr sætum sínum og minnast fósturjarðarinnar.

Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra mælti: „Lifi Ísland."

Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.